

GREINASAFN

SÍÐARA BINDI

ÁGÚST EINARSSON

GREINASAFN

SÍÐARA BINDI

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
2008

GREINASAFN

SÍÐARA BINDI

Úrval greina og erinda
um efnahagsmál, sjávarútveg og ýmislegt

EFNAHAGSMÁL

Almennt

Hagfræði

Sedlabanki Íslands

SJÁVARÚTVEGSMÁL

Almennt

Fiskmarkaðir

Hagfræði

ÝMISLEGT

Almennt

Svipmyndir

GREINASAFN
SÍÐARA BINDI
© Ágúst Einarsson 2008

ÚTGEFANDI:
Háskólinn á Bifröst

HÖNNUN, PRENTUN OG BÓKBAND:
Prentsmiðjan Oddi ehf.

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með
ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan hátt, að hluta til
eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

PRINTED IN ICELAND

ISBN 978-9979-9883-0-4

FORMÁLI

Árið 2007 kom út eftir mig *Greinasafn, fyrra bindi*, og nú árið 2008, kemur út síðara bindið. Í þessu greinasafni er úrval greina og erinda sem ég hef birt eða flutt á undanförunum áratugum. Þetta úrval á að gefa góða mynd af skoðunum mínum og álitaefnum sem flest voru mikið í umræðunni á sínum tíma og mörg þeirra eru það enn.

Þegar ég gekk frá greinasafninu til birtingar vakti það athygli mína, hversu margar greinanna gætu verið skrifaðar núna. Mörg álitaefnin eru þau sömu og margar röksemdir, sem áttu við í umræðunni fyrir nokkrum árum, eru jafngildar nú sem þá.

Í fyrra bindinu var efninu skipt í tvo kafla. Fyrri kaflinn *Stjórnsmál* skiptist í eftirfarandi undirkafla: *Almennt, Samfylkingin – aðdragandi og stofnun, Á leið í Evrópusambandið, Leiðarar í Alþýðublaðinu* og *Þingmál*. Heiti undirkaflanna lýsir vel efninu. Síðari kaflinn *Menning og menntun* fjallar um menningar- og menntamál sem hafa alltaf verið mér hugleikin.

Þetta síðara bindi skiptist í þrjú kafla. Í fyrsta kaflanum *Efnahagsmál* er í upphafi fjallað almennt um efnahagsmál á líðandi stundu á árunum 1987 til 2005. Þessar greinar markast mikið af efnahagsástandi og efnahagsumræðu hvers tíma og þar er margt lagt til sem síðar varð að veruleika.

Tímabilið þegar Þjóðarsáttin var gerð, aðdragandi og eftirfylgni, var á árunum 1988 til 1992 en kjarasamningarnir sjálfir sem Þjóðarsáttin er kennd við voru gerðir árið 1990 en þeir gerbreyttu efnahagsumhverfinu hérlendis. Hugmyndafræðin um Þjóðarsáttina kom fram í ráðgjafanefnd ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar í efnahagsmálum haustið 1988. Sú nefnd var undir forustu Einars Odds Kristjánssonar, sem varð þá landsþekktur fyrir störf sín á þessum vettvangi, en ég var einn sex nefndarmanna. Margar greinarnar í kaflanum fjalla um efnahagsástandið á þessum árum.

Ég tók um tíma virkan þátt í stjórnsmálum með setu á Alþingi 1978 til 1979 og síðan aftur frá 1995 til 1999 og efnahagsmál hafa alltaf skipt miklu máli í stjórnsmálaumræðu hérlendis. Þeim tíma eru betur gerð skil í fyrra bindi greinasafnsins.

Næst er í þessum kafla fjallað um hagfræðilegt efni sem tengist efnahagsmálum, eins og markaðshagfræði, hlutabréfamarkað og smásölu. Að lokum

eru í honum greinar sem tengjast formennsku minni í bankaráði Seðlabanka Íslands frá 1990 til 1994 auk erindis um ný lög um Seðlabanka Íslands sem síðar urðu í meginatriðum að veruleika.

Annar kafli þessa bindis *Sjávarútvegsmál* fjallar í upphafi um almenn efni. Ég hef alltaf skrifað mikið um sjávarútvegsmál, enda starfaði ég lengi á þeim vettvangi sem framkvæmdastjóri við útgerð og fiskvinnslu í Reykjavík og víðar auk virkrar þátttöku í samtökum og fyrirtækjum í sjávarútvegi, m.a. Samtökum fiskvinnslustöðva, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna sem síðar varð Icelandic Group, Fiskifélagi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands sem síðar varð að Samtökum atvinnulífsins. Auk þess var ég varaformaður stjórnar Granda hf. um langt árabil.

Í þessum kafla er næst lýst aðdraganda og starfi fiskmarkaða hérlendis en ég tók mikinn þátt í því þegar þeim var hrint úr vör og var lengi stjórnarformaður Faxamarkaðarins í Reykjavík og Íslandsmarkaðar. Að lokum er í þessum kafla fjallað um hagfræði sjávarútvegs en sumt af því byggir á rannsóknnum í starfi mínu sem prófessor, t.d. skrif um afkomumælingar í sjávarútvegi og hagkvæmustu ráðstöfun aflakvóta innan fyrirtækis.

Í þriðja og síðasta kafla þessa bindis *Ýmislegt* er í upphafi fjallað um efni sem ekki fellur að fyrri köflum, þar sem meðal annars er rætt um heilsuhagfræði, Kína, byggðamál, menningu, kvikmyndir og landbúnað. Að lokum eru í þeim kafla birtar stuttar frásagnir, svipmyndir, úr íslensku atvinnulífi, sem ég tók saman og voru í bók minni *Rekstrarhagfræði* sem kom út árið 2005. Þessar frásagnir lýsa vel breytingum í samfélagi okkar og tengjast rekstrarhagfræði sem ég hef kennt í háskólum um tveggja áratuga skeið.

Bókinni lýkur með nafnaskrá en rúmlega 160 persónur eru nafngreindar í bókinni og einnig er ítarleg atriðisorðaskrá.

Þetta greinasafn er engin ævisaga og hvergi er vikið að persónulegum mál-efnum nema lítillaga í viðtali Páls Skúlasonar við mig í tímaritinu *Skildi*, sem hér er birt, en það fjallar einkum um stefnu í málefnum háskóla. Hér er fyrst og fremst verið að lýsa skoðunum auk þess sem nokkuð er um niðurstöður úr rannsóknnum mínum.

Ég er þakklátur fyrir að hafa í núverandi starfi mínu sem rektor Háskólans á Bifröst getað unnið að því að leggja síðustu hönd á þetta greinasafn. Skrifunum fylgja góðar minningar sem rifjast upp við lestur þeirra núna. Eigin kona mín, Kolbrún S. Ingólfssdóttir, hefur aðstoðað mig mikið við þessa útgáfu, við val greina og yfirlestur. Árni Pétursson í Prentsmiðjunni Odda hannaði og vann bókina. Ég kann þessu góða fólki þakkir fyrir ákaflega vel unnin störf.

Þar sem hér er um úrval greina og erinda að ræða og sumt er styttað vantar mikið upp á að allt sé birt sem ég hef skrifað. Það er til að mynda ekki vikið mikið að niðurstöðum rannsókna minna sem hafa birst héraðs og erlendis í bókum, ráðstefnuritum og tímaritum. Ekki er heldur tekið efni úr fyrri bókum mínum um rekstrarhagfræði, tónlist eða öðrum bókum, að undanskildum svipmyndunum sem áður er getið.

Megintilgangur þessarar útgáfu er að gefa heildstætt yfirlit yfir skoðanir um umfjöllunarefni á tilteknu tímabili í sögu okkar og ég vona að slík umfjöllun geti orðið gagn og gaman fyrir þá sem lesa.

Bifröst, 15. september 2008

Ágúst Einarsson

EFNISYFIRLIT

<i>Formáli</i>	5
EFNAHAGSMÁL	13
<i>Almennt</i>	15
17 · Um kaup og kjör	
19 · Fast gengi og krónan góða	
21 · Aðferð við kjarasamninga	
23 · Að festa fé	
24 · Byggðastefna	
26 · Nú er lag	
28 · Horfur í verðlags- og efnahagsmálum	
33 · Töpuð lán og byggðastefna	
35 · Ný verkefni	
38 · Að halda ró sinni	
41 · Skilyrðislaus stuðningur við frjálsa samkeppni í efnahagsmálum	
43 · Meginmálið að það verði ódýrt að fljúga milli landa	
45 · „Það er nauðsynlegt að sigla en ekki að lifa“	
47 · Mikil stækkun en enn meiri möguleikar	
49 · Við eigum að verða miðstöð viðskipta á Norður-Atlantshafi	
52 · Álitaeftni á íslenska hlutabréfamarkaðinum	
57 · „Allt flýtur“	
61 · Frelsi, saga og framfarir	
<i>Hagfræði</i>	69
71 · Inngangsorð	
87 · Þróun löggjafar og viðskipta á íslenskum hlutabréfamarkaði	
95 · Einkenni smásöluverslunar hérlendis	
<i>Seðlabanki Íslands</i>	103
105 · Starfsemi Seðlabanka Íslands	
112 · Nýtt lagafrumvarp um Seðlabanka Íslands	
124 · Nýjar áherslur í stjórn efnahagsmála og starfsemi Seðlabankans	
132 · Breytt staða efnahagsmála og starfsemi Seðlabankans	
136 · Tímamót í starfsemi Seðlabankans	

SJÁVARÚTVEGSMÁL 139

Almennt 141

- 143 · Sjávarútvegur; nýir möguleikar
- 146 · Frysting á tímamótum
- 148 · SAS
- 151 · Fiskveiðistefnan
- 154 · Að hagræða til dauða
- 156 · Hugmyndir stjórnvalda
- 158 · Tímasökkjur
- 160 · Fiskur, byggð og beitoland
- 162 · Mikilvægi Jakobs og félaga
- 164 · Mál næstu fjögurra ára
- 166 · Skattlagning veiðiheimilda
- 168 · Sjávarútvegsstjórnun
- 171 · Kjarasamningar og útflutningur
- 174 · Breytingar í sjávarútvegi
- 177 · Tækifæri í sjávarútvegi
- 179 · Menntun í sjávarútvegi
- 181 · Smásaga um sjávarútveg á tuttugustu og fyrstu öldinni
- 185 · Alþjóðahyggja og eftirlit á sjó
- 188 · Höfum við gengið til góðs...?
- 191 · Spá frá 1997 um árið 2007
- 193 · Veiðileyfagjald – nauðsyn eða fjarstæða?
- 196 · Sterk rök fyrir auðlindagjaldi og ný viðhorf í byggðamálum
- 197 · Aukum rannsóknir og samvinnu
- 200 · Sjávarútvegur er ekki lengur aðalatvinnuvegur þjóðarinnar

Fiskmarkaðir 203

- 205 · Dollar — hvað nú?
- 207 · Reynsla af fiskmörkuðum
- 211 · Fiskútflutningur, fiskverð og Evrópusambandið
- 213 · Fiskmarkaðir og áhrif þeirra á fiskvinnslu

Hagfræði 221

- 223 · Leikur að tölum
- 228 · Útgerð og fiskvinnsla í Reykjavík
- 233 · Gengisstefna og hagur sjávarútvegs
- 244 · Aðferðafræði flutningavandamálsins við hagkvæmustu ráðstöfun aflakvóta
- 249 · Íslenskur sjávarútvegur í ljósi vaxandi heimsviðskipta
- 259 · Mismunandi stjórnkerfi fiskveiða

- 269 · Íslenskur sjávarútvegur – Breytingar síðustu áratugi og afkomumælingar
 279 · Geta Íslands til að veita þróunaraðstoð á sviðum sjávarútvegs

ÝMISLEGT 287

Almennt 289

- 291 · Skipulag atvinnulífsins
 293 · Mikilvægast að tryggja frelsi í hugsun og athöfnum
 294 · „Endurnýjun“ Snata á tíu ára fresti og ræktun á erfðabreyttum botnfiski
 295 · Ný viðhorf við greiningu fyrirtækja
 304 · Nýja hagkerfið breytir öllu
 305 · Ísfélag Vestmannaeyja eitt hundrað ára
 307 · Heilsuhagfræði á Íslandi
 317 · Þetta er allt verkfræðingum að þakka
 319 · Viðskiptatengsl Íslands og Frakklands
 324 · „Stefna í málefnum háskóla“
 330 · Kína og Ísland í aldanna rás – tækifæri í samstarfi
 344 · Leiðin til suðurs
 355 · Hagræn áhrif menningar í alþjóðlegu samhengi
 362 · Íslenskur kvikmyndaiðnaður – umgjörð, aðsókn, dreifing
 374 · Landbúnaður og Evrópusambandið – álitaefni við aðild
 388 · Einkarekstur og ríkisrekstur
 396 · Æskan og uppgræðsla – hvað nú?
 399 · Hvar eru lausnir á vandamálum framtíðarinnar?

Svipmyndir 403

- 405 · Frá Seltjarnarnesi til Suður-Afríku. Hlutabréfamarkaður og Bakkavör
 407 · „Það kvað vera fallett í Kína“
 409 · Niðurgreiðslur og skipulag í landbúnaði
 411 · Áliðnaður og umhverfisvernd
 413 · Flugvöllurinn og fórnarkostnaður. Borgríkið Ísland
 415 · Hver hefur áhrif á hvern? Fjölmíðlamálið sumarið 2004
 417 · Ótrúlegar breytingar á atvinnugreinum landsmanna á stuttum tíma
 419 · Einkavæðing og einkavinavæðing
 421 · Samtölin í Öskjuhlíð. Samráð grænmetissala og olíufyrirtækja
 423 · Kollkrabbinn og önnur sjávardýr. Valdablokkir í íslensku atvinnulífi
 425 · Barátta gegn verðbólgu og óstöðugleika. Hvernig varð Þjóðarsáttin til?

- 427 · Stjórnun, gen og hlutabréf. Deilurnar um Íslenska erfðagreiningu
- 429 · Markaðsfræðingar fyrri tíma. Coldwater og Loftleiðir
- 431 · Þróun bankakerfisins. Af hverju er Kaupþing svona stórt?
- 433 · Framtíðarsýnin. Íslendingar sem milljónabjóð

<i>Nafnaskrá</i>	435
<i>Atriðisorðaskrá</i>	439

EFNAHAGSMÁL

Almennt

Um kaup og kjör¹

Innan verkalyðshreyfingarinnar hefur hafist athyglisverð umræða um skipulag. Í stuttu máli er hugmyndin sú að fiskvinnslufólk sameinist í ein samtök sem færu með samningsmál fyrir þeirra hönd.

Tvær útfærslur á hugmyndinni hafa verið ræddar, þ.e. annars vegar að slík samtök séu sérsamband innan Alþýðusambands Íslands, hins vegar að þau séu deild í Verkamannasambandinu, en það er eitt af sérsamböndum Alþýðusambandsins.

Skipulag verkalyðshreyfingar

Eins og kunnugt er þá er samningsrétturinn hjá hverju verkalyðsfélagi. Einnig er beinlínis óheimilt að fleiri en eitt verkalyðsfélag starfi í sömu grein á sama svæði. Þessi staðarvernd var meira en sjálfsögð þegar verkalyðshreyfingin hóf að skipuleggja sig á fyrri hluta aldarinnar.

Breytingar á skipulagi verkalyðshreyfingarinnar, sem og reyndar á samtökum vinnuveitenda, ganga álíka hægt og breytingar á kaþólsku kirkjunni. Þó örlar stundum á þeirri skoðun að hin miðstýrða verkalyðshreyfing skili ekki nægjanlegu til launþega, hvorki í formi kjarabóta né lýðræðislegra vinnubragða eða lifandi starfsemi. Hreyfingin sé orðin bákn og sem slík ófær að breyta sjálfri sér með breyttum tíma.

Þótt ekki sé ætlunin í þessari grein að fjalla almennt um skipulag verkalyðshreyfingarinnar verður ekki þeirri hugsun varist að byltingar sé þörf í skipulagi launþega og vinnuveitenda á næstu árum.

Sérstaða sjávarútvegs

Ef til vill er umræðan um samningsmál fiskvinnslufólks fyrsta skrefið á nýrri og árangursríkari braut. Sjávarútvegur og þar með taldir launþegar, hvort sem þeir eru sjómenn eða fiskvinnslufólk, búa við sérstöðu meðal atvinnuvega hérlendis. Tekjur sjávarútvegsins ákvarðast að langmestu leyti af gengisskráningu. Þar með er um leið ákvörðuð sú upphæð sem skiptist milli launþega og vinnuveitenda í greininni. Gengisskráning ákvarðast venjulega af verði afurða.

¹ Fiskifréttir 3. apríl 1987.

Fiskvinnslufólk og sjómenn eiga oft afskaplega lítið sameiginlegt með öðrum launþegum í kjarabaráttu. Vinnuveitendur í öðrum greinum geta oft samið um tekjur ef þeir standa saman. Þetta geta vinnuveitendur í sjávarútvegi ekki gert, hvort sem þeir eru útgerðarmenn eða stjórnendur fiskvinnslustöðva. Gengisskráningin er ekki í þeirra höndum.

Að lækka verðbólgu

Það er kunn staðreynd að allar ríkisstjórnir undanfarin ár og áratug hafa barist við verðbólgu á einn tiltekinn hátt. Gengi er haldið niðri og stífla mynduð í nokkurn tíma, verðbólgan minnkar og svo, þegar lónið á bak við stífluna er fullt, brestur auðvitað allt. Þetta hefur gerst aftur og aftur og mun gerast enn á ný því að enginn pólitískur vilji er fyrir því að stokka allt kerfið upp, hvort sem er á sviði ríkisfjármála, orkumála, kosningaréttar, stjórnskipunar, í landbúnaði eða skipulagi hagsmunahópa.

Úr því að engin teikn eru á lofti um að efnahagsmál hérlendis þróist á sama hátt og í öðrum löndum Vesturlanda þarf að lifa með kerfinu þar til byltingin kemur. Liður í því að lifa með kerfinu er að aðilar í sjávarútvegi slái skjaldborg um hagsmuni sína. Það dettur auðvitað engum öðrum í hug að gæta hagsmuna þeirra.

Framtíðarsýnin

Fiskvinnslufólk er að átta sig á því að án tengsla við aðra launþega, sem hafa alls ekki sömu hagsmuni, væri e.t.v. hægt að ná betri árangri í kjarabaráttu. Fiskvinnslufólk er þó ekki einu launþegarnir í sjávarútvegi. Ef til vill þróast þessi umræða innan Verkamannasambandsins í að sjómenn og fiskvinnslufólk sameinist í kjarabaráttu og samningsmálum.

Auðvitað yrðu vinnuveitendur í sjávarútvegi, þ.e. útgerðarmenn og stjórnendur fiskvinnslustöðva, að sameinast í ein heildarsamtök sem færu með samningsmál. Sérstaða sjávarútvegsins er slík að slíkt skipulag verður að komast á.

Fast gengi og krónan góða¹

Lykilatriði í baráttunni við verðbólguna síðustu þrjú ár, 1985–1987, bæði í tíð fyrrverandi og núverandi ríkisstjórnar, hefur verið fast gengi.

Ný mynt

Þetta hefur gengið vel vegna verðhækkana á sjávarafurðum erlendis. Hins vegar vantaði allan tímann aðgerðir til að draga úr þenslu innanlands. Þannig kyndir launaskrið og framkvæmdagleði, bæði hins opinbera og einkaaðila, undir verðbólgu. Nú er verðbólgu draugurinn farinn að rísa upp á ný og margt bendir til að hann komi til með að standa uppréttur á næsta ári, árið 1988.

Höfundur hefur stundum sagt að sú glíma sem háð hefur verið síðustu þrjú ár sé síðasta viðureignin við verðbólguna með íslenskri mynt. Ef þessi slagur tapast er ekkert annað eftir hjá okkur en að fasttengjast myntum annarra þjóða. Við myndum þá væntanlega fasttengja okkur við Evrópumyntir og það myndi líklega leiða til aukins stöðugleika í efnahagsmálum hérlandis. Það er þó dálítið harkalegt að þurfa að tengjast öðrum myntkerfum vegna getuleysis okkar í efnahagsmálum.

Verðbólga og gengi

Nú bendir allt til versnandi afkomu í sjávarútvegi. Allir sem vilja vita þekkja þá staðreynd að erfiðleikar í sjávarútvegi eru ótrúlega fljótir að magnast í gegnum allt hagkerfið. Gamalreynd ráð, eins og gengisfelling, eru snögg að setja verðbólguna á fleygiferð að öllu óbreyttu.

Ekki verður séð í fljótu bragði að nauðsynleg pólitísk samstaða skapist meðal stjórnmalaflokka og aðila vinnumarkaðarins um að bæta hag sjávarútvegsfyrirtækja. Þessi samstaða er nauðsynleg til að sigla út úr dollarakreppunni en jafnframt henni þarf að laga launakjör í fiskvinnslu að launaskriði annarra stétta án þess að verðbólgan taki kipp upp á við. Versti óvinur sjávarútvegsins er verðbólgan. Hún er miklu verri en fall dollarans. Ef enginn er reiðubúinn að vinna gegn verðbólgunni aðrir en útflutningsatvinnuvegirnir þá fer illa.

¹ Fiskifréttir 11. desember 1987.

Hvað hefur gerst í ullar- og fataiðnaðinum? Þessar atvinnugreinar steinlágu í slagnum við verðbólguna vegna þess að verðbólgan stoppaði ekki um leið og gengið. Næsta fórnardýr er frystingin en taprekstur er þegar hafinn og það áður en gengið er til samninga um kaup og kjör.

Vörn að innan

Vissulega verður erfitt ástand oft til þess að leitað er lausnar innan greinarinnar sjálfrar. Þannig sameinast ullarrisarnir Álafoss og Samband íslenskra samvinnufélaga og búa væntanlega til mun sterkari einingu en þeir voru áður.

Þetta hefur einnig gerst í sjávarútveginum á liðnum árum í kjölfar kreppunnar 1982 til 1985. Þannig varð Grandi hf. til úr tveimur stórum fyrirtækjum sem sameinuðust. Sérhæfing fiskvinnslufyrirtækja samfara fiskmörkuðum, sem og nýju verðlagningarkerfi, eru leiðir sem auka framleiðni í atvinnugreininni. Tæknivæðing og sjálfvirkni hefur verið tekin upp í æ ríkara mæli í sjávarútveginum. Manneskjulegri launakerfi eru að ryðja sér til rúms til hagsbóta fyrir launþega og fyrirtæki. Þannig eru fjölmörg atriði í sjávarútvegi sem stuðla að framförum í sífellt alþjóðlegri samkeppni.

En þrátt fyrir allt þetta er það verðbólglaslagurinn sem ræður úrslitum. Verðbólga hérlendis umfram verðbólgu nágrannalandanna kemur fram í verri stöðu fyrirtækja og lakari lífskjörum almennings en annars staðar.

Hverjum er að kenna?

Auðvitað er ekki hægt að kenna ríkisvaldinu alfarið um þensluna. Fyrirtæki hafa verið áköf í verklegum framkvæmdum og erlendum lántökum. Hins vegar hafa virkjunarframkvæmdir, flugstöð, landbúnaðarstefna og hús-næðislánakerfi verið drjúgt framlag ríkisins til verðbólgunnar.

Ekki ríkir mikil bjartsýni þessa stundina hjá höfundu. Eins og oft áður er nauðsyn á samstöðu ólíkra afla ef árangur á að nást. Líklega næst ekki slík samstaða. Þá rætast sennilega þau orð, sem í upphafi voru sögð, að íslenska krónan sé búin að syngja sitt síðasta.

Aðferð við kjarasamninga¹

Þegar þetta er skrifað, áður en fundir hefjast hjá ríkissáttasemjara, er ekki ljóst hvernig launadeilurnar enda. Núverandi deila leiðir þó hugann að ýmsum grundvallaratriðum við gerð kjarasamninga og skipulag vinnumarkaðarins.

Burt frá samfloti

Sú ákvörðun verkalýðshreyfingarinnar að fara undir merkjum sérsambanda en ekki Alþýðusambands Íslands í þessum samningum reyndist ekki nógu róttæk. Í verkalýðshreyfingunni er grasrótarhreyfing á vinnustöðum í tengslum við kvennapólitík að hasla sér völl með verulegum árangri. Þessi hreyfing kemur m.a. fram í útreið þeirri sem kjarasamningarnir fengu á dögnum í atkvæðagreiðslu víða um land.

Mat höfundar þessarar greinar, sem tók virkan þátt í samningsgerðinni, er að efnisatriði samningsins hafi víðast hvar ekki staðið í miðpunkti. Það er óánægja með launamun, núverandi foringja verkalýðsfélag og pólitískar lausnir stjórnmalaflokkanna.

Lítill endurnýjun hefur átt sér stað meðal forustumanna verkalýðshreyfingarinnar á síðari árum. Vinnuveitendur standa betur á þessum vettvangi en viðsemjendur þeirra. Launþegar vilja ráða sjálfir meiru um sín launamál. Öll þessi grasrótarumræða miðar að því að færa ákvarðanatökuna inn á vinnustaðina sjálfa.

Vinnustaðurinn

Reyndar er vinnustaðurinn grunneining í skipulagi verkalýðshreyfingarinnar hér á landi. Félagsformið er þó hvorki bundið við vinnustað né starfsgrein heldur starfsstétt og svæði. Þannig er aðeins eitt verkamannafélag á hverjum stað og það skipulag er lögverndað. Þótt til að mynda allir starfsmenn Granda hf. vildu stofna verkalýðsfélag og semja um kaup og kjör við stjórn og framkvæmdastjóra fyrirtækisins er það bannað með lögum.

Það er orðið löngu tímabært að löggjöfinni verði breytt þannig að samningar um kaup og kjör geti með skipulögðum hætti færst út á vinnustaðina, einkum hina stærri. Auðvitað þýðir þetta ekki aðeins breytingu á skipulagi

¹ Fiskfréttir 18. mars 1988.

launþega, heldur breytist einnig skipulag vinnuveitenda. Fyrirtækjasamningar eru þó til með formlegum hætti svo sem samningurinn í álverinu í Straumsvík.

Algengasti launasamningurinn

Launaskrið og yfirborganir, sem eru að verða eitt algengasta form á launasamningum, eru ekkert annað en fyrirtækjasamningar með óskipulögðum hætti. Höfundur hefur oft undrast það langlundargeð margra verkalyðsforingja að semja um eitthvað sem engu máli skiptir, nema sem lágmarksgrunnur fyrir yfirborganir og launaskrið. Það er einkennileg hagsmunagæsla að stór hluti kjarasamninga skiptir litlu máli fyrir þá sem þeir eiga að gilda fyrir.

Til lengdar er fráleitt fyrir launþega að búa við óskipulagt kerfi um kaup og kjör. Samstaða við aðra launþega í sama fyrirtæki og/eða í sömu starfsgrein er árangursríkari aðferð við samningagerð. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir láglaunastéttirnar því að launaskrið og yfirborganir eru fyrst og fremst launakerfi hinna betur launuðu. Sömuleiðis er vinnuveitendum í hag að launakerfi innan fyrirtækja og/eða í sömu starfsgrein sé samræmt.

Launaþróun í landinu undanfarin ár, hræringar í stjórnámálum og umskipti í afstöðu fólks til samtaka og samninga sýna að breytinga er þörf. Skipulag aðila vinnumarkaðarins er eitt þeirra atriða sem verða að breytast á næstu árum.

Að festa fé¹

Fjárfestingu þarf að fjármagna. Þessi tiltölulega einfalda staðreynd virðist vefjast fyrir mörgum. Þótt fjárfestingar eigi að skila arði síðar og greiða þannig til baka viðkomandi lán breytir það ekki því að fyrst þarf að huga að fjármögnun.

Fjárfesting þjóðar er fjármögnuð með innlendum sparnaði og viðskiptum við útlönd. Á Íslandi hefur innlendi sparnaðurinn sjaldnast dugað fyrir fjárfestingunni. Ef sparnaður dugar ekki til er eina leiðin til að standa undir fjárfestingum að auka erlendar skuldir.

Fjárfestingar héraendis eru oft ómarkvissar og stundum er sagt að hið opinbera gangi á undan með miklum fjárfestingum í byggingum og mannvirkjum. Það eru alvarlegir hlutir fyrir litla þjóð ef fjárfestingar eru óskynsamlegar og óskipulagðar. Fjárfestingar nútímans eru ekkert annað en ákvörðun um lífskjör framtíðarinnar. Sveiflur í hagkerfi okkar eru alltof miklar til að langtímasjónarmið komist að.

En það eru fáein grundvallaratriði sem við verðum að ná saman um. Í fyrsta, öðru og þriðja lagi geta Íslendingar ekki lifað sem sjálfstæð þjóð nema við höldum verðbólgu á sama stigi og nágrannaþjóðirnar. Erlendar skuldir verða að minnka og fjárfestingar að vera hagkvæmari en þær eru nú. Við verðum að brjóta niður múra sérhagsmunavörslu, bæði á sviði atvinnuvega og stjórnkerfis.

Skuldugur maður á ekkert val. Hann gerir það sem honum er sagt. Það sama á við þjóðir. Skuldug þjóð er ekki spurð. Hún er látin gera það sem aðrir ákveða.

¹ Fiskifréttir 19. maí 1989.

Byggðastefna¹

Það er kunnugt að sjávarútvegur og byggðastefna eru samofin. Helsta umræðuefni forustumanna í sjávarútvegi í mörg ár hefur verið að kvarta yfir „grundvellinum“ og ásaka stjórnvöld um að stefna afkomu fyrirtækja og byggðarlaga í hættu.

En er byggðastefna nútímans fólgin í því að jafna lífskjör milli landshluta, einkum þéttbýlis og dreifbýlis, eða er byggðastefnan aðferð til að viðhalda löngu úreltu kerfi og hamla á móti straumi tímans? Spurningin er erfið og sjálfsagt eiga báðar skilgreiningarnar að nokkru leyti við. Hins vegar markast opinber umræða aðallega af því að rakka niður með sívaxandi heift þéttbýlið á Suðvesturlandi. Höfundur finnst óvægni hafa aukist svo mjög á síðustu árum að nú er úr hófi keyrt.

Að takmarka búsetu

Grunnhugsun hjá flestum er að fólk geti kosið sér búsetu innanlands og utan eftir eigin vali. Við gagnrýnum stjórnkerfi Austur-Evrópu fyrir að þar sé ferða- og búseturéttur þegnanna heftur með valdi. Það má ekki heldur takmarka val á búsetu hérlendis með óbeinu valdboði.

Valfrelsi einstaklings, bæði hans sjálfs og fjölskyldu hans, er hornsteinn lýðræðisins. Hérlendis hefur byggðastefna verið óbreytt í tuttugu og fimm ár og er hin sama hjá öllum stjórnmalaflokkum. Þessari stefnu má lýsa í einni setningu: Sá staður sem var byggður í upphafi þessa tímabils skal verða áfram í byggð, sama hvað það kostar.

Meirihlutinn

Höfundur hefur áhyggjur af því að minni sveitarfélög geti ekki boðið sínu fólki upp á sömu lífskjör á sviði heilbrigðis-, mennta-, tómstunda- og félagsmála og hinir stærri staðir geta gert. Samruni sveitarfélaga er mjög erfiður og rígur milli staða oft ótrúlega mikill. Ekkert bendir til að á þessu séu að verða breytingar.

Smærri sveitar- og bæjarfélög verða að sameinast og tryggja góða tengingu við samgöngukerfið og það er lykilatriði byggðastefunnar vegna stærðar og strjálbýlis landsins. Ef það gerist ekki tærost slíkir staðir upp, sama hve

¹ Fiskifréttir 14. júlí 1989.

miklum fjármunum er til þeirra varið, alveg eins og skógur visnar sem ekki hefur aðgang að vatni.

Þeir sem hæst tala um byggðastefnu eiga ekki að gleyma því að meirihluti þjóðarinnar býr að eigin vali í þéttbýli suðvestanlands og sá meirihluti hlýtur alltaf að ráða ferðinni í þjóðmálum.

Allt annað væri misbeiting á þeim mikilvægu lýðréttindum sem felast í atkvæðisréttinum. Nú er atkvæðavægið mjög skekkt og er það til vansa þessari þjóð. Höfundur fullyrðir að fólk í þéttbýli er mjög jákvætt gagnvart hinum dreifðu byggðum og vill fyrir sitt leyti leggja mikið á sig til að sættir náist með fólki í landinu.

Besta byggðastefnan

Sjávarútvegur og byggðastefna verða varla í sundur skilin. Besta byggðastefnan er einfaldlega sú að sjávarútvegur hagnist. Það þýðir uppgang sjávarplássanna, sem einmitt eru kjarni mannlífs á landsbyggðinni. Þetta gengur ráðamönnum illa að skilja. Margir stjórnálamenn vilja helst nýta sjávarútveginn til að framfylgja hinni gömlu byggða- og búsetustefnu, þ.e. að halda áfram byggð þar sem hún er nú, án tillits til breyttra aðstæðna og framtíðarþróunar.

Allt sem gert er af samfélaginu greiðist af þegnum þess og engum öðrum. Ef ekki er gætt fyllstu hagkvæmni, hvort sem er í rekstri ríkisins eða framkvæmd byggðastefnu, þýðir það verri lífskjör. Til lengdar gengur aldrei að lítill hluti þjóðarinnar eigi í deilum við meginþorra fólks.

Landbúnaður og framtíðin

Eitt ljósasta dæmið um slæma stefnu á seinni árum er hin gjaldþrota stefna forkólfa bændasamtakanna sem nú blæðir á bændum sjálfum. Hin steinrunna og ósveigjanlega stefna bitnar mest á bændum og leiðir til verri lífskjara í þeirri stétt. Þetta má ekki gerast í byggðamálum.

Í heimi sem smækkar sífellt vegna aukinna alþjóðlegra samskipta, greiðari samgangna og opinna fjölmiðla munu lífskjör í Vestur-Evrópu jafnast milli landa á næstu tuttugu árum. Efnahagskerfi þjóða verða líkari, samvinnan eykst og einangrun landa minnkar. Íslenskt efnahagslíf verður að aðlagast þessari þróun ef við ætlum að bjóða þegnum landsins svipuð lífskjör og nágrannaþjóðirnar búa við.

Opna þarf umræðuna um að víða þurfi að breyta búsetu og sameina sveitarfélög samhliða bættum samgöngum. Þetta, ásamt því að viðurkenna í orði og á borði að þéttbýli á sama rétt og dreifbýli, mun leiða til sambærilegra lífskjara um allt land án tillits til búsetu.

Nú er lag¹

Verðbólga með tilheyrandi skuldasöfnun er að drepa sjávarútvegsfyrirtæki víða um land. Kjarasamningarnir gefa von en jafnvel þótt allt gangi upp eins og ráðgert er og verðbólga lækki í 5–7% er enn langt í land að sjávarútvegsfyrirtækin rétti vel úr sér.

Að spara

Það getur tekið langan tíma að vinna bug á gömlu tapi, miklum skuldum og óhagkvæmum rekstri í sjávarútvegi. Það er enga stund verið að tapa 10 milljónum en óratíma tekur að græða 10 milljónir.

Til að kjarasamningarnir gangi upp þurfa ekki hvað síst sjávarútvegsmenn að gera sér grein fyrir að raungengi verður óbreytt, ekkert launaskrið má eiga sér stað, fjárfestingum verður að halda í lágmarki og í rekstri verður að spara og aftur spara. Þetta verður erfið. Tvennt er sem fyrirtækin ráða engu um: rekstur ríkissjóðs, þar sem verður að draga saman seglin, og erlendar lántökur, sem verður að draga úr.

Í ár, árið 1990, borgum við um 14 milljarða í vexti til útlendinga, eða meira en sem nemur öllum saltfiskútflutningi okkar. Þetta er endaleysa. Við höfum notið ágættra lífskjara fyrir erlent lánsfé en það verður að endurgreiða þær skuldir. Það kemur í hlut barna okkar að greiða þær erlendu skuldir sem við tókum til að lifa um efni fram. Það dugur ekki minna en kúvending í stjórn efnahagsmála og hugarfarsbreyting hjá þjóðinni allri. Samningar eru fyrsta skrefið og fyrsti árangurinn í þessa átt. Það er ánægjulegt að það gerist fyrst og fremst fyrir tilstilli sjávarútvegsmanna, enda eiga þeir mest undir.

Minnkandi verðbólga og stöðugleiki á vinnu- og peningamarkaði eru einkum hagstæð sjávarútvegsfyrirtækjum. Þrátt fyrir nokkurn samdrátt í afla í ár, árið 1990, á að vera auðvelt að ná því óhagræði upp með betri hagnýtingu aflans og hærra verði á afurðum erlendis. Tekjur ættu þannig að aukast og ef kostnaði er haldið niðri hagnast menn í ár og geta greitt niður skuldir.

Það eru margar atvinnugreinar hérlendis sem verða í skamman tíma verr úti en áður, atvinnugreinar sem byggja starfsemi sína á stöðugri útþenslu

¹ Fiskifrættir 23. febrúar 1990.

og miklum fjárfestingum. Það verður þungt hjá mörgum þeirra á næstu tveimur árum.

Nýir straumar

Allt umhverfi okkar er að gerbreytast. Evrópusambandið¹ leggur af viðskiptahindranir á næstu árum og Austur-Evrópa brýst undan kúgun. Lausnarorðið um allan heim er frelsi eins og oft áður. Horfið er frá miðstýrðu valdi og forsjárhyggju til eflingar frelsi og jafnrétti einstaklinga og samtaka þeirra.

Þetta þýðir að í atvinnulífinu hafa menn sjálfir vald en bera jafnframt ábyrgð á rekstri sínum. Mikið skortir á að þessir straumar hafi náð að umlykja íslenskan sjávarútveg og efnahagslíf. Auðvitað kemur að því en það verður að gerast hratt. Breytingarnar umhverfis okkur eru svo miklar og örar.

Íslenskur sjávarútvegur, sem er undirstaða lífskjara héraendis, verður að brjóta niður gamalt, ónýtt kerfi fortíðarinnar í sínu skipulagi, hvort sem er á sviði verðlagningar, fjárfestinga, afurðasölu, á vinnumarkaði eða í þeim þáttum sem snerta byggðastefnu.

Lykilorðið í þeirri umbyltingu er að útrýma miðstýrðri forsjárhyggju valdhafa og okkar sjálfra að hluta. Samningarnir nú mynda nauðsynlega efnahagslega umgjörð fyrir þetta verkefni.

¹ Evrópusambandið hefur gengið undir ýmsum nöfnum héraendis og erlendis eins og Efnahagsbandalag Evrópu og Evrópubandalagið. Með Maastricht-samkomulaginu árið 1992 var nafninu breytt í Evrópusambandið og það heiti er notað í þessari bók.

Horfur í verðlags- og efnahagsmálum¹

Fyrir nokkrum árum kom einn af framkvæmdastjórum alþjóðadeildar olíufyrirtækisins Shell á aðalfund Skeljungs hf. en órói var sem oft áður á olíumörkuðum. Hollenski gesturinn var vitanlega spurður hvort olíuverð myndi lækka eða hækka á næstunni. Svarið var einfalt: „Já.“

Líklega er ráðlegt að svara með svipuðum hætti þegar spurt er um horfur í verðlags- og efnahagsmálum hérlendis á nýbyrjuðu ári. Engin spá er betri en forsendurnar sem liggja henni til grundvallar. Oft hefur verið hægt að framreikna stærdir miðað við álíka þróun og árin á undan en sjaldan hefur sú aðferð átt verr við en einmitt núna.

Aðstæður hérlendis eru hinar sérkennilegustu um þessar mundir. Verðbólga er minni en í áraraddir, gengið var stöðugt allt síðasta ár, árið 1990, fyrir utan innbyrðis breytingu gjaldmiðla, jafnvægi ríkir á fjármagnsmarkaði og vinnumarkaði og ríkissjóðshalli er fjármagnaður innanlands. Þetta er allt árangur þeirrar efnahagsstefnu sem var mótuð í kjarasamningum Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands í febrúar 1990. Þessi efnahagsstefna var kölluð núlllausn en gengur nú almennt undir nafninu þjóðarsátt þótt vissulega séu ekki allir landsmenn sáttir við hana.

Að komast á lygnan sjó

Markmiðið með þjóðarsáttinni var að sigla þjóðarskútunni á lygnan sjó út úr stórsjóum verðbólgu og þenslu. Síðustu tíu ár hefur verðbólga hér verið allt að fimmfalt hærri en í nágrannalöndunum og stundum enn meiri. Það hefur dregið mátt úr atvinnulífni og offjárfestingar, umframeyðsla, léleg áætlanagerð og ábyrgðarleysi hafa sett svip á efnahagslífið og komið í veg fyrir hagvöxt síðustu ár.

Þessum málum má vel líkja við alkóhólistann sem drekkur nær stöðugt. Smátt og smátt leiðir það til þess að starfið líður fyrir drykkjuna. Þannig fór fyrir okkur. Hér áður fyrr var hér verulega meiri hagvöxtur en hjá öðrum þjóðum.

Drykkjumaðurinn getur aðeins valið milli þess að hætta að drekka eða deyja og vilji hann hætta kostar það mikið persónulegt álag og oft sérhæfða

¹ Vísbending 5. tbl. 9. árg. 1991.

meðferð. Þannig þurfti íslenskt þjóðarþú að ganga í gegnum harðar aðgerðir á síðasta ári, árið 1990, og þeim er alls ekki lokið. Það líður ekki öllum vel meðan á þessu stendur en ekki er hætt nauðsynlegri meðferð vegna þess að manni líður illa. Þessi meðferð, þjóðarsáttin, hefur skilað árangri en þetta er aðeins upphafið að varanlegri lækningu.

Næsti þáttur þjóðarsáttar

Ekki dugar að liggja við stjóra í lygnum sjó heldur verður að sækja fram til aukins hagvaxtar á nýjan leik. Við höfum dregist aftur úr á liðnum árum en gleymum því ekki að Íslendingar eru með ríkustu þjóðum í heimi og óviða eru lífskjör betri.

Svartsýni hefur stundum gætt í skrifum manna um þessi mál og miklu minna er gert úr stöðu okkar í alþjóðlegum samanburði en ástæða er til. Þótt síðustu þrjú ár hafi dregið í sundur með okkur og öðrum eru öll skilyrði til staðar til að vinna þennan mun upp aftur og enn erum við meðal best settu þjóða heims í efnahagslegu tilliti.

Forsenda þessa er að verðbólgan haldist lítil áfram og jafnvægi ríki milli hinna mismunandi þátta í efnahagslífinu. Verðlagshorfur þessa árs, ársins 1991, fara algerlega eftir því hvernig til tekst í öðrum þætti þjóðarsáttarinnar. Hinir hófsömu kjarasamningar stærstu aðilanna á vinnumarkaði, sem eru grundvöllur þjóðarsáttar, spruttu vitanlega ekki úr engu. Á undan hafði samdráttur og aðhald í peningastjórnun skapað svigrúm til slíkra aðgerða og full alvara fylgdi fastgengisstefnunni í þetta sinn.

Það að svo vel gekk í fyrsta þætti var ekki eingöngu kjarasamningum að þakka heldur einnig því að verðlag á sjávarafurðum hækkaði í erlendri mynt um 20% á liðnu ári. Þetta skiptir höfuðmáli hjá þjóð, sem er verulega háð utanríkisverslun, en um helmingur gjaldeyriskennanna kemur frá sjávarútvegi. Á þessu ári, árinu 1991, eru horfur um útflutningsverðlag í besta falli þær að núverandi verð haldist en varla er hægt að búast við verðhækkunum á næstunni.

Um 11% lækkun dollara á síðasta ári hefur sett mark sitt á útflutningsverslunina en útflutningur til dollarasvæða hefur dregist saman en aukist verulega til Evrópu. Ekki er ósennilegt að meðalgengi verði nær óbreytt á þessu ári eins og á því síðasta þótt dollari falli líklega eitthvað enn. Þrátt fyrir það verður útflutningur líklega með svipuðu sniði og árið 1990, þ.e. í fyrra, að frátöldum loðnuafurðum.

Atvinnuvegir og vandamál

Veruleg framleiðniaukning verður í sjávarútvegi í kjölfar samnýtingar kvóta og nokkurrar minnkunar fiskiskipaflotans vegna kvótakerfisins á næstu árum. Uppstokkun í landbúnaði er nauðsynleg til að bæta lífskjör neytenda og bænda sé litið til lengri tíma. Fátt bendir til að slík endurskipulagning hefjist á þessu ári þótt öll hagfræðileg rök styðji slíkt. Vandinn er pólitískur og tengist m.a. ójöfnum atkvæðisrétti og vel byggðum varnarmúr um núverandi kerfi.

Á næstu árum verður að taka á ríkisfjármálum og lífeyrisskuldbindingum. Það og önnur atriði sem áhrif hafa á verðlagsþróunina á þessu ári, árinu 1991, fer verulega eftir þeim pólitísku áherslum sem ný ríkisstjórn mun marka. Kosningar eru í vor og fram að þeim tíma verður aðallega haldið í horfinu. Hvort ný stjórn ber gæfu til að stokka upp landbúnað og ríkisfjármál og leyfa frjálsum, ferskum straumum að leika um efnahagskerfið í enn ríkara mæli en hingað til skal ósagt látið.

Mikilvægt er að peningamarkaðurinn fái að þróast sem frjálst, þ.m.t. á sviði vaxtamála, og að samkeppni milli peningastofnana aukist. Búast má við aukinni eftirspurn eftir lánsfé á þessu ári og því næsta.

Þótt ríkissjóðshalli á síðasta ári, árinu 1990, sé áhyggjuefni er það jákvætt að fjármögnunin varð nær öll innanlands. Það getur hins vegar orðið erfitt á þessu ári að halda í því horfi samfara aukningu lánsfjárþarfar atvinnulífsins. Sú þróun getur auðveldlega knúið vexti upp á við á þessu ári.

Húsbréfakerfið veldur einnig áhyggjum. Því má vel velta fyrir sér hvort of mikið fjármagn sé bundið til of langs tíma í einni grein eins og húsnaðislánakerfið er skipulagt.

Sveiflur í innflutningsverðlagi ráðast verulega af tveimur þáttum. Annars vegar af stríðinu við Persaflóa og áhrifum þess m.a. á olíuverð og á stöðugleika á mörkuðum og hins vegar af þróun í Austur-Evrópu. Hvort tveggja eru svið sem nær ógerlegt er að spá um með nokkurri vissu.

Gera má ráð fyrir að samið verði um álver og að framkvæmdir í tengslum við það fari aðallega fram á árinu 1992 og síðar. Þessu verður að fylgja samdráttur á öðrum sviðum, til dæmis á verksviði ríkis og sveitarfélaga, þannig að ekki myndist umframeftirspurn, m.a. eftir vinnuafli, sem getur raskað jafnvægi á launa- og vinnumarkaði. Ekki virðist vera alvarleg umræða í gangi um að líta á væntanlegar framkvæmdir með hliðsjón af álveri á Keilnesi og draga saman seglin á öðrum sviðum.

Bygðamál og launastefna

Eitt erfiðasta verkefnið verður að endurmeta bygðastefnuna og leita sátta milli dreifbýlis og þéttbýlis. Slíkt gerist ekki nema með stórfelldri sameiningu sveitarfélaga á landsbyggðinni í einingar sem geta verið eðlilegt og eftirsóknarvert mótvægi við þéttbýliskjarnana á Suðvesturlandi hvað varðar atvinnu, menntun og félagslega aðstöðu. Víðáttumikil sveitarfélög sem ekki ná 1.500 íbúum munu eiga erfitt uppdráttar á næstu árum.

Bygðastefna, sem byggist á lánnum til atvinnurekstrar án þess að litið sé til ytri aðstæðna, hefur ekki og mun ekki skila því sem til er ætlast. Lausnir á þessu sviði verða mjög erfiðar í framkvæmd og umdeildar. Þótt sá sjór sem við siglum nú sé tiltölulega lygn eru blikur á lofti. Ytri aðstæður, eins og olíuverðshækkningar og loðnubrestur, eru okkur óhagstæðar og draga úr lífskjörum þannig að líklega næst ekki sá hagvöxtur sem vonast var eftir á þessu ári, árinu 1991.

Árið 1990 eða í fyrra var lækkun kaupmáttar stöðvuð en árið 1989, eða árið fyrir Þjóðarsáttina, rýrnaði kaupmáttur ráðstöfunartekna um 10%. Hófsamir kjarasamningar í haust og aukin markaðsvæðing peningamála eru nauðsynlegir þættir í áframhaldi Þjóðarsáttar.

Fyrsta þætti Þjóðarsáttarinnar, sem lýkur í september, var aldrei ætlað annað en að ná jafnvægi til nokkurs tíma til að gefa ráðrúm til nýrrar sóknar til hagvaxtar. Það kraumar undir vegna launakjara margra hópa og núverandi láglaunastefna gagnvart ríkisstafsmönnum er mjög varhugaverð. Þetta verður að breytast til að ekki komi til atgervisflóttu til útlanda á næstu árum.

Fólksflutningar og efnahagsstefna

Þróunin er ör í kringum okkur. Landamæri hverfa og breytingar á búsetu eftir lífskjörum munu verða miklu almennari en hingað til, ekki aðeins hér innanlands heldur líka hvað varðar flutninga til útlanda. Fólk hefur undanfarin ár flust til Suðvesturlands vegna þess að þar eru lífskjör betri en annars staðar á landinu að mati þess. Hér er ekki eingöngu átt við efnahagsleg lífskjör heldur ekki hvað síst betri félagslega stöðu, betri aðstöðu til mennta, heilbrigðisþjónustu, tómstunda og þannig mætti lengi telja.

Alveg eins og Suðvesturland hefur dregið til sín fólk vegna betri lífskjara í víðum skilningi verða það útlönd sem taka við hlutverki Suðvesturlandsins ef við gætum okkar ekki. Þess vegna verður efnahagsstjórnunin á þessu ári, árinu 1991, fyrir atbeina næstu ríkisstjórnar að miðast við að festa árangur ársins 1990 í sessi, sækja fram og jafna kjör með heilbrigðara og frjálsara efnahagskerfi en áður að leiðarljósi.

Þetta er mikilvægt til að við höldum okkar hlut í lífskjörum, ekki á þessu eða næsta ári heldur árið 2000. Þetta er lífsnauðsynlegt svo að við getum tekið þátt í sífellt nánara fjölþjóðlegu samstarfi af styrk og reisn. Hvort fylgt verður skynsömum ráðleggingum hagfræðinga eða ekki og hvort þrek og hugrekki verður til staðar til að ráðast að rótgrónum vandamálum er ómöglegt að segja til um.

Töpuð lán og byggðastefna¹

Lánveitingar opinberra sjóða hafa verið í brennidepli undanfarið. Miðað við önnur lönd er opinber lánaþyrnging hér mikil. Þetta á við atvinnulíf, bæði lán til rekstrar og fjárfestingar, svo og lán til einstaklinga og nægir að nefna húsnæðislánakerfið.

Ástæður þessa eru margar, m.a. nýlegur og þar með vanmáttugur fjármagnsmarkaður og ríkiseign til skamms tíma á flestum viðskiptabönkum. Erlendis lána einstaka bankastofnanir, flestar reknar sem geysistór almenningshlutafélög, allt sem til þarf í atvinnulífinu, bæði fjárfestingarlán til langs tíma og rekstrarlán, og þær sjá um húsnæðislán til einstaklinga. Þar er arðsemin í fyrirrúmi, enda enginn annar mælikvarði betri í bankaviðskiptum.

Lán sem byggðamál

Hérlendis er þessu öðruvísi farið. Oft eru lánveitingar hugsaðar sem tæki í æskilegri byggðapróun. Þetta var mögulegt þegar lán voru niðurgreidd að verulegu leyti en sá tími er að mestu liðinn.

Í nafni byggðastefnu er samt enn knúid á um lán til að stofna til reksturs eða fleyta máttvana fyrirtæki frá einum gjalddaga til hins næsta. Þetta er úrelt stefna og gagnast engum, hvorki lántakendum, sem oft eru komnir í sama farið eftir nokkur ár, né eigendum fjármagnsins, sem er fólkið í landinu.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar

Það eru alvarleg tíðindi sem birtast í skýrslu Ríkisendurskoðunar að tapað fé örfárra opinberra sjóða geti numið um fimm milljörðum króna. Fimm milljarðar er geysimikið fé en til samanburðar má geta þess að verðmæti allrar saltfiskframleiðslunnar árið 1990 eða í fyrra var 12 milljarðar. Auðvitað tengist ekki allt tapað fé byggðamálum en of stór hluti þess.

Alltof algengt er að ófagleg vinnubrögð ráði ferðinni í opinbera sjóðakerfinu og vitanlega á að draga menn til ábyrgðar ef um gáleysisleg vinnubrögð er að ræða sem leiða til þess að opinbert fé tapast. Opinberir fjármunir eru ekki eign sjóða og sjóðsstjóra heldur skattfé almennings, sem gerir kröfu til skynsamlegrar notkunar þess.

¹ Fiskfréttir 23. ágúst 1991.

Miklu hreinlegra og árangursríkara en slík lán er að veita byggðastyrki eftir ströngum reglum, byggðum á faglegum úttektum. Slíka byggðastyrki á að veita á fjárlögum og alþingismenn eiga sjálfir að úthluta þeim, enda hafa þeir umboð þjóðarinnar til að fara með sameiginlegar fjárreiður.

Stækka þarf sveitarfélögin

Reyndar eru til mun betri leiðir til að stuðla að æskilegri byggðapróun. Það er að skapa skilyrði til að þróttmikið atvinnu- og mannlíf þrífist víða á landinu.

Frumskilyrði þessa er að sveitarfélög sameinist og takist þannig í stærri einingum á við verkefni nútímaþjóðfélags. Mannlíf nú snýst ekki aðeins um að veiða og verka fisk, heldur einnig að sjá um félagslegar þarfir, m.a. á sviði menntamála, heilsugæslu, tólstunda og samgangna. Þetta gerist ekki á fullnægjandi hátt nema einingarnar séu nokkuð stórar, um 2.000 til 3.000 manns og stærri, þótt þær yrðu víða nokkuð dreifðar.

20% hafnanna með 60% aflans

Þegar rætt er um byggðastefnu og stærð og samvinnu sveitarfélaga má nefna að athyglisvert er að í einungis tólf af fjöru tíu og níu fiskihöfnum landsins er landað um 60% af botnfiskaflanum. Hin 40% dreifast á þrjátíu og sjö hafnir.

Þetta þýðir að rúm 20% hafnanna eru með um 60% af botnfiskaflanum. Samt er lítið hugsað um að byggja upp hafnir sem nýtast fleiri en einum stað heldur er knúíð á um að á öllum stöðum skuli helst vera stórskipahafnir þrátt fyrir gjörbreyttar vegasamgöngur.

Þetta litla dæmi sýnir ógöngur hugsunarháttarins. Það kemur að því að þeim 60% þjóðarinnar, sem búa á Suðvesturlandi, ofbýður skipulagsleysi og óráðsía með opinbert fé og þar af leiðandi með sitt eigið fé. Þá lendar landsbyggðin í erfiðum málum.

Þess vegna verða hinar dreifðu byggðir að hugsa þessi mál upp á nýtt og stefna burt frá alltof litlum sveitarfélögum og frá smáskammtalánveitingum opinberra sjóða.

Ný verkefni¹

Vandamálin hverfa seint úr íslensku þjóðlífi. Við höfum barist við verðbólgu um tuttugu ára skeið en síðustu þrjú ár höfum við náð verulegum árangri og á þessu ári lítur út fyrir sigur á þeim vettvangi og að verðbólgan verði um 2% á þessu og næsta ári.

Þetta er merkilegur árangur sem markast vitanlega af kjarasamningunum og þökkalegri samstöðu í þjóðfélaginu um að einungis með lágrí verðbólgu skapist skilyrði fyrir hagvexti og bættum lífskjörum, auk traustari stöðu fyrirtækja. Þetta tækifæri má ekki ganga okkur úr greipum.

Niðurskurður þorskaflla

Nýlegar fréttir um verulegan samdrátt í þorskveiðum á næsta kvótaári krefjast þess að nú verði vandað til við næstu skref í efnahagsmálum. Þegar þetta er ritað er ekki vitað hverjar verða tillögur Hafrannsóknastofnunar. Ekki er ósennilegt að leyfilegur hámarksafli verði 200 til 210 þúsund tonn á næsta kvótaári og er það um 20% niðurskurður frá árinu 1991 þegar þorsk- kvótinn var 265 þúsund tonn en árið 1990 var aflinn um 330 þúsund tonn. Þetta er því um 40% niðurskurður á aðeins tveimur árum og það þarf sterk bein til að komast heilu og höldnu úr þeim átökum.

Í huga höfundar er ljóst að við verðum að verulegu leyti að taka tillit til ráðlegginga fiskifræðinga og öll vafaatriði ber að túlka fræðum þeirra í hag. Allt annað væri ábyrgðarleysi sem enginn getur varið.

Ekki breyta gengi

Hefðbundin aðgerð við þessar aðstæður er gengisbreyting, sem eykur tekjur sjávarútvegsins og leiðir til kjararárnunar í samræmi við minnkandi þjóðartekjur. Sú leið er hins vegar ekki ráðleg við núverandi aðstæður. Mikil hætta væri á að víxlhækkunar verðlags og kaupgjalds með vaxandi verðbólgu fylgdu í kjölfarið, auk þess sem erlendar skuldir bæði fyrirtækja og þjóðar- innar myndu hækka verulega.

Verðskyn er að vakna meðal neytenda og minni verðbólga hér en í nágrannalöndunum bætir samkeppnisstöðu okkar. Það væri afturhvarf til

¹ Fiskifréttir 19. júní 1992.

vonlítilla tíma ef reynt yrði að bregðast við þessu með gengislækkun. Jafnframt verðum við að gæta að atvinnuleysinu, sem verður áberandi á næstu misserum, að vísu ekki verulegt í sjávarútvegi heldur í þjónustugreinum og byggingar- og verktakastarfsemi og þá mest á Suðvesturlandi en ekki á landsbyggðinni. Atvinna í þessum starfsgreinum eykst ekki við það að lækka gengið.

Erlend lán og ríkisfjármál

Jafnframt er útilokað að leysa þessi vandamál með lántökum erlendis sem einungis þyngja byrði á börnum þessa lands. Það gefur einnig auga leið að þetta áfall verður ekki mildað á kostnað ríkisins, þ.e. með skuldasöfnun ríkissjóðs, sem hefur verðbólguhvetjandi áhrif, auk þess sem það knýr upp vexti í landinu.

Einnig er ljóst að lánastofnanir eru vanmáttugar til að hjálpa fyrirtækjum í sjávarútvegi í gegnum þessa erfiðleika. Einnig þarf að hafa í huga að þorskníðurskurðurinn er ekki til eins árs heldur verðum við að horfast í augu við 200 þúsund tonna þorskaflla næstu ár. Af þessari upptalningu blasir við að úr vöndu er að ráða og engar einfaldar lausnir eru til.

Mikilvægast er að pólitísk samstaða skapist innan ríkisstjórnarinnar um þær leiðir sem farnar verða. Í fljótu bragði blasir við að til styrkingar í ríkisfjármálum er eðlilegast að hækka skatta, til að mynda með því að hverfa frá undanþágum um virðisaukaskatt, auk þess sem samræma ætti skattlagningu tekna með skatti á sparifé, eða öðru nafni skatti á fjármagnstekjur.¹

Lækkun kostnaðar

Jafnframt væri vafalaust hægt að lækka ýmsan kostnað í fiskvinnslu með lækkun raforkuverðs, lækkun skatta til ríkis og sveitarfélaga og að lækka launatengd gjöld. Einnig er nauðsynlegt að frysta afborganir og vexti af stofnlánum um nokkurn tíma, til dæmis í Fiskveiðasjóði, þótt það þýddi að gengið væri að nokkru á eigið fé sjóðsins. Það er a.m.k. betri leið en að skattleggja sérstaklega hluta eigin fjár sjóðsins, eins og rætt hefur verið um.

Þessar aðgerðir þýða kjararýrnun, sem ekki væri hægt að bæta í næstu kjarasamningum, og þarf því aftur að fara þá láglaunaleið sem hefur tvívegis áður verið farin í kjarasamningum.

¹ Fjármagnstekjuskattur var lögfestur hérlendis árið 1996.

Samstaða sjávarútvegs

Núverandi kvótakerfi með framsali veiðiheimilda mun smátt og smátt bæta stöðu útgerðar en hafa þarf í huga að þessi niðurskurður á þorski leiðir til hærra verðs á þorskkvóta, svo og hærra fiskverðs, sem verður mjög erfitt fyrir vinnsluna að mæta. Nú er enn brýnna en áður að huga að tekju-skiptingu útgerðar og vinnslu og hrinda í framkvæmd sameiningu útgerðar og fiskvinnslu í ein atvinnurekendasamstök sem standi andspænis einum samtökum launþega, bæði sjómanna og fiskvinnslufólks. Breyttar aðstæður krefjast nýrra lausna innan atvinnugreinarinnar.

Verst af öllu er að leggjast í eynd og volæði og ákalla stjórnvöld um úrbætur. Íslenskur sjávarútvegur hefur ætíð komist út úr erfiðleikum en nú er brýnast að gæta að því að hagsmunir hans sem atvinnugreinar verði ekki fyrir borð bornir í átökum við aðrar atvinnugreinar. Sá sem ekki gætir sjálfur sinna hagsmuna getur ekki ætlast til þess að aðrir geri það fyrir hann.

Að halda ró sinni¹

Við höfum náð ótrúlega góðum árangri í verðlagsmálum. Við vorum Evrópumeistarar í verðbólgu um langa hríð en erum nú meistarar á hinum enda skalans. Grundvallaratriði ríkisstjórnarinnar er að hvika ekki í neinu frá hornsteinum efnahagsstefnunnar, þ.e. stöðugu verðlagi og gengi. Ef það er gert er allt sem við höfum náð síðustu þrjú ár unnið fyrir gýg. Það tekur einhver ár í viðbót að tryggja stöðugleika og skapa skilyrði fyrir bættum lífskjörum, hvort sem við verðum heppin með efnahagsþróunina eða ekki.

Atvinnuhorfur

Fjárlagafrumvarpið stendur í skugga atvinnuástandsins og ólga er í pólitískri umræðu. Algengast er í Evrópu að atvinnuleysi sé 7–10% en hér er það um 2,5–3% og verður um 3,5–4% á næsta ári, árinu 1993. Samt teljum við neyðarástand í uppsiglingu. Hvers vegna?

Þetta er ekki mikið atvinnuleysi en íslenski þjóð er brugðið. Við erum því óvön að geta ekki valið úr störfum eins og mörg undanfarin ár. Þensla síðustu áratuginna, sem við fjármögnum með erlendum lánnum, veitti okkur þetta falska öryggi.

Það er ástæðulaust að fara á taugum. Ástandið er alvarlegt en við erum samt vel stödd ef við hvikum ekki frá efnahagsstefnunni. Raungengi er þokkalegt og er lægra en ella fyrir það að verðbólga er minni hér en í nágrannalöndunum. Það tekur langan tíma að byggja upp heilbriggt atvinnulíf og að vinna upp fyrirtæki og atvinnu í kjölfar bættrar samkeppnisstöðu. Það eru ekki til neinar töfralausnir í þessum efnum.

Aðilar vinnumarkaðarins hafa velt þessum hlutum fyrir sér í nefnd ríkisstjórnarinnar um atvinnumál og vonandi leiðir þessi samvinna til skjótra samninga í vetur. Talað er um að lækka skatta stórlega en minna er rætt um hvaðan tekjurnar eiga að koma eða hvort og hvað eigi að skera niður.

Það er auðveldara að gera tillögur um annarra fjármál en sín eigin. Höfundur hefði kosið að þessum fyrstu fregnum hefði fylgt ákvörðun vinnuveitenda að lækka félagsgjöld sín og hagræða í hinni flóknu hagsmunagæslu þeirra. Einnig hefði verið trúverðugt að verkalyðsfélögin hefðu kynnt áform

¹ Fiskifréttir 6. nóvember 1992.

um lækun á sjúkra- og orlofsgjöldum sínum. Þetta hefði eftir trú á einbeittum vilja aðila vinnumarkaðarins að stuðla að lausn.

Skattabreytingar

Rétt er nú að lækka aðstöðugjöld og tryggingagjald og bæta upp tekjutap ríkisins með því að taka upp tveggja þrepa undanþágulausan virðisaukaskatt. Auk þess er rétt að heimila sveitarfélögum álagningu bifreiðagjalda, svo að dæmi sé tekið, til að veða upp tekjutap sitt, auk þess sem stærri hlutur staðgreiðslu renni til þeirra. Þetta er einfalt í framkvæmd og léttir aðeins á fyrirtækjum en íþyngir einstaklingum að sama skapi.

Hins vegar er mikið um nótalaus viðskipti í hagkerfi okkar, sem við verðum að ná tökum á. Skattsvikaherferð er nauðsynleg við þessar aðstæður. Við getum ekki ætlast til þess að álögur á almenning séu þyngdar nema fullvissa ríki um að allt verði gert til að enginn skorist undan réttmætum gjöldum til samfélagsins.

Skattar á Íslandi eru alls ekki hærri en í öðrum löndum og ríkisumsvif að hluta til minni en í nágrennalöndunum. Það gerir enn meiri kröfur til stjórnvalda um að berjast gegn skattsvikum. Fólk í landinu verður að hafa á tilfinningunni að allir láti sinn skerf af hendi. Það er rétt að leggja aukatekjuskatt á fjölskyldutekjur sem nema meira en 500.000 kr. á mánuði. Slíkur skattur á þá allra tekjuhæstu er réttlætismál. Þeir geta vissulega greitt meira en aðrir. Þetta skilar ekki miklum fjármunum en varhugavert er að fara neðar með mörkin því að þá byrja undanskotin og svindlið. Staðgreiðslukerfið heppnaðist vel og við verðum að vera ákaflega varkár við slíkar breytingar.

Styrking gengisstefnunnar

Ef þessar breytingar verða, sem færa fjármagn til fyrirtækja frá einstaklingum til að bæta atvinnuástandið, hefur gengisstefnan verið styrkt verulega. Fyrirtækin verða svo að spjara sig. Þessar breytingar mega ekki leiða til meiri halla á ríkissjóði. Ef svo verður er allt unnið fyrir gýg því að þá hækka vextir og atvinnulífið tapar enn meira.

Þessar aðgerðir þýða enga allsherjarbjörgun fyrir sjávarútvegsfyrirtæki. Þar er afkoman mjög misjöfn og mörg fyrirtæki munu gefast upp en flest verða eftir. Annar atvinnurekstur er mun veikari en sjávarútvegurinn.

Best er að efla atvinnulífið með almennum aðgerðum og laða fram áræði einstaklinga og fyrirtækja. Í Evrópu er 10% atvinnuleysi algengt, sem svarar til að um 13.000 manns væru atvinnulausir hér. Málið snýst um að koma í

veg fyrir að þetta gerist hér. Atvinnuleysi hjá 3–5.000 manns er mjög alvarlegt en þetta er miklu verra annars staðar. Bölsýnisspádómar um 15–25% atvinnuleysi hér eru fjarstæða og byggjast ekki á neinum efnahagslegum rökum.

Stærsti vandinn

Okkar stærsta efnahagsvandamál er ekki atvinnuleysið heldur erlendar skuldir. Við greiðum 15 milljarða í vexti til útlanda á næsta ári, árinu 1993, eða jafnmikið og við eyðum í alla skóla landsins og til löggæslumála.

Þetta eru einungis vextirnir en auk þeirra þurfum við að greiða 22 milljarða í afborganir á næsta ári, árinu 1993. Árleg greiðslubyrði hefur hækkað um 12 milljarða á nokkrum árum. Starfsorka okkar fer í vaxandi mæli í að skapa góð lífskjör hjá erlendum fjármagnseigendum.

Suður-Ameríkuríki, Færeyingar og fjölmörg önnur lönd búa nú við áþján erlendra skulda. Við þurfum að borga til baka hverja einustu illa fjárfesta krónu okkar og það tekur mörg ár.

Skilyrðislaus stuðningur við frjálsa samkeppni í efnahagsmálum¹

Þegar kerfi kommúnismans hrundi fyrir rúmum tíu árum var það einkum vegna þess að efnahagsstefna markaðshagfræðinnar með frjálsri samkeppni bar sigur úr býtum. Frjáls samkeppni reyndist miklu betri leið til þess að bæta lífskjör en miðstýrð forsjarhyggja stjórnvalda. Frjálsræði viðreisnarstjórnarinnar, EFTA- og EES-samningurinn færðu okkur leikreglur markaðarins í efnahagsmálum.

Fámennið og hjarlægð frá öðrum löndum gerir okkur þó erfitt fyrir. Við búum víða við fákeppni, sem þýðir hærra verð en ella fyrir neytendur. Nú ríkir fákeppni í matvöruverslun og þetta ástand er skólabókardæmi um að fákeppni leiðir til hærra verðs fyrir neytendur enda hefur sú orðið raunin. Hversu góð samkeppnin er sér almenningur núna vel í tilboðunum um flugfargjöld.

Það er aldrei of mikil samkeppni og það er heimskulegt að ræða um að samkeppni geti farið út í öfgar. Hún getur það ekki ef hún er innan samkeppnislaga. Ávinningurinn er alltaf neytandans en stundum fara ýmsir illa út úr samkeppni en það er ekki vandamál samfélagsins. Viðhorf stórra fákeppnisfyrirtækja er samkeppnisfjandsamlegt. Þetta hefur oft sést hjá Landssímanum og Flugleiðum.

Í samkeppni á alþjóðavettvangi gildir að skapa sér sérstöðu. Við eigum mörg tækifæri sem byggjast á þekkingu, t.d. í erfðafræði, líftækni og vetnisrannsóknnum. Hér skiptir menntun öllu máli og við eigum að gera Þjóðarbóklöðuna að besta rafræna bókasafni í heimi með því að verða áskrifendur að öllum gagnagrunnum og vísindatímaritum sem eru gefin út á Netinu. Þetta kostar nokkuð en er ódýr leið til að taka þátt í vaxandi samkeppni um menntun.

Skilyrðislaus stuðningur við frjálsa samkeppni í efnahagsmálum er besta leiðin til þess að bæta lífskjör að því gefnu að til sé góð samkeppnislöggjöf. Skilin milli hægri og vinstri flokka víðast erlendis liggja í því að hve miklu leyti menn vilja beita aðferðum markaðshagfræðinnar utan efnahagsmála, þ.e. innan velferðar- og menntakerfisins. Að mati höfundar er ekki hægt að

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 24. janúar 2000.

yfirfæra aðferðafræði markaðshyggjunnar nema að hluta til á sameiginlega þjónustu eins og á heilbrigðis- og menntasviði. Þar verður að tryggja jafnræði þegnanna með öðrum aðferðum en gilda í markaðshagkerfinu.

Meginmálið að það verði ódýrt að fljúga milli landa¹

Þótt efnahagsleg áhrif hryðjuverkanna í Bandaríkjunum verði ekki mikil geta flugfélög orðið illa úti. Uppsagnir trygginga sem leiddu til ríkisábyrgðar hérlandis upp á 2.700 milljarða króna er einstakt. Ekki gátu öll lönd leyst þennan vanda. Þannig stöðvaðist tímabundið allt flug í Eistlandi vegna þessarar kröfu.

Ríkisábyrgðin, sem svarar til fjárlaga íslenska ríkisins í ellefu ár og nær fjórfaldrar árlegrar landsframléiðslu, fer langt fram úr getu ríkissjóðs. Ábyrgðin er að vísu tímabundin en það er með ólíkindum að Norðurlöndin hafi ekki tekið sameiginlega á þessu. Hryðjuverkin mega alls ekki leiða til ríkisstyrkja til Flugleiða. Það væri hrapalleg leið en vegna EES-samningsins er það ekki okkar að ákveða hvort slíkt er heimilt heldur ræður Evrópusambandið því.

Flugleiðir hafa lengi átt í verulegum rekstrarerfiðleikum. Þó er óheyrilega dýrt fyrir Íslendinga að fljúga með Flugleiðum. Meginsvið Flugleiða er flug með útlendinga milli Evrópu og Ameríku um Ísland. Þessi starfsemi er mjög mikilvæg íslensku hagkerfi. Það er alls ekki sjálfgefið að 280.000 manna samfélag eins og okkar eigi kost á beinu flugi til tíu borga í Evrópu og sjö borga í Ameríku eins og reyndin er núna.

Ef Flugleiðir hætta starfsemi er líklegt að önnur flugfélög muni einungis fljúga beint til þriggja staða, þ.e. Kaupmannahafnar, London og New York. Það væri hægt að lifa við það en það þarf að kanna vel áhrif hugsanlegra breytinga flugsins á hag Íslands, m.a. í ferðaþjónustu. Flugrekstur er þó viðskipti eins og hver önnur. Flugleiðir hafa þar enga sérstöðu og vonandi tekst stjórnendum félagsins að vinna sig út úr þessum erfiðleikum.

Flug hefur gerbreyst á síðustu árum. Í Bandaríkjunum var flugrekstur gefinn frjáls og þar stokkaðist reksturinn nær algerlega upp. Í Evrópu er frjálsræðið reglan og flugfélög þar hafa víða sameinast. Norræna flugfélagið SAS hefur stundum sýnt áhuga á eignarhaldi í Flugleiðum en hefur aldrei fylgt því eftir.

Íslendingar eiga að venja sig við þá tilhugsun að það geti komið til þess að áætlanarflugi verði haldið uppi í vaxandi mæli af erlendum flugfélögum.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 1. október 2001.

Það er ekkert að slíkri framtíðarsýn. Heimilisfang fjármagns og hlutabréfa skiptir engu máli nú á tímum. Flugleiðir hafa aldrei verið í neinni góðgerðarstarfsemi gagnvart Íslendingum. Ekki má gleyma því að Atlantá er einnig öflugt flugfélag þótt það sé ekki enn í áætlunarflugi til og frá Íslandi. Meginmálið er að það verði ódýrt að fljúga milli landa.

„Það er nauðsynlegt að sigla en ekki að lifa“¹

Navigare necesse est, vivere non est necesse. Það er nauðsynlegt að sigla en ekki að lifa. Þessi orð mælti Pompejus mikli sem var uppi frá 106 til 48 fyrir Krist. Hann var einn þekktasti herforingi og stjórnmalamaður Rómverja og var í þríveldabandalaginu hinu fyrra ásamt Sesari og Krassusi. Þessi fleygu orð sagði hann við sjómenn sem neituðu að flytja matvæli sjóleiðina í vondu veðri frá Afríku til Rómar.

Orðin lýsa m.a. mikilvægi siglinga fyrir þjóðir til að lifa af. Þetta á ekki hvað síst við okkur. Við erum fjarri öðrum þjóðum og flest árin í 1.100 ára sögu okkar höfum við lifað í sárafátækt, enda afskekkt og fámenn þjóð.

Meðalvegalengd frá Íslandi til fimm nágrennalanda, Bretlands, Frakklands, Danmerkur, Þýskalands og Ítalíu er um 2.400 km. Hins vegar er meðalvegalengdin milli þessara landa að Íslandi meðtöldu um 1.200 km. Við höfum því algera sérstöðu og vorum og erum langt frá öðrum og það hamlaði samskiptum og samgöngum um aldir.

Okkar vantar meiri utanríkisviðskipti

Rekstur Reykjavíkurbæjar byggist fyrst og fremst á útflutningi og innflutningi en hlutdeild útflutnings í landsframleiðslunni hefur verið óbreytt meira og minna frá 1870 eða um einn þriðji af landsframleiðslunni. Þetta er ekki misprentun. Óbreytt frá 1870, eða í eitt hundrað og þrjátíu ár. Það er mjög alvarlegt hversu illa okkur gengur að auka hlut utanríkisviðskipta í hagkerfi okkar.

Hagvöxt nágrennaþjóðanna síðustu ár má fyrst og fremst rekja til aukinna utanríkisviðskipta en við stöndum í stað og höfum gert það lengi. Aukinn inn- og útflutningur hefur vitaskuld bein áhrif á framtíð Reykjavíkurbæjar.

Það er til þumalputtaregla um að flutningar aukist sem svarar einu prósentustigi meira en landsframleiðslan, þ.e. að vöxtur flutninga sé meiri en hagvöxtur, en þetta á ekki vel við hér. Okkur vantar meiri verslun við útlönd til að tryggja hagvöxt og það myndi auka tekjur Reykjavíkurbæjar.

¹ Þetta er fyrsta greinin af þremur sem birtust í Viðskiptablaðinu og byggðust á fyrirlestri á ráðstefnu hjá Reykjavíkurbænum 4. júní 2002. Þessi grein birtist 12. júní 2002.

Mikilvægi atvinnugreina er best mælt í hlutdeild þeirra í verðmætasköpuninni, þ.e. hversu miklu þær skila til landsframleiðslunnar. Þannig skila samgöngur um 8,5%, þar af eru flutningar á sjó og rekstur hafna með 1,5%.

Til samanburðar er hlutdeild heildverslunar til landsframleiðslunnar 7% og smásöluverslunar 4,5%. Flutningar á sjó og rekstur hafna eru hagkerfinu jafnmikilvægir og rekstur allra veitingastaða hérlendis. Auðvitað styðja allar atvinnugreinar hver aðra en vægi þeirra er misjafnt.

Við höldum oft að fiskveiðar séu aðalatvinnugreinin hérlendis. Vissulega er sjávarútvegur mikilvægur en breytingar síðustu ára eru miklar. Þannig hefur hlutdeild sjávarútvegs í landsframleiðslu minnkað úr 17% í 10% síðustu tuttugu árin. Hlutdeild sjávarútvegs í útflutningi hefur minnkað úr 60% niður í 40% á sama tíma og 14% vinnuafslins var bundið í sjávarútvegi árið 1980 en nú eru það aðeins 9%. Fáir gera sér grein fyrir þessum miklu breytingum.

Aukin markaðsvæðing er lykilatriði

Lykilatriði í framtíðinni og framförum er aukin markaðsvæðing. Við höfum skýr dæmi um það við Reykjavíkurhöfn. Þegar fiskverð var gefið frjálst stofnuðum við, sem þá störfuðum í sjávarútvegi hér, fiskmarkað í Reykjavík, Faxamarkaðinn. Það eflði fiskvinnslu, fjölgaði fyrirtækjum og skipakómum til Reykjavíkur. Verðmyndunin var fyrir opnum tjöldum og líf og fjör varð í Faxaskálanum í kjölfar þessa.

Enn er til mynd á skrifstofu Reykjavíkurhafnar þar sem sjö togarar liggja við Faxamarkað og bíða löndunar. Þetta var fyrir fimmtán árum og margt hefur breyst síðan en áhrif frjálrsræðisins eru ótvíræð.

Þetta var alveg eins þegar heimilað var að erlend skip mættu sækja hér þjónustu og landa en óskiljanlegt bann var við slíku í áratugi. Auðvitað hafði afnám bannsins í för með aukna hagsæld eins og afnám viðskiptatakmarkana hefur almennt.

Samkeppni milli hafna hérlendis er takmörkuð. Það virðist vanta lagaumhverfi fyrir samkeppni milli hafna. Ef menn vilja lélegt samkeppnisumhverfi, og það er pólitísk ákvörðun, er verið að rýra lífskjörin. Þetta samhengi verður að vera ljóst þegar rætt er um framtíð og framfarir.

Mikil stækkun en enn meiri möguleikar¹

Breytingar á Reykjavíkurböfn hafa verið miklar síðustu áratugi. Fyrir tíma Sundahafnar var allur miðbærinn hafnarsvæði þegar allir vöruflutningar og fisklandanir fóru hér fram á litlu svæði og engir gámar voru til.

Það er ekki langt síðan svo var. Höfundur var þá að alast upp á Bárugötunni, Jóhannes Jónsson í Bónus að afgreiða í verslun Sláturfélagsins í Hafnarstræti, menn voru stundum sjanghæjaðir á togara og allir höfðu unnið í frystihúsi, í síld eða verið á sjó. Þótt ekki eigi að syrgja fortíðina, vegna þess að hún er alltaf lakari en nútíðin sem er aftur verri en framtíðin, má aldrei gleyma upprunanum.

Ferðabjónusta er vannýtt auðlind

Mikill vöxtur er í Reykjavíkurböfn. Þannig hafa almennir vöruflutningar tvöfaldast síðustu tuttugu ár og er talið að þeir komi til með að tvöfaldast aftur fram til ársins 2030. Til þess að svo geti orðið þarf eitthvað meira pláss en nú er fyrir hendi en ekki má gleyma framleiðniaukningunni. Nú hafa 3.000 manns beint atvinnu við hafnarsvæðið.

Margföldunaráhrifin eru nokkur, eða um 1,3 hvað varðar mannfjölda, en Hagfræðistofnun Háskóla Íslands samdi góða skýrslu um höfnina árið 2001 eða í fyrra. Hafnarsvæðið hefur líka tvöfaldast síðustu tuttugu ár og gert er ráð fyrir stækkun í Eiðsvík en mikil stækkun er ekki í samræmi við óskir stóru skipafélaganna, hvort sem menn leggja þá afstöðu til grundvallar eða ekki.

Þrískipting hafna í almennar hafnir, fiskihafnir og iðnaðarhafnir hefur líka galla. Það er til að mynda hægt að sjá fyrir sér fjórða flokkinn, ferðamannahafnir, sem felur m.a í sér móttöku farþegaskipa og þeirra sem ferðast með þeim.

Ferðabjónusta við höfnina er nokkur en ekki mikil miðað við það sem þekkist annars staðar. Í höfninni í San Francisco eru selirnir fastagestir og ferðamenn eyða jafnframt stórfé á hafnarbakkanum, ekki aðeins þessum 5.000 kr. sem ferðamaður af skemmtiferðskipi eyðir hér að meðaltali. Þarna hefur okkur ekki tekist nægjanlega vel. Hvar er til dæmis sæðýrasafnið?

¹ Þetta er önnur greinin af þremur sem birtust í Viðskiptablaðinu og byggðust á fyrirlestri á ráðstefnu hjá Reykjavíkurböfn 4. júní 2002. Þessi grein birtist 20. júní 2002.

Margir þekkja sædýrasafnið í Monterey í Kaliforníu en þar er söguvið Johns Steinbecks og gömlu bókanna hans sem voru lesnar hér upp til agna, *Kátir voru karlar* og *Ægisgata*. Ekkert slíkt er hér en ef til vill er ekki hægt að búast við miklu af þjóð sem á ekki einu sinni náttúrugripasafn til sýnis almennings.

Fjöldi skemmtiferðaskipa þrefaldaðist hér á árunum frá 1990 til 1995 en hefur síðan meira og minna staðið í stað. Það vantar skýringu á því þótt skemmtiferðaskip séu ekki nafli alheimsins í ferðaþjónustu.

Ætlar Reykjavík ekki að taka þátt í stóriðju?

Iðnaðarhafnarhlutverkið er mikilvægt öllum stórum höfnum en Reykjavík á þar ekki stóran hlut. Þessu átti Eiðsvíkin við Geldinganes að bæta úr.

Aflvaki skoðaði þetta á sínum tíma þegar Ragnar Kjartansson, sá mikli framfaramaður, var þar framkvæmdastjóri en þá naut höfundur þess láns að vera þar stjórnarformaður með honum. Miklir möguleikar eru á Trölladyngjussvæðinu í orku og ný og góð iðnaðarhöfn gæti risið í Eiðsvík eða Reykvíkingar átt samstarf við Hafnirðinga um slíka höfn.

Oft er sagt að Reykjavíkurhöfn gnæfi yfir allt og þar sé allur inn- og útflutningur. Það er alls ekki rétt því að hlutdeild Reykjavíkurhafnar er aðeins 45% af inn- og útflutningi alls landsins, sem er hlutfallslega aðeins minna en sem svarar fólksfjöldanum sem býr í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ og Kópavogi. Reykjavíkurhöfn er því undir landsmeðaltali um þetta atriði. Að vísu er Reykjavíkurhöfn aðeins stærri hvað innflutning varðar en það er bitamunur en ekki fjár.

Vissulega má leika sér með þetta og draga frá stóriðjuinnflutninginn en þá má spyrja af hverju Reykjavík á ekki stóran hlut í þeirri starfsemi. Ef málmbræðsla á eftir að verða einn aðalatvinnuvegur okkar má Reykjavík ekki standa hjá.

Við eigum að verða miðstöð viðskipta á Norður-Atlantshafi¹

Það er merkilegt að hafnarmálin hafa oft orðið pólitískt bitbein en ekki hafa risið upp vinir hafnarinnar eins og gerðist í umræðunni um flugvöllinn. Hér er rifist endalaust um höfnina og oft er eins og hafnarhagsmunum sé kastað á milli stjórnmalamanna og almennings og hóparnir þekki ekki alltaf vel til. Á þessu þarf að verða breyting.

Hafnarlóðirnar eru stundum of dýrar og á það sérstaklega við miðbæinn. Slippurinn og svæðið þar í kring er hugsanlega alltof dýrt fyrir þá starfsemi sem þar er. Of þröng skilgreining á hafnsækinni starfsemi er höfninni ekki til bóta.

Skert samkeppni en miklir möguleikar

Við getum spurt okkur hvernig Reykjavíkurhöfn hafi staðið sig í hafnar- aðstöðu, bakaðstöðu og umferðartengslum og mitt svar er að hún standi sig vel í hafnaradstöðu, sæmilega í bakaðstöðu en frekar illa í umferðar- tengslum.

Samkeppnisstaðan er skekkt hérlandis. Hlutföllin í opinberum fram- lögum til samgangna eru að vegir fá 12/15, hafnir 2/15 og flugið 1/15. Það er endalaust hægt að eyða í hafnir. Það er að mati höfundar eini mála- flokkurinn sem er algerlega botnlaus. Það er ekki virk stjórn á höfnum á landsvísu og hvergi kemur rándýrt kjördæmapot betur fram en í sambandi við hafnir en það fer hljótt.

Þótt hagkvæmni stærðarinnar sé augljós í Reykjavíkurhöfn er hún langt frá því að vera svipuð og þekkest erlendis þar sem hafnir eru stórfyrirtæki og oft miklu stærri en sem svarar til þess íbúafjölda sem býr í nágrenninu. Það búa aðeins 4 milljónir manns í Singapúr en höfnin þar er ein sú stærsta í heimi. Það er ekki stærð svæðisins í nágrenninu sem veldur þessu heldur stefna landsins og sérhæfingin.

Getur Reykjavíkurhöfn orðið sérhæfð höfn á einhverju sviði vegna legu sinnar milli Evrópu og Ameríku? Ekki er gott að segja til um það. Ekki er

¹ Þetta er þriðja greinin af þremur sem birtust í Viðskiptablaðinu og byggðust á fyrirlestri á ráð- stefnu hjá Reykjavíkurhöfn 4. júní 2002. Þessi grein birtist 26. júní 2002.

víst að allir viti að í Singapúr er framleiddur helmingur af öllum diskadrifum í tölvur í heiminum. Þar eru engar námur sem gera þetta mögulegt heldur sérhæfing sem byggist á menntun.

Innan flutningageirans tókum við þó þátt í flugstarfsemi á alþjóðavísu þannig að við ættum að geta hugsað stærra í alþjóðaviðskiptum. Við höfum í reynd enga afsökun. Þetta er langtímavandi íslensks hagkerfis og því vita-skuld vandi Reykjavíkurhafnar.

Þróunin í Evrópu og not hagfræðinnar

Það er athyglisvert að skoða þróunina í Evrópu. Þar hafa farþegaflutningar aukist um 60% á síðustu tuttugu árum og vöruflutningar um 65%. Þetta er árlegur vöxtur upp á tæplega 2,5% en það er ekkert sérstaklega mikill vöxtur.

Ef seinni hluti þessa tímabils í Evrópu er hins vegar skoðaður, þ.e. síðustu þrettán árin, þá er vöxturinn meiri og umfram landsframleiðslu. Á meginlandinu eru sjó- og vatnaflutningar álíka að umfangi og lestaflutningar. Á Íslandi eru ár ekki flutningaleiðir eins og er algengt víða um heim, ekki hvað síst í Evrópu.

Það er athyglisvert fyrir okkur að innan Evrópusambandsins eru flutningafyrirtækin 800.000 talsins og að meðaltali eru 7,5 starfsmenn á hvert fyrirtæki. Samkvæmt þessu ættu héraendis að vera 600 flutningafyrirtæki. Þau eru reyndar fleiri en það og enn smærri. Hér sést enn og aftur hversu lítil og meðalstór fyrirtæki eru útbreidd héraendis og það einmitt í geira sem við hefðum að öðru jöfnu talið einkennast af stórfyrirtækjum.

Alþjóðlegur samanburður þarf að marka umræðuna miklu meira en hann hefur gert. Okkur vantar grunnrannsóknir á flutningum og flutningafræði, eða „lógistik“, héraendis. Í framtíðinni ættu stjórnendur Reykjavíkurhafnar að beita aðferðum hagfræðinnar sem mest og gera sér grein fyrir ytri áhrifum, m.a. kostnaði við flutninga og starfsemi fyrirtækja.

Þetta snýst um að nýta takmarkaðir auðlindir og Reykjavíkurhöfn er með margar slíkar, t.d. landið. Hægt er að beita hefðbundinni kostnaðar-ábatagreiningu eða öðrum verkfærum, eins og eignarétti eða samningaferli kerfis- eða stofnanahagfræðinnar, en hagfræðin geymir margt í sinni verkfæratösku.

Framtíð Reykjavíkurhafnar er björt ef tvennt er uppfyllt. Hið fyrra er að ávallt skuli beitt nýjustu þekkingu við áætlanagerð og mat og þar með haft náíð samstarf við háskólasamfélagið. Hið síðara snýr að því að tryggja velvild borgaranna og þar með stjórnámálanna gagnvart starfsemi. Þótt báðar

Þessar leiðir séu almennt skynsamlegar eru þær einfaldlega lífsnauðsynlegar fyrir fyrirtæki eins og Reykjavíkurbörn í því fámenna og að mörgu leyti hráa umhverfi sem hún starfar í.

Álitaefni á íslenska hlutabréfamarkaðinum¹

Eftirlit og stjórnun fyrirtækja á hlutabréfamarkaði markast m.a. af því hversu samþjöppuð eignaraðildin er. Víða eru fáir stórir hluthafar sem hafa gagnkvæm eignatengsl í mörgum fyrirtækjum á hlutabréfamarkaði. Slík eignaraðild hefur mikil áhrif á stjórnun fyrirtækja og einnig á hlutabréfamarkað, eins og t.d. rannsókn á spænska hlutabréfamarkaðinum hefur sýnt. Slík samþjöppun er víða fyrir hendi í fyrirtækjum á íslenska hlutabréfamarkaðinum.

Þótt íslenski hlutabréfamarkaðurinn sé orðinn hlutfallslega mjög stór í samanburði við önnur lönd eru tiltölulega fá fyrirtæki á markaðinum hér, en þau voru fimmtíu og tvö talsins í lok september 2003.

Fákeppni og opinbert eftirlit

Í mörgum mikilvægum atvinnugreinum á Íslandi starfa mjög fá fyrirtæki. Þannig annast einungis þrjú fyrirtæki nær alla olú- og bensínsölu, þrjú fyrirtæki sjá um nær allar tryggingar, tvö fyrirtæki annast mest af sjóflutningum til og frá landinu og tvö fyrirtæki annast nær allt reglubundið farþegaflug til og frá Íslandi. Ástæða fyrir svona fáum fyrirtækjum á markaði þar sem kaupmáttur er mikill er m.a. að markaðurinn er lítill, tæplega 300.000 manns, og hann er langt frá öðrum löndum. Landsframleiðsla á mann hérlendis á árinu 2002 var 28.800 Bandaríkjadalir á jafnvirðismælikvarða (e: purchasing power parity, PPP) og var Ísland í 9. sæti yfir mestu landsframleiðslu á mann af 30 OECD-ríkjum.

Í lok ágúst 2003 var síðasta olúfélagið (Skeljungur) skráð úr Kauphöllinni og stærsta verslunarfyrirtæki landsins (Baugur), sem var jafnframt þriðja stærsta fyrirtæki landsins árið 2002, var skráð úr Kauphöllinni í júlí 2003 þar sem eignaraðild var orðin það samþjöppuð.


Nú er í gangi hjá samkeppnisyrðöldum athugun á starfsemi olúfélagna þriggja vegna gruns um verðsamráð. Sambærileg rannsókn hefur staðið í sex ár á tryggingafélagunum þremur. Slíkar rannsóknir, þótt nauðsynlegar séu, skapa óryggi í viðskiptum og geta haft neikvæð áhrif á hlutabréfamarkaðinn ef þær eru ekki leiddar til lykta á tiltölulega skömmum tíma.

¹ Vísbanding 43. tbl. 21. árg. 2003.

Umhugsunarverður er í þessu sambandi ágreiningur milli Samkeppnisstofnunar og efnahagsbrotadeildar lögreglunnar um hvernig standa eigi að rannsókn slíkra mála og bendir hann til þess að nauðsynlegt sé að endurskoða samkeppnislöggjöfina. Það er ekki líðandi að það skuli ríkja ágreiningur innan stjórnkerfisins um hvernig halda eigi á slíkum málum og er brýnt að löggjafinn setji skýrari lög um þetta efni. Það er sömuleiðis ekki hægt að búa við það að efnahagsbrot fyrnist vegna þess hversu langan tíma rannsókn tekur, en dæmi eru um slíkt.

Möguleikar í sjávarútvegi

Sjávarútvegur skiptir miklu máli í íslensku hagkerfi. Framlag sjávarútvegs til landsframleiðslunnar var 12,5% árið 2001, auk þess sem sjávarútvegur skilar 40% af gjaldeyristekjum Þjóðarinnar. Í upphafi hlutabréfaviðskipta á Íslandi skipti verslun með hlutabréf í sjávarútvegsfyrirtækjum miklu máli. Hlutdeild sjávarútvegs í hlutabréfaviðskiptum hefur þó minnkað undanfarin ár, sbr. mynd 1.



Mynd 1. Hlutdeild sjávarútvegsfyrirtækja í heildarmarkaðsvirði skráðra félaga í Kauphöll Íslands í árslok 1991 til 2002.

Árið 1997 voru sjávarútvegsfyrirtæki með 39% af markaðsvirði þeirra félaga sem þá voru skráð í Kauphöll Íslands. Árið 2002 var þetta hlutfall 15,5%. Þótt vægi sjávarútvegs hafi minnkað er hann enn umfangsmikill á íslenska hlutabréfamarkaðinum miðað við önnur lönd. Þess vegna hefur verið rætt um að

Kauphöll Íslands markaðssetji sig á alþjóðavettvangi sem sjávarútvegskauphöll. Í febrúar 2003 voru sautján sjávarútvegsfyrirtæki skráð í Kauphöll Íslands en tólf fyrirtæki í því landi sem næst kom, sem er Japan.

Talið er að um áttatíu og fimm fyrirtæki í sjávarútvegi séu skráð á hlutabréfamörkuðum í heiminum þannig að um 20% þeirra eru skráð á Íslandi. Markaðsvirði skráðra fyrirtækja í sjávarútvegi er hæst í Japan en Ísland er í öðru sæti. Kauphöll Íslands er að kanna áhuga erlendra sjávarútvegsfyrirtækja á að skrá sig í Kauphöll Íslands og margt bendir til þess að hér sé um að ræða vænlegt viðskiptatækifæri. Hugmyndinni hefur verið fylgt eftir á Alþingi en höfundur og Vilhjálmur Egilsson, sem eru báðir fyrrverandi alþingismenn, lögðu fram á sínum tíma frumvarp til laga um að setja á stofn alþjóðlega sjávarútvegskauphöll á Íslandi.

Ísland hefur allar forsendur til að verða miðstöð fjármálaviðskipta í sjávarútvegi þar sem hér er umtalsverð sérþekking í sjávarútvegi og nær hún ekki hvað síst til viðskipta með hlutabréf í þessum geira. Þannig er greining á ársreikningum og mat á horfum þýðingarmikill þáttur í starfi íslenskra fjármálafyrirtækja. Mörg fordæmi eru fyrir því að félög skrái sig í kauphöllum sem eru miðstöðvar á sínu sviði. Þannig eru flest stór málmfyrirtæki skráð í kauphöllinni í London og alþjóðleg siglingafyrirtæki eru mörg skráð í norsku kauphöllinni þótt aðsetur fyrirtækjanna sé annars staðar. Íslendingar eru ellefta mesta fiskveiðipjóð í heimi og sjávarútvegur er eina sviðið þar sem Íslendingar hafa sterka efnahagslega stöðu á alþjóðlegum vettvangi. Kauphöll Íslands er vel fær um að hrinda af stað sókn í þessu efni og nú er verið að undirbúa frumvarp um að Kauphöllinni verði heimilt að skrá hlutabréf í erlendri mynt.

Íslenskur fjármálamarkaður einkennist af vel menntuðu fólki sem hefur margt getið sér gott orð erlendis. Margar þjóðir hafa einbeitt sér að alþjóðlegri fjármálastarfsemi og mikil verðmætasköpun hefur orðið í kjölfar þess. Má þar nefna Lúxemborg sem dæmi, en landsframleiðsla á hvern íbúa í Lúxemborg er mest meðal ríkja innan OECD. Íslendingar hafa mikla burði til að verða mun meira áberandi á þessu sviði en þeir eru nú. Óbein áhrif þessa yrðu mjög mikil og erlend fyrirtæki fengju betri þekkingu á íslensku efnahagslífi en nú og það gæti stuðlað að fjárfestingu erlendra aðila á mörgum sviðum hérlendis. Íslendingar hafa mjög gott orð á sér í sjávarútvegsmálum víða í heiminum og reka fjölmörg sjávarútvegsfyrirtæki erlendis. Því munu mörg erlend sjávarútvegsfyrirtæki vel hugsanlega sjá sér hag í því að vera með fyrirtæki sín skráð í íslensku kauphöllinni þar sem sérþekking og virkur markaður er fyrir hendi.

Þess ber þó að geta að á Íslandi er bannað að erlendir aðilar fjárfesti í fyrirtækjum sem starfa á sjávarútvegi nema í óverulegum mæli. Ef Ísland verður aðili að Evrópusambandinu er langlíklegast að ekki verði heimilt að viðhalda slíku banni en bannið er þegar umdeilt hérlendis. Þótt umsvif sjávarútvegsfyrirtækja hafi minnkað í Kauphöll Íslands hafa orðið gífurlegar breytingar á íslenskum sjávarútvegi undanfarin ár sem hafa styrkt fyrirtækin verulega.

Vanhæfi í stjórn Kauphallarinnar

Kauphöll Íslands er rekin sem hlutafélag í eigu Eignarhaldsfélagsins Verðbréfaþings hf. en Eignarhaldsfélagið á einnig og rekur Verðbréfaskráningu Íslands. Eigendur Eignarhaldsfélagsins eru félög í eigu skráðra fyrirtækja (29%), félög með aðild að Kauphöllinni (29%), Seðlabanki Íslands (16%), Samtök fjárfesta (13%) og lífeyrissjóðir (13%). Stjórn Kauphallarinnar skipa níu einstaklingar og aðrir níu til vara. Margir aðalstjórnarmanna tengjast mjög viðskiptum í Kauphöllinni. Formaður stjórnar er Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka, og í stjórn eru m.a. Ingólfur Helgason, einn af framkvæmdastjórum Kaupþings-Búnaðarbanka, Yngvi Örn Kristinsson, einn af framkvæmdastjórum Landsbankans, Þorgeir Eyjólfsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs VR, stærsta almenna lífeyrissjóðs landsins og Þorkell Sigurlaugsson, einn af framkvæmdastjórum Eimskips.

Það orkar mjög tvímælis að þessir menn sitji í stjórn vegna þeirra starfa sem þeir gegna. Þeir eru þar með yfirmenn Þórðar Friðjónssonar, forstjóra Kauphallarinnar, og annarra starfsmanna Kauphallarinnar. Einkum er staða Bjarna Ármannssonar, yfirmanns eins stærsta banka landsins, gagnrýnisverð í þessu sambandi. Kauphöllin fer með ákveðið eftirlit á markaðinum skv. lögum og það hefur oft komið fyrir í stjórn Kauphallarinnar að stjórnarmenn hafi verið vanhæfir og varamenn þurft að taka sæti á fundum en ýmsir af varamönnum eru einnig nátengdir venjubundnum viðskiptum Kauphallarinnar. Kauphöllin hefur einnig heimildir til að leggja á sektir þannig að hlutdrægni verður að vera hafin yfir allan vafa. Það orkar einnig mjög tvímælis að Verðbréfaskráning Íslands sé rekin af sömu aðilum og Kauphöllin en sömu stjórnarmenn eru í báðum félögum.

Eðlilegt væri að eigendur Kauphallarinnar, sem reka hana ekki í ábata-skyni þótt hlutafélagiformið sé notað, hugi að því að skapa ekki tortryggni vegna stjórnarmanna. Einungis ein kauphöll er rekin hérlendis enda hagkvæmt fyrirkomulag. Kauphöll Íslands hefur þó ekki lengur einkarétt á þessari starfsemi en einkaréttur var áður í lögum. Hér er ekki verið að halda því fram að núverandi stjórnarmenn hafi misnotað aðstöðu sína en

engin ástæða er að skapa óróleika um stjórnarmenn. Danska kauphöllin er einnig hlutafélag en þar virðast stjórnarmenn vera fjarlægir daglegum viðskiptum. Í norsku kauphöllinni er stjórnin skipuð fólki m.a. úr norska seðlabankanum og háskólum og fyrrverandi framkvæmdastjórum stórfyrirtækja. Mikilvægt er að allt verði gert til að fullkomið traust ríki í skipulögðum hlutabréfaviðskiptum, sérstaklega við núverandi aðstæður þar sem miklar hræringar hafa orðið síðustu misseri í viðskiptalífinu, m.a. fyrir forgöngu margra þeirra sem eiga sæti í stjórn Kauphallarinnar og með virkri þátttöku þeirra.

„Allt flýtur“¹

Hann hét Herakleitos, gríski heimspekingurinn sem sagði að allt flyti. Herakleitos var uppi fyrir meira en 2.500 árum og hann sagði líka að við gætum ekki stigið tvisvar í sama fljótið. Í seinna skiptið værum hvorki við né fljótið hið sama og áður. Ef til vill var Herakleitos fyrsti sérfræðingurinn í vörustjórnun.

Við notum oft orðið vörustjórnun sem þýðingu á enska orðinu logistics, sem er að uppruna grískt eins og Herakleitos. Það er dregið af logos eða rök. Orðið er notað um stjórnun á flæði og hefur einnig oft verið þýtt með orðunum flutningafræði og flæðisstjórnun.

Mikilvægi tímans í vörustjórnun

Hugtakið flæði hefur síðan verið notað víða. Platon tók meðal annars flæðishugsun Herakleitosar upp í heimspeki sína. Vörustjórnun í nútíma-skilningi var hins vegar fyrst notuð í hernaði en færðist fljótt yfir á rekstur fyrirtækja. Nú er vörustjórnun ein af sérgreinum rekstrarhagfræðinnar og er kennd víða um heim. Nokkur ensk hugtök lýsa þessari hugsun, eins og physical distribution, marketing logistics, materials management, business logistics, logistics management, distribution management og supply chain management. Það er meira en áratugur síðan kennsla í flutningafræði eða vörustjórnun var tekin upp í sérstöku námskeiði af höfundum í Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

R-in sjö í vörustjórnun eru þekkt kjörorð en með því er átt við að

- rétt framleiðsla sé
- í réttu magni,
- í réttu ásigkomulagi,
- á réttum stað,
- á réttum tíma,
- fyrir réttan viðskiptavin,
- á réttu verði.

¹ Vörustjórnun. Blað nemenda í Tækniháskóla Íslands 2003.

Til vörustjórnunar telst einnig stýring og eftirlit á birgðum, svo og staðsetning fyrirtækja. Vörustjórnun felur í sér að flutningur eða flæði er miðpunktur greiningar og stjórnunar fyrirtækisins. Vörustjórnun er ekki eins þekkt innan rekstrarhagfræðinnar og markaðsfræði og fjármálastjórnun en athygli vísindamanna og fyrirtækja hefur í æ ríkari mæli beinst að þeim möguleikum sem vörustjórnun býður upp á.

Áhrif flutninga á verð vara eru mikil. Ef utanaðkomandi aðila tekst ekki að koma vöru á réttan stað á réttum tíma opnast ýmsir möguleikar fyrir framleiðslu á staðnum. Þannig verða vandamál vörustjórnunar að staðarvernd fyrir heima-fyrirtæki. Áhrif vörustjórnunar á verðmæti lands eru veruleg. Ef ráðgerður er nýr flugvöllur eða þjóðvegur getur slík framkvæmd leitt til mikilla verðhækkana á viðkomandi landsvæði.

Tíminn er eitt mikilvægasta atriðið í nútímavörustjórnun. Oft tekur meiri tíma að selja vöru en að framleiða hana. Þannig tekur það Toyota-verksmiðjurnar tvo daga að búa til bíl en 15–26 daga að ljúka sölu, ganga frá pöntun til verksmiðju, fá pöntunina afgreidda til umboðsmanns og síðan til viðskiptavinar. Sala og dreifing er um 20–30% af kostnaði við bílinn, sem er meira en kostar að framleiða hann.

Stórauknir flutningar

Í sérhverju fyrirtæki þarf að samþætta aðfangakeðjuna, þ.e. stilla saman alla strengi frá uppruna til viðskiptavina og efla samstarf milli eininga, bæði gagnvart birgjum en einkum gagnvart viðskiptavinum. Það viðhorf að eiga nóg á lager er rangt; „nóg“ kostar mjög mikið.

Ísland er að ýmsu leyti með sérstöðu þótt ekki megi nota það sem afsökun en héðan er langt til annarra landa og hér er lítill markaður þótt kaupmáttur sé mjög mikill. Utanríkisviðskipti eru tiltölulega lágt hlutfall af landsframleiðslunni og það hlutfall hefur verið óbreytt mjög lengi. Mikið þéttbýli er á höfuðborgarsvæðinu þar sem 2/3 hlutar þjóðarinnar búa en slíkt er nær einsdæmi í heiminum. Byggðin er samt einstaklega dreifð og skipulagslega er það leikur einn að koma fyrir einni milljón manns í íbúðarhúsum á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Flutningar í heiminum hafa margfaldast undanfarin ár og vaxið mun hraðar en sem nemur fólksfölguninni. Flutningakerfið hefur einnig breyst og brýnt er að skoða kostnað í vörustjórnun nákvæmlega. Það er mjög mikilvægt að þessum rannsóknum verði haldið áfram og háskólar geta lagt fram mjög mikið í þeirri umræðu.

Framhaldsrannsóknir verða að beinast að einstökum geirum atvinnulífsins

og þær þarf að gera á tveggja til þriggja ára fresti til þess að fá samanburð. Rannsóknir eru gerðar með þessum hætti erlendis og þær hafa leitt til þess að vörustjórnunarkostnaður hefur lækkað. Árangur af góðri vörustjórnun felst ekki aðeins í kostnaðarlækkunum heldur einnig því að fyrirtæki ná að marka sér sérstöðu gagnvart viðskiptavinum með skjótri afgreiðslu.

Ljóst er að síðustu ár hefur viðskiptaumhverfið innanlands gerbreyst. Samþjöppun í verslun og stöðug fækkun á landsbyggðinni hefur m.a. haft mikil áhrif á viðskiptamynstrið. Vörudreifing á landsbyggðinni hefur tekið miklum breytingum. Sjóflutningar hafa vikið fyrir landflutningum því að með þeim býst meiri sveigjanleiki en með sjóflutningum, smærri vörusendingar og meiri hraði. Olíudreifing hefur einnig tekið stakkaskiptum þar sem olíudreifingarfyrirtækin hafa fækkað birgðastöðvum sínum um landið og aukið olíuflutninga á vegum.

Vörustjórnun er orðin flóknari en hún var áður og verður því að vera skilvirkari. Til að halda kostnaði í lágmarki og standast samkeppni verða fyrirtæki að hafa betra eftirlit með hráefniskaupum, framleiðsluferlinu og tengslum við markaðinn og halda uppi stöðugu upplýsingaflæði um stöðu birgða, framleiðslu og sölu. Fyrirtæki sem ætla að lifa verða að hafa afar gott eftirlit með flæðinu, eyða biðtíma, stytta afhendingartíma og bæta vöruúrval til þess að vera samkeppnishæf.

Að hugsa vel um viðskiptavinina

Þættir þjónustu við viðskiptavini eru einkum fjórir talsins, þ.e. tími, áreiðanleiki, samskipti og þægindi. Afhendingaröryggi er mikilvægasta aðgerðin í vörustjórnun. Algengt er að um 2/3 hlutar af viðskiptum fyrirtækja séu við reglubundna viðskiptavini. Það kostar sex sinnum meira að ná í og byggja upp tengsl við viðskiptavin sem verður tryggur viðskiptavinur en að halda viðskiptavini sem þegar er í föstum viðskiptum. Það er því fjárhagslega mjög mikilvægt að hugsa vel um viðskiptavini sína og missa þá ekki. Vörustjórnun er fyrsta flokks tæki til þess.

Bætt þjónusta leiðir að jafnaði af sér hærri tekjur. Þannig er oft ráðist til atlögu á sviðum sem samkeppnisáðilar eru veikir fyrir. Dæmi um þetta er Domino's-hringurinn í Bandaríkjunum. Hann var meðalstórt pítsufyrirtæki en varð hins vegar næststærst, á eftir Pizza Hut, með því að lofa þriggja dollara afslætti af pítsum væru þær ekki afgreiddar innan 30 mínútna frá pöntun.

Ef vara er gölluð eða týnd eru not viðskiptavinarins engin og mikill kostnaður myndast, kostnaður við að framleiða, selja og dreifa gallaðri vöru sem

skilar engum tekjum og hefur í för með sér töpuð viðskipti í framtíðinni og jafnvel skaðabætur. Góð vörustjórnun getur bætt úr þessu.

Fólksfjöldgun, búsetubreytingar, tæknibreytingar, samkeppni og nýjar hráefnisuppsprettur eru atriði sem geta breytt hagkvæmni staðsetningar fyrirtækja á skömmum tíma en staðarval fyrirtækja fellur innan fræða vörustjórnunar. Oft dregur úr sölu á tilteknum markaði vegna þess að afgreiðslutími hefur reynst of langur eða afhending brugðist frekar en að mikil verðsamkeppni hafi rýrt markaðshlutdeildina.

Mörgum hindrunum hefur verið rutt úr vegi í alþjóðlegum flutningum á undanförunum árum. Samhliða þessu hefur upplýsingabyltingin leitt til þess að fólk víðs vegar um heiminn hefur kynnst nýjum vörum. Það tekur erlendu vöruna fram yfir þá heimaframleiddu ef hún er góð eða betri en sú heimaframleidda, jafndýr eða ódýrari. Tryggð neytenda við heimaframleidda vöru hefur minnkað verulega á síðustu árum. Neytendavörur eru alþjóðlegar og þekkja engin landamæri og upprunalandið skiptir sífellt minna máli. Það breytir því ekki að fyrirtæki geta haft mismunandi markaðsstefnu í einstökum löndum þótt þau selji sömu vöruna víða.

Undanfarin ár og áratugi hafa æ fleiri fyrirtæki gert sér ljóst að markaður þeirra er ekki hefðbundinn heimamarkaður heldur allur heimurinn. Þannig reyna sífellt fleiri fyrirtæki að ná árangri á alþjóðamarkaði með því að beita samkeppnisyfirburðum sínum á sviði hæfni, getu og þess að vera öðruvísi en aðrir. Það að starfa á alþjóðlegum vettvangi krefst mikillar flutningafræðilegrar starfsemi og samræmingar innan einstakra fyrirtækja.

Frelsi, saga og framfarir¹

Mjög margt hefur breyst í umhverfi fyrirtækja og einstaklinga hérlendis og erlendis undanfarna áratugi. Margir líkja þessum breytingum við byltingu og þótt það orð sé oft ofnotað er þó ýmislegt til í því þegar þróun undanfarna áratuga er skoðuð.

Byltingar í samfélögum tengjast oft gerbreytingu í atvinnuháttum og sú síðasta stóra í þeim efnum varð á seinni hluta átjándu aldar þegar gufuaflíð var beislað í framleiðslu. Þá breyttist margt á skömmum tíma, borgir byggðust hratt upp, borgarastéttin tók völdin af konungum og aðalsmönnum og stjórnarhættir gerbreyttust. Franska stjórnarbyltingin árið 1789 hafði mikil áhrif um allan heim öldum saman og Bandaríki Norður-Ameríku urðu til árið 1776. Hröð þróun, sérstaklega vestrænna samfélaga, hefur einkennt efnahags- og atvinnumál allar götur síðan. Hagnýting rafmagnsins, sem er ein helsta tækninýjung mannsins, hefur haft gífurleg áhrif, enda hafa lífskjör alls staðar stórbatnað síðustu öld.

Það er hægt að kalla breytingarnar síðustu tvo áratugi í atvinnuháttum byltingu, með hinu nýja verkfæri, tölvunni. Upplýsingar og þekking eru nú helstu framleiðsluþættir í hagkerfinu. Alþjóðavæðingin ræður viðskiptum og menningarlegum samskiptum. Fall Berlínarmúrsins markaði hrun kommúnismans í Evrópu og framfarir í lífvísindum eru ævintýralegar. Við sjáum þessar breytingar vel í okkar litla samfélagi. Árið 1910 bjuggu 66% þjóðarinnar í dreifbýli og þá var 45% vinnuaflsins bundið í landbúnaði. Árið 2004 bjuggu einungis 7% þjóðarinnar í dreifbýli og aðeins 3% vinnuaflsins var í landbúnaði.

Árið 1980, eða fyrir tuttugu og fimm árum, skilaði sjávarútvegur 16% af landsframleiðslunni. Núna hefur þetta hlutfall minnkað um nær helming og er tæplega 9%. Flestir vinna við þjónustu og fjölþjóðleg starfsemi fyrirtækja er orðin mjög algeng hérlendis. Þetta er mjög ör þróun og er þeim mun merkilegri því að breytingarinnar sem hófst í nágrannalöndunum upp úr miðri átjándu öld varð ekki vart hér fyrr en eitt hundrað og fimmtíu árum seinna, eða í upphafi tuttugustu aldar. En þá breyttust hér hlutir líka fljótt.

¹ Vísbending 51. tbl. 23. árg. 2005.

Aðlögunarhæfni og sveigjanleiki

Á fyrri hluta tuttugustu aldar nýttust tveir merkilegir og mikilvægir eiginleikar Íslendinga. Þar er í fyrra lagi átt við hraða okkar við að laga okkur að breyttum aðstæðum og í síðara lagi sveigjanleika í starfsháttum. Það þarf hins vegar frjálsa umgjörð um þessa eiginleika og sú umgjörð var ekki til á öldum áður og reyndar ekki allar götur frá fjórtánu öld, eða skömmu eftir lok þjóðveldisins.

Þjóðveldið einkenndist af frelsi en síðari tíma einokun, bæði vegna erlends konungsvalds og innlendra þröngsýnna höfðingja, batt þjóðina í fjötra um aldir. Þegar fjötrarnir losnuðu með innlendra heimastjórn og frjálsræði í viðskiptum breyttist íslenskt samfélag ótrúlega fljótt og við náðum nágrannaþjóðunum tiltölulega fljótt og erum nú meðal tíu efstu þjóða heims hvað góð lífskjör varðar.

Einmitt þessir eiginleikar, aðlögunarhæfni og sveigjanleiki, eru undirstaðan undir það hversu vel okkur gengur að fóta okkur í hinu nýja hagkerfi. Þetta er ástæðan fyrir árangri okkar síðustu ár á erlendum mörkuðum og uppgangur nýrra atvinnuvega, eins og fjármálaþjónustu og líftækni. Við lögum okkur fljótt að nýjum aðstæðum og sýnum sveigjanleika í starfsháttum. Þetta er ekki öllum gefið en nú háttar svo til að þessir eiginleikar gagnast mjög vel. Það er hægt að líkja þessu við þróunina í Bandaríkjunum á seinni hluta níttjándu aldar þegar það víðlenda og auðuga land byggðist upp á tiltölulega fáum áratugum.

Vitaskuld á 300.000 manna þjóð ekki að ofmeta sjálfa sig og í heildartölum heimsins skiptum við engu máli. Það svið þar sem við komumst þó næst því að eiga markverða hlutdeild er sjávarútvegur en fiskaflí okkar nemur um 2% af heimsaflanum.

Í umræðu hérlendis er ekki gefinn nægjanlegur gaumur að umgjörðinni sem hagkerfið hrærist í. Aðlögunarhæfni og sveigjanleiki nýttust ekkert þegar allt var reyrt í fjötra ófrelsisins. Sagan sýnir okkur þetta ágætlega. Það var veiddur fiskur við Íslandsstrendur frá fjórtánu öld en ekki af Íslendingum. Útlendingar veiddu hér í margar aldir þótt afraksturinn væri ekki nægjanlegur til þess að stóru ríkin, Bretland, Þýskaland eða Frakkland, slægu eign sinni á þessa eyju hér í Norðurhöfum, þótt stundum hafi legið nærri því.

Danir sýndu engan áhuga á sjávarútvegi og það er ekki fyrr en um aldamótin 1900 sem við sjálf aðhöfðumst eitthvað eftir að hafa fengið meira frelsi frá Dönum. Danir hafa þó alltaf verið mjög framarlega í alþjóðlegri verslun og kunnað að grípa tækifærin þegar þau hafa gefist. Það sýndi þátttaka þeirra í þrælaversluninni á sínum tíma og verslun þeirra í Austurlöndum

fjár. Sjávarútvegur á Íslandi eða annar atvinnurekstur hér var einfaldlega ekki nógu arðbær.

Þröngsýni í sjálfstæðisbaráttu og síðar

Það var nær engin verkkunnátta til á Íslandi alla átjándu og nítjándu öldina þótt Íslendingar þekktu vel til hennar frá dvölum sínum erlendis. Mikill uppgangur var á þessum tíma í Kaupmannahöfn, sem var borg menntafólks okkar í margar aldir. Þar var hægt að sjá allt sem einkenndi hið nýja samfélag en á Íslandi voru ekki til þorp, vegir, hjólbörur eða verkvit. Umgjörðin gaf ekki ráðrúm fyrir slíka þróun en það voru Danir sem breyttu þessari umgjörð.

Það er freistandi að setja fram þá skoðun að sjálfstæðisbarátta Íslendinga, sem snerist oft meira um formið en umgjörð til frjálsrar athafnasemi, hafi í reynd skipt litlu máli. Við hefðum í síðasta lagi fengið okkar lífvænlegu umgjörð í upphafi tuttugustu aldar, einfaldlega vegna þess að stjórn mála- aðstæður í Danmörku voru þannig.

Danir tóku brölt okkar ekki alvarlega, sem sést best á því að þeir höfðu Jón Sigurðsson forseta á launum megnið af starfsævi hans en vitanlega hefðu þeir aldrei gert slíkt hefðu þeir talið að hagsmunum þeirra væri alvarlega ógnað með starfi hans eða annarra Íslendinga. Við vorum fórnarlömb áhugaleysis af hálfu Dana en það er ekkert nýtt í sögunni að það sé hlutskipti fámennra og óarðbærra nýlendna.

Við hófumst þó handa, að frumkvæði Dana, um svipað leyti og aðrar Evrópuþjóðir í upphafi iðnbyltingarinnar á átjándu öld við Innréttingarnar og fleiri umbætur, m.a. í heilbrigðiskerfinu. Þetta koðnaði allt niður, að stórum hluta vegna andstöðu og áhugaleysis innlendra valdamanna. Allt kapp var þá og síðar lagt á það af hálfu innlendra valdamanna að koma í veg fyrir þorpamyndun sem gat aðeins orðið til við sjávarsíðuna í tengslum við sjávarútveg en þorpamyndun var forsenda fyrir framförum.

Þessi upprifjun er athyglisverð þegar hugsað er til þess að íslenska stjórn- málabaráttan allan fyrri hluta tuttugustu aldarinnar snerist um að berjast fyrir frelsi til athafna í viðskiptum. Andstaðan við þéttbýlið og aðrar atvinnugreinar en landbúnað stjórnaði stjórn málaumræðunni í áratugi án nokkurra erlendra afskipta. Þar dugði okkar eigin þröngsýni. Frjáls- ræðið hefur alltaf komið til okkar að utan, ekki fyrir okkar tilverksað. Eitt mesta framfaraspor Íslendinga á tuttugustu öld var inngangan í fríversl- unarsamtökin EFTA árið 1970 en hún var pólitískt mjög umdeild og tals- menn hennar úthrópaðir. EFTA-aðildin skipti gífurlegu máli, svo og aðrar

umbætur viðreisnarstjórnarinnar. Sama máli gegndi um EES-samninginn árið 1994 þegar við fengum hina frjálslyndu viðskiptalöggjöf Evrópusambandsins. EES-samningurinn hefur verið gífurleg lyftistöng fyrir viðskipti á Íslandi en enn og aftur voru talsmenn þessa aukna frelsis úthrópaðir.

Nýja stofnanahagfræðin leysir málin!

Þessar sögulegu staðreyndir sýna hversu mikilvæg umgjörðin í efnahagsmálum er og þarna kann hagfræðin skil á nothæfum verkfærum. Stofnanahagfræði, eða réttara sagt hin nýja stofnanahagfræði (e: New Institutional Economics), fjallar meðal annars um innviði og skipulag hagkerfis og hversu mikilvægir þeir eru til að ná árangri í efnahagslífinu. Það er ekki hægt að færa kerfi sem ríkir í einu landi yfir í annað land og samfélag með árangursríkum hætti án þess að taka tillit til aðstæðna á þeim stað og laga hið nýja kerfi og umgjörð að þeim raunveruleika sem þar er. Hvernig það er gert er fjallað um í þessum fræðum.

Það er sérstaklega ánægjulegt fyrir okkur Íslendinga að við eigum einn fremsta vísindamann í heimi á þessu sviði en það er Þráinn Eggertsson, prófessor í Háskóla Íslands og í New York University. Fyrri bók Þráins um stofnanahagfræði, sem kom út fyrir nokkrum árum, er til í hverju einasta hagfræðibókasafni í heimi og er víða notuð í kennslu og við rannsóknir. Þráinn gaf út nýja bók árið 2005 sem mun fara sigurför um þennan heim fræðanna og síðar út fyrir þann heim vegna þess að þar eru dregnar upp lausnir til að vinna bug á örbirgð og hungri.

Lykillinn að þeim lausnum er að menn geri sér glögga grein fyrir stofnunum samfélagsins, eins og fyrirtækjum, opinberum aðilum, lögum, efnahagslegri umgjörð, ráðstöfunarrétti yfir framleiðsluáttum og félagslegum aðstæðum í samfélagi og tækni. Dæmi um stofnanir sem virka ágætlega hér eru fyrirtækið Össur, Vegagerðin og stjórnsýslulögin og sést á þessum þremur dæmum hversu fjölbreytt hugtak stofnanir er.

Sagan endurtekur sig oft, líka í fræðunum. Það er athyglisvert hversu mikilvægar kenningar Josephs Schumpeters frá fyrri hluta tuttugustu aldar eru nú innan nútímarekstrarhagfræði. Schumpeter talaði m.a. um hinn skapandi mátt eyðileggingarinnar og hversu mikil áhrif frumkvöðlar hafa með því að fara nýjar óhefðbundnar leiðir sem ryðja á brott því sem fyrir er. Þessi hugsun, sem þótti framandi þá, er lykill í frumkvöðlafræðum nútímans.

Þótt allir vilji vera frumkvöðlar eða athafnaskáld, sem er betra orð sem þýðing á alþjóðaorðinu „entrepreneur“, þá er það ekki öllum gefið. Aðalatriðið er að einstaklingurinn hafi frelsi til athafna í umhverfi frjálsræðis og

jafnræðis. Þá fer þetta allt vel og eru því orð Adams Smiths um „ósýnilegu höndina“ enn í fullu gildi. Það þarf ekki að endurskrifa Faðirvorið með hverri nýrri kynslóð þótt sumir haldi það, sérstaklega vísindamenn í hug- og félagsvísindum.

Hvaðan koma veðin við fjármögnun?

Það er athyglisvert hversu miklu máli innviðir skipta þegar kemur að athafnasemi í atvinnulífinu, sérstaklega athafnasemi frumkvöðla. Frumkvöðlar þurfa aðgang að fjármagni, sem ekki er alltaf auðvelt fá, og fjármálastofnanir krefjast trygginga sem vonlegt er. Gildar tryggingar byggjast m.a. á vel skilgreindum eignarétti. Þannig vefst ekki fyrir okkur að setja fasteignir að veði eða aðrar eignir þegar tekin eru lán en þetta er ekki alltaf hægt.

Hernando De Soto, hagfræðingur frá Perú, hefur bent á að helsta vandamál þróunarlanda sé ekki skortur á fjármagni eða frumkvöðlum heldur að tryggingar fyrir lánnum vanti. Helsta orsökina fyrir því er ekki að eignir séu ekki til staðar heldur að þessar eignir eru ekki skráðar með ótvíræðum hætti þannig að lánastofnanir geti tekið veð í þeim og treyst því veði. Það séu nógar eignir til í alls kyns formi í þróunarlöndunum en eignarétturinn sé alls ekki ljós.

Þetta er gott dæmi um mikilvægi eignaréttar og þessi staða í þróunarlöndunum minnir mjög á Bandaríkin á nítjándu öld. Okkur finnst sjálfsagt að við getum treyst þinglesnum eignum en það kerfi er margra alda gamalt á Vesturlöndum og er byggt á sterkri hefð og ítarlegum lögum, sem eru allt mikilvægir þættir í stofnanahagfræði.

Góðar og slakar stofnanir á íslenskum fjármálamarkaði

Hvernig ætli sé háttað með stofnanir á íslenskum fjármálamarkaði? eru þær góðar og virkar? Að mörgu leyti eru þær það en að öðru leyti ekki. Bankarnir eru öflugir, sveigjanlegir og laga sig flestir vel að breyttum aðstæðum en það voru dýrmætu eiginleikarnir tveir sem fyrr var talað um. Löggjöf á fjármálamarkaði hér er góð enda gilda hér lög Evrópusambandsins vegna aðildar okkar að EES-samningnum.

Rannsóknir og ákærur í efnahagsbrotum eru til skammar eins og sést á nýlegum málum sem óratíma tekur að rannsaka, fúskað er við ákærur og traust á markaði og í viðskiptum er rýrt. Fjármálaeftirlitið hefur verið frekar döpur stofnun og virkt og strangt eftirlit, sérstaklega í byrjun almennra hlutabréfaviðskipta, var slakt.

Kauphöllin hefur að mörgu leyti náð mjög góðum árangri en forræði

ráðandi framkvæmdastjóra í fjármálafyrirtækjum í stjórn hennar kallar á tortryggni, sem kemur til af því að þessir einstaklingar stunda innherjavíðskipti með hlutabréf í eigin fyrirtækjum, jafnvel upp á milljarða króna með framvirkum lánasamningum í eigin bönkum. Svona fyrirkomulag þekktist hvergi á byggðu bóli nema hér. Allt þetta sýnir að stofnanirnar eru veikar og það grefur undan trausti, sem er lykilatriði í fjármálavíðskiptum.

Höfundur þessarar greinar hefur gagnrýnt sumt af þessu áður og fengið góðar undirtektir, sérstaklega í tveggja manna samtölum, en ekkert gerist. Óskráðar siðferðisreglur okkar Íslendinga í víðskiptum eru ekki merkilegar enda er engin raunveruleg hefð fyrir þeim. Það er þeim mun grátlegra sem við gætum vel markað okkur sérstöðu með það að vörumerki á alþjóðavísu að öll víðskipti Íslendinga séu strangheiðarleg, gegnsæ og hafin yfir alla gagnrýni og þeir sem lúti ekki slíku verði hraktir úr víðskiptum.

Margt er þó gott hjá okkur og mjög ánægjulegt er að stjórnámamenn hafa æ minni völd í efnahagslífinu þótt enn eimi eftir af gömlum flokkstengslum. Frjáls markaður í lýðræðisþjóðfélagi er besta stjórnarform sem maðurinn hefur fundið upp. Hagfræðin kennir þetta meðal annars og margt er þar ekki flókið, eins og að hagstjórn sé alltaf einföld. Það eru einungis tvær leiðir fyrir opinbera aðila að hafa áhrif á eftirspurn í hagkerfinu. Önnur leiðin er að beita ríkisfjármálum í þeim tilgangi, sem er verkefni stjórnámamanna, og hin leiðin er að stýra peningamálum á tiltekinn veg, sem er verkefni faglegra og óháðra seðlabanka. Hagfræðingarnir og prófessorarnir Keynes og Friedman voru með þetta allt á hreinu þótt fjölmörg tilbrigði við þeirra stef hafi verið skrifuð.

Þessu til viðbótar er aukin menntun hvalreki við að auka verðmætasköpun, sérstaklega í hinu nýja hagkerfi, en að öðru leyti sér markaðurinn um flest sem þarf til að bíta og brenna. Öðrum sameiginlegum umsvifum á sviði velferðar, menningar og samskipta haga menn eftir pólitískum meirihluta hverju sinni. Sá meirihluti breytist alltaf á nokkurra ára fresti í flestum löndum. Þetta fyrirkomulag, sem hér er lýst, hefur gilt á Vesturlöndum meira eða minna í næstum eitt hundrað og fimmtíu ár og hefur skilað mestu framförum í sögu mannsins.

Sækjum fram með menningu og skapandi atvinnugreinum

Það eru fjölmörg tækifæri fram undan í hinu nýja hagkerfi þekkingarsamfélagsins. Í skapandi atvinnugreinum (e: creative industries) vinnur nú um fjórðungur Íslendinga en með skapandi atvinnugreinum er m.a. átt við menningu, vísindi og ráðandi stjórnunarstörf. Flestar meiri háttar framfarir í vísindum eru til dæmis einfaldar en djúphugsáðar.

Framleiðslu innan hagfræðinnar er venjulega skipt í þrennt, þ.e. í frumframleiðslu, iðnað og þjónustu, en nú er fjórða víddin komin til, skapandi atvinnugreinar. Þessi umgjörð hentar okkur Íslendingum vel þar sem við erum menningarlega sinnuð og með mikla menningarlega starfsemi, miklu meiri en fólk gerir sér almennt grein fyrir. Það eru fjölmörg sóknarfæri á menningarsviðinu og menningin skilar nú þegar 4% af landsframleiðslunni. Skapandi starf er okkur hugleikið og liggur líklega í genunum, þ.e. er erfðafræðilegur eiginleiki.

Hefðbundnar listgreinar, t.d. tónlist og kvikmyndir, eru víða arðbær hjárfesting en við getum orðið enn öflugri á báðum þessum sviðum, sem og fleiri sviðum. Á menningarsviðinu er eftirspurnin víða stigvaxandi en stigvaxandi eftirspurn er fátíð. Tónlist og þó sérstaklega kvikmyndir eða leikið efni eru dæmi um það. Sterk staða tónlistar héraðs byggist á tvennu; góðum tónlistarskólum og því að íslenskt tónlistarfólk er vel menntað, oft erlendis, og þekkir vel alþjóðlega straua. Góð menntun og þekking á umheiminum var líka lykillinn að frægð okkar og frama á þjóðveldistímanum.

Útrásinni í hjármálum, sem hefur verið stórkostleg, enda byggð á vel menntuðu fólki, á að fylgja næsta útrás á sviði menningar og skapandi atvinnugreina.

Við eigum óvenjuleg tækifæri í heimi framtíðar þar sem við eigum þrjár stærstu auðlindir framtíðarinnar allt í kringum okkur og í miklu meiri mæli en nágrannaþjóðirnar. Þessar auðlindir eru vatn, gott og nægjanlegt landrými til búsetu og ótakmörkuð orka í djúphitanum. Sjáum hvernig unga fólkíð spilar úr þessum möguleikum.

Hagfræði

Inngangsorð¹

Hagfræði sem vísindagrein

Hagfræðin er vísindagrein innan þjóðfélagsvísinda og fjallar um þarfir mannsins fyrir efnahagsleg gæði. Þar sem þarfirnar eru meiri en hægt er að fullnægja þarf að finna skynsamlega aðferð til að skipta gæðum milli manna. Þessi hugsun um þarfir mannsins og fullnægingu þeirra er kölluð lögmál skortsins og er viðfangsefni hagfræðinnar sem vísindagreinar. Vísindi eru þekking byggð á fordómalausum athugunum. Vísindaleg vinnubrögð felast í athugun, flokkun og skýringu á ástandi eða atburðarás. Hlutleysi í vísindalegum vinnubrögðum er æðsta boðorð fræðimanna.

Vísindamenn byggja kenningar sínar í flestum tilvikum á tengslum við raunveruleikann en þjóðfélagsvísindi eru þess eðlis að oft er mjög erfitt fyrir fræðimenn að skilja milli rannsókna sinna og persónulegra skoðana. Eftir því sem umfjöllun innan þjóðfélagsvísinda dýpkar getur hún fjarlægst hinn daglega raunveruleika sem oftast er grundvöllur stjórnmálabaráttunnar. Málamiðlun stjórnmálamanna í efnahagsmálum á þannig oft lítið sameiginlegt með fræðilegri afstöðu hagfræðinga. Vísindaleg vinnubrögð hagfræðinnar setja hagfræðingum þröngar skorður sem stjórnmálamönnum eru ekki alltaf ljósar.

Hættan við fræðikenningar í þjóðfélagsvísindum er að þær myndi sjálfstæðan grundvöll í stjórnmálalegum átökum og þróist líkt og trúarbrögð. Ósveigjanleg afstaða setur meiri svip sinn á kenningar og framkvæmd þeirra á sviði stjórnmála en hina upprunalegu kennismíði óraði oft fyrir. Hin hugmyndafræðilega trúarsetning kommúnismans, þ.e. að miðstýrður áætlunarbúskapur og ríkiseign framleiðslutækja þýddi meiri jöfnuð og réttlátara stjórnarfar, átti mikinn hljómgrunn víða um heim á fyrstu áratugum þessarar aldar.

Oft er talað um þrjá meginflokka í skipulagi efnahagslífsins. Í fyrsta lagi er markaðshagkerfi þar sem markaður er aðalstýritæki framleiðslu og ráðstöfun framleiðsluþátta. Í öðru lagi er miðstýrður áætlunarbúskapur þar

¹ Formáli í bókinni *Markaðsbúskapur* eftir Arne Jon Isachsen, Carl B. Hamilton og Þorvald Gylfason. Heimskringla, Reykjavík 1994.

sem allar meginákvarðanir um hvað skuli framleitt og hvernig tekjur skipt-ist milli manna eru í höndum ríkisvaldsins. Í þriðja lagi er blanda af þessum kostum þar sem áhrif ríkisvalds af efnahagsmálum eru veruleg og oft er einnig opinbert eignarhald á mörgum framleiðslutækjum. Íslendingar búa við eins konar blandað hagkerfi sem er oft lýst með hugtakinu velferðar-bundinn markaðsbúskapur. Mikil fræði eru til um þessa skiptingu og hvað sé æskilegt fyrirkomulag stýringar efnahagsmála.

Einkenni markaðshagfræðinnar

Valfrelsi neytenda, frjáls samkeppni fyrirtækja og leiðbeinandi hlutverk ríkisins eru aðalsmerki markaðsbúskapar. eru markaðsviðskipti lausn mann-kynsins á vandanum við að útdeila gæðum sem eru af skornum skammti? Þessi spurning er síður en svo einföld. Markaður hefur þekkt í mannlegum samskiptum frá örófi alda. Viða mætast framboð og eftirspurn og endurspeglá frjálstan vilja einstaklinga á einstökum sviðum. Á sama tíma, í sama þjóðfélagi eru aðrir þættir fastreyrðir í skipulagshyggju áætlunarbúskapar. Þannig eru efnahagsmál ekki einungis háð fræðikenningum hagfræðinnar heldur mótast af sögulegri hefð og málamiðlun í stjórnarfari einstakra þjóða.

Nú er talið að um helmingur jarðarbúa búi við markaðsbúskap. Þær þjóðir sem við þekkjum best í Vestur-Evrópu og í Norður-Ameríku hafa slíkt hagkerfi. Tvennt bendir til að þetta skipulag sé öðrum fremra, annars vegar sú staðreynd að hvergi er almenn velferð þegnanna meiri en í þessum löndum og hins vegar að þær þjóðir sem nýlega hafa brotist út úr kerfi áætlunarbúskapar kommúnismans reyna að laga efnahag sinn að aðstæðum Vesturlanda. Kínverjar, fjölmennasta þjóð veraldar, sem búa við allt annan hugsunarhátt en Vesturlandabúar, reyna einnig að nýta sér ýmsa kosti markaðsbúskapar til að efla framleiðslu og auka verðmætasköpun. Hér er því eftir nokkru að slægjast.

Markaðsbúskapur sem efnahagskerfi er ekki að menn hittist á götuhorni og versli með vörur eða þrútti um verð. Slík starfsemi hefur ávallt þekkt. Slík starfsemi er hluti markaðsbúskaparins en aðrir veigamiklir þættir hans eru skipulag framleiðslu, eignarhald framleiðslutækja, fyrirkomulag fjárfestinga, umsvif ríkisvalds, peningakerfi, gengisstefna og tækniþróun svo að fátt eitt sé nefnt.

Mismun milli efnahagskerfa er einna best lýst með því að skilgreina hvar vald til ákvarðana liggur. Vald, það að ná völdum og halda þeim, hefur verið drifjöður mannlegrar starfsemi allt frá því að skipulögð samfélög mynduðust fyrir mörg þúsund árum þótt mestar breytingar í þjóðfélagsskipun

hafi orðið síðustu tvö hundruð árin. Óskín um að ná valdi yfir öðrum einstaklingum eða nauðsynlegum hráefnum til framleiðslu hefur verið uppsetta styrjalda öll þessi ár, oft klædd í búning trúarbragða.

Heimurinn var áður fyrr lítill í þeim skilningi að samgöngur voru erfiðar og langan tíma tók að fara milli svæða. Einstök lönd voru flest sjálfbjarga um þær vörur sem þurfti til að lifa. Drepsóttir og styrjaldir héldu fólksfjölda í skefjum þannig að frumstæður landbúnaður dugði til að útvega takmörkuðum fjölda fólks nauðsynlega fæðu á hverju svæði. Tæknibyltingin sem hófst á seinni hluta átjándu aldar gerbreytti heiminum á tiltölulega skömmum tíma og skapaði þörf á ítarlegu skipulagi í efnahagsmálum.

Það er skemmtileg tilviljun að Skotinn Adam Smith, sem er talinn faðir hagfræðinnar sem vísindagreinar, var vinur James Watt sem fyrstur nýtti gufuaflið til iðnaðarframleiðslu. Í kjölfar iðnbyltingarinnar óx iðnaðarframleiðsla verulega, verslun milli landa blómgaðist og borgir byggðust hratt upp, en þessi þróun markar þjóðfélag okkar enn þann dag í dag.

Á þessum tíma verður hagfræðin til sem vísindagrein. Venja er að miða við útgáfu bókarinnar *Rannsókn á eðli og orsökum auðlegðar þjóða* eftir Adam Smith, prófessor í Glasgow, en hún kom út árið 1776. Þar fellir hann saman alla þáverandi þekkingu um efnahagsmál og raðar þeim fróðleik kerfisbundið. Hann hvetur til frelsis í viðskiptum í anda laissez-faire-stefnunnar en hún boðar að afskiptum stjórnvalda í efnahagsmálum sé haldið í lágmarki. Hann leit á frjálslyndan markaðsbúskap sem það efnahagskerfi sem leiðir til mestra hagsgóta. Reynslan hefur staðfest réttmæti þessa sjónarmiðs hans.

Hagfræðin fjallar um efnahagsleg samskipti fólks, fyrirtækja og ríkisvalds í heimi þar sem ekki er nóg til af gæðum fyrir alla. Hversu umfangsmikið ríkisvaldið er í þessum samskiptum er það sem skilur helst á milli í stjórnmálalegum átökum nútímans í Vestur-Evrópu.

Í miðstýrðum áætlunarbúskap er allt vald í efnahagsmálum hjá handhöfum ríkisvaldsins. Í markaðsbúskap hafa einstaklingar vald til að velja og þeir eru þannig þungamiðja efnahagslífsins. Oft eru það tiltölulega fáir einstaklingar sem hafa vald til hagstjórnar og á það bæði við áætlunarbúskap og markaðsbúskap. Valddreifing markaðshagfræðinnar ásamt lýðræðisskipulaginu tryggir þó að flestra mati rétt einstaklinga til ákvarðanatöku betur en önnur þjóðfélagskerfi.

Aðdragandi og grunnatriði miðstýrðs áætlunarbúskapar

Í upphafi iðnbyltingar um árið 1750 voru íbúar Evrópu um 140 milljónir. Þá voru íbúar Kína um 200 milljónir. Nú eru íbúar Evrópu um 800 milljónir

en Kínverjar eru taldir vera um 1.200 milljónir. Tæknivæðing Vesturlanda og efling borgarastéttarinnar í kjölfar byltinganna í Norður-Ameríku árið 1776 og í Frakklandi árið 1789 bættu samkeppnisstöðu Vesturlanda. Þau urðu allsráðandi í heiminum næstu tvö hundruð árin. Það er fyrst á seinni hluta tuttugustu aldar að Japan og nokkur önnur ríki í Suðaustur-Asíu og fáein olíuríki hafa sest á sama bekk og Vesturlönd í efnahagslegu tilliti.

Staða Vesturlanda efdist enn frekar á nítjándu öld með taumlausum ágangi í auðlindir nýlendnanna en sú þróun náði fram yfir miðja tuttugustu öld. Helstu vandamál alþjóðlegra stjórn mála nú eru hin skörpu skil í lífskjörum milli þróaðra ríkja og þróunarlanda. Enn þann dag í dag eru þróunarríkin nær algerlega háð tæknipekkingu Vesturlanda. Auðlindir þeirra eru margar í höndum vestrænna fyrirtækja og verðmætasköpunin er lítil í löndunum sjálfum. Hráfnisútlutningur til frekari úrvinnslu annars staðar er þar mikið vandamál og hefur það einnig oft blasað við Íslendingum.

Hagfræði nítjándu aldar fjallaði að verulegu leyti um að skýra efnahagsleg vandamál, flokka þau, þróa líkön sem lýsa þeim og nýta stærðfræðina sem helsta verkfæri til skýringar á jafnvægi í efnahagsmálum. Nítjándu öldin stóð að öðru leyti í skugga þjóðfélagslegra átaka sem fljótt fundu jarðveg í þjóðfélagsvísindum. Stéttaskipting iðnaðarþjóðfélagsins og misskipting valds og auðs varð meira áberandi eftir því sem borgirnar efdust og almennri þekkingu fleygði fram.

Karl Marx, sem starfaði aðallega upp úr miðri nítjándu öld, lagði grunn að hagkerfi kommúnismans með þjóðfélagskenningum sínum. Hann leit svo á að helsta skýring á atburðum mannkynssögunnar væri efnahagsleg. Hann gekk út frá því að fyrirtæki stækkuðu, auður myndi færast á sífelld færri hendur og örbirgð öreiganna myndi aukast og þeim fjölga. Þetta myndi leiða til þess að hið kapítalíska kerfi hryndi óhjákvæmilega með tímanum í kjölfar skipulagningar verkalýðshreyfingarinnar. Stéttabaráttan myndi leiða til alræðis öreiganna og öll framleiðslutæki og náttúruauðlindir yrðu sameign. Þetta myndi leiða til stéttlauss þjóðfélags. Þessar kenningar mótuðu stjórn málasögu heimsins í tæpa öld.

Gagnrýni á kenningar Marx hefur ætíð verið mikil. Karl Popper benti m.a. á að þetta kerfi gæti eins leitt til einræðis fámennrar stéttar flokksforustu og almennt verkafólk, öreigarnir, stæðu í sömu sporum og áður. Einmitt þetta varð raunin.¹ Þjóðfélagið í Austur-Evrópu varð aldrei stéttlaust. Það

¹ Karl Popper var einn þekktasti heimspekingur tuttugustu aldarinnar. Hann fæddist í Austurríki en fluttist síðar til Bretlands.

er sérkennileg tilhugsun að austur-þýska öryggislögreglan fylgdist á einn eða annan hátt með þriðjungi þjóðarinnar á síðustu árum kommúnismans og er ótrúlegt að nokkurt þjóðfélag hafi getað þróast í slíkar ógöngur.

Hrun kommúnismans með falli Berlínarmúrsins árið 1989 táknar endalok miðstýrðs áætlunarbúskapar. Það hagkerfi skilaði þegnum verri lífskjörum og meiri spillingu en markaðskerfið og ekki var unnt að halda því við lýði nema með kúgun og vopnavaldi. Það brotnaði undan eigin þunga. Það er þó merkilegt að hrun kommúnismans gerðist svo skyndilega að fæstir, þ.m.t. hagfræðingar, höfðu séð fyrir að þetta gerðist á þessum tíma og að það gerðist jafnhvort og raun varð á. Það var sama sagan og við upphaf kreppunnar miklu árið 1929. Mjög fáir sáu hana fyrir. Þetta sýnir að oft er mjög erfitt að greina þá strauma sem leika um þjóðfélagið hverju sinni þótt slík þekking aukist með vaxandi áherslu á vísindarannsóknir. Innviðir hins kommúníska hagkerfis voru miklu veikari en flestir á Vesturlöndum héldu.

Hagfræði tuttugustu aldarinnar

Breytingar í efnahagsstjórnun á þessari öld eru geysimiklar og markast af nokkrum atriðum öðrum framfar.

- Í fyrsta lagi hafa stýrjaldir haft veruleg áhrif, ekki síst heimsstýrjaldirnar tvær.
- Í öðru lagi hafa tækniþróun, sérhæfing og upplýsingaflæði, ásamt betri samgöngum, haldið stórsókn sinni áfram, auk byltingar í félagsmálum.
- Í þriðja lagi hefur hugmyndafræðileg barátta markaðshyggju og miðstýrðs áætlunarbúskapar mótað samskipti þjóða á sviði stjórn- og efnahagsmála.
- Í fjórða lagi hefur hagfræðin sem vísindagrein tekið miklum framförum á þessum tíma og skilningur manna á fjölbreytileika efnahagslífsins aukist verulega. Vel grundaðar kenningar um orsakir og afleiðingar á vettvangi efnahagsmála, oft studdar tölfræðilegum rannsóknum, hafa séð dagsins ljós. Þessu hefur fylgt miklu betri þekking almennings á efnahagsmálum en áður.
- Í fimmta lagi hafa umsvif ríkisvalds í efnahagsmálum margfaldast á þessum tíma. Þannig voru til að mynda útgjöld hins opinbera á Íslandi um aldamótin um 5% af vergri landsframleiðslu en eru nú um 40%.

Deilur hagfræðinga á þessari öld hafa snúist að miklu leyti um atvinnuleysi og verðbólgu, sambandið þar á milli og hvort aðgerðir í ríkisfjármálum eða í peningamálum séu vænlegri til árangurs. Hugmyndir J. M. Keynes, sem talinn er mesti hagfræðingur þessarar aldar, voru m.a. að við tiltekna aðstæður væri aukin eftirspurn af hálfu ríkisvalds vænleg til að vinna bug á atvinnuleysi. Þeim hugmyndum var beitt með árangri til lausnar á kreppunni miklu á fjórða áratug aldarinnar. Stefnumörkun ríkisfjármála var þannig leiðandi í hagstjórn þess tíma. Helsta vandamál efnahagsstjórnunar á áttunda og níunda áratugnum var að atvinnuleysi og verðbólga jukust samhliða. Þá beindist sjónarhorn ýmissa að hinni miklu þátttöku ríkisvaldsins í efnahagslífinu. Milton Friedman er talsmaður þess að ríkisvaldið dragi sig verulega út úr efnahagslegum umsvifum og feli einkaaðilum þar stærri hlut. Í peningamagnskeningunni, en Friedman er helsti talsmaður hennar, er lögð megináhersla á aðgerðir í peningamálum, þ.e. að takmarka peningamagn til að vinna gegn verðbólgu.

Markmið stjórnvalda í hagstjórn eru oftast mörg og að hluta til mótsagna-kennnd. Þannig vilja stjórnvöld m.a. tryggja fulla atvinnu, litla verðbólgu, jöfnuð meðal þegnanna, hagvöxt, bætt lífskjör almennings, tryggja stöðu lands síns gagnvart útlöndum og jöfnuð í ríkisfjármálum. Þess háttar óskalista er að finna í málefnasamningum flestra ríkisstjórna, ekki einungis hér-landis heldur víða erlendis.

Flestir hagfræðingar telja nú að til að tryggja hagvöxt og þar með vaxandi atvinnu verði að halda verðbólgu í skefjum til langs tíma. Slíkt krefjist aðgerða í peningamálum, venjulega af hálfu sedlabanka. Helsta stjórnþæki sedlabanka er kaup og sala á verðbréfum á fjármagnsmarkaði. Jafnframt verði ríkisfjármál að vera í sem mestu jafnvægi og kjarasamningar að taka mið af ytri og innri aðstæðum hagkerfisins. Auk þess verði sem mest frelsi að ríkja í viðskiptum innan landa og milli þeirra. Hin síðari ár hefur þessari stefnu verið fylgt af flestum Evrópuþjóðum ásamt samvinnu í gengismálum en alþjóðleg samvinna hefur aukist verulega á sviði efnahagsmála á síðustu áratugum.

Svigrúm einstakra þjóða í efnahagsmálum verður sífellt minna eftir því sem alþjóðleg samvinna eykst. Með vaxandi fjölþjóðlegum samskiptum jafnast vaxtakjör milli landa jafnframt því að staðarval fyrirtækja verður æ alþjóðlegra. Vinnuarkaður nær yfir sífellt stærra svæði og flestar þjóðir vinna mikið að því að örva alþjóðleg viðskipti og minnka hindranir í viðskiptum milli landa. Sem dæmi um umfang alþjóðlegra viðskipta má geta þess að veltan á alþjóðlegum gjaldeyrismörkuðum er á hverjum degi margföld fjárlög íslenska ríkisins.

Hagfræðin getur ekki gert neitt annað en miðlað skilningi á vanda-
málum, lýst stjórnækjum, beitingu þeirra og afleiðingum. Það er ekki hlut-
verk hennar að koma í staðinn fyrir stjórnmalalegan vilja kjörinna fulltrúa.
Samvinna stjórnmalalegs valds og hagfræðinnar er þeim mun mikilvægari
þegar það er haft í huga að stjórnmalaleg átök nútímans snúast fyrst og
fremst um efnahagsleg málefni. Einnig er staðgöð þekking almennings á
efnahagsmálum nauðsynleg sérhverju lýðræðisríki til að koma í veg fyrir að
lýðskrumarar nái yfirhöndinni í efnahagsstefnu stjórnvalda. Þetta er vand-
rötuð leið því að fræðimenn hagfræðinnar vinna fyrst og fremst við kennslu
og rannsóknir innan veggja háskóla og hafa mismikinn áhuga á því að skýra
kenningar sínar og veita almenna fræðslu um vísindi sín í opinberri umræðu.
Prófessor Parkinson¹ sagði eitt sinn að það væri ekki hlutverk grasafræðings
að reyta illgresi úr görðum manna. Hann gerði skyldu sína ef hann segði hve
hratt það yxi.

Óðaverðbólgu millistríðsáranna í Þýskalandi má að hluta rekja til hag-
fræðilegra mistaka sigurvegaranna í fyrri heimsstyrjöldinni, eins og Keynes
benti á. Þeir lögðu slíkar byrðar á Þjóðverja í stríðslok að útilokað var að þeir
gætu staðið undir þeim. Þetta greiddi nasistum leið til valda með hörmu-
legum afleiðingum fyrir Evrópu. Þannig geta rangar ákvarðanir í efnahags-
málum leitt til ófyrirséðra atburða, þegar ekki er gætt fræðilegra grundvall-
aratriða.

Þótt opinberir aðilar séu veigamikill þáttur í eftirspurn vöru og þjónustu
leitir markaðshagfræðin sífellt inn á þær brautir að láta markaðsöflin leysa
fleiri verkefni efnahagslífsins. Þannig er talið að rekstri fyrirtækja sé almennt
betur borgið í höndum einstaklinga en opinberra aðila. Efnahagsstefnan í
fyrirverandi kommúnistaríkjum er að miklu leyti fólgin í að einkavæða fram-
leiðslufyrirtækin. Undanfarin ár hefur vilji til einkavæðingar verið mikill á
Vesturlöndum og var mjög áberandi í Bretlandi undir forustu Margaretar
Thatcher. Í Frakklandi, þar sem hefð er fyrir miklum ríkisafskiptum í fyrir-
tækjarekstri og á sviði bankastarfsemi, er vaxandi stjórnmalalegur vilji fyrir
því að hverfa smátt og smátt frá slíku fyrirkomulagi.

Áætlanagerð er eitt af meginatriðum í markaðskerfinu. Slík áætlanagerð,
m.a. innan fyrirtækja, á lítið sameiginlegt með miðstýrðum áætlunarbú-
skap kommúnismans þar sem fulltrúar ríkisvaldsins taka flestar ákvarðanir

¹ Cyril Northcote Parkinson er prófessor í Bretlandi sem er hvað þekktastur fyrir Parkinsonlög-
málið, sem lýsir hvernig vinna fyllir út í allan þann tíma sem er til ráðstöfunar og hvernig skrif-
stofubákn þenjast stöðugt út.

í efnahagslífinu. Nútímamarkaðsbúskapur felur það í sér að bæði er treyst á frjálst verðmyndunarkerfi og markvissa áætlanagerð innan fyrirtækja.

Sú skoðun er allútbreidd meðal hagfræðinga að í reynd sé ekki mikill munur á miðstýrðri ákvarðanatöku stórfyrirtækja og ríkisvalds. Slík fyrirtæki geti ákveðið verð á vörum vegna markaðsyfirburða sinna og samvinnu við önnur stórfyrirtæki. Auglýsingar séu notaðar til að hafa áhrif á neytendur og í reynd sé valfrelsi þeirra sáralítið. Hvort sem menn fallast á þessa skoðun eða ekki, er langur vegur frá stofnanaeinkennum stórfyrirtækja til miðstýrðs áætlunarbúskapar.

Umgjörð nútímastjórn mála

Stjórnámálameðmenn eiga að taka tillit til fleiri sjónarmiða en eingöngu þeirra efnahagslegu. Fjöldmargt á sviði félagsmála, heilbrigðismála, mennta- og atvinnumála krefst víðari sjóndeildarhrings en hagfræðin lætur í té. Þannig má ekki ofmeta þátt hagfræðinnar í stjórn landsmála. Framkvæmdavald ríkisins, sem ríkisstjórnir fara m.a. með, byggist bæði á áherslum stjórnámálanna og stjórnsýslunni þar sem embættismenn inna störf sín af hendi innan ramma laga og í anda stjórnámálalegrar stefnumörkunar hverju sinni. Það getur orðið ágreiningur milli kjörinna fulltrúa og embættismanna stjórnsýslunnar. Slíkt gerist hvort sem framkvæmdavaldið er kosið sérstaklega, eins og í Bandaríkjunum og í Frakklandi, eða búið er við þingræði þar sem ríkisstjórn er mynduð af og styðst við meirihluta löggjafarþings, eins og er algengast í Evrópu og þar á meðal hér á landi. Þar sem stjórnámálaflokkar eru veikir eru áhrif embættismanna stjórnsýslunnar mjög mikil og oft langt umfram það sem eðlilegt má teljast í nútímalýðræðisríki. En stjórnámálameðmenn verða að standa reikningskil gerða sinna, oftast á fjögurra ára fresti. Þeir líta því oft á vandamál líðandi stundar með skammtímahagsmuni í huga.

Vandkvæði við beitingu markaðshagfræðinnar felast ekki í göllum á kennisetningum hennar heldur frekar í þeim stjórnámálalegu málamiðlunum sem ríkisstjórnir verða að gera. Hagsmunasamtök endurspeglar ekki aðeins þrönga sérhagsmuni heldur vega þau þungt í stjórnámálalegri umræðu og eru þannig veigamiklar valdastofnanir í nútímaþjóðfélagi. Ríkisstjórnir verða oft að gera málamiðlanir við slík samtök. Það er mjög áberandi héraendis hversu valdamikil ýmis hagsmunasamtök eru, sérstaklega á vinnumarkaði, og eru þau komin langt út fyrir eiginlegan vettvang sinn. Efnahagslegar ákvarðanir byggjast þannig í rauninni ekki aðeins á hagfræði heldur endurspeglar einnig valdahlutföll stjórnámálanna, málamiðlanir og almenningsálit. Tiltekin

hagfræðikenning gæti átt mjög vel við lausn á tilteknu vandamáli en sú lausn gæti verið óframkvæmanleg af stjórnmálalegum ástæðum, t.d. vegna þess að almenningur væri þessari lausn algerlega mótfallinn. Stjórnmálaleg áttök vestrænna þjóðfélaga endurspeglast m.a. í deilum um það að hve miklu leyti lögmaðlum markaðarins sé beitt til að jafna lífskjör almennings og tryggja rétt fólks til sambærilegrar þjónustu á sviði heilbrigðis-, mennta- og félagsmála.

Hin gerbreytta fjölmiðlaumræða síðari ára veldur því einnig að oft er tilviljanakennt hvaða málaflökkar það eru sem fá mesta umfjöllun og þar með mesta athygli stjórnmálamanna. Á upplýsingaöldinni, sem oft er sögð hafa tekið við af iðnaðarþjóðfélaginu, er ekki aðeins miðlað miklu meiri fréttum en áður, heldur mótast afstaða almennings mun meira af framsetningu fjölmiðlamanna á kostnað hefðbundinnar stjórnmálaumræðu. Það verður sífellt erfiðara, einnig í vísindum, að henda reiður á öllum þeim upplýsingum sem flæða um þjóðfélagið. Efnahagslífið er aldrei stöðugt mjög lengi og síbreytileiki þess gerir það að verkum að óvissa við ákvarðanatöku er mikil. Oft eru stjórnmálalegar ákvarðanir teknar sem byggjast frekar á innsæi og persónulegu mati á ástandi augnabliksins en á vel grunduðum aðferðum ákvarðanafræðinnar. Óvissurannsóknir við ákvarðanatöku er sú grein hagfræðinnar sem tekið hefur hvað mestum framförum undanfarin ár og sjást þess skýr merki í rekstri fyrirtækja. Ekki er að efa að verkfæri ákvarðanafræðinnar verða sífellt fullkomnari, ekki einungis við umfangsmikla stefnumótun stjórnmála og fyrirtækja heldur einnig við daglegar ákvarðanir stjórnmálamanna.

Staða stjórnmálamanna hefur einnig breyst verulega. Prófkjör hafa víða tekið við miðstýrðu flokksræði við val á frambjóðendum og fjölmiðlaathygli nútímans leiðir til meira návígis og beinskeyttari stjórnmálaumræðu en var áður. Stjórnmálamenn sækja vald sitt miklu meira út fyrir hefðbundna stjórnmálaflökka, m.a. til sérhagsmunahópa, og auðvitað hefur það áhrif á störf þeirra.

Þátttaka ríkisvalds í þjóðmálum verður áfram mjög mikil, ekki eingöngu á hefðbundnum sviðum, eins og að gæta laga og reglna og tryggja óháð dómssvald, eða á sviði mennta-, heilbrigðis- og félagsmála, heldur einnig í umhverfisvernd og við ákvarðanir um nýtingu á sameiginlegum auðlindum, svo að nokkuð sé nefnt. Bein þátttaka ríkisins í starfsemi sem hægt er að fela einkaaðilum leiðir þó til ábyrgðar ríkisvaldsins á þróun mála og kröfu af hálfu þátttakenda um að ríkisvaldið greiði úr vandamálum sem kunna að koma upp. Þetta hefur oft gerst hérlendis, t.d. í sjávarútvegi. Ríkisvaldið ber hér mikla sjálfvalda ábyrgð á atvinnulífi og einstökum fyrirtækjum.

Skipulagi opinberrar þjónustu getur verið mjög illa fyrir komið. Þannig er til að mynda heilbrigðiskerfið í Bandaríkjunum dýrt og miklu fé er varið til þess bæði af opinberum aðilum og einstaklingum en kerfið þykir samt ekki gott miðað við sambærilega þjónustu í mörgum Evrópuríkja.

Oft eru fyrirtæki betur í stakk búin að takast á við samkeppni eftir því sem þau verða stærri. Þau geta framleitt með lægri tilkostnaði vegna t.d. magnafsláttar í innkaupum, meiri vélvæðingar og sjálfvirkni. Þessi hagkvæmni stærðarinnar þarf þó ekki alltaf að gilda, m.a. vegna vandkvæða sem geta risið í stjórnun stórra fyrirtækja. Það er þó sífellt hætta á einokunartilburðum, sérstaklega þegar fleiri fyrirtæki hafa samráð sín á milli. Í flestum löndum, og þar með á Íslandi, er verðsamráð bannað og ýmiss konar löggjöf er víðast í Evrópu sem á að koma í veg fyrir skerðingu á samkeppni.

Risastór, alþjóðleg fyrirtæki eru oft markaðsráðandi en oftast eru mörg fyrirtæki í hverri atvinnugrein. Vald þessara fyrirtækja er þó mikið og eignarhald dreifist á það marga að í reynd eru það framkvæmdastjórnir sem marka stefnu þeirra, oft án mikilla afskipta eigenda hlutafjárins. Virkasta aðhaldið gagnvart slíkum stórrekstri er sú staðreynd að verslað er með hlutabréf þeirra á hlutabréfamarkaði þannig að fari slík fyrirtæki ekki eftir leikreglum markaðsþjóðfélagsins getur það komið óþyrmilega niður á verði hlutabréfa á markaði.

Barátta verkalýðshreyfingarinnar hefur breyst víða á undanförunum áratugum eftir að velferð varð almenningseign. Hún snýr nú meira að almennri hagsmunagæslu í efnahagsstjórn og velferðarmálum og að því að auka ítök verkafólks í stjórnnum fyrirtækja eða að eflingu atvinnulyðræðis. Umræða um hið síðastnefnda er mjög skammt á veg komin hér á landi.

Sífelld fleiri verkefni í efnahagsmálum eru falin stofnunum sem lúta ekki beinni yfirstjórn stjórnmalamanna heldur taka þær ákvarðanir sínar fyrst og fremst á grundvelli faglegra sjónarmiða og leita ekki málamiðlunar við fjölmarga aðila þjóðfélagsins eins og ríkisstjórnir verða að gera. Hér ber hæst starfsemi seðlabanka sem eru starfandi í öllum löndum. Hlutverk seðlabanka er að gefa út seðla, slá mynt, vera banki ríkissjóðs og innlánsstofnana og marka peningastefnu í samræmi við markmið sín. Oft er seðlabanka einnig falið eftirlit á fjármagnsmarkaði.

Markmið seðlabanka eru misjöfn eftir löndum. Þeirri skoðun hefur vaxið fylgi undanfarin ár að seðlabanki eigi með beitingu stjórnækja sinna að stuðla að stöðugu verðlagi og varðveita verðgildi gjaldmiðilsins. Þýskaland er þekktasta dæmið um slíka tvískiptingu efnahagsstjórnunar en þýski seðlabankinn hefur mjög sjálfstæða stöðu innan stjórnkerfisins þar í landi og

beitir stjórnþækjum sínum ótæpilega til að halda niðri verðbólgu. Þýskum stjórnámálönnum þykir stundum nóg um sjálfstæða stefnu þýska seðla-bankans. Sambærilegar stofnanir hafa aldrei verið til í Austur-Evrópu.

Íslensk hagstjórn til 1960

Leið markaðshagfræðinnar á Íslandi hefur verið torsótt. Sjálfsþurftar-búskapur fyrri alda hafði auðvitað lítið með nútímamarkaðshagfræði að gera. Hagkerfi hérlendis á þjóðveldistímanum var svipað og í nágrannalönd-unum. Verslun við útlönd var frjáls og Íslendingasögurnar greina mikið frá verslunarferðum til og frá Íslandi. Sundrung Sturlungaaldar leiddi með öðru til þess að við misstum sjálfstæðið í lok þrettánda aldar. Þá voru Íslendingar líklega um 50.000 talsins og sú íbúatala stóð í stað í meira en fimm hundruð ár. Óhætt er að tala um hinar myrku miðaldir á Íslandi þótt á öðrum tíma væru en annars staðar í Evrópu. Hagkerfið byggðist nær algerlega á land-búnaði sem aðeins gat framfleytt ákveðnum fjölda manna í landinu. Verslun við útlönd minnkaði verulega eftir þjóðveldistímann. Hungursneyð og drep-sóttir í kjölfar náttúruhamfara sáu um að halda fólksfjölda í skefjum. Sárafa-tækt var í landinu og aðeins nokkrir stórbændur bjuggu við góð líf skjör en allt innlent embættis- og löggjafarvald var í þeirra höndum, auk hins danska yfirvalds í Kaupmannahöfn. Þessar aðstæður voru í sjálfu sér ekki mjög frá-brugðnar þeim sem ríktu í Evrópu framan af þessum tíma.

Upp úr landafundunum miklu árið 1492, sem skilja að miðaldir og nýöld, jókst verslun milli landa. Þessi þróun fór fram hjá Íslendingum langt fram á nítjándu öld. Andstaða var af hálfu hinna fáu stórbænda við að þorp byggð á sjávarútvegi mynduðust við sjávarsíðuna. Það leiddi til þess að auðlindir sjávar voru nær eingöngu nýttar í stórum stíl af útlendingum. Einokun-arverslunin dró enn meiri mátt úr landsmönnum. Jón Sigurðsson forseti skildi manna best að sjálfstæði þjóðar fæst ekki í reynd nema verslunarfrælsi ríki og það náðist árið 1855.

Það var ekki fyrr en í byrjun þessarar aldar að íslenskt þjóðfélag og hag-kerfi þróaðist hratt í átt til þess sem þá hafði verið í Evrópu í meira en eitt hundrað ár með stórfelldri uppbyggingu bæja og borga, iðnaðar og verslunar. Íslendingar stjórnðu í reynd efnahagsmálum sínum allt frá því að heima-stjórn fékkst árið 1904. Breytingin var stórkostleg. Þannig voru Íslendingar fimmtíu þúsund um 1820, sjötíu þúsund árið 1890, eitt hundrað þúsund árið 1930, tvö hundruð þúsund árið 1970 og tvö hundruð og sextíu þús-und árið 1992. Þessi mikla fólksfjölgun á aðeins rúmum eitt hundrað og fimmtíu árum gerbreytti öllu þjóðfélaginu. Við hurfum frá frumstæðum

sjálfsþurftarþúskað fyrri tíma í nútímalegt þjóðfélag með miklum tengslum við umheiminn. Atvinnuhættir breyttust þannig að með vélbátabyltingunni varð sjávarútvegur mikilvægasti atvinnuvegurinn og stóð undir stórbættum lífskjörum allra landsmanna. Framan af þessum tíma, þ.e. fram að kreppunni, var reynt að efla útgerð og auka viðskipti við útlönd. Einkaaðilar settu mestan svip á þróun þessara ára.

Upp úr kreppunni skiljast hins vegar leiðir í hagstjórn. Þegar aðrar þjóðir mættu kreppunni, m.a. með auknum ríkisumsvifum og að hluta til með frjálsum viðskiptum, þá reyrdum við okkur í bönd hafta. Þá hefst einn sérkennilegasti þáttur Íslandssögunnar, þ.e. haftatímabilið frá 1931 til 1960. Þessi tími er mjög athyglisverður frá markaðshagfræðilegum sjónarmiðum, auk þess sem stutt er liðið síðan þessir atburðir gerðust. Nær allur innflutningur var háður leyfum, umsvif ríkisvaldsins voru mjög mikil í atvinnulífinu og gjaldeyrir var skammtaður. Þannig þurfti leyfi til að flytja inn flest milli himins og jarðar, m.a. bækur, vélahluti og ávexti. Biðraðir voru einkenni haftaaranna eins og oft má sjá á myndum frá Austur-Evrópu. Verslun með innflutningsleyfi blómgaðist og spilling varð mikil. Fjölmargar einkasölur á vegum hins opinbera voru settar á stofn og áhrif hagsmunasamtaka voru mikil. Utanríkisverslun dróst mjög saman vegna þess að genginu var haldið of háu.

Mikil stjórn málaðeg átök voru um hvert þjóðfélagið ætti að stefna. Framsóknarflokkurinn sem var á þessum árum áhrifamestur í íslensku þjóðlífi, m.a. vegna ákvæða kosningalaga, stóð gegn uppbyggingu bæja en vildi hlut landbúnaðar og sveita sem mestan. Samvinnuverslunin, sem var nátengd Framsóknarflokknum, jók hlut sinn í verslun á kostnað einkaaðila. Verkalýðshreyfingin eflidist á þessum árum, bæði á faglegum grunni og sem stjórn málaðeg afl.

Þessi hatrómu átök fyrri hluta aldarinnar leiddu m.a. til þess að Íslendingar gerðu ekki nauðsynlegar breytingar á hagstjórn sinni eins og aðrar þjóðir. Seinni heimsstyrjöldin gerbreytti síðan atvinnuástandinu og miklar gjaldeyriskjör þjóðarinnar í stríðinu sköpuðu áður óþekkta velmegun. Stórum hluta gjaldeyrisvarasjóðsins var ráðstafað eftir stríð til togarakaupa á vegum opinberra aðila. Þetta reyndist atvinnulífi mikil lyftistöng, einkum í bæjum á landsbyggðinni. Marshall-aðstoðin um 1950 varð einnig vítamín-sprautu fyrir efnahagslífið en þessu var ekki fylgt eftir með skynsamlegri gengisstefnu en rétt gengisskráning er forsenda öflugrar utanríkisverslunar.

Þegar aðrar þjóðir þróuðust í frjálsræðisátt eftir stríðið jukum við haftaþúskaðinn og fjarlægðumst markaðshagfræðina. Ástæður þessa eru að hluta

til vanþekking á þeim straumum sem þá léku um hagkerfi Vesturlanda. Fjárfestingar nýsköpunarstjórnarinnar árin 1944 til 1947 og hömlulaus innflutningur eyddu gjaldeyrisforðanum á skömmum tíma og Íslendingar urðu vanskilamenn erlendis. Þessar fjárfestingar voru allar eftir lögmaðlum miðstýrðs áætlunarbúskapar og því eins langt frá markaðshagfræði og hægt var. Ýmsar efnahagslegar og stjórn mála legar aðstæður gerðu það að verkum að nýjar hugmyndir áttu ekki hljómgrunn hérlandis á þessum tíma. Þannig sigldu Íslendingar aftur inn í tímabil hafta eftir stríðið þegar aðrar þjóðir losuðu um viðskiptahöft og efldu framleiðslu og hagvöxt. Þjóðverjar náðu t.d. ótrúlegum árangri í hagstjórn eftir stríðið, m.a. undir forustu Ludwigs Erhardts og byggðu upp velferðarkerfi almennings og efldu atvinnufyrirtæki en þetta, ásamt félagslegu skipulagi Norðurlandanna, markaði þróun þjóðfélaga seinni hluta tuttugustu aldar í Evrópu.

Íslensk efnahagsstjórnun eftir 1960

Það var ekki fyrir en við valdatöku viðreisnarstjórnarinnar árið 1959 að lögmál markaðshagfræðinnar fengu að njóta sín í íslensku þjóðfélagi. Hagfræðiþekkingu meðal ráðamanna fleygði fram og vel menntaðir hagfræðingar eins og Benjamín Eiríksson, Gylfi Þ. Gíslason, Klemenzy Tryggvason, Jóhannes Nordal, Jónas Haralz og Ólafur Björnsson fóru að láta til sín taka. Gylfi og Ólafur sátu á Alþingi á viðreisnarárunum og fylgdu þekkingu í markaðshagfræði eftir með nútímalegri löggjöf og breyttri hagstjórn á árunum eftir 1960. Inngangan í EFTA árið 1970 markaði þáttaskil í efnahagsmálum landsmanna. Gylfi var viðskiptaráðherra í tólf ár og vafalítið hefur enginn einn maður átt meiri þátt í því að markaðshagfræðin varð óaðskiljanlegur hluti allrar stjórn mála umræðu hér á landi. Það var mikilvægt að bæði Ólafur og Gylfi, sem voru prófessorar í hagfræði í Háskóla Íslands, hösluðu sér völlu í stjórn málum og tryggðu þannig að nýjasta þekking vísindanna ætti greiða leið að hinni daglegu umræðu stjórn mála. Áhrif Jóhannesar Nordals, sem var seðlabankastjóri frá 1961 til 1993, voru mikil. Hann þreyttist aldrei á að boða efnahagsstefnu sem byggðist á frjálsum viðskiptum og samræmdri stefnu í peninga- og ríkisfjármálum.

Íslensk hagstjórn eftir 1960 varð æ líkari því sem tíðkaðist í nágrannalöndunum þótt ekki breyttist allt í einu veffangi. Aukinn sjávarafli tryggði góð lífsskjör landsmanna, ein hin bestu í heiminum, en fjármálakerfið var vanþroskað. Vextir á sparifé voru neikvæðir um áratuga skeið þannig að úr sparnaði dró. Lántakendur högnuðust en sparifjáreigendur töpuðu. Þótt mikið af hinum svokallaða verðbólguþróða hafi runnið til almennings í

formi niðurgreiddra húsnæðislána og atvinnuuppbyggingar voru afleiðingar af slíku kerfi offjárfestingar og rangar áætlanir. Lántaka varð hagkvæm og skömmtun fjármagns algild þar sem framboð og eftirspurn réðu ekki vöxtum. Langar biðraðir fyrir utan lánastofnanir til að fá lán voru daglegt brauð og minntu á skömmtunarfyrikomulag haftaáranna.

Sveiflur í sjávarútvegi hafa alltaf haft veruleg áhrif í efnahagsmálum hérlendis. Hvarf síldarinnar og verðfall á botnfiskafurðum árin 1967 og 1968 var erfiðasta efnahagskreppa síðustu áratuga. Víxlhækkun launa og verðlags í kjölfar gengisbreytinga vegna rekstrarstöðu sjávarútvegsins setti svip á hagstjórn áttunda og níunda áratugarins. Verðbólga fór vaxandi og verðtrygging, m.a. á launum, varð nær algild. Verðtrygging fjárskuldbindinga eftir 1979 var mikið framfaraspor til að örva sparnað og eyða misrétti sem sparifjáreigendur bjuggu við. Á árunum 1975 til 1980 talaði Vilmundur Gylfason alþingismaður af mikilli einurð fyrir verðtryggingu fjárskuldbindinga. Hann rökstuddi mál sitt m.a. með réttlætissjónarmiðum gagnvart sparifjáreigendum. Efnahagsleg áhrif verðtryggingarinnar urðu mjög mikil. Fyrirtæki sem ekki skynjuðu breytta tíma og gættu ekki að fjárfestingum á þessum árum áttu síðar erfitt uppdráttar. Þannig liðaðist langstærsta félagasamsteypa landsins, Samband íslenskra samvinnufélaga, sundur á fáum árum þótt orsakir þessa séu vitaskuld fleiri en að lánsfjármagn varð verðtryggt.

Ríkisvaldið skiptir sér enn mikið af öflun lánsfjármagns til fjárfestinga einkaaðila hvort sem er í atvinnurekstri eða t.d. til húsbygginga. Viðskiptabankakerfið hérlendis er að verulegu leyti í eigu ríkisins sem er ekki algengt á Vesturlöndum. Síðustu ár hefur ýmislegt gerst í hagstjórn sem tekur mið af markaðshagfræðinni. Fiskmarkaðir, hlutabréfa- og gjaldeyrismarkaður hófu starfsemi, frelsi var aukið í fjármagnsflutningum milli landa, verðlagshöft afnumin og horfið frá miðstýrðum fiskverðsákvörðunum. Enn er þó landbúnaðarstefnan með stórfelldum niðurgreiðslum, töluverðri offramleiðslu og vernduðu umhverfi langt frá lögmálum markaðshagfræðinnar, einkavæðing er skammt á veg komin og stjórn mála í tók á lánsfjármarkaði eru veruleg. Kjarasamningar á almennum markaði eru sjaldnast gerðir á ábyrgð aðila vinnumarkaðarins heldur er ríkisvaldið virkur þátttakandi í gerð þeirra. Vald sjálfstæðra hagsmunasamtaka er mjög mikið hérlendis en það helst oftast í hendur við þverrandi áhrif stjórn málaflókka. Eftir því sem staða stjórn málaflókka og stjórn málamanna veikist, m.a. í almenningsáliti, eflast aðrar stofnanir þjóðfélagsins, s.s. hagsmunasamtök og embættismenn stjórnsýslunnar.

Tvennt hefur sett svip sinn á hagkerfið eftir 1970, þ.e. annars vegar mikil verðbólga og hins vegar nær ekkert atvinnuleysi. Verðbólga til lengri tíma grefur undan möguleikum hagvaxtar og þar með atvinnu, eykur erlendar skuldir og raskar allri áætlanagerð. Svonefndir þjóðarsáttarsamningar, sem voru gerðir að frumkvæði verkalýðshreyfingarinnar og samtaka atvinnurekenda árið 1990 og einkenndust af stöðugleika í gengi og lágri verðbólgu, marka umgjörð efnahagslífsins á síðasta áratug þessarar aldar. Erlendar skuldir og vaxandi atvinnuleysi eru þau vandamál sem eru nú hvað erfiðust úrlausnar. Aukin áhersla á markaðsbúskap og frekari aðlögun að efnahagsstjórn nágrannalandanna eru líklega vænlegustu leiðirnar til úrbóta.

Þróun og horfur í Evrópu eftir 1989

Alþjóðahyggan í efnahagsmálum kemur skýrt fram í reglulegum fundarhöldum forustumanna helstu iðnríkja heims, auk nánara samstarfs innan Evrópusambandsins og alþjóðlegra tollaviðræðna á vegum GATT. Sú samvinna miðar að því að einfalda alþjóðleg viðskipti, leysa stjórnmalaleg vandamál einstakra landa eða svæða, styrkja gengissamstarf, minnka viðskiptahindranir og hagsveiflur, örva hagvöxt og þar með atvinnu og bæta lífskjör. Ekki er útséð um hvort samvinna Vesturlanda og Japans feli í sér lausnir fyrir þróunarríkin og fyrirverandi kommúnistaríki. Til þess eru aðstæður of ólíkar. Markaðsbúskapur byggist einnig á hefð og menningu sem ekki er einfalt að tileinka sér á skömmum tíma. Íslendingar eiga ekki mjög langa hefð í markaðsbúskap og oft er enn grunnt á margvíslegri forsjárhyggju í stjórnmalaumræðu hérlendis hjá öllum stjórnmalaflokkunum. Markaðshagfræðin fær ekki heldur að leika um öll svið á Vesturlöndum. Þannig er landbúnaðarstefna Evrópusambandsins afturhaldssöm framleiðslustyrkjastefna sem heldur uppi tiltölulega háu matarverði til að vernda hagsmuni franskra og þýskra bænda sem alla þessa öld hafa haft mjög sterk ítök í stjórnmalum þessara völdugustu ríkja meginlandsins.

Sú viðleitni vestrænna þjóða, að Íslendingum meðtöldum, að beita markaðslögmálum þar sem þeim verður við komið til að tryggja áframhaldandi góð lífskjör leiðir til sívaxandi alþjóðlegrar samvinnu. Evrópusambandið er orðið ein viðskiptaheild og aukið frelsi í viðskiptum í kjölfar innri markaðarbandalagsins er talið auka hagvöxt um 6% á fáum árum. Stjórnmalalegur samruni í kjölfar efnahagssamvinnunnar á að tryggja stöðugleika til fram-búðar. Þjóðernisdeilur í Evrópu í kjölfar breytinganna í Austur-Evrópu og andúð ýmissa Evrópuþjóða á því að tengjast of nánnum böndum geta vel leitt til þess að staðnæmst verði við samvinnu á sviði efnahagsmála. Langvarandi

atvinnuleysi í Evrópu er vaxandi félagslegt vandamál, einkum meðal ungs fólks og það hefur leitt til eflingar öfgahreyfinga og þjóðerniskenndar meðal almennings. Þetta kallar á endurmat í stjórnámálum álfunnar.

Risavaxið verkefni er fram undan við að bæta lífskjör í Austur-Evrópu og í þróunarlöndunum og búast má við að stjórnámál og hagstjórn fyrstu áratugi næstu aldar, tuttugustu og fyrstu aldarinnar, markist einkum af því. Hagfræðin sem vísindagrein bendir á að sem tæki sé markaðsbúskapurinn líklegastur til að skila árangri á því sviði.

Þróun löggjafar og viðskipta á íslenskum hlutabréfamarkaði¹

Þróun löggjafar um hlutabréfaviðskipti

Löggjöf í Evrópu um hlutabréfaviðskipti hefur orðið æ líkari í einstökum löndum þótt margt skilji enn á milli í stjórnunarháttum hjá skráðum fyrirtækjum eftir löndum. Löggjöf byggð á breskri hefð veitir hluthöfum og lánardrottnum mesta vernd en löggjöf byggð á franskri hefð þá minnstu. Þýsk og norræn löggjöf er talin liggja þar á milli.

Fyrstu lög um Verðbréfaþing Íslands, sem seinna varð að Kauphöll Íslands, voru sett árið 1993. Á árinu 1992 voru lögð fram á Alþingi þrjú frumvörp sem voru lögfest árið 1993, þ.e. frumvarp um Verðbréfaþing Íslands, frumvarp um verðbréfaviðskipti og frumvarp um verðbréfasjóði. Í lögnum frá 1993 voru þáverandi reglur um verðbréfaþing settar í lög og Verðbréfaþing Íslands var gert að sjálfseignarstofnun en það var áður rekið sem deild í Seðlabanka Íslands.

Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sem var gerður 1992 og tók gildi árið 1994, var gert ráð fyrir frjálsu flæði fjármagns, þótt ekki hafi verið sett sem skilyrði í þeim samningi að stofnuð yrði kauphöll í einstökum aðildarríkjum. Þó var í tilskipun Evrópusambandsins nr. 79/279, sem er hluti samningsins, kveðið á um að aðildarríkin skyldu tilnefna yfirvöld sem gætu heimilað opinbera skráningu verðbréfa.

Með lögfestingu frumvarpsins um verðbréfaviðskipti árið 1993 var sett heildarlöggjöf um verðbréfaviðskipti hér á landi. Þar var stuðst við ákvæði þágildandi laga og löggjöf nágrannalandanna, sem hafði verið lögð að reglum Evrópusambandsins. Einnig var höfð bein hliðsjón af lögum og reglum Evrópusambandsins. Frumvörp um verðbréfaviðskipti og um verðbréfasjóði voru afgangið samhljóða á Alþingi. Alþingi gerði ekki miklar breytingar á frumvörpunum í þinglegri meðferð og ekki var stjórn mála leigur ágreiningur um lög.

Með þessum frumvörpum urðu til þrenn lög, þ.e. lög um verðbréfaviðskipti, lög um verðbréfasjóði og lög um Verðbréfaþing Íslands. Árið 1997

¹ *Rannsóknir í félagsvísindum V. Viðskipta- og hagfræðideild. Háskólaútgáfan. Reykjavík 2004.*

voru sett lög um rafræna skráningu verðbréfa. Með þeirri löggjöf var stofnuð verðbréfamíðstöð þar sem skrádir eru eigendur og viðskipti með hvers konar verðbréf. Auk þessara fjögurra lagabálka mynda lög um fjármálaeftirlit, sem fram til ársins 1999 var innan Seðlabanka Íslands, og nokkrir lagabálkar um fjármálafyrirtæki umgjörð um fjármálastarfsemi á Íslandi. Löggjöf um fjármálamarkaði á Íslandi byggist enn þann dag í dag á þessum sex laga-bálkum.

Núgildandi lögum um starfsemi kauphalla, sem tóku gildi 1998, hefur verið breytt nokkrum sinnum. Mikilvægasta breytingin snýr að eftirliti á fjármagnsmarkaði með því að stofna Fjármálaeftirlitið og leggja niður Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitið.

Á árinu 2003 voru gerðar breytingar á lögum um fjármálamarkaði, meðal annars á lögum um verðbréfasjóði þar sem lögfest voru skilyrði Evrópu-tilskipunar nr. 85/611 sem varða upplýsingagjöf, fjárfestingarstefnu og starfs-skilyrði til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Jafnframt var árið 2003 sett ný heildarlöggjöf um verðbréfavíðskipti. Í þeim lögum voru felldar inn í lög nýjar tilskipanir Evrópusambandsins skv. EES-sam-ningnum.

Einnig var á árinu 2003 sett heildarlöggjöf um fjármálafyrirtæki þar sem lög um viðskiptabanka og sparisjóði, lög um lánastofnanir, aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, lög um rafeyrisfyrirtæki og ákvæði varðandi



Mynd 1. Helstu lög um fjármálastarfsemi á Íslandi.

starfsemi verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlunar í lögunum um verðbréfavíðskipti voru sameinuð í heildarlöggjöf um fjármálafyrirtæki.


Löggjöfin hefur smátt og smátt verið löguð að tilskipunum Evrópusambandsins. Jafnframt hefur eldri löggjöf verið endurskoðuð, skýrð og einfölduð. EES-samningurinn hefur haft gífurlega mikil og jákvæð áhrif í íslensku efnahagslífi og stuðlað að því að hlutabréfamarkaðurinn hefur orðið eins öflugur og raun ber vitni.

Það verður ekki séð að séríslensk ákvæði séu áberandi í þessari löggjöf, heldur er íslensk löggjöf miklu frekar löguð að þeirri þróun sem er erlendis, annars vegar með því að miða við löggjöf á öðrum Norðurlöndum og hins vegar með því að uppfylla samningsákvæði um Evrópska efnahagssvæðið. Mynd 1 lýsir sex meginþáttum löggjafar um fjármálastarfsemi hérlendis.

Önnur lög sem skipta miklu máli á fjármálamarkaði eru lög um hlutafélög (2/1995) og lög um Seðlabanka Íslands (36/2001). Auk þess eru reglugerðir tengdar öllum þessum lagabálkum mikilvægur þáttur í umgjörð verðbréfavíðskipta.

Þróun víðskipta með hlutabréf hérlendis

Fyrir 1990 voru hlutabréfavíðskipti tiltölulega fátíð á Íslandi. Almennt var ekki litið á hlutabréf sem vænlegan fjárfestingakost. Lítið var um að einstaklingar og félög seldu hlutabréf. Mörg félög í íslenskum atvinnurekstri



Mynd 2. Fjöldi skráðra hlutafélaga í Kauphöllinni 1991 til 15.10. 2004.


voru fjölskyldufélög sem var markvisst haldið lokuðum. Tímabilið frá 1970 til 1990 einkenndist einnig af miklum óstöðugleika og mikilli verðbólgu en það snerist við eftir 1990. Frá 1980 til 1990 var árleg verðbólga að meðaltali 34% en frá 1991 til 2003 var árleg verðbólga að meðaltali 3%.

Umsvif Kauphallar Íslands hafa aukist verulega síðasta áratug. Í mynd 2 sést fjöldi skráðra fyrirtækja í Kauphöll Íslands síðustu tæp fjórtán ár.

Flest urðu fyrirtækin 75 talsins árin 1999 og 2000. Mikil fækkun hefur orðið frá 2002 og um miðjan október 2004 eru einungis 40 félög skráð. Ástæður fækkunarinnar eru m.a. sameining félaga, það að eigendum félaga hefur fækkað og því hefur orðið að taka þau af lista Kauphallarinnar og forsvarsmenn fyrirtækja telja ekki eins mikinn ávinning af skráningu í Kauphöllinni og áður. Þessi þróun er áhyggjuefni.

Markaðsvirði hlutabréfa og velta viðskiptanna gefur góða mynd af starfsemi Kauphallarinnar og þróun þeirra yfir lengri tíma eins og sýnt er í mynd 3. Markaðsvirði skráðra hlutabréfa hefur vaxið gífurlega síðustu tæp fjórtán ár, eða úr 2 milljörðum kr. árið 1991 í 855 milljarða kr. í lok júní 2004. Veltan hefur einnig aukist verulega, eða úr engu í 554 milljarða kr. á árinu 2003.

Tafla 1 sýnir markaðsvirði hlutabréfa í Kauphöllinni og veltu hlutabréfaviðskipta sem hlutfall af vergri landsframleiðslu síðustu þrettán ár.



Mynd 3. Markaðsvirði skráðra hlutabréfa hjá Kauphöllinni og velta viðskipta með hlutabréfi skráðum félögum Kauphallarinnar 1991 til 2003/30.6. 2004 í milljörðum króna.

Ár	Markaðsvirði sem hlutfall af VLF	Velta sem hlutfall af VLF
1991	0,4	0,0
1992	3,3	0,2
1993	4,4	0,7
1994	7,2	0,9
1995	10,9	1,5
1996	19,4	2,2
1997	29,0	4,4
1998	40,4	7,0
1999	58,9	19,1
2000	58,4	29,6
2001	55,0	17,8
2002	66,4	40,8
2003	80,2	67,4

Tafla 1. Markaðsvirði og velta skráðra hlutabréfa í Kauphöll Íslands sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) 1991–2003.

Í lok ársins 1991 var markaðsvirði skráðra hlutabréfa 0,4% af vergri landsframleiðslu en í lok ársins 2003 var hlutfallið orðið 80,2%. Velta sem hlutfall af landsframleiðslu fór á örfáum árum upp í 67% af landsframleiðslu.

Árið 2001 gerðist Kauphöll Íslands aðili að NOREX, sem er samstarfs-
vettvangur kauphallanna á Norðurlöndum og í hluta Eystrasaltsríkjanna. Aðildin felur m.a. í sér að notað er sama viðskiptakerfið (SAXESS) og reglur um aðild og viðskipti eru eins í öllum kauphöllum. Aðild Kauphallar Íslands að NOREX var veigamikil skref í að auka trúverðuleika á hlutabréfaviðskiptum og samræming vinnubragða hefur einnig leitt til lækkunar viðskiptakostnaðar.

Breytingin á stöðu fyrirtækja í Kauphöll Íslands um þessar mundir sést vel ef borin eru saman stærstu fyrirtæki landsins undanfarin ár, 21 að tölu, miðað við veltu og skoðað hvort þau eru skráð í Kauphöllinni eða ekki eins og gert er í töflu 2.

Eins og sést í síðasta dálki í töflu 2 voru 15 af 21 stærstu fyrirtækjanna skráð í Kauphöllinni í árslok 2002. Í lok júní 2004 voru einungis 11 þeirra eftir. Nokkrir hástökkvarar eru á meðal þessara fyrirtækja. Þannig var Bakkavör í 55. sæti í árslok 2000, í 37. sæti í árslok 2001 og í 11. sæti í árslok 2002. Kaupþing var í 31. sæti í árslok 2000, í 19. sæti í árslok 2001 og í 14. sæti í árslok 2002 en Kaupþing sameinaðist Búnaðarbankanum árið 2003 undir nafninu KB-banki sem um mitt ár 2004 var með mesta markaðsverðmæti íslenskra fyrirtækja. KB-banki var síðar aftur kallaður Kaupþing.

Einungis eitt opinbert fyrirtæki er á listanum, Landsvirkjun. Eitt erlent fyrirtæki er meðal hinna stærstu, Alcan, sem rekur álverið í Straumsvík.

Félag	Atvinnugrein	Röð eftir veltu 2002	Skráð 30.6.2004	Skráð 31.12.2002
SÍF	Sjávarútvegur	1	Já	Já
SH	Sjávarútvegur	2	Já	Já
Baugur	Verslun og þjónusta	3	Nei	Já
Flugleiðir	Samgöngur	4	Já	Já
Íslandsbanki	Fjármál og tryggingar	5	Já	Já
Landsbankinn	Fjármál og tryggingar	6	Já	Já
Alcan	Iðnaður og framleiðsla	7	Nei	Nei
Eimskip	Samgöngur	8	Já	Já
Búnaðarbankinn	Fjármál og tryggingar	9	Já	Já
Atlanta Air	Samgöngur	10	Nei	Nei
Bakkavör	Iðnaður og framleiðsla	11	Já	Já
Pharmaco	Lyfjaframleiðsla	12	Já	Já
Landsíminn	Upplýsingatækni	13	Nei	Nei
Kaupþing	Fjármál og tryggingar	14	Já	Já
Oliufélagið	Oliudreifing	15	Nei	Já
Skeljungur	Oliudreifing	16	Nei	Já
Samskip	Samgöngur	17	Nei	Nei
Landsvirkjun	Iðnaður og framleiðsla	18	Nei	Nei
Kaupás	Verslun og þjónusta	19	Nei	Nei
Samherji	Sjávarútvegur	20	Já	Já
Olís	Oliudreifing	21	Nei	Já

Tafla 2. Stærstu fyrirtæki landsins árið 2002 eftir veltu og staða þeirra í Kauphöllinni í lok ársins 2002 og í lok júní 2004.

Landspítali – háskólasjúkrahús er ein stærsta rekstrareining landsins með veltu upp á 26 milljarða kr. árið 2002, sem hefði skilað 8. sæti í töflu eitt en venja er að flokka spítalann ekki með í þessum samanburði. Í töflu 3 sést samanburður á 21 kauphöll hérlendis og erlendis í árslok 2003 miðað við landsframleiðslu á því ári.

Í öðrum dálki í töflu 3 er sýnt markaðsvirði skráðra hlutabréfa í árslok 2003 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu ársins 2003 og er það 80% á Íslandi. Ísland er ofarlega meðal þessara landa, sem er athyglisvert miðað við hversu stuttan tíma skipulagður hlutabréfamarkaður hefur verið við lýði á Íslandi. Nokkur landanna í töflu 3 eru með mikla alþjóðlega fjármálaþjónustu sem tengist viðkomandi landi ekkert sérstaklega. Auk þessara markaða í töflu 3 starfa nokkrar stórar kauphallir í Evrópu í mörgum löndum, eins og Euronext og Wirt-X.

Í þriðja dálki í töflu 3 er sýnd velta viðskipta með skráð hlutabréf árið 2003 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu ársins 2003. Veltan á íslenska hlutabréfamarkaðinum er mikil miðað við mörg önnur lönd og er hlutfallið á Íslandi 67%. Hér er átt við öll hlutabréfaviðskipti í skráðum félögum, bæði

Land	Markaðsvirði sem hlutfall af VLF	Velta sem hlutfall af VLF
Lúxemborg	143	1
Bretland	135	223
Finnland	105	113
Svíþjóð	96	112
Spánn	87	123
Ísland	80	67
Grikkland	61	24
Írland	56	32
Danmörk	56	33
Kýpur	51	3
Þýskaland	45	60
Noregur	43	39
Ítalía	42	62
Malta	30	1
Austurríki	22	5
Ungverjaland	20	11
Slóvenía	20	2
Tékkland	18	11
Pólland	18	5
Litháen	12	1
Slóvakía	9	2

Tafla 3. Markaðsvirði og velta skráðra hlutabréfa í kauphöllum í 21 Evrópulandi sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) árið 2003.

innan og utan kauphalla í viðkomandi löndum. Tiltölulega stór hluti viðskipta með hlutabréf er utan kauphallar hérlendis miðað við önnur lönd en slík viðskipti eru þó öll skráð innan Kauphallar Íslands.

Finnland hefur sterkasta stöðu af Norðurlöndunum með hlutfallslega mest verðmæti skráðra hlutabréfa og með hlutfallslega mesta veltu. Hugsanleg skýring er sterk staða finnskra félaga í upplýsingatækni. Kauphöllin á Íslandi hefur hlutfallslega meiri umsvif en kauphallirnar í Danmörku og Noregi. Þrátt fyrir mikinn vöxt í hlutabréfaviðskiptum á Íslandi undanfarin ár er þó enn langt í það að erlend fjárfesting í hlutabréfum á Íslandi nái sama umfangi og á öðrum Norðurlöndum. Útrás íslenskra fyrirtækja erlendis er þeim mun meiri.

Næstu skref

Athyglisvert er að bera þróun íslenska hlutabréfamarkaðarins saman við aðra tiltölulega nýja markaði. Hefðbundinn hlutabréfamarkaður að

vestrænni fyrirmynd var fyrst settur á stofn í Ungverjalandi af löndum Austur-Evrópu eftir breytingarnar í kjölfar falls Berlínarmúrsins 1989. Samanburður á fyrstu sjö starfsárum markaðarins á Íslandi og í Ungverjalandi sýnir að markaðsvirði skráðra fyrirtækja sem hlutfall af vergri landsframleiðslu var um tvöfalt hærra á Íslandi. Hér gæti ólíkur hraði einkavæðingar skýrt mismunandi þróun.

Viðskiptin í Kauphöll Íslands eru öll rafræn. Verð á hlutabréfum hefur sveiflast gífurlega síðustu ár en einnig hafa orðið nokkuð miklar sveiflur í hagvexti og verðbólgu. Kauphöll Íslands hefur náð sambærilegri stöðu og mun eldri kauphallir erlendis og væri áhugavert að greina það nánar.

Hinn mikli vöxtur í skipulögðum hlutabréfaviðskiptum, bæði innan og utan Kauphallar Íslands, bendir til þess að viðskiptakostnaður hafi lækkað verulega. Jafnframt hafa upplýsingar stóraukist þannig að óvissa hefur minnkað og kostnaður sem tengist þeirri óvissu hefur lækkað.

Löggjöfin hefur smátt og smátt verið löguð að þeim viðskiptavenjum sem áður höfðu skapast og formlegar reglur hafa tekið við af óformlegum reglum. Það er mjög mikilvægt í sambandi við innleiðingu nýrra viðskiptahátta að gæta þess að formlegar reglur séu í samræmi við óformlegar reglur sem hafa lengi gilt. Fákeppni hefur lengi verið vandamál í íslensku efnahagslífi. Núna er ástæða til þess að gæta sérstaklega að því hvort hin tiltölulega þrönga eignaraðild að mörgum fyrirtækjum á Íslandi og samþjöppun geri frekari þróun á markaðinum erfitt fyrir. Þar á móti gæti meiri þátttaka útlendinga á íslenska hlutabréfamarkaðinum aukið viðskiptin til muna en erlendir fjárfestar hafa verið þátttakendur á íslenska húsbréfamarkaðinum.

Ísland hefur allar forsendur til að verða miðstöð fjármálaviðskipta í sjávarútvegi í heiminum þar sem hér er umtalsverð sérþekking í sjávarútvegi og nær sú sérþekking ekki hvað síst til viðskipta með hlutabréf í þessum geira. Sama máli gegnir um alþjóðlega fjármálaþjónustu en hérlendis er vel menntað starfsfólk á því sviði. Lúxemborg er dæmi um fámennt land sem hefur náð miklum árangri og góðum lífskjörum, m.a. með aukinni þátttöku í alþjóðlegri fjármálastarfsemi.


Í upphafi skipulagðra hlutabréfaviðskipta á Íslandi fyrir rúmum áratug voru litlar reglur og efnahagslífið óstöðugt. Á tíunda áratug síðustu aldar og þess sem liðið er af fyrsta áratug þessarar aldar hefur verið uppgangur í efnahagslífinu, samhliða bættri löggjöf um hlutabréfaviðskipti. Hinn efnahagslegi uppgangur og sú löggjöf, sem byggist á erlendum fyrirmyndum, eru meginástæðurnar fyrir því að vel hefur tekist til með uppbyggingu skipulagðra hlutabréfaviðskipta hérlendis.

Einkenni smásöluverslunar hérlendis¹

Smásöluverslun og hagþróun

Smásöluverslun á Íslandi hefur þróast mikið á síðustu áratugum. Sjálfstæði landsins árið 1944 og eftirstríðsárin mörkuðu aðlögun að hagkerfi og hagsjónraraðferðum nágrannalandanna. Samfélagið breyttist smátt og smátt úr frumframleiðslusamfélagi í þjónustusamfélag. Búið hefur verið á Íslandi frá seinni hluta níundu aldar og Ísland var sjálfstætt ríki fram til 1262 og var líflæg verslun í landinu og við útlönd á þessum fyrstu öldum búsetu.


Eftir 1262 og allt til ársins 1944 var Ísland nýlenda, fyrst Norðmanna og síðan Dana. Á fimmtánda öld versluðu Englendingar mikið á Íslandi og á sextánda öld bættust Þjóðverjar við. Danakonungur eða umboðsmenn hans ráku alla verslun á Íslandi, inn- og útflutning og smásölu á sautjándu og átjándu öld en á nítjándu öld færðist verslun smátt og smátt inn í landið. Á tuttugustu öldinni urðu miklar framfarir í verslun og búhátum. Í mynd 1 er sýnd þróun íbúafjölda og hagvaxtar í rúm eitt hundrað ár frá upphafi tuttugustu aldar.



Mynd 1. Þróun íbúafjölda og hagvaxtar frá 1900 til 2003.

¹ Rannsóknir í félagsvísindum VI. Viðskipta- og hagfræðideild. Félagsvísindastofnun. Reykjavík 2005.

Eins og sést í mynd 1 hefur íbúafjöldi landsins nær fjórfaldast á síðustu eitt hundrað árum en hagvöxtur á íbúa hefur tólfaldast á sama tíma. Smásöluverslunin komst alfarið í hendur Íslendinga á árunum frá 1870 til 1903 en heildsala var öll í höndum útlandinga á þeim tíma. Eftir 1903 færðist heildsalan einnig smátt og smátt í hendur Íslendinga. Hið opinbera skipti sér mikið af smásölu allt fram til ársins 1960 en eftir þann tíma hefur ríkt markaðshagkerfi að þessu leyti í verslun. Á mynd 2 sést hlutdeild vinnumarkaðar í landbúnaði, sjávarútvegi og í verslun frá aldamótum 1900.



Mynd 2. Hlutdeild helstu atvinnuvega, landbúnaðar, sjávarútvegs og verslunar á vinnumarkaði 1900 til 2004.

Eins og sést í mynd 2 hefur orðið gífurleg breyting á atvinnuháttum undanfarin eitt hundrað ár. Þannig hefur hlutdeild landbúnaðar á vinnumarkaði lækkað úr 60% árið 1900 niður í 3,4% árið 2004. Hlutdeild sjávarútvegs hefur lækkað úr 17% niður í 6,3% árið 2004 en verslun hefur aukið hlutdeild sína á vinnumarkaði úr 2% árið 1900 í 16% árið 2004.

Miklar breytingar hafa orðið á matvælaneyslu síðustu tæp fimmtíu árin en sala matvæla er stærsti þáttur smásölu. Mjólkurneysla, sem er mikil á Íslandi, hefur dregist saman um nær helming. Neysla gosdrykkja hefur tífaldast. Egg- og kjötneysla hefur einnig aukist verulega. Neysla á kartöflum og fiski hefur dregist mikið saman en litlar breytingar hafa orðið á neyslu kaffis og sykurs en þar þarf að hafa í huga að með gosdrykkjum hefur sykurneysla engu að síður aukist verulega. Ef samsetning einkaneyslu er skoðuð yfir lengra tímabil hafa orðið miklar breytingar. Kaup á mat, húsnæði og fatnaði hafa dregist

saman um þriðjung undanfarin tæp fimmtíu ár en flutningar og fjarskipti, menntun og afþreying vaxið. Þessi breyting á neyslumynstri endurspeglar þjóðfélagslegar breytingar á þessum tíma. Neyslumynstur hefur mikil áhrif á smásöluverslun og er þetta mynstur með nokkuð öðrum hætti hér en annars staðar á Norðurlöndum

Bílaeign Íslendinga er mest meðal Norðurlandþjóða miðað við fólksfjölda, Danir neyta mests áfengis og Íslendingar eru með minnsta grænmetisneyslu en mesta mjólkurneyslu. Neysla Íslendinga á nautakjöti og kálfakjöti er áberandi minnst allra Norðurlanda en móti kemur að lambakjötnesysla er hér langmest. Íslendingar eru um miðjan hóp í neyslu kjúklingakjöts en efstir í fisk- og sykurneyslu.

Smásala hefur vaxið mikið á Íslandi miðað við önnur lönd á Norðurlöndum. Þannig hefur smásala aukist um 70% á árunum 1990 til 2002 á sama tíma og aukningin hefur verið um 40–45% í Danmörku og Svíþjóð og 30% í Finnlandi en ekki nema 20% í Noregi.

Umfang smásöluverslunarinnar

Mælikvarði á breytingar á umsvifum í smásöluverslun er velta í smásöluverslun á föstu verðlagi og sem hlutfall af landsframleiðslu. Smásala með matvæli er stærsti einstaki smásölugeirinn með um 77 milljarða króna veltu frá 1998 til 2004 og hefur hún staðið í stað undanfarin ár. Önnur smásala er með um 120 milljarða króna veltu síðustu sjö ár og hefur hún aukist nokkuð á föstu verðlagi. Smásala sem hlutdeild af landsframleiðslu dróst saman síðastliðin sjö ár úr 26% hlutdeild í 24%.

Velta í smásöluverslun stafar ekki hvað síst af verslun með matvæli eins og áður segir. Árið 2003 voru stórmarkaðir með 30% hlutdeild af allri smásöluverslun, en þar er mikil matvælasala. Byggingarvöruverslanir voru með 11% hlutdeild í smásöluverslun og hefðbundnar matvöruverslanir með minna sölurými en 400 m² voru einungis með um 6% hlutdeild af allri smásölu. Sala á áfengi er með sérstökum hætti á Íslandi þar sem rekin er ríkiseinkasala, svipað og á ýmsum hinna Norðurlandanna. Hlutdeild áfengisverslunar er 8% af smásöluverslun. Lyf og tengd framleiðsla eru nær eingöngu seld í sérhæfðum verslunum sem þó eru oft í eigu stærri verslunarkedja og lyfjasala er með 7% hlutdeild smásöluverslunar. Önnur smásala var 38% allrar smásöluverslunar árið 2003.

Stórmarkaðir og risamarkaðir hafa sífellt náð stærri markaðshlutdeild og árið 2004 voru þrjú fyrirtæki með 88% af allri dagvöruverslun í landinu en hún er langmest á höfuðborgarsvæðinu. Þessi fyrirtæki eru Hagar með 46%


hlutdeild, Kaupás með 26% og Samkaup með 16%. Innflutningur til Íslands hefur einkum verið frá Evrópu. Mest var flutt inn frá sömu ellefu löndunum bæði 1983 og 2003 og Þýskaland er í báðum tilvikum stærsta innflutningslandið. Árið 1983 fluttu þessi lönd inn samtals 79% af heildarinnflutningi og árið 2003 var hlutdeild þeirra 69%. Hlutdeild smásöluverslunar og tengdra atvinnugreina í landsframleiðslu hefur vaxið verulega undanfarin ár.

Hlutdeild verslunar og tengdra atvinnugreina í landsframleiðslu er um 12% og hefur minnkað lítillega síðustu þrettán ár, sbr. mynd 2. Fjárfestingar í tengslum við verslun og tengdar greinar hafa verið um 3 til 4% af heildarfjárfestingu á Íslandi síðustu ár og hafa þær dregist saman undanfarin sex ár um 25% en hafa þarf í huga að fyrir þann tíma varð veruleg aukning í fjárfestingum í verslunarhúsnæði, einkum á sviði smásölu. Þannig var fjárfesting á þessu sviði um 11% af heildarfjárfestingum árið 1987.

Vörustjórnunarkostnaður og verslunarsvæði


Ísland er tiltölulega stórt land miðað við íbúafjölda og það gerir flutning mikilvægan þátt í vöruverði smásöluverslunar. Í mynd 3 sést dreifing íbúa í 162 löndum heims árið 2003. Íbúar þessara landa eru 6,3 milljarðar og þetta eru flest lönd heims og öll þau stærstu. Ísland, sem er með þrjá íbúa á hvern ferkílómetra, er í hópi dreifbýlustu landa veraldar, eða í 6. neðsta sæti.

Þéttbýlasta land í heimi er Singapúr en næstþéttbýlast er Malta. Tíu dreifbýlustu lönd heims eru Mongólía, Namibía, Ástralía, Botsvana, Súrínam,



Mynd 3. Þéttleiki byggðar, íbúar á ferkílómetra, í 162 löndum.

Ísland, Mánítanía, Líbía, Kanada og Gvæjana. Á móti hinu mikla dreifbýli á Íslandi vegur hins vegar sú staðreynd að mjög stór hluti íbúa landsins býr á höfuðborgarsvæðinu. Í mynd 4 sést þróun búsetu milli þéttbýlis og dreifbýlis frá árinu 1901.




Mynd 4. Þróun þéttbýlismyndunar á Íslandi í rúm eitt hundrað ár, frá 1901 til 2003.

Á mynd 4 sést að árið 1901 bjuggu 87% Íslendinga í dreifbýli en þeir eru nú 37%. Þessi þróun hefur haft mikil áhrif á smásöluverslun. Ef skoðað er hvernig þéttbýli er háttað á höfuðborgarsvæðum í heiminum sést í mynd 5 hversu stórt hlutfall íbúa 162 landa býr á höfuðborgarsvæði viðkomandi lands árið 2003.

Á Íslandi búa 63% af íbúum landsins á höfuðborgarsvæðinu og er Ísland þannig nánast borgriki. Landsbyggðin er horfin héraendis sé borið saman við önnur lönd. Einungis í fimm ríkjum er hlutfall íbúa á höfuðborgarsvæði hærra en á Íslandi. Þau tíu lönd þar sem flestir landsmenn búa á höfuðborgarsvæði eru Singapúr, Barein, Kúveit, Bahamaeyjar, Katar, Ísland, Úrúgvæ, Líbanon, Súrínam og Malta. Þótt smásöluverslun ætti að öðru jöfnu erfitt uppdráttar í mjög dreifbýlum löndum eins og á Íslandi býr mjög stór hluti af íbúum landsins á höfuðborgarsvæðinu og þar með lækkar dreifingarkostnaður.

Mikilvægur hluti kostnaðar við smásölu er vörustjórnunarkostnaður eða flutningafræðilegur kostnaður (e: logistics costs). Vörustjórnunarkostnaður hefur verið kannaður fyrir tiltekna þætti héraendis, þ.e. fyrir dagvöru, sem sé matvöru. Þessi rannsókn fól bæði í sér heildsölu og smásölu. Árið 2003 var vörustjórnunarkostnaður 8% af veltu, þar af var flutningskostnaður 3%,



Mynd 5. Hlutfall íbúa á höfuðborgarsvæði í 162 löndum.

birgðakostnaður 4,4% og stjórnunarkostnaður 0,5%. Í töflu 1 eru sýndar nokkrar niðurstöður í evrópskum rannsóknum.

Í töflu 1 er vörustjórnunarkostnaði skipt í þrennt, þ.e. í stjórnunarkostnað, birgðakostnað og flutningskostnað. Fyrsta rannsóknin í töflu 1 er sú íslenska frá 2004. Næstu tvær eru frá Noregi í iðnaði og þar hefur vörustjórnunarkostnaður lækkað mikið á fjórum árum frá 1997 til 2001. Það sama hefur gerst í næstu tveimur rannsóknum í heilidsölu í Noregi. Síðan eru þrjár rannsóknir frá Finnlandi með tiltölulega háan vörustjórnunarkostnað. Þó er ekki mikill munur milli þessara þriggja rannsókna frá Finnlandi. Síðustu þrjár

Rannsókn, ár og land	Stjórnunarkostnaður	Birgðakostnaður	Flutningskostnaður	Heildarkostnaður sem hlutfall af veltu
Ísland 2004, framleiðsla og sala	0,5%	4,4%	3,0%	8,0%
Noregur 1997, framleiðsla	1,0%	2,8%	7,9%	11,7%
Noregur 2001, framleiðsla	0,9%	2,6%	5,6%	9,1%
Noregur 1997, heilidsala				14,3%
Noregur 1999, heilidsala	1,0%	4,1%	4,1%	9,2%
Finnland 1990, framleiðsla og sala	0,7%	5,5%	4,8%	11,0%
Finnland 1995, framleiðsla og sala	0,8%	4,9%	4,7%	10,3%
Finnland 1999, framleiðsla og sala	0,6%	5,0%	4,6%	10,2%
Evrópa 1987, Kearney				14,3%
Evrópa 1993, Kearney				10,1%
Evrópa 1998, Kearney, 200 fyrirtæki	1,2%	3,4%	3,1%	7,7%

Tafla 1. Vörustjórnunarkostnaður í nokkrum löndum Evrópu.

rannsóknirnar voru gerðar af fyrirtækinu A.T. Kearney fyrir Evrópsku vörustjórnunarsamtökin (e: European Logistics Association) og þar sjást miklar framfarir á ellefu árum. Það þarf þó að túlka og bera þessar rannsóknir saman af varkárni. Rannsóknirnar byggjast á ólíkum grunni og gögn eru ekki alltaf sambærileg. Þær sýna þó þróun í einstökum löndum og af þeim er hægt að draga þá ályktun að vörustjórnunarkostnaður á Íslandi sé svipaður og hann er í Noregi. Þótt Ísland sé langt frá öðrum löndum er markaðurinn á höfuðborgarsvæðinu mun samþjappaðri en annars staðar þótt landið sé stórt og dreifbýlt að öðru leyti.

Uppbygging á smásöluverslun á Norðurlöndum er mismunandi. Mjög stórir verslunarkjarnar og stórverslanir eru algengar á Íslandi, í Finnlandi og í Danmörku. Smærri verslanir eru algengar í Noregi og í Svíþjóð að nokkru leyti. Á öllum Norðurlöndum eru það stórfyrirtæki sem hafa tögl og hagldir í smásöluversluninni. Þau líta í vaxandi mæli til næstu landa, Evrópu og jafnvel heimsins sem markaðssvæðis síns.

Á Íslandi er eitt fyrirtæki, Hagar, með 46% markaðshlutdeild í dagvöru, eins og fyrr segir, með þrjár gerðir af verslunum. Sama fyrirtæki er einnig með stóra hlutdeild á lyfjamarkaði. Ástæðurnar fyrir árangri þessa fyrirtækis eru að stefnumarkandi fjárfestingar hafa verið gerðar varðandi staðsetningu, upplýsingatækni og vörustjórnun.

Niðurstöður

Ísland hefur að ýmsu leyti sérstöðu hvað varðar smásöluverslun. Landið er stórt en fámennt og mjög stór hluti íbúa býr á höfuðborgarsvæðinu. Smásöluverslun er mikilvægur þáttur í hagkerfinu. Neysla einstaklinga er nokkuð ólík neyslu hjá öðrum þjóðum, einkum hvað varðar matvörur, en ekki verður séð að það marki umtalsverða sérstöðu. Stórverslanir eru ráðandi í smásöluverslun á Íslandi eins og í nágrannalöndunum. Rannsóknir á vörustjórnunarkostnaði benda til þess að hann sé svipaður á Íslandi og í Noregi en áhugavert væri að gera enn ítarlegri fjölþjóðlegan samanburð á þessu sviði. Ein meginniðurstaða er að þéttleiki búsetu og það hversu stórt hlutfall landsmanna býr á höfuðborgarsvæði viðkomandi lands er mjög mismunandi eftir löndum heims og hefur Ísland að mörgu leyti sérstöðu. Þetta er mjög áhugavert rannsóknarefni, m.a. í tengslum við smásöluverslun, en einnig á öðrum sviðum.

Seðlabanki Íslands

Starfsemi Seðlabanka Íslands¹

Ársfund Seðlabankans ber nú upp á þrjátíu ára afmæli hans. Þá er tilefni að staldra við, hugsa til liðins tíma og láta hugann reika fram á við. Starfsemi bankans er yfirgripsmikil og snar þáttur í allri efnahagsstjórnun.

Markmið Seðlabanka

Í lögum um Seðlabanka Íslands segir um gengisskráningu að þar skuli miða við að gengi sé sem stöðugast og að ná jöfnuði í viðskiptum við útlönd, en rekstrargrundvöllur útflutningsatvinnuvega og samkeppnisgreina sé jafnframt tryggður. Það þarf ekki að staldra lengi við þessa setningu til að sjá að hér geta markmið rekist illa hvert á annað. Í lögum segir ekki hvert þessara markmiða skuli hafa forgang séu aðstæður þannig að velja verði á milli.

Það er ekki einsdæmi í Seðlabankalögum eða í annarri lagasetningu að markmið séu ekki skýrt skilgreind. Við erum líklega öll því marki brennd að vilja ná meiru og láta betra af okkur leiða en mögulegt er. Það er ekkert athugasvert við að setja markmið hátt. Slíkar óskir eiga hins vegar ekki vel við í stjórnun efnahagsmála. Efnahagsmál fjalla um að velja milli kosta því að ekki verða allar þarfir uppfylltar. Skýrt afmörkuð markmiðssetning er forsenda þess að efnahagsmál fari eftir þeim farvegi sem ætlaður er.

Það er oft vitnað til þýska seðlabankans, sem er öflugastur seðlabanka í Evrópu. Það er einkum tvennt sem markar sérstöðu hans. Annars vegar eru þar ákvæði í lögum um að helsta markmið hans sé að varðveita gildi gjaldmiðilsins. Hins vegar nýtur hann verulegs sjálfstæðis í störfum og beitingu stjórnækja.

Þýski seðlabankinn hefur látið markmiðið um að varðveita gildi gjaldmiðilsins ganga fyrir öllu öðru og miðað peninga- og gengisstefnu við að halda verðbólgu niðri, oft á tíðum með harkalegum aðgerðum. Þessi stefna, sem hefur verið framkvæmd í áratugi, hefur notið víðtæks stuðnings þjóðarinnar, að hluta til vegna sögulegra ástæðna, en einnig vegna þess að stefnan hefur skilað árangri í bættum lífskjörum.

Þessi stefna er ekki til komin vegna einhvers konar þráhyggju Þjóðverja,

¹ Fjármálatíðindi 1. tbl. 38. árg. 1991. Byggt á ræðu höfundar sem hann sem formaður bankaráðs hélt á ársfundi Seðlabanka Íslands 9. apríl 1991.

heldur byggist hún á þeirri hagfræði að til lengdar sé stöðugleiki í verðlagi forsenda framfara og hagvaxtar. Einungis í stöðugu verðlagi er hægt að líta með nokkru öryggi fram á við, gera heilsteypnar og markvissar áætlanir og huga að öðrum verðmætum en þeim efnahagslegu.

Það sérkennilega er að nú erum við á þessum lygna sjó verðlagsmála. Verðbólga hefur um áratuga skeið verið meiri hér en hjá öðrum þjóðum og hefur það smátt og smátt dregið mátt úr öllu efnahagskerfinu. Hagvöxtur síðustu ára var enginn á sama tíma og aðrar þjóðir uppskáru vöxt þjóðartekna. Við erum samt með best settu þjóðum í efnahagslegu tilliti. Við erum lánsöm þjóð, njótum velsældar umfram nær alla á þessari jörð, búum við frjálsræði í hugsun og athöfnum, frelsi, sem er óþekkt víða í þessum heimi.

Við Íslendingar höfum líka þann metnað að hér skuli lífskjör verða áfram góð, næg atvinna, menning á háu stigi, búið sé vel að börnum, sjúkum og öldruðum og sjálfsákvörðunarréttur þjóðarinnar sé virtur. Þetta eru markmið og metnaður, óháð flokkum, og er hluti af einkennum okkar sem fámennrar þjóðar í stóru landi.

Aukið frjálsræði og ábyrgð ríkisvalds

Við höfum nú gullið tækifæri til að festa í sessi stöðugleika í verðlagi, stöðugleika, sem er forsenda framfara. Við erum þátttakendur í miklum umbrotum. Þar er áberandi hrun kommúnisma í Austur-Evrópu, hröð þróun nágretta okkar til sameinaðrar Evrópu og víðtæk alþjóðleg þátttaka í hernaðaraðgerðum gegn ofbeldi og einræði, svo að nokkuð sé nefnt. Þessar miklu breytingar setja auðvitað svip sinn á íslenskt þjóðfélag.

Við verðum að skynja þessa nýju straua, átta okkur á stefnu þeirra, skilja alþjóðlegt gildi þeirra, meta gagnsemina fyrir okkar þjóðfélag og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum umbótum. Við getum dregist ótrúlega hratt aftur úr öðrum þjóðum, ef við berum ekki gæfu til að átta okkur á umhverfinu.

Atburðir síðustu ára eru líka áskorun um að eiga þátt í nýju skipulagi í okkar heimshluta. Breytingarnar sem verða innan Evrópu á næstu árum eru með þeim meiri sem þessi álfa hefur gengið í gegnum. Við höfum ávallt talið okkur til Evrópu og við þurfum að taka mikilvægar ákvarðanir á þessu sviði á næstu árum.

Í viðskiptum hafa aukið frjálsræði og minnkandi hömlur einkennt síðustu ár

Jákvæð niðurstaða í viðræðum við Evrópusambandið og EFTA mun kalla á verulegar breytingar á löggjöf og reglum. Hvort sem samningar takast

í þessari lotu eða ekki er ljóst að í stjórnsýslu okkar og efnahagsmálum verðum við að laga margt að því sem nágrannar okkar gera. Mikilvægast er að verðbólgan sé svipuð hér og í helstu viðskiptalöndum okkar.

Efnahagsmál lúta í auknum mæli alþjóðlegu samstarfi og svigrúm einstakra þjóða hefur minnkað verulega síðustu ár. Allt bendir til þess að umgjörð efnahagsstjórnunar verði í ríkari mæli mörkuð með fjölþjóðlegum ákvörðunum. Við eigum meðal annars að horfast í augu við að svigrúm til gengisbreytinga er ekki mikið. Trúverðug fastgengisstefna samhliða ábyrgð í kjarasamningum og ríkisfjármálum er vafalítið sú leið sem flestar þjóðir telja farsælasta til stjórnunar efnahagsmála.

Við þurfum að ná meiri stöðugleika í umsvifum ríkisvaldsins, ekki hvað síst á sviðum sem eru utan hefðbundinna fjárlaga. Ríkisvaldið vinnur ekki aðeins eftir fjárlögum, heldur eru ríkisfyrirtæki mjög umsvifamikil. Þar að auki starfa ýmsir lánasjóðir á ábyrgð ríkisins. Ríkisábyrgðir, sem nema háum fjárhæðum, hafa einnig verið veittar með ýmsum hætti, bæði beint og í gegnum bankastofnanir. Þessu er ekki nægur gaumur gefinn og þyrfti eftirlit að verða betra og yfirsýn meiri í þessum málum.

Ekki er nægjanlega hugað að þeim miklu skuldbindingum sem lífeyrisgreiðslur framtíðarinnar fela í sér. Hér er um fjallhár fjárhæðir að ræða, sem ríkisvaldið hefur ábyrgst gagnvart hluta þegna sinna. Fjármögnun á þessu er óljós en ekki verður mjög lengi við svo búíð. Í þessu sambandi er minnt á hinar miklu lífeyrisskuldbindingar bankastofnana, sem verða færðar til gjalda í rekstrarreikningi á næstu árum.

Við höfum náð góðum árangri í efnahagsmálum síðasta ár; hér er lítil verðbólga, jafnvægi ríkir á vinnumarkaði, sem og á fjármagnsmarkaði, stöðugleiki ríkir í gengismálum og fjármögnun ríkissjóðs er að miklu leyti innlend. Fáir hefðu trúað þessu fyrir um tveimur til þremur árum, en þetta er staðreynd, og við eigum að gleðjast yfir þessu. Í atvinnulífinu eru öll umsvif nú með skynsamlegri hætti en áður, stefna offjárfestingar hefur verið brotin á bak aftur og meiri ábyrgð ríkir í öllum viðskiptum.

Verðbréfaþing

Verðbréfaþing er rekið samkvæmt heimildarákvæðum í lögum um Sedlabanka Íslands. Starfsemin hefur vaxið verulega, árið 1990 námu viðskiptin 2,5 milljörðum króna og viðskipti jukust um 65% frá árinu á undan. Útgáfa spariskírteina hefur verið aðalviðfangsefni Verðbréfaþings en síðustu mánuði hafa viðskipti með húsbref aukist mikið. Starfsemi Verðbréfaþings verður mjög mikilvæg í verðbréfa- og hlutabréfaviðskiptum.

Það er vert til umhugsunar hvort búa eigi sérstakan lagaramma um starfsemi Verðbréfaþings. Verðbréfavíðskipti eru nýlunda hérlendis og slys hafa orðið á því sviði, slys, sem urðu vegna þess að ákvæði í lögum voru ekki nægjanlega skýr. Hlutabréfamarkaðurinn er enn yngri en verðbréfavíðskiptin og full ástæða er að gæta varkárni þar.

Ný viðhorf viðskiptabanka

Bankastofnanir hafa gengið í gegnum hreinsunareld undanfarin ár, bönkum hefur fækkað og starfsemi þeirra hefur tekið meira mið af samkeppni en áður. Í víðskiptum þeirra er einnig vaxandi varkárni áberandi. Þetta er ánægjuleg þróun því að verðbólga undanfarinna ára hafði brugðið sliktu yfir marga hluti, bæði í rekstri fyrirtækja og í afkomu heimila, sliktu, sem erfitt var að sjá í gegnum á tímum verðbólgu og óöryggis.

Innlánsstofnanir þurfa að laga sig að breyttum alþjóðlegum reglum. Hér er meðal annars átt við samræmdar reglur um eigið fé. Einnig þyrfti að huga að því hvort ekki komi til greina að lögbinda hámark lána til einstakra lántakenda sem hlutfall af eigin fé bankastofnana.

Umræða um rekstrarfyrirkomulag banka hlýtur að verða mikil á næstu misserum. Endurskipulagning bankakerfisins hefur orðið veruleg, þar sem sameiningu banka ber hæst. Aukin samvinna sparisjóða sýnir einnig að nýr hugsunarháttur hefur rutt sér til rúms í okkar litla bankaheimi; hugsunarháttur um heppilegar rekstrareiningar, dreifingu áhættu, aukna samkeppnisvitund og þjónustulund.

Seðlabankinn hefur nýlega skilað skýrslu til viðskiptaráðherra um kosti og galla þess að breyta ríkisvíðskiptabönkunum í hlutafélög. Þar er ekki gerð tillaga um skref í þessa átt, heldur er hér fyrst og fremst faglegt innlegg til að hefja mikilvæga umræðu. Ýmsar sérstakar aðstæður hérlendis, svo sem dreifð byggð, tengsl banka við atvinnuvegi og hlutverk þeirra í byggðastefnu verður að skoða vandlega áður en stór skref eru stigin.

Það eru ýmsar blíkur á lofti þótt ótrúlega vel hafi gengið síðustu tvö ár. Það er sótt að launastefnunni og helst af þeim aðilum sem borið hafa meira úr bótum en aðrar stéttir. Það er einkennilegt eðli okkar Íslendinga, að oftast skuli þeir sem drýgri hlut bera frá borði ganga fram fyrir skjöldu í innri samanburði og knýja á um hækkunar sérstaklega sér til handa.

Stóru launþegasamtökin, með ýmsa láglaunahópa innanborðs, sýna þolinmæði og sjá langt fram yfir stundarhagsmuni. Vonandi ráða ekki skammtíma-sjónarmiðin eina ferðina enn í efnahags- og launamálum. Árangur síðustu tveggja ára væri þá að verulegu leyti unninn fyrir gýg. Slíkt má ekki gerast.

Stjórnskipulag Seðlabankans

Seðlabankinn gegnir ákveðnu hlutverki í stjórnskipun okkar. Seðlabankinn er þannig banki ríkissjóðs og innlánsstofnana, varðveitir gjaldeyrisvarasjóðinn, sér um seðlaútgáfu, skráir gengi, annast bankaeftirlit, finnur verðbréfavíðskiptum farveg, hefur áhrif á ýmsar vaxtaákvarðanir, stundar gjaldeyrisviðskipti og stuðlar að stjórnun efnahagsmála með bindingu innlánsfjár eða lausafjársbindingu innlánsstofnana.

Seðlabankinn er auk þessa ráðgjafi ríkisstjórnar og samstarfsaðili á ýmsan hátt. Þær breytingar sem orðið hafa í umhverfi okkar eru mikilvægar fyrir starfshætti bankans.

Seðlabankinn á ætíð að búa við sem best skipulag á hverjum tíma. Endurskoðun á ákvæðum laga um það efni er nú hafin. Hér eru fjölmörg álitamál sem ber að taka afstöðu til í ljósi breytinga undanfarinna ára, til að mynda samskipti Seðlabanka og ríkisstjórnar, bæði hin formlegu og óformlegu, aukning verðbréfa- og hlutafjárviðskipta og þáttur bankans á því sviði, en ljóst er að aukning verðbréfa- og hlutabréfavíðskipta verður veruleg á næstu árum. Eftirlit þarf allt að vera tryggt, þó án þess að það hindri á nokkurn hátt hinn eðlilega vöxt þessara viðskipta.

Lífeyrissjóðir munu vafalítið stórauka fjárfestingu í hlutabréfum á næstu árum eins og gerst hefur í öðrum löndum. Þetta getur gerbreytt umhverfi fyrirtækja hérlendis á fáum árum.

Það er full ástæða til að endurmeta fyrirkomulag fjármögnunar ríkissjóðs í Seðlabanka, meta t.d. hvort heimildir ríkissjóðs til lántöku í Seðlabankanum séu of rúmar, nú þegar möguleikar á annarri fjármögnun innanlands eru mun víðtækari en áður var.

Stjórnskipun bankastjórnar og bankaráðs hlýtur að koma til skoðunar, það er, með hvaða hætti sé skipað í slíkar stöður, til hve langs tíma og hvaða almennar kröfur skuli gerðar til aðila í þessum stöðum.

Það þarf að meta hvort samskiptum Seðlabankans við aðrar stofnanir ríkisvaldsins, svo sem ráðuneyti og ýmsar efnahagsstofnanir, sé eins vel skipað og kostur er. Þetta tengist stjórnþækjum bankans á sviði gengis-, vaxta- og peningamála og sú spurning vaknar hvort þau þyrftu ekki að vera markvissari og starf bankans sjálfstæðara en nú er. Þetta kallar á bætt stjórnþæki og breytt vinnubrögð.

Þannig hafa seðlabankar nágrannalandanna þróast og hægt er að færa rök fyrir því að slíkt sé æskilegt. Við eigum auðvitað að meta slíkt út frá íslenskum aðstæðum. Seðlabanki er hluti af ríkisvaldi og á ekki og getur ekki verið sjálfstæður gagnvart stjórnkerfinu. Hins vegar er æskilegt að

Seðlabankinn sé sjálfstæður innan stjórnkerfisins og hafi skýrt afmarkað ákvarðanavald. Til samanburðar hefur verið bent á sjálfstæði dómstóla, sem vissulega eru líka hluti stjórnkerfisins.

Ef fallist er á að heppilegt sé að markmið í Seðlabankalögum séu skilgreind skarpar en nú er gert og að stöðugleiki verðlags sé forsenda framfara og velferðarþjóðfélagsins er hægt að sjá fyrir sér starfsemi Seðlabankans beinast einkum að því að verja þá stefnu.

Hér hefur meðal annars verið dregið á nokkra þætti, tengda lögum um Seðlabanka, sem ástæða er til að staldra við. Þörf er málefnalegar umræðu um efnahagsmál og samskipti valdþátta í stjórnkerfinu. Seðlabankinn vill gjarnan leggja sitt af mörkum, til að slík skoðanaskipti geti verið sem frjóst.

Starfsemi Seðlabankans er stundum tilefni til umræðu og hann sætir oft gagnrýni. Í umræðu um bankann nýverið hefur ekki gætt nægjanlega faglegra sjónarmiða. Seðlabanki á að sæta gagnrýni, þegar svo ber undir. Starfsemi Seðlabankans er háð síbreytilegum þáttum í efnahagsstjórnun, og dregst bankinn þess vegna oft inn í daglegar pólitískar umræður.

En gagnrýnin verður að vera málefnaleg og fagleg. Þannig gilda ákveðin lög mál um vexti, verðbólgu, eftirspurn og framboð af lánsfé, sparnað og áhrif ríkisfjármála. Þetta eru engin séríslensk fyrirbæri eða lög mál, heldur alþjóðlegar staðreyndir, studdar áratuga þróun, og þær eru þungamiðja í efnahagsstjórnun hjá flestum ríkisstjórnnum. Það verður að ætlast til þess að skilningur á þessum grundvallaratriðum komi skýrt fram í umræðu og gagnrýni á störfum Seðlabankans.

Þær kröfur verður sömuleiðis að gera til stjórnámálanna að þeir stundi ekki strákslegar yfirlýsingar um starfsemi bankans og einstaka starfsmenn hans. Það er ekki vegna þess að Seðlabankamenn sviði undan. Síður en svo. Óvönduð ummæli dæma sig oftast sjálf en órókstudd gagnrýni getur dregið úr trausti almennings á mikilvægri stofnun lýðveldisins og minnkað árangur aðgerða hennar og með henni er gert lítið úr þeim verkefnum sem öllum seðlabönkum er skylt að sinna.

Seðlabanki hefur mikilvægu hlutverki að gegna í efnahagslífi sérhverrar þjóðar alveg eins og dómstólar. Traust verður að ríkja milli stjórnámálanna og annarra stofnana ríkisvaldsins, án tillits til þeirra einstaklinga sem þar starfa.

Þetta leiðir hugann að samskiptum eða afskiptum stjórnámálanna af Seðlabankanum. Það væri vafalítið til bóta ef Seðlabanki Íslands hefði skýrt afmarkað svið sem hann starfar á, án beinna afskipta þingmanna.

Eftirlitshlutverk þingsins væri þá skýrara en áður og treyst væri á þann ramma sem stjórnámálamenn settu sjálfir slíkri starfsemi.

Stofnun eins og Seðlabankinn byggist á sérhæfðum störfum í efnahagsmálum, störfum sem eru hluti af æ flóknari vísindagrein. Það er vel, ef tekst að tryggja fagleg vinnubrögð og gott eftirlitskerfi og stuðla þannig að sjálfstæði starfseminnar innan stjórnkerfisins. Það er í höndum stjórnálmanna hvernig þessu er best komið fyrir. Valdið er réttilega þeirra til að skipa þessum málum.

Nýtt lagafrumvarp um Seðlabanka Íslands¹

Inngangur

Þörf er á nýrri löggjöf um Seðlabankann m.a. vegna breytts efnahagslegs umhverfis en sífellt fleiri þjóðir hafa fært efnahagslíf sitt í átt til frjálsræðis á undanförunum árum og þannig hafa starfsvettvangur og áherslur Seðlabankans breyst verulega. Til að vinna þetta verk valdi viðskiptaráðherra, Jón Sigurðsson, þá leið að óska eftir tilnefningu allra þáverandi þingflokka til setu í nefnd um málið. Auk mín, sem var tilnefndur af Alþýðuflokki og gegndi formennsku í nefndinni, áttu sæti í henni, Geir H. Haarde og Ólafur B. Thors, tilnefndir af Sjálfstæðisflokki, Guðmundur G. Þórarinsson, tilnefndur af Framsóknarflokki, Guðrún Halldórsdóttir, tilnefnd af Kvinnalista, Már Guðmundsson, tilnefndur af Alþýðubandalagi, og Guðmundur Ágústsson, tilnefndur af Borgaraflokki, en hann hætti fljótlega störfum í nefndinni.

Nefndinni var falið að fjalla um endurskoðun laga um Seðlabanka Íslands og gera tillögur um breytingar. Í skipunarbréfi nefndarinnar segir meðal annars að breyttar aðstæður á íslenskum fjármagnsmarkaði frá því að núgildandi lög um Seðlabanka Íslands voru samin og aukið fjölþjóðasamstarf á sviði gengis- og vaxtamála muni í vaxandi mæli setja mark sitt á efnahagslíf Íslendinga í framtíðinni. Breyttar aðstæður kalla á breytt vinnubrögð og bætt stjórnþæki Seðlabankans í gengis-, vaxta- og peningamálum. Nefndinni var einnig falið að taka skipan og hlutverk bankastjórnar og bankaráðs til endurskoðunar með það að markmiði að stjórnskipulag bankans tryggði sem best faglega stjórnun hans og þátttöku í hagstjórn.

Nefndin er skipuð pólitískt og sækir umboð sitt til aðila löggjafarvaldsins og það gefur til kynna mikilvægi þess að um slíka endurskoðun náist strax í upphafi pólitísk samstaða, auk faglegrar umfjöllunar. Nefndin vann í rúmt ár og lagði mikla vinnu í gerð frumvarps og kynnti sér vel starfsemi og löggjöf seðlabanka í öðrum löndum. Hún hafði samráð við fjölmarga, þar með talda bankastjórn Seðlabankans, og sótti ráð til vísustu

¹ Ræða í Seðlabanka Íslands 13. maí 1992. Flest þau efnisatriði sem hér er lýst urðu seinna meginhluti af nýrri löggjöf um Seðlabanka Íslands.

manna. Niðurstöðunni sem birtist í frumvarpinu sjálfu er best að lýsa með umfjöllun um einstaka kafla frumvarpsins.

Hlutverk Seðlabankans er einkum að sjá um útgáfu seðla og myntar, vera banki ríkissjóðs og lánastofnana, að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og sjá um eftirlit á fjármagnsmarkaði. Einnig gegnir Seðlabankinn veigamiklu hlutverki í peningastjórnun með beitingu þeirra stjórnækja sem honum eru fengin til umráða í þessu frumvarpi.

Miklar breytingar hafa orðið á íslenskum fjármagnsmarkaði á síðustu árum. Sameining hefur orðið meðal viðskiptabanka. Verðbréfasjóðir, verðbréfafyrirtæki og eignaleigur hafa unnið sér varanlegan sess og opinn markaður með skammtíma- og langtímaverðbréf hefur eflst verulega. Gjalddeyrislöggjöf hefur verið rýmkuð og EES-samningurinn felur meðal annars í sér að fjárfestingar erlendra aðila verða almennt heimilaðar með vissum undantekningum.

Þetta aukna frjálsræði á fjármagnsmarkaði og í gjaldeyrisárum krefst aukins sjálfstæðis Seðlabankans og virkrar og faglegrar stjórnunar hans til þess að bankinn geti brugðist skjótt við óvæntum aðstæðum í peninga-, gengis- og gjaldeyrisárum. Einkum er mikilvægt að bankanum sé tryggð sjálfstæði við stjórn peningamála.

Markmið Seðlabankans

Nefna má nokkur atriði sem í ljós hefur komið að þurfa endurbóta við í löggjöf um Seðlabankann. Markmiðssetning Seðlabankans er óljós og mótsagnakennd, endurbæta þarf stjórnækki í peningamállum, ákvæði um vaxtaíhlutun eru úrelt, taka þarf af öll tvímæli um samskipti ríkisstjórnar og seðlabanka og móta verkaskiptingu þar á milli, draga þarf úr takmarkalausum aðgangi ríkissjóðs að lánsfé í bankanum, móta þarf skýrari ákvæði um gengisskráningu, verðbréfavíðskipti og gjaldeyrisámarkað, fylgjast betur með nýjum stofnunum á fjármagnsmarkaði og setja bankastjórn og banka-ráði afmarkaðan starfsvettvang, svo að nokkur atriði séu nefnd.

Markmið núverandi Seðlabankalaga eru mörg og að hluta mótsagnakennd. Nefndin taldi nauðsynlegt að skerpa markmiðssetningu þannig að markmið Seðlabankans væri skýrt og afmarkað og beiting stjórnækja miðaðist við að stuðla að því að ná því markmiði. Óskhyggja í Seðlabankalögum um markmið og leiðir sem ekki eru á færi Seðlabankans torveldar einungis starf bankans. Það hefur engan tilgang að fela Seðlabankanum fleiri verkefni en hann getur ráðið við með stjórnækjum sínum. Starfsemi Seðlabankans er einungis hluti af almennri efnahagsstjórn.

Í löndunum umhverfis okkur hefur þeirri skoðun vaxið fylgi að með því að varðveita verðgildi gjaldmiðils og stuðla að stöðugu verðlagi sé tryggður grundvöllur fyrir hagvexti og hagsæld. Vissulega er hægt að deila bæði á vísindalegum grunni og hugmyndafræðilegum um réttmæti þessa og þá einkum hve algild slík stefna getur verið. Algild stefnumörkun er ekki til og gildir það um lög um Seðlabanka eins og annað, að seint eða aldrei verður hin eina rétta leið fundin. Þó vitum við að verðbólgan hefur ekki skilað okkur neinu heldur valdið okkur verulegu tjóni.

Ein af orsökum þess að peningamál hafa farið úr böndum, bæði hér og erlendis, eru skammtíma viðhorf ríkisstjórnna hvers tíma, sem endurspeglast oft meðal annars í skuldasöfnun við seðlabanka og veikja langtímasjónarmið um stöðugleika. Þetta kallar á skýrari verkaskiptingu milli ríkisstjórnar og seðlabanka. Það er gert í þessu frumvarpi og bankinn mun móta stefnu í peningamálum og fá í hendur stjórnþæki á því sviði sem hann getur beitt án afskipta ríkisstjórnar. Stjórnþæki bankans eru einkum fólgin í markaðsaðgerðum með kaupum og sölu á verðbréfamarkaði.

Þótt sjálfstæði bankans sé aukið á þessu sviði er sjálfstæði bankans gagnvart ríkisstjórn fyrst og fremst mikilvægt. Seðlabankinn mun eftir sem áður lúta valdi Alþingis í formi laga og með starfi bankaráðs sem er kjörið af Alþingi. Með vaxandi áherslu á markaðsaðgerðir, þ.e. þátttöku á frjálsum markaði, er í reynd vald Seðlabankans minnkað verulega þar sem horfið er frá tilskipunarvaldi á ýmsum sviðum sem er í núverandi löggjöf.

Önnur markmið sem eru að hluta í núgildandi lögum, svo sem jöfnuður í viðskiptum við útlönd, að framleiðslugeta atvinnuveganna sé nýtt á sem hagkvæmastan hátt eða að rekstrargrundvöllur útflutningsatvinnuveganna sé tryggður, svo að nokkuð sé nefnt, eru í reynd á valdi annarra, til að mynda ríkisstjórnar, fyrirtækja, einstaklinga eða samtaka þeirra.

Þannig er í fyrsta kafla frumvarpsins lagt til að meginmarkmið Seðlabankans sé að varðveita verðgildi íslenska gjaldmiðilsins og stuðla að stöðugu verðlagi. Með því að setja seðlabanka það eina markmið að stuðla að stöðugu verðlagi er í rauninni verið að gefa stöðugleika í verðlagi forgang umfram önnur efnahagsleg markmið. Rökin fyrir slíku byggjast á því að stöðugt verðlag sé til lengdar forsenda þess að öðrum mikilvægum markmiðum verði náð, eins og auknum hagvexti og litlu atvinnuleysi.

Reynsla hérlendis og erlendis hefur sýnt að til lengri tíma litið er enginn ávinningur af verðbólgu. Það er ekki unnt til lengdar að tryggja hátt atvinnustig og hagvöxt með verðbólgu. Verðlagsmarkmið er langtíma-markmið. Þess vegna er meðal annars nauðsynlegt að tryggja seðlabanka

sjálfstæði til að geta beitt þeim stjórnþækjum sem hann hefur yfir að ráða til að ná meginmarkmiði sínu án afskipta stjórnvalda sem kynnu að láta ýmis skammtímasjónarmið ráða gerðum sínum.

Auk þessa meginmarkmiðs, að varðveita verðgildi íslenska gjaldmiðilsins og stuðla að stöðugu verðlagi, eru í fyrsta kafla frumvarpsins þrjú önnur undirmarkmið sem öll falla vel að hefðbundinni starfsemi seðlabanka.

- Það er í fyrsta lagi að stuðla að virkri og öruggri starfsemi á fjármagnsmarkaði. Þessu markmiði er meðal annars náð með starfsemi banka-efirlits og ákvæðum um innlend viðskipti þar sem lögð er áhersla á öryggi fjármálastofnana.
- Annað undirmarkmiðið er að varðveita nægjanlegan gjaldeyrisvarasjóð til þess að greiða fyrir frjálsum viðskiptum og treysta fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar.
- Þriðja undirmarkmiðið er að stuðla að greiðri og hagkvæmri greiðslumíðlun í landinu og við útlönd. Til að ná þessu er Seðlabankanum meðal annars falinn einkaréttur á útgáfu seðla og myntar og bankinn tekur þátt í starfsemi Reiknistofu bankanna.

Önnur ákvæði í fyrsta kafla frumvarpsins eru um nafn, heimili og varnarþing bankans, sem er í Reykjavík, og að hann sé ríkisstofnun sem lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum og að ríkissjóður beri ábyrgð á skuldbindingum bankans.

Gjaldmiðill

Í öðrum kafla frumvarpsins eru lög um gjaldmiðil Íslands. Fram að þessu hafa gilt sérstök lög um gjaldmiðilinn en í frumvarpinu er lagt til að fella þau lög inn í heildarlöggjöf um Seðlabankann. Það fer vel á því að ákvæði um gjaldmiðil séu í lögum um Seðlabankann og er stuðst við fordæmi frá öðrum löndum.

Hér er meðal annars kveðið á um að Seðlabankinn ákveði sjálfur gerð, lögun og útlit seðla og myntar en niður ákvæði þess efnis að ráðherra taki ákvörðun um slíkt. Hér kemur í fyrsta sinn fram sú stefna sem gengur sem rauður þráður í gegnum allt frumvarpið að ráðherra er ekki aðili að ákvörðunum Seðlabankans. Að öðru leyti eru í þessum kafla ákvæði um innköllun peninga og að hægt sé að greina fjárhæðir með heilum tug aura eða sleppa aurum og eru þetta ekki efnisbreytingar á ákvæðum frá núgildandi lögum.

Innlend viðskipti

Í þriðja kafla frumvarpsins er fjallað um innlend viðskipti og er hann mikilvægur hluti frumvarpsins. Þar eru í fyrsta lagi rýmkaðar skilgreiningar á þeim stofnunum sem Seðlabankinn tekur við innlánnum frá. Í frumvarpinu er stofnunum á fjármagnsmarkaði skipt í þrjá hluta.

- Í fyrsta lagi eru innlánsstofnanir, þ.e. viðskiptabankar, sparisjóðir og sambærilegar stofnanir sem heimild hafa að taka við innlánnum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar.
- Annar flokkurinn er lánastofnanir, en til þeirra ná innlánsstofnanir, fjárfestingarlánasjóðir og eignaleigur.
- Þriðja hugtakið yfir stofnanir eru fjármálastofnanir og þá bætast við ýmsar lánastofnanir, til að mynda verðbréfasjóðir, verðbréfafyrirtæki og lífeyrissjóðir. Þess ber að geta að í tengslum við EES-samninginn verður hugtakið lánastofnun væntanlega samræmt skilgreiningu Evrópusambandsins.

Í þessum kafla er kveðið á um lánveitingar til lánastofnana sem eiga innlánsviðskipti við bankann. Hér er um hefðbundnar heimildir seðlabanka að ræða en nýjungin í þessari grein er að Seðlabankanum er heimilt að veita lánastofnunum lán við sérstakar aðstæður ef traust á fjármálakerfi landsins er í hættu. Þetta er lánveiting til þrautavara eða „lender of last resort“, sem er víða verkefni seðlabanka. Þetta er öryggisákvæði sem vonandi þarf ekki að beita en er hins vegar nauðsynlegt til að forðast keðjuverkandi áhrif í bankaheiminum við óvænt áföll. Þessa heimild má ekki nýta með samþykki ráðherra. Þetta er talið vera það mikið undantekningartilvik að fleiri verða að koma að þeirri ákvörðun en Seðlabankinn einn.

Einnig eru sett skýr ákvæði um heimild bankans til að kaupa og selja trygg verðbréf og gefa út eigin bréf til að selja lánastofnunum, en þau bréf eru aðeins ætluð til viðskipta á millibankamarkaði en er ekki ætlað að keppa við verðbréf lánastofnana.

Vaxtaákvörðanir og bindiskylda

Í 14. gr. frumvarpsins er kveðið á um að bankinn ákveði vexti af inn- og útlánnum bankans. Hér er helsta nýmælið það sem fellt er á brott, en það er hið fræga íhlutunarákvæði 9. gr. núgildandi Seðlabankalaga. Þar segir að Seðlabankanum sé heimilt að hlutast til um vaxtaákvörðanir og gæta þess að vaxtamunur sé ekki óhæfilegur og að raunvextir séu hóflegir og ekki

hærri en í helstu viðskiptalöndum. Þessu ákvæði hefur aldrei verið beitt þótt stjórnámalmenn hafi oft veifað því í opinberri umræðu. Flestir eru sammála um að þetta er í reynd óframkvæmanlegt þar sem binding á vöxtum sumra fjármálastofnana myndi einungis leiða til þess að fjármagn rynni til þeirra stofnana þar sem engin íhlutun er möguleg. Einnig er vert að geta þess að verðbréfavíðskipti, þar sem ávöxtunarkrafan er þungamiðja viðskiptanna en ekki hinir formlegu vextir, eru mjög algeng. Það er eðlilegt að fella þetta íhlutunarákvæði niður, einkum í ljósi þess að Seðlabankanum er gert kleift að hafa áhrif á vexti í landinu með kaupum og sölu á verðbréfamarkaði.

Hefðbundin ákvæði eru í frumvarpinu um bindiskyldu og eru þau gerð að almennu stjórnþæki bankans þótt áhrif bindiskyldunnar minnki væntanlega með vaxandi áherslu á markaðsaðgerðir. Breytingar eru gerðar á ákvæðum um laust fé lánastofnana. Nú hefur lausafjárbindingu verið beitt til að gæta öryggissjónarmiða, þ.e. að stofnanir hafi ætíð yfir nægjanlegu lausu fé að ráða, en einnig hefur þessu ákvæði verið beitt mjög rúmt og til dæmis verið nýtt til að örva sölu ríkisvixla, spariskírteina ríkissjóðs og húsbréfa. Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði um lausafjárbindingu nái eingöngu til öryggissjónarmiða og með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundnar nettóinnstæður í innlendum og erlendum innlánsstofnunum, ríkisvixla og aðrar sambærilegar nettóeignir með skemmri binditíma en 90 daga. Þar með er útilokað að ákvæði um laust fé verði nýtt til að auka sölu langtímaríkisverðbréfa. Hér er slíkri fjáröflun beint inn á almennan markað og vaxtakjör og ávöxtunarkrafa slíkra verðbréfa verður að taka mið af markaðsaðstæðum hverju sinni.

Í þessum kafla er líka kveðið á um að fjármálaráðherra skuli veita Seðlabankanum þær upplýsingar um ríkisfjármál sem bankinn telur nauðsynlegar til að ná markmiðum sínum í peningamálum, þar á meðal að veita honum reglulegar upplýsingar um greiðsluáætlanir ríkissjóðs og áform hans um lántökur á innlendum og erlendum markaði. Þetta ákvæði er nýjung. Vitaskuld er slíkt gert að verulegu leyti nú þegar en rétt þótti að hafa skýr lagafyrirmæli um þetta efni því að í lánsfjáráætlun sem afgreidd er á Alþingi koma til dæmis ekki fram erlendar fjármagnshreyfingar innan ársins. Þar sem starf Seðlabankans verður mun meira á fjármagnsmarkaði en áður og ríkissjóður er öflugur þátttakandi á þessum markaði er eðlilegt að sem best samráð sé milli þessara tveggja aðila.

Bann við lántökum ríkissjóðs

Eina mikilvægustu nýjung frumvarpsins er að finna í þessum kafla en þar eru lánveitingar til ríkissjóðs, sveitarfélaga og ríkisstofnana teknar fyrir.

Ríkisfjármálin hafa oft reynst vera helsti veikleiki efnahagsstjórnunar héraendis og yfirdráttur í Seðlabankanum hefur oft orðið mjög mikill og haft þensluáhrif og knúíð upp vexti. Þetta er ekkert séríslenskt vandamál heldur glíma margar þjóðir við það sama. Í mörgum löndum er leyfð lántaka í seðlabanka, sums staðar er hún bönnuð, annars staðar takmörkuð, og þannig mætti lengi telja. Í drögum að lögum um nýjan seðlabanka Evrópu er bannað að veita ríkissjóðum aðildarríkjanna, stofnunum Evrópusambandsins eða öðrum opinberum aðilum lán.

Hér er einnig farin sú að leið að banna slíkar lánveitingar en veittur er aðlögunartími þannig að á næsta ári, árinu 1993, má yfirdráttur ríkissjóðs í Seðlabankanum nema þremur milljörðum, árið 1994 tveimur milljörðum og 1995 einum milljarði. Þannig er þetta þrepað hratt niður á næstu þremur árum. Þetta kallar á gerbreytt vinnubrögð fjármálaráðuneytisins. Það verður að fjármagna skammtímafjárförf ríkissjóðs á markaði, meðal annars með ríkisvixlum, en sá markaður fer mjög vaxandi og nú eru útistandandi um fimmtán milljarðar í ríkisvixlum. Seðlabankinn getur auðvitað komið inn í fjármögnum ríkissjóðs með óbeinum hætti, það er sem kaupandi ríkis tryggðra verðbréfa á fjármagnsmarkaði. Það fer þó allt eftir vilja bankans hvaða áhrif hann vill hafa á vaxtastig hverju sinni. Þessi breyting laganna mun vafalaust stuðla að mun ábyrgari fjármálastjórn ríkissjóðs og markvissari fjárlagagerð en hingað til.

Gengismál og erlend viðskipti

Í fjórða kafla frumvarpsins er fjallað um gengismál og erlend viðskipti. Varðandi gengisskráninguna sjálfa er kveðið á um að Seðlabankinn ákveði að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar hvernig verðgildi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum skuli ákveðið. Í þessu felst að ríkistjórnin hefur endanlegt ákvörðunarvald í gengismálum, enda er það eðlilegt, því að það er nátengt efnahagsstjórn hvernar ríkisstjórnar og þarf þá einnig að vera á hennar valdi.

Heimilt er að gengi krónunnar sé innan vikmarka og að stofnaður verði gjaldeyrismarkaður þar sem Seðlabankinn hlutist til um að halda gengi krónunnar innan þeirra vikmarka sem ákveðin kunna að verða. Einnig er heimilt að tengja gengi krónunnar öðrum gjaldmiðlum eða samsettum gjaldmiðli svo sem evrópsku mynteiningunni EEU eða hinum sérstöku dráttarréttindum Alþjóðagjaldmeyrissjóðsins SDR. Í allri uppbyggingu frumvarpsins er tekið mið af þeirri gengisfestu sem flestar nágrannarþjóðirnar búa nú við og er einn af hornsteinum þess að verðlag haldist stöðugt.

Seðlabankinn mun eftir sem áður gefa út sérstakt viðmiðunargengi sem er notað til grundvallar í opinberum samningum, dómsmálum og öðrum samningum milli aðila þegar önnur gengisviðmiðun er ekki sérstaklega tiltekin. Jafnframt er Seðlabankanum heimilt við óvenjulegar aðstæður að takmarka eða stöðva viðskipti á skipulögðum gjaldeyrismarkaði.

Í þessum kafla er einnig kveðið á um að Seðlabankinn varðveiti gjald-eyrisvarasjóð landsins í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum eða innstæðum í erlendum gjaldmiðlum. Einnig er bankanum heimilt að taka þátt í samstarfi erlendra seðlabanka og alþjóðlegra banka og fjármálastofnana um lánveitingar til að efla gjaldeyrisvarasjóð landsmanna en slíkt alþjóðlegt samstarf hefur færst í vöxt á síðustu árum og getur verið nauðsynlegt til að standa vörð um verðgildi einstakra gjaldmiðla við óvanalegar aðstæður.

Jafnframt eru ákvæði um samskipti og viðskipti við alþjóðlegar stofnanir í umboði ríkisstjórnarinnar eftir því sem óskað er eftir eða honum er falið með lögum. Einnig er Seðlabankinn fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og annast greiðslusamninga við önnur ríki.

Bankaefirlit

Í fimmta kafla frumvarpsins er fjallað um bankaefirlit. Nefndin velti fyrir sér hvort bankaefirlitið væri betur komið í sérstakri stofnun utan bankans eins og þekkt sum staðar. Hagkvæmnisrök mæla hins vegar með því að bankaefirlitið verði áfram staðsett innan Seðlabankans en skipi sérstakan sess innan bankans. Verksvið bankaefirlitsins er víkkað út og nær nú til allra fjármálastofnana, nema ákvæði séu um aðra málsmeðferð í öðrum lögum.

Bankaefirlitinu er einnig falið að hafa eftirlit með þróun á fjármagnsmarkaði sem er býsna ör og gera athugasemdir, ef brotið er í bága við eðlilega viðskiptahætti. Hér eru lögð á bankaefirlitið veigamikil verkefni en oft hefur löggjöf komið löngu eftir að skaði hefur orðið á fjármagnsmarkaði og má minnst Ávöxtunarmálsins í því sambandi.

Tillögur eru gerðar um breytingar á skipun forstöðumanns bankaefirlitsins en hingað til hefur hann verið ráðinn af ráðherra. Nú er lagt til að bankaráð ráði forstöðumann bankaefirlitsins samkvæmt tillögu bankastjórnar. Bankaefirlitið starfar á ábyrgð bankastjórnar en nú er í lögum kveðið á um að yfirstjórn bankaefirlitsins sé í höndum bankastjórnar og bankaráðs. Nefndin taldi óheppilegt að tveir aðilar færu með yfirstjórn jafnmikilvægs málaflökks og þessi er og að verkaskipting þyrfti að vera skýr á því sviði. Til að undirstrika sérstöðu bankaefirlitsins er talið betra að forstöðumaður sé

sérstaklega ráðinn af bankaráði en ekki beint af bankastjórn eins og aðrir starfsmenn bankans.

Þá er einnig kveðið á um að bankaráð sé bankastjórn til sérstaks ráðuneytis um meginþætti í starfsemi bankaefirlitsins og einnig að haft verði samráð við viðskiptaráðuneytið um starfsemi bankaefirlitsins. Bankaefirlitið hefur sem hingað til lagaheimildir um aðgang að öllum upplýsingum í starfsemi fjármálastofnana sem það telur nauðsynlegar til að sinna eftirlitshlutverki sínu. Seðlabankanum er heimilt að setja reglur um ýmsa þætti í starfsemi fjármálastofnana sem snerta fjárhagslegt öryggi þeirra, svo sem ákvæði um jöfnuð gengis og vísitölubundinna eigna og skulda, um hámark lána til einstakra og tengdra lántakenda og um útreikning eiginfjárlutfalls.

Bankaefirlitinu er heimilt að skipa sérstaka eftirlitsmenn með fjármálastofnunum og telji bankinn brýna ástæðu til getur hann að fengnu samþykki ráðherra tekið stjórn fjármálastofnunar tímabundið í sínar hendur. Ljóst er að þessar breytingar á starfsvettvangi bankaefirlitsins munu krefjast eflingar þeirrar deildar hér innan bankans.

Gerð hagskýrslna

Í sjötta kafla frumvarpsins eru ákvæði um skýrslugerð þar sem sú skylda er lögð á Seðlabankann að gera skýrslur og áætlanir um peninga-, gengis- og gjaldeyrismál og birta opinberlega sem rækilegastar upplýsingar um þau efni og skýra stefnu sína á opinberum vettvangi. Ákvæði eru í núverandi lögum um að Seðlabankinn geti lýst ágreiningi við ríkisstjórn opinberlega en einungis einu sinni hefur reynt á það ákvæði. Andi frumvarpsins er meðal annars sá að Seðlabankinn hasli sér völl í opinberri umræðu mun hvassar og skýrar en verið hefur, enda nauðsynlegt með tilliti til þess aukna sjálfstæðis sem bankinn fær við beitingu stjórnækja sinna. Hann þarf því að tala með ótvíræðum hætti fyrir stefnu sinni og afla henni skilnings og stuðnings úti í þjóðfélaginu.

Einnig er bankanum gert skylt að skila Alþingi og ríkisstjórn skýrslum tvisvar á ári um þróun og horfur í peninga-, gengis- og gjaldeyrismálum. Hingað til hafa þessar skýrslur einungis verið fyrir ráðherra og hafa þær fyrst og fremst fjallað um liðna tíð.

Stjórn bankans

Í sjöunda kafla frumvarpsins er fjallað um stjórnskipulag bankans. Þar er kveðið á um að viðskiptaráðherra fari með málefni Seðlabankans. Nefndin ræddi ítarlega hvort annað ráðuneyti ætti að fara með málefni bankans en í

flestum löndum eru málefni seðlabanka undir umsjón fjármálaráðuneytis og hérlendis hefur þeirri skoðun verið haldið fram að forsætisráðuneytið ætti að fara með málefni bankans.

Verkskipting ráðuneyta er ákveðin með vísun til laga um Stjórnarráð Íslands og auglýsingar þar að lútandi. Unnið hefur verið að endurskoðun á þeim lögum og nefndin taldi rétt að taka ekki afstöðu til hugmynda um breytingar á verkaskiptingu ráðuneyta. Viðskiptaráðuneytið hefur farið með málefni bankans frá stofnun eða í rúm þrjátíu ár og hefur ekki orðið ágreiningur um þá tilhögun. Þó er ekki hægt að útiloka að umræða næstu ára leiði til breytinga á þessu sviði en vert er þó að geta að allt áhrifavald ráðuneytisins er minnkað til muna með þessu frumvarpi.

Seðlabankinn skal hafa samráð við ríkisstjórn um mótun og framkvæmd stefnu í peninga-, gengis- og gjaldeyrismálum og vera ríkisstjórn til ráðuneytis um þau mál. Mikilvæg breyting er gerð á þessum samskiptum þar sem sagt er að Seðlabankinn skuli stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar á efnahagsmálum svo fremi sem bankinn telji það ekki ganga gegn markmiðum bankans. Í núgildandi lögum er sagt að Seðlabankinn geti lýst ágreiningi opinberlega en hann skuli þrátt fyrir það stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar. Þetta þýðir að Seðlabankinn verður að beygja sig undir vilja ríkisstjórnar í þessu efni.

Nú er hins vegar lagt til að bankinn geti rekið sjálfstæða stefnu á sínu afmarkaða sviði þótt það falli ekki að stefnu ríkisstjórnarinnar. Hér getur því komið upp ágreiningur og þá ræður mat Seðlabankans á ágreiningsefnunum í ljósi markmiða bankans. Hér er sjálfstæði bankans gagnvart ríkisstjórn hvers tíma undirstrikað enn frekar.

Bankaráð er skipað eins og áður, þ.e. fimm mönnum kosnum af Alþingi, en gerðar eru kröfur um að þeir hafi óflekkað mannorð og víðtæka þekkingu á efnahagsmálum og megi ekki vera stjórnendur lánastofnana sem Seðlabankinn hefur eftirlit með. Í frumvarpinu er einnig sú nýjung að nýr ráðherra geti skipað nýjan formann og varaformann bankaráðs kjósi hann slíkt. Þetta er gert til að ávallt ríki sem best samband milli ráðuneytis og bankaráðs, sem er mikilvægt í ljósi þess að bein afskipti ráðherra af ákvörðunum bankans eru verulega takmörkuð í frumvarpi þessu. Beiting stjórn-tækja bankans er á ábyrgð bankastjórnar en bankastjórn er skylt að hafa bankaráð til ráðuneytis um reglur bankans við beitingu stjórn-tækja hans.

Gerbreyting er gerð á vali bankastjóra. Nú hefur ráðherra í reynd sjálf-dæmi um hver er skipaður bankastjóri Seðlabankans. Samkvæmt frumvarpinu verður að auglýsa stöðu bankastjóra opinberlega og skulu þeir hafa

víðtæka þekkingu á peningamálum og öðrum sviðum efnahagsmála. Bankaráð auglýsir stöðuna og greiðir atkvæði um umsækjendur og má ekki skipa bankastjóra nema hann eða hún hafi fengið að minnsta kosti eitt atkvæði í bankaráði.

Sérstök ákvæði eru um formann bankastjórnar, sem er talsmaður bankans og kemur fram fyrir hönd bankastjórnar. Hann verður að hafa hlotið að minnsta kosti tvö atkvæði í bankaráði til að hægt sé að skipa hann í þá stöðu. Engin ákvæði hafa verið í lögum um starfssvið formanns bankastjórnar. Skipunartími bankastjóra er sjö ár og meginreglan er sú að enginn gegni stöðu seðlabankastjóra lengur en tvö kjörtímabil. Gert er ráð fyrir að bankastjórn fjalli sameiginlega um málefni bankans og í ágreiningi milli bankastjóra ræður einfaldur meirihluti. Þetta getur leitt til ágreinings milli formanns bankastjórnar og hinna tveggja bankastjórnanna en vart verður bankinn óstarfhæfur vegna þessa, heldur munu menn, og þá sérstaklega formaður bankastjórnar, leita sameiginlegrar niðurstöðu með að minnsta kosti öðrum hinna bankastjórnanna. Jafnframt er kveðið á um að ædstu starfsmönnum bankans sé óheimilt að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans.

Reikningsskil og ráðstöfun hagnaðar

Í áttunda kafla frumvarpsins er fjallað um reikningsskil og ráðstöfun hagnaðar. Sérstök endurskoðunardeild starfar innan bankans undir umsjón bankaráðs eins og verið hefur. Gerðar eru breytingar á ráðstöfun hagnaðar en nú rennur helmingur hagnaðar þriggja síðustu ára í ríkissjóð. Í frumvarpinu er lagt til að eigið fé bankans skuli byggt upp í sex af hundræði landsframleiðslu og á meðan á þeirri uppbyggingu stendur rennur fjórðungur hagnaðar í ríkissjóð en að lokinni þessari uppbyggingu rennur allur hagnaður þangað. Tilgangur þess að byggja upp eigið fé bankans er að treysta fjármögnun gjaldeyrisvarasjóðsins sem er varðveittur í Seðlabankanum. Mótvægi gjaldeyrisvarasjóðsins er einkum fólgið í bundnu fé innlánsstofnana og seðlum og mynt, auk eigin fjár bankans. Með því að efla eigið fé getur vægi bundinna innstæðna minnkað á næstu árum.

Þessi uppbygging eigin fjár er í samræmi við stefnu annarra Norðurlanda, þó að teknu tilliti til mikilvægis utanríkisviðskipta í okkar þjóðarbúskap. Þótt hægt sé að varðveita gjaldeyri víðar en í Seðlabankanum er hverri þjóð nauðsynlegt að ráða yfir öflugum gjaldeyrisvarasjóði til að geta tryggt eðlileg viðskipti við útlönd. Aukið frelsi í gjaldeyrisviðskiptum veldur líklega meiri sveiflum á eftirspurn og framboði á gjaldeyri og krefst stærri gjaldeyrisvarasjóðs en ella.

Ákvæði um sérstakan arðsjóð eru óbreytt en helmingur tekna hans rennur í Vísindasjóð en sú eyrnamerking hefur styrkt rannsókn- og menntastarfsemi héraðs verulega þótt vitanlega sé hægt að færa rök að því að þetta sé ekki hefðbundið verkefni seðlabanka. Þó eru fordæmi erlendis frá að svipaðar leiðir séu farnar til eflingar mennta og rannsókna.

Í ýmsum ákvæðum frumvarpsins eru meðal annars þau nýmæli að sett eru ákvæði um innherjaviðskipti þannig að starfsmönnum bankans og bankaráðsmönnum er óheimilt að nýta sér trúnaðarupplýsingar sem þeir komast yfir vegna starfs síns í bankanum í þeim tilgangi að hagnast eða forðast fjárhagslegt tjón í viðskiptum. Þá eru einnig ákvæði um viðurlög ef brotnar eru reglur bankans, til dæmis af hálfu fjármálastofnana.

Nýjar áherslur í stjórn efnahagsmála og starfsemi Seðlabankans¹

Seðlabankinn er ekki gömul stofnun í stjórnkerfi okkar en er veigamikill hlekkur í almennri hagstjórn. Seðlabankinn vinnur sérhæfð verkefni sem eru ekki falin öðrum. Þetta krefst þess að hann ræki vel skyldur sínar, uppfylli þær kvaðir sem þing og þjóð leggja honum á herðar og beiti því valdi sem honum er falið á faglegan og yfirvegaðan hátt.

Sumir telja að Seðlabankinn hafi of mikil völd, sé einangraður frá atburðum þjóðlífsins og lifi í sínum eigin heimi. Þetta er rangt, en það hlýtur þó að vera okkur, sem berum hag bankans fyrir brjósti, starfsmönnum og öðrum, keppikefli að fullur skilningur ríki á starfsemi bankans. Verkefni Seðlabankans eru flókin og hafa breyst verulega á síðustu árum og ekki er óeðlilegt að almenningur eigi stundum erfitt með að átta sig á hlutverki Seðlabankans í íslensku þjóðlífi. Bankinn þarf að skýra starfsemi sína á sem bestan hátt. Seðlabankinn sér um útgáfu seðla og myntar, er banki ríkissjóðs og lánastofnana, varðveitir gjaldeyrisvarasjóðinn og sér um eftirlit á fjármagnsmarkaði. Seðlabankinn gegnir einnig veigamiklu hlutverki í peningastjórnun landsmanna og þar er hans helsta starfssvið.

Seðlabankinn ræður ekki hagstjórn landsins, enda er hún ekki á ábyrgð eins aðila heldur niðurstaða fjölmargra ákvarðana í þjóðfélaginu, af hálfu ríkisstjórnar, fyrirtækja og einstaklinga. Það er megineinkenni hagkerfis okkar að ákvarðanir eru óteljandi og einstaklingurinn er sjálfur í öndvegi þess ferlis.

Gerbreytt heimsmynd

Á síðustu árum höfum við orðið vitni að falli heimshreyfingar kommúnismans sem byggði upp miðstýrt hagkerfi og hélt tveimur til þremur kynslóðum samferðafólks okkar í spennitreyju ófrelsis og skorts. Sú stefna hrundi í einu vefangi og sjálfsagt verða þessir atburðir og afleiðingar þeirra taldir einna minnisverðastir úr sögu Evrópu tuttugustu aldarinnar. Það tekur aldir að byggja upp þjóðfélag sem hefur frelsið sem hornstein allra athafna og takmarkar valdbeitingu stofnana ríkisins og annarra.

¹ Fjármálatíðindi 1. tbl. 39. árg. 1992. Byggt á ræðu höfundar sem hann sem formaður bankaráðs hélt á ársfundi Seðlabanka Íslands 24. apríl 1992.

Allt þjóðfélag okkar er háð valdi. Vald ríkisins er meðal annars fólgið í heimild til skattheimtu og skyldur þess í að sjá fyrir sameiginlegum þörfum, völd fyrirtækja felast í vöruframboði og verðlagningu og völd samtaka einstaklinga í samningum um kaup og kjör, svo að fátt eitt sé nefnt. Nútímasamfélag byggist á því að finna þessum straumum valdsins eðlilegan farveg og láta það aldrei þrengja að frjálsri hugsun og möguleikum á vali eða hagsmunum heildarinnar.

Þetta er ekki auðvelt og nú þegar sífellt fleiri þjóðir vilja fella sitt hefðbundna þjóðlega vald í ramma fjölþjóðlegra ákvarðana undir forsjá sameiginlegra valdastofnana þarf fámenn þjóð með einhæfa atvinnustarfsemi að nálgast þessi nýju viðhorf með opnum huga.

Ný staða í efnahagsmálum

Efnahagslegar ákvarðanir verða sífellt alþjóðlegri og gerbreyting á fjármagnsmarkaði kallar á önnur vinnubrögð í innlendri hagstjórn. Sá tími er liðinn er stjórnvöld eins lands geti ráðið flestu sem skiptir máli í efnahagsmálum, svo sem gengi og vöxtum. Öll nágrannalönd okkar hafa aukið frjálsræði í viðskiptum vitandi það að frelsi viðskipta leiðir til betri afkomu landsmanna allra.

Á síðustu árum höfum við einnig fetað þessa braut þótt skrefin séu styttri hjá okkur en öðrum. Við höfum lagað gjaldeyrislöggjöf okkar að því sem gerist í nágrannalöndunum og bráðlega mun fjármagn flæða til og frá Íslandi og ekki verða takmarkanir á fjárfestingu nema í ákveðnum undantekningartilvikum. Einnig er brýnt að samræma skattalöggjöf því sem gerist í nágrannalöndunum. Þetta, ásamt þeirri skoðun að gengisfesta og lítil verðbólga séu forsenda hagvaxtar og hagsældar, kallar á viðhorfsbreytingu meðal Íslendinga og markvissa beitingu þeirra stjórnækja sem við ráðum yfir hverju sinni.

Verðbólguárin hafa verið okkur dýrkeypt. Við rýrðum verðmæti gjaldmiðilsins, færðum fjármagn frá sparifjáreigendum, ekki síst öldruðu fólki, til lántakenda, lifðum í óvissu vegna óstöðugleika, gerðum rangar eða engar áætlanir um fjárfestingu og sóuðum verðmætum, ekki einungis þeim verðmætum sem við sköpuðum hverju sinni, heldur þeim sem síst skyldi, verðmætasköpun barna okkar með því að taka sífellt meira af erlendum lánnum.

Sú kynslóð sem tekur við störfum okkar mun líklega eiga hvað erfiðast með að fyrirgefa okkur þetta. Við tókum ekki erlend lán til að bæta lífskjör með arðbærri fjárfestingu og skynsamlegri nýtingu auðlinda, heldur sköpuðum við falska velmegun okkur til handa á kostnað framtíðarinnar.

Við verðum að losna við verðbólgu úr hagkerfi okkar. Hún hefur dregið mátt úr atvinnulífi, sljóvgað alla hugsun og leitt til samdráttar í þjóðartekjum síðustu ár, á meðan aðrar þjóðir hafa sótt fram til hagvaxtar. Við höfum dregist aftur úr en spádómar þess efnis að við séum að verða fátæk þjóð eru fjarstæða. Við erum ein ríkasta þjóð í heimi; lífskjör hér eru með þeim bestu sem gerast og við höfum allan styrkleika í helstu auðlindum okkar: fiskimiðum, náttúru, menntun og fallvötnum til að sækja aftur fram á við.

Haustið 1988 vaknaði ný hugsun að nýjum leiðum í hagstjórn, sú hugsun að hverfa frá gengisfellingum og verðbólgu. Þá var rætt um niðurfærslu verðlags og launa, sem varð þó ekki af. En þessi hugsun bar fræ og varð að blómi þegar fólkið í landinu, ríkisstjórn, vinnuveitendur og flestir launþegar tóku höndum saman og gerðu kjarasamninga í ársbyrjun 1990 sem leiddu meðal annars til þess að árið 1990 varð verðbólga 7,3%, 7,2% árið 1991 og enn lægri síðustu tólf mánuði. Nú er raunhæft að telja að verðbólga í ár, árið 1992, verði um 1,5% og litlu hærri á næsta ári, árinu 1993, ef við berum gæfu til að ná samstöðu um slíkt. Þetta leiðir til bættrar samkeppnisstöðu atvinnuveganna og tryggir hagvöxt framtíðarinnar, auk þess að skapa atvinnu, en atvinnuleysi má aldrei verða að þvílíkum mannlegum, þjóðfélagslegum og efnahagslegum vandamálum hérlendis og raunin er í nágrannalöndum okkar.

Tillögur um nýja löggjöf um Seðlabankann

Hér er verk að vinna. Seðlabankinn verður að laga sig að þessum aðstæðum. Allt í kringum okkur er starfssvið seðlabanka að breytast og þeir straumar leika líka um okkur. Í rúmt ár hefur verið unnið að samningu frumvarps um nýja heildarlöggjöf um Seðlabanka Íslands og því starfi er nýlokið. Ef frumvarpið verður að lögum verður gerbreying á ýmsu í starfsemi bankans sem vert er að gera hér að umtalsefni. Markmið bankans eru gerð skýr og afdráttarlaus, stjórnþeki bætt með áherslu á markaðs- aðgerðir og sjálfstæði gagnvart ríkisstjórn aukið. Með þessum tillögum er verkaskipting Seðlabankans og ríkisstjórnar gerð skýrari en verið hefur.

Markmið Seðlabankans í núgildandi lögum eru mörg og stangast á að hluta. Nú er lagt til að meginmarkmið bankans verði að varðveita verðgildi íslenska gjaldmiðilsins og stuðla að stöðugu verðlagi. Þetta meginmarkmið kemur í stað þeirra markmiða að stuðla að því að framleiðslugeta atvinnuveganna sé nýtt á sem hagkvæmastan hátt og jafnvægi sé í viðskiptum við útlönd en markmið Seðlabankans var einnig til skamms tíma að tryggja rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuveganna. Þessi markmið eru að hluta

til mótsagnakennd, auk þess sem fjölmargt í þessu er utan áhrifasviðs Seðlabankans. Stefnan í ríkisfjármálum og ákvarðanir fyrirtækja vega þyngst við að ná slíkum markmiðum. Hið nýja meginmarkmið Seðlabankans tekur mið af stefnumótun annarra seðlabanka og má einkum nefna þýska seðlabankann, en stefnufesta hans út frá skýrt orðuðu markmiði, auk sjálfstæðis við beitingu stjórnækja í peningamálum, hefur ásamt hugarfari alls almennings leitt til meiri stöðugleika og velmegunar til lengri tíma en í flestum öðrum löndum.

Sú áhersla sem lögð er á eftirlitshlutverk Seðlabankans er vel mörkuð í hinum nýju tillögum. Þar er sá möguleiki fyrir hendi að Seðlabankinn geti komið lánastofnunum til aðstoðar með sérstökum lánveitingum ef öryggi á fjármagnsmarkaði er ógnað. Oft hafa fréttir borist af keðjuverkandi áhrifum slæmrar stöðu lánastofnana og má nefna Bandaríkin og Noreg í því sambandi. Þótt engin slík hættu blasi við á íslenskum fjármagnsmarkaði er eðlilegt að Seðlabankinn geti stutt þar við sem lánveitandi til þrautavara ef aðstæður verða með þeim hætti.

Þróun á fjármagnsmarkaði hefur oft verið örari en löggjöf um eftirlit ræður við og lagt er til að bankaeftirlitinu beri að fylgjast með slíkum breytingum og grípa inn í ef brýnar ástæður eru til. Fullkomið öryggi er ekki til á fjármagnsmarkaði en opinberir aðilar, í þessu tilviki Seðlabankinn, verða að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tiltrú almennings og eðlilegir viðskipta- og samkeppnishættir ríki á þeim markaði.

Í hinum nýju tillögum er gert ráð fyrir að gerðar verði hæfniskröfur til bankaráðsmanna og bankastjóra. Jafnframt eru stöður bankastjóra auglýstar til umsóknar og vald bankaráðs við ráðningar aukið. Seðlabankinn skal stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnar svo fremi hún fellur, að mati Seðlabankans, að markmiðum bankans. Með þessu er sjálfstæði bankans gagnvart ríkisstjórn markað með skýrum hætti.

Vaxta- og gengisstefna

Meginverkefni Seðlabankans í beitingu stjórnækja verður að hlutast til um vaxtastig með kaupum og sölu á verðbréfamarkaði. Íslenskur verðbréfamarkaður hefur vaxið verulega undanfarin ár og mun gegna aðalhlutverki í íhlutun Seðlabankans. Handaflsaðgerðir varðandi vexti munu heyra sögunni til, enda óframkvæmanlegar þegar vaxtastig fer frekar eftir ávöxtunarkröfu en nafnvöxtum, og munu vextir taka mið af vaxtakjörum erlendis samhliða auknu frjálsræði í viðskiptum við útlönd. Hér er farin leið frjálsrar markaðsstarfsemi líkt og í nágrannalöndunum og gjaldeyrismarkaður, sem

Seðlabankinn mun hafa forgöngu um að koma á, mun leiða til þess að gengi krónunnar mun taka mið af þeirri gengisstefnu sem valin er í samráði við ríkisstjórn hvers tíma.

Flestar nágrannabjóðirnar halda gengi gjaldmiðla sinna stöðugu með samræmdum hætti og með Maastricht-samkomulaginu er gert ráð fyrir að evrópska mynteiningin EEU verði sameiginlegur gjaldmiðill í Evrópu innan sjö ára. Íslensk hagstjórn verður að laga sig að þessum aðstæðum og hverfa frá því að beita gengisskráningu til að jafna kostnaðarhækkanir innanlands, meðal annars í útflutningsgreinunum. Þetta útheimtir öguð vinnubrögð, ekki hvað síst af hálfu ríkisstjórnar í ríkisfjármálum og innan fyrirtækjanna sjálfra. Öryggisnet ríkisvalds gagnvart atvinnurekstri, einkum hvað varðar sjávarútveg og landbúnað, verður að hverfa á næstu árum og fyrirtækin verða sjálf að leysa sín fjárhagslegu vandamál án sífelldra afskipta af opinberri hálfu.

Ríkisfjármál

Hérlandis hafa ríkisfjármálin oft verið veikleiki hagstjórnar og oftast ekki hefur halli verið fjármagnaður til skamms tíma í Seðlabankanum og síðan hefur skuldin verið gerð upp með erlendu láni í árslok, sem hefur ekkert annað en þensluáhrif í för með sér. Nú er lagt til, með nokkrum aðlögunartíma, að banna lántökur ríkissjóðs í Seðlabankanum. Ríkissjóður verður þá að fjármagna skammtímafjárförf sína með sölu á ríkisverðbréfum á almennum markaði þar sem Seðlabankinn getur haft áhrif á vaxtastig sem kaupandi eða seljandi. Þetta er mun eðlilegri leið og í samræmi við stefnu margra annarra landa. Þetta krefst skipulagðra vinnubragða fjármálaráðuneytis og ríkisstjórnar. Það er ekki í anda stöðugleikastefnu að fjármagna halla ríkissjóðs með erlendum lánunum.

Það á að gilda um ríkissjóð, eins og aðra, að ekki sé eytt um efni fram. Á síðasta ári fór yfirdráttur ríkissjóðs upp í fjórtán milljarða króna og ekki þarf að fara mörgum orðum um þau óheppilegu áhrif sem slíkt hefur á vaxtastig í landinu. Í hagstjórn okkar eru ýmsir veikleikar sem þarf að vinna bug á og má þar einkum nefna bindingu fjármagns í húsnæðislánakerfinu. Í þennan eina málaflokk er varið með beinum hætti geysimiklum fjármunum með ríkisábyrgð til mjög langs tíma.

Bindiskylda og eigið fé

Nokkur umræða hefur orðið um bindiskyldu Seðlabankans. Bindiskyldan er eitt af stjórnþækjum bankans til að hafa áhrif á útlánagetu

bankakerfisins. Henni hefur verið beitt undanfarin ár ásamt lausafjárbindingu til að vege upp á móti þensluáhrifum vegna útlána. Vægi þessa stjórnækis mun minnka á næstu árum með auknum markaðsaðgerðum Seðlabankans. Fé á bundnum reikningum í Seðlabankanum myndar, ásamt öðru, mótvægi við gjaldeyrisvarasjóðinn. Innstæður á bundnum reikningum Seðlabankans njóta verðtryggingar, auk nokkurra vaxta, en víða erlendis eru slíkar innstæður vaxtalausar, enda er hér um eitt af hefðbundnum stjórnækjum seðlabanka að ræða.

Í tillögum að nýjum lögum um Seðlabankann er gert ráð fyrir að eigið fé bankans verði aukið til að fjármagna gjaldeyrisvarasjóðinn á tryggan hátt. Eigið fé bankans er nú níu milljarðar og rennur helmingur af meðalhagnaði síðustu þriggja ára í ríkissjóð. Nú er lagt til að fjórðungur meðalhagnaðar renni í ríkissjóð þar til að eigið fé bankans hefur náð sex af hundraði landsframleiðslu. Að lokinni þessari uppbyggingu eigin fjár er gert ráð fyrir að allur hagnaður Seðlabankans renni í ríkissjóð. Hér er um markvissa uppbyggingu eigin fjár að ræða sem treystir fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar og gefur möguleika á að minnka vægi bindiskyldu sem stjórnækis þegar fram líða stundir.

Jafnframt er lagt til að laust fé innlánsstofnana verði bundið vegna öryggissjónarmiða en lausafjárbindingu verði ekki beitt sem stýritæki í peningamálum eða sem leið til að örva sölu ríkistryggðra verðbréfa. Þannig færi sala ríkisverðbréfa fram á verðbréfamarkaði og vaxtakjör réðust af eftirspurn og framboði á fjármagnsmarkaði. Hér er enn frekar horfið til opinna markaðsviðskipta og benda má á að ríkisvixlamarkaðurinn hefur náð styrkri fótfestu hérlendis.

Afkoma viðskiptabanka og vaxandi samkeppni

Afkoma íslenska bankakerfisins veldur nokkrum áhyggjum. Árið 1991 eða í fyrra var ávöxtun eigin fjár helstu lánastofnana einungis 1,3%. Þetta er óviðunandi og þótt allar lánastofnanir uppfylli tilskildar lágmarkskröfur um hlutfall eigin fjár, bæði sem kveður á um í íslenskum lögum og erlendum reglum, er staða þeirra ekki nægjanlega sterk sé litið til þeirrar auknu samkeppni sem bíður þeirra á næstu árum.

Rekstrarkostnaður íslenska bankakerfisins getur lækkað nokkuð frá því sem nú er og er Seðlabankinn þar ekki undanskilinn. Í almenna bankakerfinu er líklegt að útibú séu of mörg og bankar bera þungar byrðar vegna ýmissa vandamála í atvinnurekstri liðinna ára. Ekki er að efa að íslenskir bankamenn eru vel í stakk búnir til að efla stofnanir sínar á næstu árum.

Aðskilja ber starfsemi sem lýtur að byggðamálum frá almennum rekstri bankastofnana. Hér er um brýnt mál að ræða því að ekki geta fjármálastofnanir sem gerðar eru strangar arðsemiskröfur til varið verulegum hluta orku sinnar og miklum fjármunum í að fást við vandamál sem eru í reynd viðfangsefni ríkisstjórnar og tengjast byggðamálum og byggðastefnu.

Ljóst er að þau mál verða að koma til endurmats á næstu árum. Sérstök ástæða er til að vekja athygli á þeirri leið sem farin var á norðanverðum Vestfjörðum þegar öflug sjávarútvegsfyrirtæki á Ísafirði og í Súðavík keyptu helsta fyrirtækið á Suðureyri og hafa tryggt þeim stað allt önnur og betri skilyrði en áður með samnýtingu skipa og afla. Þetta gerðist fyrir forgöngu fyrirtækjanna sjálfra en dauð hönd endalausra lánveitinga af hálfu opinberra sjóða kom þar lítt nærri eins og oft áður. Þessa leið Vestfirðinga væri örugglega hægt að fara á fleiri stöðum og sameiningu sveitarfélaga verður að hraða sem kostur er til að veita þessum stöðum nauðsynlega umgjörð um nútímalagt mannlíf.

Búast má við að samkeppni eflist á fjármagnsmarkaði á næstu árum. Íslenskur bankaheimur hefur enn á sér yfirbragð fákeppni að nokkru leyti og má þar nefna að hægt hefur miðað við að lækka nafnvexti síðustu mánuði þótt vissulega hafi efnahagslegar forsendur verið til þess. Stofnanirnar eru ekki mjög margar en samkeppnisvitund hefur þó aukist á síðustu árum.

Nýlega höfum við orðið vitni að samkeppni á trygginga- og fjármagnsmarkaði með þátttöku erlends fyrirtækis. Slík samkeppni er neytendum ávallt til góðs. Þetta mun aukast á næstu misserum og þá þurfa íslenskar fjármálastofnanir einnig að vera viðbúnar því að erlendir aðilar kjósi að selja þjónustu sína ódýrt á meðan þeir eru að ná fótfestu á nýjum markaði. Það krefst enn meiri styrkleika af hálfu fyrirtækja hér og viðbragðsflýtis í öllum viðskiptum. Í mínum huga er ekki vafamál að nauðsynlegt skref til aðlögunar er að breyta ríkisbönkum í hlutafélag og efla á þann hátt fjárhagslegan styrkleika þeirra með auknu fjármagni í forni hlutafjár.

Að líta lengra og herra

Fjölbjóðahygga ræður ríkjum í heimi viðskipta. Í Evrópu er sjaldnast spurt að upphaflegu þjóðerni fyrirtækis heldur er hugtakið evrópskt látið nægja. Þessi evrópska hugsun hefur þróast mun hraðar en við áttum von á. Við erum rétt að hefja endurmat á utanríkisstefnu okkar í ljósi breyttra aðstæðna í Austur-Evrópu og nýrra áherslna Norðurlanda í evrópsku samstarfi. Við erum komin sæmilega langt í að laga efnahagslífið að evrópskum veruleika en stjórn málaumræðan á lengra í land. Hættulegast er að einangra

sig, beita aðferð strútsins og stinga höfðinu í sandinn. Við stöndum á krossgötum og sú Evrópuumræða sem verður við staðfestingu EES-samningsins mun skerpa þá kosti sem koma til greina á næstu árum.

Í fjármálaheiminum eru engin landamæri og Íslendingar verða líka að hasla sér völl með þátttöku í atvinnurekstri á erlendri grundu. Við erum of varkár og framtakslítill á því sviði.

„Vissirðu hvað Frakkinn fékk til hlutar?
Fleytan er of smá, sá guli er utar.“

Þannig orti Einar Benediktsson um aldamótin og var þá að brýna landa sína til nýrra átaka í atvinnumálum.

Það eru margir áratugir síðan verðlagsbreytingar hafa verið jafnlitlar og undanfarna mánuði. Þetta er gullið tækifæri til framfara sem má ekki ganga okkur úr greipum. Það gerum við best með því að viðhalda stöðugleika og stuðla að hagvexti og velmegun eins og best gerist í nágrannalöndunum. Það er öðru fremur verkefni íslenskra fjármálamanna.

Breytt staða efnahagsmála og starfsemi Seðlabankans¹

Samanburður við aðrar þjóðir

Opinber umræða héraendis markast öðru framar af efnahagsmálum. Það er hins vegar margt fleira sem vert er umfjöllunar, eins og menningarmál, félagsmál, dómsmál og menntamál. Þegar þessir málaflokkar hljóta athygli er það því miður oftast út frá ýmiss konar efnahagslegum forsendum en ekki sem sjálfstæð íhugunarefni. Reyndar gengur okkur alls ekki svo illa í alþjóðlegum samanburði. Lífskjör eru hér mjög góð, verðbólga ein sú minnsta í Evrópu og atvinnuleysi lítið miðað við nágrannaþjóðirnar, eða um 5% á sama tíma og það er um 10% í mörgum ríkjum Evrópu og fer vaxandi. Það er ekkert í hagkerfi okkar sem bendir til þess að atvinnuleysi hér eigi að vera mun minna en í nágrannalöndunum. Það er enginn eðlismunur á atvinnulífi okkar og annarra. Við erum hins vegar óvön atvinnuleysi og erlend skuldasöfnun undanfarin ár hefur haldið uppi vinnu á fólkskum forsendum.

Það er óskynsamlegt að auka erlendar skuldir til að reyna að minnka atvinnuleysi. Atvinnuleysi er hins vegar ekki framtíðarsýn, síður en svo. Stöðugleiki, eins og við höfum búið við síðustu þrjú ár, bætir smátt og smátt samkeppnisstöðu fyrirtækja. Þetta tekur tíma og það er ekki hægt að stytta sér leið á þeirri braut. Óðaverðbólga síðustu áratugi ól af sér meinsemd í efnahagslífinu, alls kyns kýli sem nú eru að springa. Þessi hreinsun, sem bankamönnum er fullkunnugt um, er nauðsynleg, sársaukafull, tímafrek og mjög kostnaðarsöm. Fyrirtæki sem voru fyrir löngu komin að fótum fram verða nú ásamt lánardrottnum sínum að horfast í augu við mistök for­ tíðarinnar. Þennan kaleik þarf að drekka í botn. Þá fyrst mun samkeppnis­ hæfni atvinnulífsins eflast og laða til sín vinnuafli og fjármagn.

Staða viðskiptabankanna

Til að leysa efnahagsleg vandamál er ekki til nein leið betri en að láta lög­ mál hins frjálsa markaðar leika um efnahagslífið. Við getum bent á dæmi þar sem íslensk fyrirtæki hafa staðið sig vel í alþjóðlegri samkeppni og ber

¹ Fjármálatíðindi 1. tbl. 40. árg. 1993. Byggt á ræðu höfundar sem hann sem formaður banka­ ráðs hélt á ársfundi Seðlabanka Íslands 25. maí 1993.

þar hæst fiskútflutning og flugrekstur. En á mörgum sviðum er ýmsu ábótavant og má þar nefna bankastarfsemi. Samkvæmt nýjum upplýsingum kemur í ljós að bankar hérlendis taka hærri þjónustugjöld og eru með meiri vaxtamun en bankar erlendis. Rekstrarkostnaður er hér hærri og hlutfallslega mun fleira starfsfólk er í bönkum hér en víðast erlendis. Því er óhætt að álykta að íslenskt bankakerfi sé enn óhagkvæmt og viðskiptamönnum dýrara en þyrfti að vera. Þótt ekki megi alhæfa um slíkt þá á þetta að vera tilefni ítarlegrar sjálfsgagnrýni innan bankakerfisins. Íslenskt bankakerfi er ekki margþætt og fákeppni er betri lýsing á íslenskum fjármagnsmarkaði en samkeppni. Samkeppni mun aukast að utan þrátt fyrir smæð markaðarins hér.

Bankastarfsemi er fyrst og fremst faglegt starf. Pólitísk áhrif og byggðasjónarmið eiga ekkert erindi þangað, ekki vegna þess að pólitísk áhrif og byggðasjónarmið séu vond, heldur vegna þess að vettvangur þeirra er ekki á sviði viðskiptabanka. Pólitísk áhrif eiga að koma fram í efnahagsstefnu ríkisstjórna og byggðamál hljóta úrlausn í fjárlögum hvers árs. Það að hafa blandað saman faglegum bankasjónarmiðum, pólitískri varðhundagæslu og byggðastefnu í starfsemi ríkisviðskiptabanka á undanförunum áratugum hefur leitt til þeirra vandkvæða að afskriftaþörf er mikil, atvinnurekstur er víða veikburða og aðhald í rekstri bankanna er ekki nægjanlegt.

Auðvitað var það áfall að það þyrfti að leggja stærsta banka landsins til fjóra og hálfan milljarð af opinberu fé til að uppfylla alþjóðlegar reglur um eigið fé. Margra áratuga þróun liggur að baki þessari veiku stöðu en verið er að súpa seyðið af því að bankinn hefur ekki verið rekinn eftir bankaviðskiptalegum sjónarmiðum eingöngu, heldur hafa honum verið falin verkefni sem betur væru leyst á öðrum vettvangi. Þessir atburðir, staða banka á Norðurlöndum og sú fullvissa að kröfur í alþjóðlegum viðskiptum verða sífellt meiri, eiga að kenna okkur að einungis með ýtrustu varkárni og faglegum vinnubrögðum stöndumst við þessa samkeppni.

Stöðugleiki og ríkisfjármál

Grundvöllur hagvaxtar er stöðugleiki. Stöðugleiki markast af gengisfestu, raunhæfum kjarasamningum og traustum ríkisfjármálum. Þetta hefur tekist nokkuð vel síðustu þrjú ár. Það má ekki hvika frá markmiðinu um stöðugleika þótt atvinnuleysi sé vissulega vandamál. Eina alvarlega hættan í hagkerfi okkar eru erlendar skuldir. Aukning þeirra er banabiti efnahagslegs sjálfstæðis.

Ríkisfjármálin eru veikasti þáttur efnahagsstjórnunarinnar. Það er ekki skynsamlegt frá efnahagslegu sjónarmiði að kjarasamningar á almennum

vinnumarkaði séu hvað eftir annað gerðir á kostnað ríkissjóðs. Slíkum vinnubrögðum verður að breyta. Bág staða ríkissjóðs kemur fram í skuldasöfnun og háum vöxtum og þá er til lítills barist. Ef til vill er íslensk þjóð ekki nægjanlega meðvituð um erfiðleika þjóðarbúsins, sem gætu magnast ef þorsstofninn heldur áfram að minnka. Það er hins vegar hlutverk stjórn-málamanna, en ekki bankamanna, að sýna leiðina fram undan, benda á hvar hættur leynast og hvar hin jákvæðu teikn eru.

Breytt umgjörð hagstjórnar

Umhverfi Seðlabankans hefur breyst verulega undanfarin ár. Nú er ný löggjöf til umræðu á Alþingi þar sem gerðar eru miklar breytingar á starfsemi bankans. Markmið hans eru gerð skýrari, stjórnþæki endurbætt, sjálfstæði bankans innan stjórnkerfisins aukið, eftirlit hert og fagleg stjórn betur tryggð, svo að nokkuð sé nefnt. Frumvarpið var eitt ár í smíðum og tóku þátt í því fulltrúar allra stjórnmalaflokka. Það var lagt fyrir Alþingi fyrir ári síðan og aftur í desember síðastliðnum. Þannig hefur gefist gott tóm fyrir þingmenn að kynna sér málið. Þess er vænst að frumvarpið verði að lögum í vor. Það er mjög margt í starfsemi bankans sem kallar á hin nýju lög. Höfundur vill líka minna á að lög standa ofar mönnum. Lög um Seðlabankann skipta meira máli en þeir einstaklingar sem gegna bankastjórastöðum við bankann.

Það blása nýir vindar í heimsmálum frá hinum nýja forseta Bandaríkjanna. Ef það tekst að leysa þjóðernisdeilur í Austur-Evrópu er ný sókn í auglýsingu, sókn sem miðar að verndun náttúru, jöfnun lífsskjara og eflingu heimsverslunar. Þetta hefur áhrif á alla hagstjórn hérlendis. Við getum lagt þessu lið með því að laga okkar þjóðfélag að breyttum tíma. Vinna þarf gegn atvinnuleysi og afleiðingum þess, m.a. vegna þess að misskipting valds og auðs er meira áberandi og verr þólandi í litlu landi en í fjölmenni erlendis. Umrót næstu ára verður slíkt að ekki veitir af allri þeirri samstöðu sem lítil þjóð getur sýnt fram á.

Jóhannes Nordal lætur af störfum

Jóhannes Nordal lætur að eigin ósk af starfi seðlabankastjóra 1. júlí næstkomandi. Jóhannes á að baki glæsilegan starfsferil. Hann lauk hagfræðiprófi við London School of Economics og varði doktorsritgerð við sama skóla. Hann hóf störf við Landsbanka Íslands 1953 og var bankastjóri Landsbankans 1959 til 1961. Við stofnun Seðlabanka Íslands árið 1961 varð Jóhannes seðlabankastjóri og hefur gegnt því starfi síðan. Hann hefur verið formaður

bankastjórnar frá 1964, eða í tuttugu og níu ár. Jóhannes Nordal hefur verið oddviti íslenskra bankamála í tæpa fjóra áratugi. Hann hefur notið óskoraðs trausts peningastofnana og stjórnvalda og hefur átt manna drýgstan þátt í að byggja upp seðlabanka er nýtur trausts í hinum alþjóðlega bankaheimi.

Jóhannes hefur komið víða við í íslensku þjóðlífi. Hann hefur m.a. haft forustu um virkjanir og stóriðju og sinnt menningu og útgáfumálum af miklum áhuga og markað mörg spor á þeim vettvangi. Starfsþrek hans er með ólíkindum og mætti halda að marga hefði þurft að skila slíku lífsstarfi. Breytingar í íslensku þjóðlífi þessi fjörutíu ár sem Jóhannes hefur gegnt forustuhlutverki eru verulegar og á Jóhannes á mikinn þátt í þeim framförum.

Það hefur verið mér, ungum manni, sérstök ánægja að vinna með Jóhannesi Nordal undanfarin ár. Höfundur hefur aldrei kynnst neinum sem á jafnauðvelt með að kryfja flókin mál til mergjar og lýsa þeim á einfaldan og auðskilinn hátt. Hann er skoðanafastur, rökvis með afbrigðum, hógvær maður og býr yfir mikilli þekkingu um flest málefni þjóðlífsins. Merku tímabili lýkur í hagsögu Íslendinga þegar Jóhannes lætur af störfum seðlabankastjóra, tímabili sem verður kennt við hann framar öðrum.

Tímamót í starfsemi Seðlabankans¹

Á liðnu ári tókst að varðveita stöðugleika og mæta samdrætti í afla með samstilltu átaki stjórnvalda og aðila vinnumarkaðsins. Einstaklingar og forsvarsmenn fyrirtækja og stofnana hugsa lengra fram í tímann en áður. Vinnubrögð eru nú öll vandaðri í hagstjórn heimila og stjórnvalda. Þetta er fyrst og fremst því að þakka að verðbólgan er horfin. Það ríkir allt annað og raunsærra andrúmsloft í þjóðfélaginu nú en var fyrir nokkrum árum.

Við glímdum á árum áður við verðbólgu en höfðum fulla atvinnu á sama tíma og margar nágrannaþjóðir okkar náðu árangri í baráttunni við verðbólguna en áttu við mikið atvinnuleysi að stríða. Þessi munur milli okkar og umheimsins hefur minnkað verulega síðustu ár.

Efnahagsmál og lausn á vandamálum þeirra eru ekki lengur nema að hluta á valdi einstakra ríkja. Samvinna þjóða er forsenda fyrir árangri. Svigrúm ríkja til sjálfstæðra aðgerða á sviði peninga- og gengismála hefur minnkað verulega undanfarin ár. Fjölpjódlegar ákvarðanir marka stefnuna á þeim vettvangi sem einstök ríki verða síðan að laga sig að hvort sem þeim líkar betur eða verr.

Flestir telja að til langs tíma sé farsælast að tryggja atvinnu með því að stuðla að stöðugu verðlagi. Það er ekki hægt til lengdar að tryggja atvinnu og hagvöxt með verðbólgu. Við höfum náð góðum árangri á undanförunum árum í baráttunni við verðbólguna. Þannig er nú komin örugg undirstaða fyrir framhald efnahagsstjórnunar sem tryggir atvinnu og bætir lífskjör.

Aukið frjálsræði í heimsviðskiptum og aukning alþjóðaviðskipta eru þættir sem munu móta hagstjórn í nágrannalöndunum og þá einnig hérlandis. Við eigum aldrei að óttast vinda frjálsræðis í viðskiptum. Það gilda engin sérstök lögmál í efnahagsmálum á Íslandi. Oft er sagt að Ísland hafi slíka sérstöðu að ekki sé hægt að nýta reynslu annarra þjóða til fulls. Íslensk vandamál þurfi íslenskar lausnir. Þetta er oftast byggt á misskilningi og sá misskilningur getur verið hættulegur fyrir þjóð sem á allt sitt undir frjálsum heimsviðskiptum og góðri nýtingu auðlinda.

Lítil verðbólga bætir samkeppnisstöðu atvinnuvega og leggur grunn að hagvexti sem dregur úr atvinnuleysi. Þetta, ásamt frjálsum viðskiptum

¹ *Fjármálatíðindi* 1. tbl. 41. árg. 1994. Byggt á ræðu höfundar sem hann, sem formaður bankaráðs, hélt á ársfundi Seðlabanka Íslands 24. mars 1994.

og endurmati á skipulagi á vinnumarkaði, getur bætt lífskjör hér á næstu misserum samfara átaki í menntun og rannsóknum. Okkar brýnasta verkefni er að lækka erlendar skuldir. Erlendar skuldir jukust árið 1993 eða í fyrra um 28 milljarða og vaxtagreiðslur til útlendinga voru 17 milljarðar árið 1993. Þetta eru skuggalegar tölur.

Við eigum að líta til þeirra þjóða í Austur-Asíu sem undanfarin ár hafa náð einna mestum hagvexti í heiminum með því að einbeita sér að eflingu útflutnings. Það er mjög margt sem við getum lært af þessum þjóðum til lausnar á okkar brýnustu vandamálum. Sókn til aukins útflutnings er örugglega farsæl stefna næstu árin í ljósi vaxandi heimsviðskipta.

Sjálfstæði seðlabanka

Nokkur umræða hefur farið fram undanfarið um sjálfstæði Seðlabankans. Sjálfstæði Seðlabankans snýst ekki um það að hann geti orðið ríki í ríkinu. Sjálfstæði Seðlabankans snýst um það að markmið bankans séu skýr og verkefni hans afmörkuð.

Almennt er talið að markmið seðlabanka eigi að vera að stuðla að stöðugu verðlagi. Stöðugleiki í verðlagi er langtímamarkmið sem venjulega styrkir umgjörð efnahagslífsins. Langtímasjónarmið í efnahagslífinu endurspeglast ekki aðeins í starfsemi seðlabanka heldur fyrst og fremst í rekstri fyrirtækja og í milliríkjasamningum.

Sjálfstæði seðlabanka felst í því að verkaskipting milli ríkisstjórnar og seðlabanka sé skýr. Seðlabanka á ekki að fela fleiri verkefni en hann hefur stjórnþæki til að hafa áhrif á.

Sjálfstæði seðlabanka er á sviði peningamála og eftirlits en ríkisstjórn, sem starfar í umboði lýðræðislegra kjörinna fulltrúa, ræður ferðinni að verulegu leyti í mikilvægum málum eins og atvinnustefnu, jöfnuði í viðskiptum við útlönd, launamálum og fyrirkomulagi gengisskráningar. Hér ræður mestu að samfella sé í stjórn peninga- og ríkisfjármála. Seðlabanki verður að hafa frelsi til að beita stjórnþækjum sínum á sviði peningamála. Ríkissjóður má ekki fjármagna halla sinn með lántökum í seðlabanka heldur gerir það, ef á þarf að halda, á innlendum fjármagnsmarkaði sem býr við eðlileg samkeppnisskilyrði. Þótt sjálfstæði bankans sé aukið þá er það fyrst og fremst sjálfstæði gagnvart ríkisstjórn. Seðlabankinn mun eftir sem áður lúta valdi Alþingis í formi laga og með starfi bankaráðs sem er kjörið af Alþingi. Reyndar hefur þróun undanfarinna ára verið sú að með vaxandi frjálsræði í viðskiptum hefur vald stjórnvalda minnkað verulega, hvort sem um er að ræða vald seðlabanka eða ríkisstjórna.

Starfsemi bankaeftirlits og afkoma bankakerfisins

Mikilvægur þáttur í rekstri bankans er starfsemi bankaeftirlitsins. Verkefni þess hafa aukist verulega á síðustu árum. Auk þess að hafa eftirlit með viðskiptabönkum og sparisjóðum þá hefur bankaeftirlitið nú eftirlit með öðrum lánastofnunum, þ.m.t. fjárfestingarlánasjóðum og eignaleigum. Verðbréfavíðskipti og verðbréfasjóðir eru einnig undir umsjón bankaeftirlitsins, auk þess sem haft er eftirlit með ársreikningum og endurskoðun lífeyrissjóða. Þetta eru mjög mikilvæg störf vegna þess að með vaxandi frjálsræði verður aukið traust að ríkja á fjármagnsmarkaði. Traust skapast m.a. vegna öflugs og virks eftirlits af opinberri hálfu.

Ábyrgð einstakra aðila á fjármagnsmarkaði er mun meiri en í nær öllum öðrum viðskiptum. Ástæðan er sú að fari hlutir þar úr böndum getur það haft keðjuverkandi áhrif, auk þess sem það rýrir traust stofnana innanlands og erlendis. Efling bankaeftirlitsins er meðal forgangsverkefna í starfsemi Seðlabankans á næstu misserum vegna aukinna verkefna sem löggjafinn hefur falið bankanum.

SJÁVARÚTVEGSMÁL

Almennt

Sjávarútvegur; nýir möguleikar¹

Mikilvægi sjávarútvegs fyrir Íslendinga ræðst ekki af fjölda þeirra sem hafa beina atvinnu í þessari starfsgrein. Í sjávarútvegi, veiðum og vinnslu starfa um 13.000 manns, sem er ekki stór hluti af um 140.000 launþegum í landinu. Þýðing sjávarútvegs markast fyrst og fremst af þeirri staðreynd að um 70–80% af gjaldeyrstekjum þjóðarinnar vegna vöruútflutnings er vegna sölu ýmiss konar sjávarafurða.

Það er til umhugsunar að þetta hlutfall í gjaldeyrisöfluninni, 70–80%, hefur haldist mjög svipað undanfarna áratugi þrátt fyrir, að miklum fjármunum, þar með talið meginhluta erlendra lána Íslendinga, hefur verið varið í að „skjóta styrkari stoðum undir atvinnulífið.“

Sjávarútvegur verður ennþá mikilvægari vegna þeirrar staðreyndar að Íslendingar eru mjög háðir erlendum viðskiptum. Það má einfalda þá staðreynd með því að segja, að við flytjum út það sem við framleiðum, en flytjum inn það, sem við notum. Þegar rætt er um nýja möguleika á sviði sjávarútvegs er hægt að skipta þeirri athugun í tvo hluta.

Annars vegar er að gera grein fyrir þeim takmörkunum, sem núverandi kerfi leggur á þróunarmöguleika sjávarútvegsins og lýsa úrbótum á því kerfi.

Hins vegar eru vaxtarmöguleikar sem bíða greinarinnar í ljósi alþjóðlegra viðskipta. Markmið sjávarútvegs á Íslandi hlýtur að vera að afla gjaldeyris á sem hagkvæmastan hátt. Forsenda allrar umræðu um sjávarútveg er sú að íslenskur sjávarútvegur býr ekki við neina vernd í alþjóðlegri samkeppni. Á sama tíma nýtur allur annar sjávarútvegur við norðanvert Atlantshaf stórfelldra styrkja frá öðrum atvinnuvegum. Það bendir ekkert til að þessari ójöfnu samkeppnisstöðu verði breytt á komandi árum.

Þrátt fyrir að vernd skortir á alþjóðlegum mörkuðum gildir ekki sama um sjávarútveginn sem atvinnugrein á Íslandi. Sjávarútvegur er vernduð atvinnugrein hérlendis. Hann nýtur ýmissa forréttinda, til að mynda skattalega, en vernd hans kemur fyrst og fremst fram í pólitískri vernd löggjafar- og framkvæmdavaldsins. Þannig er sjávarútvegur oft rekinn á grundvelli byggðastefnu samkvæmt þeirri skoðun að halda skuli uppi byggð alls staðar í landinu, þar sem hún er nú þegar. Vitanlega eiga slík sjónarmið rétt á sér, en

¹ *Staða atvinnuveganna*. Líf og land. Reykjavík 1984.

með opinberri íhlutun um málefni einnar atvinnugreinar getur ekkert annað af hlotist en að hagkvæmni gjaldeyrisöflunar sé stefnt í hættu.

Vandamál offjárfestingar í sjávarútvegi síðustu ár staðfesta einmitt þær afleiðingar þegar vikið er frá markmiðinu um hina hagkvæmstu gjaldeyrisöflun. Til að ráða við þá vernd, sem samkeppnisaðilar njóta á erlendum mörkuðum, hefur sjávarútvegurinn fyrst og fremst notið þeirrar miklu framleiðni sem er í veiðum hérlandis, þ.e. í afkastagetu fiskistofna, afkastagetu fiskiskipa og hæfni sjómanna. Þessari miklu framleiðni, sem er langt umfram samkeppnisaðila, eru auðvitað takmörk sett, en einmitt þess vegna ríður á svo miklu að ekki séu af opinberri hálfu gerðar neinar þær aðgerðir sem takmarka samkeppnishæfni atvinnugreinarinnar.

Hin hefðbundna þrískipting þeirrar starfsemi sem er í sjávarútvegi hérlandis, þ.e. veiðar á hráefni, úrvinnsla hráefnis og sala afurða, á sér langa sögu. Í áratugi hefur vinnsla og sala afurða verið í höndum sömu aðila og fram að skuttogarabyltingunni upp úr 1970 var útgerð meira og minna sjálfstæð án mikillar íhlutunar vinnsluaðila. Eftir 1970 breytast þessir hlutir stórkostlega, þar sem flest fiskiskip eru nú undir beinni stjórn vinnsluaðila, sem líta á útgerð sem deild í starfsemi úrvinnslufyrirtækja.

Þrátt fyrir þessa staðreynd er skipulag á tengslum útgerðar og vinnslu með sama hætti og áður. Þetta fyrirkomulag hefur gefið ríkisvaldinu allan ákvörðunarrétt í sjávarútvegi, þar sem svokölluð ákvörðun fiskverðs ber hvað hæst sem tæki í áhrifum ríkisvaldsins. Þessu verður að breyta til að sjávarútvegurinn geti þróast án afskipta ríkisvaldsins. Seinna atriðið í núverandi kerfi, sem verður að taka breytingum er sú ákvörðun á verði gjaldeyris, sem nú er við lýði. Það verður að koma á frjálsum markaði á gjaldeyri þar sem verð hans ræðst af framboði og eftirspurn. Þá fyrst á sjávarútvegurinn möguleika á að verða sterk og heilbrigð atvinnugrein sem aflar gjaldeyris á sem hagkvæmastan hátt. Það er ljóst, að í þannig kerfi verður sjávarútvegurinn rekinn með lægstum tilkostnaði.¹

Framsókn á nýjum sviðum innan sjávarútvegsins verður að miðast við markmið um auknar gjaldeyristekjur, vaxandi hóp ungmenna á vinnumarkaði og verndun núverandi fiskistofna. Auknum gjaldeyristekjum miðað við ákveðna afkastagetu fiskistofna er einungis hægt að ná með betri sölu afurða. Okkar hefðbundna úrvinnsla fisks, þ.e. frysting og söltun, eru aðferðir til að

¹ Frjálst fiskverð án afskipta ríkisvalds kom til framkvæmda, m.a. með starfsemi fiskmarkaða eftir 1987. Gengisskráning sem ræðst af framboði og eftirspurn varð að veruleika á árunum laust fyrir síðustu aldamót.

draga úr skemmdum á fiski. Í heiminum er borgað hæsta verð fyrir ferskan fisk en hann er mjög lítill hluti af afurðum okkar.

Á tímum nýttískulegra samgangna getur miklu stærri hluti af afla okkar farið ferskur úr landi með flugvélum eða skipum beint á markað neytenda. Til að svo megi verða verðum við að brjótast út úr þeirri hugsun að frysting sé fullvinnsla. Úrvinnsla um borð í fiskiskipum er vanrækt svið héraendis, þótt nokkuð hafi verið gert þar á síðustu árum.¹ Sölukerfum okkar á sjávarafurðum er of þröngur stakkur skorinn. Það myndi sjálfsagt hleypa miklu lífi í sölu afurða, ef algert frelsi ríkti á því sviði og það yrði núverandi stóru sölusamtökunum til góðs.²

Fiskirækt er sú grein sem hvað mestar vonir eru bundnar við og sjávarútvegurinn er auðvitað sá atvinnuvegur héraendis sem á besta möguleika á að ná þar árangri. Sennilega eru þó tvö önnur svið þar sem mestir möguleikar okkar liggja í framtíðinni.

Annars vegar er það tæknikunnátta okkar sem getur komið fram í smíði alls konar véla og í ráðgjöf á erlendum mörkuðum. Við búum við gott menntakerfi og það á að vera markmið í sjálfu sér að Íslendingar leggi til heimsviðskipta þá bestu og fullkomnustu tækniþjónustu á sviði sjávarútvegs sem til er.

Hins vegar er að rífa sig út úr þessu takmarkaða umhverfi okkar og leggja til við framtíð fiskveiða og fiskvinnslu, en sú framtíð er ekki við norðanvert Atlantshaf heldur í suðurátt, í löndunum við Kyrrahaf, í Asíu og við Afríku.

Við eigum að stunda útgerð og verslun á þessum svæðum, miðla af þekkingu okkar, reisa fiskimjölsverksmiðjur og frystihús í fjarlægum löndum. Ef tuttugasta og fyrsta öldin á að bjóða okkur sömu velmegun og seinni hluti þeirrar tuttugustu verða merki um íslenskan sjávarútveg að vera á mörgum stöðum jarðarinnar, alveg eins og að á flestum stöðum má sjá ameríska bíla, þýskan bjór og dönsk húsgögn.

¹ Vinnsla um borð í frystitogurum varð síðar ein helsta úrvinnsluaðferð sjávarfangs héraendis.

² Einkaleyfi stóru sölusamtakanna á útflutningi sjávarafurða voru afnumin smátt og smátt á árunum eftir 1985.

Frysting á tímamótum¹

Eitt kg af kók

Þegar búið er að flaka fisk, snyrta og frysta flökin er um 30 til 40% af upphaflega fiskinum eftir og flökin seljast á 70 til 150 kr. hvert kg allt eftir tegundum. Allt eru þetta vel þekktar stærðir en e.t.v. hafa færri gert sér grein fyrir að eitt kg eða einn lítri af Coca Cola kostar 60 kr. út úr búð.

Satt að segja þyrmdi dálítið yfir höfund þegar hann gerði sér grein fyrir þessu þó svo að hann hafi alls ekkert á móti svaladrykkjum. Þetta litla dæmi sýnir okkur að við framleiðum ansi ódýra vöru en með mikilli fyrirhöfn. Ef við föllumst á að við séum almennt að fá hámarksverð fyrir frysta fiskinn okkar þá er ljóst að ekki má mikið út af bregða til að atvinnugreinin sligist.

Gömlu úrræðin

Það er viðurkennt að ástandið sé nokkuð gott nema hvað frystingin er vandræðabarnið enn eina ferðina. Þegar vöruskiptajöfnuður er svona hagstæður er fráleitt að lækka gengi til að bjarga einni framleiðslugrein þótt hún sé mikilvæg. Sömuleiðis er út í hött að auka lánveitingar til að halda áfram taprekstri. Það þolir ekkert fyrirtæki til lengdar.

Fyrirtæki í sjávarútvegi verða eins og önnur fyrirtæki að geta greitt fyrir aðkeypta þjónustu, greitt vexti og fjárfest í nýjum tækjum og bætt kjör vinnandi fólks eins og í öðrum atvinnugreinum. Ef þetta tekst ekki verður atvinnugreinin hornreka á vinnumarkaði og til tjóns fyrir alla sem í henni starfa.

Að breyta hugsunarhætti

Þrátt fyrir heljartök ríkisins á sjávarútvegi í gegnum fiskverðskerfið og gengisskráninguna er of áberandi meðal forvígismanna fyrirtækjanna að biðla til ríkisvaldsins um úrbætur og aðstoð.

Þegar aðilar í greininni geta ekki einu sinni sameinast um að breyta hinu staðnaða fiskverðskerfi og fara fram á frjálsa gengisskráningu er líklega ekki von til þess að það takist að breyta innan atvinnugreinarinnar því sem til þarf.

¹ Fiskifréttir 12. september 1986.

Í venjulegu frystihúsi eru unnar fjórar til fimm fisktegundir á degi hverjum í mismunandi pakkningar. Stundum er unnið úr 300 tonnum af hráefni á viku og stundum úr 50 tonnum á viku. Í hverju frystihúsi er greitt sem svarar launum fimm til sex manna einungis til að halda launakerfinu gangandi.

Það verður aldrei góð afkoma í greininni fyrr en frystihús geta sérhæft sig í fisktegundum og unnið úr nánast sama magni af hráefni á degi hverjum.

Sérhæfing og hráfnismagn

Íslensk frystihús eru jafn vel mönnuð og betur vélvædd en samkeppnisaðilar erlendis. Ef sérhæfing og sama magn af hráefni væri til staðar er engin spurning að þessi atvinnugrein myndi blómstra.

Sjálfsagt þýddi þetta smærri og fleiri fyrirtæki og það væri vel. Það hefur í för með sér hærra fiskverð og meiri hagræðingu og betri vöru. Það þarf margt að breytast til að svo verði en ef til vill fyrst og fremst hugsunarháttur innan atvinnugreinarinnar sjálfrar. Ef jarðvegurinn og aðstæðurnar eru fyrir hendi er hægt að fresta byltingum en það er aldrei hægt að stöðva þær. Það er það góða við byltingar.

SAS¹

SAS er þekkt skammstöfun á flugfélagi bræðraþjóða okkar á Norðurlöndum. Einnig, en minna þekkt, er það skammstöfun á breskri víkingasveit. Nú nýverið er komið íslenskt nafn á þessa skammstöfun sem er Samtök atvinnu- rekenda í sjávarútvegi (SAS).

Barnið skýrt

Friðrik Pálsson, forstjóri Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna (SH), gaf barninu nafn í ræðu á aðalfundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna nú nýverið. Aðalfundur Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda (SÍF) samþykkti á dögnum að hefja formlega viðræður við aðila innan sjávarútvegsins um stofnun slíkra heildarsamtaka.

Höfundur hefur oft á undanförunum árum skrifað um nauðsyn þess, að skipulag sjávarútvegsins verði að breytast og slík samtök séu ekki einungis til bóta, heldur beinlínis bráðnauðsynleg til að takast á við sameiginleg stefnumál.

Núverandi skipulag

En hvað knýr menn til þessara hugleiðinga núna? Nú er skipulag atvinnu- rekenda í sjávarútvegi þannig, að öll útgerð, bæði bátar og togarar, er aðili að Landssambandi íslenskra útvegsmanna (LÍÚ), sem lýtur sterkri og afdráttar- lausri forustu Kristjáns Ragnarssonar.

Landssamband íslenskra útvegsmanna, sem er aðili að Vinnuveitenda- sambandi Íslands² (VSÍ), fer með öll samningsmál gagnvart sjómönnum. LÍÚ er jafnframt umsagnaraðili um allar stjórnvaldsaðgerðir og ákvarðanir í sjávarútvegsálum. LÍÚ talar þar eðlilega einungis út frá hags- munum útgerðar og tekur þá vitanlega oft afstöðu þvert á hagsmuni fisk- vinnslunnar.

Fiskvinnslan er öðru vísi skipulögð. Fiskvinnslufyrirtæki í eigu eða í nánnum tengslum við Samband íslenskra samvinnufélaga eru í sérstöku vinnuveitendasambandi, sem starfar oft með Vinnuveitendasambandi

¹ Fiskifréttir 5. júní 1987.

² Vinnuveitendasamband Íslands (VSÍ) varð að Samtökum atvinnulífsins (SA) árið 1999.

Íslands. Önnur fiskvinnslufyrirtæki, bæði frystihús og saltverkunarstöðvar, eru flest félagar í Samtökum fiskvinnslustöðva, sem er deild í Vinnuveitendasambandi Íslands, og þar er samið um kaup og kjör fiskvinnslufólks.

Önnur hagsmunagæsla fiskvinnslunnar er í höndum fulltrúa Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Sölusambands íslenskra fiskframleiðanda, svo sem við fiskverðsákvörðanir og áhrif við lagasetningu.

Sömu hagsmunir

Þetta skipulag annars vegar í Landssamband íslenskra útvegsmanna og hins vegar í fiskvinnslusamtök er vitanlega fráleitt, þegar þess er gætt að um er að ræða að langmestu leyti sömu aðilana. Þannig er nær öll togaraúterð og mikið af bátaflotanum í eigu fiskvinnslufyrirtækja eða öfugt.

Það sem hefur líklega opnað augu aðila fyrir fátíðleika þessa kerfis eru síðustu fiskverðsákvörðanir. Ljóst er að fiskverðsákvörðanir eru að beinast inn á nýjar brautir, frjálsa verðlagningu og fiskmarkaði. Þá dugar ekki gamla verðlagningarkerfið.

Einnig er ljóst að menn verða sameiginlega að taka á tollamálum gagnvart Evrópusambandinu og í skipulagningu vinnslu hérlandis. Auðvitað verður einnig að samræma heildarhagsmuni þegar kemur að mótun fiskveiðistefnunnar.

Að halda í verðmætin

Allt þetta leiðir til þess að sjávarútvegurinn, sem er í baráttu við aðrar greinar atvinnulífsins, verður að standa saman til að halda verðmætum inni í greininni, þ.e. þeim verðmætum sem notuð verða í launahækkanir til fiskvinnslufólks og eðlilegrar uppbyggingar skipa og fiskverkunarhúsa.

Það eru nógir aðilar í þjóðfélaginu sem vilja nýta þessi verðmæti. Þá þýðir ekkert fyrir vinnuveitendur í sjávarútvegi að rífa augun hver úr öðrum á þriggja mánaða fresti við fiskverðsákvörðanir.

Verkefni SAS

Nýstofnuð Samtök atvinnurekanda í sjávarútvegi (SAS) ættu að fara með kjarasamningsrétt, þ.e. semja um kaup og kjör sjómanna og fiskvinnslufólks. Vel gæti verið að SAS starfaði deildaskipt, þ.e. í skipadeild og úrvinnsludeild.

SAS myndi móta sína eigin fiskveiðistefnu og tala einni röddu í þeirri hefðbundnu hagsmunagæslu, sem íslenskt þjóðfélag miðast því miður alltof oft við. Það er augljóst að verkalyðshreyfingin breytir sínu skipulagi í þessa

átt. Reyndar er Verkamannasambandið þegar búið að ákveða að skipta sér í deildir, þannig að fyrsta skrefið er þegar stigið.

Þannig má segja að allt málið sé komið á rekspól bæði af hálfu atvinnurekenda og verkalýðsfélaga. Það verður forvitnilegt að fylgjast með framhaldinu.¹

¹ Samtök atvinnurekanda í sjávarútvegi (SAS) þróuðust í að vera helsti hagsmunaðili sjávarútvegsins í tengslum við EES-samninginn og voru stjórnvöldum til ráðuneytis við samningagerðina, en SAS varð ekki að samningsaðila um kaup og kjör á vinnumarkaði.

Fiskveiðistefnan¹

Í árslok 1987 renna út lög um fiskveiðistjórnun. Ótrúlega lítil umræða hefur enn farið fram um framtíð þessara mála. Reyndar er það lenska okkar Íslendinga að taka helst ekki á vandamálum fyrr en í óefni er komið. Þessi aðferð hefur þann kost að ekki er eytt löngum tíma í lausnina en oft vill hún verða nokkuð snöggsöðin.

Fiskveiðistjórnun hefur áhrif á ótrúlega marga þætti þjóðlífsins. Núverandi fiskveiðistjórnun hefur tvo kosti. Hún hefur byggt þorsstofninn nokkuð upp og tiltölulega góður friður ríkir um fiskveiðistefnuna meðal fólksins í landinu. Það er grundvallaratriði við fiskveiðistefnu að nokkuð almennur friður ríki um hana. Skrifborðslausnir sem ekki taka mið af fólki, heldur einungis af efnahagslegum stærðum eru minna en einskis virði.

Spurningarnar fimm

Eftirfarandi fimm spurningar vakna við framtíðarskipulag fiskveiðistefnunnar:

- Í fyrsta lagi til hve langs tíma hún eigi að gilda?
- Í öðru lagi hvort kvóti eigi að fylgja skipum, útgerðum, fiskvinnslu, bæjarfélögum eða ríkisvaldi?
- Í þriðja lagi hvort takmarka eigi útflutning á ferskum fiski?
- Í fjórða lagi hvort skattleggja eigi kvóta um leið og óheft sala á kvótum sé leyfileg?
- Í fimmta lagi hvernig eigi að koma í veg fyrir stækkun flotans en jafnframt tryggja eðlilega endurnýjun?

Í öllum þessum spurningum er gert ráð fyrir að kvótakerfið haldi áfram. Sjálfsagt er hægt að spyrja fleiri spurninga en hér verður látið nægja að svara þessum fimm.

Tvö ár og minnka þorskveiði

Kvótakerfið á að vera til skamms tíma vegna eðlis sérhvers kerfis að staðna

¹ Fiskifréttir 16. nóvember 1987.

og verða dragbítur á eðlilegar breytingar. Tvö ár eru hæfilegur tími við núverandi aðstæður, þannig að árin 1988 og 1989 ætti að vera álíka kerfi og nú, þ.e. val milli aflamarks og sóknarmarks. Vegna hættu á ofveiði þorsks ber að lækka þorskaflahámark í sóknarmarki og þorskkvóta í aflamarki.

Kvóti á skip

Kvóti á að fylgja fiskiskipi eins og nú er. Engin nægjanlega sterk rök hafa komið fram að einhverjir aðrir, svo sem fiskvinnslufyrirtæki, eigi að hafa eignarrétt á kvóta. Kvóti er aðferð til stjórnunar á veiði. Ráðstöfun á afla í mismunandi greinar vinnslu eða sölu er allt annar handleggur.

Kvótaúthlutun til fiskiskipa er tímabundin úthlutun á veiðirétti, sem ekki felur í sér afsal á auðlind þjóðar til lengri tíma. Það að leyfa takmarkaða sölu á kvóta að uppfylltum ströngum skilyrðum er aðferð til að ná hagkvæmni í veiðum.

Ferskfiskur

Ferskfiskútflutningur er vaxandi deilumál vegna skorts á fiski á flestum hefðbundnum mörkuðum. Aðalatriðið í því máli er að vinnsla hérlendis standi jafnfætis erlendum samkeppnisáðilum.

Evrópusambandið leggur toll á fullunnar vörur, en hefur nær engan toll á heilum fiski. Þetta verður að breytast. Að öðru leyti á verð á mörkuðum að stýra framleiðslunni þó með þeirri mikilvægu undantekningu að allt verður að gera til að halda Bandaríkjamarkaði öflugum.

Eftir að fiskmarkaðir komu hérlendis er fundinn farvegur fyrir verðmyndun á fiski fyrir opnum tjöldum eftir framboði og eftirspurn. Til lengri tíma munu fiskmarkaðirnir í kjölfar fjölgunar vinnsluaðila og sérhæfingar leiða til minnkandi útflutnings á heilum, ferskum fiski.

Næsta ár, árið 1988, er eðlilegt að halda áfram með 10% kvótaálagi á útfluttan ferskan fisk og ef til vill ætti að hækka það álag í þorski.

Auðlindaskattur og endurnýjun

Auðlindaskattur ásamt kvótaúthlutun til lengri tíma, til að mynda til tíu ára, og óheft sala á kvóta er vissulega leið, sem stenst fræðilega. Hins vegar er hætt við að slíkt kerfi raski á mjög skömmum tíma verulega byggð í landinu. Um slíkt yrðu mikil átök milli fólks, nokkuð sem enginn vill stuðla að.

Fimmta og síðasta spurningin um hvernig takmarka eigi stækkun flotans er mikilvægasta atriðið fyrir afkomu sjávarútvegsins. Halda verður stíft við regluna skip á móti skipi og tonn á móti tonni, þ.e. að fyrir hverja

brúttórúmllest sem bætt er við í fiskiskipaflotann ber að úrelda fiskiskip sem nemur jafnmörgum brúttórúmllestum. Einnig á að minnka lánaþyrirgreiðslu til nýsmíða og endurnýjunar. Endurnýjun flotans verður að gerast með auknu eigin fé fyrirtækja.

Að hagræða til dauða¹

Nýlokið er strangri fundaviku hjá sjávarútvegsmönnum. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Landssamband íslenskra útvegsmanna og Sambandsmenn funduðu með sínu fólki. Alls staðar var eitt meginefni, hin bága afkoma fyrirtækjanna og vonleysi yfir framhaldinu. Nær öll fyrirtæki í sjávarútvegi, hvort sem er í veiðum eða vinnslu, eru að tapa fjármunum í ár.

Tapíð er fjármagnað með því að ganga á eigið fé fyrirtækjanna. Það sem einkennir þó þessa erfiðleika nú er sú staðreynd að ytri áföllin, þ.e. verðlækkun afurða og samdráttur í afla, eru ekki meiri en svo að við venjuleg skilyrði væri hægt að sigla þokkalega milli skers og báru.

Losna við skuldir

Það sem gerir stöðuna nú erfiða er hve máttfarin fyrirtækin eru. Á árunum 1983 til 1985 var mikið tap í atvinnugreininni og þótt menn hafi haldið í horfinu 1986 og 1987 þá eru flest fyrirtæki í sjávarútvegi með eitt vandamál. Þau skulda of mikið. Sum hafa fjárfest of mikið, önnur tapað of miklu og mörg hafa hreinlega ekki styrka stjórn á sínum málum.

Hvað er til ráða ef fyrirtæki skulda of mikið? Brynjólfur Bjarnason, framkvæmdastjóri Granda í Reykjavík, segir með réttu að einungis þrjár lausnir séu til, þ.e. í fyrsta lagi að hagnast nógu mikið, svo að hægt sé að borga niður skuldir, í öðru lagi að fá inn nýtt hlutafé, sem er þó í reynd ekkert annað en víkjandi lán og í þriðja lagi að selja eignir.

Þessar þrjár leiðir eru til, en nú hefur sú fjórða skotið upp kollinum í orðfari stjórnámálanna. Hugmyndir hafa vaknað um að gefa lífvænlegum fyrirtækjum eftir skuldir. Sennilega ætla stjórnámálameðirnir sjálfir að dæma, hvaða fyrirtæki eru lífvænleg. Þetta er ekkert annað en hin gamla pennastriksaðferð Alberts Guðmundssonar en hann benti á þessa leið fyrir nokkrum árum.

Það er óhugnanleg tilfinning að vita að stjórnámálameð landsins sjái það eitt til lausnar efnahagsvanda að mismuna fyrirtækjum eftir þeirra vild á kostnað skattborgaranna. Víst er rétt að auðvelt er að eyða peningum, sérstaklega peningum annarra.

¹ Fiskifrétir 25. nóvember 1988.

Þráhyggja hagræðingarinnar

Oft er klifað á því, að sjávarútvegsfyrirtæki geti hagrætt sig út úr vandanum, þ.e. sameinast og stækkað og myndað þannig hagkvæmari einingar. Rétt er að slíkt má gera á mörgum stöðum, en ekki má draga almenna reglu út frá því. Rekstur stærri fyrirtækjanna í sjávarútvegi, sem eru tvisvar til fjórum sinnum stærri en meðalfyrirtæki, gengur núna jafnilla og hinna smærri.

Af hverju má ekki hagræða og sameina á fleiri sviðum? Af hverju ekki að slá saman Þjóðhagsstofnun og hagfræðideild Seðlabankans, af hverju ekki að fella í eina stofnun Vinnueftirlit og Hollustuvernd og aðrar eftirlitsstofnanir og hvað með að sameina tvo eða þrjá stjórnmalaflokka, tímarit, dagblöð eða sjónvarpsstöðvar? Allt þetta hlýtur að spara töluvert í yfirstjórn og hagræðingu.

Vinna á vöktum

Eina virkilega hagræðingin í sjávarútvegi er að vinna á vöktum við vinnslu í landi. Þetta er gert í loðnuverksmiðjum, í síld að hluta, við loðnuhrognavinnslu og um borð í frystitogurum. Fæstir gera sér grein fyrir því að aðalástæðan fyrir góðu gengi frystitogaranna er að þar er unnið óslitid allan sólarhringinn.

Hvorki verkalýðshreyfingin né launþegar eru enn tilbúnir að samþykkja að í frystihúsum verði unnið samfelt eins og í álverinu. Þetta er þó eina skynsamlega leiðin til hagræðingar og bættrar nýtingar fjárfestingar. Kjarsamningar taka ekki enn á þessu máli en þróun landvinnslu verður í þessa átt á næstu árum.

En þetta sífellda yfirborðskennnda tal um að hagræða sig út úr vandanum er að verða að þráhyggju stjórnmalamanna og hagfræðinga til að leiða hugann og umræðuna frá aðalatriðunum.

Markmiðið eina

Aðalatriðið er að hér sé ekki meiri verðbólga en í nágrannalöndunum. Þau stjórnvöld sem ekki ráða við þetta verkefni eiga að fara frá völdum og kjósa ætti nýja ríkisstjórn. Kjósa má mín vegna aftur og aftur þar til við eignumst þokkalega ríkisstjórn, sem ræður við þetta eina verkefni, sem er að útrýma verðbólgunni.

Hugmyndir stjórnvalda¹

Í síðustu viku voru lagðar fram ýmsar tillögur til lausnar hinum þráláta vanda sjávarútvegsins. Þó svo að ekkert sé enn afráðið er nauðsynlegt fyrir sjávarútvegmenn að fjalla um þær. Efnahagslífið er fjölþætt og þess vegna er ekki hægt að leysa eitt vandamál, nema lausnir á öðrum sviðum fylgi með.

Illu rekinn ríkissjóður

Ríkissjóður var með 7 milljarða halla árið 1988, sem er tvöfalt meiri halli en í sjávarútvegi, en velta sjávarútvegs og ríkissjóðs var svipuð árið 1988. Það mætti draga einfalda ályktun af þessu og segja að ríkisfjármálin séu tvisvar sinnum verr rekin en sjávarútvegsfyrirtækin. Það ætti því í ríkisrekstri að hagræða, sameina og slá af óhagkvæmar einingar. Samt láta framkvæmdastjórar ríkisins, þ.e. ráðherrarnir, eins og vitlausir menn út í sjávarútveginn þótt flestu í þeirra eigin rekstri sé mjög ábótavant. Sagan um bjálkann og flísina er enn í fullu gildi.

Höfundur skal fúslega fallast á að margt mætti gera betur í sjávarútvegi, eins og alls staðar annars staðar. En mörg fyrirtæki í sjávarútvegi eru til fyrirmyndar, af rétttri stærð miðað við aðstæður, vel rekin og hafa ekki fjárfest af mikið. Þessi fyrirtæki eru þó að bulltapa. Þetta er aðalmálið. Rekstrarskilyrðin verða að vera fyrir hendi svo að þessar góðu einingar geti skilað hagnaði. Þessum skilyrðum verður að ná, því að lána í taprekstur er álíka vitlaust eins og að reka ríkissjóð með halla og hafa neikvæðan viðskiptajöfnuð ár eftir ár.

Erlendu lánin

Á þremur árum 1987, 1988 og 1989 er gert ráð fyrir að við flytjum inn fyrir 30 milljörðum meira en við flytjum út. Þessir 30 milljarðar eru teknir að láni erlendis og börnin okkar eiga að borga þá.

Til samanburðar má geta þess, að heildarverðmæti útfluttra sjávarafurða 1988 var um 42 milljarðar. Öllum má vera ljóst hvers konar kviksyndi við erum komin út í. Þegar svona er komið stóðar lítt að efla úlfúð meðal fólksins í landinu. Ef til vill er fólki ekki ljóst að sífellt aukin skuldasöfnun erlendis veikir sjálfstæði okkar og stuðlar að fátækt þegar fram líða stundir.

¹ Fiskifrétir 13. janúar 1989.

Einnig mætti spyrja, af hverju þessa svartsýni, þegar öllum líður vel og lífskjör hér eru mjög góð miðað við aðrar þjóðir? Þegar góð lífskjör eru fjármögnuð með lánsfé er hætta á ferðum. Þetta á við einstaklinga og fjölskyldur sem eru að basla með lánin sín og kreditkortid. Þetta á eins við fyrirtækin sem vandræðast með vanskilin sín.

Að fækka skipum

Eitt af meginatriðum í hugmyndum Halldórs Ásgrímssonar sjávarútvegsráðherra er að fækka skipum með stofnun nýs sjóðs. Slíku er alfarið vísað á bug en í stað þess ætti að innleiða kvótakerfið til tíu ára og þá einungis aflamarkskerfi og hafa kvótann bundinn við skip eða lögaðila útgerða.¹

Slíkt fyrirkomulag með frjálsri sölu og framsali á kvótum mun leiða til verulegrar minnkunar flotans og halda honum í eðlilegri stærð miðað við afkastagetu fiskistofnanna. Jafnframt þessu ætti að þrengja lánareglur til endurnýjunar og endurbóta skipa.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, sem sérstök skattlagning á atvinnugreinina, er tímaskekkja, þar sem svipaðir sjóðir eru þegar starfandi, bæði innan sölusamtaka og hjá opinberum aðilum. Hugmyndir ráðherra um gæðaáttak eru hins vegar af hinu góða og það ber að styðja þær hugmyndir að fullu.

Aflamiðlun og hlutabréfasjóður

Hugmyndirnar um aflamiðlun eru langsótt forsjarhyggja, þótt auðvitað verði að takmarka gámasölur erlendis alveg eins og tekist hefur með skipalandanir. En að byggja upp bákn sem skipuleggi miðlun á öllum fiski innanlands og erlendis er út í hött.

Hlutabréfakaupasioður fyrir þau fyrirtæki sem ekki hljóta lán úr Atvinnu-tryggingasjóði er ömurleg hugmyndafræði. Sú krafa, sem ítrekað hefur verið gerð til stjórnvalda, er að almenn rekstrarskilyrði séu í lagi. Þá sér atvinnugreinin um sig sjálf að verulegu leyti. Auðvitað geta þurft að koma til myndarlegar fjárveitingar til fyrirtækja vegna byggðamála og sérstöðu smærri staða. Það á hins vegar að gera á fjárlögum með beinum hætti en ekki með því að raska almennum skilyrðum í greininni.

¹ Kvótakerfið sem aflamarkskerfi var lögfest ótímabundið árið 1990 og var kvótinn bundinn við skip.

Tímaskekkjur¹

Flestir hlutir í skipulagi eiga einungis við í tiltekinn tíma. Að loknum þeim tíma eru þeir úreltir og betra gæti tekið við. Þetta á við margt í sjávarútvegi ekki síður en í þjóðfélaginu almennt.

Verðleggjum sjálf og minnkum lánin

Það er tímaskekkja að ríkisvaldið skuli með skipun oddamanns í verðlagsráð taka ábyrgð á ákvörðunum fiskkaupenda og fiskseljenda. Farsælla væri frjálst verð og/eða uppboðsmarkaðir og/eða verðlagsráð með oddamanni skipuðum af óháðum aðila til að mynda ríkissáttasemjara til að finna „sann-gjarnt“ lágmarksverð.

Það er tímaskekkja, þegar mestu varðar að minnka flotann, að við endurnýjun skipa skuli vera hægt að stækka nýja skipið um allt að 60%. Næstu ár ættu stækkunarmöguleikar við endurnýjun að vera nær engir og opinber lánafyrirgreiðsla vera til dæmis 40% af kaupverði en ekki 65% eins og nú er. Endurnýjun skipa er ekki einkamál útgerðar, heldur kemur þjóðinni allri við.

Útgerðarmenn hafa náð einkarétti á auðlindinni með úthlutun kvótans. Það kerfi er skynsamlegt, en þyrfti að vera til lengri tíma, til tíu eða fimmtán ára, og einungis með aflamarki en ekki frjálssu framsali. Það að hafa einkarétt á auðlindinni krefst þess að hún sé nýtt á sem allra bestan máta, ekki hvað síst með því að halda stækkun skipa í skefjum.

Tvenn samtök

Það er tímaskekkja að aðilar í sjávarútvegi bindist ekki tveim heildarsamtökum. Annars vegar í samtök launþega sem í væru sjómenn og landverkafólk í fiskvinnslu og hins vegar í ein atvinnurekendasmötök þar sem hvorki væri skipting milli útgerða og vinnslustöðva né milli samvinnufyrirtækja og annarra.

Samningar um kaup og kjör færu fram milli þessara tveggja heildarsamtaka. Það skipulag að útgerðarfyrirtæki sé andstæðingur fiskvinnslufyrirtækis, eins og vel sést við fiskverðsákvæðanir og fyrirkomulag gámaútflyttings, er heimskulegt og hefur valdið sjávarútveginum miklu tjóni á liðnum árum.

Sömuleiðis er líklegt, að sérstök atvinnurekendasmötök fyrirtækja, einkum

¹ Fiskifréttir 29. september 1989.

fiskvinnslufyrirtækja, í eigu samvinnuhreyfingarinnar sé ekki skynsamlegt nú á tímum. Sameinuð hagsmunagæsla er alltaf líklegri til að bera meiri árangur, ekki síst þegar hagsmunirnir eru í reynd þeir sömu.

Burt með ráðuneyti og sjóði

Það er alvarleg tímaskekkja í sífellt opnari þjóðfélögum að sérgreina atvinnuvegi og reyna að hafa vit fyrir þeim í hvívetna. Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins er gagnslaust fyrirbæri og verðjafna ætti innan hvers fyrirtæki ef menn vilja. Sérstakir lánasjóðir eins og Fiskveiðasjóður, Iðnlánasjóður og fleiri sértengdir atvinnuvegasjóðir eiga að hverfa og stofnlán eiga að veitast af öflugum bönkum. Fyrir utan að vera heppilegra fyrirkomulag hvað arðsemi snertir, þá er þetta miklu ódýrari leið en núverandi sjóðaskógur er.¹

Stjórnskipulag á að taka mið af þessu. Leggja ætti niður sjávarútvegs-, landbúnaðar- og iðnaðarráðuneyti en hafa eitt öflugt atvinnuráðuneyti sem færi með öll þau mál atvinnuveganna er snúa að ríkisvaldi. Togstreita milli atvinnugreina í þessu litla landi okkar hefur valdið miklum búsífum.

Vextir og sparnaður

Það er tímaskekkja að tala um að fjármagnskerfið verði eins og það var, þ.e. neikvæðir vextir. Þeir tímar koma aldrei aftur. Mikilvægast fyrir sjávarútveginn er að verðbólga hverfi og þar með lækka nafnvextir. Raunvextir verða frá 4% upp í 12% næstu ár, nær lægri tölunni ef sémilegt jafnvægi ríkir í efnahagsmálum og nær hærri tölunni ef óstöðugleiki einkennir efnahagsstjórnina.

Ef stöðugleiki næst og sjávarútvegur hagnast nokkuð á næstu árum er lag til að greiða niður skuldir og hjárfesta af skynsemi. Tími óðafjárfestingar í sjávarútvegi er liðinn, hvort sem menn vilja viðurkenna það eða ekki.

Það er tímaskekkja að stofnsetja sértæka sjóði eins og Hlutfjár sjóð til að gerast þátttakandi í sjávarútvegsfyrirtækjum. Besta byggðastefnan er að rekstrarskilyrði sjávarútvegsfyrirtækja séu slík að þau hagnist.

Þá verður eftirsóknarvert að leggja fé í sjávarútveg og eigið fé byggist hratt upp. Sparnaður er verulegur í þjóðfélaginu, en fer helst í farveg húsnæðislána. Það á að skapa sjávarútvegi og öðrum atvinnurekstri það umhverfi, að besti sparnaðurinn fyrir fólkid í landinu verði að leggja fé í sjávarútvegsfyrirtæki. Þá verða sjávarútvegsfyrirtækin að hagnast duglega en það er líka gott fyrir alla.

¹ Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins var lagður niður og Fiskveiðasjóður, Iðnlánasjóður og fleiri sértengdir atvinnuvegasjóðir hurfu inn í bankakerfið á næstu árum eftir 1989.

Fiskur, byggð og beitiland¹

Mikilvægi sjávarútvegs er aðallega tvíþætt. Rúmlega 50% gjaldeyristekna landsmanna eru vegna sölu sjávarafurða og hefur það hlutfall verið svipað undanfarin ár. Þar ber sjávarútvegur höfuð og herðar yfir aðrar atvinnugreinar.

Næst þessu koma gjaldeyristekjur af flutningum, þar sem starfsemi Flugleiða vegur þyngst. Ekki má þó gleyma því að sjávarútvegurinn ráðstafar líka miklum gjaldeyri eins og til dæmis til olúkaupa.

Eitt sveitarfélag fyrir vestan

Hitt megináhrifasvið sjávarútvegs er hversu margir staðir og landshlutar eru algerlega háðir sjávarútvegi. Þetta er þeim mun alvarlegra þegar þess er gætt að þessir staðir eru oft litlir, til að mynda 300 til 500 manna sveitarfélög.

Svo litlar einingar eiga mjög erfitt með að byggja upp nauðsynlega fjölbreytni, m.a. á sviði félagsmála og menntamála. Sveitarfélög með 1.500 íbúa eiga meira að segja í erfiðleikum með að standast samkeppni um búsetu. Eina skynsamlega leiðin er að sameina sveitarfélög með miklu róttækari hætti en verið hefur. Hvað er á móti því að á norðanverðum Vestfjörðum sé eitt sveitarfélag og ein sveitarstjórn, sem nær yfir staðina Ísafjörð, Bolungarvík, Súðavík, Suðureyri og Flateyri?²

Þessir staðir eru nú samtals með tæpa 6 þúsund íbúa og þrír þeirra með innan við 500 íbúa hver. Eitt öflugt sveitarfélag með um 7 þúsund íbúa og með 9 manna sveitarstjórn væri líklegt til að ná í gegn jarðgöngum og tryggja varanlegar samgöngur milli staða.

Eins yrði öll félagsleg þjónusta miklu auðveldari og ódýrari, menntamál öll önnur, atvinnulíf samtengdara, öflugra og fjölbreytilegra. Slík eining væri lífvænlegt mótvægi við fólksflóttu og þéttbýli sunnanlands. Þetta kostar að yfirvinna tortryggni og sögulegar hefðir. Slík eining væri afl sem hefði vægi í þjóðfélaginu. Sameininguna ætti hins vegar að stíga í einu skrefi. Fleiri staðir og landssvæði gætu farið eins að.

¹ Fiskifréttir 20. apríl 1990.

² Öll þessi sveitarfélög að undanskilinni Bolungarvík voru sameinuð í eitt sveitarfélag árið 1996.

Þjóðnýting sjávarútvegs

Frankvæmd svokallaðrar byggðastefnu hefur verið ómarkviss. Hin seinni ár hefur hún einkum falist í að útvega erlent lánsfé í atvinnurekstur sem býr við vond rekstrarskilyrði. Ekkert er hugsað til framtíðar heldur látið nægja að endurreisa með erlendum lánum atvinnulíf í sjávarútvegi á ýmsum stöðum á fjögurra til fimm ára fresti.

Útlán Fiskveiðasjóðs Íslands undir árslok 1989 voru um 15 milljarðar króna. Þessi stofnlánasjóður útgerðar og fiskvinnslu hefur starfað í áratugi. Útlán Atvinnutryggingasjóðs og Hlutaftársjóðs í árslok 1989 til sjávarútvegs eru líklega ekki undir 6 milljörðum. Þannig hefur hinn nýi kreppulánasjóður sjávarútvegsins þegar náð um 40% af útlánum stærsta fjárfestingalánasjóðs landsmanna, Fiskveiðasjóðs.

Ekki er nema von að staldrað sé við því að ekki hafa ytri skilyrði batnað neitt sem heitir til að endurgreiða þessi lán. Hvað gerist þegar kemur að gjalddaga? Verður áfram skuldbreytt þar til veðhæfni þrýtur? Ef svo fer koma opinberir sjóðir inn sem eignaraðilar, jafnvel meirihlutaaðilar, eins og fjölmörg dæmi eru um.

Það getur ekki verið æskileg þróun að skilyrðin séu slík í mikilvægri atvinnugrein að hún geti ekki byggt sig upp af eigin styrkleika. Meðal annars þess vegna verða sveitarfélögin að stækka til að efla atvinnufyrirtækin.

Mikilvægi Jakobs og félaga¹

Nú hefur náttúran leikið við okkur. Sérstaklega góð þorskveiði hefur verið undanfarið. Í kjölfar slíkrar aflahrotu vaknar alltaf upp spurning um öryggi fiskifræðilegrar ráðgjafar.

Við kunnum þetta öll

Þeir eru margir sem grípa andann á lofti við þessar aðstæður og fullyrða ákveðið: „Það er óhætt að veiða meiri þorsk en fiskifræðingar ráðleggja. Þessi hrota staðfestir að ekki sé of mikið að marka þá og þeirra vísindi.“ Aldrei man höfundur eftir öðru en að slík umræða blossi upp í aflahrotu.

Það er af hinu góða að fiskifræðin sé umtölud hjá sjávarútvegspjóð. Það sýnir lifandi áhuga á nýtingu fiskistofna. En varast ætti að afgreiða slík mál með skjóthugsuðum fullyrðingum sem lítið býr á bak við annað en persónulegir skammtímahagsmunir.

Þótt fiskifræðin sé ung vísindagrein hefur hún skilað ótrúlega miklu hérlandis í hagsæld og góðum lífskjörum. Við höfum til allrar hamingju farið að nokkru eftir ráðum fiskifræðinga.

Þorskstofnar annars staðar

Það gleymist yfirleitt að þorskstofnar í Norður-Atlantshafi eru í verulegri hættu. Þorskstofninn í Barentshafi, sem er stærstur þorskstofna í Norður-Atlantshafi, hrundi og langan tíma mun taka að byggja hann upp. Okkar þorskstofn, sem er næst stærstur, er í mjög hægri uppbyggingu á sama tíma og aðrir þorskstofnar eru í verulegri hættu vegna ofveiði. Þorskaffi í Norður-Atlantshafi væri í ár, árið 1990, hinn minnsti í hálfu öld ef farið væri að tilögum fiskifræðinga.

Af hverju hátt fiskverð?

Hátt þorskverð alls staðar í kringum okkur á ferskum, frystum og söltuðum þorski er afleiðing af minnkandi framboði annars staðar frá. Markaðirnir eru sveltir stórlega. Við eigum mikla möguleika á að nýta okkur þessi hagstæðu skilyrði næstu ár. En slíkt gerist ekki nema farið sé með gát og nýtt

¹ Fiskifréttir 27. júlí 1990.

séu bestu ráðin. Aflahrotur koma alltaf öðru hvoru og þá verða menn að nýta þann afla og draga úr sókn við slíkar aðstæður. Hverjum er greiði gerður ef of mikill fiskur berst á land og ekki næst að vinna úr honum á hagkvæman hátt?

Ástandið núna er þó miklu betra en fyrir nokkrum árum þegar öllu var dengt á land, sett á hjalla fyrir óvissan markað eða sent ferskt til útlanda á lágu verði. Nokkuð hafa menn lært á síðustu árum en þó ekki nóg. Við verðum að nýta þorskinn enn betur en gert er. Grundvallaratriði í því er að ráðgjöf fiskifræðinga er rétt í meginatriðum, þótt óvissuþættir grípi þar inn í. Við verðum að byggja hrygningarstofninn betur upp og ekki hvað síst stækka veiðistofninn og fá eldri og stærri fisk í veiðina. Þetta gerist ekki nema við veiðum nokkuð minna á næstu árum.

Kvótar til lengri tíma

Áður hafa höfundur og fleiri bent á að hið besta mál væri að ákveða þorskkvótann til lengri tíma en eins árs eins og nú er gert. Ef þorskaflinn 1991 til og með 1994, eða í fjögur ár væri ákveðinn 320 þúsund tonn árlega og þeim kvóta væri úthlutað myndi það leiða til enn betri nýtingar afla vegna nákvæmari langtímaáætlana. Sveiflur í afla og í efnahagsstjórn myndu minnka stórlega og markaðssetning yrði öll markvissari. Fiskifræðilega væri þetta bæði hægt og æskilegt.

Aflahámarkið gæti verið breytilegt eftir árum en þó ákveðið fyrirfram fjögur ár í senn. Ef gæfan leiddi til okkar göngur frá Grænlandi á næstu árum yrði slíkur happdrættisvinningur nýttur til enn frekari uppbyggingar þorskstofnsins.

Mikilvægasti ráðgjafinn

Nýting þorskstofnsins er undirstaða allra ákvarðana í sjávarútvegi og ákvarðanir í sjávarútvegi eru afdrifaríkustu ákvarðanir í íslensku þjóðarbúi. Þannig leiðir allt hvað af öðru og við verðum að huga að fiskifræðilegum röksemdum. Það er enginn vandi að sýna fram á að allt íslenskt þjóðfélag byggir á skynsamlegum tillögum Jakobs Jakobssonar fiskifræðings og samstarfsmanna hans.

Það þarf að taka meira tillit til þessara tillagna, veita meira fé til rannsóknna og hugsa lengra fram á við í úthlutun aflakvóta.

Mál næstu fjögurra ára¹

Það er kosið til Alþingis um þessa helgi. Í því sambandi er fróðlegt að velta því fyrir sér hvað það er sem skiptir sjávarútveginn mestu máli næstu fjögur árin. Starfsemi flestra ríkisstjórna hérlandis er mjög tengd sjávarútvegi. Það eru einkum þrjár ástæður fyrir því. Í fyrsta lagi ræður almenn efnahagsstjórnun mjög miklu um rekstrarskilyrði sjávarútvegs. Í öðru lagi ákveða stjórnvöld hámarksafla og í þriðja lagi eru það stjórnmalamenn sem ákveða fiskveiðistjórnunina með lagasetningu um kvótakerfi.

Sáttmáli við verkalýðshreyfinguna

Brýnast er að verðbólgan verði áfram lítil. Ef það tekst ekki skipta aðrar ráðstafanir litlu. Strax að loknum kosningum þarf að huga að nýjum sáttmála við verkalýðshreyfinguna. Sá sáttmáli á að fela í sér kjarasamning til næstu tveggja ára með mjög lágum prósentuhækkunum. Koma á til móts við lægra launaðar stéttir með hækkun skattleysismarka og/eða lækkun virðisaukaskatts á matvælum. Ef þetta tekst er mikið unnið og rammi settur um frekari stjórnun. Auðvitað verður einnig að ná utan um ríkisfjármál og stuðla meðal annars að skynsamlegri stefnu í landbúnaðarmálum. Öll þessi atriði lúta að hinum nýja sáttmála sem er eðlilegt framhald Þjóðarsáttar. Þjóðarsáttin er fyrir fólkið í landinu og það verður að móta þessa stefnu með verkalýðshreyfingunni og öðrum aðilum vinnumarkaðarins.

Slá skjaldborg um kvótakerfi

Einnig þarf að festa kvótakerfið enn betur í sessi og hrinda öllum árásum á það. Framseljanlegir aflakvótar til langs tíma eru besta fiskveiðistjórnunarkerfi sem til er. Um það eru allir sammála sem vilja kynna sér reynslu annarra þjóða og grunnatriði fiskveiðistjórnunar og fiskverndunar.

Nokkuð skiptar skoðanir eru um núverandi kerfi innan sjávarútvegsins og er það miður. Þau sjónarmið taka fyrst og fremst til þröngra sérhagsmuna. Það býður þeirri hættu heim að aðrir aðilar, sem minna skynbragð bera á þessi mál ráðskist með þau á vafasaman hátt. Kvótakerfið mun smátt og smátt leiða til minnkunar flotans auk þess sem fiskstofnarnir byggjast upp

¹ Fiskifréttir 19. apríl 1991.

hægt og sígandi. Um leið og hagkvæmnin eykst í sjávarútvegi verður að finna eðlilegan farveg fyrir hluta af ávinningi þess til annarra aðila í þjóðfélaginu. Slíkt gerist með tekjuskattskerfinu eða annarri skattalegri meðferð.

Slíkar skattalegar vangaveltur eru hins vegar seinni tíma mál. Aðalatriðið er nú að kerfið fái að vera í friði fyrir breytingum í að minnsta kosti næstu fjögur til átta ár og að hagkvæmninni leyfist að sýna sig. Það tekur nokkurn tíma og brýnt er að á næsta kjörtímabili verði ekki gerðar vanhugsaðar breytingar.

Okkar stjórnun um alla Evrópu

Það þarf að reka harðan áróður innan Evrópu fyrir því að fiskveiðistefna Evrópusambandsins sé stórhættuleg lífríki sjávar auk þess að vera efnahagsleg mistök. Þessi stefna leiðir til ofveiði, falskra veiðitalna, offjórðfestinga, ónógs eftirlits, slæmrar nýtingar á skipum og mannafla, lélegs afraksturs fiskimiðanna, ríkisstyrkja og hallareksturs.

Á alþjóðlegum vettvangi þurfum við að tala fyrir okkar stefnu og stjórnun á auðlindum sjávar. Alveg eins og við höfum verið frumkvöðlar í nýtingu jarðvarma eigum við að afla alþjóðlegrar viðurkenningar fyrir stefnumótun í sjávarútvegi. Í ljósi sífellt nánara sambands við önnur ríki Evrópu er það í okkar þágu að auðlindir hafsins séu nýttar skynsamlega. Okkur tekst þetta ef við stefnum nógu markvisst að því.

Innan tuttugu ára verðum við hluti Evrópusambandsins en til þess munu þá teljast miklu fleiri þjóðir en nú í Vestur-Evrópu en einnig í Austur-Evrópu.¹ Þetta bandalag verður auðvitað ekki eins og Evrópusamband nútímans. Mikil umræða mun fara fram hérlandis á næstu árum um þetta mikilvæga mál. Fyrir sjávarútveginn er mikilvægt að strax sé byrjað að tala með auknum þunga fyrir stefnu sem er skynsamleg og hentar Íslendingum þar að auki vel.

Hér hefur verið drepit á þrjú svið sem eru sjávarútvegnum öðrum mikilvægari á næstu árum. Sjávarútvegur ræður miklu í íslenskri stjórnsýslu, sérstaklega ef menn eru samtaka. Þannig er hægt að hafa mikil áhrif á mótun stefnu í þessum málum.

¹ Á þessum tíma árið 1991 voru aðildarríki Evrópusambandsins tólf talsins en sautján árum síðar, árið 2008, voru þau tuttugu og sjö talsins og hafði fjölgað um fimmtán ríki. Ísland var ekki meðal þeirra.

Skattlagning veiðiheimilda¹

Undanfarin ár hefur verið mikil umræða um gjaldtöku veiðiheimilda. Fiskurinn í sjónum er eign allra landsmanna. Um það hefur aldrei ríkt ágreiningur og landhelgisstríð liðinna ára bera einmitt þeirri baráttu vitni að tryggja landsmönnum þennan rétt.

Arðsemi fiskimiðanna hefur ávallt runnið til þjóðarinnar. Fyrst í formi fæðu en síðan, einkum á þessari öld, sem uppspretta gjaldeyrstekna. Auðlindir Íslendinga eru ekki margar. Það sem við eigum einkum umfram aðrar þjóðir er fiskurinn í sjónum, góð menntun landsmanna, afl áнна og falleg og sérkennileg náttúra. Flest annað er í ríkara mæli annars staðar.

Upptaka hagnaðar

Síðustu áratuginna hefur þjóðin notið arðsemi sjávarútvegs með hárrí gengisskráningu. Þannig hefur hagnaður ekki safnast upp innan sjávarútvegsins heldur runnið til allra landsmanna. Afleiðingin hefur m.a. orðið sú að mjög fá öflug fyrirtæki eru í sjávarútvegi. Atvinnugreininni hefur aldrei verið leyft að hagnast.

Þannig eru stöndugustu fyrirtækin hérlendis ekki í sjávarútvegi heldur í flutningum, tryggingum, olíuverslun og verktakastarfsemi svo nokkur dæmi séu nefnd. Það er furðulegt að þjóð, sem fyrst og fremst lifir á fiski, geti ekki státað af sterkari sjávarútvegsfyrirtækjum en raun ber vitni.

Þessi upptaka hagnaðar í gegnum hátt skráð gengi hefur skapað góð lífskjör hérlendis, með þeim bestu í heiminum. Þannig hefur eigandi fiskisins, fólkíð í landinu, notið allra ávaxta undanfarin ár. Þessi einfalda staðreynd er almenningi hins vegar alls ekki ljós.

Auðlindaskattur

Markmið fiskveiðistjórnunar er einkum fjórþætt, þ.e. að veiða þannig

- að fiskistofnarnir séu ekki ofveiddir,
- að veitt sé af hagkvæmni,
- að gæðaafurðum sé skilað úr aflanum og
- að afrakstri auðlindarinnar sé af sanngirni veitt til landsmanna allra.

¹ Fiskifrétir 17. janúar 1992.

Það er hægt að stjórna veiðum þannig að ekki verði neinn auðlindahagnaður. Þetta gerist m.a. með frjálsum veiðum eða óhagkvæmu stýrikerfi, eins og til dæmis sóknarmarkskerfi. Besta aðferðin til að mynda hagnað í fiskveiðum er kvótakerfi til langframa sem byggist á frjálsum framsali kvóta. Við búum við slíkt kerfi þótt enn séu of miklar takmarkanir á frjálsum framsali. Sala veiðiheimilda eða gjald fyrir réttinn til að veiða bætir ekki stjórnkerfi veiðanna. Það er hins vegar skattlagning og tengist umræðunni um að skila afrakstri auðlindarinnar til almennings.

Það má skipa talsmönnum auðlindaskatts í tvo hópa. Annars vegar þá sem styðja mál sitt með tilvísun til réttlætis og sanngirni og telja óréttmætt að útvegsmenn njóti réttar umfram aðra. Öflugustu talsmenn þessa viðhorfs eru ritstjórar Morgunblaðsins. Hins vegar eru þeir sem vilja leggja á veiðigjald og lækka gengi á móti og skapa þannig öðrum útflutningsiðnaði betri skilyrði. Talsmenn þessa viðhorfs eru fjölmargir háskólamenn. Þessi útfærsla er mjög einföld en óljós í allri framkvæmd.

Flestir viðurkenna að núverandi kerfi skilar verulegum árangri. Þess má geta að fræðilega er kvótakerfi til langs tíma með frjálsum framsali besta fiskveiðistjórnunarkerfið.

Breyttar aðstæður

Efnahagsstjórnun okkar tekur sífellt meira mið af erlendum aðstæðum. Það er liðin tíð að við beitum gengisskráningu til að jafna sveiflur í sjávarútvegi eða til að gera hagnað þar upptækan. Við munum hafa svipaða verðbólgu og aðrar þjóðir og gengi verður stöðugt. Þá vaknar spurningin hvernig veita eigi arðsemi fiskimiðanna til almennings. Það er alrangt að leggja gjald á veiðiréttinn. Það á frekar að taka það gjald þegar hagnaðurinn hefur myndast.

Kvótakerfið hefur skilað árangri og mun gera það. Það kemur því vel til álita að skattleggja sjávarútvegsfyrirtæki þannig að auk hefðbundins útreiknings á tekjum til tekjuskatts, komi til sérstök álagning á þann hagnað sem sameining veiðiheimilda hefur leitt til. Þá væri arðsemi fiskimiðanna skattlögð í enda ferilsins, þegar hagnaður hefur myndast, en alls ekki í upphafi þess ferils, sem væri við sölu veiðiheimilda eða sérstök gjaldtaka á upphaflegar veiðiheimildir. Þessi álagning á auðvitað ekki að vera neitt annað en eðlilegt afgjald fyrir þann mikla rétt og þá ábyrgð að hagnýta fiskimiðin fyrir almenning.

Arðsemi fiskimiðanna hefur alltaf verið skattlögð. Nú gildir hins vegar að finna þeirri álagningu eðlilegan og skynsamlegan farveg þannig að sjávarútvegurinn standi sterkur og öflugur og sé í sátt við fólkíð í landinu.

Sjávarútvegsstjórnun¹

Það á ekki af fiskveiðistjórnunarkerfinu að ganga. Deilur um það hafa ætíð verið miklar þótt þær væru harðari hér á árum áður, þegar fjölmargir töldu fiskifræðinga hafa rangt fyrir sér í mati á fiskistofnunum. Þær raddir eru orðnar fáar og flestir innan sjávarútvegsins viðurkenna að fiskurinn í sjónum er í ríkum mæli ofveiddur.

Tæknipróun í fiskiskipum

Menn tengja oft fjölda skipa við ofveiði og finnst hægt ganga að minnka flotann. Víst er það rétt en þó er annar þáttur sem hefur aukið sóknarþungann mun meira en menn gera sér almennt grein fyrir.

Hér er átt við hina miklu tæknivæðingu við veiðarnar. Próunin í fiskileitartækjum og veiðarfærum síðasta áratug hefur verið gríðarlega mikil. Nákvæm staðsetning á fiskimiðum og möguleikar þess að fylgjast með fiskinum í sjónum hafa aukist verulega. Einnig hafa veiðarfæri batnað í þeim skilningi að þau eru afkastameiri og liprari. Þessi tæknipróun hefur leitt til þess að fiskurinn á sífellt minni möguleika í sinni lífsbaráttu. Togari nú eða 100 tonna bátur eru ólíkt afkastameiri en sömu skip fyrir tíu árum.

Að þessu er ekki gefinn gaumur sem vert væri heldur er einblínt á rúmlestatölu flotans eða fjölda fiskiskipa. Þetta er ein af orsökum þess að hægar hefur gengið að byggja upp þorsstofninn en menn ætluðu.

Vitneskja fiskifræðinga

Hjá Kanadamönnum sést vel hvernig farið getur ef ekki er gætt varkárni og tekið mið af tillögum vísindamanna. Þeir urðu að banna þorskveiði um langan tíma vegna ofveiði.

Auðvitað vita fiskifræðingar ekki allt um hegðun náttúrunnar í hinu flókna kerfi fiskistofna. Hins vegar er öruggt að þeir kunna skil á því sem mannleg þekking veit nú og reyna af alefli að þróa sín vísindi þannig að sem nákvæmastar niðurstöður fáiast. Menn skyldu ekki ætla annað en að reynt sé að fella almenna þekkingu og reynslu sjómanna auk annarra að þessum fræðum.

¹ Fiskifréttir 24. júlí 1992.

Vinnubrögð Bjarna Sæmundssonar og fleiri frumherja vörðuðu veginn. Dettur einhverjum í hug að maður eins og Jakob Jakobsson, sem er alinn upp við og á sjó taki ekki tillit til skynsamlegra ábendinga sjómanna og annarra reyndra manna? Við ættum að þakka fyrir það að fiskifræðingar okkar eru langflestir með traust jarðsamband við starfandi aðila. Það að niðurstöðurnar falla ekki öllum alltaf í geð er ekki aðferðunum eða mönnum að kenna. Oft eru boðberar válegra tíðinda hafðir fyrir rangri sök.

Hins vegar ættu þeir að útskýra betur fræði sín, segja hve mikil óvissa sé bundin ráðleggingum þeirra, skýra betur hvaða stuðla þeir nota við breytningar á ýmsum stærðum og hvernig þeir breytast ár frá ári.

Kvótar til lengri tíma

Höfundur hefur stundum sett fram þá tillögu að kvótar verði ekki gefnir út til eins árs í senn heldur til þriggja ára. Þetta myndi gerbreyta rekstrarumhverfi í sjávarútvegi til hins betra. Allar áætlanir yrðu nákvæmari og menn sæju yfir rekstur sinn til nokkurra ára, en einmitt skammsýnin, sem er m.a. háð hinu stutta kvótatímabili, veldur miklu fjárhagslegu tjóni.

Hér þarf samvinnu fiskifræðinnar og hagfræðinnar við að móta hagkvæma lengd á kvótatímabili. Vitanlega verður sveigja að ríkja í slíkri kvótaúthlutun ef aðstæður breytast skyndilega, en fiskifræðin verður sífellt áreiðanlegri.

Þríþætt sjávarútvegsstjórnun

Fiskveiðistjórnun af opinberri hálfu, sem betra væri að kalla sjávarútvegsstjórnun, er í reynd þríþætt:

- Í fyrsta lagi veiðistjórnun, það er m.a. hvort kvótakerfi eða annað stýrikerfi er notað við veiðarnar, svæðatakmarkanir, veiðarfærareglur og ákvörðun um heildarafla þar sem fiskifræðin skiptir verulegu máli.
- Í öðru lagi eftirlitskerfið, sem m.a. felst í landhelgisgæslu, veiðieftirliti um borð, vinnslueftirliti í landi, m.a. með alþjóðlegum vottunarsköðlum og söfnun ýmissa tölfræðilegra gagna.
- Í þriðja lagi er um viðurlög við brotum á kerfinu að ræða. Það tengist almennri löggjöf, m.a. refsilöggjöf. Við höfum borið gæfu til að þróa þennan hluta kerfisins það vel að enginn verður var við vandkvæði. Það er einkenni góðrar löggjafar. Misnotkun í fiskveiðistjórnun, svindl á aflamagni, falskar löndunarskýrslur eða rangar nýtingartölur eru sjálf-sagt til í einhverjum mæli en örugglega mjög sjaldgæfar.

Sjávarútvegsstjórnun af opinberri hálfu verður að mynda samfellt kerfi, þar sem hvert svið styður við annað. Það mótar síðan umhverfi fyrirtækja og starfsfólks. Ef einhver misbrestur er í þessu kerfi kemur það niður á afkomu fyrirtækja og einstaklinga.

Kjarasamningar og útflutningur¹

Kjarasamningar taka mjög mikið rúm í umræðu hérlandis. Það er algengt að efnahagsstefna stjórnvalda sé tengd gerð kjarasamninga. Oftar en ekki er gerð breyting á ýmsum fyrirætlunum stjórnvalda til að liðka fyrir samningum. Er þetta skynsamleg vinnubrögð?

Menn hafa fjarlægst tilgang kjarasamninga ótæpilega undanfarin ár. Kjarasamningar fjalla í aðalatriðum um launataxta, hækkun eða lækkun þeirra, flokkun og tímalengd samninga. Farvegur kjarasamninga hérlandis er með allt öðrum hætti.

Semja á kostnað ríkisins

Aðalatriðið virðist vera að ná samkomulagi um kröfugerð á hendur ríkisvaldinu en breytingar á kaupþöxtum eru aukaatriði. Kjaraviðræður aðila vinnumarkaðarins snúast orðið um víðtæka stefnumörkun á öllum sviðum þjóðfélagsins. Þessi vinnubrögð áttu rétt á sér 1990 þegar fyrstu þjóðarsáttarsamningarnir voru gerðir. Þá var brotið blað í kjara- og efnahagsmálum og mjög víðtækt samkomulag þurfti um stöðugleika og gengisfestu þar sem um algera nýlundu var að ræða. Samningarnir 1992, sem voru framlenging þeirra frá 1990, tóku mið af þessum þríhyrningi samninga, þ.e. ríkisvalds, vinnuveitenda og verkalýðsfélaga.

Nú eiga hins vegar vinnuveitendur og verkalýðsfélög á almenna markaðinum að standa á eigin fótum, gera sína samninga eða láta það vera. Það hefur verið niðursveifla í þjóðarbúskapnum í mörg ár. Það er afar óeðlilegt til lengdar, þegar fyrirtæki eiga ekki til fjármagn til launahækkana, að gerð sé sameiginleg atлага vinnuveitenda og verkalýðsfélaga að sjóði landsmanna og hann látinn borga fyrir samningagerð með ýmsum hætti.

Í haust unnu aðilar vinnumarkaðarins í atvinnunefnd og léku ríkisstjórn í marga mánuði. Afgreidd voru fjárlög þar sem m.a. voru færðir margir milljarðar frá einstaklingum til fyrirtækja til að efla atvinnulíf. Þá lá ljóst fyrir að staða sjávarútvegs yrði mjög erfið á þessu ári. Nú nokkrum mánuðum seinna er komið að kjarasamningum og þá er gerð krafa um

¹ Fiskifréttir 2. apríl 1993.

efnahagsráðstafanir vegna þess að vinnuveitendur og verkalyðsfélög hafa ekkert til að skipta á milli sín.

Að skipta verðmætum

Það er ekki hægt að gera samninga um verðmæti sem ekki eru til. Ef verðmætaaukning er ekki til skiptanna í samskiptum vinnuveitenda og verkalyðsfélaga framlengja þeir fyrri samninga óbreytta, semja um kauplækkun eða láta nokkurn tíma, e.t.v. mánuði eða misseri, líða, án þess að formlega séu gerðir nýir kjarasamningar. Ef þeir þurfa átök sín á milli til að komast að þessari niðurstöðu þá er það þeirra mál og á þeirra ábyrgð.

Það er ekki hægt að krefjast sérstaks framlags ríkissjóðs hvort sem er með ráðstöfunum í heilsugæslu, félagsmálum eða skattamálum til að stinga dúsu upp í aðila vinnumarkaðarins.

Ríkisstjórn hvers tíma mótar efnahagsstefnu sína í fjárlögum. Það að taka upp fjárlög í hvert sinn sem samningar eru lausir eru óhæf vinnubrögð. Aðilar vinnumarkaðarins beina nú enn einu sinni sjónum að ríkisstjórn í vandræðum sínum. Þeim tekst mætavel að byggja upp pressu á stjórnina til að gera „eitthvað.“ Þetta eru röng vinnubrögð.

Stefna stjórnvalda liggur fyrir í gengisfestu, fjárlög eru afgreidd og vextir eru að þokast niður á við. Tíma forsjarhyggjunnar er einfaldlega lokið. Stöðugleikinn krefst þess að menn beri ábyrgð hver á sínu sviði, einnig aðilar vinnumarkaðarins, og reyni ekki að varpa henni yfir á aðra.

Stórir en einhæfir

Íslendingar eru með stærstu fiskveiðipjóðum í heimi. Árið 1990 vorum við í 16. sæti á heimslistanum yfir heildarafla, en Norðmenn voru þá í 13. sæti, Danir í 15. sæti, Bretar í 24. sæti og Þjóðverjar í 47. sæti. Við erum stórir en ótrúlegir heimalningar.

Allar alvöru fiskveiði- og fiskvinnslupjóðir eru með mikla starfsemi erlendis. Þær reka fyrirtæki, eiga í veiðum og vinnslu um allan heim. Allir nema við. Norðmenn, Danir, Hollendingar, Japanir og fleiri þjóðir eru þátttakendur í sjávarútvegi alls staðar.

Íslenskur sjávarútvegur er nær allur á Íslandi. Þátttaka í atvinnurekstri erlendis er sáralítill, tvær verksmiðjur í Bandaríkjunum, tvær í Evrópu, nokkrar söluskrifstofur, þátttaka Granda í Chile, Útgerðarfélag Akureyringa í Þýskalandi, Sæunn Axelsdóttir í Noregi og smávægilegt annað. Þetta er hrein hörmung og ekki er þetta betra í öðrum atvinnugreinum. Tækifæri eru víða m.a. í Afríku, Asíu, fyrrum Sovétríkjunum, Alaska og í Evrópu.

Tryggja sig fyrir áhættu

Hver er ástæðan fyrir þessu máttleysi? Það er ekki eingöngu framtaksleysi forsvarsmanna íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja heldur frekar peningaleysi. Fyrirtæki hér eru flest það veik fjárhagslega að þau ráða alls ekki við þá áhættu sem er fólgin í því að leggja nokkrar milljónir eða milljónatugi í fjárfestingar erlendis og hugsanlega tapa þeim. Fyrirtækin yrðu einfaldlega gjaldþrota við slík óhöpp. Það vantar tryggingasjóð sem gæti tekið áhættu af slíkum fjárfestingum. Hér er verðugt verkefni fyrir væntanlegan þróunarsjóð sjávarútvegsins ef hann kemst á laggirnar.

Fjárfesting erlendis hefur í för með sér aukinn útflutning héðan og tekjur erlendis frá. Þetta er lykilatriði í skynsamlegri efnahagsstefnu næstu ára. Þær þjóðir sem eru með mestan hagvöxt í heiminum, t.d. í Austur-Asíu, hafa allar lagt megináherslu á útflutning. Stefna stjórnvalda þar er að efla útflutning með öllum ráðum. Þetta hefur gefist vel.

Þetta ætti að vera okkar leið að efla útflutning, ekki einungis sjávarútvegs heldur einnig iðnvarnings. Fen erlendra skulda verður ekki ræst fram nema horft sé út fyrir landsteinana. Í sífellt breyttum heimi eru óteljandi tækifæri. Það þarf einungis að hafa dirfsku til að nýta þau.

Breytingar í sjávarútvegi¹

Verulegar breytingar hafa orðið í sjávarútvegi Íslendinga undanfarin ár. Þessar breytingar liggja ekki allar í augum uppi og oft er ekki tekið tillit til þeirra í opinberri umræðu. Í þessari grein er lýst breytingum á nokkrum hagstærðum innan sjávarútvegsins. Stiklað er á stóru og ástæður breytinga eru raktar í stuttu máli en ljóst er að frekari rannsókna og greininga er þörf.

Skoðaðar eru breytingar frá árinu 1985 eða 1986 fram til síðustu ára eftir því sem opinber gögn eru tiltæk. Kvótakerfið var tekið upp í sjávarútvegi árið 1984 en fæstar af þeim breytingum sem orðið hafa á síðustu árum má rekja til þess þótt áhrif þess séu vissulega mikil að öðru leyti.

Útflutningur, gjaldeyristekjur, landsframleiðsla og vinnuafli

Útflutningur sjávarafurða sem hlutfall af heildarvöruútflutningi var árið 1985 um 75% en var um 80% árið 1992. Hlutfall sjávarafurða í gjaldeyristekjum þjóðarinnar var 51% árið 1985 en 55% árið 1992. Þannig hefur sjávarútvegurinn bætt stöðu sína þrátt fyrir samdrátt í afla. Verðhækkanir erlendis, betri nýtinga afla og fleiri nytjategundir skýra þessa þróun að verulegu leyti.

Framlag sjávarútvegs til landsframleiðslu sem hlutfall af vergum þáttatekjum var 14,8% árið 1985 en 14,2% árið 1991. Árið 1985 störfuðu 13% vinnuafli við veiðar og í fiskvinnslu en árið 1991 voru það 11,7%. Þannig hefur vinnuafliþörf í sjávarútvegi dregist saman um 10% en hlutur sjávarútvegs í landsframleiðslu hefur dregist saman um 4%.

Framleiðni vinnuafli í sjávarútvegi hefur þannig aukist nokkuð á þessum árum og má það vafalítið þakka bættri tækni. Miklu fleiri eru óbeint starfandi í sjávarútvegi þótt einungis um 12% vinnuafli sé bundið við fiskveiðar og fiskvinnslu, t.d. í tengdum atvinnugreinum eins og viðhaldi, netagerð, verslun og við markaðsmál. Á næstu árum má búast við að enn færri verði starfandi beint í veiðum og vinnslu en aukning verði í ýmsum tengdum greinum.

¹ Hagsæld. Nemendablað í Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, 1. tbl. 4. árg. 1993.

Fiskmarkaðir og útflutningur

Fiskmarkaðir tóku til starfa hérlendis um mitt ár 1987 en fyrsta heila starfsár fiskmarkaða var árið 1988. Það ár var hlutur fiskmarkaða 7,4% af botnfiskafla landsmanna en árið 1992 var hlutur þeirra 14,5% og hefur nær tvöfaldast á einungis fjórum árum.

Fiskmarkaðir leiddu til gerbreytinga á verðlagningu hráefnis með uppboðum og ekki hvað síst óbeint þannig að miðstýrðar ákvarðanir Verðlagsráðs heyra sögunni til. Einnig hafa fiskmarkaðir leitt til fjölgunar fyrirtækja og aukið þátt einstakra fyrirtækja í útflutningi utan hinna hefðbundnu sölu-samtaka.

Útflutningur á heilum þorski og ýsu, þ.e. ferskum og óunnum fiski, aðallega í gámum, hefur verið verulegur á undanförunum árum en hefur gjörbreyt vegna starfsemi fiskmarkaða innanlands og aukinnar vinnslu hérlendis. Árið 1986 var 15,6% af þorsk- og ýsuafla selt ferskt og óunnið erlendis en árið 1992 var þetta hlutfall 8,4% og hafði þannig dregist hlutfallslega saman um nær helming.

Til að gefa ljósa mynd af samdrætti síðustu ára aðallega í þorski þá veiddu Íslendingar 413 þúsund tonn af þorski og ýsu árið 1986 en 313 þúsund tonn árið 1992. Samdrátturinn er 100 þúsund tonn eða um 25% á einungis sex árum.

Sjófrysting

Sjófrysting hefur aukist verulega á síðustu árum. Þannig voru 4,8% af botnfiskaflanum fryst á sjó árið 1986 en það hlutfall var orðið 18,4% árið 1991. Hluti sjófrystingar hefur tæplega fjórfaldast á örfáum árum. Þetta er bylting og er meðal annars afleiðing kvótakerfisins. Útgerðir eru hvattar til að skapa sem mest verðmæti innan útgerðarþáttarins. Þannig voru frystiskipin í upphafi aðallega tengd fyrirtækjum sem stunduðu eingöngu útgerð en voru ekki með hefðbundna fiskvinnslu.

Sjófrysting hefur einkum þrjá þætti fram yfir landfrystingu, þ.e. ferskara hráefni, unnið er allan sólarhringinn og mjög stuttar flutningsleiðir eru í vinnslurásinni. Landvinnslan hefur ekki mætt þessum styrkleikaþáttum sjófrystingar, þótt hinir tveir síðarnefndu séu í reynd ekki flóknir.

Fyrirtækjastærð og útflutningur

Hlutur smærri fyrirtækja hefur aukist á síðustu árum. Þannig nam hlutur fimmtíu stærstu fyrirtækjanna 57,1% af heildarhráefniskaupum árið 1985 en 54,6% árið 1990.

Útflutningur sjávarafurða hefur undanfarna áratugi verið á hendi mjög fárra fyrirtækja, þ.e. Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Sambands íslenskra samvinnufélaga eða Íslenskra sjávarafurða, Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda, Síldarútvegsnefndar og Sölustofnunar lagmetis. Árið 1985 var hlutdeild fimm stærstu sölusamtakanna 66% af heildarútflutningi sjávarafurða en 59,2% árið 1991. Hlutur hinna stóru hefur dregist saman um 10% á þessum árum og má það rekja til aukinnar sjófrystingar en mörg þeirra fyrirtækja selja ekki afurðir sínar fyrir milligöngu stóru sölusamtakanna.

Útflutningslönd Íslendinga hafa breyst verulega. Þannig var hlutur Bandaríkjanna 21,7% af útflutningi ársins 1986 en árið 1992 var hann 11,4%. Hlutdeild ríkja Evrópusambandsins af útflutningi Íslendinga var 54,1% árið 1986 en hún var 68,6% árið 1992. Þetta eru veruleg umskipti sem markast af því að Bandaríkjadollar hefur lækkað um 22% gagnvart myntum Evróplanda á þessum árum. Einnig urðu verulegar verðhækkningar á fiskafurðum í Evrópu sem breyttu útflutningsmynstri okkar.

Almenningshlutafélög og líkleg þróun næstu ára

Starfsemi almenningshlutafélaga er orðin algeng í sjávarútvegi og viðskipti með hlutabréf stærstu fyrirtækjanna eru nú fyrir opnum tjöldum. Þetta hefur fjölgað beinum þátttakendum í sjávarútvegi og ætla mætti að þekking almennings á sjávarútvegi hafi aukist. Sennilegt er að á næstu árum muni minni fyrirtækjum í sjávarútvegi fjölga og stærri fyrirtækin verða enn stærri á kostnað millistórra fyrirtækja.¹

Þorskur skiptir mun minna máli en áður vegna lélegs ástands þorsstofnsins. Markaðsmál munu verða meira í höndum fyrirtækjanna sjálfra með beinni hætti en áður. Fjárfestingar erlendis og tækniútflutningur munu aukast á næstu árum. Sveitarfélög munu sameinast til að geta mætt vaxandi samkeppni, m.a. á sviði sjávarútvegs. Nýting fleiri fisktegunda mun aukast verulega. Núverandi fiskveiðistjórnun mun festast í sessi og sértækar ráðstafanir stjórnvalda til að leysa rekstrarvandamál fyrirtækja munu hverfa. Meiri umsvif fiskmarkaða ásamt þátttöku útlendinga í sjávarútvegsfyrirtækjum munu tengja íslenskan sjávarútveg enn meira alþjóðamörkuðum en nú er.

¹ Þetta varð raunin. Mörg fyrirtæki sameinuðust og urðu stærri og mörg ný, lítil fiskvinnslufyrirtæki sáu dagsins ljós.

Tækifæri í sjávarútvegi¹

Sjávarútvegsmönnum á Íslandi er gjarnt að telja að allt þjóðlífíð eigi að snúast um þá atvinnugrein. Sjávarútvegur er vissulega mjög mikilvægur einkum hvað varðar gjaldeyrisöflun. Um helming gjaldeyristekna landsmanna má rekja til útflutnings sjávarafurða, um 16% af verðmætasköpun landsmanna er vegna fiskveiða og fiskvinnslu og um 12% landsmanna vinnur beint við sjávarútveg.

Þetta þýðir vitaskuld að aðrar atvinnugreinar skila helmingi gjaldeyristeknanna og um 84% af verðmætasköpuninni eða landsframleiðslunni. Þannig er enginn eyland og einstakar greinar atvinnulífsins styðja og styrkja hver aðra.

Heimsverslun með fisk

Sjávarútvegurinn er eina sviðið á alþjóðvettvangi þar sem Íslendingar skipta máli efnahagslega. Útflutningur okkar á sjávarfangi er um 1 milljarður dollara. Heimsviðskiptin með sjávarfang eru tæpir 50 milljarðar dollarar. Við erum með um 2% af heimsversluninni og um 1,5% af heimsaflanum. Þótt mörgum finnist 1–2% ekki vera mikið þá skipta þau máli.

Verslun með sjávarfang hefur meira en tvöfaldast á síðustu tíu árum. Íslendingar ættu að setja sér það markmið að auka hlutdeild sína í heimsviðskiptum úr 2% í 3% á næstu fimm árum. Ef umfang viðskiptanna eykst í 70 milljarða dollara yrði hlutdeild okkar um 2 milljarðar dollarar. Það er nær tvöföldun frá því sem nú er.

Við getum gert þetta með því að auka verðmæti okkar afla en fyrst og fremst með þátttöku í veiðum og vinnslu og sölu afurða erlendis. Íslendingar ráða yfir einu fullkornasta sölukerfi fiskafurða á Vesturlöndum og flotinn okkar er einn sá afkastamesti í heimi. Við öflum um níu sinnum meira á hvern sjómann heldur en er að meðaltali innan Evrópusambandsins.

Möguleikarnir eru miklir ef við þorum að hugsa nógu stórt. Þetta krefst betri menntunar í sjávarútvegi, m.a. með þátttöku fleiri háskólamenntaðra einstaklinga á sviði stjórnunar og markaðsmála. Einn helsti ókostur íslensks sjávarútvegs er að þar starfa ekki nægjanlega margir háskólamenn, t.d. viðskiptafræðingar, verkfræðingar og tæknifræðingar, þótt mikil aukning hafi

¹ Fiskifréttir 21. okt. 1994.

orðið á síðustu árum. Góð menntun allra starfsmanna er lykilatriði í samkeppni framtíðarinnar.

Heimurinn er eitt markaðssvæði og Íslendingar eiga að hafa forustu í sjávarútvegsmálum um allan heim. Það á að vera litið til okkar sem fyrirmyndar um veiðistjórnun, veiðigetu, sölumál og tækniþróun eins og litið er upp til Japana fyrir bílasmíði, Frakka fyrir víngerð og Þjóðverja fyrir vélsmiði.

Tækniiðnaður

Það er ömurlegt að hugsa til þess að tæki innan sjávarútvegs eru nær öll erlend. Vogir Marels hf. eru nær eina íslenska varan á alþjóðlegum tækni-vörumarkaði sjávarútvegs. Við höfum ekki smíðað fiskleitartæki, staðsetningartæki, flokkunarvélar, flökunarvélar eða frystitæki. Það eru norskar, danskar, japanskar eða þýskar vörur sem eiga markaðinn hérlandis og erlendis. Okkar sókn á m.a. að vera á þessu sviði. Af hverju kaupa Íslendingar ekki Baader-verksmiðjurnar í Lübeck og framleiða fiskvinnsluvélar? Baader reynslukeyrir flestar nýjar vélategundir sínar á Íslandi.

Nýjasta byljan í framleiðslu okkar er vinnsla loðnuafurða. Loðnuflokkarar eru smíðaðir í Noregi og Svíþjóð en þetta er tiltölulega einföld smíði. Engin vélsmiðja hérlandis hefur tekið forustu á þessu sviði. Þó erum við Íslendingar um stundarsakir nær einráðir á loðnumarkaðinum. Oft eru erlend tæki byggð á reynslu íslenskra sjómanna og vinnslumanna.

Það hafa milljarðar tapast íslensku þjóðarbúi vegna þess að við höfum ekki skilið að sérþekking í sjávarútvegi á alveg eins að koma fram í vönduðum tækjum til sölu á heimsmarkaði eins og í vönduðum fiskafurðum.

Hvað er sjávarútvegur?

Við skilgreinum sjávarútveg ekki nógu vítt. Auðvitað er tækjasmíði fyrir fiskvinnslu atvinnustarfsemi í sjávarútvegi. Hampiðjan er ekki iðnfyrirtæki. Hún er sjávarútvegsfyrirtæki. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna er ekki verslunarfyrirtæki. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna er sjávarútvegsfyrirtæki sem selur sjávarfang. Aðalatriðið er að viðurkenna að fyrirtæki sem vinna úr sjávarfangi, hvort sem er við veiðar, vinnslu, að smíða tæki eða selja vörurnar eru greinar á sama meíði. Þar er enginn eðlismunur.

Hugsunarháttur heimalningsins, sem er að veiða og vinna hérlandis og láta aðra um að útvega tækin og vera þátttakandi í atvinnulífi erlendis, verður að hverfa. Þetta breytist m.a. með ungu og vel menntuðu fólki. Þarna eru tækifærin til sóknar og þau bíða eftir okkur. Ef við nýtum þau ekki eru nógu margar aðrar þjóðir í heiminum sem gera það.

Menntun í sjávarútvegi¹

Flestar þjóðir leggja mikla áherslu á að bæta menntakerfi landa sinna. Þetta á ekki einungis við um þróunarlönd sem eðlilega freista þess að bæta almenna menntun sem leið til bættra lífskjara. Hitt er athyglisvert að vel staddar þjóðir Vesturlanda verja meiri fjármunum til menntamála en áður.

Ástæða þessa er m.a. sú að sífellt fleiri störf eru bundin í ýmiss konar þjónustu. Hlutfall vinnandi fólks í frumgreinum, eins og landbúnaði og sjávarútvegi, lækkar ár frá ári. Þetta hefur einnig gerst hérlendis. Stöðugildum í landbúnaði hefur fækkað verulega og þrátt fyrir aukna verðmætasköpun í sjávarútvegi hafa ekki orðið umtalsverðar breytingar á fjölda starfsfólks hvorki til lands né sjávar, m.a. vegna vaxandi tækniþróunar.

Þessar staðreyndir og sífellt meiri aukning alþjóðaviðskipta, m.a. með sjávarafurðir, krefjast þess að íslenskur sjávarútvegur undirbúi sig sem best fyrir allt öðruvísi samkeppni á næstu árum og áratugum.

Þekking sem auðlind

Lykilatriði í velmegun þjóða á næstu öld er hagnýting þekkingar. Þekking er einn af grunnþáttum við framleiðslu alveg eins og fiskurinn í sjónum eða fjármagn bundið í vélum og húsnæði. Lífskjör á Vesturlöndum ráðast nú einkum af örrí tæknivæðingu samhliða aukinni þekkingu.

Heil atvinnugrein, upplýsingatækni eða upplýsingaþjónusta, hefur rutt sér til rúms síðustu áratugi og er talið að flestir muni á einn eða annan hátt hafa framfæri sitt í tengslum við þessa atvinnugrein á fyrri hluta næstu aldar. Þetta krefst aukinnar áherslu á menntamál, t.d. tækni- og verkmenntun, auk betri þekkingar á markaðsmálum og stjórnun. Menntamál í sjávarútvegi hérlendis hafa liðið fyrir það að ekki er til samræmd stefna á þessu sviði sem nær til fagskóla eins og stýrimannaskóla og vélskóla, deilda í framhaldsskólum og háskólastigsins.

Það eimir nokkuð eftir af því viðhorfi innan sjávarútvegs að ekki sé mikið gagn í háskólamenntuðu fólki. Þetta er alrangt viðhorf og beinlínis hættulegt. Allir samkeppnisaðilar okkar reyna að efla menntunarstig starfsmanna

¹ Fiskifréttir 26. maí 1995.

sinna. Menntun mun í vaxandi mæli ráða um samkeppnishæfni einstakra þjóða. Sú þjóð sem ekki fylgist grannt með þessari þróun mun einfaldlega verða undir í heimsviðskiptum.

Smásaga um sjávarútveg á tuttugustu og fyrstu öldinni¹

Gunnar Magnússon vaknaði nokkuð seint þennan morgun. Hann nýtti sér að stundaskrá haustmísserisins var betri en oft áður. Hann var núna að byrja þriðja árið sitt í Háskólanum og námið þyngdist alltaf. Hann hugsaði með söknuði til þess tíma þegar skólaganga var frjálsl.

Amma hans hafði oft sagt honum frá lífinu í Háskólanum þegar hún var í viðskiptadeildinni rétt fyrir aldamótin. Hún sagði að þá hefði hver og einn með stúdentspróf getað hafið nám og ekkert eftirlit verið haft með tímasókn. Þá þurftu menn einungis að standa sig á prófum sem voru tvisvar á ári. Hún sagði að þetta hefði verið sérstaklega skemmtilegur tími.

Hún talaði um eitthvað sem hún kallaði vísindaferðir og þá hló hún alltaf. Hann hafði stundum spurt meira út í þessar vísindaferðir en ekki fengið nein skýr svör. Gunnari fannst alveg stórkostlegt hvernig kerfið hafði verið á tíma ömmu fyrir meira en fimmtíu árum. Nú þurfti að ákveða um fjórtán ára aldur hvaða nám yrði stundað síðar, hvort farið yrði í háskóla eða í aðra menntun. Nú voru fjöldatakmörkanir í öllu námi og enginn komst neitt áfram nema að sýna góðan vitnisburð úr skóla.

Próf voru sjaldgæf en þeim mun meiri samtöl við kennara. Nú var einn kennari á hverja fimm nemendur í háskóla en erlendis var algengt að einn kennari hefði umsjón með tveimur nemendum. Annars skipti ekki máli hvar maður stundaði nám. Allir háskólar voru tengdir saman í tölvu og Gunnar sótti þannig meira en helming námsins við erlenda háskóla. Nú var kennt með sjónvarpi beint úr fyrirlestrasal í öðrum háskólum. Reyndar var hægt að fá þessa fyrirlestra beint heim í stofu en sá útbúnaður kostaði nokkuð mikið. Gunnar og foreldrar hans ætla ekki að kaupa hann fyrir en litla systir hans byrjar í framhaldsskóla.

Frænda Gunnars, sem var kennari í stærðfræði, fór aldrei niður í skóla heldur flutti sína fyrirlestra heima og var þeim sjónvarpað beint úr stofunni hans um allan heim. Gunnari fannst mikið til um þennan frænda sinn. Það fengu ekki allir kennarar að kenna á Mímisnetinu en það var nafnið á alheimskennslu háskóla. Íslendingar voru stoltir yfir því að þeirra hugmynd að nafni hafði verið valin þegar kerfið var sett á stofn fyrir tuttugu árum.

¹ Viðsýni. Nemendablað í Viðskipta og hagfræðideild 1. tbl. 5. árg. 1995.

Gunnar var í blönduðu námi í deildinni. Hann tók nokkra tíma í lögfræði og þó nokkuð mörg námskeið í sjávarútvegsháskóla Sameinuðu þjóðanna sem var í Hafnarfirði. Hann var að velta fyrir sér að reyna að komast í meistaranám í sjávarútvegsskólanum en hann taldi að hann hefði varla nokkurn möguleika. Árlega komust ekki að nema fimm Íslendingar en umsóknir voru alltaf yfir eitt hundrað.

Fimm þúsund nemendur alls staðar úr heiminum sóttu sjávarútvegsskólann og gamlir Hafnfirðingar kvörtuðu sáran yfir öllum þessum útlendingum í bænum þeirra. Sjávarútvegsskólinn kenndi lítið á Mímisnetinu enda var hluti af náminu fólgið í því að fara á sjó, vinna í fiskvinnslu og fiskeldi og selja fisk í tölvusölu í gegnum íslensk fyrirtæki. Nemendurnir komu því flestir til Íslands. Nú voru eitt þúsund Kínverjar við skólann og Gunnar þekkti nokkra þeirra en þeir spiluðu með honum fótbolta í KR.

Einu sinni hafði Gunnar spáð í það að æfa almennilega fótbolta en þá hefði hann þurft að ákveða það tólf ára og samkeppnin var hörð. Hann var stoltur af því að vera KR-ingur. Þetta var frægasta félag Íslands og eftir að þeir eignuðust heimsmeistara í 3.000 metra hlaupi í fyrra var sagt að þeir hefðu orðið dálítið montnir. Gunnari fannst samt mest gaman að fótboltanum og einu sinni varð hann Íslandsmeistari í flokki fjórtán ára innanhús. Amma hans, sem var líka KR-ingur, talaði oft um þann tíma þegar KR varð Íslandsmeistari í knattspyrnu sex ár í röð um aldamótin.

Gunnar hafði unnið um sumarið við fiskeldi hjá bróður sínum í Vestmannaeyjum. Hann þekkti því vel til sjávarútvegs. Nú kom mest af afla landsmanna úr fiskeldi. Íslendingar voru brautryðjendur í þorskeldi og þegar hvítfiskeldi í sjó heppnaðist hófst ýsueldið. Ýsueldið bjargaði efnahag landsmanna á fyrstu áratugum aldarinnar. Gunnar hafði lesið um þetta og svo var einnig fjallað um þennan tíma í kennslu í hagsögu.

Það var kaldhæðnislegt að iðnvæðingin í Evrópu bjargaði Íslendingum. Mengunin hafði gert Norðursjóinn og Eystrasaltið óhæft til veiða um áratugaskeið og ekki þýddi að ala þar upp fisk. Ennþá var allt of dýrt að hreinsa sjó til fiskeldis svo að Íslendingar náðu forskoti, ekki síst þegar þeir náðu tangarhaldi á nær öllum sjávarútvegi í Norður-Noregi.

Stóru, íslensku sjávarútvegsfyrirtækin voru nú um allan heim. Gunnar minnti að stærsta sjávarútvegsfyrirtæki Íslendinga væri núna með vinnslustöðvar í meira en fimmtíu löndum. Alþjóðavæðing sjávarútvegsins hafði byrjað um aldamótin þegar affli minnkaði á heimamíðum. Það var tvennt sem hafði reynst Íslendingum happadrygst, þ.e. áhersla á fiskeldi og markaðsmál.

Sjávarútvegur skipti miklu meira máli í heiminum en fyrir fimmtíu árum

Þótt strandveiðar væru ekki mikið stundaðar vegna þess að þar hafði fiski víða verið útrýmt. Fiskur var þó að koma mjög upp í heitum höfum og keppti nú orðið við fiskeldi. Kínverjar voru vitaskuld stærstir í sjávarútvegi í heiminum. Samvinna Íslendinga og Kínverja á sviði markaðsmála var rómuð um allan heim. Stundum var sagt að kínversk-íslensk samstarfsfyrirtæki stjórnuðu sjávarútvegi heimsins.

Það var ennþá veitt á línu og handfæri við Ísland en net og troll voru ekki lengur notuð. Það var orðið mun dýrara að sækja villtan fisk í sjó en að ala hann upp við landsteinana. Ísland var þó eitt af fáum svæðum í heiminum, þar sem enn var nægjanlega hreint til að veiða villtan fisk. Villtur fiskur frá Íslandi þótti mikið lostæti og þar höfðu Íslendingar skapað sér sérstöðu eins og Svisslendingar í úrasmiði. Það var algengt að útlendingar kæmu til Íslands til að veiða þorsk og ufsa á stöng. Skoðanaferðir til að sjá hval, túnfisk og erni í náttúrulegu umhverfi voru hornsteinn ferðabjónustunnar.

Gunnar hugsaði til sumarvinnu sinnar í Vestmannaeyjum þegar hann beið eftir lestinni sem fór milli Mosfellsbæjar og Háskólans. Hann vonaðist eftir að hitta Rögnu, stúlku á öðru ári í alþjóðlegu lagadeildinni, en hann hafði hitt hana um daginn á balli. Ragna var ekki á brautarpallinum en hann hiti vin sinn Jónas, tölvufrík úr tölvudeildinni fyrir sýndarveruleika en hann var að fara í bæinn. Gunnari fannst alltaf gaman að spjalla við Jónas. Hann var býsna hugmyndaríkur. Hann hélt því fram að mannláusu, vélvæddu frystihúsin sem voru um allt land myndu deyja drottni sínum þegar hægt yrði að afgreiða ferskan mat með hátíðnibylgjum í gegnum sjónvarp heim til hvers og eins. Gunnari fannst þetta tóm þvæla.

Það var mikill vöxtur í tölvumálum og sjálfvirkni var allsráðandi í sjávarútvegi. Marel, sem var stofnað á síðustu öld, hafði náð fótfestu um allan heim og flest tölvustýrð vinnslukerfi í sjávarútvegi voru framleidd undir einkaleyfi frá Marel. Pabbi Gunnars hafði unnið hjá Marel þegar hann var í skóla og hann sagði oft frá því þegar Kínverjar gerðu eins milljarðs dollara þöntun í tæknibúnað frá fyrirtækinu. Pabbi Gunnars var aðstoðarmaður blaðafulltrúans þegar þetta gerðist. Hann sagði að það hefði verið erfitt að fá fólk til að trúá þessari frétt.

Öll sjávarútvegsfyrirtæki Íslendinga höfðu samstarf á erlendum mörkuðum á grunni sameiginlegs gæðakerfis en annars var samkeppnin mikil milli þeirra. Stóru fyrirtækin réðu þó mestu. Sjávarútvegur var leiðandi atvinnugrein Íslendinga og 30% landsmanna unnu við sjávarútveg, flestir við sölu og þjónustu. Helmingur Íslendinga var nú búsettur erlendis og sagt var að íslensk fyrirtæki væru starfandi í meira en 200 löndum.

Það var oft rætt í tímum hjá Gunnari að alþjóðavæðingin sem byrjaði fyrir alvöru í kennsluháttum við Háskólann rétt fyrir aldamótin hafi gert gæfumuninn í þessu efni. Nú var sáralítill byggð í Færeyjum, Grænlandi, Skotlandi og Jótlandi en þetta voru áður blómleg landsvæði sem byggðu á hefðbundnum sjávarútvegi.

Gunnar langaði mest til að starfa í sjávarútvegi. Þar voru greidd hæstu launin og hann vissi að hann gæti átt möguleika að komast að hjá bróður sínum í Vestmannaeyjum. Eftir að göngin komu til Eyja var gaman að skreppa þangað um helgar. Þeir Jónas höfðu farið þangað á ball um síðustu helgi og þar hafði Jónas búið til vísu sem féll heimamönnum á ballinu vel í geð.

Hafið mun öllum
hjálp og úrlausn veita
sem hafa öngul í sjó
og kunna að beita.

Gunnar grunaði reyndar að Jónas hefði stolist í þessa vísu hjá einhverju fornskáldanna en hann hafði ekki hátt um það. Hann ætlaði að leita að vísunni í tölvunni þegar hann kæmi heim í kvöld. Ekki svo að skilja að það skipti miklu máli.

Alþjóðahygga og eftirlit á sjó¹

Alþjóðavæðing viðskipta verður á Íslandi eins og annars staðar. Fyrirtæki um allan heim leita nú að hagkvæmstu stöðum til framleiðslu og þar skiptir launakostnaður einna mestu máli. Það hefur orðið vart við mikinn flótta fyrirtækja frá hefðbundnum iðnaðarlöndum, eins og Þýskalandi og Frakklandi, til landa í Austur-Evrópu þar sem kostnaður á vinnustund er mun lægri.

Hvað getum við boðið?

Íslendingar eiga reyndar langt í land að nálgast launakostnað hinna sterku iðnríkja Evrópu en það er örugglega ýmislegt sem við getum nýtt okkur í þessari þróun. Það mun færast í vöxt að framléiddar séu vörur hérlandis fyrir erlend fyrirtæki og þá verðum við að bjóða upp á eitthvað annað en lág laun til að laða að viðskipti.

Við höfum góða, almenna menntun, tækni og tæknikunnátta er í þokkalegu lagi en þá er það upptalið. Fjármagnsmarkaður okkar er veikur, heima-markaður sáralítill og ekki er mikil alþjóðahygga meðal ráðamanna og almennings.

Hætta á einangrun

Íslendingar eru töluverðir einangrunarsinnar og markast það m.a. af legu landsins. Við vorum lengi einangruð á viðskiptasviðinu og samskipti við útlönd voru nær engin öldum saman. Hér verður að eiga sér stað hugarfarsbreyting. Heimurinn er að smækka í þeim skilningi að samgöngur batna og upplýsingaöldin gerbreytir öllu umhverfi á næstu árum. Póstur verður úreltur á tíu árum og öll samskipti verða í gegnum tölvur. Þessi þróun gerist mjög hratt.

Sérkenni einstakra þjóðríkja halda áfram að hverfa og ríkjablokkir stækka. Innan tuttugu ára munu nær öll lönd Evrópu verða innan Evrópusambandsins. Fríverslunarsamtök Norður-Ameríku NAFTA munu þróast í sambærilegt samband í Ameríku og ná yfir flest lönd Suður-Ameríku auk Bandaríkjanna, Kanada og Mexíkó. Íslendingar verða að mæta þessari þróun með því

¹ Fiskifrættir 22. september 1995.

að skilgreina sjálfa sig á miðju markaðstorgi heimsins. Sú þjóð eða sá sem hugsar of smátt og einangrað á þessu sviði dregst einfaldlega aftur úr og öllum öðrum er sama um það, nema e.t.v. viðkomandi þjóð.

Er fiski hent?

Það berast stundum fréttir af því að lög og reglur séu brotin innan sjávarútvegs. Alvarlegustu fréttirnar eru þegar afla er hent, t.d. undirmálsfiski. Það virðist enginn vita hvað er rétt í þessu efni en menn eru ósparir á stóru orðin.

Slæm umgengni um auðlindina er alvörumál sem kemur öllum við. Hvað er hægt að gera til að stemma stigu við brotum af þessu tagi? Það eru ekki til nema þrjár leiðir. Það er hægt að breyta kerfinu þannig að brot hverfi. Í öðru lagi er hægt að herða refsingar og í þriðja lagi er hægt að auka eftirlit.

Brottkast fisks hefur alltaf þekkt í einhverjum mæli en þó aldrei þannig að það hafi gengið of nærri fiskistofnum. Algengara er að menn hafi veitt á röngum tíma og þannig drepjið mikið af smáfiski en slíkt gerðist við loðnuveiðar hér áður fyrr. Sögusagnir um mikið brottkast við veiðar í Smugunni eru vitaskuld mjög alvarlegar en þar eru veiðar frjálsar. Mjög erfitt er að sannreyna slíkar sögur. Það er ekki auðvelt að gjörbreyta fiskveiðistjórnuninni til að hindra brottkast enda er það einungis einn hluti af þeim vandamálum sem fiskveiðistjórnun er ætlað að leysa. Núverandi kerfi, þ.e. framseljanlegir aflakvótar, hvetur ekki sérstaklega til brottkasts.

Að hindra brottkast

Öll fiskveiðistjórnunarkerfi fela í sér að hagkvæmt geti verið að henda smáum fiski þar sem hann er verðminni er stærri fiskur. Sóknarmark er engin undantekning frá því.

Stundum hefur verið rætt um að heppilegt gæti verið að breyta úthlutun kvóta þannig að í stað þess að úthluta tonnum væri úthlutað fjölda fiska, þ.e. sporðakvóta. Það myndi hvetja til þess að veiddur yrði sem stærstur fiskur en auðvitað myndi slíkt kerfi gera minni fiskinn enn verðminni.

Það er hægt að hugsa sér að undirmálsfiskur eða afli umfram kvóta komi allur að landi og andvirði hans renni til einhverra sameiginlegra þarfa í sjávarútvegi t.d. slysavarna. Útgerð og sjómenn fengju einungis endurgreiddan kostnað við að koma fiskinum í land.

Einnig er nauðsynlegt að rýmka reglur um meðafli þannig að ekki skapist vandræði vegna þessa. Það er óhætt að fullyrða að enginn Íslendingur gerir það að gamni sínu að henda fiski. Það má vafalítið herða viðurlög við

brotum en enn betra væri ef eftirlit væri það gott að sem allra fæstir freistuðust til þessa verknaðar.

Það er hægt að hafa eftirlit með einstökum skipum með eftirlitsmönnum en það er mjög dýrt. Hins vegar er hægt að hafa eftirlit með öllum togskipum á tiltölulega einfaldan hátt. Það er hægt að taka myndir þegar hvert hol er innbyrt. Með nútímatækni er auðvelt að reikna út eftir myndum, hvort sem eru ljósmyndir eða myndband, hvað mikið er af fiski í trollinu hverju sinni að teknu tilliti til eðlilegs frákasts. Slíkur útbúnaður er vitaskuld sjálfvirkur og auðveldur í meðhöndlun.

Það er einnig hægt út frá átaki á togvírurum að reikna út þyngd í trolli með vissum aðferðum og áætla þannig mjög nákvæmlega hvað er raunverulega í trollinu hverju sinni. Nútímatækni gerir lausn þessara vandamála auðveldu og umræða um úrbætur á þessu sviði þarf að vera markvissari. Vandamál eru til að leysa, ekki til að tala um endalaust.

Höfum við gengið til góðs...?¹

Það hafa orðið miklar breytingar í sjávarútvegi undanfarin tuttugu og fimm ár.

Hvað hefur breyst?

Þær breytingar sem setja einkum mark sitt á síðustu tuttugu og fimm ár eru einkum eftirfarandi:

- veruleg endurnýjun í togarafлотanum með skuttogurum,
- gámaútflutningur stórvókst á tímabili, en síðar dró úr honum,
- frystitogarar urðu mjög mikilvægur þáttur í botnfisksvinnslu, en þeir þekktust ekki hérlendis fyrir tuttugu og fimm árum,
- verðlagskerfi innanlands gerbreyttist með frjálsu fiskverði, afnámi Verðlagsráðs og uppbyggingu innlendra fiskmarkaða,
- ör tækniþróun, einkum í fiskveiðum, m.a með nýjum tækjum,
- úthafsveiði, sem var nær engin fyrir tíu árum, hefur stóraukist,
- fjárfestingar Íslendinga í sjávarútvegi erlendis hafa margfaldast á síðustu árum,
- fjárhagsstaða sjávarútvegsfyrirtækja hefur styrkst verulega á síðustu árum, m.a. vegna þátttöku á hlutabréfamarkaði og
- nýjar fisktegundir skipta sífellt meira máli eins og rækja og loðna en hvalveiðar hættu á þessum tíma.

Þessar breytingar eru meiri og mikilvægari en flestir gera sér grein fyrir og hægt væri að skrifa langt mál um hvern einstakan þessara þátta.

Hvað hefur lítið breyst

Það er einnig forvitnilegt að velta fyrir sér þeim sviðum þar sem litlar breytingar hafa átt sér stað:

- Sölu- og markaðsmál hafa ekki breyst mikið. Að vísu er nú frjálst útflutningur í allar áttir en stóru söluaðilunum hefur tekist vel að halda stöðu sinni.

¹ Fiskifréttir 30. ágúst 1996.

- Það hafa orðið litlar breytingar á launakerfum í sjávarútvegi. Hluta-skiptakerfið er nær óbreytt og nokkrar útfærslur af bónuskerfum hafa verið reyndar í fiskvinnslunni. Að öðru leyti er þar ekki um mikla þróun að ræða.
- Kjarasamningaferillinn, sem markar mikilvæga umgjörð í sjávarútvegi, hefur lítið breyst undanfarna áratugi.
- Skipulag hagsmunasamtaka í greininni hefur nær ekkert breyst, hvorki hjá atvinnurekendum né verkalyðsfélögum.
- Uppbygging opinberra aðila hefur nær ekkert breyst. Fiskmatið lagðist af en annars konar eftirlitskerfi var byggt upp í staðinn.
- Skipulag hafrannsóknna, ráðuneytis, lánasjóða og staðan innan stjórnsýslunnar hefur verið óbreytt mjög lengi.
- Þjónustuaðilum í sjávarútvegi hefur vaxið nokkur fiskur um hrygg en þrátt fyrir það eru aðföng sjávarútvegs enn að verulegu leyti erlend, þótt einstaka iðnfyrirtæki hafi tekist að marka sér góða stöðu hérlendis og erlendis, en þau eru ekki mörg.
- Ekki hefur tekist að auka þátt sjávarútvegs í hagkerfinu. Þannig er hlutur sjávarútvegs í verðmætasköpun í landinu um 16% og hefur verið óbreyttur í tvo áratugi.
- Gjaldeyristekjur sjávarútvegs eru um 50% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar og hefur það hlutfall verið óbreytt í tvo áratugi.
- Útflutningur er hérlendis um 35% landsframleiðslunnar og hefur staðið í stað í tvo áratugi. Það er alvarlegt vegna þess að útflutningur hefur verið uppspretta aukinnar verðmætasköpunar hjá fjölmörgum nágrannaríkjum okkar, enda höfum við dregist verulega aftur úr nágrannaþjóðunum á síðustu fimmtán árum.
- Menntun hefur nokkuð aukist í sjávarútvegi, m.a. vegna starfsfræðslu í fiskvinnslu, en áhugi á skipstjórnarmenntun hefur minnkað, og enn er tiltölulega fátt háskólamenntað fólk að störfum í sjávarútvegi.

Nú má ekki alhæfa og segja að það sé slæmt að ekki verði miklar breytingar á ýmsum sviðum. Hlutirnir geta verið í góðu lagi og ekki þarf alltaf að breyta þeim í grundvallaratriðum til að ná enn betri árangri. Þetta á hins vegar alls ekki við öll þau svið sem hér eru talin upp að ofan og reyndar fæst þeirra.

Gott má bæta

Í huga höfundar er ljóst að mikið framfaraskeið hefur verið í sjávarútvegi hérlendis síðustu tuttugu og fimm ár. Það má ekki gleyma því að mesta

bylting Íslandssögunnar varð í upphafi tuttugustu aldar með vélbátunum þegar Ísland breyttist á örfáum áratugum úr frumstæðum sjálfsþurftarbúskap landbúnaðarsamfélags í iðnvætt þéttbýlissamfélag með sjávarútveg sem afkvæmi hagkerfisins. Þetta byggðist á frjálsri verslun, samkeppni auðlinda og manna, framtaki og framsýni manna í sjávarútvegi.

Þótt þessi saga sé glæsileg má ekki gleyma því að kröfur til sjávarútvegs eru enn mjög miklar og svo verður áfram. Sjávarútvegurinn verður að laga sig betur að því að verðmætasköpun í heiminum er að færast úr hefðbundinni framleiðslu í ýmiss konar þjónustu. Sérhyggja og einangrun einstakra atvinnugreina ber dauðann í för með sér.

Höfundur er sannfærður um að hefði ekki verið slegið það varnar- og verndarkerfi um landbúnað hér fyrr á árum, sem enn er að verulegu leyti í fullum gangi, þá væri landbúnaður á Íslandi mun blómlegri en nú er, afkoma betri og landbúnaður stærri þáttur í hagkerfinu.

Sjávarútvegur á Íslandi og talsmenn hans mega ekki falla í þá gryfju að vilja sértækar lausnir fyrir sig og sína. Sá tími er liðinn, ekki hvað síst með því að undanfarin ár hefur okkur tekist að haga efnahagsstjórn okkar líkt og gerist í nágrannalöndunum. Það er ef til vill stærsta breytingin síðustu tuttugu og fimm ár.

Spá frá 1997 um árið 2007¹

Það er eitt við áramót sem mér finnst skelfing leiðinlegt. Það er þessi sífella úttekt á árinu sem er að líða og hvers megi vænta af nýju ári.

Þetta er yfirleitt það sama ár eftir ár, veður voru válynd, góðæri rétt ókomið eða hefur farið fram hjá þjóðinni, álver að koma eða ekki að koma, erfið og viðkvæm staða á vinnumarkaði og tap á botnfiskvinnslu. Allt er þetta ósköp svipað ár eftir ár.

Að spá um framtíðina

Mér finnst miklu meira gaman að spá í hvað verður eftir tíu ár. Hvernig ætli Ísland líti út eftir tíu ár? Hvernig ætli verði í sjávarútveginum? Það er gaman að vera völvu sem spáir fyrir árið 2007. Það man hvort sem er enginn eftir því þegar sú stund rennur upp.

Höfundur hefur stundum gert sér það til dundurs að lesa völvuspádóma árið eftir, þ.e. að skoða hvað hefur ræst. Undantekningarlítið hefur það verið minna en það sem almennur líkindareikningur gerir ráð fyrir. Ef við spáum fyrir um fjóra hluti þá eru um 70% líkandi fyrir því að tvennt rætist algerlega. Það er þannig alls ekki svo erfitt að vera völvu.

Auðveldast í spádómum er að gera ráð fyrir því að hlutirnir verði svipaðir frá ári til árs. Þetta er algengasta aðferðin, t.d. við áætlanagerð fyrirtækja. Það bendir þó ýmislegt til þess að sú aðferð dugi skammt ef spáð er tíu ár fram í tímann.

Meiri umsvif en fækkun starfa hérlendis

Umhverfið breytist mun hraðar núna en það gerði fyrir tíu árum. Nú kemur um 15% af heimsaflanum frá fiskeldi, aðallega í Kína og Austur-Asíu. Höfundur spáir því að eftir tíu ár verði þetta hlutfall komið upp í 30%.

Núna vinna um 6.000 manns í fiskvinnslu hérlendis, þ.e. í vinnslustöðvunum. Höfundur spáir því að það muni fækka um a.m.k. 2.000 störf á næstu tíu árum, en við munum samt framleiða meira með aukinni sjálfvirkni. Það mun hins vegar fjölga störfum við sölu afurða, en fjöldi sjómanna stendur í stað.

¹ Fiskifrættir 10. janúar 1997.

Þorskaflinn verður stöðugur um 300.000 tonn á ári, en nokkur þúsund tonna af þorski verða alin við strendur landsins.

Útflutningsverðmæti sjávarfangs er nú á Íslandi um 90 milljarðar á ári eða um 1,4 milljarðar dollara. Það verður eftir tíu ár yfir 2 milljarðar dollara, en loðna, síld, kolmunnir og makrill verða mikið unnin til manneldis.

Velta fyrirtækja sem Íslendingar eiga ráðandi hlut í erlendis er núna líklega um 40 milljarðar og eru fiskisölufyrirtækin þá talin með. Spá mín er að þetta verði yfir 80 milljarðar eftir tíu ár.

Höfundur spáir mun meiri umsvifum í sjávarútvegi á næstu tíu árum en eru nú en með færri fólki hérlendis. Aflaaukning verður án þess að flotinn stækki. Fjárfestingar okkar í skipum næstu árin verða fyrst og fremst ný eða endurbætt skip í stað eldri.

Núna vinna erlendis við sjávarútveg líklega innan við 300 Íslendingar en eftir tíu ár verða þeir yfir 500.

Fiskistofnar verða allir fullnýttir eftir tíu ár, en engin ofveiði verður innan okkar lögsögu. Frjálssar veiðar verðar ekki leyfðar á úthafinu og öllu Atlantshafinu verður kvótaskipt milli einstakra landa, þar sem við munum eiga drjúgan hlut.

Samherji á Wall Street!

Það verður mjög góð afkoma í sjávarútvegi árið 2007 og mikill fiskveiðiarður og hluti hans verður tekinn út úr greininni með veiðileyfagjaldi. Það er notað til að greiða kostnað við sjávarútveg, en einnig verður tekjuskattur einstaklinga þriðjungi lægri en hann er nú. Hæst launuðu störf á Íslandi verða í sjávarútvegi.

Allur fiskur er seldur á fiskmörkuðum og ekkert fer lengur óunnið til útlanda. Aflamarkskerfi er við lýði en framsal veiðheimilda innan ársins er lítið. Sett hefur verið hámark þess sem einstök fyrirtæki megi ráða yfir af kvóta.

Stærsta fyrirtæki Íslendinga verður hið risastóra almenningshlutafélag Samherji hf. Það mun starfa í tuttugu og fimm löndum eftir tíu ár og hlutabréf þess verða skráð á Wall Street. Allar hömlur hafa verið afnumdar á fjárfestingum útlanda í sjávarútvegi hérlendis, en eignahlutur þeirra er þó lítill.

Ein helsta tekjulind þjóðarinnar árin eftir 2007 verður sala á rafmagni um sæstreng til Evrópu. Búið verður að virkja stórfljótin norðan Vatnajökuls.

Árið 2007 einkennist af deilum um væntanlega þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild að Evrópusambandinu en síðla árs 2006 lýkur samningum við Evrópusambandið sem verða bornir undir þjóðaratkvæði haustið 2007. Það er tvísýnt um úrslit og best er að hafa eitthvað óljóst í spánni.

Veiðileyfagjald – nauðsyn eða fjarstæða?¹

Mikil umræða hefur orðið um ráðstefnu sjávarútvegsráðherra á Akureyri fyrir skömmu um veiðileyfagjald og skattbyrði landsbyggðarinnar. Þetta tengist hinni áköfu umræðu í þjóðlífinu um veiðileyfagjald. Spurningin hvort taka skuli upp veiðileyfagjald eða ekki er fyrst og fremst pólitísk.

Rök með og á móti

Rökin fyrir veiðileyfagjaldi eru tvenns konar. Annars vegar svokölluð réttlætisrök, þ.e. ríkisvaldið úthlutar kvótum til útgerðarmanna sem ganga kaupum og sölum. Þessir kvótar eru verðmæti og engin sanngirni sé í því að þeir sem fá úthlutað verðmætum af opinberri hálfu úr sameiginlegri auðlind greiði ekkert fyrir þau. Þeir hagnist á nýtingu úthlutaðs kvóta svo og á sölu og leigu á kvóta. Nýir útgerðarmenn verða að greiða fullt verð fyrir veiðileyfin en ekki til þjóðarinnar heldur aðeins til þeirra útgerðarmanna sem fengu þeim úthlutað upphaflega.

Hins vegar eru nokkuð flókin hagfræðileg rök fyrir veiðileyfagjaldi. Þau byggja á hagkvæmu fiskveiðistjórnunarkerfi. Það kemur fram í vaxandi hagnaði í atvinnugreininni og þá verður mjög erfitt fyrir aðrar atvinnugreinar að starfa við hlið sjávarútvegs. Atvinnulífið verður áfram einhæft og hagur landsmanna ekki eins og góður og hann gæti verið.

Rökin gegn veiðileyfagjaldi eru einkum þau að staða sjávarútvegs sé svo bágborin að frekari skattlagning komi ekki til greina og auk þess muni það bitna harkalega á landsbyggðinni. Einnig er stundum sagt að núverandi kerfi sé gott í þeim skilningi að það tryggi varanleg afnot útgerðarmanna á auðlindinni, þeir fari vel með hana og afraksturinn skili sér með einum eða öðrum hætti inn í þjóðarbúið og þannig til allra landsmanna.

Höfundur er talsmaður veiðileyfagjalds, m.a. vegna réttlætisröksemdanna, en einnig vegna þess að það er nauðsynlegt framhald á þjóðarsáttinni um efnahagslegan stöðugleika. Veiðileyfagjald tryggir stöðugt gengi, litla verðbólgu og eflir atvinnulífið. Sjávarútvegurinn er það sterkur að aðrar atvinnugreinar, einkum annar útflutnings- og samkeppniðnaður, eiga mjög erfitt uppdráttar til lengri tíma.

¹ Fiskifréttir 30. maí 1997.

Það er hins vegar brýn nauðsyn að atvinnulíf okkar verði fjölbreyttara og það er í þágu sjávarútvegs að stöðugleiki haldist. Sjávarútvegurinn tapaði mest á gömlu stefnunni, þegar allur arður var dreginn út úr greininni með rangri gengisskráningu.

Forsenda alls þessa er að okkur takist að reka sjávarútveginn á arðbæran hátt og þar skiptir fiskveiðistjórnunarkerfið meginmáli. Reynslan af aflamarkskerfinu í botnfiskveiðum er ekki mjög löng, en t.d. í loðnuveiðum hefur verið svipað stýrikerfi í mun lengri tíma. Það er dæmi um árangursríka stjórnun, enda hefur mjög lengi verið hagnaður af veiðum og vinnslu í loðnu og óvíða eru laun sjómanna hærri.

Hver greiðir veiðileyfagjaldið?

Arðsemi í íslenskum sjávarútvegi mun aukast á næstu árum. Nú eru tekjur sjávarútvegs um 95 milljarðar á ári og hægt er að áætla kostnað um 91 milljarð. Þannig er þegar nokkurra milljarða hagnaður í sjávarútvegi og ekki veitir af.

Á næstu árum munu tekjur aukast og kostnaður lækka ef við höldum rétt á spilunum. Væntingar í sjávarútvegi endurspeglast m.a. í háu verði á kvóta og eftirspurn eftir hlutabréfum í sjávarútvegsfyrirtækjum. Kvótaverð og hlutabréfaverð er ekkert annað en hagnaður framtíðarinnar.

Ef lagt er á veiðileyfagjald þá greiða útgerðarfyrirtækin það. Þannig er fráleitt að segja að Akureyringar greiði veiðileyfagjald sem yrði lagt á Útgerðarfélag Akureyringa. Veiðileyfagjald verður hins vegar aldrei meira en hluti af þeim hagnaði sem verður í greininni í framtíðinni. Þannig raskar veiðileyfagjald ekki núverandi stöðu fyrirtækis eða eigenda þess.

Það er hins vegar athyglisvert að Útgerðarfélag Akureyringa er í meiri hlutaeigu Reykvíkinga og reykvískra fyrirtækja en ekki Akureyringa. Þetta gildir reyndar um mörg fleiri fyrirtæki á landsbyggðinni. Þau eru ekki í eigu heimamanna enda skiptir það ekki höfuðmáli. Atvinna heimamanna er þó vitaskuld háð stöðu fyrirtækjanna.

Hvað gerðu Norðmenn?

Það er mögulegt að nota veiðileyfagjald til að lækka tekjuskatt einstaklinga. Fyrst yrði veiðileyfagjaldi varið til að greiða kostnað hins opinbera við sjávarútveg, svo sem við eftirlit, hafrannsóknir og fleira þess háttar.¹ Síðar

¹ Veiðileyfagjald var lagt á með almennum hætti árið 2002 og notað til að greiða hluta af kostnaði hins opinbera við sjávarútveg.

getur arður af auðlindinni runnið til annarra mála, til dæmis til að lækka tekjuskatt.

Norðmenn notuðu olíuhagnað sinn, sem er alveg sambærilegur við arð okkar af fiskveiðum, til að greiða allar erlendar skuldir sínar. Þeir tóku út úr olíuiðnaðinum hluta af hagnaði með gjaldtöku. Þeir skildu þó nóg eftir innan greinarinnar, enda er mjög góð afkoma á olíuvinnslunni þótt þetta gjald sé tekið og laun starfsmanna eru mjög há.

Gjaldtaka fyrir veiðiheimildir þekkist víða erlendis og vissulega greiðir sjávarútvegurinn, t.d. með þróunarsjóðsgjaldi, lítils háttar gjald nú þegar fyrir veiðiheimildir. Andstaðan við veiðileyfagjald hefur því miður byggst of mikið á upphrópunum hérlandis en ekki á málefnalegri umræðu. Það er ekki hvað síst mikilvægt fyrir sjávarútvegsstaði að efla aðra atvinnuvegi við hlið sjávarútvegs, m.a. þjónustu við sjávarútveg.

Sterk rök fyrir auðlindagjaldi og ný viðhorf í byggðamálum¹

Auðlindagjald er aftur komið á dagskrá. Viðtal Morgunblaðsins við Rögnvald Hannesson, prófessor í Bergen, þar sem hann tekur undir sjónarmið veiðileyfagjaldssinna hefur vakið mikla athygli. Rögnvaldur er einn virtasti fræðimaður á þessu sviði í heiminum. Hann tjáir sig einnig af mikilli hrein-skilni um íslensk þjóðmál og glögg er gests augað.

Rökin fyrir auðlindagjaldi eru skýr að mati Rögnvalds. Það stuðlar að réttlátri dreifingu arðs af sameiginlegum auðlindum, skapar sátt um fiskveiðistjórnun, er hagkvæmt og leiðir til lækkunar á öðrum sköttum. Þessum rökum hefur verið haldið stíft fram undanfarin ár, einkum af Alþýðuflokksmönnum. Höfundur var talsmaður jafnaðarmanna í þessu máli á Alþingi á síðasta kjörtímabili en það náðist ekki að láta kosningarnar núna árið 1999 snúast um þetta mál.

Ummæli Rögnvalds um byggðastefnuna vekja einnig athygli. Hann segir að litlir staðir muni fara í eyði og mikilvægt sé að bæta fólki upp kostnað við verðlausar fasteignir. Svona hefur enginn stjórnámalaður þorað að tala hérlandis. Hversu margir myndu flytja af landsbyggðinni ef fólkið fengi greitt Reykjavíkurverð fyrir fasteignir sínar? Stjórnámálamenn verða að takast á við þessar spurningar og svara með öðru en því að þeir viti hvað fólki er fyrir bestu.

Það er mikill hræsní í umræðunni um byggðamál hérlandis. Vitaskuld verður fólk að fá að velja sér búsetu sjálft og byggðabreyting er alls ekki slæm í sjálfu sér. Höfundur hefur haldið því fram að byggðavandi Íslendinga snúist ekki um búsetu í dreifbýli eða þéttbýli heldur val milli Íslands og umheimsins. Ef við stöndum okkur ekki í að móta samkeppnishæft samfélag fer hæfasta fólkið utan til náms og vinnu og sest þar að. Það er hinn raunverulegi byggðavandi.

¹ Vefsíður Ágústur www.agust.is 23. ágúst 1999.

Aukum rannsóknir og samvinnu¹

Það ríkir meiri stilla í sjávarútvegi en oft áður. Hér munar mestu að afkoma fyrirtækja er góð en á árum áður settu fréttir af vandræðum í rekstri sterkan svip á umræðu í fjölmiðlum. Vitaskuld eru einstök mál enn mjög umdeild og síðustu árin hafa einkum verið deilur um fiskveiðistjórnunarkerfið.

Hitt er þó ánægjulegra að sjávarútvegurinn hefur að mörgu leyti styrkt stöðu sína í samfélaginu, m.a. með örri tæknivæðingu, betri menntun starfsmanna og sókn á erlendum mörkuðum.

Hvar er þorskeldið?

Það er þó víða sem við erum að dragast aftur úr. Fyrir nokkrum árum voru gerðar tilraunir með þorskeldi á Austfjörðum á vegum Hafrannsóknastofnunar. Það sýndi sig að hægt var að venja þorskinn á að koma að þeim stað þar sem honum var gefið.

Þetta var fyrsti vísir að þorskeldi. Síðan lögðust þessar tilraunir af og ekkert hefur heyrst af þeim í mörg ár. Nú berast fregnir af tilraunum Norðmanna í þorskeldi sem lofa góðu. Þar hafa menn greinilega haldið áfram tilraunum á þessu sviði.

Það er vitaskuld ófært af okkar hálfu að við fylgjum ekki eftir góðum hugmyndum en látum samkeppnisaðila um að ryðja brautina. Ef þorskeldi heppnast hefur það gífurleg áhrif á atvinnulíf okkar. Það má ekki gleyma því að fiskeldi er sú grein í sjávarútvegi sem vex hraðast. Nú er um 25% af heimsaflanum eldisfiskur. Þetta eldi er að langmestu leyti í Suðaustur-Asíu.

Heitsjávarfiskeldi er algengast en við erum með mjög merkilega tilraunastarfsemi á því sviði í Skagafirði. Þar hefur fyrirtækið Máki þróað kerfi í fiskeldi sem er einstakt. Margt bendir til þess að þar verði brotið blað í tæknivæðingu fiskeldis. Starfsemi Máka hefur verið styrkt stórlega en ekki af innlendum aðilum heldur af Evrópusambandinu. Aðrar þjóðir eru miklu meðvitaðri en við um mikilvægi rannsókna og þróunarstarfs.

¹ Fiskifréttir 11. febrúar 2000.

Hornrekur í rannsóknum

Íslendingar eru langt á eftir öðrum þjóðum í rannsóknum og þróunarstarfsemi. Við verðum að auka fjárframlög á þessu sviði um þriðjung til að ná meðaltali annarra OECD ríkja. Rannsóknir og þróunarvinna felst ekki eingöngu í styrkjum stjórnvalda heldur ekki hvað síst í framlögum fyrirtækjanna sjálfra. Þar sitjum við eftir og sökin er fyrirtækjanna. Þetta á ekki aðeins við um sjávarútvegsfyrirtæki heldur almennt um fyrirtæki hérlendis.

Það sést vel á framförum í erfðatækni hversu mikilvægar rannsóknir eru. Íslensk erfðagreining, sem er eitt stærsta fyrirtæki landsmanna með um 300 starfsmenn og er nú sem stendur verðmætast íslenskra fyrirtækja, er fyrst og fremst rannsóknarfyrirtæki.

Það er mikilvægt fyrir sjávarútveginn, sem hefur oft verið í fararbroddi við að tileinka sér tækniframfarir, að hann skynji hina miklu möguleika sem felast í upplýsingasamfélaginu og tölvubyltingunni. Það er of mikil kyrrstaða í þessum efnum eins og dæmið um þorskeldið sýnir. Þar eru aðrir að fara fram úr okkur og ná sér í þekkingu sem gerir okkar samkeppnisstöðu lakari.

Sameinum hagsmunasamtök

Það er álitafni hvar forustan í rannsóknum eigi að vera. Það eru nokkur samtök starfandi í sjávarútvegi og þau öflugustu eru á vinnumarkaði, þ.e. Landssamband íslenskra útvegsmanna, Samtök fiskvinnslustöðva og sjómannasamtökin.

Höfundur hefur áður haldið því fram að samtök í sjávarútvegi eigi að sameinast, og að með sameiningu Landssambands íslenskra útvegsmanna og Samtaka fiskvinnslustöðva verði til ein samtök vinnuveitenda í sjávarútvegi. Þetta hefur ekki orðið en þetta ætti að ræða að nýju eftir að allir atvinnurekendur sameinuðust í Samtök atvinnulífsins. Einnig er skynsamlegt fyrir launþega í sjávarútvegi, fiskverkafólk og sjómenn, að sameinast í ein heildarsamtök. Þau eru að vísu starfandi innan Alþýðusambands Íslands en starfsgreinasamband er ekki til hjá launþegum í sjávarútvegi. Slík sameining vinnuveitenda og launþega myndi gera samskiptin við gerð kjarasamninga einfaldari og friðsamari og þá er til mikils að vinna.

Einnig gætu slík samtök einbeitt sér að öðrum verkefnum eins og rannsóknum og þróunarstarfi sem hér hefur verið gert að umtalsefni. Það er sameiginlegt hagsmunamál vinnuveitenda og launþega í sérhverri atvinnugrein að þar eigi sér stað öflug rannsókn- og þróunarvinna. Það skilar bættri samkeppnisstöðu, meiri hagnaði og hærri launum.

Meiri menntun og aukin samvinna er mikilvæg í samfélagi sem þarf sífellt að mæta öflugri samkeppni á alþjóðlegum vettvangi. Stundum er gott að hugsa smátt og huga að sínu en betra er að líta oftár upp og taka stærri skref fram á við.

Sjávarútvegur er ekki lengur aðalatvinnuvegur þjóðarinnar¹

Atvinnuhættir eru að breytast verulega. Árið 1970 unnu 12,4% af vinnuafli landsmanna í landbúnaði. Árið 1999 eða tæpum þrjátíu árum síðar vinna einungis 4% landsmanna í landbúnaði. Árið 1970 störfuðu 6,6% landsmanna við fiskveiðar en núna eru það 4,7% eða um 30% færri.

Sömu sögu er að segja af þeim sem starfa í fiskvinnslu. Fyrir þrjátíu árum voru það 7,8% af vinnuafninu en eru nú 5,9% eða um fjórðungi færri. Það eru einungis um 10% af vinnuafli landsmanna sem starfa nú í sjávarútvegi, veiðum og vinnslu.

Minnkandi hlutdeild sjávarútvegs í verðmætasköpuninni

Hlutdeild gömlu atvinnuveganna í verðmætasköpuninni hefur einnig dregist saman. Landbúnaður skilar nú einungis 2,1% af landsframleiðslunni. Fiskveiðar skila 8,3% og hafa lækkað úr 10% á átta árum. Fiskvinnslan skilar aðeins 3,9% af landsframleiðslunni en það hlutfall var fyrir átta árum 5,1%.

Sjávarútvegur er núna einungis með 12% hlutdeild í landsframleiðslunni, en landsframleiðslan er öll verðmætasköpunin í hagkerfinu. Þannig er orðið mjög langt frá því að sjávarútvegurinn sé aðalatvinnuvegur þjóðarinnar. Mikilvægi hans er fyrst og fremst vegna þess að 45% af gjaldeyrstekjum okkar er vegna útflutnings á sjávarafurðum. Það hlutfall hefur þó lækkað um 20% á síðustu tíu árum.

Margir talsmenn sjávarútvegs eiga erfitt með að átta sig á þessum breyttu aðstæðum og því er þeim mun mikilvægara að sjávarútvegurinn mæti þessum breytingum með skipulögðum hætti. Vitaskuld tengist sjávarútvegurinn öðrum atvinnugreinum, eins og verslun, þjónustu og iðnaði, en það á líka við aðrar atvinnugreinar. Það er ekki skynsamlegt að líta einangrað á einstaka atvinnugreinar vegna þess hve samþætt atvinnulífið er, en ofangreindar staðreyndir sýna samt verulegar breytingar á tiltölulega skömmum tíma.

Mikilvægi sjávarútvegs er ekki hvað síst fólgið í því að hann er burðarás í atvinnulífi mjög margra staða á landsbyggðinni. Minnkandi hlutdeild

¹ Fiskifréttir 8. september 2000.

sjávarútvegs rýrir því möguleika hinna dreifðu byggða nema brugðist sé við með því að þeir staðir fái sambærilega aðkomu að nýjum atvinnugreinum. Nýju atvinnugreinarnar eru fyrst og fremst á sviði þekkingariðnaðar og upplýsingatækni. Lykilatriði í þátttöku á þessu sviði er að tölvutengingar séu á sambærilegu verði alls staðar og að menntun ungmenna sé bætt.

Sífelld færri vilja vinna í sjávarútvegi

Hinir breyttu atvinnuhættir snúa líka að störfum í atvinnugreininni. Það er víða orðið mjög erfitt að fá fólk í fiskvinnslu og ástæðan er ekki launin í mörgum tilvikum. Verslunar- og afgreiðslustörf eru lágt launuð en slík störf eru oft eftirsóttari en fiskvinnslustörf.

Nú er svo komið að á mjög mörgum stöðum á landsbyggðinni eru útlendingar uppistaðan í vinnuafninu. Það er alls ekki slæm þróun að útlendingar komi hér til vinnu, hvort sem er í fiskvinnslu eða í öðrum atvinnugreinum. Við getum vel borið fleiri íbúa og engu máli skiptir af hvaða þjóðerni þeir eru.

Reyndar mun tæknivæðingin leiða til enn færri starfa í fiskvinnslunni. Höfundur hefur stundum slegið því fram að það séu ekki mjög mörg ár í það að frystihús landsins verði nær mannlauus. Sjálfvirknin mun annast flest þau störf í fiskvinnslu sem mannshöndin gerði áður.

Enn alvarlegri er minnkandi áhugi á stýrimanna- og vélstjóranámi. Það er staðreynd að sjómennskan höfðar ekki eins til ungs fólks og áður. Hér skipta launin ekki öllu máli en sjómannsstarfið um borð í fiskiskipum er hæst launaða vinna á Íslandi af almennum launþegastörfum. Það er því með ólíkindum hversu fáir vilja fara í stýrimannanám.

Vélstjóranám er erfitt og langt en kröfur stjórnenda til sjós hafa breyst mikið á síðustu árum. Líklega eru langar fjarvistir ein aðalástæðan fyrir því að ungir piltar vilja ekki leggja fyrir sig sjómennsku sem ævistarf en ástæður þess hafa þó ekki verið kannaðar til hlítar. Það væri brýnt að skoða þau mál nánar.

Mörg tækifæri í breyttum heimi

Það er nauðsynlegt að talað sé af jákvæðni um sjávarútveg og störfin þar. Til allrar hamingju er sífelldur grátkór um afkomu fyrirtækja í sjávarútvegi að mestu hættur en fátt hefur spilt ímynd greinarinnar eins mikið og það tal. Tækifærin eru fjölmörg í sjávarútvegi, ekki hvað síst fyrir vel menntað fólk á sviði tækni, sölu- og fjármála.

Sjávarútvegurinn er að breytast úr hefðbundnum veiðum og vinnslu í

nútímalega stóriðju sem nýtir bestu fánlegu tækni, m.a. á sviði líftækni, þar sem verðmætasköpunin felst ekki hvað síst í nálægð við viðskiptavini og byggir í vaxandi mæli á fiski hvaðanæva að úr heiminum, ekki hvað síst eldisfiski.

Sjávarútvegur á að eiga tryggan sess í hinu nýja hagkerfi sem byggir á þekkingu en til að svo gerist verða aðilar í sjávarútvegi að ræða opinskátt um breytt vægi atvinnugreinarinnar.

Fiskmarkaðir

Dollar — hvað nú?¹

Í ársbyrjun 1987 er að hefjast þriðja árið í röð hjá fiskvinnslunni þar sem verð á dollar er hið sama, þ.e. um 40 kr. Verðlag í landinu hefur hækkað um 56% á síðustu tveimur árum, en verð á dollar hefur lækkað um 5%. Það þarf ekki mikinn snilling til að sjá að þetta hefur tekið í hjá frystiðnaðinum þar sem tekjur í þeirri atvinnugrein eru 60 til 70% í dollurum.

Verðhækkanir erlendis hafa verið ótrúlega miklar á síðustu tveimur árum en ekki er útlit fyrir að sú verðsprenging haldi áfram, alla vegna ekki í þeim mæli sem verið hefur. Þess vegna verður að leita allra leiða til að gera fiskiðnaðinum kleift að auka sína framlegð. Ein af þessum leiðum verður gerð hér að umtalsefni.

Fiskmarkaðir

Áhugi manna að opna fiskmarkaði hérlendis er greinilega mikill. Jafnframt virðist gæta uggs hjá mörgum við þessari nýjung. Höfundur er sannfærður um að þetta form á verslun með fisk, þ.e. frjáls verðmyndun á opnum markaði, sé bráðnaðsynlegt fyrir fiskvinnsluna.

Jafnframt er eðlilegt, að útgerðarmenn og sjómenn eigi kost á þessu söluformi hérlendis, alveg eins og þeir geta sent fisk á slíkan markað erlendis. Það er ljóst, að verðmyndunarkerfi á fiski er í uppstokkun. Frjáls verðlagning á loðnu hefur reynst vel eftir nokkra byrjunarörðugleika. Aukin þátttaka í gámasölum hefur opnað augu fjölmargra fyrir kostum og ókostum opinna verðlagningar.

Sérhæfing

Í huga höfundar er helsti kosturinn við fiskmarkað sá að fiskvinnslufyrirtæki geta sérhæft sig í einstökum tegundum. Það er augljóst að fyrirtæki sem vinnur eingöngu sömu fisktegund í nær sömu pakkningu nær ólíkt betri árangri í afköstum og hagræðingu en áður. Einnig gerir fiskmarkaður kleift að jafna hráefnismagn í vinnslu þar sem framboð á fiski stjórnast verulega af verðinu.

¹ Fiskfréttir 23. janúar 1987.

Vitanlega fara fyrstu fiskmarkaðirnir rólega af stað og sjálfsagt má gera ráð fyrir einu til tveimur árum þar til hægt verður að draga nokkrar almennar ályktanir af starfsemi þeirra.

Smærri og fleiri fyrirtæki

Eðlilegt er að gera ráð fyrir því, að fyrirtækjum í vinnslu sjávarafurða fjölgi verulega í kjölfar fiskmarkaða. Þessi nýju fyrirtæki verða litlar rekstrareiningar með fimm til fimmtán starfsmenn sem sérhæfa sig í einni fisktegund og eiga sína eigin viðskiptavinum erlendis.

Vinnsla fisks verður með ýmsu móti, t.d. frysting, söltun eða fersk flök, en ekki er ólíklegt að einmitt fersk flök verði miklu algengari afurð á næstu árum. Skilyrði fyrir þessari þróun er að opnir fiskmarkaðir með nægjanlegt framboð og eftirspurn komist á laggirnar.

Þessar hugleiðingar miða að því að breyta verðlagningu á fiski þannig að gjaldeyristekjur aukist við veiðar og vinnslu. Það er lífsspursmál að eðlilegt jafnvægi ríki í hefðbundinni fiskvinnslu og sölu á ferskum fiski erlendis. Slíkt jafnvægi getur ekki komist á nema skilyrði samkeppnisaðila hérlandis og erlendis séu hin sömu.

Fiskmarkaður hérlandis er eitt af þessum skilyrðum, hver svo sem frekari þróun verður. Annað skilyrði er að tollar Evrópusambandsins á ferskum flökum og saltfiski falli niður.

Breyttir tímar í sjávarútvegi með gengisþróun dollars og aukinni þátttöku í gámasölum kalla á breytt viðhorf í mörgum eignum. Lausnir gærdagsins eiga sjaldnast við vandamál dagsins í dag.

Reynsla af fiskmörkuðum¹

Þar sem rúmt hálf tölva ára er liðið frá fyrstu uppboðum á fiskmörkuðum héraðs er ekki úr vegi að staldra við og meta árangur þeirra. Reyndar er enn of skammur tími liðinn til að hægt sé að fullyrða með nokkurri vissu hvernig til hafi tekist.

Þegar fiskmarkaðirnir voru settir á stofn árið 1987 var það álit margra, að þeir færu hægt af stað og a.m.k. tvö ár myndu líða þar til þeir yrðu ráðandi sem verðlagningarkerfi framtíðarinnar.

Stærst í Evrópu

Fyrsta undrunarefnið var að fiskmarkaðirnir sprengdu strax í upphafi af sér öll bönd. Áhugi seljenda og þó sérstaklega kaupenda var miklu meiri en nokkurn óraði fyrir. Þannig var strax mjög mikið magn selt á mörkuðunum.

Nú eru starfandi á Suðvesturlandi þrjú markaðir, Faxamarkaðurinn í Reykjavík, Fiskmarkaðurinn í Hafnarfirði og Fiskmarkaður Suðurnesja, en hann nær til Njarðvíkur, Grindavíkur og Þorlákshafnar í samtengdu uppboði.

Þetta svæði er hefðbundið eitt markaðssvæði og samvinna er vaxandi milli markaðanna á sviði upplýsingamiðlunar og framtíðartilhögunar. Þessir þrjú markaðir eru samanlagt orðnir stærsti ferskfiskmarkaður í Evrópu en þeir eru fáir sem átta sig á þeirri staðreynd.

Fiskmarkaðir og Verðlagsráð

Fiskmarkaðir taka við af hálfopinberu verðlagskerfi. Þessi kerfi hafa nú starfað hlið við hlið í nokkurn tíma. Eftir að frjáls verðlagning var ákveðin árið 1987 virtist vera beinn og breiður vegur til fiskmarkaða og/eða sérstakra samkomulaga í einstökum byggðarlögum.

Eftir sársaukafullt tímabil virtust vandamál við verðlagningu vera leyst á flestum stöðum. En þá var aftur verðlagt í Verðlagsráði undir áramótin 1987 og 1988. Sú verðlagning hefur tafið fyrir framþróun fiskmarkaða. Til lengri tíma verður á sama svæði ekki búið við margs konar verðlagskerfi.

¹ Útvegstæknirinn. Nemendablað útvegstækna í Tækniskóla Íslands, 1. tbl. 1988.

Hins vegar á enginn annar en reynslan og vilji aðila að skera úr um, hvaða verðlagskerfi sé notað.

Spurningarnar tíu

Þegar spurt er um reynslu af fiskmörkuðunum vakna fjölmargar spurningar. Hafa fiskmarkaðirnir leitt til eftirfarandi:

- hærra fiskverðs?
- betri gæða?
- betri hags sjómanna?
- betri hags útgerðar?
- betri hags fiskvinnslu?
- aukningar á innanlandsvinnslu?
- betri nýtingar afla?
- fjölbreytni í vinnslu?
- betra verðlagskerfis?
- áhrifa á byggðapróun?

Þessar tíu spurningar eru síður en svo tæmandi, en þær ná þó yfir flest þau atriði sem verður að meta.

Verð og gæði

Að jafnaði hafa markaðirnir leitt til hærra fiskverðs þótt það sé mjög mismunandi eftir framboði hverju sinni. Betri gæði hafa verið á fiski hjá þeim skipum sem landa stöðugt á fiskmarkaðina. Þannig hefur útivistartími togara eitthvað styst og bátar karavæðst fyrir fiskmarkaði.

Lakari fiskur og smærri hefur fengið lægra verð á uppboðum þótt munurinn sé ekki mikill. Þetta stafar af því, að framboð á fiski hefur nær allan tímann verið minna en eftirspurnin.

Við hækkandi skiptaverð hafa launakjör sjómanna batnað við tilkomu markaða. Sömuleiðis hefur hagur útgerðar batnað með hækkandi verði og við tryggar greiðslur. Andstaða við markaðina er nær engin meðal sjómanna og útgerðaraðila á þeim svæðum, þar sem markaðirnir hafa fest rætur.

Vinnsla og gámar

Fiskvinnslumenn á markaðssvæðunum kvarta verulega yfir háu verði. Það er samt athyglisvert að í þeim vandræðum, sem fiskvinnslan á við að glíma

um þessar mundir vill nær enginn vinnsluaðili hverfa frá fiskmörkuðum til hins gamla kerfis.

Fiskvinnslan hefur í kjölfar markaða stórbætt sig í vinnslu. Útflutningur með flugi hefur tekið mikinn fjörkipp og vinnsluaðilum hefur fjölgað mikið. Vinnslustöðvarnar vinna yfirleitt mun færri fisktegundir í einu en áður og stórir toppar í móttöku hráefnis eru nú mun sjaldgæfari en áður.

Markaðirnir hafa valdið því að nú er minna flutt út í gámum en áður. Sjávarútvegur á Suðvesturlandi stendur í beinni samkeppni við ferskfiskmarkaði erlendis vegna góðra samgangna með gámaflutningaskipum.

Í kjölfar markaðanna hafa komið margir sem vildu verða ríkir á skömmum tíma með því að kaupa fisk hér og setja í gáma. Flestir þeirra hafa hætt starfsemi vegna rekstrarerfiðleika. Markaðirnir hafa sýnt styrkleika í samkeppni við erlenda markaði þannig að nú er yfirleitt borgað meira hérlendis fyrir ferskan fisk en erlendis. Þó er þetta mjög mismunandi eftir tegundum og fer eftir markaðsaðstæðum hverju sinni.

Fjölbreytni hefur aukist í vinnslu sjávarafurða og vinnsluaðilum fjölgað. Áhugi á stofnun smærri fyrirtækja til vinnslu sjávarafna hefur stóraukist. Þessi þróun fellur vel að þeirri alþjóðlegu hugsun að fiskur í fjölbreyttu formi sé neysluvara framtíðarinnar.

Erfitt er að fullyrða hvort nýting á fiski hefur aukist í kjölfar markaða. Slíkt verður að skoðast, þegar nánari upplýsingar liggja fyrir en margt bendir til að svo sé. Fiskur liggur til að mynda mun skemur óunninn í móttöku en áður.

Betri verðlagning og byggðamál

Eru fiskmarkaðir betra verðlagskerfi en hið hálfopinbera Verðlagsráð? Um þetta eru auðvitað skiptar skoðanir. Höfundur er sannfærður um það að fiskmarkaðir, þar sem verðmyndun er fyrir opnum tjöldum og ræðst af framboði og eftirspurn með mörgum kaupendum og seljendum, sé eðlilegt og hagkvæmt kerfi.

Fiskmarkaðir eru í samræmi við önnur efnahagslögmál umhverfis okkur. Verðlagsráðskerfið er miðstýrt kerfi með þátttöku ríkisins. Miðstýrð forsjárkerfi eru oft þægileg fyrir þá sem að þeim standa en þau eru sjaldan til fram-búðar. Spurningin um áhrif á byggðapróun er erfið. Hingað til hefur ekki orðið vart neinna áhrifa. Markaðirnir hafa byrjað víðar, m.a. í Vestmannaeyjum, og Vestlendingar eru einnig að fara af stað. Mörkuðum mun vafalítið fjölga á næstu árum. Hins vegar mistókst fiskmarkaðshugmyndin í fyrstu tilraun á Norðurlandi. Það var fyrst og fremst vegna áhugaleysis stórra útgerða

og vinnsluaðila. Auðvitað verða útgerðir og vinnsluaðilar auk sjómanna að sjá sér hag í að nýta fiskmarkaði ef þeir eiga að verða að veruleika. Aðstæður eru mjög mismunandi eftir landssvæðum.

Hins vegar er athyglisvert að velta fyrir sér að viðbrögð hefðbundinna samtaka í sjávarútvegi gagnvart fiskmörkuðunum voru yfirleitt neikvæð. Þannig snúast allar stofnanir til varnar ríkjandi kerfi. Þetta er víst gangur lífsins.

Fiskútflutningur, fiskverð og Evrópusambandið¹

Þótt ekki sé flutt nema um 12–15% af botnfiskaflanum ferskt út í skipum og gámum er deilt harkalega um þennan útflutning og fyrirkomulag hans. Markmið með ferskfiskútflutningi hefur verið að selja fisk til ferskfiskneyslu erlendis en hindra að fiskur fari í hefðbundna vinnslu, eins og frystingu eða söltun, og keppi þannig við okkar eigin framleiðslu í skjóli tollaívilnana.

Markmið okkar er ekki að verðmætasköpun við fiskvinnslu sé erlendis. Nú virðist sem allt að 50% af ferskum þorskútflutningi okkar til Englands fari til frystingar. Allt öðru máli hefur gegnt um Þýskalandsmarkað, en karfi seldur þar hefur nær allur farið í ferskfiskneyslu á liðnum árum og áratugum.

Fjárfestingar innan Evrópusambandsins

Nú eru aðstæður að breytast. Fyrirhugaðar fjárfestingar Evrópusambandsins í fiskvinnslu fyrir 170 milljarða króna eru mjög alvarleg tíðindi. Þetta er óhemju fjárhæð.

Afli landa Evrópusambandsins er ekki nema um fjórum sinnum meiri en sá íslenski, þannig að væri fjórðungi þessa fjár varið í uppbyggingu í fiskvinnslu hérlendis væri það 42 milljarðar. Það er næstum allur sjávarvöruútflutningur okkar á einu ári eða tæp hálf fjárlög ríkisins.

Þessi áform Evrópusambandsins eru alvarleg tíðindi og við verðum að bregðast við þeim. Það er öruggt að vinnsla byggist vel upp í nágrennalöndunum og vitanlega verður enn meiri áhersla lögð á að fá hráefni í þá vinnslu. Þótt nú fari um 15% fersk út gætu innan fimm ára ef til vill 20% aflans farið fersk út og innan tíu ára 30% botnfiskaflans eða meira. Allt gæti þetta þó verið eðlileg þróun ef ekki yrði um framhaldsúrvinnslu að ræða sem glatast þá okkar þjóðarbúskap.

Ef til vill leiðir frjálsræði í fjárfestingum til meiri þátttöku útlendinga í fiskvinnslu með íslenskum fyrirtækjum. Fiskverð verður á uppboðsmörkuðum eða frjálst verð sem tekur mið af markaðsaðstæðum. Hægt er að kalla þessa verðmyndun markaðstengt fiskverð sem verður auðvitað ekki eitt og hið sama um allt land.

¹ Fiskifréttir 12. október 1990.

Innlendu fiskmarkaðirnir þrír seldu fyrstu níu mánuði þessa árs 52 þúsund tonn. Í Bretlandi voru á sama tíma seld fersk 48 þúsund tonn bæði úr skipum og gámum og í Þýskalandi 25 þúsund tonn. Þannig eru innlendu fiskmarkaðirnir þrír, sem eru á sama markaðssvæði á Suðvesturlandi, orðnir stærri en einstök markaðssvæði erlendis.

Í Bretlandi voru seld tæp 23 þúsund tonn af þorski fyrstu 9 mánuðina, en á innlendu mörkuðunum voru seld rúm 24 þúsund tonn af þorski. Þannig er nú í fyrsta skipti selt meira af þorski á mörkuðunum innanlands en erlendis og ættu það að þykja tíðindi. Það eru ekki allir sem átta sig á því að innanlandsmarkaðirnir stefna í 70 til 80 þúsund tonna sölu árið 1990 og eru þannig með stærstu fiskmörkuðum í Evrópu. Boulogne markaðurinn í Frakklandi er talinn sá stærsti í Evrópu með um 80–90 þúsunda tonna sölu á ári.

Að jafna aðstæður

Stærð fiskmarkaða innanlands og sívaxandi markaðstenging fiskverðs rökstyður þau sjónarmið að fiskur, sem fer ferskur út, verði fyrst að vera boðinn til sölu hér innanlands. Þá myndu útlendingar eða umboðsmenn þeirra keppa hér innanlands við íslensk fiskvinnslufyrirtæki um hráefni við jafnar aðstæður.

Þá væri salan öll fyrir opnum tjöldum. Í ljósi uppbyggingar fiskvinnslu innanlands er nauðsynlegt að skapa þessum útflutningi fastan og trúverðugan grundvöll. Vafalítið færi eftir sem áður líklega svipað magn ferskt út og nú er en þó líklega minna af þorski og ýsu.

Þorskerð á innanlandsmörkuðunum var um 80 kr. hvert kg. en í Bretlandi um 130 kr. það sem af er þessu ári. Hægt hefði verið að selja 10–15 þúsund tonnum meira af þorski á innlendu mörkuðunum árið 1990 og verðið hefði ekki farið niður fyrir 70 kr. hvert kg.

Úrvinnsla á fiski er samkeppni milli verkunargreina, frystingar, söltunar og ferskfisksútflutnings. Það á ekki að ákveða hvað fer í hvaða pakkningu eða á hvaða markaði. Markaðurinn og samkeppnin leysa það mál sjálfkrafa. Hið eina sem við eigum að gera er að sjá til þess að samkeppnisaðstæður séu sambærilegar.

Á meðan Evrópusambandið nýtir tolla og styrki til að rýra möguleika okkar er ástæðulaust fyrir okkur í ljósi fjárfestingaáforma þess að gera því auðveldara að nálgast okkar hráefni.

Fiskmarkaðir og áhrif þeirra á fiskvinnslu¹

Fiskmarkaðir á Íslandi hafa ekki starfað lengi. Fyrstu markaðirnir hófu starfsemi sína um mitt árið 1987 eða fyrir rúmum þremur árum. Á fiskmörkuðum mætast framboð og eftirspurn á fiski á hverjum degi og verð myndast á skjótan hátt. Afhending á seldum fiski er ábyrgst og allar greiðslur eru bankatryggðar. Þetta er einfalt kerfi. Mjög víða í heiminum er þessi sama aðferð notuð við að selja fisk og fjölmargar aðrar vörur. Rökin fyrir slíkri starfsemi eru að meiri hagkvæmni næst með þessu verslunarformi en á annan hátt.

Fiskmarkaðir hafa tvíþættu hlutverki að gegna. Þeir eru kerfi verðmyndunar, sem nýtist m.a. til útreiknings á hlut sjómanna, og þeir eru vettvangur þar sem fiskur skiptir um eigendur. Þetta tvennt er nátengt en verðmyndunarhlutverkið er mikilvægt í ljósi sögunnar.

Verðlagsráð og skuttogarar

Undanfarna þrjá áratugi hefur Verðlagsráð sjávarútvegsins, sem er samstarfsnefnd fiskkaupenda, þ.e. fiskvinnslustöðva, og fiskseljenda, sem eru útgerðarmenn og sjómenn, ákveðið verð á fiski upp úr sjó og þar með ákveðið tekjuskiptingu í sjávarútvegi. Þannig hefur Verðlagsráð ákveðið stærstan hlut launa sjómanna og kostnaðar vinnslu auk tekna útgerðar.

Ákvörðun innan Verðlagsráðs er oftast tekin fyrir atbeina yfirnefndar, en þá er fulltrúi ríkisvaldsins oddamaður við fiskverðsákvörðun. Þessi tengsl ríkisvalds við fiskverðsákvörðun á hverjum tíma þýða að ákvörðun um fiskverð er í reynd á ábyrgð ríkisstjórnar, oft bundin samningum um gengismál, loforðum um skuldbreytingar eða yfirlýsingum um launakjör annarra stétta.

Eftir 1972, þegar skuttogarátímabilið hófst og Íslendingar eignuðust um eitt hundrað togara á tíu árum, sem gjörbreytti sókn í sjávarafli, breyttust tengsl útgerðar og vinnslu. Skipin og fiskvinnslan urðu að miklu leyti í eigu sömu aðila. Uppbygging sjávarútvegs varð mjög hröð víða um land.

Við þessar aðstæður var ekki þörf á fiskmarkaði til að kaupa eða selja fisk. Skipin öfluðu fyrir sína vinnslu og það eina sem þurfti að ákveða var

¹ Ægir 3. tbl. 86. árg. 1991.

fiskverð, ekki til að ákveða skiptingu tekna milli útgerðar og fiskvinnslu, heldur til að finna reikningsgrunn fyrir laun sjómanna.

Sjómenn búa við hlutaskiptakerfi sem þýðir að laun þeirra ráðast af verðmæti þess afla sem úr sjó er dreginn. Hlutaskiptakerfið, sem er gamalt héraðslendis, er notað í ýmsum útfærslum víða í heiminum við ákvörðun á launum sjómanna.

Gámar, kvóti og markaðsvitund

Gámaútflutningur fór að setja mark sitt á hugsunarhátt í sjávarútvegi eftir 1985. Íslendingar höfðu að vísu selt í áratugi á uppboðsmörkuðum í Englandi og Þýskalandi og þekktu það kerfi vel. Það voru hins vegar eingöngu siglingar fiskiskipa. Nútíma flutningatækni gerði kleift að flytja minna magn í einu með gámum. Þessi útflutningur dreifðist þá á miklu fleiri aðila.

Flestar útgerðir kynntust uppboðskerfinu við gámaútflutning og sáu að verð sveiflaðist upp og niður eftir gæðum og framboði. Það var mjög skemmtilegt og spennandi að fylgjast með eigin gámum í sölu erlendis auk þess sem það skilaði góðum tekjum. Þá vaknaði áhugi héraðslendis. Fyrst menn gátu verið þátttakendur á fiskmörkuðum erlendis töldu ýmsir að einnig væri hægt að hafa þetta fyrirkomulag innanlands.

Árið 1984 var kvótakerfið sett á, sem lokaði fyrir aðgang að veiðum nema fyrir þá sem áttu fiskiskip fyrir, en ýmsar vinnslustöðvar voru háðar fiskkaupum af óskyldum aðilum. Jafnframt þessu jókst markaðsvitund sjávarútvegsmanna. Orkan í sjávarútvegi frá 1970 til 1985 hafði farið í skipakaup og endurbætur á skipastóli. Það sama hafði gerst áratuginn á undan, á síldarárunum. Nú urðu aðstæður þannig að ekki var hægt að auka afla. Þá beindist hugur manna og framkvæmdaáhugi að fiskvinnslunni og ekki hvað síst að markaðsmálum. Þetta má m.a. sjá af mikilli fjölgun frystitogara.

Við erum núna í miðri byltingu markaðsvitundar innan sjávarútvegsins. Eldri sölukerfi eiga undir högg að sækja og nýjar aðferðir og aukin sölustarfsemi innan fyrirtækja ryðja sér til rúms. Menn þurftu að auka verðmæti hvers tonns sem í land kom. Augljóst var að gott er að geyma hráefni sem minnst og æskilegt er að sérhæfa sig til þess að ná góðum afköstum í „sinni fisktegunð“.

Þessar aðstæður mótuðu jarðveginn fyrir fiskmarkaði. Án þessa aðdraganda hefðu þeir aldrei náð fótfestu. Einnig varð að vera nægjanlegur fjöldi fiskkaupenda og fiskseljenda þannig að virkur markaður myndast.

Magn og verðmæti á fiskmörkuðum

Þetta gekk vonum framár. Markaðirnir urðu fljótlega þrír á Suðvesturlandi, Faxamarkaðurinn í Reykjavík, Fiskmarkaðurinn í Hafnarfirði og Fiskmarkaður Suðurnesja. Eðlilegt var að markaðirnir ryddu sér til rúms á þessu svæði sem er langstærsta fisklöndunarsvæði landsins.

Það kemur ýmsum á óvart að langstærstum hluta botnfiskafla Íslendinga eða 30% er landað í nágrenni Reykjavíkur. Næst Suðvesturlandi kemur Norðurland með 20% botnfiskaflans. Aðrir landshlutar eru með 12% (Vestfirðir og Austurland) og 10% (Vesturland og Vestmannaeyjar).

Þetta gerði fiskmörkuðum kleift að hasla sér völl á Suðvesturlandi þar sem nægjanlegt framboð og eftirspurn var til staðar. Markaðirnir eru allir hlutfélög með dreifða eignaraðild og starfa samkvæmt sérstökum lögum.

Söluverðmætið er rúmlega 4,5 milljarðar á fiskmörkuðum árið 1990 sem sýnir að um er að ræða eina stærstu verslunargrein hérlendis. Þetta er hærri fjárhæð en sem nemur hlutabréfaviðskiptum allra verðbréfafyrirtækjanna árið 1990. Verðbréfafyrirtækin seldu hlutabréf fyrir 4,1 milljarð árið 1990 en samtals voru seld hlutabréf fyrir 5,7 milljarða á því ári en mikil umræða hefur verið um hin miklu viðskipti á hlutabréfum.

Miklum fiski er samt landað á Suðvesturlandi utan fiskmarkaða. Það nálgast þó að helmingur aflans á þessu svæði sé seldur á fiskmörkuðum. Verulega mikið af fiski berst einnig með bílum, fiskiskipum og gámum til sölu á mörkuðunum. Þannig kemur nokkurt magn af Snæfellsnesi, aðallega bátaafli. Einnig er ekki óalgengt, að fiskur sé keyptur á mörkuðum og fluttur langar vegalengdir til vinnslu til að mynda á Húsavík eða í Vestmannaeyjum.

Hér hefur þróast flutningakerfi sem hægt er að lýsa vel með aðferðum flutningafræði eða vörustjórnunar. Ákveðnir flutningabílar flytja reglulega fisk milli landshluta og taka tóma fiskkassa til baka. Stíllt er saman við ferjuáætlanir. Gott flutningakerfi á fiski um langar vegalengdir innanlands hefur verið byggt upp og flutningskostnaður hefur lækkað mikið frá upphafi fiskmarkaða.

Lítið hefur borist með flutningaskipum til markaða innanlands, og er sagt að skipafélögin haldi uppi betri samgöngum við markaði erlendis á Humber svæðinu í Bretlandi og í Bremerhaven í Þýskalandi en við markaði hér innanlands. Þetta er að vísu fært í stílinn, enda flutningar á landi líklega heppilegri, en þessi þjónusta skipafélaganna er þó umhugsunarverð.

Hér er um að ræða mikið magn. Til samanburðar við rúmlega 70 þúsund tonna sölu á innlendu fiskmörkuðunum má geta þess að útflutningur

Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, stærsta útflutningsaðila landsmanna, var 94 þúsund tonn árið 1990 og voru það að langmestu leyti fryst flök.

Sérhæfing og fjöldi vinnlustöðva

Óhætt er að fullyrða, að áhrif fiskmarkaða hafa verið mjög veruleg og munu verða það á næstu árum. Hið gamla kerfi Verðlagsráðs hefur alls ekki sama vægi og áður. Áhrif fiskmarkaða á fiskvinnsluna eru enn meiri. Fiskmarkaðir gera vinnsluaðilum kleift að sérhæfa sig í einstökum tegundum. Allir sem hafa fengist við fiskvinnslu þekkja hve langan tíma það tekur að skipta í vinnslu frá einni tegund til annarrar. Þessu vandamáli geta fiskmarkaðir ráðið fram úr. Þannig sérhæfa flestir kaupendur sig í einstökum tegundum á fiskmörkuðum. Sumir eru sérhæfðir í þorski, aðrir í ufsa og enn aðrir í steinbít. Margir reyna líka að vinna einungis tvær eða þrjár fisktegundir. Líka eru til sérhæfðir aðilar í löngu og keilu, tegundum sem hér áður fyrr var litið á sem nokkurs konar afgangstegundir. Fiskmarkaðir hafa þannig stuðlað að betri nýtingu fisktegunda og auknið verðmætasköpun vannýtttra tegunda.

Fiskmarkaðir hafa leitt til fleiri og smærri fyrirtækja sem nýta sérhæfingu, lítið pláss og þar með litla innri flutninga og ódýra yfirbyggingu. Sú kenning er til innan sjávarútvegsins, sem höfundur hefur talað fyrir, að fiskvinnslufyrirtækin myndu þróast í tvær áttir, annars vegar í mjög stórar einingar sem hefðu mörg skip og nýttu stærð sína til hagkvæms reksturs og hins vegar í smærri fyrirtæki sem sérhæfðu sig í framleiðslu, oft lítil fjölskyldufyrirtæki, með beinum markaðstengslum og sölu sem legðu mikla áherslu á gæðaframleiðslu til fárra kaupenda.

Þessi kenning gerir ráð fyrir að millistærð af fyrirtækjum með einn togara eða tvo báta og stærri fyrirtæki, sem vinna allan „sinn afla” muni eiga verulega erfitt uppdráttar og ekki standast samkeppni við hlið hinna tveggja gerða fyrirtækja sem áður voru nefnd.

Margt bendir til að þetta eigi við rök að styðjast. Þróun síðustu ára staðfestir þetta, m.a. rekstrarerfiðleikar millifyrirtækjanna og uppgangur fiskmarkaða, sem hefur leitt til smærri fyrirtækja. Einnig hafa fyrirtæki sameinast og myndað stærri einingar, eins og samruni fyrirtækja í Reykjavík og á Akranesi sýnir.

Því sjónarmiði hefur stundum verið haldið fram, að fiskvinnslufyrirtækjum eigi að fækka til að ná fram betri nýtingu fjárfestinga, þar sem affli mun ekki aukast á næstu árum. Höfundur er ekki sammála þessu, enda geta smærri einingar oft náð meira út úr hráefninu einmitt vegna smæðar sinnar. Það er ekki hægt að alhæfa um hagkvæmstu stærð fyrirtækja.

Innri flutningar og gæðamál

Nefna má einn þátt sem lítill gaumur hefur verið gefinn, en er athyglisverður ekki hvað síst áhugafólki um flutningafræði eða vörustjórnun og um skipulag og rekstur fyrirtækja.

Hefðbundin fiskvinnslufyrirtæki eru yfirleitt byggð fyrir alllöngu og á tíma óverðtryggðra lána og offjárfestinga. Stærð eldri fiskvinnslustöðva í fermetrum er yfirleitt mjög mikil. Þetta þýðir langar flutningalínur innan fyrirtækis, sem aðeins að hluta til eru vélvæddar. Ekki er samfellt vélvætt flæði á framleiðsluvörum í íslenskum fiskvinnslufyrirtækjum og reyndar ekki í langflestum öðrum greinum iðnaðar hérlendis.

Þessir innri flutningar kosta mjög mikið auk óhagræðis í allri vinnslu. Það er með fiskvinnslu eins og annan rekstur. Hann leitast við að fylla út í allt það pláss sem til staðar er. Skýrasta dæmið um áhrif vörustjórnunar og hagræðingar í fiskvinnslu eru frystitogarar. Það eru einkum eftirfarandi þrjár ástæður fyrir góðu gengi þeirra:

- Í fyrsta lagi er unnið allan sólarhringinn.
- Í öðru lagi er alltaf unnið úr nýju hráefni.
- Í þriðja lagi eru flutningaleiðir mjög litlar og skipulag með afbrigðum gott í vinnslurásinni, sem orsakast af því takmarkaða rými sem til staðar er. Þessar litlu innri flutningaleiðir spara verulega fjármuni og eru einnig helstu kostir lítilla fyrirtækja sem nýta umhverfi oft miklu betur en „víðáttumikil“ fyrirtæki.

Svo aftur sé vikið að áhrifum fiskmarkaða á fiskvinnslu, þá eru áhrif á gæði mjög mikilvæg. Gæði skipta verulega máli á uppboðsmörkuðum á vöru sem er hætt við skemmdum tiltölulega fljótt. Minni gæði seljast almennt á lægra verði og þar sem markaður er hreinsaður á hverjum degi, þ.e. varan er ekki geymd frá einum markaðsdegi til annars, getur meira að segja farið svo að hún seljist alls ekki.

Reynsla fiskmarkaða hér er að gæði fisks hafa áhrif á verð, en minna en ætla mætti. Ástæðan er sú að umframeftirspurn hefur verið á mörkuðunum mikinn hluta starfstíma þeirra sem kemur auðvitað fram í háu verði.

Sú skoðun er fyllilega réttmæt að fiskmarkaðir stuðli að miklum gæðum með bættri meðferð fisks í fiskiskipum, í löndun, í flutningi til og frá markaði og í fiskvinnslu.

Hátt verð á fiskmörkuðum hefur einnig knúið vinnsluna til að ná sem mestum gæðum, til að fá sem best verð fyrir afurðir á erlendum mörkuðum.

Nær allur fiskur, 71 þúsund tonn, sem seld voru hérlandis árið 1990, voru unnin frekar, til dæmis:

- í fryst flök,
- í söltun,
- í fersk flök með flugvélum til útlanda,
- til innanlandsneyslu í fiskbúðum og stórmörkuðum og
- til sérvinnslu í ýmsa fiskrétti innanlands.

Á mörkuðum innanlands er svo til ekkert magn keypt og ætlað til sölu óunnið á erlendum mörkuðum. Ýmsir aðilar reyndu það í upphafi markaða en gáfust upp, enda verð hérlandis oft hærra en sambærilegt verð erlendis.

Fjölgun fiskmarkaða?

Fiskmarkaður Suðurnesja er með útibú í Sandgerði og Grindavík auk starfsemi í Njarðvíkum. Nýlega var stofnaður markaður í Þorlákshöfn með þátttöku Faxamarkaðarins og Snæfellingar undirbúa stofnun fiskmarkaðs.

Spá höfundar er að fleiri markaðir verði stofnaðir á þessu og næsta ári, m.a. á Snæfellsnesi, Ísafirði og í Vestmannaeyjum.¹ Hátt verð á mörkuðum í samanburði við annað hráefnisverð sýnir að kaupendur á mörkuðum ná meiri framlegð úr sínum rekstri, m.a.

- vegna sérhæfingar,
- með sjálfstæðari markaðsmálum,
- vegna gæðamála, m.a. vegna þess að hráefni er unnið daglega eða a.m.k. á fyrsta eða öðrum degi, en áður var algengt að þrjá til fimm daga tók að vinna úr mótteknu hráefni, sem rýrnaði þá verulega meðan á biðtíma stóð.

Allt þetta bendir til að þessir vinnsluaðilar þoli hærra hráefnisverð en önnur hefðbundin fyrirtæki. Öll viðskipti á fiskmörkuðum eru bankatryggð og vanskil nær engin og ekki er mjög algengt að fyrirtæki gefist upp. Þó koma fyrirtæki og fara eins og eðlilegt er við opinn markað.

¹ Fiskmörkuðum fjölgaði mikið á næstu árum eftir 1991 og eru nú starfandi um allt land.

Upplýsingakerfi

Athyglisverð þróun í kjölfar fiskmarkaða er á sviði upplýsinga og upplýsingakerfa. Þetta hefur gerst mest fyrir tilstuðlan Verk- og kerfisfræðistofunnar Strengs hf. í Reykjavík. Strengur hf. er tengdur fiskmörkuðunum og safnar daglega upplýsingum um verð. Einnig fylgjast starfsmenn Strengs með verðlagningu á erlendum mörkuðum. Morgunblaðið er tengt beint við Streng hf. í gegnum net Pósts og síma og birtir þannig daglega verð á fiskmörkuðum.

Þetta er hluti af tölvuneti sjávarútvegsins sem Strengur hefur þróað. Í því eru m.a. upplýsingar um:

- daglegt verð og magn á íslensku fiskmörkuðum,
- verð og magn á erlendu fiskmörkuðum,
- gengisskráningu,
- þjóðskrá,
- færð á vegum,
- úthlutanir Aflamiðlunar,
- kvótakerfi, þ.e. heildarstöðu og kvótaútreikninga, en með leyninúmeri, einnig stöðu eigin skipa,
- afurðaverð o.fl. upplýsingar frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og
- afurðaverð o.fl. upplýsingar frá Íslenskum sjávarafurðum hf.

Áskrifendur eru fiskvinnslufyrirtæki víða um land. Þetta er merkileg upplýsingamiðlun sem mun vafalaust stóraukast á komandi árum.

Áhrif í vaxandi samkeppni

Því má velja fyrir sér, hvort einn markaður verði hérlendis og allur fiskur verði seldur þar. Höfundur telur að svo verði ekki heldur verði staðbundnir markaðir og samkeppni milli þeirra, en verð verði svipað.

Eftir því sem magn eykst á mörkuðum endurspeglar markaðsverð raunhæfari verðmyndun. Hins vegar er magnið þegar orðið það mikið á mörkuðunum að markaðsverðið lýsir vel möguleikum kaupenda við hráefniskaup. Markaðir geta ekki verið alls staðar vegna þess að sums staðar eru framboð og eftirspurn lítil og kaupendur og seljendur fáir. Þar gætu menn tekið mið af verði á nálægum stöðum.

Fjölgun og aukin umsvif markaða munu vafalítið stuðla að því að allur fiskur sem á að seljast ferskur erlendis fari fyrst í einhvers konar markaðstengda sölu hér innanlands þannig að íslensk fiskvinnsla eigi kost á að keppa um hráefni við erlenda aðila.

Mikilvægt er einnig að sjá fiskmarkaði í ljósi kvótakerfisins. Þegar kvótakerfið var sett á 1984 var veiðum lokað þannig, að ekki gat neinn farið til veiða nema að eiga skip með kvóta. Þar sem skip voru yfirleitt flest bundin vinnslustöðvum var mjög erfitt að ná í hráefni nema að eiga skip. Fiskmarkaðir hafa opnað sjávarútveginn á nýjan leik, að vísu einungis á fiskvinnslusviðinu.

Reyndar má geta þess að skráning hlutabréfa í sjávarútvegsfyrirtækjum á hlutabréfamarkaði hefur opnað sjávarútveginn fyrir almennungi. Sú þróun hefur leitt til þess, að fleiri einstaklingar eru eigendur að sjávarútvegsfyrirtækjum og eignaraðild dreifist mun meira en áður. Þetta er mjög jákvætt og mun vafalítið halda áfram á næstu árum og auka eigið fé fyrirtækja og örva áhuga landsmanna á sjávarútvegi. Með starfsemi fiskmarkaða getur duglegt fólk lagt til fjármuni sína og tekið þátt í úrvinnslu þessarar mestu auðlindar okkar, stofnað fyrirtæki, þróað framleiðslu og tapað eða grætt.

Það er einna ánægjulegast við fiskmarkaðina að sjá hópa af fólki, oft ungu, sem vill hasla sér völl í þessari mjög svo fjölbreyttu atvinnugrein. Vitanlega eru fiskmarkaðir ekki lausn á öllum vandamálum sjávarútvegs, en þeir stuðla að betri nýtingu takmarkaðrar auðlindar, auka verðmætasköpun og eru frjáls viðskipti fyrir opnum tjöldum. Allt þetta er hluti af svari sjávarútvegsins til að bæta lífskjör héraendis og takast á við aukna samkeppni framtíðarinnar.

Hagfræði

Leikur að tölum¹

Að nýloknu ári er alltaf forvitnilegt að glöggva sig eilítið á atburðum síðasta árs. Í þessari grein verður fjallað um skiptingu afla eftir landsvæðum.

Af hverju ekki kjördæmi?

Það hefur víst ekki farið framhjá neinum að kosningar verða vorið 1989. Þess vegna er ekki úr vegi að líta aðeins á skiptingu afla og aflaverðmætis eftir hinum átta kjördæmum landsins. Höfundur er reyndar lítið fyrir slíkan dildkadrátt en umræðan vill oft snúast um slík svæðamörk, ekki síst á kosningaári. Ef eftirfarandi töflur, sem eru um margt býsna athyglisverðar, verða til að veita hlutleysi í þessa umræðu þá er vel.

Reyndar telur höfundur fyrirfram nokkuð víst að sérhverjum, ekki síst stjórnmálamönnum, reynist auðvelt að túlka tölurnar um yfirburði síns svæðis. Líklegra verður þó hin túlkunin almennari að viðkomandi kjördæmi sé svo aftarlega á merinni að nauðsyn beri til að efla stórlega atvinnustarfsemi í kjördæminu.

Tíu á toppnum

Tafla 1 sýnir landaðan botnfiskafli skipt eftir verstöðvum fyrir árið 1986 svo og hve mikið af þessum afla er þorskur.

	Þúsund tonn	Þar af þorskur í þúsundum tonna
Vestmannaeyjar	48,7	17,7
Reykjavík	43,9	15,5
Keflavík	33,8	18,0
Þorlákshöfn	30,1	11,1
Akureyri	28,8	16,4
Ísafjörður	24,0	14,7
Sandgerði	23,9	13,2
Grindavík	23,8	12,7
Hafnarfjörður	23,3	9,6
Akranes	21,7	8,6

Tafla 1: Landaður botnfiskafli skipt eftir stærstu verstöðvum 1986.

¹ Ægir 2. tbl. 82. árg. 1987.

Það eru tíu staðir árið 1986 þar sem landað var meira en 20.000 tonnum af botnfiski. Vestmannaeyjar voru efstar árið 1986, eins og oft áður, með tæp 49 þúsund tonn og þar af tæp 18 þúsund tonn af þorski. Það er einkum tvennt sem vekur athygli við þessa töflu.

Í fyrra lagi er Reykjavík næststærsta verstöð landsins hvað botnfiskafla varðar. Þetta hefur reyndar oft verið svona áður, en oft er talið að Reykjavík sé borg verslunar og viðskipta en lítill útgerðarstaður. Það er öðru nær.

Í síðara lagi eru fjórir staðir í Reykjaneskjördæmi á listanum, en enginn á Austfjörðum, Snæfellsnesi eða á Norðurlandi utan Akureyrar. Sjö af þessum tíu stöðum eru á Suðvesturlandi. Þetta er þrátt fyrir svokallaða byggðastefnu undanfarin fimmtán ár.

Höfundur hefur gert það að gamni sínu nú undanfarið að taka menn í próf í þessum lista og öll svör hafa verið víðsfjarri hinu rétta.

Skipting á kjördæmi

Tafla 2 sýnir landaðan botnfiskafla 1986 skipt eftir kjördæmum. Það ber að hafa í huga að úrvinnslan getur færst eitthvað á milli staða og gámafiskur telst til landaðs afla í hverju kjördæmi.

	þúsund tonn	%	þar af þorskur í þúsundum tonna	%
Reykjaneskjördæmi	106	18	54	16
Norðurland eystra	86	14	61	18
Vestfjarðakjördæmi	83	14	52	15
Suðurlandskjördæmi	79	13	29	8
Austurlandskjördæmi	79	13	52	15
Vesturlandskjördæmi	63	10	44	12
Reykjavík	44	7	16	5
Norðurland vestra	32	5	24	7
Samtals	572	94	332	96
Landað beint erlendis	37	6	15	4
Samtals	609	100	347	100

Tafla 2: Landaður botnfiskafla skipt eftir kjördæmum 1986.

Reykjaneskjördæmi ber höfuð og herðar yfir önnur kjördæmi. Þar er langmest landað af botnfiski árið 1986 eða 106 þúsund tonnum. Þetta stingur heldur í stúf við þá umræðu að allur sjávarútvegur í Reykjaneskjördæmi sé á vonarvöl og öll skip farin burt.

Norðurland eystra hefur rétt vinninginn yfir Vestfirði, en nokkra athygli vekur Norðurland vestra, en einungis 5% af lönduðum botnfiskafli kemur á land þar um slóðir. Austfirðir koma sterkt út. Reykjavík fellur verulega niður á listanum þegar kjördæmin öll eru skoðuð.

Togarar og bátar

Tafla 3 sýnir skiptingu á botnfiskafli Íslendinga 1986 eftir togurum og bátum. Einnig eru til samanburðar tölur fyrir 1985.

	þúsund tonn	%	þar af þorskur í þúsundum tonna	%
1986				
Togarar	357	59	179	52
Bátar	252	41	168	48
Samtals	609	100	347	100
1985				
Togarar	340	60	164	52
Bátar	231	40	151	48
Samtals	571	100	315	100

Tafla 3: Botnfiskafli 1985 og 1986 skipt eftir togurum og bátum.

Botnfiskafli eykst milli árána 1985 og 1986 um 38 þúsund tonn eða um 7%, en þorskveiðin eykst um 32 þúsund tonn eða um 10%. Nær öll aukningin er þannig í þorskveiðinni. Eðlileg ályktun af þessum tölum er sú, að hinar ströngu friðunaraðgerðir til margra ára eru að bera verulegan árangur.

Hver man nú eftir því að haustið 1983 þegar ákveðið var að setja kvótann á blasti við 200 þúsund tonna þorskafli á ári. Þá stóð sjávarútvegurinn frammi fyrir einu erfiðasta vandamáli á þessari öld, en bar gæfu til að taka á því þannig að nú getum við horft bjartari augum fram á við.

Aflaverðmæti togaranna

Í töflu 4 er aflaverðmæti hinna eitt hundrað togara Íslendinga fyrir árið 1986. Hægt er að skipta aflaverðmæti togara í þrennt, þ.e. verðmæti landað innanlands, sem fer hér í vinnslu, verðmæti landað erlendis í gámum og beint úr fiskiskipum og loksins aflaverðmæti frystitogara en þeir njóta nokkurrar sérstöðu.

	Fjöldi togara	Aflaverðmæti landað innanlands	Aflaverðmæti landað erlendis	Aflaverðmæti frystitogara	Aflaverðmæti samtals
Vestfjarðakjördæmi	15	847	650	327	1.824
Norðurland eystra	18	985	194	385	1.564
Reykjavík	14	447	665	274	1.386
Austurlandskjördæmi	17	1.004	327	0	1.331
Norðurland vestra	11	404	96	342	843
Reykjaneskjördæmi	11	463	296	0	759
Suðurlandskjördæmi	7	423	168	0	591
Vesturlandskjördæmi	7	410	126	0	536
Samtals	100	4.983	2.522	1.329	8.834

Tafla 4: Aflaverðmæti togaraflotans í milljónum kr. 1986 skipt eftir kjördæmum.

Tafla 4 sýnir í milljónum króna aflaverðmæti togaraflotans skipt eftir kjördæmum. Miðað er við fasta löndunarstaði skipanna, eins nákvæmlega og hægt er.

Vestfirðingar eru efstir með 847 milljónir kr. landað innanlands, 650 milljónir kr. landað erlendis og frystitogarar með 327 milljónir kr. eða samtals 1.824 milljónir kr. Athyglisvert við þessa töflu er hve drjúgur þáttur hinna átta frystitogara er.

Gjaldeyrisöflun

Síðasta tafla, tafla 5, sýnir gjaldeyrisöflun togaraflotans skipt eftir kjördæmum. Ekki verður hjá því komist, að gefa sér nokkrar forsendur til að reikna út tölur í þessu sambandi.

Það er góð og gild regla í sjávarútvegi að landaður affli héraðs er tvöfaldir í verðmæti, þegar búið er að flaka og frysta eða salta. Það er ekki óvarlegt að taka 20% af verðmæti afla sem landað er erlendis fyrir erlendum kostnaði, þannig að 80% af lönduðum afla erlendis skilar sér í gjaldeyri fyrir þjóðarþjónu. Frystitogarar frysta um borð og fer varan beint á erlenda markaði og ekki er talið hér að neinn erlendur kostnaður dragist frá umfram hefðbundinn útflutning. Tafla 5 sýnir gjaldeyristekjur togaraflotans eftir kjördæmum.

	milljónir kr.
Vestfirðakjördæmi	2.541
Norðurland eystra	2.510
Austurlandskjördæmi	2.270
Reykjavík	1.700
Norðurland vestra	1.228
Reykjaneskjördæmi	1.163
Vesturlandskjördæmi	980
Suðurlandskjördæmi	921
Samtals	13.313

Tafla 5: Gjaldeyristekjur togaraflorens 1986 í milljónum króna skipt eftir kjördæmum,

Hér eru Vestfirðir og Norðurland eystra efst. Höfundur hefur oft lýst því yfir, að hann telji tilgang sjávarútvegs á Íslandi vera einungis einn, þ.e. að fá sem allra mestan gjaldeyri fyrir þann takmarkaða fisk, sem draga má úr sjó. Ef framangreindar töflur og athugasemdir varpa ljósi á marga, óvænta staðreynd í íslenskum sjávarútvegi er tilganginum náð.

Útgerð og fiskvinnsla í Reykjavík¹

Það orð fer ekki af Reykjavík, að hún sé bær útgerðar og fiskvinnslu. Þegar rætt er um verstöðvar koma Vestmannaeyjar, Ísafjörður, Grindavík og Neskaupstaður upp í hugum manna.

Reykjavík er í álitum fólks, ekki síst Reykvíkinga sjálfra, borg verslunar, aðalstöðvar stjórnkerfis, miðstöð þjónustu, og vettvangur tómstunda. Þessu fer víðs fjarri þegar stærð Reykjavíkur á sviði sjávarútvegs er skoðuð.

Reykjavík hefur sérstöðu í Evrópu sem ekki allir átta sig á. Tæplega 40% landsmanna búa árið 1989 í þessu sveitarfélagi. Ekkert land í Evrópu kemst nálægt þessu. Í Danmörku búa um 20% landsmanna í Kaupmannahöfn og í Lúxemborg búa um 25% landsmanna í einni borg.

Alls staðar annars staðar býr miklu minni hluti þjóðarinnar á einum stað. Þótt hér ættu að vera hvað best skilyrði fyrir skipulag borgríkis vegna samþjöppunar fólks hefur slík þróun ekki orðið hérlendis. Það er vegna þess, hve önnur byggð í landinu er dreifð yfir ótrúlega stórt svæði.

Tíu verstöðvar — 50% aflans

Við Íslendingar föllum þannig ekki inn í hefðbundinn erlendan ramma, hvað varðar byggðaskipulag. Það er ekki fyrsti útlendi ramminn, sem við pössum illa í. Í töflu 1 er fiskafla landsmanna í tonnum skipt milli löndunarhafna. Loðna og síld eru ekki taldar með vegna þess, hve miklu verðminni þær fisktegundir eru.

	Afli í þúsundum tonna
Vestmannaeyjar	58
Reykjavík	45
Akureyri	41
Hafnarfjörður	39
Keflavík	32
Þorlákshöfn	29
Ísafjörður	28
Akranes	26
Sandgerði	22
Grindavík	21

Tafla 1: Landaður afli 1988 án loðnu og síldar.

¹ Morgunblaðið 3. júní 1989.

Í fyrsta sæti eru Vestmannaeyjar með 58 þúsund tonn og undrar víst fáa, en næst kemur Reykjavík. Það er staðreynd sem kemur mörgum á óvart. Fleira er athyglisvert við þennan lista. Á honum eru sjö verstöðvar á Suðvesturlandi en engin á Austurlandi. Einungis Ísafjörður er af Vestfjörðum og engin af Snæfellsnesi.

Þessar tíu verstöðvar taka á móti um 50% af afla landsmanna, en verstöðvar eru alls fimmtíu og níu á landinu. Þannig eru fjórutíu og níu verstöðvar, sem taka við sama magni og þessar tíu. Ástæða þess hve ofarlega Akureyri og Hafnarfjörður eru er sú að í þessum byggðarlögum hefur frystiskipaútgerð eflst verulega og einnig eru landanir frystiskipa af öðrum landsvæðum í þessum bæjum.

Styrkleiki Reykjavíkur

Styrkleiki sjávarútvegs í Reykjavík er fjölbreytni að þakka. Reykjavík er langstærsti togaraútgerðarstaður landsins, mjög öflug loðnuútgerð er í Reykjavík, trilluútgerð vaxandi og frystiskipum, sérstaklega í rækju og í sérvinnslu, hefur fjölgað. Hefðbundnum vertíðarbátum hefur hins vegar stórfækkað á liðnum árum. Vinnsla sjávarafurða hefur breyst verulega í borginni og nágrenni hennar, sbr. töflu 2, sem sýnir fjölda vinnslustöðva í Reykjavík, Hafnarfirði og í Kópavogi.

Ár	Reykjavík	Hafnarfjörður	Kópavogur	Samtals
1981	10	14	4	28
1982	14	18	5	37
1983	18	20	5	43
1984	16	19	3	38
1985	18	17	5	40
1986	20	20	7	47
1987	26	26	7	59
1988	27	26	6	59

Tafla 2: Fjöldi fiskvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu.

Ef litið er á breytingu á fjölda vinnslustöðva í Reykjavík og nágrannabyggðarlögum, sést að mikil fjölgun á sér stað í vinnslustöðvum, sérstaklega á síðustu árum. Þannig voru árið 1981 aðeins tuttugu og átta vinnslustöðvar á þessu svæði, sem er sama fisksvæðið þótt það nái yfir þrjú til fimm sveitarfélög.

Árið 1988 voru þessar stöðvar orðnar fimmtíu og níu talsins og hafði fjölgað um þrjátíu og eina frá 1981, þar af um tólf síðustu tvö árin. Fjöldi

stöðva segir svo sem ekki allt um styrkleika, en fjölgun vinnslustöðva sýnir að fólk hefur trú á þessari starfsemi og vill leggja aleigu sína undir.

Sjóðir og bankar standa ekki opnir, nema síður sé, fyrir ungt dugmikið fólk, sem vill hefja fiskvinnslu á Reykjavíkursvæðinu. Breytingar hafa verið hér miklar á liðnum árum. Grandi varð til sem stórfyrirtæki við samruna Ísbjarnarins og Bæjarútgerðarinnar. Kirkjusandur, sem var mjög stórt frystihús, hætti alfarið rekstri. Mörg smærri fyrirtæki setja nú svip á fiskvinnsluna.

Fjölbreytni — nútímaleg vinnubrögð

Öflugar loðnubræðslur hafa verið reknar í Reykjavík á Kletti og í Örfrireyri á áratugi og hefur sú starfsemi eftir sjávarútveg í Reykjavík meira en margt annað. Margs konar önnur vinnsla sjávarfangs er í Reykjavík. Má þar nefna niðursuðu, reykingu, lýsisframleiðslu, sérvinnslu og ýmiss konar önnur öflug fyrirtæki, sem eru á mörkum þess hvort beri að skilgreina sem sjávarútvegsfyrirtæki eða iðnað, enda skiptir það ekki höfuðmáli.

Það er einnig hlutverk fiskvinnslu í Reykjavík að sjá öllum borgarbúum fyrir fjölbreytilegum neyslufiski. Það fer verulegt fiskmagn í það og allir vita hve fjölbreytni í fiskframboði í verslunum hefur stóraukist á síðustu árum.

Fiskmarkaður, Faxamarkaðurinn, hefur verið rekinn í Reykjavík í tæp tvö ár og þar er selt mikið magn af fiski. Rekstur fiskmarkaðar hefur hleypt miklu lífi í smærri vinnslustöðvar og minni útgerð. Í huga höfunda er ekki vafamál að innan nokkurra ára verður allur fiskur á þessu svæði seldur á fiskmörkuðum.

Fiskmarkaðir eru tilraun, sem hófst á þessu fisksvæði, tilraun til nútímalegra vinnubragða í verslun með fisk. Fiskmarkaðir eru aðlögun að markaðskerfi og með þeim er horfið frá miðstýrðri verðlagningu ríkisvalds. Tafla 3 sýnir aflaverðmæti 1988 skipt eftir heimahöfn skipa.

	Aflaverðmæti í milljörðum kr.
Reykjavík	3,3
Vestmannaeyjar	2,8
Hafnarfjörður	1,8
Akureyri	1,7
Grindavík	1,4
Keflavík	1,2
Þorlákshöfn	1,1
Akranes	1,1
Samtals	14,4
Landið allt	30,7

Tafla 3: Aflaverðmæti 1988 skipt eftir heimahöfn skipa.

Heildaraflaverðmæti allra skipa Íslendinga var 30,7 milljarðar króna árið 1988. Reykvísk skip leggja á land 3,3 milljarða og eru í fyrsta sæti. Vestmannaeyingar koma næstir með 2,8 milljarða. Þetta eru verulega athyglisverðar tölur en þessir tveir staðir skara langt fram úr öðrum.

Það eru átta staðir á landinu sem skila yfir einum milljarði og allir staðirnir nema Vestmannaeyjar og Akureyri eru innan við klukkutímaakstur frá Reykjavík. Útflutningstekjur Íslendinga af sjávarafurðum árið 1988 voru 44 milljarðar og skiluðu reykvísk fyrirtæki um 4,5 milljörðum og Vestmannaeyingar um 4,0 milljörðum. Til samanburðar má nefna, að álverið í Straumsvík skilaði 6,6 milljörðum í gjaldeyri og járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði um 2,4 milljörðum.

Að snúa vörn í sókn

Þessar tölur sýna vel hve mikilvæg reykvísk útgerð og fiskvinnsla er ekki aðeins borgarbúum heldur landsmönnum öllum. Það er komið að því að snúa vörn í sókn fyrir hagsmuni þessa svæðis. Allir þekkja þann áróður sem hafður er gegn Reykjavík og þéttbýlinu, ekki síst á sviði atvinnumála.

Fyrir örfáum árum sagði sjávarútvegsráðherra að minnka ætti hlut þéttbýlis í sjávarútvegi og auka hann að sama skapi í dreifbýli. Röksemdin fyrir þessari skoðun, og þetta sjónarmið á mjög víða fylgi í öllum stjórn mála-flokkum, er að í Reykjavík séu aðrir möguleikar á atvinnustarfsemi sem landsbyggðin hefur ekki. Enginn sem heldur fram þessari skoðun hefur gert sér grein fyrir þeim styrkleika sjávarútvegs á þessu svæði sem hér hefur verið sýnt fram á.

Auðlindir Íslands

Lífskjör þjóðar ráðast af skynsamlegri nýtingu auðlinda hennar. Auðlindir þjóðar eru fyrst og fremst þau verðmæti, sem hún á umfram aðrar þjóðir. Í mínum huga eru auðlindir Íslands ferns konar, þ.e. fiskurinn í sjónum, menntun landsmanna, fallvötnin og sérstæð náttúra. Þetta er það fernt sem við höfum fram yfir aðrar þjóðir, sumt í nokkrum mæli, annað verulega.

Af þessum auðlindum er fiskurinn sú mikilvægasta, þótt allar auðlindir styðji hver aðra. Fiskurinn er mikilvægastur því að ekki væri búið á Íslandi ef hann hyrfi.

Ef stjórnvöld, sama hver og sama í hvaða landi, reyna að nota aðalauðlindina til að leysa staðbundin vandamál, reyna að þvinga fram óeðlilega uppbyggingu við nýtingu hennar, kreppa að fyrirtækjum og byggðarlögum leiðir það einungis til þess að auðlindin verður illa nýtt sem þýðir lakari lífskjör.

Reykvísk útgerð og fiskvinnsla skilar sínu til þjóðarbúsins. Hún og allar þær þúsundir einstaklinga sem í Reykjavík vinna beint eða óbeint við sjávarútveg eiga aldrei að líða að gripid sé með óeðlilegri íhlutun inn í starf og starfsskilyrði þeirra. Í töflu 4 er sýnd skipting landaðs afla íslenskra fiskiskipa eftir helstu landssvæðum 1988 og landanir erlendis.

	Afli í þúsundum tonna	%
Suðvesturland	214	31
Vesturland og Vestfirðir	149	21
Norðurland	152	22
Austfirðir	79	11
Vestmannaeyjar	58	8
Landað erlendis	47	7
Samtals	699	100

Tafla 4: Landaður afli án loðnu og síldar 1988.

Stokkseyri og vestur fyrir, Reykjanesið, Reykjavík og Akranes er tekið með undir skilgreininguna Suðvesturland. Síðan kemur Snæfellsnes og allur Vestfjarðakjálkinn sem eitt svæði, Norðurland og Austurland.

Vestmannaeyjar eru sér svæði, enda eru þær landfræðilega erfiðar í flokkun. Erendis er afli seldur beint úr fiskiskipum á erlendum mörkuðum. Þetta er nokkurn veginn gamla fjórðungaskiptingin.

Suðvesturland er með yfirgnæfandi afla landsmanna eða 31%. Vesturland og Norðurland eru svipuð með 21 til 22% hlutdeild og aðrir minna. Þetta undirstrikar enn og aftur mikilvægi þessa svæðis í gjaldeyrisöflun landsmanna.

Sjávarútvegur — framtíð Íslands

Höfundur er bjartsýnn á framtíð sjávarútvegs hér og annars staðar á landinu. Sé litið fimmtán til tuttugu ár fram í tímann verður fiskur sífellt verðmætari vara í heimsviðskiptum, samgöngur innanlands betri, tækniútflutningur okkar tengdur sjávarútvegi eykst og greiðari viðskipti verða milli landa.

Auðvitað byggist þetta allt á því, að við, sem lítil þjóð í stórum heimi, berum gæfu til að standa vel saman við úrlausn okkar vandamála. Það eru nógu margir í heiminum sem vilja taka við hlutverki Íslendinga sem forustþjóð í fiskimálum, lífskjörum og velferð. Ef við gætum ekki sjálf okkar eigin hagsmuna gerir það enginn fyrir okkur.

Gengisstefna og hagur sjávarútvegs¹

Mikil umræða hefur átt sér stað um gengismál og gengisstefnu síðustu mánuði. Það eru einkum tvær ástæður fyrir þessum áhuga á fyrirkomulagi skráningar íslensku krónunnar.

Annars vegar er það vegna aðlögunar að stjórnháttum í nágrennalöndunum en með vaxandi frelsi í fjármagns- og gjaldeyrisviðskiptum hérlendis frá ársbyrjun 1993 þurfa öll svið efnahagslífsins að vera vel skipulögð.

Hins vegar hefur áhugi á fyrirkomulagi gengisskráningar sprottið upp innan sjávarútvegsins í kjölfar niðurskurðar á fiskveiðiheimildum. Sá samdráttur sem veldur tekjuminnkun í greininni hefur vakið spurningar um hvort núverandi fastgengisstefna sé endilega sú eina rétta við slíkar aðstæður. Höfundur mun nú leitast við að skýra og svara nokkrum álitamálum sem vakna í slíkri umræðu.

Möguleikar gengisfyrirkomulags

Fyrirkomulag gengisskráningar er með ýmsum hætti. Í höfuðatriðum er um eftirfarandi þrjá möguleika að ræða:

- Gengið getur verið algerlega fast gagnvart ákveðnum gjaldmiðli eða körfu gjaldmiðla. Einnig getur verið um fast gengi að ræða sem tekur breytingum eftir framboði og eftirspurn innan vissra þröngra marka, svokallaðra vikmarka.
- Í öðru lagi getur gengið breyst eftir ákvörðun stjórnvalda við breytingar á efnahagslegu umhverfi. Slíkar breytingar á gengi geta gerst með fyrirfram skipulögðum hætti.
- Í þriðja lagi getur gengið flotið, þ.e. verð krónunnar ræðst á gjaldeyrismarkaði, sem hægt er að útfæra á ýmsan hátt, til dæmis að gengið fljóti innan ákveðinna marka, eða þá að sérstakur uppboðsmarkaður sé á gjaldeyri til að ákvarða verð krónunnar.

¹ Fréttabréf Samtaka fiskvinnslustöðva, 3. tbl. 1992. Byggt á erindi á aðalfundi Samtaka fiskvinnslustöðva 18. september 1992.

Allir þessir möguleikar, sem hér er stillt upp á mjög einfaldan hátt, geta verið háðir alþjóðlegum samþykktum eða byggst á einhliða vali einstakra þjóða.

Áhrifaþættir gengisstefnu

Gengismál eru eitt flóknasta viðfangsefni innan hagfræðinnar og fjölmargir þættir hafa áhrif á val gengisstefnu. Við getum nefnt þætti eins og mikilvægi utanríkisviðskipta, sveiflur í hagkerfinu, efnahagsleg tengsl við aðrar þjóðir, frjálsræði viðskipta, markmið í efnahagsmálum og sögulega þróun gjaldeyrismála.

Við ættum að veita þessum síðasta lið nokkra athygli. Fram að fastgengisstefnunni, sem hófst skipulega haustið 1989, höfðum við fylgt þeirri gengisstefnu að stjórnvöld ákváðu gengi og felldu það síðan þegar of mikill þrýstingur var kominn á það. Það var ýmist fellt í stökkum eða með hröðu gengissigi.

Atburðarásin var nær alltaf hin sama. Það urðu kostnaðarhækkanir innanlands í kjölfar kjarasamninga. Sjávarútvegurinn stundi þungan yfir bágrí afkomu og til að jafna þessar kostnaðarhækkanir var gengið fellt, en við slíka aðgerð lækka raunlaun í landinu. Gengisfellingin olli verðhækkun á innfluttum varningi, lífskjör versnuðu og oft var reynt að ná töpuðum kaupmætti til baka í næstu samningum, þannig að sama sagan endurtók sig aftur og aftur.

Þessa lýsingu þekkja flestir. Erlend skuldasöfnun, verðbólga og illa skipulagðir atvinnuvegir voru afleiðingin af þessu jafnvægisleysi. Árangursleysi gengisfellinganna var vegna þess að ekki var fylgt eftir með aðhaldi til mót-vægis.

Það hafa skipst á margar gengisstefnur í nágrennalöndum okkar. Á tímabili flutu gjaldmiðlar hver gagnvart öðrum. Alþjóðleg samvinna myndaðist um gengisstefnu hjá iðnríkjunum, einkum fyrir forgöngu landanna í Vestur-Evrópu.

Sveiflur í hagkerfi, til dæmis í kjölfar olúkreppunnar, voru geysimiklar og settu svip sinn á efnahagslíf heimsins. Vestrænt hagkerfi, sem var í samkeppni á stjórn málaglegum vettvangi við hagkerfi kommúnistalandanna, hefur verið í örri þróun frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar. Ef reyna á að lýsa höfuðatriði þeirrar þróunar er það líklega best gert með áherslu á vaxandi frjálsræði í viðskiptum.

Gengisstefnan í Evrópu

Markmið flestra þjóðlanda er að bæta lífskjör þegnanna, meðal annars með auknum hagvexti. Gengisstefnan hefur það oftast að markmiði að jafnvægi ríki innanlands. Flestar nágrannaþjóðirnar hafa komist að þeirri niðurstöðu að til að tryggja hagvöxt og batnandi lífskjör sé vænlegasta leiðin að halda stöðugu verðlagi og gengi. Þetta er sú stefna sem hefur verið fylgt í nágrannalöndum okkar undanfarin ár og við höfum framkvæmt í höfuðatriðum síðastliðin þrjú ár.

Fyrirkomulagi gengisskráningarinnar á flestum myntum í Evrópu er hagað þannig að í evrópska mynt- og gengissamstarfinu er gengi gjaldmiðlanna í föstum tengslum innbyrðis þar sem leyfilegt er að gengið sveiflist innan vikmarka sem nema 2,25% frá ákveðnu gildi. Tvö lönd innan evrópska mynt- og gengissamstarfsins, Spánn og Bretland, höfðu heimild fyrir 6% vikmörkum, en þau lönd þurfa núna að horfast í augu við gengislækkun.

Til að skýra vikmörk getum við tekið sem dæmi ef dollar væri settur á 55 kr., þá gæti gengið verið á bilinu 53,76 kr. til 56,24 kr. án þess að fastgenginu væri raskað. Þetta fyrirkomulag er kallað markaskráning gengis.

Í öllum þessum löndum er starfræktur gjaldeyrismarkaður þar sem gjaldeyrir gengur kaupum og sölum innan þessara vikmarka. Ef útlit er fyrir að verðgildi gjaldmiðilsins fari út fyrir vikmörkin grípa seðlabankar landanna inn í. Með kaupum og sölu á gjaldeyri hlutast þeir til um að gengið fari ekki út fyrir þessi vikmörk. Það getur þó brugðist.

Þetta gengissamstarf getur verið fastmælum bundið í samningum eins og er innan nær allra landa Evrópusambandsins. Einnig geta þjóðir gefið út yfirlýsingu um að þær ætli að tengjast þessu samstarfi. Þær tengja þá myntir sína við evrópsku mynteininguna EEU, sem er mynduð úr Evrópumyntunum, og haga sinni efnahagsstefnu þannig að gengið fari ekki út fyrir þessi mörk. Þannig hafa Noregur og Svíþjóð og fleiri EFTA-lönd gefið út einhliða yfirlýsingar um fastgengisstefnu sína.

Einnig er beitt öðrum aðferðum. Peningamarkaður er notaður til að hafa áhrif á gengi, þ.e. með því að knýja vexti upp eða niður. Vaxtahækkun í einu landi styrkir að öðru jöfnu gengið með því að draga úr útstreymi fjármagns. Vaxtahækkun hefur hins vegar mikil áhrif annars staðar í hagkerfinu og dregur úr fjárfestingum fyrirtækja og getur þannig haft áhrif á atvinnustig. Þannig eru þessi mál síður en svo einföld í framkvæmd.

Gengisstefna og viðskiptajöfnuður

Oft er því haldið fram að gengið verði að vera þannig skráð að jafnvægi sé í viðskiptum við útlönd. Vissulega er það veigamikilið svið en alls ekki það eina sem skiptir máli.

Það að miða gengisskráningu við jafnvægi í viðskiptum við útlönd er meira í ætt við fljótandi gengi. Ef draga á úr verðbólgu og viðskiptahalla er fljótandi gengi ekki besta leiðin. Við slíkar aðstæður er aðhald í peningamálum og ríkisfjármálum betri kostur.

Skuldasöfnun erlendis er afleiðing af langvarandi viðskiptahalla eins og við Íslendingar þekkjum vel, en hún þarf ekki að vera slæm í sjálfu sér, ef hinu erlenda fjármagni er varið til fjárfestinga í atvinnugreinum sem eiga að standa undir hagvexti framtíðarinnar. Því miður höfum við ekki borið gæfu til að umgangast erlent lánsfé með slíkum hætti, heldur höfum við líka safnað miklum skuldum sem hafa farið til rangra fjárfestinga.

Gengisstefna stjórnvalda

Gengisstefna verður að byggjast á trúverðugleika og ófrávíkjanlegri stefnu stjórnvalda. Þau verða að standa við það sem sagt er. Íslensk stjórnvöld gáfu í september árið 1991 út yfirlýsingu um gengismál þar sem fram kemur að fastgengisstefnu verði fylgt áfram, að stefnt sé að tengingu við evrópsku mynteininguna EEU og að stofnaður verði gjaldeyrismarkaður hérlendis.

Þetta er veigamikil yfirlýsing og þegar hefur verið unnið verulega í þessum málum. Gengisvoginni var breytt þannig að EEU vegur nú 76%, dollar 18% og japanskt yen 6% og endurspeglar þessi samsetning að mestu leyti útflutning okkar. Gjalddeyrismarkaður er í undirbúningi af hálfu Seðlabankans.

Fastgengi, kjarasamningar og raungengi

Samhliða fastgengisstefnunni verða að fylgja ákvarðanir á öðrum sviðum efnahagslífsins. Mikilvægast í þessu sambandi eru kjarasamningar. Kjarasamningarnir í ársbyrjun 1990, þjóðarsáttarsamningarnir, marka tímamót í íslenskri hagsögu. Þar var horfið frá verðbólgu-samningum og byggt á stöðugu gengi. Samningarnir frá síðasta vori eru framhald þeirrar stefnu-mörkunar.

Fyrir nokkrum árum var gengið sett fast en þess var ekki gætt að fylgja þeirri stefnu eftir, hvorki í kjarasamningum né ríkisfjármálum. Afleiðingarnar voru hörmulegar fyrir sjávarútveginn þar sem allur kostnaður rauk upp en tekjur stóðu í stað. Auðvitað lét síðan gengið undan en eigið fé

sjávarútvegsfyrirtækja rýrnaði stórkostlega. Slíkt má ekki endurtaka sig. Síðustu þrjú ár hefur tekist að halda utan um þessa þætti að verulegu leyti.

Ríkisfjármálin eru reyndar veikleiki hagstjórnarinnar eina ferðina enn. Halli á ríkissjóði örvar eftirspurn eftir lánsfé sem knýr upp vexti. Ríkisvaldið verður að ná jafnvægi í sinni lánsfjáreftirspurn, hvort sem er í fjárlögum eða á öðrum veigamiklum sviðum eins og í húsnæðislánakerfinu. Ríkið hefur tvo kosti, þ.e. að skera niður útgjöld eða hækka skatta, og líklega væri best að gera hvort tveggja.

Raungengi íslensku krónunnar hefur lækkað nokkuð undanfarið og fer enn lakkandi. Raungengi lýsir hlutfalli vísitalna, t.d. launa hérlendis og erlendis, mælt í sömu mynt. Lakkandi raungengi þýðir að samkeppnisstaða útflutningsgreinanna batnar, t.d. hvað varðar laun í samanburði við útlönd. Raungengi er nú svipað og það hefur verið undanfarin ár en það hefur oft verið hærra en nú er.

Efnahagsaðgerðir og úthald

Þegar verðbólga er lægri hérlendis en í viðskiptalöndum okkar þýðir það lakkandi raungengi sem kemur fram í bættri samkeppnisstöðu útflutningsatvinnuveganna. Þetta er einmitt eitt af markmiðunum með efnahagsstefnunni. Samkeppnisskilyrði útflutningsatvinnuveganna eru bætt með vaxandi styrkleika gagnvart umheiminum en ekki með sífelldum gengislækkunum, sem bæta að vísu stöðuna til skamms tíma, en ábatinn er etinn upp í verðbólgu og jafnvægisleysi á nokkrum mánuðum.

Það er einkenni á okkur Íslendingum að kikna undan því þegar efnahagsráðstafanir fara að bíta. Fastgengisstefna, ásamt harkalegum aðgerðum í ríkisfjármálum, á peningamarkaði og á vinnumarkaði, er enginn dans á rósum og það tekur langan tíma að skila árangri.

Skynsamleg efnahagsstefna felur í sér ákveðni af hálfu stjórnvalda og síðan verða aðrir aðilar, sama hverjir það eru, að laga sig að slíkri stefnu. Ólafur Jóhannesson, fyrrum forsætisráðherra, sagði eitt sinn að óráðlegt væri að hafa hestaskipti í miðri á. Það er rétt, en það er jafn vitlaust að snúa til sama lands þegar meira en helmingur leiðarinnar er farinn og vatnið framundan er ekki ógreiðfærara en það sem að baki er.

Efnahagsstefnan verður sífellt alþjóðlegri. Svigrúm einstakra landa verður stöðugt minna. Þannig leiðir frelsi í fjármagnshreyfingum til þess að vextir hérlendis taka mið af vöxtum í helstu viðskiptalöndum okkar.

Raunvaxtastefna hefur verið hér við lýði meira og minna frá 1979 eða í rúman áratug. Við erum samt enn að laga okkur að þeirri hugsun. Það tekur

langan tíma að vinna með nýju kerfi, alveg eins og það mun taka langan tíma að venjast stöðugu verðlagi og læra að lifa við það.

Peningastjórnunin mun taka mið af þessum breyttu aðstæðum. Þannig liggur nú fyrir frumvarp til nýrra seðlabankalaga sem gerbreytir möguleikum Seðlabankans til að stuðla að stöðugu verðlagi og varðveita verðgildi íslenska gjaldmiðilsins. Þar er meðal annars gert ráð fyrir að banna yfirdrátt ríkisins í Seðlabankanum, þannig að ríkisvaldið fær lítið svigrúm til að hvika frá jafnvægisstefnu í fjármálum sínum. Einnig er gert ráð fyrir að gjaldeyrismarkaður verði settur á stofn.

Gjaldeyrismarkaður

Hvað þýðir gjaldeyrismarkaður? Stundum er talað um markaðsskráningu á gengi og raddir innan sjávarútvegsins knýja mjög á slíkt fyrirkomulag, reyndar án þess að útfæra það nokkuð. Óskir um markaðsskráningu gengis sem lausn á núverandi rekstrarvanda sjávarútvegsins, án nokkurrar frekari útfærslu, eru í reynd ekkert annað en beiðni um gengislækkun í hefðbundnum stíl. Þetta er varhugaverð framsetning og spillir möguleikum sjávarútvegsins til að hafa áhrif á mótun nýrrar og endurbættrar gengisstefnu.

Hægt er að haga markaðsskráningu gengis á ýmsan hátt. Til dæmis er hægt að láta framboð og eftirspurn á markaði, þar sem bankastofnanir eru helstu þátttakendur, ráða alfarið verðgildi gjaldmiðilsins.

Uppboðsmarkaður á gengi

Einnig er til það fyrirkomulag að erlendum gjaldeyrir sé boðinn upp með skipulögðum hætti, til dæmis einu sinni eða tvisvar í viku, og þekkest slíkt fyrirkomulag einkum í þróunarlöndunum. Höfuðeinkenni þess er að gengið tekur öllum þeim breytingum sem framboð og eftirspurn valda á hverjum tíma.

Slíkt fyrirkomulag er einnig haft þegar stjórnvöld vilja sjálf ráðstafa hluta gjaldeyrisins til sérstakra verkefna á öðru gengi en markaðsgengi, en það er ekki óalgengt í þróunarlöndunum. Uppboðsmarkaður á gengi þýðir meiri sveiflur en æskilegar eru í hagkerfi okkar.

Gengi gjaldmiðla er hins vegar ekki eins og verð annarra vara. Gengi gjaldmiðla skiptir verulegu máli í eignamyndun og sveiflur í eignamati fara mjög eftir mati á framtíðarhorfum og eru mjög háðar óvissu. Óstöðugleiki og miklar sveiflur geta ríkt á slíkum markaði sem veldur erfðleikum við að ná öðrum efnahagslegum markmiðum.

Markaskráning gengis

Óumbreytanlegt gengi af hálfu stjórnvalda hefur þann mikla ókost að markaðurinn hefur ekki tækifæri til að veita nauðsynlegar upplýsingar við þá verðmyndun. Forsenda þess að láta markaðsöflin leika meira um gengisskráninguna er að stofna gjaldeyrismarkað þar sem helstu þátttakendur yrðu bankar fyrst um sinn. Þetta þýðir ekki fráhrarf frá fastgengisstefnunni heldur er þetta eðlileg endurbót hennar. Gengið myndi þá sveiflast innan þröngra vikmarka eins og áður hefur verið lýst. Flestar nágrannaþjóðirnar búa við slíkt fyrirkomulag, þ.e. markaskráningu gengis.

Starfræksla gjaldeyrismarkaðar verður hafin í ársbyrjun 1993. Vikmörkin verða væntanlega 2 til 2,5%. Það mun taka nokkurn tíma að þróa þennan markað. Það ber að leggja áherslu á að hér er ekki um einhvers konar björgunaraðgerð fyrir sjávarútveginn að ræða enda mun gengið breytast mjög lítið miðað við núverandi efnahagsstefnu.

Fastgengisstefnan tryggir vissan aga í stjórn efnahagsmála. Við erum að fíkra okkur inn á veginn aftur eftir að hafa ekið utan vegar í nokkuð mörg ár. Gjaldstyrismarkaður og markaskráning gengis er nokkurs konar millistig milli núverandi fastgengisstefnu og þess að láta gengið fljóta. Kostir þess að láta markaðsöflin hafa áhrif á gengið eru ótvíræðir samhliða því að miklar sveiflur eru takmarkaðar. Agi þess að búa við fast gengi er tryggður til eftirbreytni við aðrar ákvarðanir í efnahagslífinu.

Trúverðugleiki fastgengisstefnunnar er betur tryggður með slíku markaðstengdu fyrirkomulagi. Þetta krefst virks peningamarkaðar þar sem vextir eru eitt helsta tækið til að hafa áhrif á framboð og eftirspurn gjaldeyris og gengi krónunnar.

Umrót á gjaldeyrismörkuðum í Finnlandi og Svíþjóð gefur ekki tilefni til að breyta um gengisstefnu okkar. Viðbrögð Svía voru að hækka vexti verulega til að verja gengi sænsku krónunnar og koma í veg fyrir fjárflootta frá Svíþjóð. Sömu ráðum yrði beitt hér ef aðstæður krefðust þess.

Hreyfingar á pundinu og fleiri gjaldmiðlum vegna óvissunnar um atkvæðagreiðsluna um Maastricht-samkomulagið í Frakklandi eru alvarlegri fréttir. Það kemst auðvitað jafnvægi aftur á gjaldeyrismarkaðina en gengi einstakra gjaldmiðla verður lægra skráð en áður. Efnahagslífið er einfaldlega veikara í Bretlandi en í Þýskalandi. Áhrifin hjá okkur eru nokkur. Enska pundid er um 12,5% af evrópsku mynteiningunni EEU og við miðum okkar gengi að 76 hundraðshlutum við hana þannig að gengislækkun pundsins veikir líka krónuna. Utanríkisverslun okkar er um 16% í pundum og útflutningshluti utanríkisverslunarinnar í pundum er

mun meiri. Þannig hefur þessi þróun neikvæð áhrif á tekjur í sjávarútvegi. Styrking annarra gjaldmiðla vegur þar nokkuð á móti. Þrátt fyrir þessar hræringar er ekki ástæða til að breyta gengisstefnu okkar.

Það er sennilegast að áframhald verði á gengissamstarfi Evrópuþjóðanna að loknum þessum umbrotum, sem eru fyrst og fremst vegna spákaupmanna. Hræringar síðustu daga munu þó leiða til breyttra verðhlutfalla einstakra mynta. Þetta mun gerast hvort sem Maastricht-samkomulagið verður fellt í atkvæðagreiðslunni í Frakklandi eða ekki. Verði Maastricht-samkomulagið samþykkt verður haldið áfram að þróa eina mynt fyrir alla Evrópu, þótt hægja muni á því ferli. Verði Maastricht-samkomulagið fellt eða á annan hátt lagt til hliðar mun það líklega leiða til falls stjórnar Mitterrands forseta Frakklands, en einnig stuðla að falli þýsku stjórnarinnar innan ekki langs tíma. Gengissamvinna með einum gjaldmiðli væri þrátt fyrir allt ekki úr sögunni, en myndi frestast um nokkur ár.

Áhrif markaskráningar gengis

Hver verða áhrif markaskráningar gengis á sjávarútveg? Skoðun höfundar er að núverandi fastgengisstefna hafi jákvæð áhrif í hagkerfinu og er sjávarútvegurinn ekki undanskilinn. Stöðugleiki er til hagsbóta í fyrirtækjarekstri og bætt samkeppnisstaða í kjölfar lágrar verðbólgu er ótvíræð.

Það er athyglisvert að viðbrögð okkar útflutningsaðila við lækkun dollans undanfarin ár hafa verið mjög markviss og árangursrík. Þannig voru sölutekjur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, sem er stærsti útflytjandi landsins, að 62% í dollurum 1988 en um 32% árið 1992.

Aðstæður hafa hins vegar breyst á þessu ári, árinu 1992. Þar er fyrst að nefna nokkra verðlækkun á sjávarafurðum og til að bæta gráu ofan á svart hafa fiskveiðiheimildir verið skornar niður. Þetta er þó ekki tilefni til að breyta efnahagsstefnunni.

Fastgengisstefnan er þó ekki trúaratriði. Það getur verið árangursríkt að breyta gengi ef aðstæður eru réttar. Hins vegar er fastgengisstefna skynsamlegust við þau efnahagsskilyrði sem við búum nú við. Það verður betur komist í gegnum þessa erfiðleika í kyrru umhverfi en með því að hverfa aftur til gengisfellinga og verðbólgutímans.

Einnig er mikilvægt að hafa í huga að síðustu kjarasamningar voru tryggðir með lofordi um óbreytta gengisstefnu. Það væri óðs manns æði að rjúfa friðinn í þessu landi með kröfum um gengislækkun. Næsta vor þarf að gera sambærilega kjarasamninga og síðast. Undan því verkefni verður ekki vikist.

Afkoma sjávarútvegsfyrirtækja

Afkoma sjávarútvegsfyrirtækja er eðlilega mikið til umræðu. Samkvæmt tölum Þjóðhagsstofnunar var afkoman árið 1991 þannig að sjávarútvegurinn í heild var rekinn með 0,9% hagnaði, þar af veiðarnar með 2,3% hagnaði. Frystitogarar skera sig úr með 11,2% hagnað en fiskvinnslan var með 1,2% tap. Hér er um hefðbundið uppgjör Þjóðhagsstofnunar að ræða en tölur Samtaka fiskvinnslustöðva sýna 1,7% tap á vinnslu árið 1991.

Fyrir þetta ár, árið 1992, telur Þjóðhagsstofnun að tap sé 1,4% í sjávarútvegi í heild, þar af er vinnslan með 0,4% hagnað, en um þessar mundir telja Samtök fiskvinnslustöðva tapið vera 2,5% á ári. Fyrir árið 1993 gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir 7% tapi á vinnslunni, en Samtök fiskvinnslustöðva reikna með 9,8% tapi árið 1993. Mismunurinn á þessum útreikningum liggur í mati á vöxtum.

Þannig var árið 1991 sæmilegt, árið í ár, 1992, nokkru verra, en vægast sagt hörmulegt útlit á næsta ári. Á að fella gengið við þessar aðstæður? Höfundur svarar því neitandi og vill rökstyðja það nokkuð.

Afkoma í sjávarútvegi er ekki öll sem sýnist. Þetta er fjölbreytt atvinnugrein með hundruð fyrirtækja í útgerð og vinnslu. Sum fyrirtæki tapa, önnur hagnast og dreifing afkomunnar er mjög mikil. Meðaltalsútreikningar gefa einungis vísbendingu um breytingu milli ára í heildardæminu. Árið 1991 og framan af ári 1992 var fiskvinnslunni ekki óhagstætt. Áhyggjuefnið er næsta ár, árið 1993, en þá er gert ráð fyrir 7–10% tapi en það sem er nýtt er að hefðbundin útgerð muni tapa tæplega 10% þótt frystitogarar bæti þá stöðu nokkuð.

En afkoman er misjöfn. Miðað við úrtak um afkomudreifingu fyrir árið 1990 er afkomudreifingin svipuð árin á undan. Tapið á vinnslunni á næsta ári er áætlað 2,2, til 3 milljarðar. Niðurstaða höfundar er að um 40% fyrirtækjanna, sem eru með um 35% framleiðslunnar, eru með 75% eða 3/4 hluta tapsins. 60% fyrirtækjanna, sem eru með 65% framleiðslunnar, eru með um 25% af tapinu. Mikill minnihluti fyrirtækjanna er því með yfirgnæfandi hluta tapsins.

Ástæður mismunandi afkomu

Þetta eru athyglisverðar tölur sem sýna okkur að meðaltalsútreikningar geta verið varasamir, sé ekki litið til dreifingar innan greinarinnar. Ástæður mismunandi afkomu eru fjölmargar, m.a. gamall skuldahali, erfiðar byggðaðstæður, kvótasamdráttur umfram aðra, léleg stjórnun og ýmislegt fleira.

Aðgerðir sem miða að því að bæta meðalafkomuna geta ekki bjargað

öllum og er langur vegur frá því. Þótt enginn kvótasamdráttur hefði orðið er ljóst að rekstur fjölmargra fyrirtækja í sjávarútvegi hefði stöðvast.

Ef gengisbreyting yrði, sem hækkar tekjur um 15%, og gefum okkur að greinin gæti haldið þessari tekjuaukningu, sem er vitanlega óraunhæft, myndu samt sem áður 15% fiskvinnslufyrirtækja með 10% framleiðslunnar bulltapa.

Mismunandi eiginfjárstaða

Hagnaður fyrir vexti og afskriftir eða verg hlutdeild fjármagns, eins og það heitir á máli hagfræðinnar, segir okkur hvernig fyrirtæki er rekið. Úrtaksgreining Þjóðhagsstofnunar fyrir á þessu ári sem skipti fyrirtækjum í tvo flokka sýnir að í fyrri flokknum árið 1990 var verg hlutdeild fjármagns 18% en einungis 8% hjá þeim lakari. Meðaltalið var um 14%.

Eiginfjárhlutfall var árið 1990 að meðaltali um 15% en þar skipti einnig í tvö horn. Hjá betri flokknum var það um 27% en 0% hjá hinum. Þannig fer saman slæm eignastaða og slakur rekstur. Í 3.000 metra hindrunarhlaupi spyr enginn um meðaltíma allra keppanda. Við verðum að búa við þau skilyrði sem nú ríkja. Einhverjir bjarga sér með lánalengingum, nauðasamningum, sameiningu, sölu eigna, þ.m.t. sölu skipa og kvóta í einhverjum mæli, eða með því að bæta rekstur. Aðrir þrauka án opinberra ráðstafana og enn aðrir hætta starfsemi.

Björt framtíð

Í áratug gerðum við í Samtökum fiskvinnslustöðva þá kröfu til stjórnvalda að þau tækju á efnahagsmálum og útrýmdu verðbólgunni, erkióvini Íslendinga. Nú höfum við fengið það sem við báðum um, reyndar mikið fyrir okkar eigin tilverknað. Þá er að lifa við það. Það sagði enginn að þetta yrði einfalt.

Mat höfundar er að sjávarútvegurinn komist í gegnum þetta heill á húfi. Sjávarútvegurinn framleiðir mikil verðmæti sem seljast vel. Ástæða er til að hafa áhyggjur af öðrum atvinnurekstri í landinu sem byggðist upp á blekkingu verðbólgu tímans, þar sem tjaldið er nú fallið.

Í fyrsta skipti í tuttugu ár er hægt að gera almennilegar rekstraráætlanir. Þeir sem ekki gera slíkt ættu ekki að stunda rekstur fyrirtækja. Spurningin er ekki hvers sjávarútvegurinn getur vænst af ríkinu heldur hvað við getum gert sjálf til að uppskera góða afkomu. Endurbætt fastgengisstefna með markaskráningu gengis er góður grunnur að starfa á. Samvinna og sameining sveitarfélaga er lykill að hagkvæmni, ásamt því að færa saman veiðiheimildir

á færri skip. Þetta er hægt fyrir eigin tilverknað. Það er margt jákvætt framanundan eins og eftirfarandi fjögur atriði:

- Ný sóknartækifæri opnast með EES-samningnum.
- Stöðugleikinn bætir samkeppnisstöðuna.
- Fiskistofnarnir byggjast upp þótt hægt gangi.
- Margvísleg tækifæri eru erlendis, í veiðum, vinnslu og sölu afurða.

Íslenskur sjávarútvegur, sem hefur mótað góð lífskjör þjóðarinnar alla þessa öld, getur litið vongóður fram á við.

Aðferðafræði flutningavandamálsins við hagkvæmustu ráðstöfun aflakvóta¹

Markmið og aðferð

Markmið rannsóknarinnar er að kanna með hvaða hætti aflakvótum er ráðstafað innan sjávarútvegsfyrirtækja á hagkvæman hátt. Beiting þekktra aðferða innan rekstrarhagfræðinnar við þess háttar sérhæfð vandamál er lítt kannað svið. Mikilvægi hentugra aðferða við slíka úthlutun er ótvírætt við rekstur fyrirtækjanna. Hér verður sýnt hvernig sérstök aðferðafræði innan línulegrar bestunar, svokallað flutningavandamál, er nýtt við áætlunargerðina.

Inngangur

Sjávarútvegsfyrirtæki hafa um margt sérstöðu í fyrirtækjarekstri sem kemur m.a. fram í eftirfarandi þáttum:

- Í fyrsta lagi vinna þau að miklu leyti með lífrænt hráefni sem er hætt við skemmdum innan tiltölulega stutts tíma frá veiðum.
- Í öðru lagi eru helstu fiskimið hreyfanleg, þ.e. hráefnisöflunin er dreifð á mjög stórt svæði og ræðst m.a. af hegðun fisksins auk ýmissa náttúrulegra aðstæðna.
- Í þriðja lagi er sjávarútvegur að verulegu leyti fölginn í því að veida villt dýr til matar, en það er nær einsdæmi í heiminum að slíkt sé gert í stórum stíl.

Þessi sérstaða sjávarútvegsfyrirtækja gerir það að verkum að áætlanagerð er öll hin erfðasta innan fyrirtækjanna vegna óvissu og sveiflna í áhrifaþáttum.

Fiskveiðistjórnunarkerfi Íslendinga byggist á því að skipum er úthlutað hlutdeild í leyfilegum hámarksaffla ár hvert. Þegar leyfilegur hámarksaffli liggur fyrir í hverri kvótabundinni tegund þá er hverri útgerð ljóst hve mikinn kvóta hún hefur til ráðstöfunar á næsta fiskveiðiári, en fiskveiðiárið er frá 1. september til 31. ágúst ár hvert. Flestar helstu tegundir fiskstofna

¹ Kynnt á ráðstefnunni Rannsóknir í félagsvísindum II sem haldin var í Háskóla Íslands 23. og 24. september 1994.

eru kvótabundnar. Kvóti er framseljanlegur milli fyrirtækja eftir tilteknum reglum. Fiskveiðistjórnunarkerfið er eitt hið veigamesta í opinberri ákvarðanatöku sem tengist starfsvettvangi fyrirtækja.

Þegar fyrirtæki, sem hefur eitt eða fleiri skip til ráðstöfunar, hefur fengið úthlutað kvóta vakna strax t.d. eftirfarandi spurningar um ráðstöfun kvótans:

- Hvaða skip á að fá hvaða hluta kvótans?
- Á að leigja eða kaupa viðbótarkvóta?
- Á að leigja kvótann innan ársins eða selja hann varanlega?
- Á að veiða eigin úthlutaðan kvóta fyrir eigin fiskvinnslu?
- Á að kaupa fisk á fiskmarkaði fyrir fiskvinnsluna?
- Á að selja afla á fiskmörkuðum hérlandis eða erlendis?
- Í hvaða pakkningar eða vinnslurás á að setja aflann?
- Á að ráðstafa sem mestu af kvótanum til vinnslu um borð í frystiskipi ef fyrirtækið rekur slíkt skip?

Þetta eru nokkrar af þeim spurningum sem forsvarsmenn fyrirtækisins verða að svara strax í upphafi hvers kvótaárs. Í umfjölluninni hér á eftir er gert ráð fyrir því að markmið fyrirtækisins sé að hámarka hagnað sinn á áætlunartímabilinu sem er eitt ár.

Flutningavandamálið

Flutningavandamálið (e: The Transport Problem) er lýsing á tilteknu formi á línulegu vandamáli. Því er best lýst með að fyrirtæki sem rekur nokkrar verksmiðjur selur afurð sína á nokkrum mörkuðum. Söluverð og framleiðslukostnaður eru þekkt. Fyrirtækið vill flytja framleiðsluna þannig á markað að kostnaðurinn verði lágmarkaður, þ.e. áætla þarf hvaða magn er flutt frá hverri verksmiðju á einstaka markaði. Þetta vandamál er línulegt vandamál og aðferðum línulegrar bestunar er beitt til lausnar.

Til að sýna flutningavandamálið í einföldustu mynd eru eftirfarandi tákna nauðsynleg og er miðað við að framleitt magn og eftirspurn séu jöfn.

- cij : Kostnaður við að flytja eitt kg af framleiðslu frá verksmiðju i til markaðar j
- Ai : Framleiðslumagn verksmiðju i
- Bj : Eftirspurn á markaði j
- xij : Magn vöru í kg framleitt í verksmiðju i og flutt á markað j (breyta)

Hið línulega vandamál er eftirfarandi:

$$\text{Markmiðsfall: (1)} \quad \sum_{i=1}^I \sum_{j=1}^J c_{ij} \cdot x_{ij} \quad \text{sem lágmarka skal miðað við } x_{ij}$$

$$\text{Skilyrði: (2)} \quad \sum_{j=1}^J x_{ij} = A_i \quad \text{þar sem } i = 1, 2, \dots, I$$

$$(3) \quad \sum_{i=1}^I x_{ij} = B_j \quad \text{þar sem } j = 1, 2, \dots, J$$

$$(4) \quad x_{ij} \geq 0 \quad \text{fyrir öll } i, j$$

Hæððarleikur er að gera ráð fyrir að offramboð eða umframeftirspurn ríki á markaðinum. Einnig er auðvelt að gera ráð fyrir því að tiltekinn markaður fái ákveðið lágmarksmagn. Kostur flutningavandamálsins er fyrst og fremst sá að framangreind uppbygging áætlunarvandamálsins auðveldar notkun sérstakra lausnaraðferða og lausnin er alltaf heiltölulausn.

Ráðstöfun kvóta sem flutningavandamál

Hægt er að líta á úthlutaðan kvóta sem framboð af vöru skipt eftir fisktegundum. Andspænis þessu framboði er eftirspurn, t.d. að ráðstafa kvóta á frystitogara, sala erlendis og að setja afla í eigin fiskvinnslu. Til að geta stillt dæminu upp sem flutningavandamáli verður fyrirtækið að vita hvað það fær út úr hverju kg af úthlutaðum kvóta. Það er ekki flókið að reikna það út.

Fyrirtæki veit hvaða verð það fær sem meðalverð á hinum ýmsu mörkuðum fyrir tilteknar tegundir eða vinnslurás. Hér þarf að reikna út framlegð á hvert kg hráefnis eftir hinum ýmsu fisktegundum. Þetta er nú þegar gert í flestum fyrirtækjum í tengslum við framleiðslustýringu. Hægt er að reikna útgerðarkostnað á hvert kg eða gera ráð fyrir því að hann sé að mestu fastur á áætlunartíma að undanskildum launakostnaði sem er beint tengdur við aflaverðmæti, hvort sem landað er fersku eða unnið um borð. Fyrirtækið ráðstafar framboði af kvóta á sem hagkvæmasta hátt.

Dæmi um ráðstöfun kvóta

Fyrirtæki sem hámarkar hagnað sinn fær úthlutað kvóta fyrir næsta ár sem hér segir: 700 tonn af þorski, 500 tonn af karfa og 200 tonn af ýsu. Einnig er gert ráð fyrir að hægt sé að kaupa 600 tonn af ýsu á fiskmarkaði.

Fyrirtækið getur veitt þennan afla fyrir eigin vinnslu, leigt kvótann til annarra innan ársins eða úthlutað honum á frystitogara sinn. Hámarksafkastageta fiskvinnslunnar er 1.000 tonn en lágmarksmagn í vinnsluna er 400 tonn. Frystitogariinn getur veitt og unnið 3.000 tonn á ári. Ekki er hægt að vinna ýsu um borð í frystitogaranum. Engin takmörkun er á því magni sem hægt er að leigja frá sér innan ársins.

Tafla 1 sýnir upphafsstöðu áætlunargerðarinnar í flutningatöflu. Dálkarnir eru eftirspurn en raðirnar framboð. Hægra megin uppi í horni hvers reits er hagnaður við að úthluta einu kg af kvóta.

	Fiskvinnsla	Fiskvinnsla	Frystitogari	Leigður kvóti til annarra	Óráðstafað framboð	Framboð
Þorskur	-48	-48	-50	-40	-0	700
Karfi	-20	-48	-48	-18	-0	500
Ýsa	-46	-46	M	-10	-0	200
Ýsa keypt á markaði	-36	-36	M	M	-0	600
Óuppfyllt eftirspurn	M	-0	-0	-0	-0	3.100
Eftirspurn	400	600	700	1.400	2.000	5.100

Tafla 1: Upphafsstaða í skýringardæmi.

Í töflu 1 sést t.d. í 2. röð í 4. dálki að sé einu kg af þorski úthlutað til vinnslu um borð í frystitogara þá er framlegð þess 50 kr. M er mjög stór tala og notuð til að hindra að úthlutun geti átt sér stað í þann reit. Eftirspurn fiskvinnslu er skipt í tvo dálka, þ.e. lágmarksvinnslu 400 tonn og auk þess 600 tonn en hámarksvinnslugeta er 1.000 tonn. Framlegð er á hvert kg en framboð og eftirspurn í tonnum. Dálkur með óráðstöfuðu framboði og röð með óuppfylltri eftirspurn eru til að jafna framboð og eftirspurn í flutningatöflunni. Næsta tafla sýnir hagkvæmstu úthlutun.

Samkvæmt töflu 2 eru 200 tonn af þorski unnin í landi en 500 úti á sjó. 200 tonn af karfa eru unnin út á sjó en 300 tonna kvóti er leigður til annarra innan ársins. Unnin eru 200 tonn af eigin ýsukvóta í landi og 600 tonn af ýsu keypt á fiskmarkaði og unnin í eigin fiskvinnslu í landi. Þessi ráðstöfun skilar fyrirtækinu sjötíu og fimm milljónum og átta hundruð þúsund kr. og er hagkvæmasta lausnin.

Umræða

Framangreint dæmi er mjög einfaldað en það er hægðarleikur að fjölga

	Fisk- vinnsla	Fisk- vinnsla	Frysti- togari	Leigður kvóti til annarra	Óráð- stafað framboð	Fram- boð
Þorskur	-48	-48 200	-50 500	-40	-0	700
Karfi	-20	-48	-48 200	-18 300	-0	500
Ýsa	-46	-46 200	M	-10	-0	200
Ýsa keypt á markaði	-36 400	-36 200	M	M	-0	600
Óuppfyllt eftirspurn	M	-0	-0	-0 1.100	-0 2.000	3.100
Eftirspurn	400	600	700	1.400	2.000	5.100

Tafla 2: Hagkvæmasta lausn flutningavandamálsins.

tegundum og ráðstöfunarmöguleikum án þess að skerða hið einfalda form flutningavandamálsins. Auðvelt er að reikna hagkvæmustu lausn án hjálpar reikniforrita og uppsetning vandamálsins gefur góða mynd af rekstri sjávarútvegsfyrirtækja. Hægt er að gera áætlun fyrir meira en eitt ár og tengja birgðamál og ákvörðun um vinnslurásir inn í áætlanagerðina.

Samanburður dæmisins við áætlunina í jöfnum (1) til (4) er sú að i er hér tákn fyrir tegundir og j er tákn fyrir ráðstöfun. Hægt er að fá tegundir með almennri kvótaúthlutun eða kaupa afla (Ai). Ráðstöfun getur verið vinnsla eða t.d. leiga á kvóta (Bj). Táknid cij svarar til framlegðar á kg og til að viðhalda formi lágmarkunar er neikvæð framlegð lágmarkuð sem svarar til þess að framlegð sé hámarkuð.

Með tilstyrk þessa líkans er hægt að sjá með skuggaverðsgreiningu hvað fyrirtækið er reiðubúið að greiða t.d. fyrir leigukvóta eða fisk á fiskmörkuðum. Með næmisgreiningu er einnig hægt að sjá t.d. hvort og hve mikið sé hagkvæmt að auka afkastagetu í vinnsluhúsi.

Ef sleppt er hinu almenna formi flutningavandamálsins og vandamálið sett upp sem almennt, línulegt bestunarvandamál aukast kostir enn frekar. Þá er í almennu formi reyndar ekki ábyrgst heiltölulausn nema með beitingu ákveðinna lausnaraðferða. Þess má geta að höfundur hefur þróað línulegt bestunarlíkan sem m.a. tekur til fleiri tegunda, einstakra skipa, möguleika á kaupum á Rússafiski til vinnslu, viðskiptum með tonn á móti tonni svo nokkuð sé nefnt auk fiskmarkaðs- og almennra kvótaviðskipta. Það líkan hefur verið reynt með raunhæfum upplýsingum og gefið góða raun við greiningu á áætlunarvandmálum í sjávarútvegsfyrirtækjum.

Íslenskur sjávarútvegur í ljósi vaxandi heimsviðskipta¹

Erindið skiptist í eftirfarandi sex tengda kafla:

- starfsvettvangur og sérstaða sjávarútvegsfyrirtækja,
- heimsafli og heimsviðskipti,
- staðan hérlendis,
- framleiðni milli landa og samstarf fyrirtækja,
- samkeppnishæfni fyrirtækja og þjóða og
- hlutdeild og möguleikar Íslands í viðskiptum framtíðarinnar.

Starfsvettvangur og sérstaða sjávarútvegsfyrirtækja

Í sjávarútvegi eins og annars staðar er grunneiningin fyrirtæki. Fyrirtæki sem eining í hagkerfinu hefur þrenns konar starfsvettvang.

- Í fyrsta lagi það sem gerist innan fyrirtækja, s.s. framleiðsla, starfsmannastjórnun, reikningshald og margt fleira. Hér er átt við þá þætti sem eru innan fyrirtækisins sjálfs sem framleiðsluvettvangs.
- Í öðru lagi er starfsvettvangur fyrirtækja tengdur markaði og þá er um tvenns konar markaði að ræða. Annars vegar er þáttamarkaður, þ.e. sá markaður sem útvegar framleiðsluþætti, s.s. vinnuafli og hráefni. Þessi markaður er vitaskuld mjög mikilvægur fyrir sjávarútvegsfyrirtæki, en uppistaðan í hráfnisöfluninni byggist á sjósókn sem er óvanaleg aðferð við öflun framleiðsluþáttar. Hins vegar er þátttaka fyrirtækja á afurðamarkaði. Fyrirtæki selur afurðir sínar, oftast í samkeppni við önnur fyrirtæki og á það við okkar sjávarútveg eins og aðrar atvinnugreinar.
- Í þriðja lagi felst starfsvettvangur fyrirtækja í margs konar samskiptum eða samstarfi við önnur fyrirtæki og opinbera aðila. Hin síðari ár hafa einmitt tengsl fyrirtækja við opinbera umgjörð notið vaxandi athygli innan rekstrarhagfræðinnar.

Vitaskuld er þessi þrískipting samofin í einstökum atriðum og má þar benda á að fjármál varða athafnasemi innan fyrirtækis, tengjast markaðsstarfi

¹ Erindi við Samvinnuháskólann á Bifröst 11. mars 1996.

og fléttast inn í samskipti við opinbera aðila. Sjávarútvegsfyrirtæki njóta sérstöðu í fyrirtækjaflórunni vegna eftirfarandi þriggja atriða.

- Í fyrsta lagi er unnið með lífrænt hráefni sem skemmist innan tiltölu-lega skamms tíma. Þetta er ekki vandamál t.d. í bílaiðnaði. Kjötframleiðsla og grænmetisframleiðsla er einnig framleiðsla úr lífrænu hráefni en hráefnið hefur mun meira geymsluþol en fiskur. Þetta skapar sérstöðu fyrir sjávarútvegsfyrirtæki og gerir alla áætlanagerð erfiðari en ella.
- Í öðru lagi felst sérstaða sjávarútvegsfyrirtækja í því að hráefnisöflunin er breytileg, þ.e. að fiskimiðin breytast. Hráefnisöflun í sjávarútvegi er þó ekki einungis fólgin í veiðum heldur einnig í fiskeldi, en aðal-einkenni sjávarútvegs er þó það að hráefnisöflunin nær yfir mjög stórt svæði sem breytist eftir náttúrulegum ástæðum, eins og veðri, auk þess sem hér er um endurnýjanlega auðlind að ræða.
- Í þriðja lagi markar það sérstöðu sjávarútvegsfyrirtækja að veidd eru villt dýr til matar, en það er orðið nær einsdæmi í heiminum. Upphaf mannlegs samfélags byggðist að verulegu leyti á matvælaöflun sem fólst í veiðum á villtum dýrum. Það er horfið að langmestu leyti og nú er svo komið að nær öll matvælaöflun heimsins felst í ræktun á afmörkuðum svæðum, allt nema fiskveiðar.

Allt þetta skapar mjög sérstaka umgjörð um sjávarútvegsfyrirtæki og gerir stöðu okkar öðruvísi en hjá öðrum þjóðum. Við verðum alltaf að gæta að sérstöðu okkar þegar við erum að greina stöðu okkar á alþjóðlegum vettvangi. Það hafa orðið verulegar breytingar í sjávarútvegi hérlendis síðastliðin tuttugu og fimm ár. Við getum skipt þeim í eftirfarandi fimm þætti.

- Í fyrsta lagi er skuttogarabyltingin sem hófst 1972 og stóð í rúman áratug. Þá endurnýjuðum við nær allan togarafflotann, auk þess sem við hófum stórfelldan togararekstur víða um land þar sem áður var ekki mikill sjávarútvegur.
- Í öðru lagi áttu sér stað mikil umskipti þegar gámaútflutningur hófst upp úr 1980 og varð mjög mikilvægur þáttur í sjávarútvegi okkar í rúman áratug en gámaútflutningur hefur nú minnkað verulega.
- Í þriðja lagi er frystitogarabyltingin sem hófst upp úr 1985 og hefur staðið núna í áratug. Hún hefur valdið verulegum breytingum í íslensku sjávarútvegsumhverfi í veiðum og ráðstöfun afla.

- Í fjórða lagi eru íslensku fiskmarkaðirnir sem hófu starfsemi hérlendis árið 1987 og gjörbreyttu verðlagskerfi sjávarútvegsins sem þá hafði verið við lýði í um aldarfjórðung.
- Í fimmta lagi eru úthafsveiðar Íslendinga sem hófust fyrir alvöru eftir 1992. Þar höfum við náð góðum árangri við veiðar á úthafskarfa, rækju, síld og í Barentshafi. Við höfum þessar veiðar þó mun seinna en aðrar þjóðir.

Þessi fimm atriði hafa markað umgjörð síðustu ára og hafa vitaskuld mikil áhrif á þróun næstu ára.

Heimsaflí og heimsviðskipti

Það hafa orðið geysileg umskipti í fiskveiðum heimsins frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar. Á tæplega fimmtíu ára tímabili hefur heimsaflinn aukist úr 20 milljónum tonna í 100 milljón tonn eða fimmfaldast. Þetta er veruleg framleiðsluaukning.

Einnig er athyglisvert að hin síðari árum hefur heimsaflinn staðnæmst við um 100 milljón tonn og spádómar eru um að það verði ekki veruleg breyting næstu ár þótt fiskeldi sé vaxandi þáttur í heimsafla. Þessi heimsveiðiaukning er miklu meiri en veiðiaukning okkar Íslendinga. Hlutdeild okkar í heimsafla hefur farið minnkandi en aflasamsetning okkar hefur breyst verulega á liðnum áratugum.

Ef skoðaður er afli einstakra þjóða þá er Kína langstærsta veiðiþjóð í heimi. Afli Kínverja er um 18 milljón tonn árið 1993 eða um 18% af 100 milljónum tonna sem er heimsaflinn. Næst er Perú með um 8,5 milljón tonn, Japan með um 8 milljón tonn og Chile og Bandaríkin með um 6 milljón tonn.

Okkar afli á sambærilegum tíma var 1,7 milljón tonn og erum við í fjórtánda sæti yfir fiskveiðiþjóðir heims. Við höfum undanfarin ár verið í fjórtánda til sautjándra sæti yfir mestu fiskveiðiþjóðir í heimi. Hér er átt við heildarafla þannig að hér er lagður saman t.d. þorskaflí og loðnuafli en ekki borin saman verðmæti. Samt sem áður gefur þetta vísbendingu um stöðu okkar. Það er nokkuð merkilegt að afli okkar Íslendinga hefur um nokkuð mörg ár verið um ein og hálf milljón tonn.

Útflutningsverðmæti sjávarafurða Íslendinga er nú um 1,3 milljarðar dollara og það er athyglisvert að útflutningsverðmætið hefur verið nær óbreytt í dollurum um langt árabíl.

Útflutningsframleiðsla sjávarfangs, sem er um 35% landsframleiðslunnar

hérlandis, hefur staðið í stað í tvo áratugi á sama tíma og önnur ríki hafa aukið hlutfall útflutningsframleiðslu af landsframleiðslu meira en við.

Árið 1985, eða fyrir um tíu árum síðan, var affli Kínverja um 7 milljón tonn. Þeir hafa þannig nær þrefaldað afla sinn á einungis áratug og urðu á þessu tímabili langstærsta fiskveiðipjóð heimsins. Viðskiptasambönd okkar við Kína eru mjög lítil.

Nú segir heimsaffli ekki alla söguna heldur miklu frekar innflutningur eða útflutningur. Þar ber ein þjóð höfuð og herðar yfir aðrar í viðskiptum með sjávarafurðir og það er Japan. Það hefur orðið veruleg aukning á innflutningi á fiskafurðum til Japans eða úr tæpum 5 milljörðum dollara í um 12 milljarða á einungis sjö ára tímabili. Til samanburðar hefur innflutningur til Evrópusambandsins þrefaldast á þessu tímabili.

Þessar tölur gefa okkur vísbendingar um þróunina í umhverfi okkar. Til samanburðar er framleiðsluverðmæti okkar Íslendinga 1,3 milljarðar dollara innan við 10% af því sem Evrópusambandið flytur inn af sjávarafurðum ár hvert.

Staðan hérlandis

Ef skoðað er mikilvægi sjávarútvegs í okkar hagkerfi er þekkt að gjald-eyristekjur vegna sjávarútvegs eru um 50% af gjaldeyristekjum okkar. Þetta hlutfall hefur hins vegar verið óbreytt í um tvo áratugi. Sömuleiðis hefur hlutdeild sjávarútvegs til vergrar landsframleiðslu verið um 16% og verið nær óbreytt í tvo áratugi. Hlutdeild sjávarútvegs í atvinnuþátttöku landsmanna er nú um 12% og hefur einnig verið nær óbreytt í tvo áratugi.

Þetta leiðir hugann að því að það hefur átt sér stað stöðnun í hlutdeild sjávarútvegs í okkar hagkerfi. Þrátt fyrir verulegar breytingar í heimsumhverfinu hafa ekki svo miklar kerfisbreytingar átt sér stað hérlandis. Nokkrar breytingar hafa þó orðið. Botnfisksaffli okkar á síðasta ári sem landað var innanlands var um 330 þúsund tonn og þar af fóru um 110 þúsund tonn eða um 1/3 um innlenda fiskmarkaði. Þetta er gífurlega mikil breyting á tæpum tíu árum. Þetta hefur kallað á breytingar í vinnslu hérlandis og smærri fyrirtæki hafa sprottið upp sem eru með beina markaðssetningu á afurðum sínum erlendis.

Vinnslumynstur hefur breyst. Það sem er landað innanlands í vinnslu fór úr 82% botnfisksaflans niður í um 56% á tæplega tíu ára tímabili. Vinnsluskip, sem voru árið 1986 með um 3–4% af botnfisksaflanum, eru nú með um það bil 25% botnfisksaflans og athyglisvert er að helmingur þess er veiddur utan okkar lögsögu.

Sömmuleiðis hefur orðið veruleg breyting á því sem landað hefur verið fersku erlendis, sem var 1986 rúmlega 16% en hefur lækkað niður í 9%. Hefðbundin landvinnsla hefur dregist saman. Vinnsluskip hafa komið í staðinn og að nokkru leyti höfum við veitt utan landhelgi til vinnslu hérlendis. Auk þess er nokkuð magn keypt af fiski erlendis frá til frekari vinnslu hér en þar erum við þó miklir eftirbátar annarra þjóða.

Framleiðni í íslensku atvinnulífi er með því lægsta sem um getur í Evrópu. Þetta er einnig ein af ástæðunum fyrir því að landsframleiðsla á hverja unna klukkustund er með því lægsta sem er innan OECD og árið 1993 vorum við þar í 21. sæti af 24 OECD ríkjum. Þjóðarframleiðsla á mann er lág hérlendis og 1993 vorum við í 17. sæti af 24 OECD ríkjum. Það eru því ýmis teikn á lofti um alvarlega stöðu okkar. Vöxtur þjóðartekna hérlendis síðustu fimm-tán ár er einna lægstur innan OECD. Vinnutími er langur og fjárfestingar eru of litlar en þær eiga að standa undir líf skjörum framtíðarinnar.

Framleiðni milli landa og samstarf fyrirtækja

Annar athyglisverður samanburður milli landa er að bera saman framleiðni, en framleiðni er magn framleiðslu deilt með magni aðfanga. Samanburður á framleiðni í sjávarútvegi milli Íslands, Norður-Noregs og Nýfundnaland á einum áratug, 1970–1980, sýndi verulega yfirburði Íslands. Að meðaltali var framleiðni sjómanna á Íslandi 2,4 sinnum meiri en á Nýfundnalandi og 2,5 sinnum meiri en í Norður-Noregi.

Hafa þarf í huga að hér er um samanburð milli alvöru sjávarútvegsþjóða að ræða eins og Nýfundnaland var á þessum tíma. Norður-Noregur og Ísland hafa vitaskuld verið það um langa hríð.

Það var einnig margfalt betri framleiðni fjármagns hérlendis í þessum samanburði. Framleiðni fjármagns á Íslandi, en miðað var við stærð fiskiskipafloftans, var 2,1 sinnum meiri en á Nýfundnalandi og 1,6 sinnum meiri en í Norður-Noregi.

Þetta sýnir yfirburði íslensks sjávarútvegs miðað við aðrar fiskveiðiþjóðir, sérstaklega hvað varðar veiðar. Það eru fjölmargar ástæður fyrir mismunandi framleiðni milli landa eins og fiskimið, fiskveiðistefna, tæknivæðing, starfsfólk og gengisstefna stjórnvalda.

Annar nýrri samanburður sýnir að framleiðni vinnuafis hérlendis er sjö sinnum meiri en framleiðni vinnuafis í Bandaríkjunum og Kanada og tvisvar til þrisvar sinnum meiri en í Noregi, Evrópusambandinu og Bretlandi. Ef framleiðni fjármagns er reiknuð á sama hátt kemur í ljós að framleiðni hérlendis, þ.e. aflaverðmæti deilt með rúmlestafjölda flotans, er 2,4

sinnnum meiri en í Bandaríkjunum og um það bil tvisvar sinnum meiri en í Kanada og Noregi og um 50% meiri en í Evrópusambandinu og Bretlandi. Afli á hvern sjómann er einnig mun meiri héraðs en annars staðar.

Það er hins vegar athyglisvert að skoða hvernig sjávarútvegur hefur þróast miðað við aðrar atvinnugreinar héraðs. Rannsókn, sem var gerð fyrir tímabilið 1973–1989, sýnir að framleiðni vinnuafis í fiskveiðum jókst um 78%, í sjávarútvegi að meðtalinni fiskvinnslu um 55%, í iðnaði um 38% og í öllum atvinnurekstri um sömu tölu. Þetta sýnir okkur að framleiðniaukningi í sjávarútvegi héraðs miðað við aðrar atvinnugreinar hefur verið tvöfalt hærri á þessu tímabili.

Sama á sér stað ef skoðuð er framleiðni fjármagns. Þar kemur í ljós að framleiðni fjármagns í sjávarútvegi hefur aukist um 10%, þar af í fiskveiðum um 32%. Í iðnaði minnkaði framleiðni fjármagns hins vegar um 40%. Eins og þessar tölur sýna er það með ólíkindum hvað við höfum dregist aftur úr hér síðustu tvo áratugin. Þessi framleiðni er slök miðað við nágrannaþjóðir okkar, nema í sjávarútvegi.

Orsakir fyrir bættri framleiðni í sjávarútvegi eru m.a. fiskistofnar, tækniþróun, frystitogarar og hugsanlega fiskveiðistjórnunarkerfið. Það kom í ljós í þessari athugun, sem hér er vísað til, að framleiðni frystitogara er 60% meiri en hjá hefðbundnum skipum.

Samkeppnishæfni fyrirtækja og þjóða

Samkeppnisöfl móta styrkleika fyrirtækja og byggjast á aðferðafræði Porters¹. Það eru einkum fjórir þættir sem þar skipta máli.

- Í fyrsta lagi inn- og útgönguhindranir sem varða hættu á nýjum samkeppnisaðilum. Þetta er mjög fyrir hendi í íslenskum sjávarútvegi, ekki hvað síst á alþjóðlegum vettvangi.
- Í öðru lagi samkeppni starfandi keppnauta. Við mætum vitaskuld verulega mikilli samkeppni á alþjóðlegum mörkuðum.
- Í þriðja lagi er talað um staðkvæmar vörur, það eru vörur sem geta komið í stað annarra vara. Allt okkar sjávarfang er staðkvæm vara. Þessi barátta gengur því út á það að reyna að skapa sér samkeppnisforskot með því að komast í markaðseyðu með okkar afurðir sem höfða til hinna dýru markaða heimsins. Varðandi staðkvæmar vörur verðum

¹ Michael Porter, prófessor við Massachusetts Institute of Technology (MIT), er einn fremsti fræðimaður heims á sviði stjórnunar og stefnumótunar.

við að átta okkur á nýjum samkeppnisaðila sem er fiskeldi og þar eru Kínverjar langfremstir. Eftir fimmtíu ár verður e.t.v. megnið af fiski sem borðaður er í heiminum ræktaður en ekki veiddur á þann hátt sem við gerum nú. Höfundur spáir því að svo verði.

- Í fjórða lagi er samkeppnisafli styrkur kaupenda á afurðamarkaði. Við skiptum starfsvettvangi fyrirtækja í þrennt og tvö samkeppnisöfl lúta að því, þ.e. styrkur kaupenda á afurðamarkaði, sem er ekkert sérstaklega mikill á alþjóðamarkaði í sjávarútvegi, og styrkur birgja, þ.e.a.s. hversu öflugir þeir eru sem útvega framleiðsluþætti. Það vandamál höfum við leyst hérlendis með mjög sterkum tengslum veiða og vinnslu. Styrkur birgja gagnvart sjávarútvegi er ekkert sérstaklega mikill hérlendis.

Það er ýmislegt sem veldur því hvernig þessi samkeppnisöfl þróast, sem er of langt mál að fara út í hér. Þessi stefnumótandi aðferðafræði er hins vegar alkunn innan rekstrarhagfræðinnar. Við höfum margvíslega áhrifaþætti, t.d. áræðni í stefnu fyrirtækisins gagnvart umhverfinu, svörun fyrirtækisins við breyttar aðstæður og getu fyrirtækisins við það hvernig einstakir þættir styðja hver annan. Allt þetta hefur áhrif á samkeppnisstöðu einstakra fyrirtækja og markar styrkleika og veikleika þeirra.

Hefðbundin greining á styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum (SVÓT-greining) í tengslum við samstarf fyrirtækja er nauðsynleg og algeng. Það er samkeppnisstaða sem ræður árangri í samanburði við önnur fyrirtæki. Það getur ekkert fyrirtæki, hvort sem er íslenskt eða erlent, í sjávarútvegi eða í öðrum greinum náð árangri nema það hafi samkeppnisforskot á einhverju sviði. Það er hagkvæmast fyrir fyrirtæki í stefnumótun sinni að einblína á samkeppnisforskot sitt og nýta styrkleika þess. Þetta er svipað og í knattspyrnu að vitaskuld er spilað langmest á þann sem er líklegastur til að skora mörkin.

Virðis kedja fyrirtækis, sem felst í innkaupum, framleiðslu, dreifingu, sölu og þjónustu, er studd af alls kyns hliðarþáttum og markar stöðu fyrirtækis í samkeppni á alþjóðavettvangi. Fyrirtæki getur reynt að ná kostnaðarforskoti með því að nýta sér sérstöðu sinnar greinar.

Það er mikilvægt fyrir sjávarútvegsfyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni að hefja markaðssókn þar sem samkeppnisöflin eru veikust fyrir hjá keppinautum og breyta þannig samkeppnisöflum sér í hag og nýta breytingar á undan samkeppnisaðilum.

Þótt við búum yfir þekkingu í að bæta samkeppnisstöðu okkar er staða Íslands á alþjóðlegum vettvangi alls ekki góð. Það er til alþjóðlegur

samanburður á samkeppnisstöðu milli landa. Þar kemur í ljós að fyrir 1995 var Ísland í 25. sæti af 49 þjóðum viðsvegar um heiminn. Ef einungis OECD ríki eru tekin í þessum samanburði þá var Ísland í 18. sæti af 24. ríkjum. Þetta eru alvarleg tíðindi fyrir Íslendinga að samkeppnisstaða okkar í sífelld vaxandi alþjóðaviðskiptum skuli vera svona slök.

Þessi alþjóðlega úttekt byggist á samanburði á níu þáttum, þ.e. fólki, innviðum þjóðfélagsins, alþjóðavæðingu, styrkleika hagkerfisins, fjármálum, stjórnun, stjórnsýslu, þróun og rannsóknnum. Það er til kenning hérlendis um að við búum við veikleika á ferns konar sviðum hérlendis:

- Í fyrsta lagi því sem snýr að veiðistjórnun í sjávarútvegi og veiðileyfagjaldi og í skorti á því að styrkja aðrar greinar við hlið sjávarútvegs.
- Í öðru lagi hefur okkur ekki tekist að laga kerfi landbúnaðarframleiðslu að nútímalegum viðskiptaháttum og þar erum við langt á eftir öðrum þjóðum.
- Í þriðja lagi er mikil sérstaða á fjármagnsmarkaði þar sem meginhluti af viðskiptabankakerfinu er í eigu ríkisins.
- Í fjórða lagi búum við að mörgu leyti við úrelt fyrirkomulag varðandi skipulag á vinnumarkaði.

Hægt er að bæta við þessa upptalningu og ræða um menntun og menntakerfi hérlendis, en það er ýmislegt sem bendir til þess að þar hafi okkur ekki tekist sem skyldi. Þá má geta þess að í alþjóðlegum samanburði erum við í 15. sæti af 18 OECD ríkjum hvað varðar framlög til rannsókna og þróunar. Það eru einmitt framlög í rannsóknir og þróun sem munu standa undir lífskjörum framtíðarinnar. Þar erum við mjög aftarlega á merinni miðað við aðrar þjóðir.

Það er til greining varðandi samkeppnishæfni þjóða. Þar er rætt um að það séu einkum eftirfarandi fjórir þættir sem skipti mestu máli:

- Í fyrsta lagi staða framleiðsluþátta eins og náttúruauðlinda, mannafla og grunngerðar þjóðlífsins.
- Í öðru lagi styrk staða eftirspurnar á heimamarkaði.
- Í þriðja lagi skyldar atvinnugreinar og stuðningsgreinar við aðalútflutningsiðnað viðkomandi lands.
- Í fjórða lagi stefnumótun fyrirtækja, þ.e. hversu framsækin hún er á alþjóðlegum vettvangi.

Hlutdeild og möguleikar Íslands í viðskiptum framtíðarinnar

Á síðustu áratugum hefur heimsframleiðsla fimmfaldast en alþjóðleg verslun hefur níufaldast. Þetta segir okkur að sífellt stærri hluti af verðmæta-sköpun einstakra þjóðríkja kemur til vegna viðskipta milli landa. Þetta markast einnig af efnahagsstefnu einstakra ríkja og ríkjasambanda. Öll GATT hugmyndafræðin gengur út á það að örva og auðvelda viðskipti milli landa. Efnahagsstefna Evrópusambandsins gengur út á hið sama svo og efnahagsstefna fríverslunarsamtaka Norður-Ameríku NAFTA, þ.e. samvinna Bandaríkjanna, Kanada, Mexíkó og væntanlega fleiri ríkja í Suður-Ameríku.

Það hefur einnig sýnt sig að ríki í Austur-Asíu, svokölluð tígrisdýr, sem hafa náð verulegum hagvexti umfram aðrar þjóðir á undanförunum árum, hafa fyrst og fremst lagt áherslu á utanríkisviðskipti. Þessi lönd eru Hong Kong, S-Kórea, Singapúr, Taívan, Indónesía, Malasía, Tæland og Japan. Það er einnig merkileg staðreynd að af þeim hundrad milljónum tonna sem heimsaflinn er þá eru fjörutíu milljón tonn sem er verslað á milli landa. Þannig eru um 40% af heimsaflnum á alþjóðlegum markaði og vitaskuld er allur okkar fiskur á alþjóðlegum markaði.

Árið 1985 var útflutningur á sjávarfangi í heiminum um það bil 20 milljarðar dollara, en er nú um 50 milljarðar dollara. Okkar hlutdeild er um 1,3 milljarðar dollara, eða um 2,6% af heimsútflutningi. Það er ekkert sérstaklega mikið en þetta er þó eina viðskiptasviðið í heiminum þar sem Ísland skiptir nokkru máli. Hlutdeild okkar á sviði alþjóðaverslunar með sjávarvörur er ekki nema 2–3%, sem segir okkur að það eru 97–98% af heimsviðskiptunum sem fara fram hjá okkur.

Þótt heimsviðskipti með sjávarfang hafi tvöfaldast á einungis 10 árum hefur útflutningsverðmæti sjávarfangs frá Íslandi verið óbreytt. Aðrar þjóðir hafa einfaldlega farið framúr okkur.

Ef við gefum okkur að það verði áfram aukning í heimsviðskiptum með sjávarfang og segjum að hún verði nú ekki 100% eins og hún var sl. tíu ár heldur einungis 30%, sem er mjög varlega áætlað miðað við betri nýtingu á sjávarfangi, sífellt verðmætari framleiðslu alls staðar í heiminum og aukningu á eldisfiski. Ef þessi aukning verður 30% fara heimsviðskiptin upp í 65 milljarða dollara. Ef við vildum einungis halda okkar hlut, þ.e. 2,6% þá þýðir það að þátttaka okkar í heimsviðskiptum ætti að fara í um 1,7 milljarða dollara úr 1,3 milljörðum. Þessi aukning um tæpan hálfan milljarð dollara er yfir 25 milljarðar, eða um fjórðungur af fjárlögum okkar eða um

6% af vergri landsframleiðslu, eða tífoldun á Smuguveiðunum okkar, svo við nefnum nokkur dæmi.

Hér er einungis talað um að við höldum okkar hlut, ekki að við aukum hann. Hvernig ætlum við þá að halda okkar hlut eða ætlum við að láta þessa aukningu heimsviðskiptanna fara framhjá okkur? Ef við gerum það þýðir það að við erum ekki að bjóða þegnum okkar sambærileg lífskjör og aðrar þjóðir. Eina svarið hjá okkur, og það hefði átt að koma miklu fyrr, er að hasla okkur völl á alþjóðlegum vettvangi í verslun, veiðum og verkun á sjávarfangi en við erum núna rétt að byrja á þessu.

Það eru nokkrar fjárfestingar sem við höfum lagt í erlendis á undanförunum árum en miklu minna en aðrar þjóðir hafa gert í sjávarútvegi. Þó svo að við séum ánægð með fjárfestingar okkar í Þýskalandi, Chile, Namibíu, Rússlandi og Mexíkó eru þær hjóm eitt miðað við umfang annarra sjávarútvegsríkja í heimsviðskiptum. Við höfum sofið á verðinum eins og oft áður. Við höfum ekki gert okkur grein fyrir því hvað þróunin er óstjórnlega hröð í kringum okkur.

Við sjáum að það er lítið fjárfest af hálfu útlendinga hér á landi. Það er einnig tiltölulega lítið innlent fjármagn sem fer til útlanda í fjárfestingu sem síðan mun skila arði inn í okkar hagkerfi. Í hagkerfum flestra þjóða er þó nokkur hluti af verðmætasköpuninni sem kemur vegna fjárfestinga erlendis.

Fyrir utan fengsæl fiskimið er sennilega mesti styrkleikur Íslendinga á sjávarútvegssviðinu þekking, reynsla og eignarhald á mjög góðu sölukerfi á afurðum í hinum vestræna heimi, einkum á sviði frystra afurða og saltaðra. Þetta þurfum við að nýta miklu betur en við höfum gert. Þessi þróun mun halda áfram, alveg eins og tvöfoldun á afla og heimsviðskiptum Kínverja á örfáum árum hefur sýnt.

Það má ekki gleyma því að framtíðin í alþjóðaviðskiptum í sjávarútvegi er í Asíu. Framtíðin liggur ekki í Norður-Atlantshafi. Við þurfum að gera mun meira af því að fara til Asíu með okkar verkþekkingu og aðra kunnáttu, laða fjármagn að annars staðar frá, því að við höfum ekki úr svo miklu fjármagni að spila hér. En við verðum að horfast í augu við þá staðreynd að heimurinn er orðinn eitt markaðssvæði.

Mismunandi stjórnkerfi fiskveiða¹

Inngangur

Um aldir ríkti einungis eitt stýrikerfi við fiskveiðar, þ.e. frjálsar veiðar. „Frjálsar veiðar“ þýðir að allir mega kaupa eða byggja bát, halda til hafs og veiða eins og þeir vilja og geta. Það er ekki fyrr en á síðari hluta tuttugustu aldar sem þjóðir heims hófu að stjórna veiðum, og þá fyrst og fremst vegna ofveiði.

Margvíslegar leiðir eru til að vernda fiskistofna fyrir ofveiði. Helstar þeirra eru ákvæði um lágmarksstærð fiska, þ.e. að fiskur verði að ná tiltekinni stærð, ákvæði um möskvastærð, þ.e. að net séu ekki of þéttir, og svæðalokanir, þ.e. að bannað sé að veiða á tilteknum svæðum, t.d. vegna þess að þau eru uppvaxtarsvæði fisks. Einnig er oftast ákveðinn leyfilegur heildarafi, t.d. að aðeins megi veiða 100 þúsund tonn af þorski á ári.

Síðar var hugað að því að stjórn á veiðum er mikilvæg, ekki aðeins til að hindra ofveiði heldur til að tryggja hagkvæmni. Það er hagræn stjórnun. Auðlindir sjávar hafa nokkra sérstöðu sem hægt er að flokka á flokka á eftirfarandi fimm vegu:

- Í fyrsta lagi eru þær endurnýjanlegar, þ.e. sífellt nýir fiskar koma í stað þeirra sem eru drepnir.
- Í öðru lagi er um að ræða lífrænt hráefni sem skemmist mjög fljótt.
- Í þriðja lagi er um auðlindir, fiskistofna, að ræða sem veiðast á mjög mismunandi stöðum og flakka á milli.
- Í fjórða lagi er um að ræða veiðar á villtum dýrum til matar sem er orðið nær einsdæmi í heiminum.
- Í fimmta lagi eru náttúrulegar aðstæður mjög ráðandi við viðgang og nýtingu fiskistofna, svo sem ástand sjávar, fæða, veðurfar og áhrif annarra dýra.

Það eru ekki nema tuttugu ár síðan Hafrannsóknastofnun hóf ráðgjöf um nýtingu þorsstofnsins. Hagræn stjórnun fiskveiða er nú ráðandi. Þó má ekki gleyma því að stýrikerfi verður að uppfylla það skilyrði að komið sé í veg fyrir ofveiði.

¹ Alþýðublaðið 25. júní 1997.

Fiskveiðistjórnunin byggist á ákvörðun um leyfilegan heildarafla. Sú ákvörðun er tekin af sjávarútvegsráðherra að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar. Undanfarin ár hefur verið farið eftir tillögum Hafrannsóknastofnunar en á árum áður var oft farið fram úr tillögum og ráðgjöf stofnunarinnar.

Fiskveiðiarður

Hagkvæm nýting fiskistofna þýðir að veiðunum sé stýrt þannig að það myndist hagnaður, svokallaður fiskveiðiarður. Mismunur á tekjum og kostnaði við veiðar er fiskveiðiarður. Ef tekjur af auðlindinni eru 100 og kostnaður 80 þá er fiskveiðiarðurinn 20.

Ef ekki eru settar takmarkanir verða skipin of mörg og kostnaður það mikill að heildartekjur verða jafnar heildarkostnaði. Þá er enginn hagnaður og sóknin óhagkvæm. Þannig byggist hagræn stjórnun á því að minnka flotann. Ef sókn er aukin hækkar kostnaður. Afkastageta flestra fiskiskipafloata í heiminum fer langt fram úr nýtingu fiskistofna.

Þegar mest bil er milli tekna og kostnaðar við veiðar er talað um kjörsókn. Að henni stefna öll stýrikerfi við fiskveiðar en kjörsókn hámarkar fiskveiðiarðinn. Við erum enn langt frá því að ná kjörsókn við veiðar á íslenskum fiskistofnum en við höfum náð verulegum árangri við veiðar á nokkrum fisktegunum. Má þar nefna loðnu og síld og ýmislegt bendir til þess að skipulag okkar við botnfiskveiðar sé einnig að skila árangri.

Nú eru tekjur af fiskistofnum hérlendis um 100 milljarðar og kostnaður er um 97 milljarðar. Hagnaður í sjávarútvegi er árið 1997 um 3 milljarðar á ári, þ.e. núverandi fiskveiðiarður. Þessi hagnaður getur hins vegar aukist verulega á næstu árum ef haldið er rétt á spilunum.

Stjórnkerfi við veiðar

Helstu kerfi við stjórnun veiða eru sex talsins, þ.e.

- frjálsar veiðar,
- leyfilegur heildaraflí og frjálsar veiðar þar til heildarafla er náð,
- gjaldtaka við veiðar,
- takmörkun á skipum,
- sóknarmarkskerfi og
- aflamarkskerfi.

Frjálsar veiðar þýða að allir mega veiða eins og þeir vilja og geta, en þær leiða til útrýmingar viðkomandi stofna. Hagur einstakra útgerðarmanna og samfélagsins fer einfaldlega ekki saman.

Sú stjórnunaraðferð að ákveða leyfilegan heildarafla og leyfa síðan frjálsar veiðar þar til þessum heildarafla hefur verið náð er algeng en þessi aðferð er ekki góð. Sóknin verður of mikil og þar með of kostnaðarsöm. Frægt er dæmið um lúðuveiðar í Bandaríkjunum þar sem mörg hundruð bátar veiða takmarkað heildarmagn og veiðar eru stöðvaðar eftir nokkra klukkutíma. Þess má reyndar geta að þetta kerfi notum við núna við veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Aðrar aðferðir eru mögulegar við hagræna stjórnun. Hægt er að leggja gjald á sóknina, t.d. á veiðiheimildir, rúmlestatölu skipa eða olíunotkun. Tilgangur þess er að knýja fram minni sókn með auknum kostnaði. Þetta er erfitt í framkvæmd og hefur ekki verið beitt að neinu ráði. Hugmyndin um veiðileyfagjald byggist ekki á gjaldtöku til að stýra sókninni. Þar liggja aðrar ástæður að baki, þ.e. réttlætisrök og hagkvæmisrök.

Önnur leið er að takmarka fjölda skipa sem veiða eða stærð skipa, t.d. að krefjast þess við endurnýjun að fyrir hverja eina nýja rúmlest séu tvær rúmlestir teknar úr umferð. Þetta er að hluta til í núverandi fiskveiðistjórnun okkar. Það er mat fræðimanna að þetta eitt og sér geti ekki leitt til árangurs, m.a. vegna þess hve tækniþróunin er ör.

Sóknarmarkskerfi er skilgreint þannig að úthlutað er sóknardögum, t.d. að fiskiskip megi einungis vera 150 daga á sjó eða verði að veiða annað en þorsk í 100 daga. Annað heiti yfir sóknarmarkskerfi eða sóknarmark er sóknardagakerfi, banndagakerfi eða skrapdagakerfi. Þetta gildir að hluta til enn fyrir smábáta. Erfiðleikar við þetta kerfi eru m.a. þeir að erfitt er að gæta þess að afli einstakra fisktegunda fari ekki yfir leyfilegt hámark. Einnig eru erfiðleikar við að ákvarða sóknardaga. Hætta er á því að aukaafli sé fleygt við þessar aðstæður.

Skip eru vitaskuld ekki nýtt þá daga sem þau eru bundin við bryggju og sóknarþunginn á leyfilegum dögum er mjög mikill. Það er því kappkostað að veiða þegar verið er á sjó og kostnaður getur farið úr böndum. Þetta stýrikerfi er víða notað þótt fræðimenn finni því ýmislegt til foráttu.

Hægt er að hugsa sér þannig kerfi að mönnum séu úthlutaðir sóknardagar og heimilt sé að framselja þá. Það hefur ekki verið reynt hér á landi. Þá myndast markaður um sóknardaga eins og er í aflamarkskerfinu og það leiðir til hagkvæmni. Vafalítið væri hægt að skoða þessa aðferð betur en gert hefur verið.

Aflamarkskerfi er oftast kallað kvótakerfi. Hægt er að úthluta aflamarki eða kvóta með tvennum hætti. Annars vegar sem kvóta í tonnum, t.d. 100 tonn af þorski árlega. Það er aflamark eða kvóti. Hins vegar er úthlutað hlutdeild í heildarafla til lengri tíma, t.d. 0,01% af leyfilegum heildarafla í þorski. Það er úthlutun aflahlutdeildar.

Útgerðir veiða síðan sitt aflamark og hafa heimild til að framselja kvótann til annarra útgerðarmanna. Þetta framsal getur verið innan ársins og er þá kallað kvótaleiga. Einnig er hægt að selja aflahlutdeildina til annars útgerðarmanns og þá er um að ræða kvótasölu sem er varanlegt framsal.

Aflamarkskerfið er tiltölulega einfalt. Það er úthlutað aflahlutdeild til langs tíma á hvert skip. Síðan er á grunni leyfilegs heildarafla á hverju ári úthlutað árlegu aflamarki, kvóta. Þá er í valdi útgerðarmannsins hvenær hann tekur þennan afla. Hann fær 100 tonnum úthlutað árlega og það er hagur hans að veiða þessi 100 tonn með sem ódýrustum hætti.

Eftirlit í þessu kerfi er tiltölulega einfalt að því tilskildu að allur affi sé vigtaður. Galli kerfisins er sá að hætta er á brottkasti, þ.e. að smáfiski og verðlittlum fiski sé fleygt til að geta nýtt kvótann betur. Þetta byggir á því að einn 6 kg fiskur er meira virði heldur en þrjú 2ja kílóa fiskar.

Þróun fiskveiðistjórnunar Íslendinga

Stýrikerfi okkar í botnfiski hófst fyrir 20 árum með sóknarmarki, þ.e. svokölluðu skrapdagakerfi frá 1977–1983. Þá var skipum bannað að sækja þorsk á tilteknum dögum og einungis lítið hlutfall af afla þeirra mátti vera þorskur.

Skrapdagakerfið sem var hér um sjö ára skeið leiddi til stækkunar flotans og afkoma veiðanna versnaði verulega. Eftirlit með kerfinu var mikið og erfitt að laga það að fleiri tegundum. Sóknarmark hefur einnig þann galla að það er oft erfitt að stöðva veiðarnar þegar leyfilegum heildarafla er náð. Þetta kerfi kom ekki að gagni og var lagt af um 1983 þegar aflamarkskerfið var tekið að hluta upp héraendis.

Árið 1984 var kvótakerfi tekið upp við botnfiskveiðar hér á landi. Það var fyrstu árin sambland af aflamarkskerfi og sóknarmarki. Þegar kvótinn eða aflamarkið var ákveðið í upphafi var miðað við næstu þrjú ár á undan í veiði. Nokkrar deilur urðu um það héraendis hvaða aðferð átti að viðhafa þegar kvóti var ákveðinn á einstök skip. Aflamarkskerfið sem almenn regla við botnfiskveiðar var ekki tekið upp fyrr en árið 1990.

Hins vegar er þetta ekki fyrsta kvótakerfi héraendis. Frá 1975 hefur verið aflamarkskerfi við síldveiðar, frá 1980 við loðnuveiðar en aðeins frá 1990 í botnfiski.

Reynsla okkar af aflamarkskerfi í botnfiskveiðum nær því ekki yfir mjög langan tíma. Þess vegna er athyglisvert að skoða þróunina í síld- og loðnuveiðum. Þar hafa stofnar stækkað, heildaraflí vaxið, afli á sóknareiningu aukist, skipum fækkað og veiðin orðið hagkvæmari.

Fiskveiðiárið hérlendis er frá 1. september til 31. ágúst ár hvert. Það er m.a. vegna þess að þá eru skil í loðnuveiðum og síldveiðum.

Meginþættir í þróuninni á Íslandi eru eftirfarandi:

- 1975 – fiskveiðilögsagan færð út í 200 mílur
- 1975 – aflakvótar á skip við síldveiðar
- 1977 – sóknarmark við þorskveiðar
- 1979 – aflakvótar á skip í síldveiðum framseljanlegir
- 1980 – aflakvótar á skip við loðnuveiðar
- 1984 – framseljanlegir aflakvótar á skip og sóknarmark við botnfiskveiðar
- 1986 – aflakvótar á skip við loðnuveiðar framseljanlegir
- 1990 – framseljanlegir aflakvótar á skip sem almenn regla við allar veiðar

Hvert hefur kvótinn farið?

Það er athyglisvert að þéttbýlissvæði hérlendis þ.e. höfuðborgarsvæðið, Reykjanes, Akranes, Akureyri og Vestmannaeyjar ráða yfir 50% af kvótanum en á þessu svæði búa 75% þjóðarinnar. Á öðrum landsvæðum búa 25% þjóðarinnar sem hafa ráðstöfunarrétt yfir 50% af kvótanum. Hluttur þessa svæðis, dreifbýlisins, hefur dregist saman sl. fjögur ár um 2%-stig.

Ef skoðaðar eru breytingar á fiskveiðikvótanum milli kjördæma hér á landi kemur í ljós að heildarkvótinn, bæði botn- og uppsjávarfiskur, hefur breyst síðastliðin fjögur ár á eftirfarandi hátt:

- Suðurland er með 15% kvótans og það hefur verið óbreytt í 4 ár.
- Reykjanes er með 16% kvótans og það hefur verið óbreytt í 4 ár.
- Reykjavík er með 9% kvótans og það hefur verið óbreytt í 4 ár.
- Vesturland hefur lækkað úr 10% kvótans í 9%.
- Vestfirðir hafa lækkað úr 13% kvótans í 11%.
- Norðurland vestra hefur aukist úr 6% kvótans í 7%.
- Norðurland eystra hefur aukist úr 17% kvótans í 21%.
- Austurland hefur lækkað úr 14% kvótans í 12%.

Þetta eru litlar breytingar sl. fjögur ár nema á Norðurlandi eystra. Þar hefur kvótinn aukist um 4 prósentustig og þar er stærsta kvótasvæði landsins.

Botnfiskkvótinn fyrir núverandi fiskveiðiár 1996/1997 er 290 þúsund þorskígildistonn og uppsjávar- og skelfiskur er nú 175 þúsund tonn. Heildarkvótinn í þorskígildum er því nú 465 þúsund tonn.

Brottkast er mikið vandamál í fiskveiðistjórnunarkerfum. Þannig er talið að tæplega 30 milljónum tonna af fiski sé hent í heiminum, aðallega í Mexíkóflóa. Miðað við að heimsaflinn er 100 milljón tonn sést umfang brottkastsins vel á þessu. Brottkast hefur einnig verið vandamál hér á landi.

Framsal veiðiheimilda

Eitt aðalatriðið við hagkvæma stýringu fiskveiða er að þeir einir eigi að stunda veiðar sem best eru til þess hæfir. Þeir gera út með hagkvæmni og fiska vel með litlum kostnaði. Þeir verða þá að geta bætt við sig veiðiheimildum og hinir sem lakar standa fara þá út úr greininni. Þetta eru sömu reglur og eru í viðskiptalífnu almennt.

Sá sem rekur verslun er í samkeppni við aðrar verslanir. Sá sem stendur sig vel verður kominn með 2–3 verslanir á sama tíma og annar hrökklast út af markaðnum. Þetta er frjálsa markaðskerfið. Það hefur verið innleitt í fiskveiðistjórnunarkerfið með því að heimila framsal, en það hefur einmitt verið gagnrýnt mikið í núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi.

Framsal í fiskveiðistjórnunarkerfi miðar að því að laða fram hagkvæmni. Fyrsta úthlutun veiðiheimilda getur leitt til þess að óhagkvæmar útgerðir séu í rekstri og böðlist við að gera út þó að þær hafi hvorki til þess aðstæður né getu. Þeir sem stunda fiskveiðar á hagkvæman hátt verða að hafa tók á því að ná sér í viðbótarveiðiheimildir. Þess vegna var framsalið sett inn í kerfið og það þekkist einnig erlendis.

Framsal hér á landi er tvenns konar. Annars vegar að veiðiheimildir gangi kaupum og sölum. Þá selur útgerðarmaður A hluta af aflahlutedeild sinni eða alla hlutdeildina til útgerðarmanns B og næst þegar er úthlutað fær útgerðarmaður B kvóta úthlutað til eins árs á grunni þessarar aflahlutdeildar. Þetta er eins og verið hefur hér alla tíð. Skip hafa gengið kaupum og sölum milli landshluta eða útgerðarmanna.

Hins vegar er annað form framsalsins, þ.e. kvótaleiga, sem hefur verið gagnrýnt mun meira. Kvótaleiga byggist á því að leigt er innan ársins. Sá sem fær úthlutað t.d. 100 tonnum af þorski veiðir ekki nema 80 tonn og leigir út 20 tonn. Slík skipti eru mjög algeng milli sömu útgerðar sem gerir út t.d.

þrjú skip. Þá eru veiðiheimildir sameinaðar á færri skip og ef til vill er eitt skip tekið úr umferð en það getur verið hagkvæmt.

Einnig þekkjast skipti á veiðiheimildum. Sá sem sérhæfir sig í grálúðu fær grálúðu frá öðrum og lætur karfa í staðinn til þess aðila sem sérhæfir sig í karfa. Þetta eru eðlileg viðskipti sem leiða til hagkvæmni og sérhæfingar í útgerðarháttum. Hins vegar er gagnrýnt þegar menn leigja frá sér veiðiheimildir jafnvel ár eftir ár til óskyldra aðila.

Byggðakvóti

Nokkuð hefur verið rætt um það hvort ekki ætti að úthluta veiðiheimildum til annarra aðila en útgerða. Hægt er að úthluta kvóta á fiskvinnslustöðvar eða til sveitarfélaga sem síðan úthluta þeim innan síns sveitarfélags. Sveitarfélögin hafa þann rétt í núverandi kerfi að ganga inn í kaup ef seldur er kvóti frá viðkomandi byggðarlagi.

Ef kvóta yrði hins vegar úthlutað til að efla byggðarlög nota menn mikilvægustu auðlind landsins sem verkfæri í byggðastefnu. Úthlutun kvóta á byggðir getur þýtt að ekki sé náð í fiskinn með sem hagkvæmustum hætti. Þarna er því reynt að uppfylla önnur markmið.

Það er hægt að hugsa sér byggðakvóta þannig að þeim sem fá honum úthlutað sé skylt að landa hluta aflans í heimasveitarfélagi og ekki sé leyfilegt að framselja nema takmarkaðan hluta hans. Úthlutun kvóta til sveitarfélaga snýst um byggðastefnu sem tengist ekki nema að hluta til fiskveiðistjórnunarkerfinu. Það ber að hafa í huga að byggðamynstur hérlendis er einsdæmi í Evrópu. Sextíu af hundræði þjóðarinnar búa á höfuðborgarsvæðinu og hvergi er jafn stór hluti þjóðar í Evrópu sem býr svona þétt.

Hægt er að hugsa sér annars konar úthlutun á aflaheimildum en í tonnum. Það er hægt að úthluta sporðakvóta eða stykkjakvóta. Ef einhver fær úthlutað tíu þorskum vill hann veiða fiskinn sem allra stærstan. Þetta gæti verið hagkvæmt fyrir stofninn og vinnsluna. Það væri hins vegar hætt við í slíku kerfi að smærri fiski yrði einfaldlega hent vegna þess að menn vilja nýta stykkjakvótann sinn með sem stærstum fiskum. Þetta er þó eitt af því sem hægt er að velta fyrir sér varðandi fiskveiðistjórnunarkerfið.

Fyrirkomulag smábátaveiða

Smábátar eða krókabátar hafa sérstakt kerfi. Ný lög kveða á um að þeir fái 13,9% hlutdeild í leyfilegum þorskafli. Þetta þýðir að verði aukning í þorskveiðum njóta þeir þess.

Núna verða krókabátar að velja milli þorskafilahámarks eða sóknarkerfis

með línu og handfæraleysi eða sóknarkerfis með einungis handfæraleysi. Hver flokkur er með sína eigin viðmiðun þannig að veiði þeir sem eru á sóknarmarki meira en ætlað var, kemur það fram í fleiri banddögum árið eftir. Flestir hafa nú valið sér aflahámark en þó nokkrir eru á sóknarmarki. Þeir hafa veitt vel og mun það koma fram í mun færri róðrardögum eða fleiri banddögum á næsta ári.

Smábátar sem velja aflamarkið mega framselja kvóta sín á milli og fá líka að kaupa til sín kvóta eða leigja frá öðrum fiskiskipum. Hins vegar er ekki heimilt að framselja kvóta af krókabát yfir á stærri skip, t.d. togara. Þetta er því nokkurs konar einstreymisloki og er sett inn í kerfið til að koma í veg fyrir að t.d. frystitogarar kaupi upp kvóta smábáta.

Smábátar hafa nokkra sérstöðu hérlendis vegna þess að þeir eru mjög margir, afli þeirra hefur aukist og þeir skipta verulegu máli í vinnslu og atvinnu fjölmargra byggðarlaga. Þannig væru vafalítið margir staðir á Vestfjörðum þegar farnir í eyði ef ekki væri þar öflug smábátaútgerð.

Fiskveiðistjórnun erlendis

Fiskveiðistjórnun erlendis er með misjöfnum hætti. Þar var byrjað með líffræðilegar takmarkanir eins og möskvastærðir, svæðalokanir og ákvörðun um leyfilegan heildarafla. Það er þó fyrst hin síðari ár sem þjóðir heimsins hafa tekið upp hagræna stjórnun við fiskveiðar. Flestar þjóðir eru þó ekki með mikla hagræna stjórnun við fiskveiðar. Margar þeirra hafa mismunandi stjórnunaraðferðir gagnvart einstökum fisktegundum. Eftirfarandi gildir fyrir einstök lönd:

- Fiskveiðistefna Evrópusambandsins er þannig að framkvæmdastjórnin í Brussel ákveður heildarkvóta og skiptir honum á einstök lönd, m.a. eftir sögulegri veiðireynslu. Það er síðan einstakra landa að ákveða hvaða kerfi þau hafa við veiðarnar. Þar er fjölbreytt flóra stjórnunaraðferða, t.d. leyfilegur heildarafla og frjálssar veiðar, aflamark og sóknarmark.
- Þróunin annars staðar hefur verið í átt að aflamarki. Má þar nefna Noreg og Kanada. Hins vegar takmarkar Noregur mjög framsal veiðheimilda. Norðmenn hafa í sumum veiðum frjálssar veiðar með leyfilegum heildarafla en einnig aflamark sem ekki er framseljanlegt. Norska kerfið er ekki talið sérstaklega hagkvæmt.
- Ástralir hafa aflamarkskerfi að hluta og stefna að því að taka það upp í auknum mæli.

- Ný-sjálenska kerfið er fyrirmynd víða og er talið skila bæði hagkvæmni og góðri stöðu fiskistofna. Þeir eru með aflakvótakerfi eins og við og heimila framsal. Þeir eru með veiðileyfagjald sem stendur undir hluta af kostnaði hins opinbera við sjávarútveg.
- Bandaríkjamenn eru ekki með mikla stjórn á sínum veiðum, aðallega með leyfilegan heildarafla og frjálsar veiðar.
- Kanada skipuleggur flestallar botnfiskveiðar sínar eftir aflamarki svo og meirihluta af uppsjávarveiðum. Þar er hins vegar algengt að ekki sé heimilt að framselja kvóta.
- Japanir byggja nokkuð á því að menn fá einkarétt til að stunda fiskveiðar á tilteknum stöðum.
- Í Suður-Ameríku hafa stóru fiskmjölsþjóðirnar, eins og Chile og Perú, aðallega takmarkað afla með leyfilegum heildarafla og sóknarmarki. Aflamark er þó að ryðja sér þar meira til rúms.

Í nýrri skýrslu sem var unnin fyrir Evrópuþingið um fiskveiðistjórnun eftir 2002, en þá á að endurskoða sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins, kemur fram að sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins sé slök svo og almennar sóknartakmarkanir. Í skýrslunni er talið að fjögur lönd séu með hlutina í lagi, þ.e. Falklandseyjar sem hafa veiðileyfagjald, Ísland og Nýja-Sjáland með framseljanlega aflakvóta á skip og Namibía sem hefur náð verulegum árangri með veiðileyfagjald en þar er ekki leyft framsal. Verðmæta-sköpun í sjávarútvegi í Namibíu hefur tvöfaldast og veiðileyfagjald nemur nú um 15% af verðmæti landaðs afla.

OECD hefur lagt mat á fiskveiðistjórnunarkerfi tuttugu og fimm aðildarríkja sinna. Niðurstaðan er að ákvörðun um leyfilegan heildarafla og frjálsar veiðar til að ná þeim afla sé vont kerfi. Kvóti á skip sé betri og með framsali lagist reksturinn, en kvótar færast þá á færri hendur og litlum skipum fækki. Sóknarmark kemur ekki vel út úr mati OECD. OECD hefur áhyggjur af brottkasti og telur að náð samráð um stjórnun sé nauðsynlegt og að friður ríki um kerfið.

Aflakvótar sem einkaeign

Hin fræðilega umræða um fiskveiðistjórnunarkerfi hefur síðari misseri beinst að eignarrétti, þ.e. hvort hægt sé að ná betri árangri við fiskveiðistjórnun með því að tryggja eignarrétt á aflakvótunum. Þessi umræða er athyglisverð, ekki síst í ljósi þess að hér á landi er skýrt kveðið á um sameign þjóðarinnar á auðlindum sjávar. Ein af meginröksemdunum fyrir

veiðileyfagjaldi er einmitt sú að rétt sé að þeir sem nýti auðlindirnar greiði gjald til eigandans, þ.e. almennings, fyrir notkun þeirra.

Hugmyndir eru einnig um að leigja kvóta til lengri tíma eða jafnvel selja hann þar sem hann sé þegar afskrifaður og veðsettur í bókum útgerðar-fyrirtækja. Ástæðan fyrir umræðu um eignarrétt á auðlindum er sú að einka- eignarréttur hefur kosti í nútímahagkerfi fram yfir almannaeygn. Að því leyti til halda ýmsir því fram að fiskistofnar hafi enga sérstöðu miðað við aðrar auðlindir í hagkerfinu.

Lokaorð

Alþjóðlegar rannsóknir hafa sýnt að afkastageta okkar í fiskveiðum, bæði á skip og hvern sjómann, er með því mesta í heiminum. Hér kemur til gott skipulag, góðir sjómenn, góð tækni en ekki hvað síst gjöful fiskimið.

Tvíhöfðanefnd fyrri ríkisstjórnar komst að þeirri niðurstöðu að aflamarkskerfi með sem frjálsustu framsali hefði yfirburði yfir önnur stjórnkerfi. Þessi niðurstaða sem birtist árið 1993 var í reynd lögfest 1990 þegar aflamarkskerfi með framsali var gert að almennri reglu hér á landi í botnfiskveiðum, en slíkt kerfi hafði verið við lýði við loðnu- og síldveiðar í miklu lengri tíma.

Við verðum að hafa kerfi þar sem fiskveiðiarður myndast. Það er fiskveiðiarðurinn sem á að standa undir lífskjörum framtíðarinnar, m.a. með veiðileyfagjaldi. Það er engin fjarstæða að ætla það að hægt sé að taka út úr sjávarútvegi allt að 20 milljörðum kr. á næstu árum ef við stöndum vel að stjórnun í fiskveiðum en skilja samt eftir góðan hagnað í greininni.

Hægt er að benda á margvíslegar auðlindir í hagsögunni þar sem auðlindaarðurinn eða fiskveiðiarðurinn getur numið þessu hlutfalli. Veiðileyfagjald greiðir þá ekki einungis allan kostnað samfélagsins við sjávarútveg heldur er hægt að lækka aðra skatta, t.d. tekjuskatta einstaklinga.

Það er hægt að búa til stjórnkerfi sem leiðir ekki til neins fiskveiðiarðs og hægt er að lifa við það. Hins vegar færðu menn þá á mis við verðmæti sem auðlindir landsins fela í sér.

Skynsamlegt fiskveiðistjórnunarkerfi við nýtingu á sameign þjóðarinnar er lykilatriði í því að búa landsmönnum góð lífskjör á næstu öld.

Íslenskur sjávarútvegur – Breytingar síðustu áratugi og afkomumælingar¹

Inngangur

Í greininni er lýst helstu breytingum í íslenskum sjávarútvegi undanfarna áratugi og gerð grein fyrir afkomu fyrirtækja og sambandi afkomu og ytri áhrifa. Sjávarútvegur, sem er skipt í útgerð og fiskvinnslu, skiptir miklu máli í íslensku hagkerfi þótt vægið hafi minnkað. Á töflu 1 sést hlutdeild sjávarútvegs í landsframleiðslunni árið 1975, 1990 og 2000, skipt eftir útgerð og fiskvinnslu og hlutur sjávarútvegs á vinnumarkaði, í vöruútflutningi og gjaldeyristekjum fyrir sömu ár

	1975	1990	2000
Hlutdeild sjávarútvegs í landsframleiðslu þar af útgerð þar af fiskvinnsla	12,7% (6,6%) (6,1%)	14,9% (10%) (4,9%)	9,9% (5,9%) (4%)
Hlutdeild sjávarútvegs í atvinnuþátttöku þar af útgerð þar af fiskvinnsla	13,3% (5,3%) (8%)	11,6% (5,6%) (6%)	9% (3,9%) (5,1%)
Hlutdeild sjávarútvegs í vöruútflutningi	77,7%	75,5%	63,7%
Hlutdeild sjávarútvegs í gjaldeyristekjum	51,2%	55,9%	41,2%

Tafla 1: Helstu hagstærðir í sjávarútvegi 1975, 1990 og 2000.

Eins og sést í töflu 1 hefur vægi sjávarútvegs minnkað verulega, sérstaklega síðustu tíu ár en einnig ef horft er til síðustu tuttugu og fimm ára. Vinnuafli hefur minnkað, sérstaklega í fiskvinnslu, svo og hlutdeild í vöruútflutningi og gjaldeyristekjum landsmanna. Vægi sjávarútvegsins markast nú fyrst og fremst af mjög sterkri stöðu í gjaldeyrisöflun landsmanna.

Ísland er meðal stærstu fiskveiðipjóða í heimi. Árið 1999 veiddu Íslendingar 2 milljónir tonna og voru í 11. sæti heimslistans. Langstærsta fiskveiðipjóð heims er Kína. Árið 1994 var fiskeldi 20,8 milljónir tonna en árið 1999 var það orðið 32,9 milljónir tonna og hafði aukist um 58% á 5 árum. Veiddur heildaraffi utan fiskeldis árið 1999 var 91,4 milljónir tonna en 92,3

¹ *Rannsóknir í félagsvísindum IV*. Háskólaútgáfan. Reykjavík 2003.

milljónir tonna árið 1999 sem er aðeins 1% aukning á fimm árum. Aukning síðustu ára er því nær eingöngu í fiskeldi. Fiskeldi er lítið á Íslandi en hefur aukist síðustu ár. Fyrirætlanir um stóraukið laxeldi hafa lítið dagsins ljós auk þess sem þorskeldi er í tilraunaframleiðslu á nokkrum stöðum. Efnahagsleg staða Íslands er sterk í samanburði ríkja innan OECD en árið 2001 var landsframléiðsla á mann í Bandaríkjadöllum á jafnvirðiskvarða (e: purchasing power parity, PPP) 30.400 sem skilaði Íslandi í fimmta sæti af þrjátíu þjóðum OECD.

Sjávarútvegur er að mörgu leyti frábrugðinn öðrum atvinnugreinum. Fiskurinn, sem er aðalframleiðsluþátturinn, er villt dýr sem er venjulega veitt í úthafinu eða nálægt ströndum til manneldis og til fódurs. Slíkt fyrirkomulag í matvælaframleiðslu er mjög sjaldgæft í heiminum. Flest dýr til neyslu eru ræktað eða hýst á afmörkuðum svæðum svipað og í fiskeldi. Fiskurinn er auk þess einstaklega viðkvæm, lífræn lífvera með miklu viðkvæmara hold en kjöt af spendýrum. Fiskur skemmist auðveldlega eftir veiðar ef ekki eru strax gerðar ráðstafanir til að verja hann, t.d. með kælingu eða frekari vinnslu eins og frystingu eða söltun. Gæðamál eru því einstaklega mikilvæg í sjávarútvegi. Veiðislóðir fisks eru auk þess venjulega mjög dreifðar og sjósókn er mjög háð náttúrulegum skilyrðum eins og veðri.

Mikil óvissa er bundin fiskveiðunum þótt tækniframfarir, sérstaklega á sviði fiskileitartækja, hafi verið miklar undanfarna áratugi. Sjávarútvegur er því áhættusöm atvinnugrein og stjórnun í sjávarútvegi, hvort sem er á hálfu hins opinbera eða innan fyrirtækja, er mjög erfið í samanburði við aðrar atvinnugreinar. Markaðssetning fiskafurða á alþjóðlegum mörkuðum er oft erfiðleikum bundin vegna styrkjastefnu ýmissa landa gagnvart framleiðendum sem er svipuð íhlutun og er algeng í landbúnaði. Lítið vægi sjávarútvegs í flestum löndum hefur valdið því að enn skortir á samræmdar upplýsingar um slíka vernd og af pólitískum ástæðum virðist víða ekki vera áhugi á að bæta þar úr.

Þrjár meginbreytingar á síðustu þrjátíu árum

Í þessari grein er mikilvægum breytingum í sjávarútvegi síðustu áratuginna skipt í þrettán flokka en þrír þeir fyrstu eru mikilvægastir.

Í fyrsta lagi er útfærsla landhelginnar en á Íslandi einkenndist tuttugasta öldin af útfærslu landhelginnar og deilum við nágrannaþjóðir okkar um hana. Árið 1958 var fiskveiðilögsagan færð út í 12 mílur, í 50 mílur árið 1972 og í 200 mílur árið 1975. Nú er 200 mílna fiskveiðilögsaga almenn regla á heimshöfunum en séu minna en 400 mílur milli landa ræður miðlína.

Útfærsla landhelginnar hafði gífurleg áhrif á hagkerfi Íslendinga, ekki hvað síst vegna þess að þá fengum við stjórn á fiskimiðunum og gátum sett reglur til að koma í veg fyrir ofveiði, en það var algerlega ókleift að ná alþjóðlegri samstöðu um slíkt fyrir nokkrum áratugum. Ef landhelgin hefði ekki verið færð út á sínum tíma, í þeim áföngum sem þá voru mögulegir, er líklegt að ofveiði hefði orðið slík á Íslandsmiðum að fiskistofnar hefðu vart beðið þess bætur. Mannkynssagan geymir fjölmörg dæmi um hvernig auðlindum fátækra þjóða var gersamlega eytt af erlendum aðilum. Frá 1976 hafa veiðar við Ísland nær eingöngu verið stundaðar af íslenskum skipum fyrir utan stuttan aðlögunartíma Breta og Þjóðverja. Nokkrir samningar eru við aðrar þjóðir, svo sem Færeyinga og Belga, auk EES-samningsins sem fól m.a. í sér skipti á veiðiheimildum við Evrópusambandið. Útlendingar hafa þó sáralítið veitt við Ísland undanfarna tvo áratugi.

Í öðru lagi er fiskveiðistjórnunarkerfið en grundvallarbreytingar hafa orðið á stjórn fiskveiða hérlendis síðustu þrjá áratugina. Engar takmarkanir voru settar við veiðar Íslendinga eða útlendinga við landið mestan hluta tuttugustu aldarinnar. Á áttunda áratugnum var leyfilegur heildaraflí ákveðinn fyrir einstakar tegundir en oft var veitt fram yfir það. Aflaheimildir á einstök skip voru fyrst settar við uppsjárveiðar en árið 1984 var sett á kerfi þar sem botnfiskveiðiskip gátu valið milli aflamarks (kvóti á hvert skip) eða sóknarmarks sem er heft sókn innan leyfilegs heildarafla. Frá árinu 1990 hefur aflamarkskerfi með framseljanlegri aflahlutdeild (e: individual transferable share quota system) verið aðalreglan við allar veiðar við Ísland. Fiskveiðistjórnunarkerfi í Namíbíu, Hollandi og Nýja-Sjálandi eru lík því íslenska. Á töflu 2 sjást nokkur ártöl í þróun veiðistjórnunar hérlendis. Eftir 1990 hafa ekki orðið grundvallarbreytingar á stjórnkerfinu fyrir utan að árið 2002 var lagt á veiðileyfagjald (veiðigjald), þ.e. gjald á þá sem fá úthlutað aflaheimildum. Frá árinu 1990 hafa einnig verið gerðar nokkrar breytingar á stjórnun smábátaveiða en þær hafa ekki breytt grundvellingnum, sem er aflamarkskerfi framseljanlegra aflahlutdeilda. Þessar breytingar hafa þó aukið afla smábáta.

Í kerfi framseljanlegra hlutdeildarkvóta er leyfilegur heildaraflí ákveðinn af sjávarútvegsráðherra fyrir hvert ár að fengnum tillögum fiskifræðinga. Ákvörðun ráðherra á einungis að breytast innan ákveðinna marka (aflaregla) milli einstakra ára. Aflahlutdeild, sem er hlutdeild í heildarafla viðkomandi fisktegundar, er úthlutað á einstök skip og byggist hún upphaflega á afla skipsins á tilteknum þremur viðmiðunarárum og breytist ekki milli ára.

Einfalt dæmi skýrir þetta kerfi. Bátur sem á 0,1% aflahlutdeild í ýsu fær úthlutað aflamarki upp á 50 tonn af ýsu ef leyfilegur heildaraflí á ýsu er

Ár	Breyting í fiskveiðistjórnun
1972	fiskveiðilögsagan færð út í 50 mílur
1975	fiskveiðilögsagan færð út í 200 mílur
1976	aflakvótar á skip við síldveiðar
1976	heildarkvóti í þorskveiðum
1977	sóknarmark við þorskveiðar
1979	framseljanlegir aflakvótar á skip í síldveiðum
1980	aflakvótar á skip við loðnuveiðar
1984	framseljanlegir aflakvótar á skip og sóknarmark við botnfiskveiðar
1986	framseljanlegir aflakvótar á skip við loðnuveiðar
1990	framseljanlegir aflakvótar á skip sem almenn regla við allar veiðar
2002	veiðileyfagjald lagt á

Tafla 2: Helstu breytingar í fiskveiðistjórnun frá árinu 1972.

ákveðinn 50.000 tonn fyrir næsta fiskveiðiár. Fiskveiðiárið er frá 1. september til 31. ágúst á næsta ári. Fyrirtækið sem á þennan bát getur veitt 50 tonninn á fiskveiðiárinu en það getur einnig leigt til sín aflamark innan ársins frá öðrum útgerðum eða leigt frá sér aflamark sitt til annarra útgerða. Báturinn getur einnig geymt hluta úthlutaðs aflamarks milli ára. Einnig er hægt að selja hina varanlegu aflahlutdeild (0,1%) að hluta eða alla til annarra útgerða eða kaupa til sín aflahlutdeild frá öðrum útgerðum. Aflamark er þannig framseljanlegt innan ársins og aflahlutdeild getur einnig gengið kaupum og sölum. Ýmsar takmarkanir eru á því hve stóran hlut aflamarks má framselja og forkaupsréttur sveitarfélaga gildir við sölu aflahlutdeildar úr byggðarlagi.

Í þriðja lagi er Þjóðarsáttin en verulegar breytingar urðu á hagstjórn héraendis árið 1990 þegar Þjóðarsáttin var gerð undir forustu aðila vinnumarkaðarins með þátttöku stjórnvalda til að vinna bug á óðaverðbólgu og óstöðugleika. Frá 1980 til 1990 var árleg verðbólga að meðaltali 34% en frá 1990 til 2000 var árleg verðbólga að meðaltali 3%. Þetta er gífurlegur munur og kemur m.a. fram í bættri afkomu fyrirtækja í sjávarútvegi.

Aðrar veigamiklar breytingar í sjávarútvegi

Hér að framan var greint frá þremur meginbreytingum í sjávarútvegi. Þar að auki er hægt að lýsa tíu breytingum sem höfðu mikil áhrif.

- Í fjórða lagi var togarafloinn endurnýjaður á einum áratug, þeim áttunda. Sextíu af hundraði núverandi togarafloða var byggður á árunum 1970 til 1979. Endurnýjun skipakosts Íslendinga hefur oft áður gerst í slíkum stórum stökkum.

- Í fimmta lagi hófst tími frystitogara eftir 1980. Fyrir 1980 var nær enginn afl sjófrystur en árið 2000 voru 30% af heildarbotnfiskaflanum sjófryst. Afl aðalvéla í togurum stærri en 500 tonn meira en þrefaldaðist á árunum 1980 til 2000 en þetta eru einkum frystitogarar.
- Í sjötta lagi gerbreyttist verðákvörðunarkerfið í sjávarútvegi með tilkomu fiskmarkaða. Fiskmarkaðir tóku til starfa árið 1987 þar sem verð á fiski réðst af framboði og eftirspurn. Árið 2000 voru 25% af botnfiskaflanum, sem er mikilvægasta hráefni fiskvinnslunnar, seld á fiskmörkuðum að langmestu leyti til frekari vinnslu. Fyrir 1987 var verð á fiski til vinnslu ákveðið með virkri þátttöku stjórnvalda. Efnahagsstefna stjórnvalda, svo sem gengisstefnan, var oft mörkuð í tengslum við fisksverðsákvörðanir.
- Í sjöunda lagi breytti skipulagður hlutabréfamarkaður miklu fyrir sjávarútvegsfyrirtæki. Af 48 fyrirtækjum á aðallista Kauphallar Íslands (áður Verðbréfaþings Íslands) voru 16 fyrirtæki úr sjávarútvegi í byrjun ágúst 2002. Markaðsvirði þessara 16 fyrirtækja var þá 148 milljarðar og 640 milljónir kr. Af þeim 8 fyrirtækjum sem voru þá á sérstökum vaxtalista Kauphallarinnar voru 3 sjávarútvegsfyrirtæki. Skipulögð viðskipti með hlutabréf opnuðu nýjar leiðir fyrir fyrirtæki að afla sér eigin fjár og nýttu sjávarútvegsfyrirtæki það mikið.
- Í áttunda lagi varð mikill láréttur samruni fyrirtækja í sjávarútvegi á níunda og tíunda áratug síðustu aldar og náði sá samruni oft yfir landshluta og stundum yfir fleiri en tvo. Af þeim 16 fyrirtækjum sem skráð eru í Kauphöll Íslands og áður voru nefnd hafa 10 gengið í gegnum samruna við önnur fyrirtæki. Eitt þessara fyrirtækja fór í gegnum 4 samruna, þrjú í gegnum 3 samruna, tvö í gegnum 2 samruna og fjögur fyrirtæki í gegnum 1 samruna. Í töflu 3 er listi yfir þau 16 fyrirtæki sem eru skráð á aðallista Kauphallarinnar, markaðsvirði þeirra í byrjun ágúst 2002 og hvaða samruni átti sér stað. Eitt stórt sjávarútvegsfyrirtæki, Útgerðarfélag Akureyringa, er ekki lengur skráð í Kauphöll Íslands þar sem það er orðið dótturfélag Eimskipafélags Íslands.
- Í níunda lagi hafa veiðar utan íslensku 200 mílna fiskveiðilögsögunnar aukist verulega eftir 1990, m.a. í Barentshafi og á Flæmska hattinum. Það var nýtt að þetta væri gert í stórum stíl í botnfiskveiðum en veiðar á uppsjávarfiski víða um heim þekktust í nokkrum mæli hjá Íslendingum á áttunda áratugnum.
- Í tíunda lagi var algengt eftir 1992 að flytja inn hráefni, t.d. frosinn þorsk af rússneskum skipum og rækju, til að vinna frekar héraendis.

Nafn fyrirtækis og höfuðstöðvar	Markaðsverðmæti í milljónum kr. í ágúst 2002	Fyrirtæki sem sameinuðust
Bakkavör-Group, Reykjanesbær	13.540	
Fiskiðjusamlag Húsavíkur	820	
Grandi, Reykjavík	8.280	Bæjarútgerð Reykjavíkur, Ísbjörninn og Hraðfrystistöðin í Reykjavík, öll í Reykjavík
Haraldur Böðvarsson, Akranesi	5.940	Haraldur Böðvarsson, Heimaskagi, Síldar- og fiskimjölsverksmiðjan, Krossvík, öll á Akranesi, og Miðnes, Sandgerði
Hraðfrystihús Eskifjarðar, Eskifirði	3.750	
Hraðfrystihúsið-Gunnvör, Ísafirði	4.110	Hraðfrystihúsið Hnífsdal, Íshúsfélag Ísfröðinga og Gunnvör, öll á Ísafirði
Samherji, Akureyri	17.600	BGG-Snæfell á Dalvík, Lýsi og mjöl í Grindavík og Hrönn á Ísafirði
SÍF, Reykjavík	6.340	SÍF og Íslenskar sjávarafurðir, bæði í Reykjavík
Síldarvinnslan, Neskaupstað	6.530	Skipaklettur á Reyðarfirði
Skagstrendingur, Skagaströnd	1.720	Dvergasteinn á Seyðisfirði
SR-mjöl, Reykjavík	4.490	
Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna	6.750	
Tangi, Vopnafirði	1.100	
Vinnslustöðin, Vestmannaeyjum	5.870	Vinnslustöðin og Fiskiðjan, bæði í Vestmannaeyjum
Þorbjörn-Fiskanes, Grindavík	5.950	Þorbjörn í Grindavík, Bakki í Hnífsdal, Fiskanes í Grindavík og Valdimar í Vogum.
Þormóður rammi-Sæberg, Siglufirði	5.850	Þormóður rammi í Siglufirði, Sæberg, og Magnús Gamalielsson, bæði á Ólafsfirði og Árnes í Þorlákshöfn

Tafla 3: *Sjávarútvegsfyrirtæki á aðallista Kauphallar Íslands, markaðsvirði þeirra í byrjun ágúst 2002 og samruni við önnur fyrirtæki.*

Árið 1998 var magn þessa innflutnings 215.000 tonn af botn- og uppsjávarfiski. Síðan þá hefur dregið verulega úr slíkum innflutningi á botnfiski.

- Í ellefta lagi jókst afli smábáta verulega eftir 1980. Til skamms tíma hefur verið sérstakt stjórnkerfi fyrir veiðar smábáta, blanda af aflamarks- og sóknarkerfi. Þorskaflí smábáta hefur aukist verulega. Hlutdeild smábáta í heildaraflaverðmæti fjórfaldaðist á fimmtán ára tímabili frá 1982 til 1997 og vélarafli báta undir tólf brúttólestum meira en tvöfaldaðist á þessum tíma.

- Í tólfta lagi juku íslensk fyrirtæki starfsemi sína erlendis eftir 1990. Þau keyptu starfandi fyrirtæki eða fóru í samstarf við heimaaðila í sjávarútvegi í Chile, Frakklandi, Kanada, Mexíkó, Noregi, Spáni og Þýskalandi. Þátttaka í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja erlendis, fyrir utan verksmiðjur söluvirkjanna, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og fyrrum Sambands íslenskra samvinnufélaga, var mjög sjaldgæf fyrir 1990. Öflug markaðssetning sjávarafurða hefur einkennt síðustu ár.
- Í þrettánda lagi hefur sú þróun haldið áfram að stærri fyrirtæki hafa stækkað á sama tíma og litlum fyrirtækjum hefur fjölgað. Stórfyrirtæki eru þau sem hafa fleiri en sextíu ársverk. Árið 1997 voru 4% af sjávarútvegsfyrirtækjum af þeirri stærð en árið 1983 var þetta hlutfall 6%. Lítil fyrirtæki, eða lítil og meðalstór fyrirtæki (e: small and medium-sized enterprises, SMEs), eru þau sem hafa færri en tíu ársverk. Árið 1983 var hlutdeild þessara fyrirtækja 70% en árið 1997 var það hlutfall 81%. Fyrirtækjum fjölgaði alls um 14% á þessum tíma. Starfsemi fiskmarkaða eftir 1987 og bætтар samgöngur auðvelduðu mjög stofnun nýrra fyrirtækja í fiskvinnslu.

Afkoma sjávarútvegsfyrirtækja

Afkoma fyrirtækja í sjávarútvegi hefur sveiflast mjög mikið síðustu tvo áratugi. Þrenns konar rekstrarárangur er oftast lagður til grundvallar, þ.e. hagnaður af reglulegri starfsemi, hagnaður fyrir afskriftir, vexti og verðbreytingafærslur, þ.e. verg hlutdeild fjármagns (VHF) og hagnaður eftir árgreiðsluáðferð. Árgreiðsluáðferð er aðferð sem Þjóðhagsstofnun notaði til að leggja mat á afkomu sjávarútvegsfyrirtækja. Í stað þess að miða við bókfærða vexti fastafjármuna og afskrifta er dreginn frá kostnaður vegna þessara liða. Sá kostnaður er árgreiðsla sem byggir á verðmæti fastafjármuna, eins og húsnæðis og tækja í fiskvinnslunni, að teknu tilliti til endingartíma, og tryggingaverðmæti fiskiskipa í útgerðinni. Ávaxtað er með tilteknum vöxtum. Ein af ástæðum fyrir þessari aðferð er að geta skilið betur á milli fiskvinnslu og útgerðar innan fyrirtækja en slík aðgreining er ekki alltaf gerð í ársreikningum sjávarútvegsfyrirtækja.

Hér er unnið út frá meðaltölum fyrir umfangsmikla atvinnugrein sem er ekki aðeins mjög sveiflukennnd heldur sýnir einnig mikla dreifingu innbyrðis. Þannig var algengt á árum áður, þegar lagt var mat á afkomu fyrirtækja í fiskvinnslu í tengslum við fiskverðsákvæðanir Verðlagsráðs, að fjórðungur fyrirtækjanna væri ábyrgur fyrir þremur fjórðu hlutum tapsins. Þannig var oft dágóður fjöldi fyrirtækja með ágæta afkomu þótt meðaltalið sýndi

verulegt tap og ráðstafanir stjórnvalda miðuðu að því að eyða meðaltapinu, a.m.k. til skamms tíma. Þótt þessi munur innan atvinnugreinarinnar hafi minnkað vegna meiri samkeppni er verulegur munur enn á afkomu einstakra fyrirtækja.


Á töflu 4 sést hagnaður fyrir afskriftir, vexti og verðbreytingafærslur (VHF) á árunum 1980 til 2001 fyrir sjávarútvegsfyrirtæki og er sundurliðið eftir útgerð og fiskvinnsla. Í töflu 4 er í 5. dálki sýnd magnvísitala afla. Í 6. dálki er raungengi krónunnar miðað við hlutfallslegt verðlag en raungengi lýsir m.a. samkeppnisstöðu sjávarútvegsfyrirtækja miðað við erlend fyrirtæki. Breyting á raungengi hefur mikil áhrif á afkomu í sjávarútvegi.

Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og verðbreytingafærslur sem hlutfall af rekstrartekjum (VHF)

Ár	Fiskveiðar	Fiskvinnsla	Sjávarútvegur (VHF)	Magnvísitala (m)	Raungengi (r)
1980	10,1	5,9	7,4	100	100
1981	5,4	7,7	6,9	99,9	104,4
1982	1,9	3,2	2,7	88,1	95,8
1983	6,2	2,3	3,7	82,6	90,3
1984	9,7	6,1	6,3	92,9	94,7
1985	12,4	6,4	8,0	105,3	93,2
1986	15,6	9,9	10,6	119,4	95,0
1987	15,5	8,6	11,5	130,5	104,1
1988	17,1	9,7	13,0	140,6	109,4
1989	16,4	13,9	15,0	133,2	100,6
1990	19,5	9,1	14,2	128,9	97,3
1991	18,1	6,6	12,3	122,8	99,9
1992	18,7	9,7	14,0	124,1	99,8
1993	19,4	10,7	14,8	126,8	94,4
1994	18,4	12,5	15,2	123,4	89,3
1995	20,6	8,5	14,1	124,3	89,4
1996	19,7	6,0	12,3	133,3	89,7
1997	16,2	10,5	13,1	120,4	90,5
1998	18,5	12,6	14,4	114,6	91,9
1999	17,1	9,9	12,4	125,8	93,6
2000	17,7	10,8	13,1	107,4	96,2
2001	28,5	19,4	23,5	115,9	83,6

Tafla 5: Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og verðbreytingafærslur (VHF) fyrir sjávarútvegsfyrirtæki, magnvísitala og raungengi 1980–2001

Á mynd 1 sést hagnaður fyrir afskriftir, vexti og verðbreytingafærslur (VHF) frá 1980 til 2001 eða fyrir tuttugu og tvö ár.



Mynd 1: Hagnaður 1980–2001 fyrir afskriftir, vexti og verðbreytingafærslur.

Í töflu 4 og í mynd 1 sést að útgerðin er með minnstan hagnað árið 1982, eða 1,9%, og mestan hagnað árið 2001, eða 28,5%. Meðalhagnaður allt tímabilið er 15,6%. Fiskvinnslan er með minnstan hagnað, 2,3%, árið 1983 og mestan hagnað, 19,4%, árið 2001. Meðalhagnaður fiskvinnslunnar er 9,1%. Sjávarútvegur í heild er með minnstan hagnað, 2,7%, árið 1982 og mestan hagnað, 23,5%, árið 2001. Meðalhagnaður á tímabilinu er 11,8%. Það sést greinilega á mynd 1 að hagnaðurinn fer hækkandi eftir því sem líður á tímabilið.

Sú tilgáta er hér sett fram að hægt sé að sýna hagnað fyrir afskriftir, vexti og verðbreytingafærslur (VHF) sem fall af magnvísitölu og raungengi. Það er rökrétt að hagnaður aukist eftir því sem veitt magn eða verð á fiskafurðum á erlendum mörkuðum hækkar og raungengi lækkar. Til að lýsa þessu sambandi er notuð margvið aðfallsgreining (e: multiple regression) og lógaritmi af vísitölunum til að sýna hlutfallslega þróun þeirra. Jafna (1) sýnir hagnað fyrir vexti og afskriftir á ári t , VHF(t), þar sem $m(t)$ er magnvísitala fyrir árið t og $r(t)$ er raungengi fyrir árið t , sbr. töflu 4 og er staðalskekkingu stuðlanna sýnd í svifum í jöfnu (1).

$$(1) \quad \text{VHF}(t) = 36,14 + 25 \cdot \ln m(t) - 31,4 \cdot \ln r(t)$$

(4,020) (9,264)

F-gildið er 22,14 og gefur til kynna marktæka skýrigetu líkansins. Aðhvarfsstuðullinn R er 0,84. Skoðun á t-gildunum sýnir að stuðlarnir eru marktækir við 5% öryggismörk. Formerki stuðlanna er eins og vænta mátti. Jafna (1) þýðir að hækki magnvísitalan úr 110 í 121 þýðir það hækkun á hagnaði um 2,4 prósentustig. Lækkun á raungengi úr 100 í 90 þýðir að hagnaðurinn eykst um 3,3 prósentustig. Þetta sýnir að breytingar í afla og raungengi hafa umtalsverð áhrif á hagnað sjávarútvegsfyrirtækja.

Niðurstöður og næstu skref

Hér hafa verið sýndar meginbreytingar í íslenskum sjávarútvegi síðustu áratugi. Þessum breytingum var skipt í þrettán flokka en þrír þeirra eru taldir hafa haft meiri áhrif en annað, þ.e. útfærsla landhelginnar, fiskveiðistjórnunarkerfið og Þjóðarsáttin. Þeim og öðrum breytingum er lýst. Skoðuð er afkoma fyrirtækja í sjávarútvegi, skipt eftir útgerð og fiskvinnslu, fyrir tímabilið 1980 til 2001 og koma í ljós miklar sveiflur. Sett er fram sú tilgáta að hægt sé að sýna hagnað fyrir afskriftir, vexti og verðbreytingafærslur sem fall af magnvísitölu afla og raungengis. Sú tilgáta stenst tölfræðilegar prófanir.


Í framhaldi af þessu gæti verið athyglisvert að greina frekar áhrif samruna meðal sjávarútvegsfyrirtækja og breytingar innan og milli landshluta. Einnig er áhugavert að bera breytingar á Íslandi saman við breytingar í öðrum löndum. Áætlanagerð í sjávarútvegi er athyglisvert efni, ekki síst með aðferðum aðgerðarannsóknna. Hægt er að beita línulegri bestun við áætlanagerð í sjávarútvegi. Fjárfestingar í íslenskum sjávarútvegi og framleiðnibreytingar eru einnig áhugaverðar, ekki hvað síst í alþjóðlegu samhengi. Könnun á áhrifum aukinnar menntunar í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum, einkum á sviði stjórnunar, gæti einnig orðið fróðleg. Einnig er áhugavert að greina betur áhrif minnkandi verðbólgu á fyrirtækjarekstur almennt en ekki aðeins í sjávarútvegi og samanburður milli landa á fiskveiðistjórnunarkerfum og kostnaði við þau er alltaf athyglisvert efni.

Geta Íslands til að veita þróunaraðstoð á sviðum sjávarútvegs¹

Sjávarútvegur er mikilvæg atvinnugrein í mjög mörgum þróunarlöndum. Heimsaflinn hefur aukist verulega undanfarin ár en aukning síðustu ára er öll vegna fiskeldis. Heildaraflinn árið 2002 var 130 milljón tonn og þar af var eldisfiskur 30 milljón tonn. Kína framleiddi þá 25 milljón tonn af eldisfiski og var með 40 milljón tonna heildarafla en Kína er langstærsta sjávarútvegsþjóð í heimi. Tæplega þrjátíu milljónir sjómanna eða fiskimanna eru í heiminum. Auk þess vinna tæpar tíu milljónir manns í fiskeldi.

Staða Íslands í sjávarútvegi heimsins og verkefni framundan

Mynd 1 sýnir helstu veiðiþjóðir. Ísland er meðal þeirra stærstu eða í 11. sæti. Sjávarútvegur er eina sviðið í heiminum þar sem Ísland telst til mikilvægar þjóða. Það er þeim mun merkilegra þegar haft er í huga að Ísland er í 173. sæti af 208 ríkjum heims miðað við fólksfjölda.



Mynd 1: Helstu fiskveiðiþjóðir heims árið 2002

¹ Fréttabréf Þróunarsamvinnustofnunar Íslands desember 2005.

Ísland er eitt ríkasta land í heimi miðað við landsframleiðslu á hvern íbúa. Þar erum við í 9. sæti á sambærilegu verðlagi. Hagkerfi okkar er hins vegar lítið enda fámenn þjóð. Við erum í 127. sæti af ríkjum heims miðað við landsframleiðslu.

Önnur Norðurlönd veita árlega til þróunaraðstoðar tvisvar til fimm sinnum meira en við, mælt sem hlutdeild af landsframleiðslu. Það er því engin ástæða fyrir okkur að bera höfuðið hátt í þeim efnunum.

Framlag okkar til þróunarmála sem hlutfall af landsframleiðslu hefur þó aukist nokkuð síðustu ár, einkum vegna framlaga til friðargæslu, sem eru flokkuð til þróunarmála, svo og vegna aukinna fjárframlaga í Alþjóðaframarastofnunina. Rúmlega 20% af þróunaraðstoð okkar er vegna friðargæslu, m.a. í Afganistan.

Þróunaraðstoð hefur ekki verið neinn umtalsverður þáttur í sjávarútvegi Íslendinga hvorki af hálfu opinberra aðila né fyrirtækja. Nokkuð hefur þó verið gert fyrir opinbert frumkvæði sem tengist sjávarútvegsmálum en íslensk fyrirtæki hafa nær alveg skilað auðu á þessum vettvangi.

Það hversu brýnt þetta verkefni er sést meðal annars á mikilli fólksfölgun á næstu árum. Vandamál næstu áratuga varðandi fæðuöflun, vatn og lífvænleg svæði til að búa á verða gífurleg. Tækniframfarir í vísindum, eins og í lífvísindum, munu hjálpa til við fæðuöflunina. Erfðabreytt matvæli verða örugglega óaðskiljanlegur þáttur í matarræði mannsins eftir nokkur ár. Sjávarfang og fiskeldi munu skipta þar sköpum.

Misskiptingin milli íbúa jarðarinnar er þó mjög mikil. Munurinn milli hinna ríku þjóða innan OECD, sem við tilheyrum, og hinna fátæku þjóða, sem eru tæpur helmingur jarðarbúa, er fimmtánfaldur og fer síst minnkandi. Það eru rúmlega 200 ríki í heiminum og um 100 þeirra teljast til þróunarlandanna. Af þessum 100 ríkjum varð samdráttur í landsframleiðslu á mann í um 30 ríkjum á árunum 1965 til 2000.

Sérstaða í sjávarútvegi hérlendis

Í töflu 1 eru talin upp tuttugu og eitt atriði sem hafa sérstöðu í sjávarútvegi hérlendis og eru átta atriði í fremri dálki þau sem geta sérstaklega komið að gagni við þróunaraðstoð.

Stjórnkerfi okkar í fiskveiðum er í meginatriðum gott og er fyrirmynd víða um heim. Ráðgjöf í þeim efnunum hefur verið nokkur og mætti vafalítið auka hana. Tæknistig er hátt í sjávarútvegi hérlendis og tækniráðgjöf hefur ávallt verið stór hluti okkar starfs. Dregið hefur þó úr opinberri tækniáðstoð

<ul style="list-style-type: none"> • Gott stjórnkerfi í veiðum • Hátt tæknistig í veiðum, vinnslu og sölu • Vel virkar opinberar rannsókn- og þjónustustofnanir • Umhverfsvandamál eru lítil • Góð almenn menntun og tiltölulega gott skólakerfi • Góðir vísindamenn á mörgum sviðum, margir á heimsmælikvarða • Mjög gott markaðskerfi • Fjölbjóðleg starfsemi einkum í markaðssetningu 	<ul style="list-style-type: none"> • Mikil veiðiafköst • Umfangsmikil atvinnugrein á heimsvísu • Þróuð atvinnugrein • Mikil fjölbreytni í atvinnugreininni • Mikilvæg í hagkerfi þjóðarinnar, einkum vegna gjaldeyrisöflunar • Sterk staða á stjórnkerfi landsins • Markaðslausnir ríkjandi og mjög lítil opinber framlög • Lítil skriffinnska í fyrirtækjum og hjá opinberum aðilum • Erfðir kjarasamningar • Mjög háð útlendingum í vinnslu • Forusta í alþjóðaráðstefnu í markaðsmálum (Groundfish Forum) • Minnkandi þátttaka á hlutabréfamarkaði • Mikilvæg í byggðapróun
--	---

Tafla 1: Sérstaða í sjávarútvegi hérlendis

víða, m.a. vegna þess að aukin tækni eykur hættu á ofveiði og ný tækni er mjög dýr.

Opinberar stofnanir á sviði sjávarútvegs gætu lagt meira til þróunarmála ef þær fengju til þess fjárhagslegt svigrúm. Þessar stofnanir eru Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Fiskistofa. Einnig mætti nefna Háskóla Íslands í þessu sambandi en þar eru sérhæfðar stofnanir sem gætu gert meira í þróunarmálum ef þær væru eflidar fjárhagslega. Sem dæmi innan Háskóla Íslands er Sjávarútvegsstofnun sem er þverfagleg rannsóknarstofnun, ýmis starfsemi í deildum sem snýr að sjávarútvegi, t.d. innan Raunvísindadeildar á sviði líftækni, innan Viðskipta- og hagfræðideildar á sviði fiskveiðistjórnunar og fyrirtækjareksturs og innan Félagsvísindadeildar í mannfræði.

Til sérstöðu sjávarútvegs hérlendis heyrta tengsl hans við umhverfismál. Við rekum okkar sjávarútveg í sátt við umhverfissamtök hérlendis að mestu leyti enda eru veiðarnar sjálfbærar. Við höfum mikla reynslu á alþjóðavettvangi af viðhorfum í umhverfis- og friðunarmálum sem snúa að hvalveiðum.

Sjávarútvegurinn hefur eina mjög mikilvæga sérstöðu á heimsvísu og hún er sú að fiskveiðar eru einu umtalsverðu veiðarnar á villtum dýrum til manneldis í heiminum. Öll önnur nýting á dýrum byggist nú orðið að langmestu leyti á ræktun eða eldi dýra á afmörkuðum svæðum. Við eigum því mikla sameiginlega hagsmuni með þróunarlöndunum varðandi það að hægt sé að stunda veiðar á fiski til manneldis á hagkvæman og sjálfbæran hátt.

Öfgahyggja í þessum efnum er mjög varasöm. Hér fara hagsmunir okkar og þróunarlandanna saman og það ætti að tengja þróunaraðstoð okkar baráttu fyrir því að upplýsa almenning á Vesturlöndum um þessi mál. Þróunarlöndin yrðu þar okkar drýgstu bandamenn.

Framlög okkar í tengslum við skóla Sameinuðu þjóðanna eru mjög mikilvæg. Sjávarútvegsháskóli Sameinuðu þjóðanna var stofnaður 1998 og þar er unnið gott starf sem tengist þróunarmálum og hefur sérstöðu innan sjávarútvegs hérlendis. Skólinn, sem er byggður upp sem sérnám að lokinni fyrstu háskólagráðu, er með þrjár til fjórar námsbrautir og starfar fjóra til fimm mánuði á ári. Hann er fjármagnaður að mestu með framlagi Íslands til Sameinuðu þjóðanna. Núna eru 20 nemendur þar frá fimmtán löndum. Síðastliðin fimm ár hafa 104 nemendur útskrifast úr skólanum. Þetta starf er mikilsvert framlag okkar og það ætti að auka það því 100 nemendur á fimm árum er ekki sérstaklega mikið.

Annar mikilvægur skóli Sameinuðu þjóðanna er Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Háskóli Sameinuðu þjóðanna er með aðalstöðvar í Japan og er Jarðhitaskólinn hluti hans. Jarðhitaskólinn felst í sex mánaða námskeiðum og þjálfun fyrir nemendur í jarðvísindum sem hafa fyrstu háskólagráðu og margir eru komnir lengra í námi. Þetta er framhaldsnám sem gagnast þróunarlöndunum mjög vel í sérhæfðum vísindum þar sem Íslendingar gegna forustuhlutverki. Framlög okkar Íslendinga til þessara tveggja deilda Háskóla Sameinuðu þjóðanna hefur síðustu tuttugu og fimm ár verið 12 milljónir dollara eða um 800 milljónir. Á þessu ári verður varið skv. fjárlögum fyrir árið 2005 til þessara tveggja skóla 118 milljónum kr. sem er engin ofrausn því þetta form þróunaraðstoðar hefur reynst mjög vel. Menntun er vitaskuld besta þróunaraðstoðin.


Aðstoð í markaðsmálum getur verið mikilvægasta framlag Íslands

Við ættum sem eitt mikilvægasta framlag til þróunaraðstoðar að bjóða fram nám á lægra stigi en til fyrstu háskólagráðu. Við höfum góða reynslu af slíku námi innan Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands þar sem fjölmargir af millistjórnendum og yfirstjórnendum í sjávarútvegi hafa hlotið viðbótarmentun. Slíkt millistjórnendanám hentar mjög vel fyrir þróunarlöndin, þ.e. ekki of erfitt nám og nám sem byggir ekki á mikilli forkunnáttu heldur lýsir á einfaldan og praktískan hátt raunverulegum aðstæðum.

Hérlendis er góð menntun og margir góðir vísindamenn. Ýmsir þeirra eru innan stofnanahagfræði (e: New Institutional Economics) þar sem

m.a. er fjallað um félagsauð (e: social capital) sem er mikilvægur fyrir þróunarlöndin. Markaðsmálin eru mjög mikilvæg og þar getum við komið að mestu gangi vegna góðs markaðskerfis. Sölukerfi okkar á sjávarafurðum er ein helsta auðlind Íslendinga. Hún er ekki ný enda hefur verið unnið að henni í næstum heila öld. Mikil þekking hefur safnast upp hérlandis og fólk gerir sér almennt ekki grein fyrir hversu verðmæt hún er. Það er einmitt vegna markaðsmálanna sem við erum svona sterk á alþjóðavettvangi í sjávarútvegi.

Verslun með sjávarfang hefur fimmfaldast á síðustu fimmtán árum. Það er tæplega 7% vöxtur á ári sem er umtalsvert. Mynd 2 sýnir hversu útflutningur á sjávarafurðum skiptir miklu fyrir þróunarlöndin í samanburði við aðrar mikilvægar vörutegundir.



Mynd 2: Útflutningur umfram innflutning af nokkrum vörutegundum í þróunarlöndunum 1980, 1990 og 2000.

Sjávarvöruútflutningur er hér mikilvægastur og hefur vaxið mikið síðastliðin tuttugu ár og er mun meiri en útflutningur á kaffi, bönumum, gúmmíu og tei eins og sést vel í mynd 2. Hinn árlegi útflutningur þróunarlandanna upp á tæpa 20 milljarða dollara, sbr. mynd 2, svarar til útflutnings á sjávarfangi frá Íslandi í tíu ár. Þessi viðskipti eru því mikil og þarna er tækifæri fyrir okkur en Íslendingar eru mjög stórir útflytjendur miðað við aðrar þjóðir.

Sjö tillögur til aðstoðar

Hér eru lagðar til sjö leiðir til aðgerða í þróunarmálum á sviði sjávarútvegs:

- Hjálp á sviði markaðsmála og fá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna (SH), Sölusamtök íslenskra fiskframleiðenda (SÍF), Granda og Samherja með sér í það verkefni.
- Ritun einfaldra kennslubóka í sjávarútvegsfræðum fyrir þróunarlönd, t.d. af hálfu sérfræðinga Háskóla Íslands og innlendra stofnana.
- Senda fólk héðan til kennslu í sjávarútvegsfræðum í þróunarlöndunum, bæði á lægri og æðri skólastigum.
- Upplýsa þá sem vinna að þróunarmálum hérlendis og erlendis um nýjustu kenningar stofnanahagfræðinnar um félagsauð. Greina félagsauð í þróunarlöndunum og gera tillögur um úrbætur í þeim efnum.
- Þjóða í mun ríkara mæli erlendum stofnunum og ríkisstjórnnum íslenska vísindamenn og íslenskar vísindastofnanir til að gera úttektir og veita ráðgjöf. Ef íslensk stjórnvöld myndu fjármagna þetta gæti það orðið veigamikill þáttur í þróunaraðstoð.
- Fræða þróunarlönd um skráningu upplýsinga og þróun hugbúnaðar.
- Kenna á ný veiðarfæri og tækni, sbr. reynsluna af aðstoð opinberra aðila á Grænhöfðaeyjum og af hálfu einkafyrirtækja í Chile og Þýskalandi.

Framangreindar sjö tillögur eru allar vel framkvæmanlegar á tiltölulega stuttum tíma og byggja allar á sérstöðu Íslendinga á sviðum sjávarútvegs. Þær myndu fljótt skila góðum árangri í þróunarlöndunum. Það þarf þó opinbert frumkvæði til að hrinda þeim í framkvæmd en ýmsar þeirra byggja á samvinnu fyrirtækja og opinberra aðila og hafa auk þess fjárhagslegan ábata fyrir íslensk fyrirtæki og stofnanir.

Lokaorð

Íslendingar eru örþjóð á flestum mælikvörðum, t.d. í fólksfjölda og landsframleiðslu, en þó ekki á sviði sjávarútvegs. Þar erum við meðal hinna stóru og það er reyndar eina sviðið sem það gildir um. Við getum vel státað af ýmsu miðað við fólksfjölda en þróunaraðstoð er ekki þar á meðal. Ef við viljum taka forustu í þessum málaflokki innan alþjóðasamfélagsins þá höfum við burði til þess.

Það er athyglisvert að setja þessi mál í samhengi við fyrirhugað framboð Íslands til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Endalaust má ræða hvort

örþjóð eins og við eigum þangað raunverulegt erindi og hverjir séu möguleikar okkar á að komast þangað. Sé það hins vegar vilji okkar gæti verið mikilvægt innlegg í þá viðleitni að koma fram með nýja sýn og faglegt framlag í þróunaraðstoð í sjávarútvegi. Hvort sem slíkt bæri árangur í tengslum við framboðið til Öryggisráðsins eða ekki, skilar það alla vega bærilegu framlagi einnar ríkustu þjóðar í heimi til þeirra sem minna mega sín.

Þetta er því verðugt verkefni og menn eiga að sækja fram á þeim vettvangi sem þeir kunna á og hafa sterka stöðu í. Sjávarútvegur hefur alltaf verið okkar styrkleiki þannig að það er einboðið að nýta þann styrkleika til að láta gott af sér leiða. Það er ekki langur tími síðan við vorum í stöðu hinna fátæku þróunarlanda á sviði sjávarútvegs og á öðrum sviðum. Það eru ekki nema rétt rúm eitt hundrað ár. Okkur ætti því öðrum þjóðum framar að renna blóðið til skyldunnar.

ÝMISLEGT

Almennt

Skipulag atvinnulífsins¹

Skipulag í atvinnugreinum héraendis byggist á langri hefð og er að mörgu leyti úrelt. Atvinnugreinunum er skipt í sjávarútveg, iðnað, verslun o.s.frv. Samtök vinnuveitenda og launþega eru mynduð út frá þessari atvinnugreina-skiptingu. Þessi samtök kljást síðan innbyrðis út frá lögmálum hefðbund-innar, íslenskrar samanburðarfræði. Er þetta gott skipulag?

Togstreita milli atvinnugreina

Það er vafalítið að mörgu leyti heppilegt að fagleg sérþekking í einstökum atvinnugreinum fái sterkan hljómgrunn í sérsamböndum en allt öðru máli gegnir um almenna hagsmunagæslu. Hætt er við að sérhver aðili festist í sinni skotgröf og sjái lítt út fyrir hana.

Sú þróun hefur verið mjög áberandi hvað varðar samskipti sjávarútvegs, iðnaðar og landbúnaðar. Þessar atvinnugreinar hafa barist harkalega undan-farna áratugi og sérhver þeirra reynt að ota sínum tota, t.d. gagnvart stjórn-völdum.

Innan einstakra atvinnugreina hafa einnig verið starfandi mörg samtök sem einnig hafa tekist á um völd og áhrif. Þetta er meingallað kerfi, ekki síst þegar haft er í huga að samkeppnisaðilar í nútímaþjóðfélagi eru ekki héraendis heldur erlendis.

Samtök fyrirtækja í iðnaði stíga gott skref fyrir nokkrum misserum þegar þau sameinuðust í ein heildarsamtök. Landbúnaðurinn hefur einnig gert breytingar á skipulagi sínu en sjávarútvegurinn er fastur í gömlu og úreltu félagskerfi. Skipulag launþegahreyfingarinnar hefur verið óbreytt í áratugi.

Sjávarútvegur og iðnaður

Hér þyrfti að verða breyting á. Aðgreining sjávarútvegs og iðnaðar er ekki heppileg. Fyrirtæki eru framleiðslueiningar og engu máli skiptir hvort fram-leitt er fryst fiskflak eða ávaxtadrykkur. Fyrirtæki sem framleiðir vörur til notkunar í sjávarútvegi, s.s. veiðarfæri, eða sinnir þjónustu við hann, t.d. við-gerðum, eru í reynd nær því að kallast sjávarútvegsfyrirtæki en iðnfyrirtæki í hefðbundnum skilningi.

¹ Viðskiptablaðið 3.-9. maí 1995.

Togstreita milli sjávarútvegs og iðnaðar hefur valdið efnahagslífinu tjóni og þröngsýnn hugsunarháttur smákónga verður að hverfa. Starfsskilyrði einstakra atvinnugreina hafa verið jöfnuð og fæstir vilja hverfa aftur til sértækra aðgerða gagnvart einstökum atvinnugreinum.

Það er sögulegt tækifæri nú að sameina samtök iðnaðar og sjávarútvegs í eina heild sem burðarás íslensks atvinnulífs. Sá tími er liðinn að allar aðgerðir í efnahagsmálum gangi út á gengisfellingar til að styrkja stöðu sjávarútvegs í kjölfar verðbólgu og óstjórnar. Raungengi, hagstætt iðnaði síðustu misseri, ásamt lágrri verðbólgu gefur mörg sóknarfæri ef þeim er ekki eytt í hefðbundnar deilur milli atvinnugreina.

Launþegahreyfingin á ýmsa möguleika næstu misseri á að breyta áherslum sínum gagnvart fyrirtækjum og þá fyrst og fremst til að knýja fram aukna framleiðni innan fyrirtækja, sem kæmi fram í bættum launakjörum og meiri atvinnu og fjölgun vinnustaðasamninga, auk eflingar atvinnulýðræðis, þ.e. að áhrif starfsmanna í stjórnnum fyrirtækja verði aukin. Þarna er óplægður akur.

Breyting á ráðuneytum

Nú er einnig lag til að endurskipuleggja ráðuneytin og sameina sjávarútvegsráðuneyti og viðskipta- og iðnaðarráðuneyti. Núna finnst öllum sjálfsgagt að viðskipta- og iðnaðarráðuneytið séu eitt ráðuneyti en það þótti mönnum ekki fyrir nokkrum árum.

Ef sjávarútvegsráðuneyti og viðskipta- og iðnaðarráðuneyti væru sameinuð væri kominn sterkur stofn að efnahags- og atvinnuvegaráðuneyti eins og þau þekkjast í mörgum löndum. Togstreita milli starfsgreina myndi minnka og eyðast smátt og smátt, enda er aukaatriði hvaðan verðmætasköpunin kemur. Aðalatriðið er að hún verði til á hagkvæman hátt.

Hér er ekki gert ráð fyrir að landbúnaðarráðuneyti sameinist þessum ráðuneytum í byrjun. Landbúnaðurinn þarf lengri aðlögunartíma til að það geti talist raunhæft pólitískt að öll atvinnuvegaráðuneytin sameinist í eitt ráðuneyti. Það er betra að stíga eitt skref af tveimur fram á við en ekkert. Aðalatriðið er að fara í rétta átt.

Íslendingar verða að átta sig á því að öll togstreita milli atvinnugreina innanlands gerir ekkert annað en að draga úr samkeppnishæfni þjóðarinnar á alþjóðamörkuðum. Sífelld stærri hlutur verðmætasköpunar þjóða verður til vegna alþjóðlegra viðskipta. Þar liggja víglínur framtíðarinnar. Sú þjóð sem kys að eyða hluta af orku sinni í átök innanlands er verr búin undir samkeppni á heimsmarkaði en aðrar. Það mun einfaldlega koma fram í lakari lífskjörum þegar fram líða stundir.

Mikilvægast að tryggja frelsi í hugsun og athöfnum¹

Áramót, aldamót, árpúsundamót. Þetta eru mikil tímamót og það eru varla til stærri krossgötur. Á krossgötum er hægt að fara í margar áttir þótt það eigi ekki við þegar tíminn er annars vegar. Þar er farið í eina átt og við erum smá og fá í víðáttu alheimsins. Við höfum verið örstutta stund á jörðinni, enda er hún 4,5 milljarða ára gömul. Það er forvitnilegt að bregða öðrum mælikvarða á líf okkar á jörðinni með því að nota eitt ár.

Ef við segjum að ætt mannsins hafi orðið til 1. janúar 1999 kom nútíma-maðurinn fram um 1. desember það ár. Skipulagt samfélag manna hófst ekki fyrr en að morgni næstsíðasta dags ársins, eða 30. desember. Mælt á þennan mælikvarða fæddist Kristur klukkan fjögur eftir hádegi á gamlársdag og Leifur heppni fann Ameríku klukkan átta á gamlárskvöld. Öldin sem var að kveðja byrjaði þegar tuttugu og fjórar mínútur voru til miðnættis. Sú öld var mesta framfaraskeið mannsins en hún hefur liðið hratt.

Hraðinn er alltaf að aukast. Frá því að útvarpið var fundið upp á fyrri hluta síðustu aldar tók það fjörutíu ár þar til 50 milljónir Bandaríkjamanna hlustuðu reglubundið á útvarp. Þegar tölvan var uppgötvuð tók það fimmtán ár þar til 50 milljónir Bandaríkjamanna notuðu tölvu reglulega. Það tók aðeins fjögur ár eftir að Netið varð til þar til 50 milljónir manna í Bandaríkjunum voru farnir að nota það reglulega.

Í upphafi síðustu aldar lifðu 1,3 milljarðar manna á jörðinni. Nú erum við 6 milljarðar en verðum 8 milljarðar eftir um þrjátíu ár. Að mati höfundar verða mestu framfarir næstu tvo áratugi á sviði líftækni og erfðafræði, m.a. til að fæða þá milljarða manna sem bætast við íbúatölu heimsins á næstu áratugum. Fjölskyldan sem samvistarform mun breytast verulega.

Við ráðum hvert við höldum þótt tíminn fari aðeins í eina átt. Á þessum tímamótum eigum við að beita þeirri hugsun sem byggist á samkennd og þeim gildum sem hafa fylgt okkur í þúsundir ára í flestum trúarbrögðum, þ.e. að taka tillit til annarra. Stofnanir samfélagsins verða að breytast með alþjóðavæðingunni og nýjum verkefnum. Siðferðileg álitamál verða sífellt fleiri og einungis með nýrri hugsun í samstarfi, samhjálp og valddreifingu getum við tryggt frelsi í hugsun og athöfnum í framtíðinni.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 3. janúar 2000.

„Endurnýjun“ Snata á tíu ára fresti og ræktun á erfðabreyttum botnfiski¹

Það er sagt að þeir sem eru í miðju hvirfilbils séu í logni. Þannig er erfitt að greina hraða þróunar á þeim tíma er hún verður. Breytingin úr iðnaðarsamfélagi síðustu tveggja alda yfir í þekkingarsamfélag á sér margar hliðar. Vélvæðingin sem hófst með beislun gufuaflsins fyrir tvö hundruð og fimmtíu árum breytti gífurlega miklu. Síðan kom olían og aðrir orkugjafar og nú er erfitt að ímynda sér þjóðfélagið án rafmagns. Hvernig myndum við mæta því ef rafmagn færir af í einn mánuð eða í eitt ár? Svári hver fyrir sig.

Framfarir í líftækni og erfðatækni eru verulegar. Fyrir tæpum tuttugu árum var byrjað að erfðabreyta plöntum, þ.e. flytja gen milli lífvera. Nú er mikið framleitt af erfðabreyttu korni og grænmeti, auk ýmiss konar erfðabreyttra matvæla úr dýraríkinu. Erfðabreyting er gerð til að ná fram æskilegum eiginleikum, t.d. afurðameiri plöntum, og hindra óæskileg áhrif eins og hættu á skemmdum. Fólk er á varðbergi gagnvart erfðabreyttum matvælum en margir telja þetta einu leiðina til að mæta gífurlegri fólksfjölgun á næstu áratugum.

Rannsóknir í erfðavísindum hafa leitt til möguleika sem okkur óraði ekki fyrir, eins og t.d. klónun. Í Bandaríkjunum er nú boðið upp á að geyma fósturvísu úr gæludýrum til að klóna þau á næstu árum. Fólk ætlar þannig að „endurnýja“ Snata sinn á tíu ára fresti. Við þetta vakna fjölmargar siðferðilegar spurningar, t.d. hvort þróa eigi líffæri fyrir manninn í dýraskrokkum en slíkt er þegar tæknilega hægt.

Rannsóknir eru nú gerðar erlendis á erfðabreyttum laxfiski og það er full ástæða fyrir Íslendinga, sem eiga mjög mikið undir fiskveiðum, að velta fyrir sér þróun og möguleikum á þessu sviði. Verður ræktun á botnfiski, sem er uppistaðan í veiði okkar, möguleg og verður slíkt eldi miklu hagkvæmara en veiðar úr sjónum? Þetta hefur þegar gerst við ræktun planta. Ef slíkur fiskur verður betri og miklu ódýrari en hefðbundinn fiskur er það alvarlegasta ógnun við samfélag okkar sem við höfum staðið frammi fyrir í margar aldir.

Stóraukin þekking felur í sér mörg tækifæri í framtíðinni en hún getur einnig gerbreytt því sem fyrir er. Það er því að mörgu að hyggja í þeim hvirfilbíl breytinga sem nú fer um samfélög mannkynsins.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 20. mars 2000.

Ný viðhorf við greiningu fyrirtækja¹

Inngangur

Hér er gerð grein fyrir nýjum viðhorfum við greiningu fyrirtækja, þ.e. hvernig fyrirtæki líkjast lífverum sem er að finna í náttúrunni og vistkerfinu og hvernig þær hugmyndir eru tengdar svokölluðum samskiptaritum.

Í hefðbundnu líkani til skýringar á fyrirtækjum er starfsvettvangi þeirra skipt í þrennt. Í fyrsta lagi er þar talin innri starfsemi en með því er átt við það sem gerist innan fyrirtækis, m.a. framleiðsla á vöru og þjónustu og stjórnun. Í öðru lagi er fyrirtæki þátttakandi á markaði, annars vegar við að útvega þá framleiðsluþætti sem þarf til starfseminnar, þ.e. á þáttamarkaði, og hins vegar við að selja framleiðslu sína, þ.e. á afurðamarkaði. Þriðji vettvangur fyrirtækja er samskipti við umhverfið, t.d. samvinna við önnur fyrirtæki og aðlögun að opinberum reglum. Fyrirtæki er nokkurs konar net af samningum við umhverfi sitt.

Skipulag fyrirtækis lýtur að samskiptum og fjallar m.a. um hvernig verkefnum, valdi og ábyrgð er dreift innan hóps manna sem vinna að sama markmiði. Fyrirtæki nútímans eiga margt sameiginlegt með þeim skilyrðum sem ríkja í náttúrunni. Þannig er fyrrgreind þrískipting á starfsvettvangi fyrirtækja sambærileg við líf dýra. Það er mikil starfsemi sem fer fram innan líkama þeirra. Þau afla sér fæðu til lífsviðurværis sem er sambærilegt við starfsemi fyrirtækja á þáttamarkaði. Dýrin ala afkvæmi sem er einn megin-tilgangur þeirra og hægt er að líkja því við afurðamarkað. Einnig er sérhvert dýr mjög háð umhverfi sínu og samvinnu við aðra. Það þarf að taka tillit til annarra, eins og fyrirtæki verða að gera.

Ein meginhugmyndin til lýsingar á umhverfi lífvera eru tengslin við rándýr og bráð (e: predator and prey). Sérhver lífvera, þar á meðal maðurinn, er háð öðrum til að lifa, m.a. við fæðuöflun. Það leiðir af þessu að sérhver lífvera á sér óvin í vistkerfinu sem það forðast eftir mætti. Hér er þessari hugsun beitt við greiningu fyrirtækja.

¹ *Rannsóknir í félagsvísindum III*. Háskólaútgáfan. Reykjavík 2000.

Hagkerfið sem vistkerfi

Það er hægt að líta á fyrirtæki sem tæknilega lausn við nýtingu framleiðsluþátta sem eru af skornum skammti. Fyrirtæki einkennist einkum af sambandi við þrjá aðila, birgja, viðskiptavinum og samkeppnisaðila.

Það er oft litið á hagkerfið sem vistkerfi. Tengsl fyrirtækja og lífvera liggja ekki alltaf í augum uppi en mikil samsvörun er þó sýnileg. Hægt er að skilgreina líf með tilliti til sambands við bráð og rándýr en einnig sem upplýsingar í genum.

Vistkerfi er í sífelldri hringrás og því er haldið gangandi af sólarorku en einkenni vistkerfis er að orka flæðir um kerfið. Það er hægt að líta svo á að upplýsingar, þekking og mannleg vinna sé sú orka sem knýr fyrirtæki áfram. Í hagkerfinu flæða framleiðsluþættir, auðlindir, frá upphafi til enda. Þekking og upplýsingar eru hluti af stjórnunarlegum framleiðsluþáttum í fyrirtækjum nútímans. Þekking bindur starfsemi fyrirtækja saman og samkeppnisforskot í nútímarekstri byggist oft á þekkingu.

Einkenni lífvera er að þær fjölga sér. Fyrirtæki geta vissulega fjölgað sér eins og lífverur, auk þess sem þau stækka, stofna dótturfyrirtæki og starfa í mörgum löndum. Einnig er til framleiðsla þar sem vélar smíða vélar. Lífverur byggja tilveru sína á fæðu frá lægra settum lífverum. Það er eins með lífverur og fyrirtæki að þær takmarkast af auðlindum. Lykilatriðið hjá fyrirtækjum er eftirspurn. Í markaðshagkerfi deyta fyrirtæki þegar skortur verður á viðskiptavinum.

Náttúran hefur þróað mikla vernd fyrir einstaka lífverur á mjög löngum tíma, vernd sem felst í því að þau forðast óvini sína, t.d. með felulitum. Blóm laða til sín flugur með blómasafa, þ.e. auglýsa með lykt, og koma frjókornum fyrir á þeim og báðir aðilar hagnast. Fyrirtæki reyna stundum að forðast keppinauta sína en ef litið er á viðskiptavinum fyrirtækja þá er hið gagnstæða uppi, þ.e. fyrirtæki reyna að ná athygli viðskiptavina, neytendanna. Í þessum skilningi er hægt að líta á viðskiptavinum sem bráð eða samlífveru fyrirtækja sem eru nauðsynlegir fyrir áframhaldandi rekstur.

Einkenni lífvera er aðlögun og fyrirtæki laga sig einnig að nýjum lögum, t.d. í umhverfis- eða skattamálum. Það er hægt að líkja samkeppnisaðilum í umhverfi fyrirtækja við rándýr í lífríkinu. Fyrirtæki leggur til atögu við önnur fyrirtæki í samkeppni og oft lifa ekki allir það af. Samlíf í vistkerfinu er sambúð lífvera þar sem báðir aðilar hagnast og samstarf fyrirtækja er oft með þeim hætti, t.d. samstarf fyrirtækis og birgis sem nær oft yfir mjög langan tíma, jafnvel áratugi, eða jafnvel allan líftíma viðkomandi fyrirtækja. Samkeppni og samvinna tekur á sig margvíslegar

myndir í vistkerfinu og hagkerfinu og er með ólíkum hætti við mismunandi aðstæður. Eftirlíkingar eins og finnast í náttúrunni, m.a. sem vörn, eru einnig algengar hjá fyrirtækjum, t.d. þegar líkt er eftir vörumerkjum. Ólögleg starfsemi í hagkerfinu er ekki aðeins algeng heldur á sér skýra samsvörun í sníkjulífi í náttúrunni.

Erfðaeiginleikar fyrirtækja

Náttúran umbunar þeim hæfustu en það tekur langan tíma. Jörðin er um 4,5 milljarða ára og líf kviknaði á jörðinni fyrir um 3,5 milljörðum ára. Maðurinn er um tvö hundruð þúsund ára gamall og fór að búa í vel skipulögðum samfélögum fyrir um tíu þúsund árum. Fyrirtæki sem rekstrar- einingar eru hins vegar einungis nokkur hundruð ára gömul. Ef fyrirtæki þróast líkt og lífverur þá er mikið eftir af þeirri þróunarsögu. Þróun hagkerfisins hefur einkennst af stöðugum breytingum í þjóðfélaginu á sambærilegan hátt og einkennt hefur náttúruna. Þróun er ekki línuleg í tíma. Það verða stökkbreytingar alveg eins og gerist í fyrirtækjaumhverfinu með tækni- byltingum og ekki síður með nýjum stjórnunarháttum, meiri menntun og þekkingu. Samkeppnin knýr áfram tækniþróun og fjölbreytni í framleiðslu vöru hjá fyrirtækjum hefur aukist verulega. Hagkvæmnin er leiðin til að komast af í vistkerfi og hagkerfi en óhagkvæmnin leiðir til dauða.

Eitt lykilatríði fyrirtækja í framtíðinni eru upplýsingar. Ef upplýsingum er lýst sem orkugjafa eða blóðvökva fyrirtækja, þá er athyglisvert að kostnaður við upplýsingar, þ.e. öflun þeirra og dreifing, fer sífellt minnkandi. Tækni nútímans með pósti, faxi, síma, sjónvarpi, tölvu, ljósleiðara og gervitungli hefur leitt til lækkunar meðalkostnaðar á þessum framleiðsluþætti. Upplýsingar sem afurðir gagnavinnslu marka nú fyrirtækjum starfsumhverfi frammar flestu öðru og skipta vaxandi máli í verðmætasköpun þeirra. Gögn hafa aukist gífurlega, svo og framfarir í úrvinnslu þeirra.

Fyrirtæki lifa sjálfstæðu lífi að mörgu leyti. Fyrirtæki eru vitanlega háð umhverfi sínu en fyrirtæki lifa óháð einstökum persónum. Þótt mannleg vinna sé einn drifkrafta í fyrirtækjum getur hún komið frá mörgum, alveg eins og einstaklingur lifir ágætu lífi með blóði annars manns eða með ígræddum líffærum, hvort sem þau eru tekin úr öðrum lífverum eða búin til í verksmiðjum.

Lífið nýtir sér öll tækifæri eins og fyrirtæki gera. Þar sem tækifæri bjóðast verður til nýtt fyrirtæki. Ef fyrirtækinu gengur vel verða til fleiri sambærileg fyrirtæki. Fyrirtæki þurfa ekki alltaf sjálf að stofna dótturfyrirtæki til að fjölga sér. Fyrirtækjahugmyndir lifa og þróast.

Alveg eins og frumur myndast og deyja lifa fyrirtæki með nýju fólki. Líffæraflutningur er sambærilegur við að nýjar deildir séu stofnaðar innan fyrirtækis eða eldri lagðar niður. Stundum styrkist fyrirtækið, stundum veslast það upp, missir viðskiptavini, verður samkeppnisaðilum að bráð, hættir starfsemi og deyr.

Höfundur telur að hægt sé að útfæra þessa hugsun enn frekar og velta fyrir sér hvaða áhrif framfarir í erfðagreiningu hafi á skilning okkar á fyrirtækjum. Einn af meginþáttum í starfi Íslenskrar erfðagreiningar er að sýna fram á að sjúkdómar séu annars vegar háðir erfðaeiginleikum og hins vegar umhverfisþáttum. Þetta eru ný viðhorf til betri skilnings á mannlegu umhverfi og þáttum í lífríkinu.

Í fyrirtækjaumhverfinu er augljóst að umhverfisþættir skipta sköpum, hvort sem undir umhverfisþáttum eru þær náttúrulegu takmarkanir sem öflun framleiðsluþátta eru settar eða þær reglur sem stjórnvöld setja starfsemi fyrirtækja. Hvort eitthvað er jafnstærkt og erfðaeiginleikar í fyrirtækjum nútímans og óháð þeim einstaklingum sem stýra þeim er ekki gott að full-yrða um, m.a. vegna þess að fyrirtæki eru ekki gömul.

Fyrirtæki sem hefur náð hundrað ára aldri og verið stjórnað af fjölda einstaklinga, þar á meðal mörgum kynslóðum, ekki endilega af sömu fjölskyldu, er áhugavert út frá þeirri tilgátu að fyrirtæki þróist í tiltekinn farveg sem það fer varla út úr. Síðan kemur í ljós hvort þessi farvegur leiðir til lífvænlegrar stöðu í samkeppnisumhverfi eða hvort hjólförin verða svo djúp og svo utan vegar að menn komist ekki upp úr þeim. Þetta myndi þýða að fyrirtæki búi við það sjálfstætt umhverfi að gerandinn er ekki framkvæmdastjórinn heldur er hans hlutverk fyrst og fremst að vinna úr umhverfisaðstæðum og aðstæðum sem byggjast á fyrri sögu fyrirtækisins.

DNA er erfðaeftirfarir genanna með upplýsingum sem flytjast milli kynslóða. Þekking og upplýsingar í fyrirtækjum eru oft einungis bundnar viðkomandi fyrirtæki og eru lykkillinn að starfsemi þess. Stundum er þessi þekking beinlínis lögvernduð með einkaleyfum og það sýnir vilja löggjafans á því að við vissar aðstæður séu upplýsingar og þekking verndaðar fyrir notkun annarra.

Til er sú skoðun að tölvuveira sé frumstætt lífsform. John von Neumann¹ skilgreindi vél sem lífandi ef hún gæti byggt eftirmynd sína. Þetta var fyrir um fimmtíu árum, sem sýnir hversu langt hann var á undan sinni samtíð. Það eru ekki aðeins vélar sem gera eftirmyndir heldur bakteríur og veirur.

¹ John von Neumann var einn þekktasti stærðfræðingur tuttugustu aldarinnar. Hann fæddist í Ungverjalandi en varð seinna bandarískur ríkisborgari.

Í fyrstu Mósebók er megináhersla lögð á fjölgun sem forsendu lífs og lífvera. Það að tengja skilgreiningu á lífi við fjölgun er því alls engin nýjung en það hefur öðlast nýja merkingu í ljósi tækniframfara. Tækni nútímans uppfyllir þetta skilyrði núna auðveldlega, hvort sem er með vélmennum eða einræktun. Það er auðvelt að skapa lífsform og umhverfisskilyrði lífvera eru svipuð og hafa þróast lengi.

Fyrirtæki eiga margt sameiginlegt með þessu. Alþjóðavæðing, samkeppni og eignarhald gera það að verkum að nýrra viðhorfa er þörf. Fyrirtæki nútímans eiga sig í reynd sjálf. Svo lengi sem þau duga í umhverfi birgja, viðskiptavina, samkeppni og skráðra eigenda eru þau látin óáreitt. Þetta er einnig staða dýranna þótt skilyrðin séu að ýmsu leyti önnur.

Meira að segja eitt helsta einkenni lífvera, hrörnun og rotnun, er hægt að finna í umhverfi fyrirtækja. Fyrirtæki eru stofnuð og lögð niður, standast ekki kröfur nútímans og skilja ekki breytta tíma, þeim er skipt upp eða þau hverfa algerlega og eina minningin er sagan. Meðalaldur alþjóðlegra stórfyrirtækja hefur enn sem komið er ekki reynst vera hærri en fjórutíu til fimmtíu ár og mörg stórfyrirtæki sem voru til fyrir aldarfjórðungi eru horfin núna en hlutar þeirra, m.a. mannaúður, eru komnir annað.

Samskiptarit sem verkfæri til greiningar

Það er hægt að nota mörg hugtök úr líffræði og vistfræði til gleggri skilnings á hagkerfinu. Nýtt form við lýsingu á skipulagi fyrirtækja hentar vel þessum hugmyndum um það sem hagkerfi og vistkerfi eiga sameiginlegt.

Ein aðferð til skilnings á fyrirtækjarekstri er að líta annars vegar á birgja og hins vegar á neytendur sem endastöðvar í starfsemi fyrirtækja. Þetta er m.a. skýrt með einföldum hætti með skipurítum þar sem störf einstaklinga eru afmörkuð og stigveldi innan fyrirtækis er vel sýnilegt. Í skipuríti eru nöfn og stöður einstakra stjóra sýnd í litlum kössum sem eru hver yfir öðrum eða samhliða. Þetta gefur ákveðna en takmarkaða mynd af starfsemi fyrirtækja. Það sýnir stjórnunarleg tengsl einstaklinga en segir oft lítið um fyrirtækið sjálft, jafnvel ekki hvað það framleiðir, framleiðsluferil eða viðskiptavini.

Það er engin furða þótt þessi aðferð hafi reynst takmörkuð í breyttum heimi. Uppbygging á fyrirtækjum hefur breyst og ný skipulags- og samskiptaform, oft mjög flókin, hafa séð dagsins ljós. Fólk í fyrirtækjum er sífellt að reyna að skilja hvernig fyrirtæki þess vinnur, þ.e. hvernig það virkar, hvernig tengsl fólks eru og hvernig hugmyndir og upplýsingar berast um fyrirtækið. Það sem hér verður kynnt er ný útfærsla af skipurítum,

svokölluð samskiptarit (e: organigraph) sem voru þróuð af Mintzberg og Van der Heyden.¹

Það er ekki ætlunin að hverfa frá kössunum í skipuritum heldur tengja skipulag saman með nýjum hugtökum, hugtökunum mengi og keðja (e: set and chain) og miðstöðvar og vefir (e: hubs and webs). Samskiptarit eiga ekki einungis að sýna einstaklinga og stöður þeirra heldur veita yfirlit yfir starfsemi fyrirtækis, svipað og landakort sýnir fjöll, ár og borgir og vegina sem tengja þessa staði saman. Samskiptarit eru þannig útvíkkun á skipuritum. Samskiptarit eru hentug til að sýna hvað fyrirtæki er, hvers vegna það er til, hvað það gerir og hvernig einstakir þættir virka.

Með mengi í samskiptariti er átt við að sérhvert fyrirtæki er mengi af hlutum, t.d. véllum eða fólki. Stundum er tenging eða samskipti þar á milli, stundum ekki. Í mengi eru hlutir í fyrirtæki samþættir sem stök (e: elements). Þeir tengjast en eru jafnframt að verulegu leyti sjálfstæðir. Dæmi um mengi eru birgðir sem bíða sölu, endurskoðandi og viðskiptavinir hans, kennari og nemendur hans.

Meginþáttur í starfsemi fyrirtækis er tenging einstakra þátta í framleiðsluferli og því er lýst með keðju. Keðja tengir og bindur hluti mjög vel saman. Keðjutenging er víða í fyrirtækjum, hvort sem um er að ræða samsetningu á færibaldi eða feril frá útvegum framleiðsluþátta til sölu afurða. Keðja lýsir línulegu sambandi milli þátta, þ.e. einn þáttur tekur við af öðrum. Hér kemur flutningafræðin til hjálpar en þar eru þessi hugtök mikið notuð, þ.e. framboðskeðja, auk hinnar hefðbundnu verðmætakeðju, þ.e. sá ferill í fyrirtæki sem leiðir til virðisauka og er oft lýst sem keðju af tengdum þáttum.

Það er þó ekki hægt að nota þessa hugsun til að lýsa öllu innan fyrirtækis vegna þess að margt er þar svo flókið og rekst hvað á annars horn, m.a. í starfi einstakra deilda og ekki tekur alltaf eitt við af öðru. Flókin starfsemi flugvallar er ágætt dæmi um þetta, sem og þróun nýrra vörutegunda.

Til að ná betur utan um starfsemi fyrirtækja er henni lýst í formi miðstöðva og vefja. Miðstöð er samræmingarstaður eða sá staður þar sem fólk, hlutir eða upplýsingar koma saman og hreyfast innan afmarkaðs svæðis frá A til B. Miðstöð getur verið bygging eða vél, t.d. skóli eða tölva. Stjórnandi getur einnig verið miðstöð, t.d. þjálfari í knattspyrnufélagi.

Atburðir geta einnig orðið flóknari og þá kemur til kasta vefsins, þ.e. þegar tengingar og samskipti eru þess eðlis að þau hafa enga miðju, enda hvergi og flæða einfaldlega. Vefur lýsir úrvinnslu hugmynda og samskiptum fólks sem

¹ Henry Mintzberg og Ludo van der Heyden eru fræðimenn á sviði stjórnunar.

flæði. Dæmi um þetta er þegar verið er að þróa nýja vörutegund. Samstarfsmenn tala saman, allir við alla t.d. í kaffipásum, henda fram hugmyndum, sumt þróast áfram, annað ekki. Starfsemi listamanna eða vísindamanna, t.d. innan háskóla, er oft í þessu formi. Flæðishugsunin er einnig einn lykilþátta í sýn flutningafræðinnar á fyrirtæki. Notkun Netsins sem samskiptaforms fyrirtækja og einstaklinga er skýrt dæmi um vef en þetta form var einfaldlega ekki til fyrir nokkrum árum.

Hugtökin mengi, keðja, miðstöð og vefur eiga misjafnlega vel við innan einstakra fyrirtækja. Keðja nær t.d. að lýsa vel framleiðsluferli í sumum fyrirtækjum en annars staðar hentar vefurinn betur. Samskiptarit eru þannig með ólíkum hætti í fyrirtækjum við mismunandi aðstæður.

Samskiptarit fyrirtækja

Hægt er að sýna íslenskt útgerðarfyrirtæki í samskiptariti. Hvert skip er miðstöð en samskipti milli skipstjóra sömu útgerðar eða milli skipstjóra á fiskimiðum eru innan vefs. Vélamenn í hverju skipi eru sérstakt mengi og vinnslurásin, hvort sem um ísfisk- eða frystitogara er að ræða, er tengd saman í keðju.

Samskiptarit lýsa tengslum og ferlum en hefðbundin skipurit sýna nöfn, stöður og ábyrgðarröð innan fyrirtækis. Það er ekki til eitt rétt samskiptarit heldur geta verið margs konar teikningar sem lýsa starfseminni, m.a. byggðar á sýn einstakra framkvæmdastjóra. Það er hægt að líta á skipulag á dagblaði í hefðbundnu skipuriti þar sem útgefandi og ritstjóri eru efst og síðan koma ábyrgðaraðilar fyrir einstökum efnisþáttum, t.d. fréttum, íþróttum og menningu. Í samskiptariti væri tengslum blaðamanna við samfélagið lýst sem vef og blaðið sjálft væri miðstöð. Auglýsendur hafa samskipti við blaðið innan vefsins, þ.e. engin ein samskiptalína er til.

Það er hægt að fara dýpra í þessa lýsingu og sjá miðstöðvar fyrir sér innan miðstöðvar, t.d. í formi útibúanets. Einnig er hægt að líta á einstakar deildir, starfssvið eða einstök fyrirtæki í fyrirtækjasamstæðu sem miðstöðvar.

Þessi aðferðafræði auðveldar einnig að skýra stöðu framkvæmdastjóra. Í hefðbundnu skipuriti er framkvæmdastjóri einfaldlega efst í myndinni og ber þar ábyrgð og hefur vald til framkvæmda. Með aðferðafræði samskiptarita er þessu öðruvísi farið. Innan mengisins er hlutverk framkvæmdastjórans fyrst og fremst að raða verkefnum niður en í keðjuferli er hlutverk hans fyrst og fremst eftirlit, þ.e. að gæta að því að keðjuferlið gangi snurðulaust fyrir sig. Innan miðstöðvar sér framkvæmdastjórinn fyrst og fremst um samræmingu og í hinum lausbeislaða vef á framkvæmdastjórinn fyrst og fremst að

vera til að örva þá starfsemi sem þar fer fram. Vefurinn er hins vegar þannig eining að þar er enginn einn framkvæmdastjóri. Í sjálfu sér gæti hver og einn innan vefsins verið það.

Þessari hugsun, að raða niður í mengi, hafa eftirlit í keðju, samræma í miðstöð og örva í vef, er hægt að lýsa í myndlíkingu þar sem keðja er þung, vefur léttur og miðstöðin takmörkuð. Hún getur þessa vegna sprungið ef ekki er gætt samræmingar. Meginhugsunin hér er að líta á framkvæmdastjóra sem þjónustuaðila í fyrirtækinu en framkvæmdastjórinn er ekki tilgangur þess.

Samskiptarit sem hluti af líf- og vistfræðilegri umgjörð

Sú mynd sem er dregin upp í samskiptariti til að lýsa fyrirtækjum fellur vel að þeirri hugsun að fyrirtæki eigi mjög margt sameiginlegt með lífverum í vistkerfinu. Hægt er að líta á lífverur sem miðstöðvar. Lífverur eru eins og stök í mengi, eins og dæmi eru um fiska sem lifa í vistkerfi, t.d. í vatni eða í sjó. Vistkerfi fiskanna er miðstöð í því tilviki. Flókið félagslegt ferli hjá sumum lífverum er eins og í vef, sbr. býflugur. Samvinna lífvera við fæðuöflun, t.d. hjá ljónum eða hjá maurum, er í formi keðju eins og er algengt við framleiðslu í fyrirtækjum. Í samskiptariti af ljóstillífum grænna jurta í skógi er skógurinn miðstöð, þar sem jurtirnar eru stök í mengi og ljóstillífunin gerist í keðjutengdum framleiðsluferli þar sem lífræn efni eru framleidd úr koltvísýringi og vatni með hjálp sólarljóssins.

Sú nálgun sem lögð er til með samskiptaritum víkkar út greiningu á starfsemi fyrirtækja. Í samskiptaritum er reynt að ná yfir fleiri þætti en áður. Þar er þess freistað að lýsa starfseminni með hugtökum sem ná yfir fjölbreytileika í nútímafyrirtækjarekstri. Að mörgu leyti gagnast sú aðferðafræði við að draga fram margs konar þætti sem eru sameiginlegir fyrirtækjum í hagkerfi og lífverum í vistkerfi. Þótt samskiptarit hafi upphaflega ekki verið lögð fram til að sýna fram á þennan sambærileika virðist að sú sýn henti ágætlega í opnu umhverfi fyrirtækja.

Það þarf að hafa í huga að þótt hægt sé að finna mikla samsvörun í hagkerfinu og vistkerfinu þýðir það ekki að lífsbarátta dýra og fyrirtækja sé sambærileg. Hér er fyrst og fremst gerð sú tilraun að nýta verkfæri náttúruvísinda til að efla skilning á hagrænu umhverfi. Meginilgangurinn við slíka greiningu fyrirtækja er að leita að hentugu formi til skýringar á sífellt flóknara fyrirbæri sem staða fyrirtækja í umhverfi nútímans er. Bent hefur verið á að fyrirtæki sem líta á sig sem lifandi samfélag, svipað og gerist innan vistkerfisins, sýni meiri viðbragðsflýti við að komast af í samkeppni

og gagnvart umhverfi sínu en önnur fyrirtæki. Einnig geta hugmyndir um að tengja saman hagkerfi og vistkerfi reynst árangursríkar við að takast á við umhverfisvandamál.

Hugmyndin um vef sem lausbeislað form skipulags og samskipta fellur vel að umræðu um að hve miklu leyti endurtekningar og þar með vissan stöðugleika, sem er í þróun í lífkerfinu, sé hægt að yfirfæra á rekstur fyrirtækja. Vefurinn leyfir svigrúm í formi samskipta sem er algengt í fyrirtækjum og náttúrunni.

Aðferðafræði og hugtök samskiptarita falla vel að þeirri hugsun að líkja fyrirtækjum við lífverur og bera saman hagkerfi og vistkerfi. Framfarir í líf-fræði og tengdum vísindum geta leitt til betri skilnings á hagrænu umhverfi okkar. Fyrirtæki vinna að hluta eftir sömu reglum og náttúran hefur gert frá örófi alda. Það er hægt að læra mikið af náttúrunni og hér eru hugmyndir úr náttúruvísindum tengdar nýjum verkfærum í stjórnunarfræði til þess að greina betur starfsemi fyrirtækja.

Nýja hagkerfið breytir öllu¹

Hvað er átt við með nýja hagkerfinu og hverju breytir það? Nýja hagkerfið lýsir breyttum atvinnuháttum með tæknivæðingu á grunni upplýsinga-tækninnar. Netið opnar áður óþekkta möguleika til nýrra viðskipta, verðmæti þekkingar eykst stórlega, fjármagnsmarkaðir stækka og verða hraðvirkari, vinnumarkaður gerbreyttist og líftæknin opnar nýjar víddir í tilvist mannsins.

Mikill hagvöxtur í heiminum er oft rakinn til nýja hagkerfisins og Joseph A. Schumpeter, einn merkasti hagfræðingur síðustu aldar, sem lést 1950 er oftast nefndur í því sambandi. Hann var austurrískur, prófessor við Harvard, og var um skeið fjármálaráðherra Austurríkis. Schumpeter skýrði breytingar á hagsveiflum vegna tækniframfara og taldi að frumkvöðlar eða athafna-skáld væru lykilmenn í viðskiptalífinu. Gufuskip tóku við af seglskipum og bílar af hestvögnum en núna eru breytingarnar miklu hraðari en áður. Útbreiðsla rafmagnsins tók marga áratugi en tölvur og Netið fóru um allan heim á örfáum árum. Erfðabreytt matvæli eru nú algeng en þó eru ekki nema sjö ár frá fyrstu erfðabreyttu matvörunni.

Nýjar atvinnugreinar kalla á breytt samfélag. Menntun ræður úrslitum um lífshæð og umhverfismálin eru orðin að lífsspursmáli mannkynsins. Vinna flýst hratt milli heimshluta, markaðir stækka, aðilum í viðskiptum fjölga og val neytenda eykst. Tækifæri okkar til aukinnar verðmætasköpunar liggja í hugviti, byggðu á menntun og rannsóknum.

Sveigjanleiki á vinnumarkaði fylgir nýja hagkerfinu eins og vel sést í Bandaríkjunum. Vald færir frá stjórnámálamönnum til fólksins en vanda þarf lýðræðislega stjórnarhætti og frjáls félagasamtök fá meira vægi. Almenn-ingur skynjar þessar breytingar og til allrar hamingju er ungt, vel menntað fólk á fullri ferð í nýjum atvinnugreinum innan nýja hagkerfisins.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 26. febrúar 2001.

Ísfélag Vestmannaeyja eitt hundrað ára¹

Það eru stórmerkileg tíðindi í atvinnusögu Íslendinga að elsta starfandi hlutafélagið er orðið eitt hundrað ára. Þetta er Ísfélag Vestmannaeyja sem var stofnað 1. desember 1901.

Árið 1901 bjuggu 607 manns í Vestmannaeyjum. Þá voru Íslendingar 78 þúsund og í Reykjavík bjuggu þá 6.700 manns. Fyrir eitt hundrað árum bjuggu því um tæp 10% þjóðarinnar í Reykjavík en nú eru það 40%. Vestmannaeyingar voru í fararbroddi í vélbátabyltingunni, mestu atvinnuháttabreytingu Íslandssögunnar, en Ísland fór úr samfélagi miðalda til nútímans á fyrstu áratugum síðustu aldar, þökk sé tæknivæðingunni í sjávarútvegi. Við gleymum alltof oft hvað við eigum frumkvöðlunum mikið að þakka.

Þessi atvinnubylting var hópverkefni fátæks fólks sem vildi börnum sínum betri lífskjör en það sjálft naut. Flestar fjölskyldur á Íslandi geta og eiga að rifja upp sögur af foreldrum, ömmum, öfum, langömmum og langöfum sem voru virkir þátttakendur í þessum breytingum.

Vestmannaeyjar hafa mikla sérstöðu sem hlutfallslega mjög fjölmennt samfélag á eyju við Ísland og stærsta verstöð landsins í áratugi. Vertíðir í Eyjum sköpuðu meiri verðmæti en nokkur annar tími eða staður í sögu landsins og þessi verðmæti dreifðust um allt land. Sjávarútvegsbyltingin var einnig kvennabylting og enn eru það konurnar í Vestmannaeyjum sem bera uppi atvinnulífið.

Enginn staður á jarðríki lýsir tengslum náttúrunnar betur við fólkið, starf þess og fyrirtæki og Vestmannaeyjar. Kannski finnst öllum þetta samband svo sjálfsagt að enginn gefur því gaum. Það var náttúran sem gaf fólkinu þar kraftinn til þess að vera með þeim fremstu í sjósókn, í kælingu, í söltun, í frystingu og í svo mörgu öðru í sjávarútvegi.

Gjaldeyrstekjur landsmanna voru lengi vel nær allar tilkomnar vegna sjávarútvegs. Nú er þetta hlutfall 40% og þótt það hafi minnkað er það enn mjög hátt. Mikilvægi þess að sjávarbyggðirnar eru svo nærri fiskimiðunum hefur hins vegar minnkað verulega. Margir staðir eiga undir högg að sækja og það þarf m.a. að efla menntastofnanir á landsbyggðinni, ekki hvað síst verknám.

¹ Vefsíður Ágústar www.agust.is 3. desember 2001.

Fyrir einni öld hófust atvinnu- og búsetubreytingar og slíkar breytingar eru að verða aftur. Staðir eins og Vestmannaeyjar, sem eiga elsta starfandi hlutafélagið, munu taka virkan þátt í þeim en breytingar núna geta jafnvel orðið meiri en þær voru fyrir einni öld.

Heilsuhagfræði á Íslandi¹

Inngangur

Í þessari grein er fjallað um grunnatriði í heilsuhagfræði, grunnlíkönum innan hennar lýst, gerð grein fyrir umfangi heilsugeirans í íslensku hagkerfi, íslensk heilbrigðisþjónusta borin saman við það sem gerist í öðrum löndum, matsaðferðum innan heilbrigðisþjónustu lýst og bent er á ýmsar erlendar rannsóknir sem eru áhugaverðar í íslensku samhengi. Ekki hefur mikið verið fjallað um heilsuhagfræði á Íslandi. Það liggja fyrir nokkrar innlendar rannsóknir á sviði heilsuhagfræði, einkum af hálfu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, svo sem um áhrif af áfengisneyslu og um slys. Einnig hefur tannlæknamenntun verið rannsökuð.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) skilgreinir heilbrigði eða heilsu ekki aðeins sem það að vera laus við sjúkdóma heldur líka sem almenna vellíðan. Aðilar sem tengjast heilbrigðisþjónustu eru einstaklingar, opinberir aðilar og fyrirtæki. Tengsl heilbrigðisþjónustunnar við mannréttindi og samhjálp eru mikil, auk þess sem siðfræðileg álitæfni eru mörg. Eftirspurn eftir heilbrigði eða heilsu leiðir af sér eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu. Framboð felst í að uppfylla þá eftirspurn, einkum af hálfu hins opinbera. Með heilbrigðisþjónustu er átt við allan heilbrigðisgeirann, hvort sem er innan spítala eða heilsugæslustöðva, lyfjameðferð eða forvarnir. Hagkvæmni stærðarinnar er mikil innan heilbrigðisþjónustunnar og áhrif læknisfræðilegra fagstétta við stjórnun mikil. Kostnaður við heilbrigðisþjónustu er mikill og almennt er talið að aðgangur að henni þurfi að vera almenntur.

Heilsuhagfræði felst m.a. í fjárhagslegu mati á kostum, aðgerðum eða leiðum, þar sem ákvörðun sem val milli kosta er undirbúin. Í faraldsfræði er fjallað um dreifingu, tíðni og áhættu varðandi sjúkdóma og sú fræðigreinin tengist heilsuhagfræði náíð. Grunnspurningar hagfræðinnar, um hvað skuli framleitt, í hvaða magni, hvernig og fyrir hvern, eiga vel við innan heilbrigðisþjónustunnar. Þess er almennt krafist að heilsugæsla sé ódýr, árangursrík og hagkvæm og að sannvirði fái fyrir þau verðmæti sem varið er til hennar og að jafnræði gildi í aðgangi og í nýtingu á henni. Framleiðsluþættir eru takmarkaðir innan heilsuhagfræðinnar eins og annars staðar í hagkerfinu.

¹ Tímarit um viðskipti- og efnahagsmál 1. tbl. 1. árg. 2003.

Hin miklu útgjöld til heilbrigðismála hafa leitt til sífellt betri líkana til að lýsa aðgerðum, taka tillit til fjárhagsstöðu og undirbúa ákvarðanir.

Margvísleg álitamál vakna við mat á aðgerðum í heilbrigðisþjónustu eins og eftirfarandi spurningar:

- Á fólk að fara í læknisskoðun reglubundið einu sinni á ári eins og bifreiðar sem eru til dæmis sendar í skoðun á um tveggja ára fresti?
- Á að athuga blóðþrýsting í hvert skipti sem fólk kemur inn á heilsugæslustöð?
- Ætti nýjasta tækið alltaf að vera til á spítölum?
- Á alltaf að gefa nýjasta og dýrasta lyfið?

Þessum spurningum og fleiri verður að svara og meta gildi þeirra. Í heilbrigðisgeiranum er m.a. fjallað um líf einstaklinga, auknar lífslíkur, heilbrigði, meðferð þeirra og dauða. Árangur í heilbrigðisþjónustu er m.a. mældur í lengri líftíma en áður. Forgangsröðun er þar mikilvæg vegna kostnaðar. Vegna mikilla opinberra umsvifa í heilbrigðiskerfinu er forgangsröðunin oftast á ábyrgð stjórnmalamanna, þ.e. kjörinna fulltrúa almennings. Fyrir fagstéttir í heilbrigðisvísindum, eins og lækna, er oft erfitt að gera upp á milli leiða vegna skyldu þeirra gagnvart öllum sjúklingum. Þess vegna er heilsuhagfræðin mikilvægt hjálpartæki við ákvarðanatöku í heilbrigðisgeiranum. Gæði í heilbrigðisþjónustu snúast oft um líf eða dauða einstaklinga enda er mikið lagt upp úr gæðum og gæðastjórnun innan heilsuhagfræðinnar.

Þegar hagrænt mat er gert innan heilbrigðisþjónustunnar er hægt að miða við eftirfarandi tíu atriði:

- Í fyrsta lagi þarf að skilgreina spurningarnar vel.
- Í öðru lagi þarf að hafa góðar lýsingar á þeim kostum sem til greina koma.
- Í þriðja lagi ætti ekki að gera aðgerðir sem hafa reynst árangurslausar.
- Í fjórða lagi þyrfti að skilgreina og afla upplýsinga um allan kostnað og allar afleiðingar við hvern einstakan möguleika.
- Í fimmta lagi ætti að nota sambærilega mælikvarða við allar einingar.
- Í sjötta lagi ber að leggja trúverðugt mat á kostnað og afleiðingar.
- Í sjöunda lagi þarf að nota sambærileg tímabil við samanburð.
- Í áttunda lagi er nauðsynlegt að skoða jaðaráhrif, þ.e. áhrif á kostnað og afleiðingar ef bætt er við einni einingu.

- Í níunda lagi þarf að taka tillit til óvissu.
- Í tíunda lagi er æskilegt að hafa sem flesta þætti sem varða notendur inni í greiningunni.

Þetta er nokkurs konar gátlisti varðandi vinnubrögð innan heilsuhagfræðinnar. Niðurstöður úr hagfræðilegu mati eru oft sýndar í stöðluðu formi og oft er líkindareikningi beitt við mat í heilbrigðisþjónustu. Það er algengt að sýna hvaða kostnað aðgerðir hafa í för með sér á hvert viðbótarlífár sjúklings. Þetta kemur t.d. að gagni við stjórn á opinberri heilbrigðisþjónustu og á lyfjamarkaði. Greining innan heilsuhagfræðinnar getur einnig komið að gagni við stjórnun á spítölum, í stjórn málaumræðu, við umbætur á fjárhagsáætlun innan stofnunar, við breytingar á greiðslukerfi fyrir heilbrigðisþjónustu, við ákvörðun um fyrirkomulag kostnaðarþátttöku, við að auka samkeppni í heilsugæslunni, m.a. með einkaframkvæmd eða einkavæðingu, við að endurskoða lækningaaðferðir og við hönnun á eftirlitskerfi.

Hægt er draga saman eftirfarandi spurningar innan heilbrigðisgeirans þar sem heilsuhagfræðin kemur að gagni við leit að svörum:

- Eru hinar takmörkuðu auðlindir, svo sem fjármagn og vinnuafli, nýttar á sem bestan hátt?
- Er mögulegum leiðum lýst á sambærilegan hátt?
- Hvers vegna er einn möguleiki valinn frekar en annar?
- Er allur kostnaður metinn, t.d. fjármagnskostnaður?
- Er kostnaður umfram bein útgjöld reiknaður inn í dæmið, þ.e.a.s. er búið að meta fórnarkostnað við það að nýta tíma, svæði og möguleika á annan hátt en gert er?
- Er tekið tillit til kostnaðar sem aðgerð hefur í för með sér utan hins hefðbundna vinnusvæðis?
- Er búið að taka tillit til kostnaðar annarra aðila, hvort sem það eru sjúklingar, opinberir aðilar eða fyrirtæki?
- Er búið að leggja mat á mismunandi kosti með úrtakstilraunum eða með sambærilegum hætti?
- Eru til áætlanir um að framfylgja og skoða árangur af nýjum aðgerðum?
- Hvað vinnst við að auka þjónustu og stækka einingar sem unnið er í og hvaða viðbótaskostnað og ávinning hefur það í för með sér?
- Hverja snertir það ef dregið er úr þjónustu og hversu mikið myndu kostnaður og ábati minnka?

- Hefur tímabundin minnkun á þjónustu sjálfkrafa í för með sér sparnað eða þarf að fylgja henni eftir með sérstökum aðgerðum eins og lokun á deildum?
- Hvaða forsendur eru gefnar varðandi bjartsýni eða svartsýni um mögulega niðurstöðu og myndu ráðgjöfin eða áætlunin breytast ef þær forsendur breyttust?
- Hvað myndi kosta að minnka óvissu sem fylgir aðgerð?
- Er hugsanlegt að með tiltölulega litlum kostnaði við að afla upplýsinga sé hægt að minnka óvissu verulega?

Heilsufar er háð ýmsu öðru en sjúkdómum og heilsugæslu. Aldur er veigamikill þáttur í heilsufari en heilsufar fer einnig eftir efnahag og tryggingum. Það sem gerir heilsuhagfræðina að mikilvægu verkfæri innan heilbrigðisþjónustunnar er m.a. það að mismunandi aðgerðir geta leitt til sömu niðurstöðu; aðgerðir hafa ólíkan kostnað í för með sér og lækningatími getur einnig verið misjafn eftir aðgerðum. Innan læknisfræðinnar er lagt læknisfræðilegt mat á aðferðir eða leiðir innan heilsugæslunnar en það er hagfræðinnar að meta þær leiðir, m.a. út frá fjárhagslegum sjónarmiðum.

Hlutur heilbrigðismála í hagkerfinu

Heilbrigðisþjónusta skiptir verulegu máli í íslensku hagkerfi, fyrir opinbera aðila, fyrirtæki og einstaklinga. Þannig er talið að einstaklingar verji 3,9% útgjalda sinna í heilbrigðismál. Þau skiptast jafnt milli heilsugæslu annars vegar og lyfja og lækningavara hins vegar. Þetta er svipað og eytt er til kjöt- og fiskkaupa.

Árið 1945 voru opinber útgjöld til heilbrigðismála sem hlutdeild af landsframleiðslu 1,7% en urðu hæst 7,4% árið 1988 en voru árið 1998 6,9%. Hlutdeildin hafði þannig fjórfaldast á þessum rúmu fimmtíu árum. Opinber útgjöld fóru á þessum tíma úr 15% landsframleiðslunnar í 38%. Langmestur hluti útgjalda til heilbrigðismála hérlandis eru opinber útgjöld, eða um 85%.

Árið 1980 voru ársverkin hjá hinu opinbera á heilbrigðisstofnunum 5.300 en árið 1996 voru þau orðin 7.600, sem er 43% aukning á 16 árum og er það um 2,3% aukning á ári sem er meira en tvöföld árleg fjölgun þjóðarinnar á þessum tíma, sem var 1%. Ársverkum hjá hinu opinbera fjölgaði úr 17 þúsundum í 25 þúsund á þessum tíma og hlutdeild hins opinbera á vinnumarkaði fór úr 15,7% í 19,8%. Mikilvægi markvissrar starfsmannastefnu hefur því eðlilega vaxið verulega innan heilbrigðisgeirans. Í töflu 1 sést

samanburður á milli Landspítala – háskólasjúkrahúss og nokkurra af stærstu fyrirtækjum landsins árið 2001.

Landspítali – háskólasjúkrahús		Í röð af íslenskum rekstrar- einingum	Athugasemdir
Fjöldi ársverka	3.883	1. sæti	Næst kemur Baugur með 3.656 ársverk og síðan Flugleiðir með 2.487 ársverk.
Velta í mill- jónum kr.	22.198	9. sæti	Á undan eru eftirtalin fyrirtæki og er velta þeirra í milljörðum í sviga: SÍF (61), SH (55), Baugur (42), Flugleiðir (38), Íslandsbanki (35), Landsbankinn (31), Alcan á Íslandi (27) og Búnaðarbankinn (22).
Laun í milljónum kr.	12.399	1. sæti	Næst koma Flugleiðir með 8.336 milljónir kr. í laun.

Tafla 1: Landspítali – háskólasjúkrahús í samanburði við fyrirtæki hérlendis.

Eins og sést í töflu 1 ber Landspítali – háskólasjúkrahús að mörgu leyti höfuð og herðar yfir aðrar rekstrareiningar hérlendis. Spítalinn er með flest ársverk og hæstar launagreiðslur og veltan er mjög mikil. Opinber framlög til sjúkrahúsa, sem er langdýrasti þáttur heilbrigðisþjónustunnar, byggjast í meginatriðum á föstum fjárlögum. Í nágrannalöndunum fá heilbrigðis- stofnanir greitt á grundvelli kostnaðargreiningar sjúkdómstilvika samhliða föstum fjárlögum. Fjármögnun með föstum og breytilegum fjárveitingum og þjónustusamningum hefur margvíslega kosti umfram kerfi sem byggist nær eingöngu á föstum fjárlögum.

Staða heilbrigðismála á Íslandi í samanburði við önnur lönd

Staða heilbrigðisþjónustu er ekki aðeins misjöfn milli landa heldur einnig innan einstakra landa. Sumt er erfitt að bera saman, m.a. vegna ólíkra mælingaraðferða og þættir eins og mismunandi aldurssamsetning íbúa skipta miklu máli. Á töflu 2 sést samanburður á nokkrum stærðum innan Norðurlandanna fyrir árið 1999.

Ýmislegt athyglisvert kemur fram í töflu 2. Fólksfjöldun á Íslandi er langtum meiri en á öðrum Norðurlöndum. Fæðingar- og dánartíðni hefur þó lækkað hérlendis undanfarna áratugi, m.a. vegna minni ungbarnadauða en áður og aukinna atvinnutækifæra kvenna. Væntanlegur lífaldur er svipaður á Norðurlöndunum en barnadauði er mjög lágur á Íslandi en hár í Danmörku. Hlutfall þeirra sem ekki reykja er ekki ólíkt milli landanna en

	Dan- mörk	Finn- land	Ísland	Nor- egur	Sví- þjóð
Náttúruleg fjölgun á hverja 1.000 íbúa	1,4	1,6	7,9	3,2	-0,7
Væntanlegur lífaldur við fæðingu	76,4	77,4	79,5	78,4	79,5
Barnadauði, þ.e. börn dáin innan eins árs fyrir hverjar 1.000 fæðingar	5,6	3,6	2,4	3,9	3,4
Hlutfall 16 ára og eldri sem ekki reykja	65	77	75	67	81
Áfengisneysla í líturum af 100% vínanda hjá 16 ára og eldri	11,6	8,7	5,9	5,5	6,1
Fjöldi nýrra krabbameinssjúklinga á hverja 1.000 íbúa	3,4	2,5	2,8	2,8	2,7
Meðallegudagar á sjúkrahúsi (allir sjúkdómar)	5,6	4,5	6,3	6	5,5
Fjöldi útskrifaðra af sjúkrahúsi eftir hjartaáfall (og meðallegudagar)	204 (6,7)	239 (8,3)	202 (10,7)	212 (7,7)	313 (6,7)
Sjálfsmörð á hverja 10.000 íbúa	24,7	38,3	20,8	17,8	20,1
Starfsfólk í fullu starfi í heilbrigðisþjónustu fyrir hverja 100 þúsund íbúa	1,9	2,6	1,6	2,3	2,3

Tafla 2: Samanburður milli Norðurlanda fyrir 1999 á nokkrum þáttum í heilbrigðisgeiranum.

Danmörk sker sig úr með mikilli áfengisneyslu. Tíðni krabbameins er svipuð í löndunum fyrir utan Danmörku. Ísland er með flesta legudaga á sjúkrahúsi og þar er mikill munur á Íslandi og Finnlandi. Svíþjóð sker sig úr hvað hjartaáföll varðar en legudagar vegna þeirra eru langflestir hérlendis. Finnland er með hæstu tíðni sjálfsmörða. Fjöldi starfsmanna í heilbrigðisþjónustu er mjög misjafn og eru hlutfallslega fæstir starfandi hérlendis en mun fleiri í Finnlandi en hér.

	Dan- mörk	Finn- land	Ísland	Nor- egur	Sví- þjóð
Útgjöld til heilbrigðismála sem hlutfall af landsframleiðslu (A)	8,5	6,9	8,7	8,5	7,9
Aldurshlutfall (yfir 65 ára/20 til 64 ára) (B)	24,3	21,4	20,3	26,7	30,1
Aldursleiðrétt hlutdeild útgjalda (A/B)	0,35	0,32	0,43	0,32	0,26

Tafla 3: Útgjöld til heilbrigðismála á Norðurlöndum, aldurshlutfall og útgjöld að teknu tilliti til aldursamsetningar.

Í töflu 3 eru sýnd útgjöld til heilbrigðismála á Norðurlöndum fyrir árið 1999 sem hlutfall af landsframleiðslu. Þar sést að hlutfallið er hæst hérlendis,

eða 8,7%. Það er lægst í Finnlandi, 6,9%. Mikilvægt er að skoða aldurs-samsetningu þjóðarinnar þar sem almennt er talið að heilbrigðisútgjöld séu hærrí eftir því sem fleiri eldri borgarar eru vegna þess að þeir þurfa meiri umönnun en yngra fólk. Aldurssamsetning þjóðanna á Norðurlöndum er ólík. Það eru fleiri eldri borgarar í Svíþjóð og Noregi en annars staðar. Til að skýra þetta er reiknað aldurshlutfall, þ.e. fjöldi eldri borgara yfir 65 ára deilt með fjölda þeirra sem eru 20 til 64 ára. Sá stuðull, sem er sýndur í töflu 3, lýsir hvað margir eldri borgarar eru á hverja 100 einstaklinga á hefð-bundnum vinnufærum aldri, þ.e. frá 20 til 64 ára. Í Svíþjóð eru þeir 30,1 talsins en aðeins 20,3 héraendis. Með því að deila hlutfalli eldra fólks, sem er því hærra sem þjóðin er eldri, í útgjöld til heilbrigðismála sem hlutdeild af landsframleiðslu fæst betri mynd af útgjöldum og með því er tekið tillit til mismunandi aldurssamsetningar. Slík aldursleiðrétt hlutdeild útgjalda er í neðstu línu í töflu 3. Ísland, sem ver mestu til heilbrigðismála sem hlutfalli af landsframleiðslu, ver tiltölulega enn meira en aðrar Norðurlandþjóðir vegna þess að hér eru hlutfallslega mun færri eldri borgarar en annars staðar á Norðurlöndum. Þegar tekið er tillit til þess að hlutfallslega eru flestir eldri borgarar eru í Svíþjóð eru útgjöld Svía tiltölulega lítil í samanburði við nágrannþjóðirnar. Muninn á útgjöldum Noregs og Finnlands má líklega skýra að stórum hluta með því að í Noregi eru hlutfallslega mun fleiri eldri borgarar en í Finnlandi.

Matsaðferðir innan heilsuhagfræðinnar

Þegar rætt er um hagfræðilegt mat innan heilsugæslunnar eru einkum eftirfarandi fjórar leiðir farnar:

- Það er í fyrsta lagi greining á lágmarkskostnaði (e: cost-minimization analysis) sem er samanburður á verði aðgerða án þess að mat sé lagt á afleiðingar þeirra.
- Í öðru lagi er það greining á kostnaði og árangri, eða kostnaðarárangursgreining (e: cost-effectiveness analysis) eða kostnaðar-/virknigreining, þar sem líffræðilegar einingar, t.d. viðbótarlífár, eru lagðar til grundvallar. Dæmi um kostnaðarárangursgreiningu er að skoða viðbótarlíf tíma á hverja eydda krónu, eins og þegar barist er gegn influensu og árangurinn síðan mældur í fækkun veikindadaga.
- Í þriðja lagi er það greining á kostnaði og nytjum, eða kostnaðarnytjagreining (e: cost-utility analysis), sem felst í samanburði á þeim nytjum sem aðgerðir hafa í för með sér. Í kostnaðarnytjagreiningu felst að

afleiðingarnar eru metnar fyrir einstaklinginn eða samfélagið í heild sem nytjar. Hér geta aðstæður verið mjög ólíkar. Sem dæmi má nefna eineggja tvíbura; annar er málarí en hinn þýðandi og báðir handleggsbrotna. Þá er augljóst að afleiðingar þessa slyss eru mjög mismunandi. Málarinn getur ekkert unnið en þetta hefur sáralítil áhrif á vinnu þýðandans og hann getur jafnvel stundað vinnu eins og áður. Kostur kostnaðarnytjagreiðingar nýtist m.a. við samanburð á margþættum og ólíkum niðurstöðum af aðferðum. Við kostnaðarárangursgreiðingu og kostnaðarnytjagreiðingu er m.a. unnið með hlutföll, t.d. afurðir deilt með aðföngum.

- Í fjórða lagi er það greiðing á kostnaði og ábata, eða kostnaðarábatagreiðing (e: cost-benefit analysis), þar sem hagrænt mat er lagt á alla þætti, m.a. ytri áhrif. Kostnaðarábatagreiðingin er notuð víða. Í kostnaðarábatagreiðingunni er lagt fjárhagslegt mat á allar afleiðingar til tekjuauka og dreginn frá allur kostnaður sem viðkomandi aðgerð hefur í för með sér. Það liggur sjaldnast í augum uppi hvernig bera eigi saman afleiðingar. Mjög algeng mælieining innan heilsuhagfræðinnar er að meta hve mörg ár bætast við líftíma sjúklings (e: Quality-adjusted life years, QALY). Það er mikilvægt í þessu sambandi að gæði viðbótarlíf-ára séu metin þar sem lítið gagn er að því að lengja lífið í sífelldum kvölum. Ábatinn er ávinningur mældur í peningum á tilteknu ári t. Síðan er metinn kostnaður á ári t og er afvaxtað með reikningsvöxtum yfir allt tímabilið. Með þessum hætti fæst hinn hagræni ávinningur af einstökum aðgerðum. Ef fjármagn er takmarkað fæst forgangsöröð aðgerða með þessari aðferð. Hægt er að taka dæmi af einstaklingi sem á að meðaltali fimmtíu ár eftir ólifun en síðan veikist hann og sjúkdómurinn getur leitt til þess að ævi hans styttest um tuttugu ár. Þá er væntanlegur líftími aðeins þrjátíu ár en með tilteknum læknisfræðilegum aðgerðum væri hægt að lengja hann í þrjátíu og fimm ár. Þá er kostnaðurinn við þessar aðferðir borinn saman. Annað dæmi um kostnaðarábatagreiðingu er samanburður á sjúkrahúsmeðferð eða meðferð heima vegna sálræns sjúkdóms. Í því tilvikinu er seinni leiðin betri. Hún er dýrari en árangursríkari vegna þess að sjúklingarnir geta betur stundað vinnu. Vinnutekjurnar koma þá inn í greiðinguna sem ábati sem ekki er til að dreifa við sjúkrahúsdvölinu.

Ytri áhrif koma t.d. fram í heilsugæslu á þann hátt að einstaklingur er reiðubúinn að greiða fyrir að aðrir séu bólusettir til þess að minni líkur séu á

Því að hann smitist. Þetta er dæmi um hvernig tiltekinn þáttur í heilsugæslu hefur í för með sér vaxandi greiðsluvilja hjá öðrum en þeim sem heilsugæslan beinist að hverju sinni. Upplýsingar um heilsufar geta verið verðmætar fyrir sjúkling og tryggingafélög. Hægt er að spyrja úrtak þjóðarinnar í skoðana-könnun hve mikið fólk myndi vilja borga í hærri sköttum fyrir nýjar aðgerðir í heilsugæslu til viðbótar því sem fyrir er. Þetta er ein aðferða til að leggja mat á fyrirhugaðar breytingar innan heilbrigðisþjónustunnar. Með því að vinna úr þessum upplýsingum fæst heildarvilji til að greiða kostnað við viðkomandi aðgerð.

Eftirfarandi einfalt dæmi sýnir hvernig slíkt mat fer fram innan heilshagfræðinnar: Árni og Bjarni eru í sambærilegum störfum. Bjarni vinnur sér inn 100.000 kr. minna en Árni á ári en dauðsföll eru einu fleiri á hver þúsund störf í vinnunni hjá Árna. Þá er hvert mannslíf metið á 100 milljónir eða 100.000 kr. margfaldað með 1.000. Tryggingafélög vinna oft út frá þessari aðferðafræði, t.d. við líf- og slysatryggingar. Fjárhagslegt mat manna í starfi kemur líka mjög oft fram þegar menn slasast eða ef þeir verða öryrkjar. Annað dæmi er um öryggisbúnað í bíl. Gefið er að banaslysum fækki úr tíu í fimm fyrir hver 100 þúsund manns ef þessi öryggisbúnaður er settur í. Ef fólk er reiðubúið að greiða 6.000 kr. fyrir búnaðinn þýðir það að 100 þúsund manns myndu greiða samkvæmt þessu 600 milljónir króna og spara með því fimm mannslíf. Það þýðir að hvert mannslíf er metið á 120 milljónir króna. Upplýsingar innan heilbrigðisgeirans eru viðkvæmar og umræðan um hvernig persónuvernd er háttað hefur verið mikil hérlendis í tengslum við miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði. Slík umræða fer einnig fram í umhverfi heilshagfræðinnar.

Lokaorð

Í umfjölluninni hér að framan kemur fram að heilshagfræðin er sérgrein innan hagfræðinnar þar sem hægt er að beita hefðbundnum líkönum til skýringar þótt sviðið sem markast af lífi og dauða sé oft að ýmsu leyti ólíkt því sem menn eiga að venjast innan hagfræðinnar. Heilbrigðisþjónusta er stór þáttur og vaxandi í hagkerfi okkar og mikið vinnuafli og fjármagn er bundið í henni sem undirstrikar mikilvægi skipulagðra vinnubragða við skýringar og áætlanagerð. Staða Íslands í alþjóðlegu samhengi er mjög góð á mörgum sviðum heilbrigðisþjónustunnar en miklu fjármagni er varið til hennar í alþjóðlegum samanburði. Matsaðferðir, sem hafa verið notaðar með góðum árangri á öðrum sviðum, henta vel innan heilbrigðisgeirans. Innan heilshagfræðinnar hafa verið gerðar margvíslegar athuganir sem

eru áhugaverðar, m.a. vegna þess að sambærilegar úttektir gætu vel átt við íslenskar aðstæður.

Ákvarðanataka um skipulag í heilbrigðismálum hérlendis er að langmestu leyti á forræði opinberra aðila. Samstarf framkvæmdavaldsins og heilbrigðisstétta við stefnumótun hefur oft verið brösótt. Aðferðir heilsuhagfræðinnar gætu stuðlað að meiri þekkingu um heilbrigðismál og auðveldað ákvarðanatöku byggða á hagrænu mati á kostum. Kostnaður við heilbrigðismál er umtalsverður hérlendis. Matsaðferðir innan heilsuhagfræðinnar eru öflug tæki sem er ekki enn nægjanlega beitt hérlendis. Endurskipulagning á fjármögnunarkerfi á spítölum er vænleg leið til að ná betur utan um kostnað á þeim þætti heilsugæslunnar. Meiri rannsóknir í samanburði milli landa á einstökum sviðum heilbrigðismála væru mjög gagnlegar fyrir frekari umræðu.

Heilbrigðismál hafa verið mikið til umfjöllunar á alþjóðlegum vettvangi og fjölmargar þjóðir vinna að stefnumörkun á þessu sviði. Íslendingar vinna einnig eftir ákveðinni áætlun í heilbrigðismálum. Heilsuhagfræðin er mikilvægt tæki í framtíðinni í umfjöllun um heilbrigðismál en aukin menntun á því sviði er forsenda hennar.

Þetta er allt verkfræðingum að þakka¹

Það eru þær verklegu framkvæmdir sem stuðla að verslun sem gera þjóðfélag manna lífvænlegt. Rómaríki til forna einkenndist af mikilli verslun, góðum vegum, aðgengilegum höfnum og afkastamiklum vatnsleiðslum. Sum þessara mannvirkja eru nothæf enn þann dag í dag þótt þau séu að stofni til meira en 2.000 ára gömul.

Verkþekking kom fyrst með verkfræðingum

Á Íslandi urðu engar umtalsverðar verklegar framkvæmdir fyrir en á tuttugustu öld. Menn þekktu þó verkfæri, handverk og vegakerfi frá Kaupmannahöfn en hér voru hvorki til vegir né hafnir fyrir en mörgum öldum eftir að slíkt varð almenningseign í nágrannalöndunum.

Verkfræðingar hafa lyft grettistaki á Íslandi og miklu meira en fólk almennt áttar sig á. Almennilegar hafnir urðu ekki til fyrir en verkfræðingar tóku forustuna og það sama á við um virkjanir og vegi. Það var ekki augljóst í upphafi hvar Reykjavíkurhöfn ætti helst að vera. Hugmyndir voru uppi um að hún yrði í Tjörninni eða þar sem nú er Austurvöllur. Einar Benediktsson skáld vildi að höfnin yrði byggð í Skerjafirði. Það var norskur verkfræðingur, Gabriel Smith, sem fyrstur lagði til núverandi hafnarstæði gömlu hafnarinnar. Verkfræðingar hafa allar götur síðan ráðið mestu um þróun Reykjavíkurhafnar.

Verkfræðingum hefur þó ekki verið þakkað neitt sérstaklega fyrir allar þær verklegu framfarir sem má rekja beint til þeirra starfa. Ekki veit höfundur hvort verkfræðingar eru hógværi en aðrar menntastéttir en þó eru margir verkfræðingar sem flíka ekki verkum sínum. Slíkt látleysi hefur verið áberandi í þróun Reykjavíkurhafnar.

Það hefur alltaf þurft frumkvöðla

Knud Zimsen, hinn mikli framfaramaður og borgarstjóri, var verkfræðingur og það setti svip sinn á stjórnartíma hans. Það sama gilti um Jón Þorláksson, sem var einnig borgarstjóri og verkfræðingur. Tveir aðrir

¹ Hafnarblaðið 4. tbl. 9. árg. 2003.

verkfræðingar hafa gegnt borgarstjórástöðu í Reykjavík, þeir Egill Skúli Ingibergsson og Þórólfur Árnason.

Reykjavíkurböfn er eitt glæsilegasta fyrirtæki eða stofnun landsmanna, nútímaleg og hagkvæm. Það er enginn vandræðagangur í kringum höfnina eins og oft er um opinber fyrirtæki. En slíkt gerist ekki af sjálfu sér. Það þurfti frumkvæði manna, m.a. með menntun á sviði verkfræði, til að leysa þau vandamál sem óblíð náttúra olli okkur. Reykjavíkurböfn hefur alla tíð verið rekin á faglegum forsendum, verkfræðilegum og flutningafræðilegum. Sú leið hefur reynst farsæl fyrir höfnina og alla landsmenn.

Viðskiptatengsl Íslands og Frakklands¹

Samskipti Íslands og Frakklands eru gömul en ekki sérstaklega mikil eða nánin. Á Þjóðveldistímanum, frá 900 til tæplega 1300, voru nokkur samskipti við Frakkland þótt þau væru mun meiri við önnur nágrennalönd. Sæmundur fróði er sagður hafa lært í Svartaskóla í París. Á þessum tíma hafði stórveldið Frakkland ekki mikla hagsmuni hér í Norðurhöfum.

Konungssambandi okkar við Norðmenn lauk tiltölulega fljótt og hið danska vald tók við héraendis árið 1382 þegar Ólafur, sonur Hákonar Noregskonungs og Margrétar Danadrottningar, var hylltur á Alþingi. Því sambandi lauk ekki fyrr en árið 1944. Samskiptin við Dani voru mikil en auðvitað skipti fátæk nýlenda Dana Frakka ekki nokkru máli. Þjóðveldið einkenndist af verslun við nágrennalöndin og var Frakkland vitaskuld hluti þeirra. Víkingaárásir á frönsk svæði voru algengar fyrir árið 1000, einkum í Normandí. Íslenskir víkingar tóku þátt í mörgum herförum á þær slóðir.

Fyrstu frönsku áhrifin í viðskiptum héraendis

Útlendingar stunduðu hér alltaf nokkra verslun og voru Frakkar einnig í þeirra hópi. Frönsk áhrif komu ekki skýrt fram fyrr en á nítjándu öld og kemur þar margt til. Danir stóðu við hlið Frakka í Napóleonsstýrjöldunum og guldu þess dýru verði. Þeir misstu Noreg til Svíþjóðar og Kaupmannahöfn varð fyrir sprengjum af hendi breska flotans árið 1807. Eftir Napóleonsstríðin var mjög sorfið að Dönun og þeir höfðu ekki mikið bolmagn á alþjóðavettvangi. Frakkar fóru smátt og smátt að sýna landinu áhuga. Heimsókn Jérômes Napóleons prins, bróðursonar Napóleons I Bonaparte og frænda Napóleons III, árið 1856 er dæmi um aukinn áhuga Frakka á Íslandi. Frakkar voru um miðja nítjándu öld farnir að sækja á Íslandsmið í miklu meira mæli en áður.

Það er merkilegt að hugsa til þess að Frakkar komu fram með róttækar hugmyndir til atvinnusköpunar héraendis á undan öðrum. Þannig vildu Frakkar reisa mikla aðstöðu í Dýrafirði þar sem þeir gætu m.a. haft örugga

¹ Erindi um viðskiptatengsl Íslands og Frakklands á ráðstefnu Fransk-íslenska verslunarráðsins og Viðskipta- og Hagfræðideildar Háskóla Íslands 30. janúar 2004.

vetursetu fyrir skip sín. Heimsókn prinsins ber að skoða í því samhengi. Þessar hugmyndir hefðu hleypt miklu lífi í atvinnulíf landsmanna. Ekkert varð þó af þessu.

Frá Frakklandi komu breytingarnar. Í kjölfar stjórnarbyltingarinnar miklu árið 1789 breiddust út nýjar hugmyndir um heiminn um leið og byltingin táknaði endalok á valdi konunga og aðals og hafði í för með sér uppgang borga og borgarastéttar. Ameríska byltingin, sem var reyndar gerð á undan þeirri frönsku eða árið 1776, markaði líka nýrri hugsun braut ásamt atvinnubyltingunni sem fólst í hagnýtingu gufuaflsins. Þessi atvinnuhátta- og stjórnmalabylting sem varð í Evrópu og Ameríku á árunum frá 1770 til 1815, m.a. með valdatíma Napóleons I, er einstaklega róttækt tímabil í sögu mannsins en þetta voru einungis rúm fjörutíu ár.

Þótt margar af breytingunum hafi komið frá Frakklandi barst þessi hugsun ekki til Íslands fyrr en í byrjun tuttugustu aldarinnar. Seinni byltingar í Frakklandi, eins og febrúarbyltingin árið 1848, sendu frjálsræðisstrauma til Norður-Evrópu en ekki urðu miklar breytingar hérlendis.

Frönsk áhrif á nítjándu öld

Það verður ekki séð að nítjándu aldar menn okkar hafi sótt mikið til Frakklands og er það miður því þar var margt að gerast. Menningarleg áhrif Frakka á átjándu og nítjándu öld voru mikil um allan heim á sviði heimspæki, lista og vísinda. Í tengslum við Ísland má nefna Jules Verne og bók hans um ferðina að miðju jarðar eða *Leyndardómar Snæfellsjökuls: för í iður jarðar* eins og við köllum bókina. Íslendingurinn Hans Bjelke úr þeirri bók er þekkt nafn í Frakklandi.

Frakkar voru hér með mörg skip á nítjándu öld og í byrjun tuttugustu aldar. Skútuöldin, sem kölluð var svo, einkenndist af útgerð skipa sem menn höfðu einkum séð hjá Frökkum. Íslandssiglingar franskra sjómanna eru vel þekktar í Íslandssögunni og þeirri frönsku. Margar minjar eru um þessa útgerð Frakka hér við land og reistu Frakkar margar byggingar sem þjónuðu þeim á seinni hluta þessa tímabils, m.a. sjúkrahús á Fáskrúðsfirði og í Reykjavík. Þetta voru samt ekki mikil viðskipti þegar þau eru skoðuð sem hlutfall af heildarviðskiptum við önnur lönd en Frakkar voru alltaf í miklu álitni hérlendis.

Menn lærðu líka af þessum samskiptum og fræg er brýning Einars Benediktssonar skálds þegar hann kveður í Íslandsljóði sínu:

*Þú býrð við lagarband,-
 þjargarlaus við frægu fiskisviðin,
 fangasmár, þótt komiðt verði á miðin,
 en gefur eigi
 á góðum degi,
 gjálpi sær við land.
 Vissirðu, hvað Frakkinn fékk til hlutar?
 Fleytan er of smá, sá guli er utar.
 Hve skal lengi
 dorga, drengir,
 dáðlaus upp' við sand?*

Parna var Einar, sem var mesti frumkvöðull okkar Íslendinga í atvinnu-
 málum, að reyna að fá landsmenn til að nýta sér hina nýju tækni með stærri
 skipum en samfélag fyrri tíma greip ekki þessar hugmyndir fyrr en löngu
 seinna. Það er merkilegt að sú atvinnuháttabylting sem varð í Evrópu upp
 úr miðri átjándu öld verður ekki á Íslandi fyrr en eitt hundrað og fimmtíu
 árum seinna eða um aldamótin 1900. Hér var sannanlega dorgað dáðlaust
 uppi við sand miklu lengur en þurfti, áratugum lengur.

Franski baróninn

Merkilegur kaflí í framfarahugsun hérlendis kom með franska baróninum
 Gauldrec de Boilleau árið 1898. Íslendingar minnst hans, barónsins á
 Hvítárvöllum, fyrst og fremst sem þess manns sem Barónsstígur í Reykjavík
 er kenndur við. Hann var hins vegar mikill hugsjónamaður, reisti á Hvítár-
 völlum í Borgarfirði stórbú og hafði margt á þrjónunum. Hann vildi m.a.
 safna fé og hefja hér mikinn atvinnurekstur í útgerð og fiskvinnslu en til þess
 þurfti lagasetningu á Alþingi. Hann var í sambandi við íslenska ráðamenn,
 sem sumir studdu hann í þessu, en þegar á hólminn var komið var frumvarp
 um þessar fyrirætlanir fellt á Alþingi. Þá hrundi veröldin fyrir baróninum
 unga og hann framdi sjálfsmorð í London skömmu síðar. Ekki er að efa að
 Íslandssagan hefði orðið önnur ef Frakkar hefðu fengið að veita fjármagni
 hingað inn í staðnað atvinnulíf en til þess kom ekki. Síðan þá hefur ekki
 farið mikið fyrir frönskum áhuga í viðskiptum á Íslandi.

Tengslin á tuttugustu öldinni

Á tuttugustu öldinni höfum við sótt margt til Frakklands en ekki endilega
 viðskipti, nema helst verslun með bíla, eldsneyti, vín og ýmsar tæknivörur.

Menningarleg tengsl hafa verið sterk en þó minni en við aðrar þjóðir, eins og Norðurlandþjóðirnar, Bretland og Þýskaland. Á seinni hluta tuttugustu aldar snýst þetta að nokkru leyti við, m.a. með aukinni menntun sem sótt er til Frakklands. Einnig hafði forsetatið frú Vigdísar Finnbogadóttur mikil áhrif en hún hélt ætíð vel fram franskri menningu og tengslum við Frakkland á forsetaárum sínum og reyndar eftir það. Sú vinna er í reynd ómetanleg fyrir samskipti þjóðanna. Núna eru frönsk vín, ostar og kvikmyndir þekkt hér á landi og margvíslegir franskir tískustraumar berast um Ísland eins og um önnur lönd.

Samanburður á hagtölum

Ef við berum saman nokkrar hagstærðir fyrir Ísland og Frakkland kemur margt athyglisvert í ljós. Frakkar eru vitaskuld miklu fjölmennari en við, eða nær tuttugu sinnum fleiri. Frakkar eru miklu eldri þjóð en Íslendingar því að 16% Frakka eru yfir sextíu og fimm ára aldri en aðeins um 11% Íslendinga. Þetta þýðir að gífurleg vandamál blasa við Frökkum í lífeyriskerfinu. Þetta þýðir líka ólíka markaðshópa í löndunum tveimur, eins og sést m.a. á því að héraendis eru 23% íbúa yngri en fimmtán ára. Um fjórðungur Íslendinga er þannig börn og unglingar. Þetta hlutfall er nokkru minna í Frakklandi, eða 19%.

Báðar þjóðirnar verja miklu til heilbrigðismála, eða rúmum 9% af landsframleiðslu. Barnadauði er oft tekinn sem merki um virkni heilbrigðiskerfisins og þar hafa Íslendingar yfirburði yfir aðrar þjóðir. Hér er barnadauði einungis 2,7 af hverjum 1.000 fæðingum en í Frakklandi er hann 4,6. Hér ber að athuga að ástandið er alls ekki slæmt í Frakklandi en héraendis er það afburðagott. Fleiri tölur sýna þennan mismun. Landsframleiðsla á mann á jafnvirðiskvarða, þ.e. á sambærilegu verðlagi, var á Íslandi 28.800 dollarar árið 2001 en þá voru Frakkar með 26.900 dollara á mann. Munurinn er ekki mikill en þetta ár var Ísland í 9. sæti innan OECD en Frakkland í 16. sæti.

Hagvöxtur hefur verið ólíkur í löndunum síðustu tíu ár. Héraendis hefur hagvöxturinn verið 3,2% á ári að meðaltali en einungis 1,9% í Frakklandi. Það er augljóst að ekki hefur gengið nógu vel í frönsku hagkerfi undanfarin ár. Þetta sést líka á atvinnuleysinu, sem er 8,7% í Frakklandi en einungis 2,3% hér á landi. Þetta er mikill munur. Eitt helsta vandamál Frakka er atvinnuleysið og öldrun samfélagsins en hér eru þessi mál í mjög góðu lagi.

Athyglisvert er að framlag fjármálafyrirtækja, trygginga og skyldrar starfsemi er miklu meira til landsframleiðslunnar í Frakklandi en hér á landi. Þetta framlag er 50% hærra í Frakklandi en hér. Þetta segir okkur að það eru

enn mikil sóknarfæri í fjármálaheiminum hér. Það sýnir að innrás franskra fyrirtækja á íslenska markaðinn getur verið þeim hagstæð. Hér er pláss. Sömuleiðis ættu íslensk fjármálafyrirtæki að beina sjónum sínum meira að Frakklandi. Frakkar eru meðal helstu útflytjenda vöru og þjónustu í heiminum og eru að mörgu leyti með sterkara efnahagskerfi en nágrannar þeirra, Þjóðverjar.

Útgjöld hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu er mun hærra í Frakklandi en á Íslandi, eða 53%, sem er býsna hátt í alþjóðlegum samanburði. Samneyslan er þannig mikil í Frakklandi. Hér eru útgjöldin 43% af landsframleiðslu og hefur þetta hlutfall hækkað mikið undanfarin ár. Samt erum við enn vel undir flestum nágrannþjóðunum í þessum efnum.

Ef við skoðum mengun, eða útblástur koldíoxíðs (CO₂) á íbúa, þá er hún svipuð í löndunum tveimur en athyglisvert er að Íslendingar menga þó heldur meira en Frakkar miðað við höfðatölu. Margir halda að Ísland sé mengunarlaust land en því fer víðs fjarri.

Á innstreymi fjármagns til beinna fjárfestinga í löndunum tveimur er mikill munur. Þetta hlutfall er 3% í Frakklandi en aðeins 1,6% á Íslandi. Hér er því feitan gölt að flá. Verið velkomin frönsk fyrirtæki og fjárfestið hér! Hér er vöxtur, uppgangur í hlutabréfaviðskiptum og mikil tækifæri. Þessi samanburður sýnir að íslenska hagkerfið er sterkt í samanburði við það franska og miklir möguleikar eru á viðskiptasviðinu.

Innflutningur frá Frakklandi var lengst af innan við 3% af heildarinnflutningi alla tuttugustu öldina og óx aðeins eftir stríð. Útflutningur til Frakklands var 1–3% af heildarútflutningi á tuttugustu öld og fór upp í rúm 8% en síðan dró aftur úr honum. Síðustu tvö árin, árin 2002 og 2003, hefur inn- og útflutningurinn verið tæplega 4% af heildarviðskiptunum, sem er ekki mikið.

Samanburður á innflutningi frá Bretlandi, Frakklandi og Þýskalandi sem hlutfall af heildarinnflutningi til Íslands sýnir að Frakkland er áberandi smæst í þessum hóp. Það sama er uppi á teningnum þegar útflutningur til Bretlands, Frakklands og Þýskalands sem hlutfall af heildarútflutningi frá Íslandi er skoðaður. Frakkland er aftur áberandi smæst í þeim hóp.

Samandregið er hægt að segja að viðskiptatengsl Íslands og Frakklands séu mjög gömul og merkileg saga fylgir þeim en viðskiptin eru ekki og hafa ekki verið mikil. Þau er hægt að auka, m.a. vegna þess að þessar þjóðir geta vel unnið saman. Á viðskiptasviðinu er Frakkland vannýtt auðlind fyrir Íslendinga og Ísland er vannýtt auðlind fyrir Frakka. Það er gott því að það er gaman að vinna að nánara sambandi við slíkar aðstæður.

„Stefna í málefnum háskóla“¹

Nýlega setti Ágúst Einarsson prófessor í Viðskipta- og hagfræðideild fram athyglisverðar tillögur í málefnum Háskóla Íslands. Þar sem ritstjóra Skjalda er annt um þá stofnun gekk hann á fund prófessorsins til þess að forvitnast betur um skoðanir hans á málinu. Í leiðinni drap hann á eitt og annað úr lífi sínu og starfi en hann hefur komið víða við sögu í íslensku þjóðlífi.

Faðir minn, Einar Sigurðsson, var Vestmannaeyingur en við systkinin vorum alin upp í Reykjavík. Þórbergur Þórðarson skráði eftir honum frásagnir um ævi hans sem komu út í þrem bindum á árunum 1967 til 1972. Móðir mín var Svava Ágústsdóttir. Við vorum ellefu systkinin, þrjú eru dáiin en við sem eftir lifum búum flest hér í Vesturbænum. Ein systir okkar er prófessor í Kaliforníu. Ég fór í Menntaskólann í Reykjavík og til þess að flýta mér las ég 5. bekk utanskóla eitt sumarið. Ég varð svo stúdent 18 ára árið 1970.

Mér er kunnugt um að þú stundaðir háskólanám þitt í Hamborg. Þar er einn besti háskóli Þýskalands og er þá mikið sagt. En þetta voru óróatímar – hvernig vegnaði þér í Hamborg?

Ég fór fyrst til Bremerhaven og fékk þar sumarvinnu. Ég vildi æfa mig í þýskunni áður en ég settist í háskólann. Það gerði ég svo um haustið og festi fljótlega rætur þannig að mér leiddist ekki. En það var mikið um að vera eins og þú segir. Í Hamborg voru aðalstöðvar Springer-samsteypunnar sem þýskir stúdentar höfðu mikið út á að setja. Þarna voru slagsmál og götuóeirðir en þarna var líka umræða um þjóðfélagsmál á miklu hærra plani en ég átti að venjast. Ég varð vinstrisinnnaður og starfaði með JUSO, ungliðahreyfingu jafnaðarmanna. Ég reyndi samt að láta námið ganga fyrir en það var ekki auðvelt á þessum tíma og sumir stúdentar við þýska háskóla flosnuðu upp úr námi.

Við vorum nokkrir íslensku stúdentarnir þarna við háskólann. Þarna voru t.d. í efnafræði Össur Kristinsson frá Dalvík og Sigurjón N. Ólafsson en hann starfar nú í Háskóla Íslands. Einnig var þarna Guðmundur Tulinius

¹ Viðtal Páls Skúlasonar ritstjóra við Ágúst Einarsson sem birtist í tímaritinu Skildi 3. tbl. 13. árg. 2004.

skipaverkfræðingur. Loftleiðir og Samband íslenskra samvinnufélaga höfðu skrifstofur í Hamborg og þar störfuðu Íslendingar. Við héldum hópinn, Íslendingarnir í Norður-Þýskalandi og endurreistum Íslandsvinafélagið og starfar það blómlega enn þann dag í dag. Franz Siemsen var þar einn aðalmaðurinn. Hann rak mikil viðskipti við Ísland og var ræðismaður í Lübeck. Í Hamborg kynnist ég konu minni. Hún vann á skrifstofu Loftleiða og heitir Kolbrún Ingólfssdóttir. Við giftum okkur í Hamborg og eignuðumst börnin þar, en við eigum þrjá drengi, þannig að við kynntumst flestum hliðum þess að eiga heima í Þýskalandi.

Þegar ég hafði lokið hagfræðiprófinu fór ég í doktorsnám og varði mína doktorsritgerð 1978 og var þá reyndar kominn heim, en ég var þarna í tæp sjö ár. Ég hóf þegar störf við fjölskyldufyrirtækin hér í Reykjavík eins og til stóð. Ég var alinn upp við þetta og hafði gaman af því að vinna við fyrirtækin. Pabbi var umsvifamesti útgerðarmaður og fiskverkandi landsins á þessum árum svo að það var gífurlega mikið um að vera. Við strákarnir höfðum verið að snúast í kringum þetta frá því að við vorum smápeyjar. Pabbi dó árið 1977 svo að það kom ekki annað til greina en að ég kæmi að rekstrinum.

Þú hefur þá ekki frá upphafi verið ákveðinn í að rata þá akademísku braut sem þú lentir á?

Ég setti mér í upphafi þá reglu að vera ekki nema um fimm ár í hverju starfi en árin hjá fjölskyldufyrirtækjunum urðu nú fleiri. Ég gerði samt fleira á þessum árum. Ég gekk í Alþýðuflokkinn og síðan fylgdi ég Vilmundi Gylfasyni yfir í Bandalag jafnaðarmanna. Ég hef alltaf verið nokkur uppreisnarmaður í mér og hefur það komið víðar fram. Í Alþýðuflokknum voru mikil umbrot í kringum 1982 og Vilmundur Gylfason sagði þá skilið við flokkinn og stofnaði Bandalag jafnaðarmanna. Þetta var óskaplega skemmtilegur tími og mikil hugmyndavinna sem lá að baki. Þetta var mikilvægur áfangi í að sameina alla vinstrimenn í einn flokk. Þótt enn sé nokkur hópur manna utan við Samfylkinguna er hún langstærsta stjórn málaaflið á vinstri vængnum. Ég hafði gaman af pólitík og sat rúm fimm ár á Alþingi, 1978–1979 og aftur 1995–1999 en er nú hættur öllum afskiptum af stjórn málum.

Þegar ég var í Þýskalandi átti ég þess kost að vera á landsþingum þýska jafnaðarmannaflokksins (SPD) sem fulltrúi Íslendinga. Ég átti einu sinni því láni að fagna að sitja hálfu nótt með Willy Brandt ásamt þingmanni frá Bremen og drekka bjór með þeim. Það var mikil upplifun fyrir ungan mann. Þetta var á þeim tíma þegar „Ostpolitik“ Willys Brandts var að breyta Evrópu. Mín róttækni á rætur sínar þarna og hún er enn til staðar.

Ég sótti um stöðu prófessors við Viðskipta- og hagfræðideild árið 1990 og er í stöðu þeirri sem Gylfi Þ. Gíslason gegndi fyrstur manna og alla ævi raunar að undanteknum þeim árum sem hann var ráðherra en þau voru reyndar mörg. Gylfi og Ólafur Björnsson byggðu upp deildina og þeim verður aldrei fullþakkað.

Ég hef starfað í mörgu og á tímabili sat ég í um 20 stjórnnum samtímis. Ég var eitt sinn formaður samninganefndar ríkisins og starfaði þá með Friðriki Sophussyni, þáverandi fjármálaráðherra, miklum sómamanni. Ég var einnig formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands og naut þess mikið að vinna með Jóhannesi Nordal. Ég hef aldrei unnið með betri manni.

Þú hefur ákveðnar hugmyndir um starfsemi háskóla hér á landi og vilt breyta ýmsu í starfi Háskóla Íslands. Gaman væri ef þú vildir segja lesendum frá skoðunum þínum á þessum málum.

Ég er þeirrar skoðunar að Háskóli Íslands hafi stækkað svo gífurlega mikið að breytinga sé þörf. Ég vil að deildir geti breytt sér í sjálfseignarstofnanir og orðið hver um sig með sjálfstæðan fjárhag. Við hér í Viðskipta- og hagfræðideild erum með um 1.400 nemendur. Þetta er á við allra stærstu skóla og þetta er mátuleg stjórnunareining. Við höfum einnig lagt til að við fáum að taka skólagjöld af nemendum í meistaranámi. Ég lít svo á að það sé ekki almannavaldsins að greiða fyrir kennslu á því háskólastigi. Hins vegar finnst mér að almannavaldið eigi að greiða kostnaðinn við nám til fyrstu háskólagráðu. Ég segi að fyrsta háskólaprófið sé svipaður áfangi og stúdentsprófið var fyrir tuttugu og fimm árum og landsprófið fyrir fjörutíu árum. Menntunin er orðin miklu almennari. Það er mikil umræða um þessar tilögur okkar hér í Viðskipta- og hagfræðideild.

Deildirnar eru orðnar það stórar að þær geta tekið mun fleiri verkefni til sín en verði áfram hluti skólans. Ég vil að Háskóli Íslands verði regnhlíf fyrir alla háskóla hérlendis og vinni að því að auka hróður Íslands erlendis sem öflug háskólasamfélags.

Hvað segir þú um þá samkeppni sem þið hafið fengið og starfsemi nýju háskólanna hér á landi?

Ég fagna þessari þróun og það sem er athyglisvert er að nýju háskólarnir eru yfirleitt sjálfseignarstofnanir. Þar má nefna Listaháskólann, Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Bifröst. Það er náttúrulega ekki hægt að reka háskóla sem fyrirtæki. Fyrirtæki eru rekin með hagnað fyrir augum en háskólar eru reknir með það fyrir augum að veita sem mesta menntun

og þekkingu. Háskólar eru elstu alþjóðastofnanir mannsins fyrir utan kirkjustofnanir. Háskóli Íslands sem þjóðskóli hefur ýmsar skyldur sem ég vil að hann ræki vel. Má þar fyrst nefna skyldur hans við íslenska menningu. Íslensk menning er að vísu þáttur í starfi allra vísindagreina, mismikill að vísu. Þennan íslenska vísindapátt á að fjármagna sérstaklega á fjárlögum.

Háskólinn hefur staðið sig að ýmsu leyti vel og það fer mikið rannsóknastarf fram innan veggja hans. Við verðum að fá svigrúm til þess að efla þennan þátt háskólastarfsins. Í minni deild höfum við gefið út kennslubækur og vísindatímarit. Þetta er mikilvægt til þess að fólk þjálfist í því að tala og hugsa á íslensku þegar það fæst við hagfræðileg efni. Svo höfum við gefið út gamlar hagfræðibækur, m.a. eftir Jón Ólafsson ritstjóra, frá því um aldamótin 1900. Við teljum að þar komi orðið viðskiptafræði fyrst fyrir á prenti.

Á hverju myndir þú byrja ef þú værir háskólarektor?

Ég tel brýnt að auka sveigjanleika fyrir deildir að ráða málum sínum meira en nú er. Það þarf að auka samvinnu milli háskóla hérlendis og rannsóknamatkerfið okkar á að gilda fyrir alla háskóla. Jafnframt þarf að ná betra samkomulagi við stjórnvöld um málefni skólans. Þar hefur ekki verið nógu gott samkomulag. Stjórnmalamenn sýna skólanum ekki næga athygli og þessu þarf að breyta og skólinn á að sýna þar frumkvæði. Skólinn þarf að fá aukið fé, m.a. frá fyrirtækjum og einstaklingum, og það eiga að vera skattaívilnanir fyrir slík framlög. Auðvelda þarf fólki að koma rannsóknum á framfæri, efla aðstoðarmannakerfi kennara og styrkja framhaldsnámið. Ég vil líka að miklu meiri sveigjanleiki verði hjá starfsmönnum um hvernig þeir haga vinnuskyldu sinni.

Hefur ekki orðið mikil breyting á kennsluháttum í háskólanum þessi síðustu ár?

Það hefur náttúrulega orðið bylting á starfi stúdenta og kennara. Fartölvan er orðin eins og pennaveskið var hjá okkur og nemendur sækja heimildir á Netið ekki síður en til bókasafna og prófessora. Það kemur samt ekkert í staðinn fyrir fyrirlestra og þau samskipti kennara og nemenda sem tíðkast hafa í áratugi og aldir. Ég er t.d. ekkert mjög hrifinn af fjarnámi sem nú er sums staðar farið að tíðkast. Ég hef miklar áhyggjur af því hvað margir nemendur í háskólum vinna með námi. Mér finnst að nemendur eigi að vinna í fríum en þeir eiga einbeita sér að náminu á vörum. Ég hafði mjög

gott af því að vinna í fríum á sínum tíma. Ég var t.d. á togara og í Þýskalandi keyrði ég bjór milli kráa í skemmtanahverfinu St. Pauli.

Nú langar mig að spyrja um hagfræðileg efni. Hvernig líst þér á þróun mála hér á landi í samanburði við það sem er að gerast í nágrannalöndunum?

Í flestum löndum Evrópu er fólkið orðið svo gamalt og svo margir á ellilaunum að það er að færa efnahagslífið í kaf. Við erum hins vegar með tiltölulega unga þjóð og erum með miklu betri stöðu en flestir nágrannar okkar. Ég held að okkur hafi tekist að rata hinn gullna meðalveg milli óhefts kapítalisma og sósíalisma sem ekki má virka letjandi fyrir menn sem vilja sýna hvað í þeim býr. Ég vil ekki þann óhefta kapítalisma sem er framkvæmdur í Bandaríkjunum þar sem milljónir manna eru án læknisþjónustu en þar sem þeir ríku geta hins vegar keypt sér bestu læknisþjónustu í heimi. En við stöndum frammi fyrir vandamálum í menntakerfinu. Menntunin er lykillinn að þessum breytta heimi.

Við stöndum nú á mjög miklum tímamótum. Ég vil líkja þessum tíma okkar við tímabilið frá 1770 til 1815. Þetta eru ekki nema fjörtíu og fimm ár en þetta er tímabil óskaplegra breytinga. Á þessum tíma var frelsisstríð Bandaríkjanna, franska stjórnarbyltingin árið 1789, þetta var tími Napóleonsstríðanna þegar landamæri Evrópu færðust fram og til baka og þetta er tími mestu breytinga á atvinnuháttum fram að okkar tíma. Gufuaflið tók að létta mönnum störfin. Þá fóru borgir að byggjast hratt upp og völd og áhrif konunga og aðalsmanna að þverra. Borgarastéttum óx fiskur um hrygg og um aldamótin 1800 tóku þær völdin í flestum löndum Evrópu.

Ég lít svo á að tíminn frá 1985 til 2020 verði svipaður breytingatími. Það sem gerðist 1989 þegar múrinn hrundi í Berlín var heimssögulegur atburður á borð við frönsku stjórnarbyltinguna. Þá urðu kaflaskil í stjórnmalasögu aldarinnar. Það er ekki aðeins að Þýskaland sameinaðist heldur brotnaði Austur-Evrópa upp og Evrópa er orðin að einni einingu. Svo hefur orðið tölvubylting og efnahagsbylting sem felst í því að ríki hverfa frá efnahagslegri þjóðernisstefnu. Hnattvæðingin hefur orðið ráðandi á öllum sviðum. Það eru forréttindi fyrir okkur að lifa þessa tíma þótt vitum ekki alveg hvernig framtíðin verður.

Tæknin hefur gert okkur kleift að fæða aukinn mannfjölda í þróuðum löndum en það er spurning hvernig vanþróuðum ríkjum tekst að kljást við vandann.

Ég segi stundum við erlenda vini mína að nú sé gróskutími að koma yfir Ísland. Á fimmtándu öld hafi Spánn og Ítalía verið í fararbroddi í Evrópu, svo urðu England og Þýskaland völdug, síðan ferðist þessi gróska norður eftir og nú sé komið að Íslandi.

Það er engin spurning. Nú búa hér 300.000 manns en það er enginn vandi fyrir 30 milljónir manna að lifa hér. Það eru mikil vandamál fram undan og ég held að alþjóðleg sýn sé eina lausnin til að fást við þennan vanda. Okkur vantar þó siðferðilegan grundvöll og siðferðilega stefnu til að takast á við vandamál liðandi stundar svo sem ógnun við vistkerfið og fjölsfölgunina.

Nú langar mig að lokum að spyrja þig um fjölskyldu þína. Þú hittir konuna þína fyrst úti í Hamborg og strákararnir fæddust þar, sagðirðu. Hafa þeir farið í langskólanám eins og þú?

Við eigum þrjá syni. Sá elsti, Einar, lenti í miklum hrakningum í Suður-Ameríku. Hann villtist í frumskógi og ekki munaði nema hársbreidd að hann léti þar lífið. Honum varð þó ekki meint af. Námsferill hans er töluvert sérstakur. Hann tók gráður í eðlisfræði, heimspeki, hagfræði og fleiri greinum úr ýmsum deildum hérlendis og meistara­gráður frá erlendum háskólum. Hann starfar nú sjálfstætt. Sá næsti, Ingólfur, er eðlisfræðingur og stærðfræðingur. Hann vann í nokkur ár hjá Íslenskri erfðagreiningu. Hann er nú í doktorsnámi á stjórnufræði í Boston. Sá yngsti, Ágúst Ólafur, útskrifaðist sem lögfræðingur og hagfræðingur nú í haust og ég hafði þá ánægju sem deildarforseti að útskrifa hann. Hann var kosinn á þing í síðustu kosningum og situr nú á Alþingi fyrir Samfylkinguna. Svo hefur konan mín líka tekið tvær háskólagráður.

Ég vil að lokum segja að mér finnst gaman að vinna þar sem eru breytingar og framfarir og ég vil meiri breytingar við Háskóla Íslands en ekki eru allir sömu skoðunar. Ég vil að hlutirnir séu vel gerðir og þess vegna sagði ég mig t.d. úr bankaráði Seðlabankans þegar ákveðið var að ráða þar banka­stjóra á pólitískum forsendum en ekki faglegum. Ég hef gaman af starfinu og ég lít svo á að staða prófessors hér á Íslandi sé eitt það eftirsóknarverðasta sem hægt sé að hugsa sér.

Kína og Ísland í aldanna rás – tækifæri í samstarfi ¹

Inngangur

Mynd 1 sýnir Kína og Ísland inni í Kína. Ísland heitir Bing Daó á kínversku og er á myndinni í réttum stærðarhlutföllum inni í Miðríkinu sem er orðrétt nafnið á Kína. Kína er vissulega miðpunktur umhverfis síns og svo hefur verið í lengri tíma en við eigum sögu yfir.



Mynd 1: *Kína og Ísland.*

Ég á þrjár gersamar
sem ég gæti vel,
ein þeirra er ást,
önnur er nægjusemi,
sú þriðja er auðmýkt.
Sá einn sem elskar
er hugrakkur,
aðeins hinn nægjusami
er mikilhæfur,
og einungis sá auðmjúki
er fær til valda.

¹ Erindi á ráðstefnu Íslensk-kínverska verslunarráðsins og Viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands 23. febrúar 2005

Þetta kvæði er eftir Lao-Tse sem er fyrsti heimspekingur Taóista-stefnunnar, fæddur 604 f.Kr. og dáinn 531 f.Kr. Hann er talinn höfundur *Bókarinnar um veginn* þótt ekkert sé víst í þeim efnum. Þar er lýst veginum eða Tao sem hinu raunverulega í umhverfinu og dyggðinni eða Te sem snýr að lífsorkunni í hlutum og varðar m.a. siðferði. Hugrekki, örlæti og forusta eru dyggðir sem tengjast siðakerfi. Fólk á að sýna innri tilfinningar sínar. Þessi hugsun sést vel í ofangreindri tilvitnun. Þessi hugsun hefur skipt gríðarlega miklu máli og varpar ljósi á Kínverja og kínverska sögu.

Annar heimspekingur, Konfúsíus (551- 479 f.Kr.), lýsti líka dyggðum eins og manngæsku og þekkingu, en þar skiptir afstaðan milli réttis og rangs miklu meira máli. Tao-istar draga fram sálarfrið og samhljóm með náttúrunni en áhangendur Konfúsíusar leggja mikla áherslu á félagslega þætti og hlýðni við yfirvöld. Báðar þessar stefnur forðast öfgar og það hefur verið einkenni Kínverja alla tíð. Þjóðin er laus við þær öfgar sem hafa einkennt sögu Vesturlanda. Áhrifa þessara stefna hefur gætt um aldir og heimspeki Konfúsíusar var réttlætning keisaranna um langa hríð og enn skiptir þessi hugsun miklu máli í Kína. Þessir heimspekingar eru mun eldri en Sókrates sem fæddist árið 469 f.Kr. og dó árið 399 f.Kr.

Kína er stórt og víðfeðmt land um 9.6 milljónir ferkílómetra að stærð og er þriðja stærsta land í heimi á eftir Rússlandi og Kanada. Íbúar Kína eru um 1.300 milljónir. Landamæri Kína eru um 22.800 km löng og liggja að tólf ríkjum. Kína er ævafornt menningarríki og á sinn fræga forföður í Pekingmanninum. Uppruni siðmenningar í Kína hófst um 600.000–400.000 árum f.Kr. og er talin hafa verið í kringum Beijing og við fljótið Huang-ho eða Guluá sem rennur 5.500 kílómetra um tíu héruð. Elstu menjar um fasta búsetu er að finna við Yangtzeffjót (Langaffjót) frá því um 5.000–4.750 f.Kr.

Það eru 56 mismunandi þjóðflokkar í Kína en 92% íbúanna eru af Han ætt. Hinir 55 þjóðflokkarnir, sem eru innan við eitt hundrað milljónir, byggja aðallega jaðarsvæðin. Kína skiptist upp í tuttugu og þrjú héruð, fimm sjálfstæð svæði, fjögur borgríki sem eru Beijing, Shanghai, Tianjin og Chongqing og tvö sérsvæði sem eru Hong Kong og Macau. Kínverjar fengu Hong Kong árið 1997 frá Bretum. Meðal sjálfstæðu svæðanna eru Tíbet og Innri Mongólía.

Flestir íbúarnir tala svipaðar mállýskur en hið opinbera tungumál var og er mandarín-kínverska. Allir nota sama ritmál sem er talið vera frá því 5.000–4.000 f.Kr. Þetta er allt annað en er á Indlandi þar sem ótal þjóðir og tungumál eru í einum hræigraut. Um Kristsburð voru Kínverjar þegar orðnir um 57 milljónir en fólksföldinn stóð í stað næstu 1.400 árin.

Kína byggðist upp af ættarveldum sem tóku við hvert af öðru og segja má að saga Kínverja sé samfelld allt frá 2.100 f.Kr. til dagsins í dag. Sami uppruni 92% þjóðarinnar, sama tunga, sama ritmál og sami menningararfur hefur ætíð fylgt þjóðinni og slík samfella er einstök meðal þjóða. Hvert hérað þróaði síðan sína eigin siði í akuryrkju, iðnaði, matreiðslu og listum enda er landið stórt. Hrísgjrónaframleiðsla kínverskra bænda fæðir nú um fimmtung mannkyns sem segir sína sögu.

Söguleg þróun

Tafla 1 sýnir atburði í sögu Kína og Íslands.

Árið	Kína	Ísland
221 f.Kr.	Keisaradæmið stofnað af Qin	
202 f.Kr.-220 e.Kr.	Han tíminn	
617–907	Tang tíminn (gullöldin)	
874		Ísland finnst
1162–1227	Gengis Kahn	
1262		Lok þjóðveldis
1271	Marco Polo í Kína	
1368–1644	Ming tíminn	
1550		Siðaskipti
1644–1911	Mansjúra tíminn	
1855		Verslunarfrelsi
1912	Fall keisaraveldisins	
1918		Fullveldi
1944		Sjálfstæði
1949	Stofnun alþýðuveldisins	
1976	Mao Zedong deyr	
2005	Nútíminn	Nútíminn


Tafla 1: Atburðir í sögu Kína og Íslands.

Keisaradæmið í Kína var stofnað 221 fyrir Kristsburð. Þá hófst keisara-dæmi sem stóð í 2.000 ár. Það leið ekki undir lok fyrr en í byrjun tuttugustu aldarinnar. Tang-tíminn var gullöld þess, 600–900 e.Kr. og það er á þeim tíma sem landnám hefst hér á landi. Þá hafa Kínverjar þegar átt nær 1.000 ára öflugra sögu. Borg keisaranna, Xian, var langstærsta borg í heimi og hún varð fyrst borga heims með meira en eina milljón íbúa. Þar er hinn frægi leirher í gróf fyrsta keisarans Qin.

Í töflu 1 eru sýndir nokkrir þættir úr sögunni eins og valdatími Gengis Kahn, sem er um það leyti sem þjóðveldið leið undir lok á Íslandi. Á elleftu öld eru krossferðir, endurreisnin hefst nokkru síðar sem einkennir mjög sögu Vesturlanda. Marco Polo, samtíðarmaður Gissurar Þorvaldssonar jarls, var

árið 1271 í Kína og þá fyrst fá Vesturlandabúar upplýsingar um þetta mikla ríki sem hafði þá verið völdugt keisaradæmi í 1.500 ár. Ameríka fannst aftur árið 1492 á miðjum Ming tímanum. Þá eru siðaskiptin hjá okkur en það er nokkuð á undan Ching-tímanum þegar Mansjúrarnir taka völdin í Kína.

Íslendingar fengu verslunarfrelsi á miðri nítjándu öld og í upphafi tuttugustu aldar, árið 1912, fellur keisaraveldið í Kína og eftir það er sagan mjög hröð. Lýðveldi var fyrst stofnað í Kína árið 1912 og síðan alþýðulýðveldið árið 1949. Íslendingar fengu sjálfstæði árið 1944. Árið 1976 eru merk tímamót þegar Mao Zedong deyr en hann mótaði sögu Kína alla tuttugustu öldina. Þessi saga er mjög merkileg og hún sést líka á fólksfölguninni. Mynd 2 lýsir þróun íbúafjölda í Kína.




Mynd 2: Þróun íbúafjölda í Kína 1950 til 2050.

Kína er langfjölmennasta ríki heimsins. Árið 2005 er íbúaföldinn um 1.300 milljónir eins og sést á mynd 2. Árið 1950 var íbúaföldinn tæplega 600 milljónir þannig að Kínverjar hafa meira en tvöfaldað íbúafjölda sinn á rétt rúmum fimmtíu árum. Það er gert ráð fyrir því að þeir verði um 1.600 milljónir árið 2040 en að jafnvægi til langs tíma verði um 1.400 milljónir og Kína verði eftir sem áður langfjölmennasta ríki heims.

Breytingarnar sem gerðust með stofnun Alþýðulýðveldisins árið 1949 eru mjög mikilvægar í sögu Kína. Kommúnistastjórnin kom á friði innanlands og útrýmdi hungursneyðum. Það má ekki vanmeta innanlandsátökin í sögu Kínverja. Keisaraveldið var um aldir og oft ríktu mikil innanlandsátök og hungursneyðir, en slíkt hefur ekki verið síðustu áratugi. Undantekningin er


á tíma Menningarbyltingarinnar en Kínverjar segja líka sjálfir að sá tími sé einsdæmi í sögu Kína, sem er rétt. Mynd 3 lýsir dreifingu íbúafjölda ríkja heims.



Mynd 3: Dreifing íbúafjölda í 2007 ríkjum heims árið 2003.


Það eru einungis tvö ríki heims sem eru með yfir einn milljarð íbúa. Það eru Kína og Indland. Ekkert ríki hefur íbúafjölda á milli þrjú hundruð milljónir og einn milljarð. Nokkur ríki eru með eitt til þrjú hundruð milljónir íbúa eins og Bandaríkin, Indónesía og Brasilía. Íslendingar eru í 171. sæti hvað varðar íbúafjölda. Við erum í minnsta flokknum upp í þrjú hundruð þúsund íbúa. Það eru þrjátíu og sjö ríki í heiminum sem eru í þessum flokki. Við erum því hér að tala í bókstaflegri merkingu um Davíð og Golíat í margs konar skilningi þegar við tölum um samskipti Íslands og Kína. Mynd 4 sýnir hagvöxt í Kína.

Hagvöxtur í Kína hefur verið einstakur og í mynd 4 sést tímabilið frá 1982–2006. Þetta er hagvöxtur upp á um 6–8% á hvern íbúa á ári. Hagvöxtur fer upp undir 10% á ári á sama tíma og við teljum okkur þokkalega vel stödd á Vesturlöndum með 2% til 4% hagvöxt á ári. Kína hefur verið með 8–10% hagvöxt á ári yfir mjög langt tímabil. Ef hagvöxtur á hvern íbúa er skoðaður er hann líka einsdæmi, sbr. mynd 4, og það sýnir hvers konar viðskiptakraftur leysist úr læðingi á mjög skömmum tíma. Mynd 5 sýnir framlag atvinnuvega til landsframléiðslu og þróun þess.




Mynd 4: Hagvöxtur í Kína frá 1982 til 2006.

Í mynd 5 sést sama þróun og er alls staðar annars staðar í heiminum. Landbúnaður, sem var fyrir tuttugu árum með þriðjunginn af framlagi til verðmætasköpunar, fer niður í 22% hlutdeild og síðan niður í 14% hlutdeild. Frumframleiðslugreinarnar lækka á sama tíma og iðnaðurinn fer úr 45% hlutdeild upp í 52% hlutdeild. Þjónustan eykst úr 22% hlutdeild í 34% hlutdeild. Þetta er í samræmi við þróun annars staðar í heiminum, m.a. á Vesturlöndum. Vægi frumframleiðslugreina minnkar og vægi þjónustugreina eykst. Mynd 6 sýnir þróun inn- og útflutnings í Kína.



Mynd 5: Hlutdeild atvinnuvega til landsframleiðslu í Kína 1982, 1992 og 2002.




Mynd 6: Inn- og útflutningur í Kína 1982, 1992 og 2002 í milljörðum Bandaríkjadala.

Í mynd 6 er inn- og útflutningur í Kína á tíu ára tímabilum frá árinu 1982. Þetta er í milljörðum Bandaríkjadala en til samanburðar er inn- og útflutningur Íslendinga um einn og hálfur milljarður Bandaríkjadala. Fyrir rúmum tuttugu árum var útflutningur frá Kína um 25 milljarðar en fer á tíu árum í um 100 milljarða og var árið 2002 kominn í um 360 milljarða Bandaríkjadala. Þetta er einungis á tuttugu árum þannig að vöxturinn er ótrúlegur. Það eru ekki til dæmi í heiminum um meiri hagvöxt eða meiri aukningu viðskipta á svona skömmum tíma. Það er einnig ekkert sem bendir til annars en að þessi vöxtur muni halda áfram. Mynd 7 sýnir dreifingu landsframleiðslu ríkja heims.

Dreifing landsframleiðslu í tæplega eitt hundrað og sjötíu ríkjum, eins og er í mynd 7, sýnir að Bandaríkin eru langstærsta hagkerfi heims. Landsframleiðsla þeirra er 10 þúsund milljarðar dollara. Næststærsta hagkerfi í heiminum er Kína, með 6.500 milljarða dollara landsframleiðslu. Þetta er á sambærilegu verðlagi, þ.e.a.s. á jafnvirðismælikvarða. Kína er nú þegar orðið 2/3 af bandaríska hagkerfinu. Bandaríska hagkerfið er þrefalt stærra en það japanska og rúmlega þrefalt stærra en það indverska og fimmfalt stærra en það þýska, og þetta eru engin smáríki sem hér eru nefnd. Kína er því þegar komið í góðan félagsskap. Næstu ríki á eftir Bandaríkjunum og Kína eru Japan og Indland.

Ísland hækkar nokkuð á þessum mælikvarða en landið var í 171. sæti miðað við fólksfjölda, en er í 127. sæti af ríkjum heims hvað varðar stærð




Mynd 7: Dreifing landsframleiðslu (e: Gross Domestic Product, GDP) í milljörðum Bandaríkjadala í 166 ríkjum heims árið 2004 á jafnvirðismælikvarða (e: Purchasing Power Parity, PPP).

hagkerfis. Íslendingar eru 300.000 manna þjóð og er í minnsta flokknum hvað fólksfjöldi varðar. Hér erum við einni deild ofar, enda eru Íslendingar ein ríkasta þjóð í heimi sé miðað við landsframleiðslu á hvern íbúa. Mynd 7 sýnir hins vegar vel hvar viðskiptin verða í framtíðinni. Þau verða í Suðaustur-Asíu.

Nú eru jarðarbúar um 6,3 milljarðar. Fjölgunin á síðustu eitt hundrað árum var mjög veruleg eða 5 milljarðar. Það er talið að íbúum jarðar fjölgi um 2 milljarða á næstu tuttugu og fimm árum. Þessi aukning er í Asíu eða öðrum þróunarríkjum en ekki á Vesturlöndum í umhverfi Íslendinga. Það verða gífurleg vandamál varðandi fæðuöflun, vatn og lífvænleg svæði til að lifa á. Hvernig maðurinn tekst á við öll þessi vandamál til viðbótar við margvíslegan umhverfisvanda, sem að hluta er vegna þessarar fólksfjölgunar, er óvíst.

Höfundur vill nefna tvennt sem hann telur að verði meginatriði í lausnunum, annars vegar aukin nýting hafsins og hins vegar nýjar orkulindir. Þetta tvennt er lykillinn að lausnunum en munurinn milli hinna ríku þjóða og hinna fátæku þjóða fer síst minnkandi. Hinar fátæku þjóðir eru helmgingur jarðarbúa eða yfir 3 milljarðar manna.

Misskiptingin er ótrúlega mikil í heiminum og af tvö hundruð ríkjum heims teljast eitt hundrað til þróunarlanda. Í þessum eitt hundrað ríkjum var



Mynd 8: Þjóðartekjur á mann nokkurra þjóða árið 2003 í Bandaríkjadölum á jafnvirðismælikvarða (PPP).

samdráttur í landsframleiðslu á mann í þrjátíu ríkjum á síðustu áratugum. Mynd 8 sýnir þjóðartekjur á mann hjá nokkrum þjóðum.

Í mynd 8 sést að langríkasta þjóð í heimi er Lúxemborg. Þeir eru langt á undan öðrum þjóðum með 54.000 dollara þjóðartekjur á hvert mannsbarn. Svo koma Bandaríkin, Noregur, Sviss, Danmörk, Írland og Ísland. Ísland er í 7. sæti. Íslendingar hafa verið undanfarin ár á meðal tíu ríkustu þjóða heims. Síðan koma á myndinni þrjú fátækari lönd. Perú er nr. 115 með 5.000 dollara þjóðartekjur á mann, Kína er nr. 116 og El Salvador er nr. 117. Við sjáum hvílíkur gífurlegur munur er hér á, en þessar þjóðir, a.m.k. Kína, munu klifra hratt upp þennan skala. Þetta er kaupmáttarskali heimsins en þetta er líka viðskiptaskali heimsins. Það bendir allt til þess að Kína eigi eftir að hækka mjög mikið þannig að viðskipti framtíðarinnar munu verða þar mjög mikil.

Þróunin í Kína

Breytingarnar sem hafa átt sér stað eftir 1949 tengjast ekki aðeins nafni Mao Zedong heldur einnig efnahagsbyltingunni sem var undir forustu Deng Xiaoping en andi hans svífur enn yfir vötnum í Kína. Þar má minna á hugmyndafræðina um eitt ríki og tvö kerfi í tengslum við Hong Kong sem féll Kínverjum í skaut eftir uppsögn samningsins við Breta. Spurning

er hvort Taívan falli einnig undir þetta. Hér er um mjög erfitt pólitískt álitafni að ræða sem þarf að hafa þekkingu á þegar viðskipti eru stunduð. Kínverjar meðhöndla öll ríki jafnt og það er mjög mikilvæg stefna í þeirra utanríkismálum og í samskiptum við önnur ríki og Íslendingar njóta þess mjög.

Kommúnistaflokkurinn fer með allt vald í landinu. Kína er einræðisríki og tókin hjá flokknum eru alls staðar alger. Hins vegar hefur þetta verið aðeins að breytast, sérstaklega með því að héruðin hafa fengið meira vald til sín. Það hófst í Sjanghæ, en Jiang Zemin, fyrrverandi forseti, var áður borgarstjóri þar. Þeir sem hafa stjórnað Kína undanfarin ár eru skjólstæðingar og pólitískt aldir upp af Deng Xiaoping, sem er að vísu fallinn frá.

Með hvaða hætti þróunin verður er mjög erfitt að segja til um, þ.e. hvort samfélagið þróist í meiri lýðræðisátt. Það bendir ekkert sérstaklega til þess. Það má segja að á meðan efnahagsástandið er með þeim hætti að það verður sífellt meiri verðmætasköpun og sífellt meiri efnahagsleg velsæld gangi þetta kerfi. Sagan af keisaradæminu sýnir þetta en Kínverjar hafa ekki búið við svona umhverfi öldum saman. Átökin sem urðu á Torgi hins himneska friðar árið 1989 með mótmælum stúdenta höfðu gífurleg áhrif innanlands, þannig að það eru margvísleg sprengiefni í þessu umhverfi.

Kínverjar vita líklega ekki sjálfir hvernig þróunin verður, en það er alveg ljóst að viðskipti munu halda áfram. Sú stefna gildir að viðskipti hafi forgang. Íslendingar eiga að nýta þá möguleika að eiga viðskipti við Kína. Ef við gerum það ekki erum við einfaldlega að setja af okkur stærsta framtíðarviðskiptasvæði heimsins. Við værum einnig að setja af okkur aðgöngumiða að viðskiptum í öðrum löndum í Suðaustur Asíu.

Kínverjar eru nefnilega ekki aðeins í Kína. Það eru tæpar eitt hundrað milljónir Kínverja sem búa utan Kína og þeir ráða yfir viðskiptalífínu í mörgum löndum. Þetta eru lönd eins og Víetnam, Indónesía og Singapúr. Kínverjar eru alls staðar í Suðaustur-Asíu ráðandi aðilar í viðskiptum. Þannig er að þetta snýst ekki aðeins um Miðríkið heldur allt umhverfið í Austur-Asíu.

Vandi meðaltala er oft áberandi gagnvart Kína vegna þess að það er svo stórt ríki. Kínverska hagkerfið er einungis að hluta til vanþróað. Það eru tiltekin svæði sem nota nýjustu tækni. Stjórnvöld hafa lagt mikla áherslu á að Kína verði hátæknisamfélag, ekki aðeins staður til að framleiða ódýrari vörur. Kínverjar eru komnir það áleiðis í jafnrétti að tekjujöfnuður er álíka í Kína og í Bandaríkjunum.


Í Kína gerast hlutirnir í miklu stærri mæli og miklu hraðar en nokkur

dæmi eru til um áður. Kínverjar eru þó með margvíslegan óhagkvæman ríkisrekstur og með ríkiseinokun á fréttum og öðru sem tengist þessu stjórnkerfi og menn þurfa að þekkja margt til að starfa í þessu umhverfi. Dæmi um þetta er svæðið í og umhverfis Hong Kong, perlufestin sem er kölluð svo, með 430 milljónir íbúa. Þetta eru tölur sem við getum varla ímyndað okkur. Þetta er stærra og fjölmennara svæði en Evrópusambandið.

Hvað er Chongqing? Chongqing er borg í Kína með þrjátíu milljónir íbúa, ein fjölmennasta borg í heimi. Höfundur er viss um að mjög fáir vita þetta. Þetta er gott dæmi um þróunina sem hefur orðið í Kína. Chongqing er annar endinn á drekanum svokallaða við Yangtzeffljót. Hinn endinn er Sjanghæ. Þetta er hið stóra efnahagssvæði sem er verið að byggja upp í Kína. Svona dæmi sýnir að víða skortir þekkingu um Kína.


Ísland og Kína

Mynd 9 sýnir helstu innflutningslönd Íslands.




Mynd 9: Helstu innflutningslönd Íslands árið 2003.

Innflutningur frá Kína til Íslands árið 1990 var 431,5 milljónir kr. af 97 milljarða kr. heildarinnflutningi. Af 7.719 milljónir kr. innflutningi árið 2003 eru vélar og samgöngutæki 2.825 milljónir kr., ýmsar unnar vörur 3.564 milljónir kr. og fatnaður annar en skór 1.505 milljónir kr. Mynd 10 sýnir helstu útflutningslönd Íslendinga.



Mynd 10: Helstu útfletningslönd Íslands árið 2003.

Útfletningur til Kína frá Íslandi árið 1990 var 16,3 milljónir kr. Árið 2003, þrettán árum síðar, var útfletningur okkar til Kína 1.327 milljónir kr. og voru sjávarafurðir 1.274 milljónir kr., þar af karfi 604 milljónir kr. Mynd 11 sýnir hlutfallslegar breytingar á hlutdeild utanríkisverslunar okkar við Kína.



Mynd 11: Viðskipti Íslands við Kína 1990 til 2003.

Samkvæmt mynd 11 fer útflutningur til Kína úr 1,5% hlutdeild af heildarútflutningi upp í 3,5% hlutdeild. Innflutningur til Kína er innan við 1% hlutdeild af heildarinnflutningi. Hér er því verk að vinna, bæði hvað varðar útflutning og innflutning.

Íslendingar hafa lítil samskipti haft við Kína varðandi ferðalög, en þó má nefna Unni Guðjónsdóttur sem hefur verið með skipulagðar ferðir til Kína í mörg ár. Það eru mikil tækifæri fólgin í samskiptum við Kína og auðvitað koma Íslendingar sjónarmiðum sínum og skoðunum á framfæri. Það gera allar lýðræðisþjóðir hvort sem það snýr að mannréttindum eða öðru, en í þessum samskiptum eru viðskiptatækifærin mjög mikil. Þessi tækifæri eru að mati höfundar á nokkrum sviðum og þá í fyrsta lagi í sjávarútvegi.

Íslendingar hafa upp á margt að bjóða í sjávarútvegsmálum, einkum hvað varðar markaðsmál. Íslendingar eru ein stærsta fiskveiðiþjóð í heimi og voru árið 2002 í 11. sæti hvað varðar heildarafla. Þróunarríkin eru mörg öflugar fiskveiðiþjóðir. Markaðsþekking í sjávarútvegi er ein mesta auðlind Íslendinga og það hefur tekið meira en eina öld að byggja upp þá auðlind. Íslendingar geta örugglega verslað í meira mæli með fisk en gert er. Íslendingar eru litlir þátttakendur í sjávarútvegi í Kína en þar eru ótrúlega tækifæri.

Það eru einnig mikil tækifæri í orkuframleiðslu, þ.e. í virkjunum eins og gufu- og vatnsaflsvirkjunum og nýtingu háhitasvæða en einkum í djúpbörunum. Íslendingar eiga að taka forustu í djúpbörunum í heiminum. Þar er gífurlegt tækifæri gagnvart öllum heiminum og gagnvart Kína sérstaklega.

Það eru einnig mikil tækifæri í samskiptum á sviði háskóla og vísinda. Það hafa verið reistir hundruð nýrra háskóla í Kína sem bíða eftir samstarfi landa eins og okkar sem eiga góð samskipti við umheiminn og þekkinga alþjóðlegt vísindaumhverfi í Bandaríkjunum, Bretlandi og annars staðar í Evrópu. Háskólinn á Bifröst hefur einmitt byggt upp sterk sambönd við háskóla í Sjanghæ.

Mikil tækifæri eru einnig í fjármálaþjónustu, þar sem okkar stóra útrás hefur verið. Höfundur hvetur íslenska fjármálaöfura, unga fólk, fyrrum nemendur höfundar, að einblína ekki aðeins á Bretland og önnur lönd Evrópu. Farið þangað austur því þar eru tækifærin. Farið með hina nýju kunnáttu ykkar þangað. Það er greinilegt að fjármálaþjónusta verður ein aðalútflutningsgrein okkar og uppspretta verðmætasköpunar Íslendinga á næstum áratugum.

Höfundur er sannfærður um það að við eigum nýja auðlind sem byggir

fyrst og fremst á menntun. Í Kína bíða eftir mönnum svæði, nákvæmlega eins og á seinni hluta átjándu aldar þegar tækifærin biðu í nýrri heimsálfu sem þá var kölluð Ameríka, en er núna Bandaríki Norður-Ameríku. Sú uppbygging gerðist á tiltölulega skömmum tíma á seinni hluta nítjándu aldar, m.a. í fjármálaþjónustu og á mörgum öðrum sviðum. Þessi heimur er núna í Kína og það eru aðrir búnir að koma auga á hann. Ef við förum ekki þangað gera það einhverjir aðrir.

Íslendingar eru að vísu smáþjóð, en við höfum siðferðilegar skuldbindingar gagnvart þessu umhverfi sem ein ríkasta þjóð í heimi. Það er ekki gott að átta sig á því hvað gerist innan Kína sjálfs, hvort Kínverjar geti leyst sín vandamál innan síns einkennilega kerfis og látið fólk búa í sátt og samlyndi. Það er þó vel hugsanlegt að Kínverjar taki forustu í heimsmálum. Þeir eru óáleitin þjóð og það kom fram í tilvitnuninni í Lao Tse. Kínverjar hafa ekki ráðist á aðrar þjóðir í neinum þeim mæli sem við Vesturlandabúar höfum gert.

Krefjast skaltu mikils
af sjálfum þér;
vænstu lítils af öðrum;
færra mun valda þér ama.

Þetta ljóð eða spakmæli eftir Konfúsíus hefur verið Kínverjum leiðarljós í miklu lengri tíma en við þekkjum. Íslendingar geta lært mikið af þessum vitru orðum hins kínverska spekings sem lifði fyrir meira en 2.500 árum.

Leiðin til suðurs¹

Inngangur

Leiðin til suðurs þýðir ekki að fara suður til höfuðborgarsvæðisins, heldur snýst erindið um annað.




Mynd 1: *Suðvesturland*.

Mynd 1 sýnir Suðvesturland eins og við þekkjum ágætlega og í þessu erindi verður fyrst og fremst fjallað um höfuðborgarsvæðið, ekki hvað síst í alþjóðlegu samhengi.


¹ Erindi á ráðstefnu um samgöngumál sem haldin var af Verkfræðingafélagi Íslands og Tækni-fræðingafélagi Íslands í Reykjavík 3. mars 2005.

Mynd 2 sýnir dreifingu íbúa í 207 ríkjum heims árið 2003.



Mynd 2: Dreifing íbúafjölda í 207 löndum heims.

Kína er fjölmennasta ríki heims með yfir 1,3 milljarða íbúa. Ísland er í næðsta floknum ásamt 37 ríkjum með íbúafjölda innan við 300 þúsund. Fámennið er eitt af því sem er sérstakt við Ísland. Fjölmennasta land heims er Kína, síðan Indland, Bandaríkin, Indónesía og Brasilía. Ísland er þrítugasta og sjötta fámennasta land í heiminum. Mynd 3 sýnir þéttleika byggðar í 162 löndum heims.




Mynd 3: Þéttleiki byggðar í 162 löndum heims.

Löndin í mynd 3 eru öll stærstu ríki heims en íbúaföldi þeirra er 6,3 milljarðar þannig að í þessum 162 ríkjum búa nær allir íbúar jarðarinnar. Þau rúm 40 lönd til viðbótar sem teljast til sjálfstæðra ríkja eru flest örsmá og langflest þeirra enn fámennari en Ísland. Á þessari mynd sést enn ein sérstaða Íslands sem er að hér búa aðeins um þrjár íbúar á hverjum ferkílómetra og eru Íslendingar í fámennasta floknum.

Ísland er sjötta dreifbýlasta land í heimi. Það eru því 156 lönd sem eru þéttbýlli. Mjög algengt er að í löndum heims búi um þrjátíu til þrjú hundruð íbúar á hvern ferkílómetra. Stærsti flokkurinn er með eitt hundrað til þrjú hundruð íbúa á ferkílómetra, sbr. mynd 3, sem er allt að hundrað sinnum þéttbýlla en er héraendis. Hér kemur skýrt í ljós hvað það er lítil byggð hér miðað við stærð landsins. Mikilvægt er að hafa í huga að þetta er alls ekki vegna þess að landið sé að mestu leyti óbyggilegt. Ísland er alls ekki óbyggilegt land heldur þvert á móti.


Búsetuþróun á Íslandi

Mynd 4 sýnir þróun byggðar á Íslandi í eitt hundrað ár og spá fyrir næstu fimmtíu ár.



Mynd 4: Þróun byggðar á Íslandi í eitt hundrað ár og næstu áratugi.

Árið 1901 bjuggu 87% af landsmönnum í dreifbýli eins og sést í mynd 4. Einungis 13% landsmanna bjuggu þá á höfuðborgarsvæðinu. Það voru gífurlega miklir búsetuflutningar á fyrstu sextíu árum síðustu aldar og jafnvægi varð árið 1960. Þá bjó helmingur þjóðarinnar á höfuðborgarsvæðinu




Mynd 5: Þróun byggðar á Akureyri og Reykjavík í rúm 100 ár.

og hinn helmingurinn í dreifbýli. Síðan þá hefur byggð á höfuðborgarsvæðinu aukist og núna eru 63% landsmanna búsettir á höfuðborgarsvæðinu og 37% á landsbyggðinni. Á mynd 4 er sýnd þróunin næstu fimmtíu ár til að vita hvað það tæki langan tíma að fá sömu hlutföll og 1901 miðað við vöxtinn frá 1990. Ef sami vöxtur heldur áfram verða 87% landsmanna búsettir á höfuðborgarsvæðinu árið 2048. Þessi öra þéttbýlismyndun á höfuðborgarsvæðinu mun þó líklega ekki eiga sér stað áfram með sama hætti og áður. Þessi vöxtur er þegar ótrúlega mikill. Mynd 5 sýnir þróun byggðar á Akureyri og Reykjavík í rúm eitt hundrað ár.

Árið 1900 bjuggu á Akureyri um 1,3% af landsmönnum og árið 1960 um 5% þjóðarinnar eins og sést í mynd 5. Það hlutfall hefur haldist svipað til dagsins í dag eða í fjörutíu og fimm ár. Sama máli gegnir um Reykjavík. Um 40% af landsmönnum hafa búið í Reykjavík í fjörutíu og fimm ár. Hins vegar hefur fjölgað á höfuðborgarsvæðinu með mikilli stækkun sveitarfélaganna umhverfis Reykjavík. Mynd 6 sýnir hlutfall íbúa á höfuðborgarsvæði í 162 löndum.

Mynd 6 er merkileg mynd sem sýnir hlutfall íbúa á höfuðborgarsvæðinu í nær öllum ríkjum heims. Hér kemur fram sérstaða Íslands sem er hið háa hlutfall íbúa sem býr á höfuðborgarsvæðinu eða 63% af þjóðinni. Íslendingar eru sjötta efsta land í heiminum, hvað það varðar. Við erum orðin borgríki án þess að við höfum tekið eftir því. Höfundur veit ekki til þess að slíkur samanburður hafi áður verið gerður hérlendis.



Mynd 6: Hlutfall íbúa á höfuðborgarsvæði í 162 löndum.


Á mynd 6 sést vel að algengast er í löndum heims að um 8% til 25% af íbúum einstakra landa búa á höfuðborgarsvæði viðkomandi lands. Okkar búsetuþróun er nær einsdæmi í heiminum. Þetta sýnir að við þurfum að endurmeta alla umræðu um byggðamál. Ísland er ekki land þéttbýlis og dreifbýlis heldur land nær eingöngu þéttbýlis eins og er í hinum örfáu borg- ríkjum heims. Það er hægt að kalla lönd borgríki þegar langflestir íbúar búa á sama svæðinu.

Þessi samanburður við önnur lönd kallar á endurmat á allri umræðu hér- lendis um búsetu og byggðastefnu. Breytingarnar hafa verið miklu meiri en við höfum gert okkur grein fyrir og besti samanburðurinn er einmitt við önnur lönd eins og sýnt er skýrt á mynd 6.

Höfuðborgarsvæðið

Mynd 7 sýnir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Höfuðborgarsvæðið einkennist af mörgum sveitarfélögum, sbr. mynd 7. Þar eru átta sveitar- félög, Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Bessastaðahreppur, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur. Þótt þau starfi nokkuð saman er skipulagsvinna ekki samræmd. Mynd 8 sýnir nærmynd af höfuðborgar- svæðinu.

Á mynd 8 kemur hluti af því fram sem vísað er til í titli erindisins „Leiðin til suðurs“. Á þeirri mynd sést flugvallarsvæðið vel. Það hefur verið talað um




Mynd 7: Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu.

að hægt sé að byggja 20–40 þúsund manna byggð á núverandi flugvallarsvæði. Jafnframt eru á mynd 8 teiknuð með svörtum línum þrjú brúarstæði yfir Skerjafjörð og nágrenni.

Reykjavík er reyndar mjög sérstök borg. Hún er fimm sinnum dreifbýlli en margar jafnfjölmennar borgir, sem þýðir fimm sinnum lengri götur, fimm sinnum lengri leiðslur og það tekur fjórum til fimm sinnum lengri tíma að fara á milli en þyrfti að vera. Þéttbýlið er misjafnt í borgum eftir löndum en þetta er mjög óvenjulegur bær. Reykjavík getur varla kallast borg með aðeins um 110 þúsund íbúa. Skipulögð græn svæði eru alls ekki áberandi á höfuðborgarsvæðinu en mjög mikið er af auðum, óbyggðum svæðum.

Hér verður ekki fjallað um flugvöllinn sérstaklega, en höfundur vill samt minna á gamla hugmynd, sem hann endurvakti fyrir nokkrum árum, sem er að flytja innanlandsflugvöllinn úr Vatnsmýrinni út á Álftanes eða réttara sagt á Bessastaðanesið. Það svæði hentar mjög vel fyrir innanlandsflugvöll. Þetta er miklu raunhæfari og betri hugmynd en að flytja hann í Hvassahraun eða til Keflavíkur. Bretum, sem byggðu flugvöllinn í Vatnsmýrinni í stríðinu,



Mynd 8: Nærmynd af höfuðborgarsvæðinu.

fannst Bessastaðanesið mjög ákjósanlegur kostur en þeim fannst að það svæði væri of langt frá Reykjavík. Ef fólk hefur áhyggjur af forsetabústaðnum þá yrði forsetasetrið jafnlangt frá flugvelli eins og Háskóli Íslands er frá núverandi flugvelli. Þetta er því ekki einu sinni nálægt. Þetta svæði er algjörlega vannýtt og þar eru miklir möguleikar. Það sem hins vegar vantar er leið til suðurs. Við þurfum nauðsynlega brú eða brýr yfir Skerjafjörð.

Það eru 114 þúsund manns sem búa í Reykjavík á 270 ferkílómetrum. Höfuðborgarsvæðið er 1.000 ferkílómetrar, sem er 1% af flatarmáli landsins. Þar búa 63% af þjóðinni. Það eru því 183 þúsund manns sem búa á höfuðborgarsvæðinu, sem er aðeins 1% af landinu. Líklega hefur ekki áður verið nefnt í umræðu hérlendis að 63% þjóðarinnar búi á 1% af landinu.


Af þessum 103 þúsund ferkílómetrum, sem er stærð Íslands, eru 25 þúsund ferkílómetrar í minna en 200 metra hæð eða mjög gott byggingaland. Það eru aðrir 18 þúsund ferkílómetrar í 200–400 metra hæð sem er líka í meginatriðum gott byggingaland. Það er enginn vandi að reisa á

Suðurlandi einnar milljónar manna borg en svæðið þar er tífalt höfuðborgarsvæðið að flatarmáli. Annað eins svæði er á Reykjanesi, einnig hentugt fyrir eina milljón manns. Á höfuðborgarsvæðinu er leikur einn að koma fyrir meira en einni milljón manns.

Þetta er það sem höfundur kallar „Leiðina til suðurs“. Það felur í sér að hér er byggingarsvæði fyrir milljónir manna. Íslendingar eru að vísu ekki það margir núna að við getum mannað þetta en svæðið er til staðar. Ræktanlegt land á Íslandi eru 20 þúsund ferkílómetrar en það er búið að rækta 1.000 ferkílómetra eða 5%. Það eru öll ósköpin sem er búið að rækta. Ísland er mjög stórt byggingarsvæði, miklu stærra en við höfum gert okkur grein fyrir.

Ísland, San Francisco og Kaupmannahöfn

Mynd 9 sýnir Bay Area, eða Flóasvæðið í San Francisco, sem margir kannast við. Hér eru San Francisco, Berkley, Oakland, Stanford og Kísildalurinn svo fáeinir staðir séu nefndir. Þetta eru 17 þúsund ferkílómetrar og þarna búa sjö milljónir manns. Þetta er hjartað í Kaliforníu, sem er fimmta



Mynd 9: Bay Area við San Francisco í Kaliforníu og Suðvesturland (sami melikvarði).



Mynd 10: Höfuðborgarsvæðið og San Francisco (sami mælikvarði).

stærsta hagkerfi heims og langstærsta hagsvæði Bandaríkjanna. Í mynd 9 er sami stærðarmælikvarðinn notaður á Íslandskortinu og á Kaliforníukortinu. Þarna eru ekki háar byggingar og þarna eru fjöll og dalir. Svæðið suðvestanlands frá Snæfellsnesi og til suðurs er álíka svæði og þetta hjarta Kaliforníu. Mynd 10 sýnir höfuðborgarsvæðið og San Francisco.

Það er hægt að taka höfuðborgarsvæðið og leggja það yfir San Francisco eins og sést í mynd 10. Í San Francisco búa tæplega 800 þúsund manns. Það er ótrúlegt flæmi í Reykjavík miðað við hvað þar búa fáir. Hið háa lóðarverð á höfuðborgarsvæðinu er fráleitt en það er annað umfjöllunarefni. Mynd 11 sýnir Kaupmannahöfn og Reykjavík í sama stærðarmælikvarða.

Það er mjög auðvelt að koma stórum hluta Kaupmannahafnar fyrir á því svæði sem nú er miðborg Reykjavíkur eins og sést á mynd 11. Það er ótrúlega lítil og léleg nýting á þessu svæði. Í Kaupmannahöfn búa um það bil milljón manns og enn fleiri ef litið er til Stór-Kaupmannahafnar. Þessi mynd sýnir að vísu aðeins hluta af Kaupmannahöfn en þó nokkuð stóran hluta, þar á meðal alla miðborgina.



Mynd 11: Kaupmannahöfn og Reykjavík (sami mælikvarði).

Lokaorð

Meðallandið í heiminum er 800.000 ferkílómetrar eða átta sinnum stærra en Ísland. Meðallandið er með 39 milljón íbúa og 2,9 milljónir manns búa í höfuðborginni. Meðalbúseta er 48 íbúar á ferkílómetra eða sextán sinnum þéttbýlla en Ísland. Um 7% íbúa í meðallandinu búa á höfuðborgarsvæði en á Íslandi búa 63% íbúanna á höfuðborgarsvæðinu. Íslendingar eru um 300 þúsund á 103 þúsund ferkílómetrum. Það er tilgangur höfundar að vekja til umhugsunar um þetta land sem við búum í, skipulag, möguleika sem blasa við og setja landið í samhengi við önnur lönd.

Við eigum þrjár af dýrmætustu framtíðarauðlindum jarðarinnar. Við eigum mjög stór byggileg svæði. Við eigum vatn sem verður stríðsátæða framtíðarinnar í miklu meiri mæli en olía er nú eða aðrar náttúruauðlindir á öldum áður. Það er einnig mjög merkilegt að við höfum orkuna, þ.e. djúphita. Við erum á flekamótum jarðhitasvæðis þótt nokkuð sé í nýtingu þeirrar

orku. Mat höfundar er að við sitjum á alveg ótrúlegri orkuuppsprettu og við munum nýta hana á næstu árum. Hér eru dregin fram tækifæri, sérstaða, möguleikar og ný sjónarhorn í samgöngu- og byggðamálum og horft á þau úr meiri fjarlægð en við gerum að öðru jöfnu.

Hagræn áhrif menningar í alþjóðlegu samhengi ¹

Umfang menningar í íslensku hagkerfi

Menning er skilgreind sem mannleg hegðun sem flyst milli kynslóða en menning mótast fyrst og fremst af reynslu margra kynslóða. Menning lýsir, skapar, varðveitir og miðlar tilfinningum og umhverfi mannlegs samfélags. Það gerist í máli, trú, hugmyndum, venjum, list og íþróttum eða á aðra vegu. Menning hefur í för með sér jákvæð ytri áhrif. Með ytri áhrifum er átt við áhrif á þriðja aðila. Þetta geta verið jákvæð ytri áhrif eða neikvæð ytri áhrif. Dæmi um neikvæð ytri áhrif er mengun. Dæmi um jákvæð ytri áhrif er ný tækni og menntun. Með meiri menntun eykst þekking fólks á mörgum sviðum sem kemur sér vel fyrir hagkerfið.

Stjórnvöld geta stuðlað að jákvæðum ytri áhrifum, t.d. með því að styðja við rannsóknir. Jákvæð áhrif menningar koma m.a. fram í því að menning leiðir til fjölbreyttara samfélags en áður og eykur möguleika einstaklinga á hamingjuríku lífi. Opinber stuðningur við menningu er því rökréttur og áhrifamikill til að auka þessi jákvæðu áhrif. Ytri áhrif eru mikilvæg í sambandi við almannagæði en einkenni þeirra er að ekki er hægt að útiloka aðra frá að njóta þeirra og not eins minnka ekki notagildi fyrir aðra. Dæmi um almannagæði eru landvarnir. Ekki er hægt að útiloka einstaka þjóðfélagsþegna frá því að njóta landvarna og sé landvörnum haldið uppi njóta þess allir án þess að not eins rýri notagildi annarra.

Vörur og þjónusta eru hið efnislega innihald menningar og gera hana sýnilega. Menning sem almannagæði sem stendur öllum til boða sést vel á fornminjum. Fornminjar eru almennt gerðar öllum aðgengilegar og aðgangur eins rýrir ekki möguleika annars á að njóta og fræðast um þær. Einkavörur eru þær vörur þar sem hægt er að útiloka aðra frá því að njóta þeirra og notkun eins rýrir möguleika annars á nýtingu. Flestar vörur á markaði eru einkavörur. Það er ekki gerlegt að fella allt í menningu undir hrein almannagæði því að margt í henni telst einkavörur, eins og tónleikar og listsýningar. Slíkir menningarlegir atburðir eru ófullkomin almannagæði. Eitt sérkenni í tengslum við menningu er að erfitt er að setja verðmiða á ýmsa þætti hennar

¹ *Rannsóknir í félagsvísindum VI*. Viðskipta- og hagfræðideild. Félagsvísindastofnun. Reykjavík 2005.

vegna þess að verðmætamat breytist, jafnvel verulega, milli ára eða kynslóða. Málverk Van Goghs þóttu ekki mikils virði á lífdögum málarans.

Hægt er að endurtaka listræna starfsemi eins árs í einu eða öðru formi síðar, t.d. með sýningum eða útgáfum, næstu ár eða áratugi, jafnvel öldum síðar. Leikrit Shakespeares eru stöðugt leikin fjögur hundruð árum eftir andlát hans. Þannig margfaldast listræn sköpun í hagkerfinu yfir lengra tímabil.

Menningarleg þátttaka hérlendis er mikil, sem sést m.a. á því að útgáfa bóka á hverja 1.000 íbúa er langmest hérlendis af öllum Norðurlandabjóðum og aðsókn að leikhúsum og söfnum á hvern íbúa er einnig mest hérlendis. Netaðgangur í heimahúsum er mestur hérlendis af öllum löndum Evrópu, en Netid er mikilvægur þáttur í dreifingu menningar.

Framlag menningar til landsframléiðslu er meira en ætla mætti að óreyndu. Þannig er framlag menningar til landsframléiðslu 4% en til samanburðar er framlag landbúnaðar 1,4% og veitustofnana 3,4%. Flest fyrirtæki í menningargeiranum á Íslandi eru lítil eða meðalstór fyrirtæki (e: Small and Medium Sized Enterprises, SMEs) eða örfyrirtæki (e: Microenterprises). Hér eru lítil og meðalstór fyrirtæki skilgreind sem fyrirtæki með 5 til 20 starfsmenn en örfyrirtæki með færri en 5 starfsmenn. Af fyrirtækjum í menningargeiranum eru um 80% með 1 til 5 starfsmenn hvert, um 15% með 5 til 20 starfsmenn og 5% með fleiri en 20 starfsmenn hvert. Listamenn og aðrir í menningargeiranum starfa oft í litlum einingum. Stærri fyrirtækin fást mörg hver við prentun og útgáfu og rekstur útvarps og sjónvarps en einnig er algengt að lítil fyrirtæki séu í prentun og útgáfu.

Menningargeirinn laðar mjög að frumkvöðla og honum hentar því vel það umhverfi breytinga sem á sér stað í hagkerfi heimsins um þessar mundir. Mikilvægi frumkvöðla innan menningargeirans kemur einnig vel fram þegar skapandi atvinnugreinar eru skoðaðar. Hugmyndafræði um skapandi atvinnugreinar fellur vel að umfjöllun um menningu þar sem sköpun er liður í menningarlegri tjáningu einstaklings, byggir á bakgrunni hans og gerð samfélagsins. Stærðarhagkvæmni er ekki eins áberandi innan menningargeirans og í mörgum öðrum atvinnugreinum. Þess vegna er árangursríkt að örva starfsemi frumkvöðla og örfyrirtækja og lítilla og meðalstórra fyrirtækja innan menningargeirans.

Aðgerðir til að efla menningarlega starfsemi

Aðgerðir sem efla menningarlega starfsemi hafa í för með sér aukinn hagvöxt og bætt lífskjör. Leiðir til þess að efla menningarlega starfsemi eru nokkrar. Efling skólakerfisins er ein sú besta og hefur tvenns konar áhrif.

Í fyrra lagi eykur hún þekkingu á menningu meðal almennings og gerir fólki kleift að njóta hennar betur og í meiri mæli en áður. Í síðara lagi eykur hún áhuga og færni þeirra einstaklinga sem síðar munu vinna innan menningar-geirans. Skólakerfið er einnig almennt eitt helsta verkfæri til jafnréttis.

Í mörgum löndum hafa stjórnvöld beitt skattakerfinu til að auka fram- lög einstaklinga og fyrirtækja til menningar og má þar benda á Ástralíu, Bandaríkin, Chile, Írland, Rúmeníu og Þýskaland. Erlendis er oft veittur skattalegur afsláttur en slíkar hugmyndir, þ.e. að fyrirtæki mættu draga slík framlög frá skattskyldum tekjum með tilteknu álagi, hafa verið lagðar fram hérlandis en ekki náð fram að ganga. Beiting skattakerfisins til að örva menningarlegt starf og til að byggja brýr milli fyrirtækja og einstaklinga, einkum frumkvöðla, hefur reynst mjög vel í öðrum löndum.

Stuðningur opinberra aðila við listir innan Evrópu hefur hin síðari ár einkum beinst að úrbótum í skattamálum, stuðningi við tækninýjungar og greiðslur fyrir höfundarrétt og bættu löggjöf á því sviði. Þessar stuðnings- aðgerðir hafa að hluta til komið í stað beinna styrkja sem voru oft byggðir á félagslegum sjónarmiðum eða sérstakri aðild að fagfélögum listamanna. Ný tækni innan listskópunar, eins og Netið og margmiðlun, hefur víða notið sérstaks stuðnings hins opinbera. Opinber stuðningur í mörgum löndum tekur einnig í vaxandi mæli mið af byggðasjónarmiðum.

Alþjóðavæðing menningar

Alþjóðavæðing menningar einkennist af flæði sem markast af umfangi. Bókmenntir, tónlist, löggjöf og heimspeki hafa flætt um heiminn og kerfin sem dreifa þeim eru oft skipulagsheildir, þ.e. fyrirtæki og stofnanir, oft í opinberri eigu en alls ekki alltaf. Markmið framleiðslu almannagæða af hálfu opinberra aðila er að bæta umhverfið og lífskjör einstaklinga. Hinir opinberu aðilar, sem eru oftast lýðræðislega kosnir, hafa þannig jákvæð ytri áhrif með starfi sínu. Menning fellur vel að þessum ramma. Markaðsbrestir eru þegar markaður getur ekki af eigin rammleik tryggt hagkvæmni og þá geta stjórnvöld komið inn í og stuðlað að hagkvæmni með reglum, t.d. gegn mengun. Aðferðafræði stofnanahagfræðinnar (e: New Institutional Economics) hentar vel til greiningar á menningu í þessu samhengi.

Alþjóðavæðing breytir miklu, m.a. í viðskiptum, en margt hefur einnig breyst í ytra umhverfi. Misskipting tekna og eigna meðal þjóða heims er mikil og fer vaxandi. Menning sem endurspeglar margvíslega strauma, auk þess að vera sjálf straumur eða flæði, mótast af þessum aðstæðum. Alþjóða- væðingin hefur margvíslega kosti í för með sér, eins og stærri markaði, minni

viðskiptakostnað, meiri og hraðari dreifingu þekkingar, fleiri tækifæri og meiri menntun, sem getur stuðlað að friði og bættem lífskjörum. Það eru þó ekki allir sem sjá einungis kosti við alþjóðavæðingu heldur benda á þætti eins og takmarkaðar auðlindir og umhverfi sem verði að lúta takmörkunum þótt fjármálageirinn búi ekki við neinar takmarkanir og það kalli á ýmis félagsleg vandamál.

Menning og menningarlegir atburðir og þátttaka í þeim hefur mikið gildi fyrir sérhvern einstakling. Þess vegna er mikilvægt að tryggja aðgang sem flestra í sem flestum samfélögum að menningarlegri starfsemi þótt vissulega komi upp sníkilsvandi (e: free rider problem) sem er algengt í tengslum við almannagæði en með því er átt við að afurða sé notið án þess að nokkuð sé lagt til framleiðslu þeirra. Ef aðgangur almennings að menningarstarfi er hins vegar ekki tryggður verður menning að einokun; náttúrulegri einokun, þar sem aðeins fáir útvaldir hafa aðgang að menningarstarfsemi. Þjóðfélög fyrri tíma einkenndust einmitt af mikilli stéttaskiptingu og takmörkuðum aðgangi almennings að mörgum þáttum menningar. Hugmyndin um jafnræði þegnanna er því mikilvæg í menningarmálum.

Alþjóðleg almannagæði, eins og menning er, þurfa því að ná til mikils meirihluta einstakra þjóða og til sem flestra þjóða. Í þessu sambandi er hægt að krefjast þess að alþjóðleg almannagæði mæti þörfum núverandi kynslóða án þess að ganga á hlut komandi kynslóða. Með þessu er hugtakið um sjálfbærni fellt að umgjörð alþjóðlegra almannagæða. Menning fellur vel að þessu því að fólk er, sérstaklega á okkar tímum, að reyna að varðveita menningarlega fjölbreytni og alþjóðavæðingin er oft talin fela hættur í sér fyrir varðveislur slíkrar menningarlegrar fjölbreytni. Það er því mikilvægt fyrir stjórnvöld á alþjóðavísu og í einstökum löndum og svæðum að tryggja sem bestan aðgang að menningarlegri starfsemi. Almannagæði verða því að sýna fram á fjölbreytni gagnvart þjóðum, kynþáttum og kynslóðum. Hið sígilda verkefni hagfræðinnar, það er að lýsa því hver framleiðir hvað fyrir hvern, sýnir vel að menningarleg starfsemi fellur ágætlega að þessum ramma.

Alþjóðlegur samanburður

Menning er í vaxandi mæli skoðuð í alþjóðlegu samhengi, þ.e. áhersla er lögð á menningarlega fjölbreytni og sjálfsmynd þjóða. Það er þó ekkert eitt sem lýsir alþjóðlegri menningu á einhlítan hátt, ekkert frekar en menningu einstakra þjóða. Alþjóðlegir menningarstraumar endurspeglar einfaldlega þá staðreynd að vegna alþjóðavæðingar verður menning þjóða og kynþátta fyrir meiri áhrifum frá öðrum menningarsvæðum en áður. Slík fjölþjóðleg áhrif

eru ekki ný undir sólinni heldur hafa þau alla tíð verið til staðar í sögu mannsins. Það sem er hins vegar nýtt er að áhrifin nú til dags eru alþjóðleg, þ.e. koma alls staðar frá og í miklu meiri mæli en áður.


Það er hægt að halda því fram með rökum að ekki hafi öll menningarsvæði sömu möguleika og önnur til að hafa áhrif. Smærri menningarsvæði, t.d. fámennar þjóðir, hafa oft hvorki fjárhagslegt bolmagn til að rækta menningarlega sérstöðu sína sem skyldi né koma henni vel á framfæri meðal annarra þjóða. Einangrun getur verið af margvíslegum toga, t.d. vegna tungumála, samgangna og menntunar. Þessi álitafni falla undir alþjóðlega menningarhagfræði og spurningin hér er hvort smærri menningarsvæði séu í einhverri hættu vegna vaxandi alþjóðavæðingar, ekki vegna þess að þessi smærri samfélög séu þiggjendur frekar en veitendur heldur vegna þess að þau eru smá.

Til þess að svara þessum spurningum er hægt að meta þær áherslur sem kjörin stjórnvöld leggja á menningarmál og vita hvort stærð þjóða hefur áhrif á áherslur stjórnmalamanna, fulltrúa almennings, á menningarmál. Ein leið til að mæla áherslu stjórnvalda á einstaka málaflokka er að skoða hversu háu hlutfalli opinberra gjalda er varið í viðkomandi málaflökk. Ríki sem leggja mikla áherslu á varnarmál, eins og Bandaríkin, verja hlutfallslega meira í þann málaflökk en önnur ríki og ríki sem leggja mikla áherslu á menntamál, eins og Finnland, leggja hlutfallslega meira til þeirra mála en önnur ríki.

Í þessari grein er hlutfall opinberra útgjalda fjörutíu og átta þjóða til menningarmála skoðað. Innifalið í þeim útgjöldum eru útgjöld til íþróttar og trúmála og eru öll opinber útgjöld talin með, ríkisvalds, fylkja og sveitarfélaga. Á mynd 1 sést þetta hlutfall. Árið í sviganum á eftir heiti landsins er það ár sem upplýsingar voru síðast tiltækar.


Í löndunum fjörutíu og átta á mynd 2 búa 2,8 milljarðar manna, eða um 45% af íbúum heims. Ísland ver hlutfallslega mestu til menningarmála af þessum fjörutíu og átta ríkjum. Aukin opinber útgjöld til menningarmála hérlendis undanfarin tuttugu ár sýna verulega áherslu stjórnvalda á menningu. Opinber útgjöld hafa aukist um 50% síðustu tuttugu ár. Mælikvarðinn að nota hlutfall opinberra útgjalda til viðkomandi málaflokks endurspeglar ágætlega stjórnmalalega áherslu hverju sinni. Ísland er fámennt ríki með mikla menningarsögu og er mjög meðvitað um dýrmæti menningarlegrar fjölbreytni, ekki hvað síst í alþjóðlegu umróti.

Hér er sú fullyrðing sett fram að stjórnvöld í fámennum ríkjum verji hlutfallslega meira til menningarmála en hin fjölmennari ríki. Ástæðan er sú að stjórnvöld í fámennum ríkjum eru almennt vel meðvitað um mikilvægi þess



Mynd 1: Hlutfall opinberra útgjalda til menningarmála í 48 löndum.

að styðja við bakið á menningarstarfsemi. Stjórnvöld í fjölmönnum ríkjum þurfa ekki að hafa miklar áhyggjur af slíku, þar sem stærðin tryggir fjölbreytni og mikil umsvif og slík samfélög eru fremur veitendur en þiggjendur á alþjóðavísu. Löndunum fjörutíu og átta er raðað eftir íbúafjölda og hlutfalli menningarútgjalda og raðfylgnin mæld og tilgátan prófuð. Niðurstöðurnar sjást á mynd 2.



Mynd 2: Raðfylgni íbúafjölda og hlutfalls útgjalda til menningarmála í 48 löndum.

Spearmann-stuðullinn fyrir raðfylgnina R í mynd 2 er 0,44 og er þetta tölfræðilega marktækt samband við 5% öryggismörk. Stjórnvöld í fámennari löndum verja þannig hlutfallslega meira til menningarmála en stjórnvöld í fjölmönnum löndum. Áhersla fámennari landa á menningarmál er vel skiljanleg í ljósi þess að þau vilja tryggja menningararfleið sína í sífellt opnari heimi. Ísland er gott dæmi um slíka afstöðu.

Íslenskur kvikmyndaiðnaður – umgjörð, aðsókn, dreifing¹

Inngangur

Síðustu áratugi hefur verið mikil framleiðsla kvikmynda á Íslandi. Áhorf kvikmynda hér er mun meira en í flestum löndum. Kvikmyndaiðnaðurinn er skapandi atvinnugrein sem er fjallað um innan margra sérgreina hug- og félagsvísinda.

Til íslenska kvikmyndaiðnaðarins teljast sýningar á kvikmyndum héraendis og framleiðsla á íslenskum kvikmyndum. Kvikmyndasýningar hófust tiltölulega fljótt héraendis eða árið 1903. Framleiðsla kvikmynda er margþætt en langar leiknar kvikmyndir njóta mestrar athygli.

Ein sérstaða kvikmynda er að not eða nytjar þeirra fyrir neytendur felast í upplifun. Neytendur vita ekki hvernig þeim líkar kvikmynd fyrir en þeir hafa séð hana. Þar sem kostnaður er nær allur óafturkræfur þegar kemur að sýningu er mjög erfitt að spá fyrir um aðsókn. Þetta er því mjög áhættusöm atvinnugrein.


Frá 1926–1977 voru framleiddar 7 íslenskar kvikmyndir. Frá 1978–2005 voru framleiddar og frumsýndar 87 íslenskar kvikmyndir. Langar, leiknar, íslenskar kvikmyndir eru því nær 100 talsins. Kvikmyndaiðnaðurinn er nátengdur öðrum listgreinum eins og bókmenntum og tónlist og gagnkvæm áhrif eru mikil. Tafla 1 sýnir samanburð á Íslandi og öðrum Norðurlöndum hvað varðar kvikmyndir og aðra þætti menningar fyrir árið 2004.

Eins og sést vel í töflu 1 eru langflest sæti í kvikmyndahúsum á hverja 1.000 íbúa á Íslandi eða nær þrefalt fleiri en ef miðað er við Danmörku og Finnland. Nær sami fjöldi erlendra kvikmynda er sýndur á Norðurlöndunum en íslenskar myndir eru tiltölulega fáar, þótt þær séu mjög margar miðað við fólksfjölda eða þrisvar til fimm sinnum fleiri en á öðrum Norðurlöndum. Í öðrum menningarlegum samanburði neðst í töflu 1 kemur Ísland einstaklega vel út. Leikhúsgestir eru langflestir héraendis svo og safngestir og munar miklu miðað við önnur Norðurlönd. Mynd 1 sýnir kvikmyndahúsaferðir í nokkrum löndum á hvern íbúa fyrir árið 2005 eða 2004.

¹ *Rannsóknir í félagsvísindum VII*. Viðskipta- og hagfræðideild. Félagsvísindastofnun. Reykjavík 2006.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
Fjöldi kvikmyndahúsa	163	219	22	245	815
Fjöldi kvikmyndasala	380	336	46	429	1.178
Fjöldi sala á hvert kvikmyndahús	2,2	1,5	2,1	1,8	1,4
Fjöldi sæta í þúsundum	57	57,2	8,8	86,5	197,6
Fjöldi sæta á hvern sal	150	170	187	202	168
Fjöldi sæta á hverja 1.000 íbúa	11	11	30	18	22
Fjöldi frumsýninga á erlendum kvikmyndum	212	176	171	217	218
Fjöldi frumsýninga á innlendum kvikmyndum	25	13	4	19	36
Samtals	237	189	175	236	254
Fjöldi innlendra kvikmynda á hverja eina milljón íbúa	4,5	2,5	13,3	4,1	4,0
Annar menningarlegur samanburður					
Fjöldi leikhúsgesta á hverja 100 íbúa	40	58	79	34	37
Fjöldi safngesta á hverja 100 íbúa	187	91	410	186	182

Tafla 1: Samanburður milli Norðurlanda á ýmsum þáttum kvikmyndaíðnaðar og annarrar menningar fyrir árið 2004.



Mynd 1: Kvikmyndahúsaferðir á íbúa á ári í nokkrum löndum 2004/2005.

Eins og sést á mynd 1 er Ísland með einna mestu aðsókn að kvikmynda-sýningum á eftir Bandaríkjunum. Áhorf hefur minnkað hérlandis undan-farin ár eins og annars staðar. Aðsókn minnkaði til dæmis að kvikmynda-húsum innan Evrópusambandsins um 11% milli árána 2004 og 2005.

Opinber umgjörð kvikmynda


Heildarlöggjöf um kvikmyndir á Íslandi eru Kvikmyndalög nr. 137 frá 2001 sem tóku gildi 1. janúar 2003. Markmið laganna er að efla kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu á Íslandi. Hugtakið kvikmynd er skýrt í lög-unum en með kvikmynd er átt við „hvers konar hreyfimyndaefni án tillits til þess hvers konar tækni eða aðferð er beitt“.

Kvikmyndalög komu í stað laga um kvikmyndamál (nr. 94/1984) sem fjölluðu fyrst og fremst um verkefni Kvikmyndasjóðs Íslands en verkefni hans voru með setningu kvikmyndalaga falin tveimur stofnunum, þ.e. almenn verkefni Kvikmyndasjóðs voru færð í Kvikmyndamiðstöð Íslands, og safna- og varðveisluhlutverk Kvikmyndasjóðs falin sérstakri stofnun, Kvikmyndasafni Íslands.

Í Kvikmyndalögum er kveðið á um að menntamálaráðherra fari með yfir-stjórn kvikmyndamála þótt fleiri ráðuneyti komi reyndar að málaflokknum. Með Kvikmyndalögum var stofnað kvikmyndaráð sem er stjórnvöldum til ráðuneytis um málefni kvikmynda og gerir það tillögur til menntamála-ráðherra um stefnu í þessum málum. Í kvikmyndaráði sitja sjö fulltrúar. Ráðherra skipar formann og varaformann en hinir fimm eru skipaðir samkvæmt tilnefningum Félags kvikmyndagerðamanna, Framleiðendafélags-ins–SÍK, Samtaka kvikmyndaleikstjóra, Félags kvikmyndahúsaeigenda og Bandalags íslenskra listamanna. Fjögur fyrstnefndu félögin eru helstu hagsmunafélög íslensks kvikmyndaiðnaðar og fulltrúi Bandalags íslenskra lista-manna undirstrikar vægi kvikmynda sem listgreinar. Reyndar eiga Félag kvikmyndagerðarmanna og Samtök kvikmyndaleikstjóra aðild að Bandalagi íslenskra listamanna.

Í öðrum ákvæðum kvikmyndalaga er menntamálaráðherra veitt heimild til að skipa markaðsnefnd kvikmynda til þriggja ára í senn. Fulltrúar í þá nefnd eru skipaðir samkvæmt tilnefningu frá iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Kvikmyndamiðstöð Íslands, utanríkisráðherra og Útflutningsráði. Hlutverk nefndarinnar er að veita innlendum og erlendum aðilum þjónustu sem snýr að gerð kvikmynda á Íslandi og kynna Ísland sem vettvang kvikmynda-gerðar.

Í lögum um kvikmyndaskoðun nr. 47 frá árinu 1995 var fjallað um eftirlit með kvikmyndum. Hinn 1. júlí 2006 komu lög um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum í stað laga um kvikmyndaskoðun. Mynd 2 sýnir í skipuriti meginþætti laga um kvikmyndir.



Mynd 2: Skipurit kvikmyndamála samkvæmt lögum.

Lög um tímabundna endurgreiðslu vegna kvikmyndagerðar á Íslandi (nr. 43/1999) tóku gildi 30. mars 1999. Þar er veitt heimild til að endurgreiða úr ríkissjóði hluta af framleiðslukostnaði kvikmynda sem eru teknar hér á landi. Þetta er gert til að laða að erlend fyrirtæki til að framleiða kvikmyndir og sjónvarpsefni hérlendis. Iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn þessara mála og í nefndinni eru fulltrúar frá iðnaðar-, hjármála- og menntamálaráðherra auk fulltrúa frá Kvikmyndasjóði (Kvikmyndamiðstöð Íslands). Kvikmyndir sem fá endurgreitt, en endurgreiðslan er 12% af framleiðslukostnaði, skulu hafa menningarlegt gildi og kynna landið, sögu þess og náttúru.

Þessi lög hafa reynst vel og margar erlendar kvikmyndir hafa notið endurgreiðslu. Erlendar kvikmyndir, sem eru teknar að hluta til hér á landi og nýta hina sérstöku náttúru landsins, hafa í för með sér margvísleg umsvif innlendra fyrirtækja á sviði kvikmynda. Ýmsar stórmyndir hafa að hluta til verið teknar upp hér á landi, m.a. tvær James Bond myndir og kvikmynd Clint Eastwoods „Flags of Our Fathers“.

Lögin um tímabundna endurgreiðslu falla úr gildi í árslok 2006. Gera þurfti breytingar á lögunum árið 2000 vegna athugasemda frá Eftirlitsstofnun

EFTA vegna gruns um að hér væri um ólögmatan ríkisstyrk að ræða, mismunun gagnvart löndum og áhersla á menningarþátt kvikmyndanna væri ekki nægjanlega skýr. Brugðist var við þeim athugasemdum með lagabreytingu en þetta sýnir að sértækar aðgerðir geta oft valdið úlfúð og verið á mörkum hins leyfilega. Ákveðið er í fjárlögum hverju sinni hversu miklu fé skal varið í þessar endurgreiðslur.

Kvikmyndamiðstöð Íslands starfar samkvæmt Kvikmyndalögum á ábyrgð forstöðumanns en hefur ekki sérstaka stjórn. Verkefni hennar er einkum að styrkja framleiðslu og dreifingu íslenskra kvikmynda og vinna að kynningu þeirra. Svigrúm úthlutana á styrkjum er aukið með lögnum, miðað við það sem áður var, og er það alfarið á verksviði forstöðumanns Kvikmyndamiðstöðvar en þó á grundvelli reglugerðar, sem m.a. er sett að fenginni umsögn kvikmyndaráðs.

Í Kvikmyndalögum er kveðið á um tekjur til Kvikmyndasjóðs, sem nú starfar sem deild í Kvikmyndamiðstöð Íslands. Tekjurnar eru á fjárlögum hvers árs í samræmi við samning um stefnumörkun í kvikmyndagerð sem gerður var af hálfu menntamálaráðuneytis og samtaka í kvikmyndagerð um aukningu fjárframlaga til kvikmyndagerðar. Mikil aukning varð á framlögum ríkisins í Kvikmyndasjóð eftir árið 1998 en ein helsta ástæða þess var að það ár kom út hjá Aflvaka skýrsla þar sem sýnt var fram á umtalsverðan ávinning stjórnvalda af umsvifum í kvikmyndagerð, m.a. í ferðaþjónustu.

Oft eru íslenskar kvikmyndir gerðar í samvinnu við erlenda aðila. Meðalframleiðslukostnaður íslenskra kvikmynda síðustu fimmtán árin á föstu verðlagi (verðlagi ársins 2005) er um 120 milljónir kr. sem telst ekki mikið á alþjóðavísu sem framleiðslukostnaður fyrir kvikmynd í fullri lengd. Kvikmyndasjóður er mikilvægur aðili í fjármögnun og er hlutfall hans í fjármögnun frá 16% upp í 24% af öllum íslenskum kvikmyndum.

Algengast er að einn framleiðandi framleiði í mesta lagi eina kvikmynd á ári þótt dæmi séu um annað eða að sami framleiðandi hafi framleitt allt að fjórum myndum einstök ár en það er undantekning. Oft standa margir framleiðendur að sömu kvikmynd.

Kvikmyndasafn Íslands starfar samkvæmt Kvikmyndalögum og lögum um skylduskil til safna. Meginverkefni þess er að safna, skrá og varðveita kvikmyndir og prentað mál sem tengist kvikmyndum svo og tækjabúnaði til kvikmyndagerðar. Safnið skal einnig stunda rannsóknir og miðla þekkingu á kvikmyndum og kvikmyndamenningu. Safnið hefur til umráða Bæjarbíó í Hafnarfirði og er það notað til sýninga á markverðum

kvikmyndum. Kvikmyndasafn Íslands starfar á ábyrgð forstöðumanns án sérstakrar stjórnar.

Kvikmyndasafn vinnur að gerð fræðsluefnis fyrir öll stig skólakerfisins og er það starf mjög mikilvægt fyrir þróun kvikmyndaiðnaðarins og til aukningar skilnings á mikilvægi þessarar listgreinar, bæði frá listrænu sjónarmiði og hagrænu. Kvikmyndasafn Íslands selur einnig sýningar einstakra kvikmynda innanlands og erlendis.


Aðsókn og sýndar kvikmyndir

Aðsókn að kvikmyndahúsum hérlendis hefur verið nokkuð stöðug undanfarin ár eða um ein og hálf milljón áhorfenda á hverju ári. Þar af er höfuðborgarsvæðið með 88% áhorfenda en landsbyggðin einungis 12%. Sætaframboðið er þó sambærilegt á íbúa á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni svo þetta lýsir mjög vel hvað er miklu erfiðara að reka kvikmyndahús á landsbyggðinni

Hérlendis er mjög mikið áhorf miðað við aðrar þjóðir. Hver Íslendingur fer að meðaltali 4,9 sinnum í kvikmyndahús á ári miðað við árið 2004. Ef áhorf er brotið upp eftir höfuðborgarsvæði og landsbyggð kemur í ljós að á höfuðborgarsvæðinu fer hver einstaklingur 7 sinnum á ári í bíó en einungis 1,5 sinnum á landsbyggðinni, þar af langmest á Akureyri utan höfuðborgarsvæðisins. Ekki má draga þá ályktun að landsbyggðarfólk fari alls ekki í bíó heldur notar það oft tækifærið þegar það er stutt á höfuðborgarsvæðinu og fer í bíó.

Nýting á kvikmyndahúsum hérlendis er ekki góð þar sem meðalföldi á hverri kvikmyndasýningu er um fjórutíu manns. Flestir eru sýningarsalirnir á höfuðborgarsvæðinu eða þrjátíu og einn talsins af fimmtíu. Sums staðar á landinu eru nær engar kvikmyndasýningar, eins og á Norðvesturlandi og Suðurlandi. Utan höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar eru sárafaár kvikmyndasýningar. Á Suðurnesjum eru reglubundnar kvikmyndasýningar en áhorf er þar ekki mikið. Það er greinilegt að íbúar landsbyggðarinnar fara í kvikmyndahús annað hvort á höfuðborgarsvæðinu eða alls ekki.

Uppistaðan í sýndum kvikmyndum hérlendis er erlendar myndir. Árlega eru sýndar um 200 myndir hérlendis og um 96–98% þeirra eru erlendar. Innlendar kvikmyndir eru einungis 2–4% af heildarfjölda kvikmynda. Mynd 3 lýsir fjölda langra, leikinna kvikmynda, sem eru frumsýndar hérlendis, flokkaðar eftir framleiðslulöndum og kemur þar skýrt fram yfirburðastaða bandarískra kvikmynda.



Mynd 3: Fjöldi frumsýndra kvikmynda samtals og frá Bandaríkjunum 1965–2004.

Mynd 3 sýnir heildarfjölda kvikmynda sem voru frumsýndar hérlandis frá árinu 1965 til ársins 2004 en þó að undanskildum árunum 1981 til 1984. Einnig er í mynd 3 sýndur fjöldi þeirra kvikmynda sem eru framleiddar í Bandaríkjunum svo og hlutfall frumsýndra bandarískra kvikmynda hér á landi. Árið 1965 voru frumsýndar hér 280 kvikmyndir en þær voru 167 talsins árið 2004 og hefur því fækkað mikið, sérstaklega hin síðari ár. Hlutdeild bandarískra kvikmynda var 65% árið 1965 og fór hæst í 88% árið 1990. Mynd 3 sýnir vel hina geysimiklu útbreiðslu bandarískra kvikmynda hér.

Flestar myndir frumsýndar hérlandis fyrir utan þær bandarísku eru frá Bretlandi. Íslenskar kvikmyndir eru mjög lítill hluti af markaðinum. Franskar kvikmyndir eru flest árin ívið fleiri en aðrar norrænar kvikmyndir en miðað við hvað margar þjóðir framleiða kvikmyndir er ljóst að framboð hér er tiltölulega einhæft.


Árið 2003 voru frumsýndar um 200 kvikmyndir í Danmörku eða um 25 myndum fleira en hér á landi sama ár þrátt fyrir að Danir séu átján sinnum fleiri en við. Þetta sýnir vel að flestar myndir á alþjóðavísu eru sýndar hérlandis. Tafla 2 sýnir uppruna frumsýndra kvikmynda fyrir árið 2003 fyrir Danmörku og Ísland.

	Samtals kvikmyndir	Innlendar kvikmyndir	Önnur Evrópulönd	Bandaríkin	Önnur lönd
Danmörk	200 (100%)	12%	27%	51%	10%
Ísland	175 (100%)	2%	24%	70%	4%

Tafla 2: Upprunalönd frumsýndra langra leikinna kvikmynda fyrir árið 2003 í Danmörku og Íslandi (hlutfallstölur).

Þessi samanburður við Danmörku í töflu 2 sýnir vel að hlutfall innlendra kvikmynda er lágt héraðs eða einungis 2%. Einnig er lágt hlutfall af öðrum kvikmyndum framleiddum utan Bandaríkjanna og Evrópu og hátt hlutfall bandarískra kvikmynda.

Sterk staða bandarískra mynda sést einnig vel þegar skoðaðar eru þær tíu eða tuttugu löngu, leiknu kvikmyndir sem fá mesta aðsókn einstök ár. Árið 1998 eru t.d. tíu mest sóttu kvikmyndirnar allar frá Bandaríkjunum. Lægst fara bandarískar kvikmyndir niður í sjö á listanum 10 á toppnum á árunum 1995 til 2004. Breskir framleiðendur eiga þrjár kvikmyndir eitt árið sama og íslenskir framleiðendur en á þessum tíu árum, sem eru mikil kvikmyndaár hjá Íslendingum, komast íslenskar kvikmyndir aðeins í þrjú ár á þennan lista. Kvikmyndir frá öðrum löndum eru aldrei á listanum öll þessi ár. Þessar tíu mest sóttu kvikmyndir eru með 25–30% af öllum áhorfendum. Mynd 4 sýnir þetta sambengi fyrir tuttugu best sóttu kvikmyndirnar.




Mynd 4: Upprunalönd 20 aðsóknarhestu kvikmynda 1995–2004.

Bandarískar kvikmyndir hafa algebra yfirburði með sextán til átján myndir á listanum öll árin, sbr. mynd 4. Íslenskar kvikmyndir eru í sex ár með eina til þrjár kvikmyndir á listanum. Aðeins í tvö ár, 1995 og 1999, eru kvikmyndir utan Bandaríkjana, Bretlands og Íslands á listanum. Þessi samanburður sýnir mikla einhæfni í framleiðslulöndum en hafa verður í huga að bandarískar kvikmyndir eru alls ekki einsleitar þótt oft megi sjá sambærileg efnistöð við framleiðslu margra þeirra. Þær kvikmyndir sem eru í 11. til 20. sæti á lista yfir aðsóknarhæstu kvikmyndirnar eru með um 15% áhorfenda. Þær tuttugu kvikmyndir sem fá flesta áhorfendur ár hvert eru með um 40–45% af markaðinum. Þegar haft er í huga að sýndar eru um 180 kvikmyndir ár hvert skipta 160 kvikmyndir með sér um 55–60% af markaðinum. Þetta er geysimikil samþjöppun hjá tiltölulega fáum kvikmyndum á markaði en þessar tuttugu kvikmyndir eru aðeins rúmlega 10% af fjölda þeirra kvikmynda sem eru sýndar árlega.

Dreifing kvikmynda

Kvikmyndahúsum hefur frekar fækkað undanfarna ártugi og fjöldi sýningarsala hefur staðið í stað. Mynd 5 sýnir fjölda kvikmyndahúsa, fjölda sýningarsala, sætafjölda og sætafjölda á hvern íbúa.

Margt athyglisvert er á mynd 5. Fjöldi kvikmyndahúsa og fjöldi sýningarsala er hinn sami frá 1965 til og með 1977. Þennan tíma er einungis einn



Mynd 5: Fjöldi kvikmyndahúsa og kvikmyndasala 1965–2004, fjöldi sæta í þúsundum og fjöldi sæta á hverja 1.000 íbúa 1965–2004.

kvikmyndasalur í hverju kvikmyndahúsi. Fyrst eftir 1978 verða fleiri salir í hverju kvikmyndahúsi og árið 2004 eru að meðaltali 2,1 sýningarsalur í hverju kvikmyndahúsi en þeir voru að meðaltali 1,6 árið 1995. Kvikmynda-húsum hefur fækkað mikið eða um helming á síðustu fjörutíu árum þótt nokkur fjölgun hafi orðið seinni hluta áttunda áratugarins. Sætaframboð hefur nær staðið í stað á heildina litið en sætaframboð á hverja 1.000 íbúa hefur þó minnkað nokkuð seinustu ár.

Þótt kvikmyndahús hérlendis hafi verið tuttugu og tvö talsins árið 2004 voru einungis helmingur þeirra með það sem er hægt að kalla alvöru sýningaaðstöðu þar sem voru meira en fimm hundruð sýningar á ári. Í hinum húsunum var aðeins sýnt mjög óreglulega og í sumum húsanna voru minna en tuttugu sýningar á ári eða innan við tvær sýningar í mánuði. Tafla 3 sýnir hlutfallslega dreifingu sýndra kvikmynda, áhorfenda og tekna af sölu aðgöngumiða 1996–2004 eftir uppruna.

	Dreifing sýndra kvikmynda (%)		Dreifing áhorfenda (%)		Dreifing tekna af sölu aðgöngumiða (%)	
	Íslenskar kvikmyndir	Erlendar kvikmyndir	Íslenskar kvikmyndir	Erlendar kvikmyndir	Íslenskar kvikmyndir	Erlendar kvikmyndir
1996	2,7	97,3	6,0	94,0	8	92
1997	3,4	96,6	2,6	97,4	3,5	96,5
1998	2,2	97,8	3,0	97,0	2,5	97,5
1999	1,9	98,1	1,5	98,5	2	98
2000	4,1	95,9	10,9	89,1	13,7	86,3
2001	2,6	97,4	1,9	98,1	2,4	97,6
2002	4,7	95,3	8,2	91,8	10,4	89,6
2003	3,2	96,8	3,0	97,0	3,9	96,1
2004	2,7	97,3	3,0	97,0	4,1	95,9

Tafla 3: Hlutfallsleg dreifing sýndra kvikmynda, áhorfenda og tekna af sölu aðgöngumiða eftir uppruna 1996–2004.

Eins og sést í töflu 3 er engin sérstök aðsókn að íslenskum kvikmyndum á þessum árum. Árið 1996 eru 2,7% sýndra kvikmynda íslenskar og þær fá 6% aðsókn. Þetta snýst við árið 1997 þar sem fjöldinn er 3,4% af öllum sýndum myndum en aðsóknin er aðeins 2,6% af heildaráhorfendafjölda. Eitt ár sker sig úr, árið 2000, en þá eru íslenskar bíómyndir með tæp 11% allra áhorfenda. Þetta liggur einkum í hinni geysivinsælu mynd „Englar alheimsins“.

Ástæðan fyrir því að hlutfallslega meiri tekjur koma vegna íslensku

kvikmyndanna en sem nemur fjölda þeirra eða áhorfenda, en þær upplýsingar eru í síðustu tveimur dálkunum í töflu 3, liggur í því að aðgangseyri að íslenskum kvikmyndum er hærri en gengur og gerist með aðrar myndir. Um 80–90% tekna af aðgangseyri fyrir kvikmyndasýningar eru vegna sýninga á höfuðborgarsvæðinu.

Tekjur kvikmyndahúsa eru þó ekki hvað síst vegna sölu sælgætis og annars varnings. Kvikmyndahúsin hafa hagrætt verulega í rekstri á síðustu áratugum eins og sést vel á fjölda sýningarsala í mörgum, nýjum kvikmyndahúsum.

Það eru ekki margir aðilar sem reka kvikmyndahús hérlendis. Það voru einkum til skamms tíma fjögur fyrirtæki, Sam-félagið, Skífan, Háskólabíó og Myndform. Sam-félagið rekur Sambíóin og markaðshlutdeild þeirra er langmest. Hin síðustu ár hefur Sam-félagið einnig rekið Háskólabíó.

Sam-félagið er eina fyrirtækið í íslenskum kvikmyndaiðnaði sem kemst inn á lista Frjálsrar verslunar yfir 300 stærstu fyrirtæki landsins. Árið 2004 var Sam-félagið í 156. sæti og velta þess það ár var 1.230 milljónir kr. Hækkun á veltu frá árinu 2003 var 11%. Það voru 82 starfsmenn (stöðugildi) og launagreiðslur voru 193 milljónir kr. Það ár þannig að meðallaun eru um 2,4 milljónir kr.

Sambíóin, sem Sam-félagið rekur, eru stærsti dreifingaradili, á frumsýningum kvikmynda í fullri lengd með um 50 til 65 kvikmyndir frumsýndar á ári. Næst eru Skífan og Háskólabíó en Skífan yfirtók Stjórnubíó árið 1999. Myndform, sem rekur m.a. Laugarásbíó, er minnst þessara fjögurra stóru dreifingarfyrirtækja.

Við dreifingu kvikmynda hérlendis eru einungis þrjú fyrirtæki með 80–85% markaðshlutdeild og stærsta fyrirtækið er með 40–45% hlutdeild. Það er greinilegt að samþjöppun í dreifingu kvikmynda hérlendis er mjög mikil og hefur orðið enn meiri með leigu Sambíóanna á Háskólabíói. Starfsmenn í kvikmyndahúsum og í kvikmyndadreifingu eru um 400 talsins en stöðugildin eru um 200 og er það í samræmi við starfsmannafjölda Sambíóanna sem fyrr var vísað til en þeir eru með tæpan helming markaðarins.

Helstu þrjú svið í rekstri tengdum kvikmyndum eru framleiðsla kvikmynda og myndbanda, dreifing kvikmynda og myndbanda svo og rekstur kvikmyndahúsa. Velta þessa reksturs árið 2004 á verðlagi ársins 2005 er 5 milljarðar kr. og hefur vaxið úr 2,5 milljörðum kr. árið 1997, einnig á verðlagi ársins 2005. Hér er því um tvöföldun á veltu að ræða á sjö árum eða árlega veltuaukningu upp á 10% og munar mestu um framleiðslu kvikmynda og myndbanda.

Margt áhugavert er framundan í rannsóknum á íslenskum kvikmyndaiðnaði innan hagfræði og viðskiptafræði, m.a. að greina eftirspurn, skoða virðisbætur í framleiðslu, reikna framlag til landsframleiðslu, meta áhrif sjónvarps og myndbanda á framleiðslu og dreifingu, fjalla um markaðsmál og lýsa félagslegu kerfi íslensks kvikmyndaiðnaðar.

Landbúnaður og Evrópusambandið – álitafni við aðild¹

Inngangur

Í greininni er fjallað um íhlutun stjórnvalda í landbúnaði og ástæður hennar, lýst er landbúnaðarstefnunni hérlendis og innan Evrópusambandsins (ESB) ásamt nýlegum breytingum, rætt er um matvörumarkaðinn og fjallað um Doha-viðræður Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (e: World Trade Organisation, WTO) um landbúnaðarmál. Að lokum er lýst helstu álitafnum tengdum landbúnaði ef til aðildar Íslands að ESB kemur.

Ísland og ESB-ríkin eiga margvísleg samskipti. Árið 2005 fóru 75% af verðmæti vöruútflutnings Íslendinga til ESB-landa og 62% af verðmæti innflutningsins kom þaðan. Einungis eitt land innan ESB, þ.e. Malta, er fámennara en Ísland. Íbúafjöldi Íslands er einungis 0,06% af íbúafjölda ESB og landsframleiðsla okkar er tæp 0,08% af landsframleiðslu ESB en sé miðað við meðalland ESB eru þessi hlutföll 1,5% og 1,9%. Landsframleiðsla á íbúa (28.100 Bandaríkjadalir á jafnvirðismælikvarða (PPP) árið 2005) er hins vegar hærri hér en er að meðaltali innan ESB (23.100 Bandaríkjadalir á jafnvirðismælikvarða (PPP) árið 2005). Fimm fámennustu ríkin í ESB eru að meðaltali um tvöfalt fjölmennari en Ísland og hvað varðar stærð hagkerfa er Ísland á svipuðu róli og nokkur önnur lönd innan Evrópusambandsins.

Það er því engin ástæða til annars en að hægt sé að bera saman landbúnaðarstefnu Íslands og Evrópusambandsins í ljósi fjölbreytileika Evrópusambandsins. Þó ber að hafa í huga að í heildaráhrifum á hagkerfi skiptir Ísland engu máli fyrir Evrópusambandið. Þannig breytir Ísland sem markaður engu fyrir evrópska framleiðendur landbúnaðarafurða og þótt einhver útflutningur landbúnaðarafurða yrði frá Íslandi hefði það engin áhrif á markaðinn þar. Það gildir allt öðru máli með útflutning sjávarafurða frá Íslandi til ESB-ríkja. Útflutningur sjávarfangs frá Íslandi til ESB skiptir verulegu máli í mörgum löndum Evrópusambandsins, enda er sjávarafli Íslendinga um 2% af heimsaflanum.

Hlutdeild landbúnaðar í landsframleiðslu hérlendis hefur minnkað mikið

¹ *Ný staða Íslands í utanríkismálum*. Alþjóðamálastofnun og rannsóknasetur um smáríki. Reykjavík 2007.

síðustu áratugi eða úr 5,2% árið 1973 í 1,4% árið 2005. Ríkisútgjöld til landbúnaðar sem hlutfall af heildarútgjöldum ríkissjóðs voru tæp 9% árið 1950 en eru nú tæp 4%.

Íhlutun stjórnvalda í landbúnaði og ástæður hennar

Stuðningur ríkisins við landbúnað er tvíþættur í flestum vestrænum löndum. Annars vegar eru það greiðslur til bænda frá hinu opinbera fyrir framleiðslu eða í samræmi við greiðslumark, stærð býlis, fjölda í fjölskyldu eða eftir öðrum viðmiðunum og er þeim oft blandað saman í útfærslu á fyrirkomulagi greiðslna. Hins vegar kemur opinber stuðningur fram í innflutningstakmörkunum, þ.e. innflutningstollum eða innflutningskvótum, en með þeim er innflutningur á ódýrum landbúnaðarafurðum erlendis frá hindraður eða alfarið komið í veg fyrir hann.

Styrkir OECD-ríkja til landbúnaðar eru mjög miklir og sem dæmi má nefna að þeir eru hærri en sem nemur landsframleiðslu allra ríkja í Afríku. Annað dæmi er að árið 2000 fékk hver mjólkurkúr í ESB styrk upp á 913 Bandaríkjadali eða um 60.000 krónur en hver einstaklingur í Afríku sunnan Sahara fékk 8 Bandaríkjadali eða 550 krónur í þróunaraðstoð. Styrkur á hverja kú á Íslandi árið 2005 var hins vegar 100.000 krónur. Hlutdeild landbúnaðar til landsframleiðslu í hinum þrjátíu OECD-ríkjum er um 2%. Árlegir styrkir til bænda innan OECD nema 280 milljörðum Bandaríkjadala en þróunaraðstoð OECD nemur 80 milljörðum Bandaríkjadala. OECD-ríkin ráða heimsverslun með landbúnaðarafurðir en yfir 70% af inn- og útflutningi landbúnaðarvara er á þeirra vegum. Fátækustu þróunarríkin eru einungis með um 1% af heimsverslun í landbúnaði. Nær öll OECD-ríki, þ.á. m. Ísland, leggja það háa tolla á að í sumum tilvikum nema þeir hærri fjárhæð en framleiðsluverðmæti viðkomandi vöru.

Heildarstuðningur hins opinbera við landbúnað eins og OECD metur hann sem hlutfall af landsframleiðslu er þríþættur. Í fyrsta lagi eru greiðslur úr ríkissjóði til bænda vegna framleiðslu eða greiðslumarks. Þetta eru beingreiðslur og eru þær framleiðslutengdar að hluta til og séu þær ótengdar framleiðslu er rétt um umhverfissvænar eða grænar greiðslur. Í öðru lagi er innflutningsvernd metin þannig að verð erlendis á landbúnaðarvörum að viðbættum flutningskostnaði er dregið frá því sem sambærileg innlend vara kostar hérlendis. Þessi mismunur er innflutningsvernd en litið er fram hjá vinnslukostnaði í báðum tilvikum. Þegar innflutningsverndinni er bætt við beingreiðslur ríkisins til bænda fæst svokallaður stuðningur við bændur (e: Producer Support Estimate, PSE). Í þriðja lagi er bætt við greiðslum vegna

landgræðslu, skógræktar og landbúnaðarskóla og þegar þeirri fjárhæð er bætt við stuðning við bændur fæst heildarstuðningur við landbúnað (e: Total Support Estimate, TSE) sem var 1,6% af vergri landsframleiðslu hérlendis árið 2005. Landsframleiðsla það ár var um 1.000 milljarðar króna og nemur því þessi stuðningur um 16 milljörðum króna á ári. Álitaeftni er hvort þriðju stuðningsgreininna í matskerfi OECD, þ.e. landgræðsla, skógrækt og fleira þess háttar, beri að reikna sérstaklega sem stuðning við landbúnað þar sem um almenn verkefni er að ræða sem hafa víðari skírskotun en sem atvinnu- mál í landbúnaði.

Ísland styrkir landbúnað sinn mun meira en flest önnur lönd eða 1,6% af landsframleiðslu. Meðaltal stuðnings við landbúnað í ríkjum OECD er 1,1% af landsframleiðslu. Innan Evrópusambandsins er stuðningur við landbúnað hinn sami eða 1,1% af landsframleiðslu. Munurinn á Íslandi og meðaltali þessara landa er 0,5% af landsframleiðslu (1,6% að frátöldu 1,1%) og er það 5 milljarðar króna á ári sem er hlutfallslega meiri stuðningur hérlendis en í löndum OECD og Evrópusambandsins.

Grunnlögmál hagfræðinnar kveða á um að kjörstaða náist og jafnvægi verði á markaði þar sem margir seljendur sjá um framboð á vörum og margir kaupendur spyrja eftir sömu vörum. Þetta jafnvægi næst við tiltekið verð, jafnvægisverð. Ef verð hækkar dregst eftirspurt magn saman og magnið sem er boðið fram eykst. Við kjöraðstæður næst að selja allt sem framleitt er og hvorki safnast upp birgðir, þ.e. offramboð, né verður skortur, þ.e. umfram- eftirspurn.

Raunveruleikinn er ekki alltaf svona, enda er óvissa í hagkerfinu og eftir- spurn sveiflast til í tíma sem og framboð. Það á sérstaklega við um land- búnað þar sem náttúrulegar aðstæður, eins og veðurfar, geta haft mikil áhrif á framleiðslu, þ.e. framboðið. Landbúnaðarafurðir, sem eru lífrænar afurðir, skemmast með tímanum og sumar þeirra, eins og mjólkurvörur, skemmast tiltölulega hratt. Verðteygni eftirspurnar eftir landbúnaðarvörum er óteygin, þ.e. verðbreyting hefur tiltölulega lítil áhrif á eftirspurn. Slík er raunin við landbúnaðarvörur og á við um nauðsynjavörur eins og landbúnaðarvörur eru taldar vera. Þetta er þó ekkert einsdæmi.

Almennt er talið að landbúnaðarvörur séu tekjuóteygnar, þ.e. hækkun tekna hefur þau áhrif að eftirspurn eftir vörunni eykst hlutfallslega minna en sem nemur hækkun tekna. Ekki er þó rétt að alhæfa um það enda veita margir sér einmitt mun meira í mat og drykk ef tekjur aukast og hér skiptir máli frá hvaða tekjubili breytingar eru skoðaðar. Ýmislegt bendir til þess að fólk verji svipuðu hlutfalli af tekjum í matvörur óháð tekjum.

Þótt framleiðsla landbúnaðarvara sé háð óvissu, meðal annars vegna náttúrulegra skilyrða, gildir það um ýmsar aðrar atvinnugreinar eins og sjávarútveg. Sérstaða landbúnaðar liggur því ekki í því að aðstæður séu svo frábrugðnar öðrum atvinnugreinum heldur í því að mikil framleiðni aukning hefur aukið framleiðslu oft langt umfram eftirspurn og verði er ekki leyft að jafna misvægi framboðs og eftirspurnar vegna íhlutunar stjórnvalda. Skýringin á inngrípum stjórnvalda á sér ekki stoð innan hagfræðinnar en hún mælir með sem frjálustum viðskiptum án markaðsþjagandi aðgerða stjórnvalda. Hér ráða því stjórnmalalegar ástæður.

Stjórnvöld grípa inn í skipulag landbúnaðarmála vegna sögulegs mikilvægis atvinnugreinarinnar og áhrifa hagsmunahópa í landbúnaði yfir lengri tíma. Markaðurinn fær ekki að leita eðlilegs jafnvægis í framboði og eftirspurn eins og gerist víðast en einmitt slíkt kerfi hámarkar ábata viðskipta, þ.e. neytendaábata og framleiðendaábata. Inngríp stjórnvalda lækka því mögulegan ábata viðskipta.

Stuðningur við landbúnað í formi greiðslna fyrir framleiðslu eða vegna innflutningsverndar raskar því jafnvægi sem frjálst markaður hefði leitt til. Með inngrípum stjórnvalda er færður hluti af ábata neytenda frá neytendum til bænda en jafnframt er stuðlað að velferðartapi en með því er átt við þau verðmæti sem glatast eða er sóað við íhlutun af þessu tagi.

Ástæðu hinnar óhagkvæmu stefnu Evrópusambandsins í landbúnaðarmálum má meðal annars rekja til mikilla áhrifa þýskra og franskra bænda og fulltrúa þeirra á stjórnmal, en Þýskaland og Frakkland hafa ráðið mestu um stefnu sambandsins. Þessi áhrif landbúnaðar og einkum dreifbýlis í þessum voldugustu ríkjum meginlands Evrópu eru ekki nýtilkomin heldur ná margar aldir aftur í tímann.

Breyting samfélaga í Evrópu upp úr miðri átjándu öld í iðnvædd borgarsamfélög og framleiðsluaukning í landbúnaði var mun hraðari en stjórnmalalegur vilji til breytinga á skipulagi í landbúnaði. Þetta gerðist í flestum iðnvæddum löndum og er Ísland engin undantekning þar á þótt breytingin til iðnvædds nútímasamfélags hæfist hérlendis ekki fyrr en um aldamótin 1900, meðal annars með vélbátavæðingu fiskiskipaflorens og heimastjórn. Um aldamótin 1900 var 60% af vinnuafli hérlendis í landbúnaði en árið 2005 eða rúmum eitt hundrað árum síðar var þetta hlutfall komið niður í 3%.

Breytingar á skipulagi í landbúnaði urðu hér mun hægari en í öðrum atvinnugreinum og er það sama þróunin og í nálægum löndum. Búsetubreytingin endurspeglast einnig í því að í upphafi tuttugustu aldar bjuggu 13% landsmanna á höfuðborgarsvæðinu en 87% utan þess en árið 2005

þjuggu 63% landsmanna á höfuðborgarsvæðinu en einungis 37% utan þess. Það er nær einsdæmi í heiminum að svo stór hluti þjóðar búi á höfuðborgarsvæði. Þessar staðreyndir sýna mikil áhrif landbúnaðar í okkar samfélagi fyrir á tímum, ekki hvað síst á hinum pólitíska vettvangi.

Áhrif landbúnaðar í stjórnámálum eru fyrst og fremst vegna atkvæðavægis framan af öldinni sem endurspeglaði þá mörgu einstaklinga sem höfðu lífsviðurværi sitt af landbúnaði og tengdum störfum en einnig vegna fyrirkomulags við kjördæmaskipun og kosningakerfi. Breytingar á kjördæmaskipun og kosningakerfi gerðust miklu hægar en sú atvinnuhátta- og búsetubylting sem varð á fyrri hluta tuttugustu aldar. Þessi þróun er áberandi hérlendis en er einnig í grannlöndunum og skýrir tregðu stjórnámalanna og annarra að breyta fyrirkomulagi í atvinnugreininni. Hagsmunagæsla í landbúnaði hefur alltaf verið öflug hérlendis og erlendis og umhverfið er hagstætt fyrir hagsmunagæslu af þessari gerð.

Landbúnaðarstefnan hérlendis

Stefnan í landbúnaðarmálum hérlendis er ákveðin af stjórnvöldum með lagasetningu. Mjög margir sérhæfðir lagabálkar, fimmtíu talsins, fjalla um málefni landbúnaðar en fjöldi sambærilegra lagabálka í sjávarútvegi er þrjátíu. Þau lög sem varða markmið og stuðning í landbúnaði mestu eru lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, tollalög, nr. 88/2005, og búnaðarlög, nr. 70/1998.

Í 1. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum er kveðið á um að tilgangur laganna sé:

- „a. að stuðla að framförum og aukinni hagkvæmni í búvöruframleiðslu og vinnslu og sölu búvara til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur,
- b. að framleiðsla búvara til neyslu og iðnaðar verði í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar og tryggi ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu,
- c. að nýttir verði sölumöguleikar fyrir búvörur erlendis eftir því sem hagkvæmt er talið,
- d. að kjör þeirra sem landbúnað stunda verði í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta,
- e. að innlend aðföng nýtist sem mest við framleiðslu búvara, bæði með hliðsjón af framleiðsluöryggi og atvinnu,
- f. að stuðla að jöfnuði á milli framleiðenda í hverri búgrein hvað varðar afurðaverð og markað.“

Hér sést vel stefna stjórnvalda og þótt löggin séu að stofni til frá 1993 þá voru þau upphaflega sett árið 1985 og þá var þessi markmiðsgrein orðuð á sama hátt. Engar breytingar hafa því verið gerðar á stefnu stjórnvalda í þessum málaflokki í rúm tuttugu ár en margar ríkisstjórnir hafa setið á þessum tíma. Fyrir árið 1985 var sama stefna framkvæmd hvað markmið áhrærir þótt útfærslan hafi breyst í tímans rás. Í fyrrgreindu markmiði er ljóst að hagsmunir bænda eru settir framur hagsmunum neytenda þótt vita-skuld megi túlka slík markmið í lagatexta á ýmsan hátt og það sama á við markmið hinnar sameiginlegu landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins.

Þótt stuðningur ríkisins sé nú mestur í mjólkurframleiðslu og sauðfjár-búskap er stuðningur við aðrar búgreinar í landbúnaði verulegur þótt með nokkuð öðrum hætti sé. Grænmetisbændur eru styrktir með framleiðslu-tengdum greiðslum úr ríkissjóði en svína- og kjúklingabændur njóta inn-flutningsverndar. Hins vegar eru ekki afskipti stjórnvalda af verðlagningu þessara búgreina eins og er í mjólkurframleiðslu og sauðfjárúsbúskap.

Skipulag í landbúnaði hér er þannig að kvótakerfi er í mjólkurfram-leiðslu og takmörk eru á heildarframleiðslu. Jafnframt gildir lágmarksverð til bænda. Meðalkúabú hérlendis er með tuttugu og átta kýr en meðalföldi innan Evrópusambandsins er tæplega fjörutíu kýr. Framleiðni í mjólkuriðn-aði hefur aukist verulega undanfarin ár.

Stefnan í landbúnaði hérlendis hefur tekið miklum breytingum. Á árum áður var mikil offramleiðsla sem kom fram í miklum birgðum af nautakjöti og kindakjöti sem var reynt að selja erlendis með litlum árangri og voru útflutningsbætur mjög háar. Þetta kerfi var aflagt og nú eru samningar milli ríkisvaldsins og bændasamtakanna um framleiðslu, einkum um mjólk. Heildarkvóti (heildargreiðslumark) á mjólk er ákveðinn á hverju ári og er sá kvóti lagður til grundvallar greiðslum ríkisins. Bændur fá beingreiðslu sem nemur hlutdeild þeirra í heildargreiðslumarki. Hluti beingreiðslna verður ótengdur framleiðslu þegar fram líða stundir og er þar með felldur undir skilgreiningu um umhverfissvænar eða grænar greiðslur.

Kvótakerfi í mjólkurframleiðslu, sem er svipað og afmarkskerfið sem gildir í sjávarútvegi þótt þar séu engar greiðslur frá ríkinu, hefur stuðlað að jafnvægi á þessum markaði hvað varðar framboð og eftirspurn. Hins vegar er ekki hvati í kerfinu til að stækka bú verulega og reyndar þvert á móti, því hluti greiðslna, svokallaðar gripagreiðslur, sem eru greiddar á hverja kú skerðast með auknum fjölda kúa hjá einstökum bændum.

Stuðningur við sauðfjárúsbúskap er með öðrum hætti en í mjólkurfram-leiðslu. Í sauðfjárúsbúskap er einnig kvóti, þ.e. greiðslumark, og fá bændur

greiddar beingreiðslur miðað við það. Ríkið lagði einnig til skamms tíma nokkuð fé í að kaupa upp greiðslumark af bændum sem vildu hætta búskap.

Heimilud er verslun með kvóta í mjólkurframleiðslu og er ekki takmörkun á framsali en kúabúskapur hefur færst fjær þéttbýli enda bújarðir þar í vaxandi mæli nýttar til annars, svo sem útivistar, hrossabúskapar og sumarbústaða. Kvótakerfið og verslun með kvóta í mjólkurframleiðslu hefur reynst vel en slíkt fyrirkomulag er ekki í sauðfjárbúskap og það, ásamt því að neysla á kindakjöti hefur dregist saman undanfarin ár, hefur gert stöðu sauðfjárbænda mjög erfiða. Þar er offramleiðsla og nokkuð er flutt út en aðallega á lágu verði. Margir bændur eru hins vegar með blandaðan búskap. Um helmingur af verði mjólkur er vegna beingreiðslna ríkisins en kaupendur, þ.e. afurðastöðvar sem vinna mjólkina frekar fyrir neytendamarkað, greiða hinn helminginn af því sem bóndinn fær í sinn hlut.

Svína- og kjúklingaframleiðsla er án beinna ríkisstyrkja en nýtur verulegrar innflutningsverndar. Verð á þessum afurðum hefur lækkað mikið undanfarin ár á sama tíma og verðlag hefur almennt hækkað. Neysla á þessum afurðum hefur því aukist á kostnað nautgripa- og sauðfjárafurða.

Það gilda ekki samkeppnislög í landbúnaði og það á líka við um afurðastöðvar eins og sláturhús og mjólkurbú. Nokkur hagræðing hefur átt sér stað hjá afurðastöðvum en það er langt frá því sem hefði orðið ef samkeppni hefði ríkt á þeim vettvangi. Fækkun afurðastöðva er því óhjákvæmileg á næstu árum vilji menn ná fram hagræðingu. Það að undanskilja landbúnað almennum samkeppnislögum er einnig gert innan Evrópusambandsins og í Noregi. Samráð er mest innan mjólkuriðnaðar hérlendis og helgast það af ítarlegum samningum atvinnugreinarinnar við ríkisvaldið og samstarfi afurðastöðva.

Söluverðmæti framleiðslu bænda árið 2005 var 14 milljarðar króna og að viðbætti 7 milljarða króna greiðslu úr ríkissjóði voru tekjur bænda 21 milljarður króna. Verðmæti framleiðslunnar ef hún hefði verið flutt inn er 7 milljarðar króna þannig að innflutningsverndin var 7 milljarðar króna. Opinber stuðningur við bændur (PSE) 2005 var 14 milljarðar króna, þ.e. innflutningsverndin að viðbættum beingreiðslum. Annar stuðningur við landbúnað nam tæpum 2 milljörðum króna þannig að heildarstuðningur við landbúnað var 16 milljarðar króna það ár.

Stuðningur við bændur sem hlutfall af tekjum er 67% (14 deilt með 21). Íslendingar eru meðal efstu þjóða hvað varðar stuðning við bændur eða framleiðendur landbúnaðarafurða sem hlutfall af tekjum þeirra og er okkar

hlutfall (67%) árið 2005 meira en tvöfalt hærra en það var að meðaltali í ríkjum OECD (29%) eða ríkjum Evrópusambandsins (32%). Stuðningur við búgreinar er mestur til mjólkurframleiðenda eða um helmingur af stuðningi við bændur. Næst kemur stuðningur við sauðfjárrækt um 15% en stuðningur við kjúklingabændur, eggja- og svínaframleiðendur er einnig verulegur eða um 5–10% af heildarstuðningi við hverja búgrein.

Innflutningsvernd með háum tollum leysti af hólmi innflutningsbann árið 1995 en þá lögfestu Íslendingar ákvæði GATT-samningsins sem kvað á um afnám innflutningsbanns. Í stað þess voru lagðir á tollar og innflutningskvótar. Við þá lagasetningu voru nýtt ýtrustu ákvæði GATT-samningsins til að hafa innflutning á landbúnaðarvörum sem minnstan.

Matvörumarkaðurinn á Íslandi

Stefnan í landbúnaðarmálum hefur mikil áhrif á verð á vörum til neytenda, ekki aðeins á þeim vörum sem eru styrktar heldur einnig á verð staðkvæmra vara. Matvælavæðing héraðs er mjög hátt í samanburði við önnur lönd eða 48% hærra en meðalverð í löndum Evrópusambandsins. Þótt landbúnaðarstefnan héraðs ráði mestu um þennan mun kemur fleira til sem er hin mikla samþjöppun á smásölumarkaði með matvæli á Norðurlöndum.

Svokallaður Herfindahl-Hirschman-stuðull (HHS) er notaður til að lýsa markaðssamþjöppun. Stuðullinn er summa af markaðshlutdeild einstakra fyrirtækja í öðru veldi. Með því að hefja markaðshlutdeildina í annað veldi er vægi stærstu fyrirtækjanna aukið. Ef aðeins eitt fyrirtæki er á markaðnum er stuðullinn jafn og 10.000 en ef markaðnum er skipt milli nær óendanlega margra lítilla fyrirtækja mun stuðullinn nálgast gildið 0. Ef fimm fyrirtæki skipta markaðnum á milli sín þannig að tvö fyrirtæki hafa 25% markaðshlutdeild hvort, tvö fyrirtæki hafa 20% hlutdeild hvort og eitt hefur 10% hlutdeild þá er HHS jafnt og 2.150.

Herfindahl-Hirschman-stuðullinn fyrir Ísland árið 2004 var 2.800 sem er mjög hátt gildi en það er svipað og fyrir önnur Norðurlönd. Í Danmörku og Svíþjóð eru einungis þrjár verslunarkerðjur sem ráða 91% af smásölumarkaðnum. Á Íslandi ræður eitt fyrirtæki, Hagar, yfir 45% af markaðnum og þrjú stærstu fyrirtækin ráða 81% markaðarins. Í mörgum tilvikum er kross-eignarhald í þessum fyrirtækjum á Norðurlöndum svo samþjöppunin er í reynd meiri.

Markaðssamþjöppun í smásölu með matvöru er meiri á Norðurlöndum en í flestum öðrum löndum og slík fákeppni leiðir til hærra vöruverðs en ef fleiri væru um hituna. Gott dæmi um þetta er að innrás þýsku lágvörukerðjunnar

Lidl í Svíþjóð og Finnland leiddi til lægra matvæla-verðs þar. Á Norður-löndum ráða fimm aðilar nær allri smásöluverslun, en til að mynda í Suður-Kóreu og Japan eru stærstu smásölukeðjurnar með aðeins 12% af heildarsöluinni. Herfindahl-Hirschman-stuðullinn fer upp í 3.100 á Norður-löndunum en hann er miklu lægri annars staðar, til dæmis um 1.600 í Frakklandi og í Þýskalandi, um 1.800 í Bretlandi og er 300–500 á Spáni. Þegar HHS nálgast 1.800 telja samkeppnisyfirlöng að sérstaka aðgæslu þurfi við, meðal annars við samruna fyrirtækja.

Hin sameiginlega landbúnaðarstefna Evrópusambandsins og breytingar á henni

Stefna Evrópusambandsins í landbúnaðarmálum er alltaf kölluð hin sameiginlega landbúnaðarstefna (e: Common Agriculture Policy, CAP). Markmið stefnunnar er að auka framleiðni, tryggja rekstrarafkomu í landbúnaði, örva markaði, tryggja nægjanlegt framboð og bjóða matvörur á sanngjörnu verði. Það hefur gengið á ýmsu við að ná þessum markmiðum og stefnan hefur kostað aðildarríki Evrópusambandsins mikið fé. Sameiginlega landbúnaðarstefnan felst meðal annars í innflutningstollum og -kvótum fyrir erlend ríki, verðtryggingu á afurðum, styrkjum við framleiðslu og útflutningsbótum. Þessi stefna hefur verið að breytast undanfarin ár en mestu breytingarnar voru ákveðnar árið 2003.

Árið 2003 var mótuð algerlega ný landbúnaðarstefna innan Evrópusambandsins. Í hinni nýju sameiginlegu landbúnaðarstefnu var horfið frá styrkjum við framleiðslu landbúnaðarafurða til þess að styrkja einstök bændabýli. Nýju stefnunni er ætlað að mæta kröfum neytenda og skattgreiðenda á þann hátt að bændur geti nú framleitt það sem markaðurinn vill. Með þessu er horfið frá hinum ómarkvissu og óhagkvæmu framleiðslu-styrkjum.

Þessi nýja stefna miðar jafnframt að því að breyta kerfinu þannig að það er fært nær skilgreiningum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um umhverfisvænan (grænan) stuðning og er markmiðið meðal annars að styrkja stöðu Evrópusambandsins í þeim viðræðum. Hin nýja landbúnaðarstefna Evrópusambandsins frá 2003 er róttækasta breyting á sameiginlegu landbúnaðarstefnunni sem gerð hefur verið og er liður í að auka samkeppnishæfi landbúnaðar í aðildarríkjunum og bregðast við fjölgun aðildarríkja Evrópusambandsins. Mikið breyttist innan ESB þegar tíu ný aðildarríki bættust við 2004 en þá fjölgaði bændum innan bandalagsins um 60% úr sjö í ellefu milljónir og ræktanlegt land jókst um 30% og uppskera um 10–20%.

Ef aðildarríki Evrópusambandsins vilja halda áfram með framleiðslu-
styrki að einhverju leyti gerist það með miklum takmörkunum og innan
skýrt afmarkaðra fjárheimilda. Greiðslur til bænda eða bændabýla taka fyrst
og fremst tillit til umhverfissjónarmiða, heilbrigðishátta í framleiðslu, velferð
dýra og sögulegra aðstæðna, þ.e. fyrri greiðslna. Greiðslur til stærri býla eru
takmarkaðar. Hin nýja stefna kom til framkvæmda á árunum 2004 og 2005
og í síðasta lagi árið 2007, ef aðildarríki óska þess, en einstökum ríkjum er í
sjálfsvald sett hvort þau nýta frestinn að fullu.

Athyglisvert í þessu er meðal annars að með því að aftengja styrki fram-
leiðslu er jafnframt opnaður möguleiki á styrkjum til bænda án þess að þeir
framleiði. Almenn skilyrði styrkja eru ekki aðeins umhverfissjónarmið, heil-
brigði í framleiðslu og velferð dýra heldur er einnig gerð sú krafa að allt
land sem er nýtt í landbúnaðarframleiðslu skuli vera í góðu ræktanlegu og
umhverfislegu ástandi. Jafnframt er lögð áhersla á byggðir í dreifbýli með því
að auka greiðslur til slíkra staða til að tryggja það að landbúnaðarframleiðsla
þar mæti öllum kröfum Evrópusambandsins. Lækkun styrkja til stærri búa
fjármagnar hækkun styrkja til afskekktara staða.

Eitt helsta samningsmálið gagnvart nýjum ríkjum er þróunarsjóður dreif-
býlis sem ræður yfir 5 milljörðum evra á ári. Sjóðnum er ætlað að styrkja
afskekktar byggðir í aðildarríkjunum. Mikilvægt varðandi landbúnaðar-
styrki ESB er að hámarksfjárhæðir eru ákvarðaðar þannig að styrkir til
annarra ríkja munu lækka þegar ný aðildarríki bætast við eins og Rúmenía
og Búlgaría, sem verður væntanlega árið 2007. Styrkir í ESB námu 47
milljörðum evra árið 2003 til landbúnaðarmála og lækkuðu í 44 milljarða
evra árið 2006 og verða ekki hærrí allt fram til ársins 2013. Með þessu er
sett þak á styrki ESB í landbúnaðarmálum en útgjöld ESB til landbúnaðar-
mála hafa verið um helmingur allra útgjalda þess.

Viðræður Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um landbúnaðarmál

Hnattvæðing viðskipta og samskipta felur í sér mörg tækifæri til bættra
lífskjara fyrir þjóðir með sterka innviði og hefur þróun undanfarinna ára
verið Íslendingum hagstæð með þátttöku á erlendum mörkuðum þar sem
markaðssvæði stækka, viðskipti verða einfaldari, meðal annars innan Evrópu
með sameiginlegri mynt, tollar lækka og hindrunum í viðskiptum fækkar.
Hlutfallslegir yfirburðir í samkeppni ráða alþjóðlegri verslun og stuðla að
hagvexti.

Viðræður á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) sem eru
kenndar við borgina Doha í Katar og hófust árið 2001 hafa það að markmiði

að örva verslun með landbúnaðarvörur, skipuleggja innlendan stuðning og markaðsaðgang, bæta hag fátækari ríkja, meðal annars með tollalækkunum, og minnka markaðstruflandi stuðning. Þessar viðræður tóku við af GATT-viðræðunum sem enduðu með samkomulagi þjóða heims árið 1994 og voru lögfestar hérlandis árið 1995. Margir fundir hafa verið haldnir í Doha-viðræðunum en á síðasta fundinum í Genf í júlí 2006 sigldu viðræðurnar í strand en búast má við að þær verði teknar upp að nýju. Ef viðskiptahömlur í landbúnaði væru felldar niður og styrkir afnumdir myndi það stórauka alþjóðaviðskipti og bæta hag þróunarríkja verulega.

Íslensk stjórnvöld höfðu ákveðið að bíða eftir niðurstöðu þessara viðræðna, en eftir að nefnd stjórnvalda um matvæleverð náði ekki að skila álitni ákvað formaður nefndarinnar, Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri, að skila einn niðurstöðu. Miklar umræður urðu um breytingar á landbúnaðarstefnunni í kjölfar skýrslu Hallgríms og ríkisstjórnin ákvað í október 2005 að fella niður vörugjöld og lækka virðisaukaskatt á matvæli hinn 1. mars 2007 auk tollalækkana sem enn á eftir útfæra.

Íslendingar eru í hópi þeirra ríkja innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) sem vilja fara sem hægast hvað varðar breytingar. Þessi hópur kallast G10 og í honum eru tíu þjóðir. Deilur innan WTO eru meðal annars um hvað Bandaríkjamenn, sem eru að endurskoða landbúnaðarlöggjöf sína, eigi að skera niður í aðstoð sinni, hversu mikinn aðgang að markaði ESB eigi að heimila, hversu miklar tollalækkanir eiga að vera auk opnunar á markaði fyrir iðnaðarvörur í hinum stærri þróunarríkjum. Í Doha-viðræðum vill ESB meðal annars afnema alla útflutningsstyrki á matvælum árið 2013 en ESB er stærsti innflytjandi í heimi á matvælum.

Álitaefni tengd landbúnaði við hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu

Evrópusambandið var stofnað til að stuðla að friði innan Evrópu og hugmyndafræði helstu talsmanna þess, Frakkanna Robert Schuman og Jean Monnet, gekk eftir, þ.e. að á eftir viðskiptalegri samvinnu komi stjórn-málaleg samvinna sem eykur líkur á friði. Tímabilið frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar árið 1945 til borgarastyrjaldarinnar í fyrrum Júgóslavíu árið 1991 er lengsta friðartímabil í 2.000 ára sögu Evrópu. Aðild Íslands að ESB er pólitískt álitaefni en aðildin hefur líklega ekki í för með sér mikinn efnahagslegan ávinning heldur snýst spurningin meira um það hvort við viljum verða samferða nær öllum ríkjum í Evrópu í vegferð þeirra í samvinnu.

EES-samningurinn frá árinu 1994 tryggir viðskiptalega hagsmuni okkar

mjög vel en það er athyglisvert að ekkert hinna nýju ríkja ESB kaus að fara þá leið sem EFTA-þjóðirnar gerðu á sínum tíma, þ.e. að gera umfangsmikinn efnahagssamning við ESB. Öll nýju ríkin stefndu strax á fulla aðild eftir fall múrsins árið 1989 og uppstokkunina sem fylgdi í kjölfarið í Austur-Evrópu. Aðild Íslands að ESB myndi fylgja upptaka evrunnar sem gjaldmiðils og það myndi leiða til lækkunar vaxta og minni viðskiptakostnaðar sem kæmi landbúnaði vel eins og öðrum atvinnugreinum.

Ef af aðild Íslands að ESB verður er líklegt að mjög lítið svigrúm muni gefast til sérsamninga um einstök atriði. Ástæðan er sú að nú eru aðildarríkin orðin tuttugu og fimm og Ísland hefur sáralitla þýðingu fyrir bandalagið hvað varðar efnahagslegan ávinning og ekki verður áður gerðum samningum stefnt í hættu með sérákvæðum fyrir Íslendinga, en allar þjóðirnar verða að samþykkja nýja aðildarsamninga. Hér skiptir því meginmáli að skoða vel hvað felst í núverandi regluverki og finna þær útfærslur sem henta okkur vel og þegar eru í gildi við sérstakar aðstæður gagnvart öðrum þjóðum. Þar er af nógu að taka. Hér má nefna að afskekktar eyjar og úthéruð eins og Kanaríeyjar, Madeira og Azoreyjar og nýlendur Frakka utan Evrópu eru meira og minna undanþegnar regluverki Evrópusambandsins. Óvíst er þó hvort Ísland fengi slíka stöðu eða myndi yfirleitt æskja þess.

Núverandi styrkjakerfi Íslendinga í landbúnaði er umfangsmeira en samsvarandi kerfi innan ESB. Það þarf að laga okkar kerfi að væntanlegum samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) sem þýðir að lækka þarf tolla og breyta greiðslum meira yfir í grænar greiðslur en það gerist eftir ákveðnum reglum. Breyting beingreiðslna hérlendis í grænar greiðslur getur þó verið erfið í framkvæmd. Evrópusambandið vill ganga lengra í því að heimila markaðsaðgang en ríki G10-hópsins sem Ísland tilheyrir nú. Í þessari umfjöllun er vitaskuld miðað við stefnu núverandi stjórnvalda en landbúnaðarstefnan er háð pólitískum meirihluta hverju sinni, en stundum hefur verið lagt til að við hættum að starfa innan G10-hópsins.

Líklega myndu almennir styrkir til bænda lækka við aðild frá því sem nú er en á móti kemur að Evrópusambandið er með umfangsmikið styrkjakerfi til handa harðbýlum og afskekktum stöðum í landbúnaði. Evrópusambandið fjármagnar 30% af slíkum styrkjum í Finnlandi. Það ætti að vera hægt að ganga inn í slíkt fyrirkomulag.

Það skiptir einnig miklu máli að Svíar og Finnar hafa samninga um að þeim sé heimilt að styrkja sérstaklega landbúnað á norðurslóðum, þ.e. norðan 62. breiddargráðu. Allt Ísland er norðan 62. breiddargráðu og ættu

sambærilegar heimildir að fást sem þjóðir að við gætum sjálf styrkt landbúnað okkar sérstaklega umfram aðrar þjóðir, ef við kjósum, en eftir ákveðnum reglum.

Eitt erfiðasta álitaeftnið við hugsanlega aðild Íslands að ESB eru sjúkdóma-varnir. Ísland hefur að mestu leyti verið laust við búfjárjúkdóma, meðal annars vegna einangrunar landsins og strangra reglna um innflutning. Þetta gæti breyst ef heimilt yrði að flytja til dæmis inn fósturvísa eða matvæli í stórum stíl. Þótt okkar vernd hafi, eins og hjá öðrum þjóðum, stundum verið í reynd tæknileg aðgerð til að hindra innflutning þá hefur það ekki verið hin almenna regla hérlendis heldur hafa fagleg dýrafræðileg sjónarmið ráðið. Hér þarf því sérstaka aðgæslu og samninga. Slíkir samningar urðu að nokkru leyti til við aðild Möltu og Kýpur og einnig eru svæði í Finnlandi og Svíþjóð sem eru úrskurðuð sem sérstök verndarsvæði.

Danskir bændur eru ánægðir með aðildina að ESB enda er hún gamalgróin en Danmörk gekk í Evrópusambandið árið 1973. Þeir telja talsverðan ávinning af aðild. Talsmenn danskra bænda studdu aðild nýju ríkjanna tíu árið 2004 að því tilskildu að þau lytu sama regluverki og þau ríki sem fyrir voru. Það varð raunin. Að öðru leyti telja talsmenn danskra bænda að stuðningur hins opinbera við landbúnað ætti að minnka innan sambandsins og frelsi í viðskiptum ætti að aukast en þá með hæfilegum aðlögunartíma. Ekki er auðvelt að meta hvort finnskir bændur telji stöðu sína betri eftir aðild að ESB. Þó á það bæði við í Finnlandi og Svíþjóð að matvælavæð lækkaði töluvert strax í kjölfar aðildar að ESB og er talið að sama myndi gerast í Noregi ef Norðmenn gengju í sambandið. Líklegt er að það sama myndi gerast hér við aðild, þ.e. matarverð til almennings muni lækka.

Athyglisvert er að það er lítill opinber stuðningur við landbúnað í Ástralíu og Nýja-Sjálandi eða um 0,3–0,4% af landsframleiðslu. Þessar þjóðir gerðu róttæka uppstökkun á landbúnaði sínum fyrir mörgum árum í átt til markaðsvæðingar og hefur farnast vel hvað þennan málaflokk varðar. Nýsjálandingar hrintu í framkvæmd miklum breytingum á landbúnaðarstefnu sinni árið 1985. Þá afnámu þeir styrki og vernd í landbúnaði á til-
tölulega mjög skömmum tíma. Tekjur bænda drógust fyrst saman en náðu fyrri stöðu fimm árum seinna og hafa hækkað verulega síðan. Nú vinna í landbúnaði á Nýja-Sjálandi jafnmargir og fyrir þrjátíu árum og sami fjöldi býr þar í dreifbýli og var árið 1920. Ekki er þó hægt að fullyrða að slík stefna myndi henta hérlendis.

Sú meginhugsun hinnar nýju stefnu Evrópusambandsins í landbúnaðarmálum að hafa greiðslur til framleiðenda í landbúnaði sem mest óháðar

framleiðslumagni, heimila rýmri markaðsaðgang, hætta við útflutningsstyrki og styðja við byggðamál og harðbýl svæði þarf í grundvallaratriðum ekki að vera íslenskum landbúnaði óhagstæð, enda er landbúnaður héraendis stundaður við erfiðar aðstæður í miklu dreifbýli á evrópskan mælikvarða. Ávinningur neytenda við aðild í formi lægra matarverðs er ótvíræður. Flest bendir til þess að á alþjóðavísu, þ.e. innan WTO, verði þróunin í þessa átt. Aðlögun að þeim breytingum sem þegar liggja í loftinu er okkur vafalítið hagstæð hvort sem af aðild að ESB verður eða ekki

Samningar um aðild að Evrópusambandinu hafa hjá öllum aðildarþjóðunum verið mjög umfangsmikið og flókið verkefni enda hafa viðræðurnar oftast staðið árum saman. Góð þekking á öllum þáttum þessa stjórnerfis, regluverki og stefnu er forsenda þess að geta tekist á við breyttar aðstæður í framtíðinni.

Einkarekstur og ríkisrekstur¹

Inngangur

Spurningin um einkarekstur eða ríkisrekstur snýr að mjög mikilvægum þætti í samfélagi manna sem er meðferð skattpeninga. Við höfum kosið að skipa valdi í okkar samfélagi með þeim hætti að flest á sviði viðskipta og samskipta er frjálst og einstaklingar annast flest verkefni fyrir aðra einstaklinga. Þó er margt sem við sameinumst um að fara sameiginlega með, hvort sem það vald er á vegum sveitarstjórna eða ríkis.

Það er hægt að fullyrða að nær allir hagfræðingar, flestir stjórnámálamenn og þorri almennings sé þeirrar skoðunar að samkeppni fyrirtækja í einkaeigu sé farsælasta kerfið til hagsældar í nútíma þjóðfélagi. Þetta hefur ekki alltaf verið ríkjandi viðhorf, hvorki hérlendis né erlendis. Mælikvarði á skipulag í samfélagi getur verið margþættur en skynsamlegt er að beina sjónum að tveimur atriðum, þ.e. hagkvæmni og jafnræði. Hagkvæmni snýr að því sem nefnt var hér í upphafi sem er meðferð skattpeninga. Skattar eru vitaskuld ekkert annað en það sem við sem einstaklingar kjósum að leggja á okkur og aðra til að standa undir opinberu valdi og til að inna af hendi verkefni sem við teljum að hið opinbera eigi að annast.

Þá vaknar strax eftirfarandi spurning: Á hið opinbera vald að gera það sem einkaaðilar geta gert vel og jafnvel betur en hið opinbera? Þessu hefur ekki alltaf verið auðsvarað. Þróun síðustu tuttugu ára hjá þeim löndum sem best vegnar, og það eru þau lönd sem við eigum að miða við og við teljumst til þeirra, hefur verið sú, meira og minna óháð stjórnámalahreyfingum, að hið opinbera vald hefur horfið úr hefðbundnum atvinnurekstri. Þetta er einkavæðing en á árum áður var tekist harkalega á um þá stefnu hérlendis og erlendis.

Þótt framkvæmd einkavæðingar hafi víða gengið erfiðlega og einstök tilvik hérlendis séu ekki til eftirbreytni er samt meginniðurstaðan sú að með einkavæðingu hefur verið stigið gæfuspor til að auka hagkvæmni í samfélaginu og jafnræði hefur ekki borið skarðan hlut frá borði, þótt einkavæðing feli eðli málsins samkvæmt í sér að aðilar geti hagnast verulega. Það að hagnast er hið besta mál ef greiddur er réttlátur skerfur til hins opinbera valds, sem er jú vald einstaklinga. Það er ekkert til í lýðræðissamfélagi sem

¹ Erindi á aðalfundi Samtaka verslunar og þjónustu 21. febrúar 2008 í Reykjavík.

heitir þeir og við. Stjórnámálamenn eru fulltrúar almennings og ekkert annað þótt það vilji stundum gleymast.

Nú má segja að einkavæðing hafi útrýmt opinberum rekstri á öllum sviðum hefðbundins atvinnurekstrar þótt ein atvinnugrein sé hérlandis sem er enn í opinberri eigu og lýtur forsjá kjörinna fulltrúa en það er orkuviðnæðurinn. Það hefur ekki alltaf gengið snurðulaust í þeirri atvinnugrein og ágreiningsmál undanfarinna mánaða eru m.a. vegna þess að stjórnámálamenn eru síður en svo færustu aðilarnir til að fjalla um flókin úrlausnarefni í rekstri fyrirtækja. Það er hægt að færa rök fyrir því að það komi að því að orkugeirinn fari líka úr opinberri eigu í einkaeigu þótt enn sé langt í land með það í mörgum löndum.

Það er þó athyglisvert að minnst þess að Íslendingar voru einna seinastir þjóða í Vestur-Evrópu til að einkavæða bankakerfið og vorum við meira að segja á eftir rótgrónum ríkisrekstrarþjóðum eins og Frökkum. Enginn getur mælt á móti því að einkavæðing bankakerfisins hefur reynst okkur mjög happadrjúg en upp úr henni spratt einn öflugasti atvinnuvegur þjóðarinnar á tiltölulega skömmum tíma.

Ríki og sveitarfélög geta falið einkaaðilum margvíslegan rekstur án þess að framleiða sjálf þá þjónustu sem spurt er eftir. Hið opinbera greiðir fyrir þjónustuna sem er þá skilgreind nákvæmlega. Þetta er einkarekstur. Ríkisrekstur er þegar ríkið eða hið opinbera sér um framleiðslu þjónustunnar. Höfundur talar hér oft um opinberan rekstur því hann gerir ekki í grundvallaratriðum greinarmun á rekstri á vegum sveitarfélaga eða ríkis. Einkarekstur er mjög víða í opinberri þjónustu. Rekstur læknastofa er dæmi um slíkt innan heilbrigðiskerfisins. Skólar sem hlutafélög eða sjálfseignarstofnanir með samninga við hið opinbera eru dæmi um einkarekstur í menntakerfinu sem hefur reynst mjög vel. Sama gildir um marga leikskóla hjá sveitarfélögum.

Við Íslendingar erum framarlega á mörgum sviðum. Miðað við hagtölur Hagstofu Íslands í febrúar 2008 þar sem Ísland er borið saman við þrjátíu lönd OECD kemur eftirfarandi í ljós:

- Ísland er í 5. sæti í lífskjörum með 32.200 Bandaríkjadali í landsframleiðslu á mann á jafnvirðismælikvarða á móti 30.100 Bandaríkjadölum að meðaltali innan OECD.
- Ísland í 1. sæti í hagvexti með 7,5% hagvöxt á móti 3,1% að meðaltali innan OECD.
- Ísland er í 2. sæti í verðbólgu með 8,1% verðbólgu á móti 3,1% að meðaltali innan OECD.

- Ísland er í 1. sæti yfir starfandi fólk á vinnumarkaði með 84,4% þátttöku á móti 66,6% að meðaltali innan OECD.
- Ísland er í 1. sæti með lítið atvinnuleysi með 2,6% atvinnuleysi á móti 7,0% atvinnuleysi að meðaltali innan OECD.

Í samanburði við ríkustu þjóðir heims geta því Íslendingar borið höfuðið hátt en það má ekkert slaka á eins sést á verðbólgutölunum.

Þess vegna skiptir mjög miklu máli að við séum sífellt á tánum hvað varðar skipulag í hagkerfi okkar. Ástæðan er einföld. Fámennið hér er og verður okkar Akkilesarhæll. Þótt höfundur sé einkavæðingarsinni og hafi alltaf verið það kýs hann samt að tala um samkeppnisvæðingu. Höfundur telur það grundvallaratriði að með einkavæðingu verði samkeppni en í okkar litlu samfélagi, langt frá öðrum þjóðum, hefur fákeppni á mörgum sviðum verið algengara markaðsform en samkeppni.


Fákeppni er einstaklingum ekki hagfelld og hún tryggir ekki jafnræði sem samkeppni gerir mun betur. Við verðum að miða breytingar og umræðu í okkar samfélagi við okkar aðstæður, þótt reglurnar séu hinar sömu og lög-málin eins. Aðstæður eru misjafnar milli landa og stundum innan landa. Það er barnaleg umræða sem ekki tekur mið af hinni mikilvægu staðreynd um fámennið hérlendis.

Meðferð skattpeninga og opinber umsvif

Rauði þráðurinn hér er meðferð skattpeninga. Það hefur enginn leyfi til að fara illa með fé almennings, síst af öllu fulltrúar almennings, stjórn-málamenn. Með fé almennings ber að fara af kostgæfni því gerum við það ekki er því miklu betur varið í höndum einstaklinganna sjálfra. Það er þó vitaskuld ekki hægt því ekki getum við afnumið skatta og viljum ekki. Því er þetta ekki aðeins spurning um hver og hve mikil opinber umsvif eigi að vera heldur hvernig nákvæmlega hið opinbera vald hegðar sér þar sem það vill hafa afskipti, sem er jú einkum til að tryggja jafnræði þegnanna.

Varsla skattpeninga er ein alvarlegasta skuldbinding sem til er því skattar eru lögbvingaðir. Það er því meiri ábyrgð á kosnum fulltrúum okkar en í almennri fjárvörslu fjármálafyrirtækja, þótt hún sé ærin, því fjárvarsla byggist á frjálsum vilja en skattar eru lögbvingaðir.


Spurningin er hvort einkarekstur sé heppilegri en ríkisrekstur við núverandi aðstæður. Þá þarf fyrst að skoða hver eru opinber umsvif í hagkerfinu og hver þróunin hefur verið. Mynd 1 sýnir opinber umsvif á árunum 1980 til 2006.



Mynd 1: Opinber umsvif 1980–2006.


Mynd 1 sýnir opinberar tekjur frá 1980 til 2006 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Þar sést vel að opinber umsvif hafa aukist geysimikið á síðustu tæpum tveimur áratugum. Hlutdeild sveitarfélaga hefur farið úr um 7% í tæp 14% eða nær tvöfaldast og hlutur ríkisins farið úr 28% í 36% eða hækkað um nær þriðjung. Samtals hafa opinber umsvif farið úr 35% af landsframleiðslu í tæp 50%. Þetta er ekkert smáræði en landsframleiðslan í ár, árið 2008, er áætluð um 1.300 milljarðar þannig að 15%-stig eru nær 200 milljarðar. Hér er mikilvægast að skoða í hvaða málaflokka opinber útgjöld fara því þar getur legið skýringin á þessum mikla vexti. Mynd 2 sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda ríkisins árið 2006.

Í mynd 2 sést að heilbrigðismálin taka 26% til sín, velferðarmálin 23%, samgöngur og atvinnumál 15% og menntamálin 11%. Annað er allt hitt, m.a. dómskerfið, æðsta stjórnarsýsla, menningarmál og fleira. Stóru einstöku málaflokkarnir eru heilbrigðis-, velferðar- og menntamál. Þarna hefur vöxturinn verið og verður einnig í framtíðinni og því þarf að spyrja hvort auka eigi einkarekstur á sviði heilbrigðismála og menntamála. Látum velferðarmálin liggja milli hluta um sinn og ræðum það sem einfaldara er í framkvæmd. Mynd 3 sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda sveitarfélaga árið 2006.




Mynd 2: Hlutfallsleg skipting útgjalda ríkisins árið 2006.

Í mynd 3 sést að langstærsti málaflokkur sveitarfélaga er menntamál með tæp 40% útgjalda. Í flokknum Annað eru m.a. menningarmál sem eru umsvifamikil hjá sveitarfélögum. Mynd 4 sýnir hlutfallslega skiptingu opinberra gjalda fyrir árið 2006, þ.e. bæði fyrir ríki og sveitarfélög.



Mynd 3: Hlutfallsleg skipting útgjalda sveitarfélaga árið 2006.

Á mynd 4 sést að stóru flokkarnir þrír, velferðarmál, menntamál og heilbrigðismál, eru með um 20% hlutdeild hver. Það er því eftir mjög miklu að slægjast ef hægt er auka hagkvæmni í mennta- og heilbrigðismálum.



Mynd 4: Hlutfallsleg skipting opinberra gjalda fyrir árið 2006.

Einkarekstur er hagkvæmari en ríkisrekstur

En er einkarekstur hagkvæmari en ríkisrekstur? Svarið við því er já, ef með einkarekstri séu margir einkaaðilar að keppa í því að veita góða þjónustu á hagstæðu verði. Ríkið greiðir fyrir þjónustuna og lætur þegnum hana í té fyrir eitthvert gjald eins og við sjáum með einkarekstri í heilbrigðiskerfinu í menntakerfinu. Það er enginn að tala um að neytendur greiði einkaaðilum beint fyrir alla þjónustuna en það væri einkavæðing og höfundur er hvorki að tala um það né fyrir því.

Fræðilega tryggir samkeppni hagkvæmni og lægra verð fyrir neytendur en önnur markaðsform. En getur ríkisrekstur keppt við einkarekstur og þannig verið til blandað kerfi? Vissulega, enda er slíkt t.d. í háskólakerfinu þar sem háskólar keppa um nemendur og sumir skólar eru hreinræktaðir ríkisskólar en aðrir ekki. Í ríkisrekstri vantar þó m.a. hvata einstaklinga til að bera úr bótum þegar vel gengur. Við getum slegið því föstu að ríkisrekstur sé óhagkvæmari en einkarekstur. Einkavæðingin gekk út á það í öllum löndum. Meira kemur þó til hérlendis sem er munurinn á lagaumhverfi á almennum vinnumarkaði og opinberum vinnumarkaði.

Höfundur hefur nokkra reynslu í þessu, hefur starfað lengi sem stjórnandi og tók áður virkan þátt í kjaraviðræðum á almennum vinnumarkaði og á opinberum vinnumarkaði og leiddi Samninganefnd ríkisins á sínum tíma. Höfundur fullyrðir að opinber vinnulöggjöf sé mjög vond fyrir stjórnendur. Þar vantar allan sveigjanleika sem er nauðsynlegur í nútíma rekstri. Höfundur er ekki heldur þeirrar skoðunar að þessi löggjöf sé opinberum starfsmönnum sjálfum til framdráttar.

Ef hið opinbera ætlar að halda sínum hlut í opinberum umsvifum og

jafnvel auka þau, eins og hefur verið undanfarin ár, er nauðsynlegt að stokka þessa löggjöf algerlega upp og laga hana að löggjöfinni á almenna vinnumarkaðinum. Við erum heppnir Íslendingar að við höfum mjög góða almenna vinnulöggjöf og er hún sveigjanleg sem er lífsnauðsynlegt til að ná árangri í breytingasamfélagi nútímans.

Höfundur veit ekki hvort ríkisvaldið muni breyta hinni opinberu vinnulöggjöf. Stundum er talað um það en ekkert gerist enda er mikil hagsmunavarsla um þetta kerfi eins og önnur mannleg kerfi. Stjórnsmál eru í eðli sínu íhaldssöm og því ekki góð við aðstæður mikilla breytinga. Það sem dugði fyrir tíu árum dugur ekki lengur. Breytingarnar eru svo örar.

Að mati höfundar dæmir ríkið sig úr leik í rekstri vegna óhagkvæmni. En þá er næstu spurningu ósvarað: Tryggir ríkisrekstur betur jafnræði en einkarekstur? Höfundur telur að svo sé ekki. Vitanlega þarf að vera vel skilgreint hvað ríkið vill kaupa af einkaaðilum og hverjir eigi að njóta þess en það er enginn vandi að tryggja jafnræði með skýrum samningum. Einkaaðilar eru að keppa í kostnaði og gæðum en ekki í því að mismuna enda þekkt í fræðunum að það er slæm viðskiptastefna að mismuna fólki. Starfsmenn einkafyrirtækja eru yfirleitt ánægðari með sín kjör en opinberir starfsmenn, en opinber vinnumarkaður hefur á mörgum sviðum oft verið láglaunamarkaður.

Hér þarf líka að hafa í huga að sé hægt að gera hlutina hagkvæmari með einkarekstri, þ.e. ódýrari, er hægt að nota sparnaðinn og auka þjónustuna með því að kaupa meira magn. Vandamál opinbera kerfisins í heilbrigðisþjónustu og í menntakerfi hafa einmitt verið vandkvæði við mönnun og biðlistar. Ef hægt er að auka fé til málaflökkanna með sparnaði og breyttu rekstrarformi er það vitaskuld miklu betri leið en að hækka skatta sem alls er óvíst að samstaða náist um.

Heilbrigðisþjónustan mun aukast verulega á næstu árum með hækkingu aldris þjóðarinnar og við viljum mennta fólk betur. Við verjum þó af opinberri hálfu mjög miklu til heilbrigðis- og menntamála miðað við aðrar þjóðir en þetta eru vaxtagreinar opinberrar þjónustu. Höfundur hefur ekki trú á því að samstaða náist um að auka opinber umsvif um önnur 15%-stig á næstu tuttugu og fimm árum en þörfin í þessum málaflökkum mun stórukast.

Við getum lent í alvarlegum vandamálum í heilbrigðis- og menntamálum. Kostnaður mun aukast og hann er í mörgum löndum nær ófyrstíganlegur í heilbrigðisþjónustunni, m.a. vegna veiks lífeyrisjóðskerfis. Það er að vísu ekki hjá okkur en auðvitað eigum við að nýta forskot til aukinna framfara en ekki bíða þar til við höfum sömu vandamál og aðrir.

Lokaorð

Höfundur telur að einkarekstur sé ekki aðeins hagkvæmari en ríkisrekstur heldur tryggji einkarekstur ekki síður jafnræði. Auk þess er hægt með einkarekstri að auka þjónustu með sama kostnaði fyrir skattborgarana og tryggja hærri laun til starfsmanna. Fyrir utan allt þetta telur höfundur að hið opinbera verði að fara þessa leið, ef það ætlar að mæta því hlutverki sínu að tryggja aukna og bættu þjónustu til þegnanna á jafnræðisgrundvelli. Þarfirnar munu aukast. Ef hið opinbera getur ekki innt þá þjónustu af hendi á almennilegan hátt munu vitaskuld þeir sem betur mega sín kaupa þjónustu beint af einkaaðilum og þá er aukin misskipting og einkavæðing opinberrar þjónustu orðin að veruleika, en fyrir því hafa ekki margir talað og höfundur gerir það ekki.

Spurningin um einkarekstur eða ríkisrekstur snýst því ekki síst um framtíð jafnræðis í okkar samfélagi því með meiri hagkvæmni er auðveldara að tryggja jafnræði. Núna ætti því hið opinbera vald, sem er jú fólkið í landinu og fulltrúar þess, stjórnámálamennirnir, að skoða alla þætti í menntamálum og heilbrigðismálum, velta við hverjum steini og spyrja: Getur hér komið einkarekstur í stað opinbers reksturs?

Ef svarið er já þá ber að framkvæma það. Við höfum stigið skref í þessa átt en skrefin þurfa að vera stærri og það þarf að ganga hraðar. Tölurnar og rökin tala sínu máli. Hér er verk að vinna.

Æskan og uppgræðsla – hvað nú?¹

Uppgræðsla landsins með aðstoð æskunnar næst einkum á þrennan hátt:

- Í fyrsta lagi í gegnum skólakerfið, þ.e. með fræðslu um uppgræðslu og kosti hennar og með fræðslu um skuldbindingar okkar kynslóðar gagnvart komandi kynslóðum.
- Í öðru lagi í gegnum breytt viðhorf í samfélaginu þar sem stefnubreyting gagnvart umhverfi kemur fram í stjórnámálum og öflugum talsmönnum nýrra viðhorfa.
- Í þriðja lagi í gegnum breytta hegðun æskunnar, nýtingu hennar á tölvu og Netinu, hinum nýju verkfærum mannsins, önnur lífsgildi og samþættingu lífs og náttúru.

Þessi þrjú atriði eru ekki einföld eða fljótvirk. Breytingar í skólakerfinu taka langan tíma. Það er auðvelt að segja: Aukum endilega kennslu um umhverfismál enn frekar. En hvað á þá að minnka í námskránni?

Breytt viðhorf í stjórnámálum taka einnig langan tíma. Við vorum ekki í fararbroddi í baráttunni fyrir Kyótó-bókuninni og þeirri hugmyndafræði á sínum tíma. Enn spyrjum við alltaf á alþjóðavísu: Hvað er í þessu fyrir okkur Íslendinga? Hvað högnumst við á þessu? Hverju þarf að breyta til að við högnumst aðeins meira? Við spyrjum aldrei: Hvað getum við lagt til betri framtíðar mannsins? Hið skammarlega framlag okkar til þróunarmála er ágætt dæmi um sérgæsku okkar.

Um þriðja þáttinn um breytta hegðun ungs fólks í breyttum heimi veit höfundur of lítið til að þekkja hvaða afleiðingar hefur. Hitt veit hann vel að sérhverri nýrri kynslóð finnst ekki mikið til um framgöngu kynslóðarinnar á undan og það oft með réttu.

Við hreykjum okkur oft. Við erum með stærsta jökul í Evrópu, stærsta þjóðgarð í Evrópu en við eigum líka stærstu eyðimörk í Evrópu eins og stofnandi okkar, Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs, Ingvi Þorsteinsson, orðaði á sínum tíma. Við í Gróðri fyrir fólk reynum með uppgræðslu að

¹ Erindi á tíu ára afmæli samtakanna Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs 12. apríl 2007.

endurheimta landið og koma því aftur í byggð, gróðurlega byggð svo það geti bjargað sér. Við erum að reyna að breyta eyðimörk í gróðurmörk. Hvað verður á þessari gróðurmörk ræður náttúran sjálf.

Við erum eins og ljósmóðir sem gerir ekkert annað en að hjálpa nýjum einstaklingi út í lífið. Ljósmóðirin elur ekki barnið upp, kennir því ekkert og heldur ekki utan um það nema fyrsta klukkutímamann. Samt getur starf hennar varðað líf eða dauða þessa nýja einstaklings. Við í Gróðri fyrir fólk erum ljósmæður; stundum náum við árangri, stundum ekki.

Okkar barátta er ekki forgangsverkefni stjórn mála enda er smáaurum varið í þetta á ári hverju. Við erum með aðeins einn starfsmann og veltan er einungis nokkrir tugir milljóna. Þó er þetta starf eitt það mikilvægasta sem hægt er að vinna því landið er að fjúka á haf út. Við höfum vissulega farið illa með þessa Guðsgjöf. Til allrar hamingju eru einnig aðrir að sinna þessu verkefni, m.a. opinberir aðilar eins og Landgræðslan.

Landið okkar er stórt, 100.000 ferkílómetrar, en það er miklu stærra en við gerum okkur grein fyrir. Á höfuðborgarsvæðinu búa 63% þjóðarinnar á aðeins 1.000 ferkílómetrum. Þannig búa rétt um 2/3 hlutar þjóðarinnar á 1% af flatarmáli landsins og 1/3 hefur 99% landsins fyrir sig. Það er nær einsdæmi meðal hinna 200 landa heims. Auk þess er 24% af Íslandi á svæði undir 200 metrum yfir sjávarmáli. Þessu til viðbótar eru 18% landsins á svæði milli 200 og 400 metra. Þessi svæði eru góð byggingalönd. Það er einnig einungis búið að rækta 8% af ræktanlegu landi.

Landið okkar er því óbyggt, ekki aðeins eyðimörk gróðurfarslega séð, heldur líka hvað varðar fólk. Fáum við að halda og viljum við halda þessu ágæta landi aðeins fyrir okkur? Hér geta milljónir manns búið og það í heimi sem vantar svæði til að búa á. Hér er nóg til af mjög góðu byggingarlandi. Það er nóg til af vatni og það er nóg til af orku. Þetta eru þrjár dýrmætustu auðlindir framtíðarinnar, byggingarland, vatn og orka og við gerum okkur enga grein fyrir þessum miklu náttúrulegu auðæfum sem við höfum allt í kringum okkur. Höfundur vonar að æska þess lands ráðstafi þessum Guðsgjöfum til alls heimsins, ekki aðeins til sérgæsku og sérhagsmuna okkar eins og mín kynslóð hefur gert og gerir.

Við erum að upplífa einstaka tíma, byltingu í atvinnuháttum. Síðasta atvinnuháttabyltingin var fyrir um 200 árum á tímabilinu 1775 til 1815 á einungis fjörutíu árum en þá var gufuaflíð beislað í iðnaðarframleiðslu og iðnbyltingin hófst. Þá var bandaríska byltingin árið 1776 og sú franska árið 1789 sem breyttu heiminum. Þá var Napóleons tíminn sem breytti samfélagi manna. Þá byggðust upp borgir og borgarastéttin tók völdin af kóngum og

aðalsmönnum. Upp úr 1750 gerðist það að önnur orka en vöðvaorka manna og dýra varð ráðandi í samfélagi mannsins.

Við erum að upplifa álíka byltingu frá 1985 til 2025. Árið 1989 féll múrinn og Evrópa gerbreyttist. Tölvun og Netið eru nú aðalverkfæri mannglegra athafna, líftækni og erfðavísindi eru í hraðferð framfara, alþjóðleg hryðjuverk marka umgjörð stjórn mála nútímans og skapandi atvinnugreinar byggðar á menningu og einkum listum eru að taka við af þjónustu- og iðnaðarframleiðslu sem mikilvægustu atvinnugreinar framtíðarinnar.

Við erum í miðju þessa tímabils því árið 2007 eru enn átján ár til 2025. Við þekkjum vel sögu Íslendinga frá 870 til 1900 því orkan kom ekki inn í okkar samfélag fyrr en þá, eitt hundrað og fimmtíu árum seinna en hjá nágrennanþjóðunum. Landið var eyðimörk um 1900 og ekki höfum við enn nýtt mikið af iðnbyltingunni og orkunni til að bæta landið. Við eða kynslóð höfundar vinnum ekki úr þessum breytingum en það gera vonandi börnin okkar og barnabörnin.

Það er hægt að græða upp landið í margs konar skilningi, eitt er að endurheimta gróður, eins og við gerum í Gróðri fyrir fólk, annað að græða upp samkennd og hið þriðja að gera eitthvað í því að láta gott af sér leiða fyrir aðra.

Það er merkilegt að nær öll trúarbrögð heims kenna nágrennakærleika og virðingu fyrir öðrum þótt saga mannsins einkennist síður en svo af þessum viðhorfum. Það er óskemmtileg staðreynd í sögu mannsins að flestar tækni-framfarir hafa tengst hernaði. Núna eru hins vegar tímamót.

Lykillinn að lausninni er í gegnum meiri nágrennakærleika, meiri virðingu fyrir náttúrunni, meiri menntun, einkum kvenna í þróunarlöndunum, betri þekkingu á menningu, sérstaklega menningu annarra þjóða, og í því að við, frammar öllum fyrri kynslóðum, skuldum framtíðinni því við höfum tekið ótæpilega út af innistæðum náttúrunnar. Innistæður náttúrunnar eru ekki þinglesin eign okkar kynslóðar. Náttúran er ekki heldur endalaus uppspretta eins og við þekkjum vel sem eyddum landinu á nokkrum öldum. Þegar fólksfjölgunin og tækninýjungarnar eru hafðar í huga er ekkert víst að þessi örliðli punktur í alheiminum, jörðin okkar, ráði við framtíðina.

Ef við sýnum ekki landinu og náttúrunni þá nærgætni sem þarf er ekki víst að landið og náttúran geti sýnt okkur nærgætni þegar við þurfum á því að halda.

Hvar eru lausnir á vandamálum framtíðarinnar?¹

Hver er eiginlega vandi heimsins? Það eru til mörg svör við þessari spurningu. Sagan kennir okkur að fólk hafi fyrr á tímum óttast drepsóttir, skrímslí, hefnd guða og náttúruhamfarir.

Núna er vandi heimsins hungur, þrældómur, umhverfisvá, misskipting og öfgahyggja. Vandí okkar Íslendinga hefur sjaldnast valdið heiminum áhyggjum því hvers vegna ætti heimurinn yfirleitt að leiða hugann að þessari fámennu þjóð langt frá öðrum?

Af hverju eru Íslendingar sjálfstæð þjóð?

Það að við erum sjálfstæð þjóð nú á tímum eigum við aðeins einu að þakka sem er varðveisla tungumálsins sem okkur tókst vegna Íslendingasagnanna. Menningarlegar rætur okkar lágu svo djúpt að við sem fámenn þjóð lifðum af hörmungar fyrri tíma.

Íslendingar voru um 50.000 talsins við lok þjóðveldisins á seinni hluta þrettánda aldar og tæpum 500 árum síðar í byrjun átjándu aldar vorum við enn um 50.000 talsins og stundum lá við að við þurrkuðumst út. Sagan geymir mörg dæmi um þjóðir sem hurfu inn í stærri þjóðir vegna þess að menningarlegar rætur þeirra rofnuðu.

Nú skilar menningin um 5% til landsframleiðslunnar, fjórfalt meira en landbúnaður og mun meira en stóriðja. Listamenn eiga um helming af þessu en allt fléttast þetta saman. Það eru þúsundir manna sem hafa fulla atvinnu af listsköpun, við skrif, leiklist, myndlist, tónlist, kvikmyndagerð, arkitektúr, listdans og listmálun.

Félagar í Bandalagi íslenskra listamanna eru mörg þúsund talsins og fjöldi annarra starfa fylgir listsköpun. Ekki gæfu rithöfundar mikið út ef prentiðnaðurinn og allt það fólk sem þar vinnur væri ekki til staðar. Það væri ekki mikill tónlistarflutningur eða margar leiksýningar ef ekki væru rafvirkjar og aðrir tæknimenn.

Skapandi atvinnugreinar framtíðarinnar

Innan hagfræðinnar er um þessar mundir verið að ganga skrefinu lengra. Þar er ekki aðeins talað um listir og menningu heldur um skapandi

¹ *Borgfirðingabók*. Sögufélag Borgarfjarðar. Borgarnes 2008.

atvinnugreinar. Með því er átt við alla þá hagrænu starfsemi sem byggir á skapandi hugsun. Þetta eru atvinnugreinar eins og listræn starfsemi, fjölmiðlun, prentiðnaður, ráðandi stjórnunarstörf, hönnun, vísindi, rannsóknir, tíska og fleira. Listgreinar eru þarna vitaskuld í fremstu röð en það er margt annað sem telst til skapandi atvinnugreina.

Skapandi atvinnugreinar, sem eru atvinnuvegir framtíðarinnar, eiga sér rætur í list og annarri menningarlegri starfsemi. Nú er um fjórðungur af öllum störfum á vinnumarkaði hérlandis í skapandi atvinnugreinum. Það er að eiga sér stað atvinnuháttabylting með nýjum verkfærum eins og tölvunni og Netinu. Það er nær ekkert unnið í hagkerfum heimsins án tölvunnar og Netsins.

Utanaðkomandi orka upp úr 1750

Nútímamaðurinn hefur búið á jörðinni í meira en 100.000 ár og í skipulögðum þjóðfélögum í um 12.000 ár. Fyrstu 11.750 árin barðist maðurinn við að hafa í sig og á, reyndi að lifa af og fjölga sér nægjanlega. Listir voru þó skammt undan, í myndum, listmunum, tónlist og fleiru. Listsköpun hefur fylgt manningum lengur en flest annað og þörfin fyrir list er mjög nálægt hinum lífsnauðsynlegu verkefnum að afla sér fæðu og halda á sér hita til að geta lifað.

Fyrir um 250 árum eða upp úr 1750 gerðust merkilegir hlutir. Þá gerbreyttist samfélag manna. Þá hófst iðnbyltingin og önnur orka en vöðvaorka varð ráðandi þáttur í umhverfi mannsins. Fram að því hafði vöðvaorka manna og dýra verið nær eina orkan í samfélagi mannsins. Aðalatvinnuvegurinn fyrir þann tíma var landbúnaður og önnur frumframleiðsla, eins og fiskveiðar og námugróftur.

Eftir 1750 varð utanaðkomandi orka lykilatriðið. Frumframleiðsla varð hlutfallslega mun minni en áður, iðnaðarsamfélagið réð ríkjum á nítjándu öldinni og á tuttugustu öldinni tók þjónustusamfélagið við sem ráðandi atvinnuvegur. Á tuttugustu og fyrstu öldinni mun framleiðsla í skapandi atvinnugreinum vera í forgrunni.

Fólksfjöldun og hugsanleg óhjákvæmileg tortíming

Ef við eigum að lifa á jörðinni og mæta vaxandi umhverfisvandamálum og mikilli fólksfjöldun verðum við að hugsa öðruvísi. Fyrir 2000 árum eða við fæðingu Krists var íbúafjöldi jarðarinnar 130 milljónir, um 1900 eða fyrir rúmum 100 árum lifðu 1,3 milljarðar manna á jörðinni. Núna árið 2008 lifa á jörðinni 6,6 milljarðar manna og eftir 17 ár eða 2025 verða það

8,6 milljarðar manna. Nú svelta um 20% mannkyns heilu hungri eða 1,5 milljarður manna. Í menningu er fólgin lykill að lausnum á vandamálum nútímans og framtíðarinnar. Við getum ekki vænst framtíðar nema við sýnum umburðarlyndi, víðsýni, samkennd og skapandi hugsun.

Annars fer fyrir okkur eins og hinn heimspekkti vísindamaður Enrico Fermi spáði. Hann sagði að sérhvert samfélag tortími sjálfu sér með aukinni tæknivæðingu og ekkert geti komið í veg fyrir það. Þetta sé ástæðan fyrir því að við höfum aldrei getað greint neitt þróað líf í geimnum.

Það er býsna margt sem bendir til þess að maðurinn muni gera jörðina óbyggilega á næstu eitt til tvö hundruð árum eða jafnvel fyrr. Hvort sem þessi kenning er rétt eða að fjarlægðir alheimsins séu svo miklar að við náum aldrei sambandi við aðra eða aðrir við okkur skal hér ósagt látið, en hlutverk menningar í hinni nýju heimssýn er lykilatriði.

Nágrannakærleikur er lykilinn

Listir og önnur menning, sérstaklega trúarbrögð, eru í eðli sínu friðsæl og vilja yfirleitt vel. Það eru þau viðhorf sem þurfa að ráða en ekki hroki, öfund, reiði, leti, græðgi, ofát og siðblinda. Þessi upptalning eru hinar svokölluðu sjö dauðasýndir en eins og Tómas frá Aquino sagði ber ekki að skilja þær þannig að þær leiði bókstaflega til dauða heldur sýna þær hvernig við eigum að hegða okkur.

Þótt menningarleg starfsemi sé í eðli sínu friðsöm er hún alltaf að leita að rými fyrir sig og þá sem hana stunda. Þannig er það ekki tilviljun að fyrsta verk allra einræðisherra sögunnar er að banna eða takmarka vinnu listamanna, eins og rithöfunda, listmálara og tónlistarmanna.

Samstaða og samvinna er þó ekki lengur æskileg heldur lífsnauðsynleg, ekki hvað síst gagnvart börnum okkar og barnabörnum. Hér getur menningarleg starfsemi vísað veginn eins og áður hefur gerst í sögu mannsins í tengslum við trúarbrögð. Munurinn á núna og þá er að nú er enginn til að vísa þennan veg nema menningarleg hugmyndafræði.

Áður fyrr gátu ný lönd, nýjar auðlindir og önnur verðmæti jarðarinnar og meiri tækni skilað okkur fram á við. Það á ekki við lengur. Núna þarf nýja, frjóa, skapandi og friðsæla hugsun til að tryggja framtíðina. Menningin miðlar þessari hugsun ef við viljum taka á móti boðskap hennar.

Svipmyndir

Frá Seltjarnarnesi til Suður-Afríku. Hlutabréfamarkaður og Bakkavör¹

Skipulagður hlutabréfamarkaður opnaði fjölmörg tækifæri fyrir fyrirtæki hérlendis á tíunda áratugnum. Hlutabréfaviðskipti fyrir 1990 voru alls ekki almenn og fyrsta sértæka löggjöfin um hlutabréfaviðskipti tók gildi hérlendis árið 1993. Með aðild Íslands að evrópska efnahagssvæðinu EES árið 1994 urðu verulegar breytingar á löggjöf í viðskiptum. Skráðum fyrirtækjum í Kauphöll Íslands fjölgaði hratt fram til ársins 2000 en fækkaði síðan verulega en viðskiptin hafa þó aukist mikið.

Þó voru áður til menn sem töluðu fyrir hlutabréfaviðskiptum á undan öðrum. Aron Guðbrandsson fésýslumaður, sem var kenndur við fyrirtæki sitt Kauphöllina og alltaf kallaður Aron í Kauphöllinni, verslaði með hlutabréf á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar, löngu áður en það varð almennt. Eyjólfur Konráð Jónsson, sem var lengi ritstjóri Morgunblaðsins og alþingismaður, ræddi löngum um hlutabréfaviðskipti og hvatti til stofnunar almenningshlutafélaga til að vinna að arðsömum verkefnum.

Eitt þeirra fyrirtækja sem nýttu sér þessa nýju möguleika betur en flest önnur er Bakkavör. Bakkavör er fjölskyldufyrirtæki, stofnað árið 1986, sem vann að sérhæfðri sjávarvöruframleiðslu, eins og hrognafarmaleiðslu, í frekar smáum stíl. Starfsemin var fyrst á Suðurnesjum og síðar í Kópavogi. Fyrirtækið er kennt við Bakkavör á Seltjarnarnesi, þar sem fjölskyldan bjó. Stofnandi fyrirtækisins, Guðmundur Lýðsson vélstjóri, vann í fyrirtækinu með sonum sínum, Ágústi og Lýði, og var þetta samhentur hópur sem vann að því að afla meiri tekna til að setja í fyrirtækið. Þannig minnst höfundur, sem rak frystihús í Reykjavík um árabíl, að á níunda áratugnum mætti þriggja manna sveit í frystihúsið til að hreinsa karfaveilar í ákvæðisvinnu á kvöldin. Hópurinn vann verkið einstaklega fljótt og vel. Þetta voru Guðmundur og synir hans, Ágúst og Lýður.

Síðar unnu Ágúst og Lýður að verkefni í stefnumótun fyrir Bakkavör í tengslum við námskeið í gæðastjórnun í Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Þeir gerðu góða áætlun um framtíðina byggða á innsýn

¹ Eftirfarandi svipmyndir birtust í bók höfundar *Rekstrarhagfræði* sem Mál og menning gaf út árið 2005 og var ein svipmynd á eftir hverjum kafla í þeirri bók.

sinni og þekkingu sem þeir höfðu aflað sér og lögðu þessa stefnu fyrir Árna Vilhjálmsson prófessor. Árni er „Nestor“ stefnumótunar í íslensku atvinnulífi en hann var fyrstur til að innleiða þau fræði hérlendis. Árni var jafnframt stjórnarformaður Granda og bræðurnir vildu fá Granda með sér sem hluthafa og sækja fram af krafti. Árna og samstarfsmönnum hans leist mjög vel á áætlunina og Grandi kom að fyrirtækinu árið 1995. Fyrirtækið varð fljótt mjög stórt í vinnslu sjávarafurða.

Síðar hóf Bakkavör starfsemi erlendis, einkum í Danmörku og Bretlandi, og bræðurnir, sem kalla sig Bakkabræður, komust í kynni við gríska fjölskyldu sem sérhæfir sig í matvælaframleiðslu og gerðu við hana bandalag. Sóknin hélt áfram og KB-banki, nú Kaupþing, stóð dyggilega við bakið á bræðrunum af Seltjarnarnesi. Árið 2005 keypti Bakkavör alþjóðlega fyrirtækið Geest og varð með þeim kaupum eitt stærsta sérhæfða matvælafyrirtæki í Evrópu. Bakkavör hefur fjárfest í fjölda fyrirtækja hérlendis og erlendis og keypti, ásamt öðrum, Landssímann þegar hann var einkavæddur árið 2005.

„Það kvað vera fallett í Kína“

„Það kvað vera fallett í Kína. Keisarans hallir skína hvítar við safírsænum,“ segir í ljóði Tómasar Guðmundssonar „Í Vesturbænum“ sem birtist í ljóðabókinni *Fagra veröld* sem kom út árið 1933. Þótt Tómas telji Vesturbæinn yndislegri en hið fjarlæga land hefur ávallt ríkt ljómi yfir Kína og það ekki að ástæðulausu. Nafnið Kína þýðir orðrétt „miðríkið“. Kína er vissulega miðpunktur umhverfis síns og svo hefur verið lengur en við eigum sögu yfir.

Keisaradæmið í Kína var stofnað árið 221 fyrir Krist. Þá hófst keisaraveldi sem stóð í rúm 2.000 ár. Það leið ekki undir lok fyrr en í byrjun tuttugustu aldarinnar. Breytingarnar hafa verið gríðarlega miklar. Höfundur kom fyrst til Kína árið 1978, tveimur árum eftir að Mao Zedong dó. Beijing var þá varla malbikuð, allir fóru leiðar sinnar á reiðhjólum og voru í gráu maófötunum. Síðan kom höfundur þangað aftur tuttugu árum seinna og hann þekkti varla landið. Svo kom höfundur enn aftur þangað árið 2004 og fór víða um og þekkti landið ekki frá því fimm árum áður.

Hagvöxtur í Kína hefur verið einstakur síðustu tuttugu ár, eða um 6–10% á ári. Kína hefur tvöfaldað hlutdeild sína í verðmætasköpun í heiminum á síðustu tíu árum úr 6% í 12%. Hlutdeild iðnríkjanna í Evrópu og Ameríku hefur staðið í stað á sama tíma og er 45% af verðmætasköpun í heiminum.

Kommúnistaflokkurinn fer með allt vald í Kína. Þar ríkir einræði. Mjög erfitt er að segja til um með hvaða hætti þróunin verður þar innanlands. Þó er ljóst að viðskipti Kína við umheiminn munu halda áfram og hafa forgang. Við eigum því að auka viðskiptin við Kína. Ef við gerum það ekki sitjum við einfaldlega af okkur stærsta framtíðarviðskiptasvæði heimsins. Kína er á margan hátt svipað og Bandaríkin voru á seinni hluta nítjándu aldar og fram á fyrstu áratugi tuttugustu aldar. Ísland var fyrsta vestræna ríkið sem gerði fríverslunarsamning við Kína.

Tæpar eitt hundrað milljónir Kínverja búa utan Kína og þeir ráða yfir viðskiptalífínu mjög víða í Suðaustur-Asíu. Núna búa 40% af íbúum Kína í borgum og það tók þá tuttugu og fimm ár að ná því marki. Í Bandaríkjunum, en þau eru dæmi um mjög hraða þróun, tók slík borgarmyndun fimmtíu ár. Í Kína gerast hlutirnir miklu hraðar og eru miklu umfangsmeiri en nokkur dæmi eru til um áður. Það er athyglisvert að hugsa til þess að

tæplega eitt hundrað milljónir Kínverja, sem er ekki stór hluti af þjóðinni, hafa tvöfaldar ráðstöfunartekjur á við okkur Evrópubúa. Það þýðir að jafnvel einungis þessir ríku Kínverjar eru jafnmikilvægur markhópur og allir Bretar og Frakkar samanlagt.

Niðurgreiðslur og skipulag í landbúnaði

Oft er vitnað til landbúnaðarframleiðslu þegar talað er um óhagkvæmt skipulag í hagkerfinu. Af hverju er það? Ástæðurnar eru margar og flóknaðar og liggja aldir aftur í tímann. Samfélög og þjóðir, allt til um miðja átjándu öld, einkenndust fyrst og fremst af landbúnaði og hagsmunir landbúnaðar og landeigenda réðu mestu.

Þegar gufuaflið hélt innreið sína eftir 1750 efldust borgir og borgara-stéttin tók völdin af konungum og aðalsmönnum. Þá breyttust atvinnu- og búsetuhættir og iðnbyltingin hófst. Landbúnaður skipaði þó alltaf stóran sess í fjölmönnum ríkjum í Evrópu, eins og Frakklandi og Þýskalandi, og þeir hagsmunir eru enn mjög ráðandi innan Evrópusambandsins. Tækni-framfarir útrýmdu störfum í landbúnaði en pólitísk áhrif voru áfram sterk. Þetta er sérstaklega áberandi á Íslandi sem var landbúnaðarsamfélag langt fram á tuttugustu öld. Hagsmuna bænda og landbúnaðar var svo kirfilega gætt alla átjándu og níttjándu öld, m.a. með svokölluðu vistarbandi, að engin þéttbýlismyndun varð á Íslandi að ráði fyrir en í upphafi tuttugustu aldarinnar í kjölfar uppbyggingar í sjávarútvegi, en það var nær eitt hundrað og fimmtíu árum seinna en algengast var í nágrannalöndunum.

Verndarstefnan í landbúnaði hefur ríkt hérlandis í áratugi og kemur fram í því að greitt er með framleiðslunni og hún er vernduð með háum tollum og innflutningsleyfum. Neytendur bera þá skarðan hlut frá borði. Stuðningur við íslenskan landbúnað er hlutfallslega með því hæsta sem þekktist í heiminum og er mun meiri en er að meðaltali innan Evrópusambandsins.

Margir hagfræðingar halda því fram að með því afnema alla styrki og verndarkerfi í landbúnaði á heimsvísu og leyfa þróunarríkjunum að selja landbúnaðarafurðir sínar hindrunarlaust í iðnríkjunum myndu flest vandamál þróunarríkjanna hverfa tiltölulega fljótt. Unnið er að slíku innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) en miðar hægt.

Mjög miklar deilur urðu hérlandis við inngöngu Íslands í fríverslunarsamtökin EFTA árið 1970 og töldu margir að íslenskur iðnaður myndi kollsteypast, gjaldeyrisvarasjóðir tæmast við innflutning á óþarfa eins og dönskum kökubotnum, eins og það var þá orðað. Ekkert slíkt gerðist, enda ráða hlutfallslegir yfirburðir framleiðslu. Utanríkisverslun er alltaf hagkvæm þegar á heildina er litið. Nokkuð hefur dregið úr stuðningi við landbúnað

á undanförunum árum en umbætur í þessu kerfi eru á hraða snigilsins en það á við um fleiri lönd en Ísland. Þótt landbúnaður sé víðast hvar mjög lítill atvinnuvegur og skipti sáralitlu máli í hagkerfinu eru pólitísk áhrif atvinnugreinarinnar enn ótrúlega mikil og neytendur í vestrænum löndum knýja ekkert sérstaklega á um uppstokkun í þessum höfuðatvinnuvegi for- tíðarinnar.

Tæknibreytingar valda miklum sveiflum og hlutfallslegir yfirburðir færast frá einni þjóð til annarrar eða frá einni álfu til annarrar. Þannig urðu gífurlegar breytingar í fataiðnaði á seinni hluta tuttugustu aldar í Vestur- Evrópu þegar fjöldaframleiðsla á fatnaði fluttist að miklu leyti til Austur- landa þar sem vinnuafli er ódýrt. Fataframleiðsla lagðist af víða, þar á meðal hér á landi, en á Akureyri voru starfræktar miklar iðnaðarverksmiðjur sem hættu starfsemi vegna þess að þær voru ekki samkeppnisfærar við inn- flutning annars staðar frá. Nú er fiskvinnsla í Kína keppinautur íslensks fiskiðnaðar. Breyting á atvinnuháttum hefur þannig mikil áhrif, m.a. á smærri stöðum, og þessi umræða snýst ekki aðeins um hagkvæmni í fram- leiðslu heldur byggðamál í víðara samhengi.

Áliðnaður og umhverfisvernd

Árið 1966 var hafin bygging fyrsta álversins hér á landi, álversins í Straumsvík. Það var risafyrirtæki, þá sem nú. Álverið í Straumsvík hefur verið stækkað fjórum sinnum og framleiðslugeta þess er nú 180 þúsund tonn á ári. Framleiðslugeta upphaflega álversins var aðeins 60 þúsund tonn en til samanburðar verður framleiðslugeta álvers Alcoa Fjarðaáls í tengslum við Kárahnjúkavirkjunina um 300 þúsund tonn.

Miklar deilur urðu um álverið, ekki hvað síst vegna þess að það var að öllu leyti í eigu útlendinga, Svisslendinga, en er nú í eigu Alcan, sem er kanadískt almenningshlutafélag. Það þótti mörgum goðgá að erlend fyrirtæki störfuðu hérlendis og þurfti að afgreiða sérstök lög um þessa starfsemi. Fyrirtækið þurfi mikla raforku og virkjanirnar miklu í Þjórsá við Búrfell og Sigöldu urðu að veruleika. Gífurleg umsvif fylgdu álverksmiðjunni, bæði í Hafnarfirði og ekki hvað síst við virkjanirnar.

Með álverinu rættust draumar Einars Benediktssonar skálds um stórfelldar virkjanir á Suðurlandi mörgum áratugum fyrr. Vatnsaflsvirkjanir hafa reynst Íslendingum einstaklega arðbær auðlind og þar ráða hlutfallslegir yfirburðir. Hér hefur safnast upp mikil þekking á sviði raforkuframleiðslu. Ein af helstu röksemdunum fyrir álverinu á sínum tíma var að við yrðum að hraða okkur í að nýta vatnsorkuna því að kjarnorka væri á næsta leyti og hún yrði miklu ódýrari en vatnsorka og myndi gera hana óþarfa. Þetta sýnir vel hversu erfitt er að spá fyrir um framtíðina.

Álverið í Straumsvík sat eitt að raforkumarkaðinum lengi vel en síðan var Járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði reist. Ráðagerðir voru um stórt álver á Keilisnesi við Voga á Vatnsleysuströnd en ekkert varð af því. Síðan varð skammt stórra högga á milli. Álverksmiðja Norðuráls var reist í Hvalfirði og álverið í Straumsvík var stækkað verulega. Með nýrri verksmiðju í Hvalfirði var verið að nýta höfnina þar en höfn er mikilvægur áhrifaþáttur við staðarval stóriðju.

Stóra virkjunin við Kárahnjúka í tengslum við rísaálver á Reyðarfirði olli miklum deilum um umhverfismál. Þegar fyrsta álverið var reist var ekki mikið rætt um umhverfismál en það hefur gerbreyst á síðustu tveimur áratugum um allan heim. Við framleiðslu nú á tímum verða fyrirtæki að taka tillit til umhverfisáhrifa og vinna í sátt við náttúruna en álitaefnin eru mörg

og sitt sýnist hverjum. Varðandi umhverfismál er hugtakið um sjálfbæra þróun mjög mikilvægt en það kom fram í svokallaðri Brundtland-skýrslu Sameinuðu þjóðanna árið 1987. Skýrslan er kennd við Gro Harlem Brundtland, fyrrverandi forsætisráðherra Noregs. Sjálfbær þróun er hugmyndafræði um að nýta auðlindir á þann hátt að ekki sé gengið á hlut komandi kynslóða. Deilur um umhverfisáhrif Kárahnjúkavirkjunar munu halda áfram í mörg ár.

Erlendir aðilar eiga öll álverin hérlendis en okkar hagnaður byggist á raforkusölu og vinnu í álverum. Álverið í Straumsvík markaði tímamót og það mun enn stækka á næstu árum. Þar vinna nú um 500 manns og þar er fyrsta konan við stjórnvölinn í íslensku stórfyrirtæki, Rannveig Rist. Hún hefur athyglisverða menntun, er vélfræðingur, með sveinspróf í vélvirkjun, háskólapróf í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands og M.B.A.-próf frá Bandaríkjunum. Með forstjórastarfinu braut hún blað í kvennabaráttu hérlendis. Hún á ekki langt að sækja frumkvöðulsstarfið, en faðir hennar, Sigurjón Rist, mældi vötn um áratugaskeið og ruddi braut fyrir vegi og vatnsaflsvirkjanir og móðir hennar, María Sigurðardóttir, var fyrsta konan sem útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands.

Flugvöllurinn og fórnarkostnaður. Borgríkið Ísland

Fórnarkostnaður er hugtak sem gengur eins og rauður þráður í gegnum hagfræðina. Í hagfræði er alltaf metið hvers er farið á mis við með notkun framleiðsluþátta. Það eru mörg dæmi í umhverfi okkar sem snúa beint að þessu hugtaki án þess að fólk geri sér alltaf grein fyrir því. Flugvallarmálið er eitt slíkra mála. Það snýst um það hvort Reykjavíkflugvöllur eigi að vera áfram í Vatnsmýrinni eða hvort flytja eigi hann annað.

Helstu rökin fyrir því að flytja flugvöllinn eru þau að svæðið sem fer undir flugvöllinn er svo dýrmætt að fjarstæða sé að fórna því fyrir þá starfsemi. Þarna eigi að rísa byggð allt að 20.000 manns og tengja eigi svæðið miðbænum og öðrum byggðarkjörnum á höfuðborgarsvæðinu. Talsmenn flugvallarins segja hins vegar lykilatriði fyrir samgöngur við landsbyggðina að hafa flugvöllinn nálægt miðborginni. Ef flugvöllurinn verði fluttur fari hann til Keflavíkur og það sé dauðadómur fyrir innanlandsflug og mjög alvarleg atлага að hagsmunum landsbyggðarinnar. Hér takast því á miklir hagsmunir og í atkvæðagreiðslu borgarbúa árið 2001, sem tiltölulega fáir tóku þó þátt í, vildi rétt ríflega helmingur borgarbúa flytja flugvöllinn en deilurnar hafa staðið árum saman.

Bretar byggðu flugvöllinn á stríðsárunum og afhentu hann síðan Íslendingum í stríðslok. Hugmyndir hafa komið fram um önnur flugvallarstæði en í Vatnsmýrinni. Þannig hefur verið lagt til að leggja innanlandsflugvöll á Bessastaðanesi á Álftanesi en þar er óbyggt svæði sem hentar vel fyrir flugvöll. Einnig hefur verið rætt um að fylla upp í Skerjafirði og byggja þar flugvöll eða í Hvassahrauni sunnan Hafnarfjarðar. Hugmyndir um lest milli Reykjavíkur og Keflavíkur í tengslum við flugvöllinn þar hafa verið lagðar fram. Allar þessar hugmyndir er hægt að veða og meta með verkfærum hagfræðinnar en málið er víðfedmara en það og snýr m.a. að pólitískum deilum milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis.

Búseta á Íslandi hefur breyst gífurlega síðustu eitt hundrað árin. Þannig bjuggu í upphafi tuttugustu aldar 87% landsmanna í dreifbýli en 13% á höfuðborgarsvæðinu en árið 2003 bjuggu 63% landsmanna á höfuðborgarsvæðinu en einungis 37% utan þess. Ef Akranes, Suðurnes og Árborg eru talin til höfuðborgarsvæðisins, en þau sveitarfélög eru innan við klukkutímaakstur frá borginni, búa 72% landsmanna á þessu svæði. Þessi

búsetubreyting hefur leitt til þess að Ísland er nánast orðið að borgríki sé það borið saman við önnur lönd.

Ef 162 lönd heims, eða nær öll lönd heims og öll þau stærri, eru skoðuð kemur í ljós að árið 2003 voru einungis 5 ríki með stærra hlutfall landsmanna á höfuðborgarsvæði sínu. Þessi lönd eru Singapúr, Barein, Kúveit, Bahamaeyjar og Katar. Öll önnur lönd heims eru dreifbýlli og langflest miklu dreifbýlli en Ísland. Umræðan hérlandis um byggðamál og byggðastefnu endurspeglar ekki þessar einföldu staðreyndir í samanburði milli landa. Breytingar undanfarin ár hafa verið miklu meiri á þessu sviði, en fólk almennt áttar sig á og oft eru stjórnámálmenn að gæta gamalla og stundum úreltra hagsmuna. Landsbyggðin er einfaldlega horfin sé miðað við önnur lönd. Þessi samanburður sýnir að við margar ákvarðanir sem tengjast rekstrarhagfræði þarf að líta til marga átta en þéttbýlismyndun varðar rekstrarhagfræði mjög mikið, m.a. vegna markaðsmála og staðarvals.

Hver hefur áhrif á hvern? Fjölmiðlamálið sumarið 2004

Árið 2004 var frétt næmt ár í margs konar skilningi, ekki hvað síst í því sem sneri að boðberum fréttu, fjölmiðlum. Mikil uppstokkun á fjölmiðlum varð næstu ár á undan. Fréttablaðið hóf göngu sína, fór á hausinn, en var endurreist af eignum Baugs, sem jafnframt keyptu DV og Stöð 2. Þar með var orðin til langstærsta fjölmiðlasamsteypa landsins. Ríkisstjórnin taldi rétt að setja lög um eignarhald á fjölmiðlum, m.a. til að vernda neytendur. Upp blossuðu hatramar deilur. Forsetaembættið blandaðist inn í málið sem endaði með því að lögum um fjölmiðla var synjað um staðfestingu. Slíkt hafði aldrei gerst áður.

Hér endurspeglast mikilvægur þáttur í nútímahagkerfi, sem eru fjölmiðlar og vald þeirra til að hafa áhrif á almenning, þ.e. neytendur. Neytendur ákvarða eftirspurn sína eftir þörfum og nytjum sínum og meta hana sjálfir. En hverjir hafa mest áhrif á neytendur og þar með á þarfir þeirra? Líklega fjölmiðlar í sinni fjölbreytilegustu mynd. Markaðsráðandi staða í fjölmiðlum er því grafalvarlegt mál gagnvart neytendum, ekki síður en í öðrum atvinnugreinum.

Hér skiptir vitanlega einnig máli það hlutverk fjölmiðla að miðla fréttum og skapa aðhald í nútímasamfélagi en fjölmörg dæmi eru um það hérlendis og erlendis að fjölmiðlar fara að vilja eigenda sinna um umfjöllun og ekki síst hvað ekki er fjallað um. Þetta var mjög áberandi hér á árum áður þegar stjórnmalaflokkar gáfu út dagblöð sem fylgdu sínum flokki í gegnum þykkt og þunnt og fréttaflutningur tók mjög mið af því. Nú er ritstjórn í flestum fjölmiðlum sjálfstæð gagnvart eignum og stjórn en óbein tengsl eru alltaf fyrir hendi.

Deilur um fjölmiðla hafa því sett mjög svip sinn á Vesturlönd og lýðræðisríki í hartnær tvö hundruð ár. Það er hollt að hafa í huga að einræðisríki láta alltaf vera sitt fyrsta verk að taka yfir alla fjölmiðla og banna starfsemi frjálsra fjölmiðla. Mannréttindi, eins og frelsi til að tjá sig, eru nátengd starfi fjölmiðla. Margir öflugir blaðakóngar hafa orðið til, eins og William Randolph Hearst í Bandaríkjunum, en Orson Welles gerði hina ódauðlegu mynd „Citizen Kane“ um hann. Í Þýskalandi réð Axel Springer gifurlega miklu í fjölmiðlum á sínum tíma og nú er Rubert Murdoch langvaldamesti fjölmiðlamaður heims og margir hafa áhyggjur af veldi hans.

Murdoch er fæddur í Ástralíu og náði gífurlegum áhrifum í blaðaútgáfu þar en fór síðan til Bretlands og á mörg af helstu blöðum og fjölmiðlum Breta. Hann settist síðan að í Bandaríkjunum og er nú bandarískur ríkisborgari. Hann er mjög áhrifamikill í Bandaríkjunum og fjölmiðlar hans taka virkan þátt í kosningabaráttu hverju sinni. Hann hefur stutt ýmsa stjórnámamenn, m.a. Margaret Thatcher, Tony Blair, Ronald Reagan og George W. Bush, svo að nokkrir séu nefndir, auk þess sem hann blandar sér mjög í stjórnámál í fæðingarlandi sínu, Ástralíu, og hefur þar stutt ýmsa flokka.

Í lýðræðisríkjum eru stjórnámamenn helstu fulltrúar almennings en virkasta aðhaldið er þó af hálfu neytenda sjálfra. Neytendur geta með kaupum sínum, eða „ekki kaupum“, reftað fyrirtækjum harðlega ef þeir telja á sér brotið. Slíkt gerist oft erlendis en héraendis eru neytendur gleymnir og virk vörn af hálfu þeirra er því lítil. Sífelld meiri fréttáflutningur, m.a. á Netinu, mun breyta fjölmiðlun og alþjóðleg samkeppi er orðin mikil. Hins vegar eru Íslendingar býsna fréttasjúk þjóð og deilur um fjölmiðla munu vafalítið einkenna tuttugustu og fyrstu öldina, alveg eins og slíkar deilur einkenndu þá tuttugustu.

Ótrúlegar breytingar á atvinnugreinum landsmanna á stuttum tíma

Miklar breytingar hafa orðið í ýmsum atvinnugreinum hérlendis. Nýjar atvinnugreinar hafa náð sterkri stöðu á tiltölulega fáum árum. Þannig er útflutningsverðmæti á hugbúnaði töluvert meira en útflutningsverðmæti allra landbúnaðarafurða. Stórar verslunarkeðjur hafa séð dagsins ljós en horfið aftur en fagverslanir, eins og Húsasmiðjan og BYKO, hafa náð mjög sterkri stöðu og haslað sér völl erlendis og í öðrum atvinnugreinum. Sjávarútvegsfyrirtæki hafa stækkað, smáfyrirtækjum hefur fjölgað en meðalstór sjávarútvegsfyrirtæki hafa átt erfitt uppdráttar síðustu áratugi.

Skipulagður hlutabréfamarkaður hefur breytt miklu fyrir fjármálafyrirtæki og mörg iðnfyrirtæki. Starfsemi lyfjafyrirtækja, eins og Actavis, hefur margfaldast og sífellt fleiri fyrirtæki starfa jafnt hérlendis sem erlendis enda skiptir hinn landfræðilegi ríkjamarkaður ekki eins miklu máli og áður. Samræming laga og reglna innan Evrópusambandsins og notkun evrunnar sem gjaldmiðils hefur lækkað viðskiptakostnað í Evrópu verulega.

Fjölmiðlun er eitt þeirra sviða sem hefur breyst mikið. Fyrir 1986 var einungis ein sjónvarpsstöð, Ríkisútvarpið starfandi hér á landi en það ár var Stöð 2 stofnuð undir forustu Hans Kristjáns Árnasonar og Jóns Óttars Ragnarssonar. Nýjar útvarpsstöðvar spruttu upp í kjölfar verkfalls BSRB árið 1984 en þá hætti Ríkisútvarpið útsendingum. Menn, eins og Kjartan Gunnarsson og Hannes Hólmsteinn Gissurarson, sem stofnuðu þá útvarpsstöð til að segja fréttir, voru síðar dæmdir fyrir þann verknáð en enginn mátti þá reka útvarpsstöð nema ríkið. Þessi lög voru síðar afnumin og nú starfa tugir útvarpsstöðva og margar sjónvarpsstöðvar hér á landi og ungt fólk á erfitt með að skilja hvað mönnum gekk til að banna svo sjálfsgæða starfsemi sem einkarekið útvarp og sjónvarp.

Flugið hefur alltaf heillað Íslendinga, sennilega vegna þess hve við búum langt frá öðrum löndum. Frumkvöðlar í flugi hérlendis, eins og Agnar Kofoed-Hansen, Alfreð Elíasson og Örn Johnsen, lyftu Grettistaki á síðari hluta síðustu aldar. Starfsemi Atlantsflugs undir stjórn hjónanna Arngríms Jóhannssonar og Þóru Guðmundsdóttur er ævintýri líkust en fyrirtækið rekur tugi þotna um allan heim í leigu- og áætlunarflugi. Fjölmargin Íslendingar eru starfandi við flugrekstur víða um heim, m.a. frumkvöðullinn

Gunnar Björgvinsson. Íslendingar hafa tengst flugfélögum erlendis, m.a. flutninga- og lággjaldaflugfélögum, og þetta er svið þar sem Íslendingar hafa hlutfallslega yfirburði, eins og reynsla síðustu sjötíu ára sýnir skýrt, og nú er ný kynslóð að hasla sér völl í þessari atvinnugrein.

Menningin er einnig ein þeirra atvinnugreina hérlendis sem hafa vaxið gífurlega á síðustu áratugum og skiptir hún miklu máli í hagkerfinu. Þannig er verðmætasköpun í menningargeiranum sem framlag til landsframleiðslu um það bil helmingur af verðmætasköpun sjávarútvegs. Þetta sýnir vel hinar miklu atvinnuháttabreytingar sem hafa orðið á örfáum áratugum. Nú er oft rætt um að í stað þess að þrískipta hagkerfi í frumframleiðslu, iðnað og þjónustu eigi að bæta við fjórðu víddinni, sem eru skapandi atvinnugreinar. Rannsóknir höfundar hafa sýnt að skapandi atvinnugreinar eru nú tæpur fjórðungur af vinnumarkaði og hafa erlendar rannsóknir staðfest þær niðurstöður. Mikil viðskiptatækifæri eru því fyrir ungt fólk í þessum heimi breyt-
inga.

Einkavæðing og einkavinavæðing

Ein niðurstaða í rekstrarhagfræði er sú að einkarekstur sé hagkvæmari en ríkisrekstur. Í hagkerfi kommúnistaríkjanna var gert ráð fyrir forræði ríkisvaldsins á framleiðsluþáttum og fyrirtækjum og afleiðingarnar voru skelfilegar. Á Vesturlöndum voru fjölmörg fyrirtæki í ríkiseigu þótt alls ekki væri um kommúnískt hagkerfi að ræða. Oft tengdist þetta einokunarfyrirtækjum eins og veitustofnunum. Smátt og smátt komust menn að því á Vesturlöndum að ríkisvaldið hefði nóg verkefni og að það væri óþarfi að það stæði í hefðbundnum fyrirtækjarekstri þegar ekki lægi fyrir brýn nauðsyn á eignarhaldi almannavaldsins, auk þess sem fyrirtækjarekstri væri miklu betur fyrir komið í höndum einkaaðila.

Þá hófst einkavæðingin, þ.e. sala ríkisfyrirtækja á almennum markaði. Fyrst höfðu hægri stjórnir forgöngu um slíkt í Evrópu og var ríkisstjórn Margaret Thatcher mjög róttæk í þeim efnum. Síðar tóku nær allir flokkar í Evrópu upp þá stefnu að losa ríkið úr atvinnurekstri. Þetta hefur gengið vel í nágrannalöndunum og einnig hérlendis, t.d. heppnaðist einkavæðing Bæjarútgerðar Reykjavíkur mjög vel. Þó hefur gengið á ýmsu þegar fyrirtæki hafa verið einkavædd hérlendis. Þetta er lítið samfélag þar sem tengsl fyrirtækja, einstaklinga, flokka og stjórnámálanna eru nánari en í flestum löndum.

Ein fyrsta einkavæðing ríkisins var þegar Síldarverksmiðjur ríkisins voru seldar, en þær ráku síldar- og loðnuverksmiðjur víða um land. Þær átti að selja hæstbjóðanda en sá sem hæst bauð var hópur undir forustu Haralds Haraldssonar, sem kenndur er við fyrirtæki sitt, Andra, en hann hreppti ekki hnossið. Öðrum aðila var selt fyrirtækið og þá fæddist hugtakið einkavinavæðing en með því er átt við að við einkavæðingu hygji stjórnvöld vinveittum aðilum og selji þeim eigur ríkisins. Það einkenndi einkavæðingu hérlendis í byrjun að almennar reglur voru ekki tiltækar og oft búnar til jafnóðum. Sala sumra fyrirtækjanna tókst þó vel. Þannig var Fjárfestingarbanki atvinnulífsins (FBA) einkavæddur árið 1999 og mátti hver einstaklingur kaupa hlutabréf fyrir ákveðna upphæð. Þá hófst stórfelld kennitölusöfnun, þ.e. einstaklingar og fyrirtæki sem höfðu áhuga á FBA fengu aðra til að skrifa sig fyrir sínum hluti og síðan keyptu þeir hlutina af viðkomandi. Þetta þótti spennandi og nýstárlegt.

Stóru ríkisbankarnir, Landsbanki Íslands og Búnaðarbanki Íslands, voru seldir árið 2002. Í aðdraganda þess fullyrtu margir að séð yrði til þess að fyrirtæki vinveitt Sjálfstæðisflokknum, öðrum ríkisstjórnarflokkanna, fengju annan bankann en fyrirtæki vinveitt Framsóknarflokknum, hinum stjórnarflokknum, fengju hinn bankann. Stjórnvöld höfnuðu því algerlega að slík aðferðafræði væri viðhöfð þótt það yrði reyndar niðurstaðan. Það gekk hins vegar á ýmsu áður en yfir lauk. Tveir fulltrúar einkavæðingarnefndar, sem sá um söluna fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, sögðu sig úr nefndinni. Annar þeirra var Hreinn Loftsson, stjórnarformaður Baugs, en þáverandi forsætisráðherra, Davíð Oddsson, vitnaði opinberlega til ummæla Hreins um að forstjóri Baugs hefði haft að orði að best væri að múta forsætisráðherra. Hinn nefndarmaðurinn sem sagði af sér var Steingrímur Ari Arason sem var mjög óánægður með vinnubrögð nefndarinnar.

Einkavæðing Landssímans tókst hins vegar mjög vel. Einkavæðingin hefur skilað miklu fé í ríkissjóð og reksturinn hefur orðið betri en áður í framhaldinu. Það er alls engin ástæða fyrir almannavaldið, hvort sem það er ríkið eða sveitarfélög, að reka hefðbundin fyrirtæki sem eru í samkeppni.

Samtölin í Öskjuhlíð. Samráð grænmetissala og olíufyrirtækja

Árið 2001 nötraði íslenskt samfélag vegna grænmetismálsins svokallaða. Málavextir voru þeir að samkeppnisyfirvöld fundu út að forsvarsmenn stærstu söluaðila á grænmeti höfðu haft samráð um verð, magn og viðskipti. Framkvæmdastjórnarnir hittust í Öskjuhlíðinni til að geta talað saman í ró og næði án þess að forvitin augu sæju til þeirra. Slíkt samráð er vitaskuld ólöglegt en freistingar þeirra sem starfa í fákeppnisgreinum, eins og grænmetissala er, eru miklar. Einstakir forsvarsmenn um þetta samráð hafa auðgast stórlega en neytendur borga brúsann í hærra vöruverði eins og alltaf er við slíkt samráð.

Samráðið hætti ekki vegna ósættis eða vegna þess að einhver aðilinn hélt sig ekki við hið ólöglega samkomulag heldur einfaldlega vegna þess að upp um þá komst. Málalyktir urðu þó þær að málið var að hluta til fyrnt og sektir voru lagðar á en enginn einstaklingur var látinn sæta persónulegri ábyrgð. Það var í fyrsta skipti í þessu máli sem beitt var sektarákvæðum um samráð skv. samkeppnislögum þannig að þetta mál markaði að mörgu leyti tíma-mót. Sektirnar námu tæpum 40 milljónum króna. Margir kvörtuðu yfir því hversu langan tíma rannsókn málsins tók, en það liðu fjögur ár frá því að rannsókn hófst þar til dómar voru kveðnir upp. Víst er að grænmetismálið sýndi íslenskum almenningi og stjórnvöldum viðskiptahætti sem enginn hélt að hér ættu sér stað. En þetta átti eftir að versna.

Árið 2004 voru birtar niðurstöður í rannsókn á verðsamráði hinna þriggja stóru olíufélaga. Þar kom í ljós að forstjórar og aðrir háttsettir stjórnendur félagsins hefðu stundað samráð um verð og viðskipti um langt árabíl og samræmt m.a. hvernig boðið skyldi í viðskipti, þar sem um útboð var að ræða. Olíumarkaðurinn er fákeppnismarkaður og innbyggt eftirlit, sem felst í samkeppni, bregst þegar brotavilji er einbeittur en þá reynir á eftirlitsyfirvöld. Rannsóknin tók mörg ár en hæstu sektir sem hafa verið lagðar á hérlendis voru lagðar á olíufélögin. Hér er það enn og aftur almenningur sem borgar fyrir ólögmetan hagnað og á ekki mikinn kost á því að beina viðskiptum sínum annað þar sem Ísland er lítill markaður og langt frá öðrum löndum.

Flestir forsvarsmenn grænmetismálsins og olíufélaganna héldu áfram störfum sínum þótt félögin skiptu að hluta til um eigendur en sala þeirra

var óháð þessu samráði. Samráð manna, sem áður var virðing borin fyrir í íslensku atvinnulífi, sýnir vel þá meginniðurstöðu í rekstrarhagfræði að frjáls markaðsviðskipti með samkeppni margra aðila skila neytendum lægsta verðinu.

Bann við samráði aðila er tekið mjög alvarlega í nágrannalöndunum. Þekkt er sagan af Lee Iacocca, hinum kunna forstjóra Chrysler-bílaverksmiðjunnar í Bandaríkjunum, en hann sneri við rekstri þess fyrirtækis á nokkrum árum og var þekktasti framkvæmdastjóri í Bandaríkjunum á níunda áratug síðustu aldar. Stóru bílaverksmiðjurnar eru allar með aðalstöðvar sínar í Detroit. Lee Iacocca og forstjóri General Motors bjuggu ekki langt hvor frá öðrum. Stundum kom fyrir að þeir rákust hvor á annan í nálægum verslunarklasa og þá sneru þeir báðir við og flýttu sér í burtu því að þeir vildu ekki hittast vegna þess að það gat varðað við lög og verið túlkað sem samráð. Nokkrum árum seinna, þegar þeir höfðu báðir látið af störfum, hringdi annar í hinn og þeir mæltu sér mót. Báðir sögðust þeir hafa alltaf haft mikinn áhuga á að hitta hinn og kynnast honum persónulega en núna fyrst gætu þeir látið verða af því. Svona saga hefði ekki getað gerst á Íslandi. Viðhorf til viðskipta er hér með allt öðrum hætti.

Kolkrabbinn og önnur sjávardýr. Valdablokkir í íslensku atvinnulífi

Hér á árum áður voru sjávardýr mjög áberandi í þjóðmálaumræðunni í tengslum við rekstur fyrirtækja. Kolkrabbinn og Smokkfiskurinn voru hugtök sem allir þekktu en nú hefur fyrnst ótrúlega fljótt yfir þessi heiti. Kolkrabbinn og Smokkfiskurinn voru fyrirtækjasamsteypur og stundum var talað um þriðja fiskinn, Krossfiskinn, en með því var átt við lífeyris-sjóðina. Til Kolkrabbans voru talin félög eins og Eimskipafélag Íslands, Sjóvá-Almennar og Skeljungur. Til Smokkfisksins töldust fyrirtæki sem samvinnuhreyfingin hafði mest ítök í, m.a. Samband íslenskra samvinnufélaga (SÍS) með ótal kaupfélög innan sinna vébanda, Olíufélagið, Vátryggingarfélag Íslands, Samskip og Reginn.

Tengslin voru þó flóknari. Fyrirtæki sem sögð voru tilheyrja Kolkrabb-anum tengdust Sjálfstæðisflokknum og fyrirtæki sem kennd voru við Smokkfiskinn Framsóknarflokknum. Með því að tengja fyrirtækin við stjórnmalaflokka endurspeglast raunveruleiki fyrri tíma í íslensku atvinnulífi. Sérkenni íslenskra stjórn mála í tæpa öld er að jafnaðarmannaflokkur náði aldrei þeirri stærð sem slíkir flokkar hafa í öðrum löndum Evrópu. Það var ekki fyrr en með stofnun Samfylkingarinnar árið 2000 að þetta pólitíska landslag breyttist en nú skipta flokkstengsl miklu minna máli en áður. Efnahagslífið var áður reyrt í viðjar flokksræðis og ríkisafskipta, m.a. í bankakerfinu, og stjórn málaítök skiptu miklu máli. Samvinnuhreyfingin var gríðarlega öflug og Samband íslenskra samvinnufélaga var langstærsta fyrirtæki landsins. Eftir 1980 fjarði mjög hratt undan fyrirtækjum samvinnuhreyfingarinnar, m.a. vegna verðtryggingar fjárskuldbindinga, en þessi fyrirtæki voru mjög skuldug og Samband íslenskra samvinnufélaga liðaðist í sundur á nokkrum árum.

Kolkrabbinn þótti ráða miklu en helstu forustumenn hans voru stjórnendur Eimskipafélagsins, einkum Halldór H. Jónsson sem var lengi stjórnarformaður þess. Halldór var arkitekt að mennt og var kallaður „stjórnarformaður Íslands“ en hann stýrði fjölda fyrirtækja og var oft fenginn til forustu sem utanaðkomandi aðili. Þannig var Halldór lengi stjórnarformaður álversins í Straumsvík og Íslenskra aðalverktaka.

Kolkrabbinn og Smokkfiskurinn tókust oft á og síðasta stórorrustan var

háð þegar selja átti Útvegsbankann árið 1987. Þá gerði Smokkfiskurinn tilboð en Kolkrabbinn og tengdir aðilar lögðu þá líka inn tilboð. Samfélagið nötraði, einkum í bakherbergjum fyrirtækja og flokka. Kolkrabbahópurinn gekk undir nafninu 33-menningarnir eða KR-ingar, kenndir við Kristján Ragnarsson, þáverandi formann Landssambands íslenskra útvegsmanna, sem fór fyrir hópnum. Höfundur var einn 33-menninganna og þetta voru ævintýraleg átök sem enduðu með því að ríkið hætti við að selja bankann og þannig gátu báðar fylkingar unað við sitt úr því að hinn fékk hann ekki.

Forustumenn hinna gömlu félaga misstu nær öll áhrif á nokkrum árum fyrir og um síðustu aldamót en þá komu margir nýir aðilar fram á sviðið eins og Baugur og Björgólfsfedgar sem urðu áhrifamestir í hinu fyrra umhverfi Kolkrabbans. Samvinnuhreyfingin er enn öflug og fyrirtæki sem hafa söguleg tengsl við þann arf eru nú kölluð S-hópurinn og er s-ið tilvísun í samvinnuhreyfinguna. Helsti forustumaður þess hóps er Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður Samskipa og fleiri fyrirtækja S-hópsins. S-hópurinn, með tengdum aðilum, keypti Búnaðarbankann við einkavæðingu hans árið 2002.

Samkeppni milli fyrirtækja er núna á markaðslegum forsendum og flestir hinna yngri forustumanna gefa lítið fyrir pólitísk tengsl. Þó eimir eftir af þessari skiptingu í hugum margra, einkum eldri kynslóðarinnar.

Barátta gegn verðbólgu og óstöðugleika. Hvernig varð Þjóðarsáttin til?

Þjóðarsáttin sem var gerð árið 1990 markaði tímamót í efnahagsstjórnun Íslendinga. Efnahagslífið tvo áratugi á undan hafði einkennst af mikill verðbólgu og óstöðugleika. Engin ríkisstjórn réð við ástandið en Íslendingar lærðu öðrum þjóðum betur að lifa með slíku. Verðtryggingu var komið á í bak og fyrir, ekki aðeins til að vernda sparifé heldur voru kauphækkanir og fiskverðshækkanir bundnar vísitölu. Fiskverðsákvörðanir, sem voru teknar í yfirnefnd verðlagsráðs sjávarútvegsins, skiptu mjög miklu máli en þær ákvörðanir voru teknar með þátttöku og í reynd á ábyrgð ríkisstjórnar á hverjum tíma. Þegar meðalafkoma í fyrirtækjum í sjávarútvegi sýndi tap eftir fiskverðsákvörðun var gengið fellt til að fjölga þeim krónum sem fengust fyrir hvern dollara. Þessi efnahagsstefna gróf smátt og smátt undan öllum stöðugleika og áætlanagerð og þrengdi að fyrirtækjum og verkafólki.

Það voru Einar Oddur Kristjánsson, þáverandi formaður Vinnuveitendasambands Íslands, sem er forveri Samtaka atvinnulífsins, og Guðmundur J. Guðmundsson, þáverandi formaður Verkmannafélagsins Dagsbrúnar og Verkamannasambandsins, sem fyrstir tóku höndum saman um að breyta þessu. Að þeirri vinnu komu fjölmargir af hálfu vinnuveitenda og verkalyðshreyfingarinnar. Niðurstaðan voru kjarasamningar á almennum vinnu-markaði vorið 1990 sem byggðust á litlum prósentuhækkunum, lofordum um gengisstöðugleika og baráttu gegn verðbólgu. Þessir kjarasamningar voru kallaðir Þjóðarsáttin. Þetta gekk eftir enda hækkaði verð á sjávarafurðum í erlendri mynt á næstu misserum, sem hjálpaði mikið til við efnahagsstjórnina. Stjórnámálameð hoppuðu allir upp á vagninn þótt Þjóðarsáttin sé ekki verk þeirra. Ekki voru öll verkalyðsfélög aðilar að Þjóðarsáttinni. Stéttarfélag opinberra starfsmanna gerðu seinna sambærilega kjarasamninga en lög voru sett á kjarasamninga Bandalags háskólamanna af núverandi forseta Íslands sem þá var fjármálaráðherra.

Aðdragandi Þjóðarsáttarinnar var þó lengri. Meginmálið var að fá forsvarsmenn í sjávarútvegi til að taka sjálfir ábyrgð á fiskverðsákvörðunum en margt var að breytast í umhverfi sjávarútvegs hérlendis á þessum árum, t.d. hófu fiskmarkaðir starfsemi. Hugmyndafræðin um Þjóðarsáttina kom m.a. fram í ráðgjafanefnd þáverandi ríkisstjórnar haustið 1988 en ekki varð úr

framkvæmd, enda féll ríkisstjórnin skömmu síðar. Einar Oddur leiddi þessa ráðgjafanefnd og fékk þá viðurnefnið Bjargvætturinn sem var heiti á vinsælum bandarískum sjónvarpsþætti. Guðmundur J., en jöðíð stendur fyrir Jóhann, var alltaf kallaður Guðmundur jaki, enda mikill að burðum. Guðmundur jaki skildi betur en aðrir hvílíkt hagsmunamál það væri fyrir verkafólk að það kæmist á stöðugleiki. Einar og Guðmundur tóku baráttuna upp rúmu ári eftir starf ráðgjafanefndarinnar þegar þeir höfðu náð sterkri stöðu í baklöndum sínum og hræðsla við yfirvofandi efnahagshrun jókst.

Síðan 1990 hefur stefnu Þjóðarsáttarinnar verið fylgt í meginatriðum og ríkisstjórnir síðan þá hafa staðið dyggan vörð um hana. Árangurinn er stöðugleiki, mjög bætt lífskjör og fjölmörg ný tækifæri í efnahagslífinu. Enginn sem þekkir fyrri tíma vill snúa aftur til verðbólgu og óstöðugleika. Samvinna vinnuveitenda og verkalýðsfélaga hefur batnað mikið í kjölfar Þjóðarsáttarinnar og hörð verkföll sem voru algeng á árum áður heyra nú að mestu sögunni til.

Stjórnun, gen og hlutabréf. Deilurnar um Íslenska erfðagreiningu

Eitt umtalaðasta fyrirtæki hér á landi seinni árin er Íslensk erfðagreining og kemur margt til. Íslensk erfðagreining hóf starfsemi á Íslandi árið 1995 og ekki er hægt að skilja milli Kára Stefánssonar forstjóra og fyrirtækisins sjálfs. Kári er læknir með doktorsgráðu frá Háskóla Íslands og var prófessor í Harvard áður en hann hóf rekstur Íslenskrar erfðagreiningar. Kári Stefánsson er frumkvöðull og að mörgu leyti skólabókardæmi eins og stjórnunarfræðin lýsa slíkum manni, hörkuduglegur með skýra sýn, sterkur persónuleiki og hann lætur ekki hindranir á sig fá en heldur sínu striki hvað sem á dynur.

Meginhugmyndin á bak við fyrirtækið er að tengja saman erfðir og sjúkdóma. Ef það er mögulegt er hægt að þróa áhrifamikil lyf og beita árangursríkum forvörnum með markvissari hætti en áður. Búa átti til gagnagrunn með heilsufarsupplýsingum allra eða sem flestra Íslendinga, þar sem hægt væri að rekja saman ættir, erfðaeiginleika og sjúkdóma. Viðskiptahugmyndin á bak við gagnagrunninn var sú að nýta þá sérstöðu sem íslenskt samfélag hefur, þ.e. að hafa verið einangrad um aldir, góðar upplýsingar eru til um ættartengsl og samfélagið er einsleitt að mörgu leyti. Það er skemmst frá því að segja að allt varð vitlaust þótt slíkar rannsóknir hefðu verið stundaðar hérlendis áður í tengslum við krabbamein og hjartasjúkdóma en þó ekki í þeim mæli sem Íslensk erfðagreining ráðgerði. Deilurnar um gagnagrunninn voru mjög hatrammar. Margir læknar studdu hugmyndina en aðrir voru á móti.

Ríkisstjórnin tók gagnagrunninn upp á sína arma og afgreiddi lög um einkaleyfi til Íslenskrar erfðagreiningar að stofna og reka gagnagrunn. Málið var mjög umdeilt, ekki síst á hinum pólitíska vettvangi. Með lögnum var tryggt að ekki væri hægt að rekja upplýsingar til ákveðinna einstaklinga en það var mikið deilumál enda eru heilbrigðisupplýsingar eitt það allra viðkvæmasta í lífi sérhvers manns.

Íslensk erfðagreining varð fljótt stórfyrirtæki og þar vinna hundruð manna, langflestir afburðavel menntaðir. Margir íslenskir sérfræðingar sneru heim til Íslands þegar fyrirtækið tók til starfa. Stjórnunarlega virkar fyrirtækið alltaf sem fyrirtæki Kára Stefánssonar. Hann er andlit þess út á við og hefur jafnframt yfirumsjón með daglegum rekstri. Slíkt stjórnarform þekkist víða

og reynslan mun dæma um árangur en oft er sagt að ekki henti öllum frumkvöðlum að stjórna fyrirtæki eftir að það er komið vel á legg. Starfsmenn Íslenskrar erfðagreiningar hafa gert fjölmargar uppgötvanir á sviði erfðavísinda og stundar fyrirtækið nú einnig lyfjaframleiðslu.

Gífurlegur áhugi varð á hlutabréfum í Íslenskri erfðagreiningu. Íslensk fjármálafyrirtæki keyptu mikið af hlutabréfum af bandarískum hjárfestum og ráðlögðu íslenskum almenningi að kaupa í félaginu. Gengi bréfanna rauk upp úr öllu valdi en hrundi síðan. Íslensk erfðagreining er dæmi um margt, ekki aðeins frumkvöðul og stjórnunarstíl, heldur einnig um væntingar á hlutabréfamarkaði. Sú þróun kenndi Íslendingum að hlutabréfamarkaður er einstaklega áhættusamur. Ekkert hefur enn orðið úr gerð gagnagrunnsins og er ágreiningur um útfærslu á persónuvernd en fyrirtækið og starfsmenn þess halda ótrauðir áfram rannsóknum sínum og markaðssetningu þeirra. Íslensk erfðagreining hefur fært starfsemi sína mikið yfir á svið lyfjaþróunar. Ekki er að efa að líf- og erfðavísindi verða einn helsti atvinnuvegur tuttugustu og fyrstu aldarinnar en eins og alltaf er í upphafi mikilla tæknibreytinga er áhættan mikil hjá einstökum fyrirtækjum.

Markaðsfræðingar fyrri tíma. Coldwater og Loftleiðir

Í upphafi tuttugustu og fyrstu aldarinnar er mikið talað um útrás íslenskra fyrirtækja. Hún hefur gengið vel, er byggð á ungu vel menntuðu fólki, sveigjanleika í stjórnarháttum og góðri þekkingu á tækifærum nýs samfélags, upplýsingasamfélagsins, með tölvunni sem helsta verkfærinu og Netinu sem helsta samskiptavettvanginum. Þetta hefur ekki alltaf verið svona. Íslendingar voru að vísu duglegir í utanríkisviðskiptum á tímum þjóðveldisins en úr allri verslun dró strax á fjórtánda öld. Útflutningssóknin, eða útrásin, hófst ekki aftur fyrr en á tuttugustu öld en þar ber hæst saltfisksölu okkar til Suður-Evrópu. Enn er Bacalao Islandia, íslenskur saltfiskur, sterkasta vörumerki á saltfiski sem til er í augum Spánverja, en Spánn er kröfuharðasti saltfiskmarkaður í heimi. Það var einstætt afrek á fyrstu áratugum tuttugustu aldar að byggja upp öflugan saltfiskmarkaði í Suður-Evrópu.

Síðan urðu tækniframfarir sem eru drifkraftur breytinga. Frystingin hófst og þá þurfti markaði, helst í Bandaríkjunum þar sem hæsta verðið var greitt. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem voru samtök flestra frystihúsa hérlandis, stofnuðu sölu- og vinnslufyrirtæki í Bandaríkjunum, fyrirtæki sem varð stórveldi og átti drjúgan þátt í velmegun Íslendinga. Þetta fyrirtæki er Coldwater, sem rekur verksmiðjur og fullkomnasta dreifikerfi á frystum fiski í Bandaríkjunum. Þessari uppbyggingu var stjórnað af hugsjónamönnum undir forustu Elíasar Þorsteinssonar og Einars Sigurðssonar hér heima og Jóns Gunnarssonar og Þorsteins Gíslasonar í Bandaríkjunum. Icelandic, vörumerki Coldwaters og síðar Sölumiðstöðvarinnar, er samheiti fyrir fryst fiskflök í hugum milljóna Bandaríkjamanna. Markmiðssetningin byggðist á þéttriðnu söluneti, miklum gæðum, góðu eftirliti og skjóttum viðbrögðum.

Fleiri ævintýri gerðust í Bandaríkjunum. Það á við um það þegar ungir flugmenn stofnuðu flugfélagið Loftleiðir og flugu milli Bandaríkjanna og Evrópu með millilendingu á Íslandi í stórum en hægfara skrúfubotum. Stofnun Loftleiða var með þeim hætti að þrír ungir flugmenn, Alfréð Elíasson, Kristinn Olsen og Sigurður Ólafsson, stofnuðu félagið eftir flugnám í Kanada. Þeir hófu fljótlega að fljúga innanlands áður en þeir sneru sér að Ameríkufluginu og var Lúxemborg viðkomustaðurinn á meginlandi Evrópu. Flugvélarnar voru kallaðar Rolls Royce 400 skrúfubotur þótt

einungis hreyflarnir væru af tegundinni Rolls Royce. Hér var því um árangursríka markaðssetningu á virtu vörumerki að ræða.

Loftleiðir voru fyrsta lággjaldaflugfélag í heimi og var stundum kallað hippaflugfélagið því að tugir þúsunda ungmenna ferðuðust á ódýran máta milli Bandaríkjanna og Evrópu með Loftleiðum. Bill Clinton, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, hefur oft rætt um það með bliku í augum þegar hann flaug sem ungur maður með Loftleiðum. Loftleiðum var einkum stýrt af mönnum eins og Alfreð Elíassyni, Hjálmari Finnssyni, sem var í fyrsta hópi útskrifaðra viðskiptafræðinga á Íslandi, og Sigurði Helgassyni og rekstur fyrirtækisins gekk mjög vel um áráraðir. Félagið var sameinað Flugfélagi Íslands árið 1973 undir nafninu Flugleiðir, síðar Icelandair.

Útrás Loftleiða og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna upp úr miðri síðustu öld sýnir að Íslendingar geta vel haslað sér völlu á erlendum mörkuðum ef áráðið er fyrir hendi, eins og frumherjarnir í saltfiskinum höfðu sýnt áratugina á undan.

Þróun bankakerfisins. Af hverju er Kaupþing svona stórt?

Íslenska fjármálaævintýrið á sér ekki langa sögu. Flestar breytingarnar urðu nokkrum árum fyrir og eftir síðustu aldamót. Þróunin er merkileg. Landsbanki Íslands var stofnaður 1886. Árið 1904 var Íslandsbanki hinn fyrri stofnaður með erlendu hlutafé en hann fór á hausinn. Landsbankinn var alhliða banki og fór með hlutverk seðlabanka þar til Seðlabanki Íslands var formlega stofnaður árið 1961. Búnaðarbanki Íslands var stofnaður árið 1930, einkum fyrir landbúnaðinn, og Útvegsbankinn, einkum fyrir sjávarútveginn, sama ár. Allt voru þetta ríkisbankar og að langmestu leyti undir stjórn stjórnámálamanna, bæði í bankastjórn og bankaráði.

Iðnrekendur stofnuðu Iðnaðarbankann árið 1953 og verslunareigendur Verslunarbankann 1961 og voru báðir bankarnir stofnaðir á grunni starfandi sparisjóða. Samvinnuhreyfingin stofnaði Samvinnubankann 1963 og verkalyðshreyfingin Alþýðubankann 1971. Sparisjóðir hafa verið starfræktir í meira en eina öld en þeir eru mjög staðbundnir. Stærsti hluti þessa kerfis var niðurnjörvaður í ríkisrekstri og óhagkvæmni og Íslendingar voru einna seinastir þjóða í Vestur-Evrópu til að einkavæða bankakerfið. Útvegsbankinn lenti í hremmingum í kjölfar Hafskipsmálsins og árið 1990 voru Útvegsbankinn, Iðnaðarbankinn, Verslunarbankinn og Alþýðubankinn sameinaðir í Íslandsbanka. Sama ár rann Samvinnubankinn inn í Landsbankann. Atvinnutengdir lánasjóðir, eins og Fiskveiðasjóður og Iðnlánasjóður, voru sameinaðir í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, sem rann inn í Íslandsbanka árið 2000.

Við hlið þessa kerfis höfðu verið stofnuð smærri fjármálafyrirtæki sem sáu tækifæri í nýju viðskiptaumhverfi sem EES-samningurinn veitti. EES-samningurinn, sem gekk í gildi árið 1994, tryggði að viðskiptalöggjöf Evrópusambandsins tók gildi hérlandis. Kaupþing var framsæknasta fyrirtækið í þessum hópi smærri fjármálafyrirtækja. Þegar Landsbankinn og Búnaðarbankinn höfðu verið einkavæddir var ljóst að nú yrði tekið til hendinni enda voru mjög fyrirsjáanlegir sérstakir hagræðingarmöguleikar, sem og stærðarhagkvæmi.

Kaupþing og Búnaðarbankinn sameinuðust eftir einkavæðingu Búnaðarbankans og úr því varð KB-banki sem síðar hét Kaupþing. Sá banki setti

sér strax það markmið að skilgreina a.m.k. Norðurlönd sem heimamarkað sinn. Bankinn óx fljótt, tók mikið af lánum og eignaðist miklar eignir og varð þátttakandi og bakhjarl hjá fjölmörgum fyrirtækjum sem sóttu fram á erlendum mörkuðum. Forsvarsmenn bankans eru þeir Sigurður Einarsson og Hreiðar Már Sigurðsson. Sigurður og Hreiðar Már eru hörkuduglegir og vel menntaðir bankamenn sem hafa skýra framtíðarsýn, nokkuð sem mjög mikilvægt í viðskiptum.

Einkenni Kauppings er að hann byggist á vel menntuðu ungu fólki, er áræðinn í nútímaviðskiptum og fljótur að taka ákvarðanir. Bankinn tekur stundum þátt í rekstraráhættu þeirra fyrirtækja sem eru þar í viðskiptum. Forsvarsmenn bankans hafa verið óhræddir að grípa þau tækifæri sem hafa gefist í sífellt fjölbreyttari fjármálaviðskiptum. Verðmæti bankans er ótrúlega mikið sé borið saman við verðmæti íslenska bankakerfisins fyrir á tímum þegar fólk stóð í biðröðum langt út á götu til að tala við bankastjóra um að fá lán sem svarar til um 100.000 kr. á núvirði. Þetta var reglan í viðskiptaháttum fyrir tuttugu og fimm árum og víst er að ungt fólk á erfitt með að trúa þessu og skilja það kerfi. Hreiðar Már var á háskólaárum sínum dæmakennari í rekstrarhagfræði hjá höfundu og hann er að mörgu leyti holdgervingur fyrir hina nýju kynslóð í íslenskum fyrirtækjum.

Framtíðarsýnin. Íslendingar sem milljónþjóð

Merkilegar breytingar hafa orðið hérlandis síðustu áratugi eins og fjallað er um í mörgum fyrrri svipmyndum. Breytingar hafa þó orðið víðar. Gífurleg vandamál koma til með að fylgja fólksfjölgun í heiminum varðandi fæðuöflun, orku, vatn og lífvænleg svæði. Hvernig maðurinn tekst á við öll þessi vandamál til viðbótar við margvíslegan umhverfisvanda, sem að hluta kemur til vegna þessarar fólksfjölgunar, er óvíst. Hinar fátæku þjóðir eru helmingur jarðarbúa, eða yfir þrjár milljarðar manna. Misskiptingin er ótrúlega mikil og af tvö hundruð ríkjum heims teljast eitt hundruð til þróunarlanda. Íslendingar verja sáralitlu til þróunarmála þrátt fyrir að vera meðal tíu ríkustu þjóða heims.

Þjóðríkin breytast og Ísland með. Mikil fjölgun háskólamanna sýnir vel að lykkillinn að góðum lífskjörum til framtíðar er aukin menntun, ekki hvað síst menntun kvenna í hinum fátækari hluta heimsins. Mestu auðlindir næstu áratugi verða byggileg svæði, vatn og orka. Það vantar mjög byggileg svæði í heiminum enda eru alltaf bestu svæðin nýtt fyrst. Vatn verður stríðsásætta framtíðarinnar í miklu meira mæli en olía nú eða aðrar náttúruauðlindir á öldum áður. Það er augljóst að helsta vandamál vegna fólksfjölgunarinnar verður að tryggja nægjanlega orku.

Það er merkilegt að Ísland á allar þessar auðlindir í miklu meira mæli en aðrar þjóðir og í mun meira magni en við gerum okkur grein fyrir. Það búa aðeins tæplega 300.000 manns á Íslandi, eða um 3 íbúar á hvern ferkílómetra, og er Ísland 6. strjálbýlasta land heims. Stór hluti Íslands er þó vel byggilegur en 25% landsins er í minna en 200 metra hæð yfir sjávarmáli. Hæglega gæti ein milljón manns búið á höfuðborgarsvæðinu miðað við hefðbundinn þéttleika búsetu í erlendum borgum. Höfuðborgarsvæðið, þar sem 63% þjóðarinnar býr, er aðeins 1% af flatarmáli landsins. Það er engin goðgá að tala um að hér gætu auðveldlega búið 3 til 5 milljónir manna og lifað við góð skilyrði. Við eigum nóg af vatni, einungis 5% af ræktanlegu landi er nú ræktað og við sitjum að einni mestu auðlind heims, sem er djúphitinn.

Íslendingar eiga enn mikla virkjanlega vatnsorku en djúphitinn er þó líklega ein verðmætasta auðlind Íslendinga fyrir og síðar. Vegna djúphitans er hægt að nýta orku í iðrum jarðar en boraðar eru a.m.k. 5 km djúpar holur,

sem eru álíka djúpar og lengstu olúborholur, en mörg tæknivandamál eru enn óleyst við það hvernig hægt er að beisla hitann. Ísland hefur að mörgu leyti sérstöðu við djúphitarannsóknir þar sem hér er mikil þekking á jarðvarmaveitum, verkfræðikunnátta er góð, landið er á sprungusvæði og plötuskilum, sem veldur því að mun styttra þarf að bora hér en annars staðar til að ná niður á hagstæð svæði í jarðskorpunni.

Það er ekki úr vegi að ljúka þessari bók með því að varpa því fram að Íslendingar ættu að bjóða fólk af erlendum uppruna velkomið hingað til búsetu í ríkum mæli. Við ættum að verða þriggja milljóna manna þjóð fljótlega, sem sé tífalda íbúaföldann. Með því legðum einnig mikilvægan skerf til bættra lífskjara jarðarbúa. Þetta ætti vera markmið okkar næstu áratugi.

NAFNASKRÁ

AÁ

Agnar Kofoed-Hansen, 417
Albert Guðmundsson, 154
Alfred Elíasson, 417, 429
Arngrímur Jóhannsson, 417
Aron Guðbrandsson, 405
Ágúst Ólafur Ágústsson, 329
Ágúst Guðmundsson, 405
Árni Pétursson, 6
Árni Vilhjálmsson, 406

B

Benjamín Eiríksson, 83
Bjarni Ármannsson, 55
Bjarni Sæmundsson, 169
Björgólfur Thor Björgólfsson, 424
Björgólfur Guðmundsson, 424
Blair, Tony, 416
Boilleau de, Gauldrec, 321
Bond, James, 365
Brandt, Willy, 325
Brundtland, Gro Harlem, 412
Brynjólfur Bjarnason, 154
Bush, George W., 416

C

Clinton, Bill, 430

D

Davíð Oddsson, 420
Deng Xiaopeng, 338, 339

E

Eastwood, Clint, 365
Egill Skúli Ingibergsson, 318
Einar Ágústsson, 329
Einar Benediktsson, 131, 317, 320, 321,
411

Einar Oddur Kristjánsson, 5, 425, 426
Einar Sigurðsson, 324, 429
Elías Þorsteinsson, 429
Eyjólfur Konráð Jónsson, 405

F

Fermi, Enrico, 401
Franz Siemsen, 325
Friðrik Pálsson, 148
Friðrik Sophusson, 326
Friedman, Milton, 66, 76

G

Geir H. Haarde, 112
Gengis Kahn, 332
Gissur Þorvaldsson, 332
Gogh van, Vincent, 356
Guðmundur Ágústsson, 112
Guðmundur J. Guðmundsson, 425, 426
Guðmundur Lýðsson, 405
Guðmundur Tulinius, 324
Guðmundur G. Þórarinnsson, 112
Guðrún Halldórsdóttir, 112
Gunnar Björgvinsson, 418
Gunnar Magnússon, 181
Gylfi Þ. Gíslason, 83, 326

H

Halldór Ásgrímsson, 157
Halldór H. Jónsson, 423
Hallgrímur Snorrason, 384
Hamilton, Carl B., 71
Hannes Hólmsteinn Gissurarson, 417
Hans Bjelke, 320
Hans Kristján Árnason, 417
Haraldur Haraldsson, 419
Hearst, William Randolph, 415

Herakleitos, 57
 Hjalmar Finnsson, 430
 Hreiðar Már Sigurðsson, 432
 Hreinn Loftsson, 420

I

Iacocca, Lee, 422
 Ingólfur Ágústsson, 329
 Ingólfur Helgason, 55
 Ingvi Þorsteinsson, 396
 Isachsen, Arne Jon, 71

J

Jakob Jakobsson, 162, 163, 169
 Jesús Kristur, 293, 400
 Jiang Zemin, 339
 Jóhannes Jónsson, 47
 Jóhannes Nordal, 83, 134, 135, 326
 Jón Ólafsson, 327
 Jón Sigurðsson forseti, 63, 81
 Jón Sigurðsson, 112
 Jón Þorláksson, 317
 Jónas Haralz, 83
 Jón Gunnarsson, 429
 Jón Óttar Ragnarsson, 417

K

Kári Stefánsson, 427
 Keynes, John Maynard, 66, 76, 77
 Kjartan Gunnarsson, 417
 Klemenž Tryggvason, 83
 Knud Zimsen, 317
 Kolbrún S. Ingólfsdóttir, 6, 325
 Konfúsíus, 331, 343
 Krassus, 45
 Kristinn Olsen, 429
 Kristján Ragnarsson, 148, 424

L

Lao-Tse, 331, 343
 Leifur Eiríksson, 293
 Lýður Guðmundsson, 405

M

Mao Zedong, 332, 333, 338, 407
 Marco Polo, 332
 Margrét Valdimarsdóttir, 319
 María Sigurðardóttir, 412
 Marx, Karl, 74
 Már Guðmundsson, 112
 Mintzberg, Henry, 300
 Mitterrand, François, 240
 Monnet, Jean, 384
 Murdoch, Robert, 415, 416

N

Napóleon I Bonaparte, 319, 320
 Napoleon III, 319
 Napóleon, Jérôme, 319
 Neumann von, John, 298

Ó

Ólafur Björnsson, 83, 326
 Ólafur Ragnar Grímsson, 425
 Ólafur Hákonarson, 319
 Ólafur Jóhannesson, 237
 Ólafur Ólafsson, 424
 Ólafur B. Thors, 112

P

Parkinson, Cyril Northcote, 77
 Páll Skúlason, 6, 324
 Pompejus, 45
 Popper, Karl, 74
 Porter, Michael, 254

Q

Quin, 332

R

Ragnar Kjartansson, 48
 Rannveig Rist, 412
 Reagan, Ronald, 416
 Rögnvaldur Hannesson, 196

S

Schuman, Robert, 384
 Schumpeter, Joseph Alois, 64, 304
 Sesar, 45
 Sigurður Einarsson, 432
 Sigurður Helgason, 430
 Sigurður Ólafsson, 429
 Sigurjón N. Ólafsson, 324
 Sigurjón Rist, 412
 Smith, Adam, 65, 73,
 Smith, Gabriel, 317
 Soto, Hernando, 65
 Sókrates, 331
 Springer, Axel, 324, 415
 Steinbeck, John, 48
 Steingrímur Ari Arason, 420
 Svava Ágústsdóttir, 324
 Sæmundur fróði Sigfússon, 319
 Sæunn Axelsdóttir, 172

T

Thatcher, Margaret, 77, 416, 419
 Tómas frá Aquino, 401
 Tómas Guðmundsson, 407

U

Unnur Guðjónsdóttir, 342

V

Van der Heyden, Ludo, 300
 Verne, Jules, 320
 Vigdís Finnbogadóttir, 322
 Vilhjálmur Egilsson, 54
 Vilmundur Gylfason, 84, 325

W

Watt, James, 73
 Welles, Orson, 415

Y

Yngvi Örn Kristinsson, 55

Þ

Þorgeir Eyjólfsson, 55
 Þorkell Sigurlaugsson, 55
 Þorsteinn Gíslason, 429
 Þorsteinn Pálsson, 5
 Þorvaldur Gylfason, 71
 Þóra Guðmundsdóttir, 417
 Þórbergur Þórðarson, 324
 Þórður Friðjónsson, 55
 Þórólfur Árnason, 318
 Þráinn Eggertsson, 64

Ö

Örn Johnsen, 417
 Össur Kristinsson, 324

ATRIÐISORÐASKRÁ

AÁ

aðfallsgreining, 277
aflahlutdeild, 262, 264, 271, 272
aflamark, sjá kvótakerfi
Afrika, 45, 145, 172, 375, 405
almannagæði, 355, 357, 358
almenningshlutafélag, 33, 176, 192, 405, 411
Alþingi, 54, 83, 87, 114, 117, 120, 121, 134, 137, 164, 196, 319, 321, 325, 329
Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO), 307
Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO), 374, 382, 383, 384, 385, 387, 409
alþjóðavæðing, 182, 184, 185, 256, 293, 299, 328, 357, 358, 359, 383
Alþýðubandalag, 112
Alþýðuflokkur, 112, 196, 325
Alþýðusamband Íslands, 17, 21, 28, 198
Ameríka, 43, 49, 61, 293, 320, 333, 342, 407
Asía, 74, 137, 145, 172, 173, 191, 197, 257, 258, 336, 337, 339, 408
athafnaskáld, 64, 304
Atlanta, 44
atvinnuháttabylting, 321, 397, 400
atvinnuleysi, 36, 38, 39, 76, 85, 86, 114, 126, 132, 133, 134, 136, 322, 390
atvinnulýðræði, 80, 292
auðlindagjald, 152, 166, 167, 196
Austur-Evrópa, 24, 27, 30, 85, 130, 165, 328
Álverið í Straumsvík, 22, 91, 231, 411, 412, 423

árgreiðsluaðferð, 275
árbúsundamót, 293
áætlunarbúskapur, 71, 72, 73, 75, 77, 78, 83

B

Bakkavör, 91, 274, 405, 406
Bandalag íslenskra listamanna, 364, 399
Bandalag jafnaðarmanna, 325
Bandaríki Norður-Ameríku, 43, 59, 61, 62, 65, 78, 80, 127, 134, 172, 176, 185, 251, 253, 257, 261, 293, 294, 304, 328, 334, 336, 338, 339, 342, 345, 353, 357, 363, 368, 369, 370, 407, 408, 412, 415, 416, 422, 429, 430
bankaeftirlit, 88, 109, 115, 119, 120, 138
bankaråd Seðlabanka Íslands, 6, 105, 109, 112, 113, 114, 119–122, 124, 127, 132, 136, 137, 326, 329
Baugur, 52, 311, 415, 420, 424
Borgaraflokkur, 112
borgríki, 99, 228, 331, 347, 349, 414
Bretland, 45, 62, 77, 92, 212, 215, 235, 239, 253, 322, 323, 342, 368, 370, 382, 406, 416
brottkast, 186, 262, 264, 267
búsetubreyting, 60, 306, 377, 414
byggðamál, 24, 25, 27, 31, 33, 34, 108, 130, 133, 143, 157, 159, 161, 196, 208, 209, 224, 265, 281, 348, 354, 387, 410, 414

C

Coldwater, 429

D

Danmörk, 45, 63, 92, 93, 97, 101, 228,
311, 312, 338, 363, 368, 369, 381,
386, 406

djúphiti, 67, 342, 353, 433, 434

Doha-viðræðurnar, 374, 383, 384

dreifbýli, 24, 25, 31, 61, 99, 196, 231,
263, 346, 348, 377, 383, 386, 387,
413

dreifing íbúafjölda, 98, 334, 346

E

EES, Samningurinn um evrópska
efnahagssvæðið, 41, 43, 64, 65, 87,
88, 89, 113, 116, 131, 150, 243, 271,
405, 431EEU, evrópska mynteiningin, 118, 128,
235, 236, 239EFTA, Fríverslunarsamtök Evrópu, 41,
63, 83, 106, 235, 385, 409

Eftirlitsstofnun EFTA, 366

einkarekstur, 388, 389, 390, 391, 393,
394, 395, 419

einkavinavæðing, 419

einkavæðing, 77, 84, 94, 309, 388,
389, 390, 393, 395, 419, 420, 424,
431

erfðabreytt matvæli, 280, 294, 304

erfðavísindi, 41, 198, 293, 294, 298

ESB, sjá Evrópusambandið

Evrópa, 29, 38, 39, 43, 49, 50, 61, 72,
73, 74, 77–87, 92, 94, 98, 100, 101,
105, 106, 118, 124, 128, 130, 132,
134, 165, 172, 176, 182, 185, 192,
207, 212, 228, 234, 235, 240, 253,
265, 320, 321, 325, 328, 329, 336,
342, 356, 357, 369, 377, 383, 384,
385, 389, 396, 398, 406, 407, 409,
410, 417, 419, 423, 429, 430, 431

Evrópska efnahagssvæðið, sjá EES

Evrópusambandið (ESB), 27, 43, 50,

55, 64, 65, 85, 87, 88, 89, 106, 116,
118, 149, 152, 165, 176, 177, 185,
192, 197, 206, 211, 212, 235, 252,
253, 257, 266, 267, 271, 340, 363,
374–387, 409, 417, 431

F

fastgengisstefna, 29, 107, 233–236,
239, 240, 242

Faxamarkaður, 6, 46, 207, 215, 230

fákeppni, 41, 52, 94, 130, 133, 381,
390ferðapjónusta, 43, 47, 48, 183, 366,
183fiskeldi, 182, 183, 191, 197, 202, 250,
251, 255, 257, 269, 270, 279, 280,
281, 294

fiskifræði, 35, 162, 163, 168, 169, 271

fiskmarkaðir, 20, 84, 144, 149, 152,
175, 176, 188, 192, 203, 205–220,
230, 245–248, 251, 252, 273, 275Fiskveiðasjóður Íslands, 36, 159, 161,
431

fiskveiðiarður, 192, 260, 268

fiskveiðilögsaga, 166, 169, 253, 263,
270, 271, 273, 278fiskveiðistjórnun, 149, 151, 164–169,
176, 178, 186, 193–197, 244, 245,
253, 254, 256, 261, 264–268, 271,
278fiskverðsákvörðun, 20, 37, 46, 144,
146, 147, 149, 158, 162, 175, 188,
207, 208, 209, 211–216, 251, 275,
425

fjármagnstekjur, 36

fjármálaeftirlit, 65, 88

Fjölmíðlamálið, 415

Flugleiðir, 43, 44, 311, 430

flutningafræði, 50, 57, 99, 215, 217,
300, 301

flutningavandamálið, 244, 245, 246

fólksfjölgun, 58, 60, 81, 280, 294, 311,
329, 333, 337, 398, 400, 433

fórmarkostnaður, 413

Frakkland, 45, 62, 74, 77, 78, 185, 212,
239, 240, 275, 319–323, 343, 377,
382, 409
framkvæmdavaldið, 78, 143, 316
framsal, 37, 157, 158, 167, 192, 262,
264, 266, 267, 268, 380
Framsóknarflokkur, 82, 112, 420, 423
frumkvöðull, 64, 65, 165, 304, 305,
317, 321, 356, 357, 412, 417, 427,
428
fyrirtækjasamningar, 22

G

gagnagrunnur, 41, 315, 427, 428
GATT, 85, 257, 381, 384
gámaútflytningur, 47, 152, 157, 158,
175, 188, 205–215, 224, 225, 250
gengismál, 17, 19, 35, 38, 39, 82, 85,
105, 109, 118, 125, 128, 137, 144,
146, 155, 166, 167, 193, 213, 217,
233–242, 273
gjaldreyrsvarasjóður, 82, 109, 113, 115,
119, 122, 124, 129, 409
gjaldmiðill, 80, 105, 114, 115, 125,
126, 128, 235, 238, 385, 417
Grandi, 6, 20, 21, 154, 172, 230, 274,
284, 406
greiðslumark, 375, 379
greiðslumiðlun, 115
Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs,
396, 397, 398
Grænmetismálið, 421

H

hafnir, 34, 46–49, 317
Hafrannsóknastofnun, 35, 197, 260,
281
Hagar, 97, 101, 381
Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 47
Hamborg, 324, 325, 329
heilbrigðismál, 31, 34, 78, 172, 307–
316, 322, 391, 392, 394, 395
heilsuhagfræði, 307–316
heimastjórn, 62, 81, 377

Herfindahl-Hirschman-stuðull, 381,
382
hlutabréf, 44, 52–56, 65, 66, 80, 84,
87, 89–94, 107, 108, 109, 176, 188,
192, 194, 215, 220, 273, 281, 323,
405, 417, 419, 427, 428
hlutaskiptakerfi, 189, 214
hnattvæðing, sjá alþjóðavæðing
húsnæðislánakerfið, 30, 33, 128, 237
höfuðborgarsvæðið, 58, 97, 99, 101,
229, 263, 265, 344–354, 367, 372,
377, 378, 397, 413, 414, 433

I

iðnaður, 67, 81, 217, 230, 291, 292,
335, 364, 365, 378, 409, 418
iðnbyltingin, 63, 73, 397, 398, 400,
409
innflyttingsvernd, 375, 377, 379, 380,
381
Ísfélag Vestmannaeyja, 305
Íslensk erfðagreining, 198, 298, 329,
427, 428
Íslenskar sjávarafurðir, 176, 274

J

Japan, 54, 74, 251, 252, 257, 282, 336,
382
Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu
þjóðanna, 282

K

Kauphöll Íslands, 52–56, 65, 87, 90–
94, 273, 274, 405
Kaupmannahöfn, 63, 81, 228, 317, 319,
351, 352
Kaupþing, 91, 406, 431, 432
KB-banki, 55, 91, 406, 431
Kína, 72, 73, 74, 182, 183, 191, 251,
252, 255, 258, 269, 279, 330–343,
345, 407, 408, 410
kjarasamningar, 26, 28, 29, 31, 35, 36,
76, 84, 107, 133, 155, 171, 172, 236,
240, 281, 425

kjördæmi, 223, 224, 226, 227
 Kolkrabbinn, 423
 kommúnismi, 41, 61, 71, 72, 74, 75,
 77, 85, 124, 234, 333, 339, 408, 419
 kostnaðarábatagreining, 314
 Krossfiskurinn, 423
 Kvinnalisti, 112
 kvikmyndir, 37, 322, 362–373
 kvótakerfi, 30, 35, 37, 151, 152, 157,
 158, 163, 164, 167, 169, 174, 175,
 186, 192, 193, 194, 214, 219, 220,
 225, 242, 244–248, 260–268, 271,
 272, 274, 379, 380
 Kyótó, 396

L

landbúnaður, 18, 20, 25, 30, 61, 73, 81,
 82, 85, 96, 159, 179, 190, 200, 270,
 291, 292, 335, 356, 374–387, 399,
 400, 409, 410
 Landsbanki Íslands, 55, 134, 311, 420,
 431
 landsbyggðin, 25, 31, 34, 36, 59, 82,
 99, 193, 194, 196, 200, 201, 231,
 305, 347, 367, 413, 414
 Landspítali – háskólasjúkrahús, 92, 311
 Landssamband íslenskra útvegsmanna
 (LÍÚ), 148, 149, 154, 198, 424
 lánveiting til þrautavara, 116
 listir, 67, 300, 332, 355, 356, 357, 362,
 364, 367, 398, 399, 400, 401
 lífeyrismál, 30, 55, 107, 109, 116, 138,
 322, 394, 423
 lífvísindi, 41, 61, 62, 202, 280, 281,
 293, 294, 398
 línuleg bestun, 244, 245, 248, 278
 lítill og meðalstór fyrirtæki, 50, 275,
 356
 LÍÚ, sjá Landssamband íslenskra
 útvegsmanna
 Loftleiðir, 325, 429, 430

M

Maastricht-samningurinn, 27, 128,
 239, 240
 markaðsbúskapur, 31, 41, 42, 46,
 71–86, 96, 296
 Marshall-aðstoðin, 82
 Máki, 197
 Menningarbyltingin, 334
 menningarmál, 66, 67, 85, 106, 132,
 135, 301, 322, 327, 355–363, 391,
 392, 399, 400, 401, 402, 418
 menntamál, 24, 31, 34, 41, 50, 66, 67,
 78, 79, 97, 123, 126, 132, 137, 145,
 160, 166, 177–181, 185, 189, 197,
 199, 201, 231, 256, 278, 281, 282,
 297, 304, 316, 318, 322, 326, 342,
 355, 358, 359, 391, 392, 394, 399,
 412, 433
 Menntaskólinn í Reykjavík, 324
 miðaldir, 81
 Morgunblaðið, 167, 196, 219, 405
 múrinn í Berlín, 328, 398

N

NAFTA, Fríverslunarsamtök Norður-
 Ameríku, 185, 257
 náttúran, 74, 126, 134, 162, 166, 168,
 183, 231, 244, 298, 303, 305, 318,
 353, 365, 396, 397, 398, 433
 Netið, 41, 293, 301, 304, 327, 356,
 357, 396, 398, 400, 416, 429
 neytendur, 30, 35, 41, 60, 72, 78, 130,
 145, 299, 304, 362, 377–382, 387,
 393, 410, 415, 416, 421, 422
 Norðurlönd, 43, 83, 89, 91, 93, 97,
 101, 122, 130, 133, 148, 280, 311,
 312, 362, 363, 381, 382, 432
 nýöld, 81
 næmisgreining, 248

O

OECD, 52, 54, 198, 253, 256, 267,
 270, 280, 322, 375, 376, 381, 389,
 390

opinber stuðningur við bændur (PSE),
380

orkumál, 18, 48, 67, 130, 214, 292,
294, 296, 297, 337, 342, 353, 389,
397, 398, 400, 433

P

peningamál, 29, 31, 66, 76, 80, 83,
105, 109, 112, 113, 114, 117, 120–
124, 127, 129, 136, 137, 235, 236,
238

R

rannsókn- og þróunarvinna, 198
raungengi, 26, 38, 236, 237, 276, 277,
278, 292

raunvextir, 116, 159

Reykjavík, 46, 48, 115, 154, 207, 215,
216, 219, 223–232, 263, 274, 305,
318, 320, 321, 324, 325, 326, 347–
350, 352, 405

Reykjavíkurlflugvöllur, 49, 348, 349,
350, 413

Reykjavíkurhöfn, 45–51, 317, 318

ríkisfjármál, 18, 26, 30, 36, 39, 43, 66,
76, 80, 83, 107, 109, 110, 113, 115,
117, 118, 124, 127, 128, 133, 134,
137, 156, 164, 172, 236, 237, 365,
375, 379, 380

ríkisrekstur, 156, 339, 388, 390, 393,
394, 395, 419, 431

S

Samband íslenskra samvinnufélaga
(SÍF), 20, 84, 148, 154, 176, 275,
325, 423

Sambíóin, 372

sameiginleg landbúnaðarstefna
Evrópusambandsins, 379, 382

Sameinuðu þjóðirnar, 282, 412

Sam-félagið, 372

Samfylkingin, 325, 329, 423

samgöngur, 24, 25, 34, 46, 49, 73, 145,

160, 185, 209, 232, 275, 359, 391,
413

Samherji, 192, 274

samkeppni, 20, 30, 41, 46, 49, 59, 60,
72, 80, 108, 129, 130, 132, 133,
143, 160, 176, 178, 179, 182, 183,
190, 199, 209, 212, 216, 219, 220,
234, 249, 254, 255, 264, 276, 292,
296, 299, 302, 309, 326, 380, 383,
388, 390, 393, 420–424

samkeppnisforskot, 60, 132, 144, 180,
249, 254, 255, 256, 292, 296

samkeppnisyfírvöld, 52, 53

samskiptarit, 300–303

Samtök fiskvinnslustöðva, 149, 198,
233, 241, 242

Seðlabanki Íslands, 55, 66, 76, 80, 87,
88, 89, 103, 105–138, 155, 236, 238,
326, 329, 431

SH, sjá Söllumiðstöð hraðfrystihúsanna

S-hópurinn, 424

Singapúr, 49, 50, 99, 257, 339, 414

SÍF, sjá Sölusamband íslenskra
fiskframleiðenda

sjálfbær þróun, 358, 412

Sjálfstæðisflokkur, 112, 420, 423

sjávarútvegsfyrirtæki, 19, 26, 39, 53,
54, 130, 155, 159, 167, 173, 178,
182, 183, 188, 198, 230, 237, 241,
244, 248, 249, 250, 255, 273, 275–
278, 291, 417

Sjávarútvegsháskóli Sameinuðu
þjóðanna, 182, 282

sjávarútvegur, 17, 18, 19, 20, 24–30,
36, 37, 39, 46, 53, 54, 55, 61, 62,
63, 79, 81, 82, 84, 94, 96, 143–285,
291, 292, 305, 342, 378, 379, 409,
418, 425

skapandi atvinnugreinar, 66, 67, 356,
398, 399, 400, 418

skuggaverðsgreining, 248

smábátar, 261, 265, 266, 271, 274

smásala, 46, 95–101, 381, 382

Smokkfiskurinn, 423

sníkilsvandi, 358
 sóknarmark, 152, 167, 186, 260, 261,
 262, 263, 266, 267
 stjórnarbyltingin árið 1789, 61, 74,
 320, 328, 398
 stofnanahagfræði, 50, 64, 65, 282,
 284, 357
 Sturlungaöld, 81
 Suður-Ameríka, 185, 257, 267, 329
 Suðvesturland, 24, 31, 34, 36, 207,
 209, 212, 215, 224, 229, 232, 344,
 351, 352
 Sundahöfn, 47
 sveitarfélög, 24, 25, 30, 31, 34, 36, 39,
 117, 130, 160, 228, 229, 242, 265,
 272, 348, 359, 389, 391, 392, 413,
 420
 SVÓT-greining, 255
 Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna (SH),
 148, 149, 154, 176, 178, 216, 219,
 240, 274, 275, 284, 311, 429, 430
 Sölusamband íslenskra
 fiskframleiðenda (SÍF), 148, 149,
 176, 274, 284, 311

T

Torg hins himneska friðar, 339
 tónlist, 67, 357, 362, 399, 400, 401
 tækniþróun, 60, 72, 73, 75, 168, 178,
 179, 188, 197, 254, 261, 297, 304,
 401
 tölvumál, 50, 61, 181, 183, 184, 185,
 198, 201, 219, 293, 297, 298, 300,
 304, 328, 396, 398, 400, 429

UÚ

umhverfismál, 79, 281, 283, 296,
 298, 299, 302, 304, 337, 375, 379,
 382, 383, 396, 399, 400, 411, 412,
 433
 upplýsingar, 60, 79, 93, 94, 101, 117,
 120, 133, 179, 198, 201, 207, 209,
 219, 239, 248, 270, 284, 296–300,
 308, 310, 315, 333, 359, 372, 427

utanríkisverslun, 19, 29, 30, 45, 46, 48,
 58, 82, 83, 98, 114, 126, 137, 145,
 152, 171, 174–177, 188, 189, 193,
 200, 209, 212, 214, 215, 237, 239,
 252, 257, 274, 283, 323, 336, 340,
 341, 342, 374, 375, 381, 386, 407,
 409, 410
 útrás, 67, 93, 342, 429, 430

V

vatn, 25, 67, 280, 302, 337, 353, 397,
 433
 Vatnsmýrin, 351, 413
 veiðigjald, sjá veiðileyfagjald
 veiðileyfagjald, 167, 192–196, 256, 261,
 267, 268, 271
 Verðbréfaþing Íslands, 55, 87, 107, 108,
 273
 Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, 159
 verðtrygging, 84, 129, 382, 423, 425
 verkalyðshreyfing, 17, 21, 38, 74, 80,
 85, 108, 149, 150, 155, 164, 171,
 172, 189, 425, 426, 431
 Verkamannasamband Íslands, 17, 150,
 425
 verslunarfrelsi, 81, 332, 333
 vélbátabylting, 82, 305
 vinnulöggjöf, 393, 394
 vinnumarkaður, 19, 21, 22, 27–30, 38,
 39, 78, 84, 96, 107, 134, 137, 144,
 146, 150, 164, 171, 172, 272, 191,
 198, 237, 256, 269, 304, 310, 390,
 393, 401, 418, 425
 vinnuveitendur, 17, 18, 21, 22, 28, 37,
 38, 85, 148, 150, 158, 171, 172, 189,
 198, 291, 425, 426
 virðisaukaskattur, 36, 39, 384
 vistkerfi, 295–299, 302, 303
 Vísindasjóður, 123
 vörustjórnun, 57–60, 99, 100, 101, 215,
 217

W

WTO, sjá Alþjóðavíðskiptastofnunin

Y

yfirnefnd verðlagsráðs sjávarútvegsins,
213, 425
ytri áhrif, 314, 355, 357

Þ

þekking, 41, 50, 54, 61, 67, 71–75, 83,
121, 122, 135, 145, 168, 176, 179,
198, 202, 255, 258, 283, 294–298,
304, 316, 327, 331, 339, 340, 355,
356, 358, 366, 387, 398, 406, 411,
429, 434
þéttbýli, 24, 25, 31, 58, 63, 99, 160,
190, 196, 231, 263, 345, 347, 348,
350, 380, 409, 414
þingræði, 78
Þjóðarbókhlaðan, 41
Þjóðarsáttin, 5, 28, 29, 31, 71, 74, 164,
171, 193, 236, 272, 278, 425, 426
Þjóðhagsstofnun, 155, 241, 242, 275
þjóðveldið, 62, 67, 81, 319, 332, 399,
429
þróunarlönd, 65, 74, 85, 86, 179, 238,
279–285, 337, 342, 375, 384, 398,
409, 433
þróunarmál, 279–285, 375, 396, 433
Þýskaland, 45, 62, 77, 80, 92, 98, 172,
185, 212, 214, 215, 239, 258, 275,
284, 322–325, 328, 329, 357, 377,
382, 409, 415

Ö

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna, 284

